ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM
Fjármálaeftirlitið · Katrínartúni 2· 105 Reykjavík · Sími: 520 3700

ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Samantekt úrskurða 2018

Síðast uppfært 31. ágúst 2019

Athugið - nefndin er flutt og nýtt tölvupóstfang er tryggingar@nefndir.is

Mál nr. 1/2018

M og
vátryggingafélagið V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar G.

Skekktur steinkantur og gróðurskemmdir á fasteign í Reykjavík eftir miðjan ágúst 2017

Gögn.

Málskot móttekið 2.1.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-6.
Bréf V dags. 17.1.2018.

Málsatvik.

M krefst bóta vegna húsfélagsins X úr frjálsri ábyrgðartryggingu G hjá V vegna þess, að steinkantur hafi verið skekktur og gróðurskemmdir unnar á sameign hússins X í Reykjavík og telur að starfsmenn G hafi valdið skemmdunum. M segir að hálfum mánuði áður en skemmdanna varð vart hafi hann ásamt öðrum verið við vinnu á lóðinni og þá hafi þetta verið í lagi, en myndir af vettvangi sýni hjólför og rask, sem sé greinilega eftir sláttuvél sem starfsmenn G hafi unnið með. V hafnar bótaskyldu og segir að nánast allur sá grasblettur sem M vísi til sé utan lóðarmarka og teljist til borgarlands og hafi M því engra lögmætra hagsmuna að gæta hvað það varðar. Þá telur V ósannað að skekkja á steinkanti sé af völdum G.

Álit.

Almennar sönnunarreglur gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu þurfi að sýna fram á það. Af gögnum málsins verður ekki ráðið með hvaða hætti eða hvernig sú skekkja á steinkanti sem M vísar til hafi orðið. Ekki er sannað miðað við framlögð gögn í málinu, að starfsfólk G hafi valdið þessum skemmdum. Þá er einnig ósannað að starfsmenn G hafi valdið gróðurskemmdum við lóð húsfélagsins að X í Reykjavík eða tjónið sem M lýsir á steinkanti og gróðri verði rakið til notkunar sláttuvélar á vegum G. M á því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu G hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu G hjá V

Reykjavík 9.2. 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður. Jón Magnússon lögmaður.

Mál nr. 3/2018

M
og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.

Ágreiningur um bótaskyldu er maður skall á bifreið á ferð.

Gögn.
Málskot, móttekið 3.1.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 15.1.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Síðdegis 15. maí 2017 var lögregla kvödd að tilteknu fjölbýlishúsi í Reykjavík þar sem maður, M, hafði skollið á bifreið, A, og orðið fyrir meiðslum. Við slysið mun M hafa rotast og hlotið meiðsl á höfði og í baki.

Samkvæmt lögregluskýrslu kvaðst M ekki nákvæmlega viss um hvað hafi gerst. Barnsmóðir hans hafi komið að sækja dóttur þeirra og hafi þau farið að rífast. Muni hann eftir að hún hafi kallað eitthvað til hans sem hafi gert hann mjög reiðan, en síðan muni hann ekki frekar eftir því sem gerðist.

Í lögregluskýrslu er haft eftir B, ökumanni A, að hún hafi komið að húsinu ásamt D, systur sinni, til að sækja dóttur sína og M. M hafi verið æstur og reiður og hafi hann ráðist á hana inni í eldhúsi, tekið hana hálstaki og ætla að ýta sér út. Eftir að hafa tekið dót barnsins saman hafi þær farið út með barnið. M hafi komið út á svalir er hún var að fara inn í bifreiðina. Þau hafi kallað ókvæðisorðum hvort til annars. Við það hafi M reiðst og komið „fljúgandi“ niður stigann. Hún hafi verið komin inn í A og búin að bakka úr stæði og verið að setja hana í fyrsta gír og að taka af stað þegar hann hafi komið „fljúgandi“ á vinstri hlið A. Um leið og M kom á A hafi hún verið að keyra og orðið mjög hrædd þar sem hún hafi verið með barnið í bifreiðinni. Hún hafi ekið á brott og séð í spegli að M lá í götunni, en hún hafi ekki þorað að stöðva af ótta við M.

Þegar slysaatvikið varð kvaðst D hafa setið í aftursæti A með dóttur þeirra B og M. B hafi bakkað úr stæði og hafi „rosa“ högg komið á rúðuna sín megin. Hafi hún litið við og séð að M hafi fleygt sér á bílinn og hent sér svo á jörðina. Þær hafi svo ekið á brott.

Á vettvangi hafði lögregla tal af þremur nafngreindum sjónarvottum. Eitt vitnið hafði horft á atvikið úr glugga heima hjá sér. Hið sama hafði annað vitnið gert úr öðru húsi. Þriðja vitnið hafði komið akandi suður götuna þar sem atvikið varð. Bar vitnunum saman um að hafa séð hvar A hafi verið ekið norður götuna en M hafi komið hlaupandi frá fyrrgreindu húsi og hlaupið á vinstri hlið A. Við höggið hafi hann snúist niður, fallið aftur fyrir sig og lent á bakinu og með hnakkann í götuna.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna þess líkamstjóns sem hann hlaut við slysið. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.
Samkvæmt 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal sá sem ábyrgð ber á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki bæta það tjón sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni ökumanns. Jafnfram er mælt fyrir um það í 2. mgr. sömu gr. að bætur fyrir líkamstjón má lækka eða fella niður ef sá sem varð fyrir tjóni var meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

Samkvæmt framburði B kvaðst hún hafa verið að taka af stað og í þeirri andrá sem M lenti á A hafi hún verið að keyra. Þá bar fyrrgreindum sjónarvottum, sem lögregla ræddi við á vettvangi, saman um að A hafi verið á ferð er M hafi hlaupið á vinstri hlið A. Með vísan til þessa er engum vafa undirorpið að A var á ferð í þann mund sem M lenti á henni og féll síðan í götuna. A var því í notkun í skilningi fyrrgreinds ákvæðis 1. mgr. 88. gr. og hlaust slysið af notkun A. Kemur þá til skoðunar hvort beita megi heimild 2. mgr. um að lækka eða fella niður bætur til M ef hann telst hafa verið meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Nægilega telst sannað samkvæmt framburði sjónarvotta að M hafi hlaupið á A er henni var ekið á brott frá húsi því þar sem hann

dvaldist. Þótt ásetningur M hafi ekki staðið til þess að valda sjálfum sér skaða mátti hann engu að síður gera sér ljósa grein fyrir þeirri miklu hættu sem hann stofnaði sér í með því að hlaupa vísvitandi á bifreiðina sem var á ferð. Eins og hér stóð á og málsatvik metin í heild sinni verður að meta háttsemi hans til stórkostlegs gáleysis og telja verður sök hans það mikla og alvarlega að ekki verði hjá því komist að fella með öllu niður rétt hans til bóta úr ábyrgðartryggingunni.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 9. febrúar 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl. Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 4/2018

M og
vátryggingafélagið V vegna sjúkdómatryggingar.

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags vegna upplýsingaskyldu vátryggðs.

Gögn.

Málskot móttekið 2. janúar 2018 ásamt fylgigögnum 1-18.
Bréf V dags 24.1.2018 ásamt fylgigögnum 1-6.

Málsatvik.

M sótti um sjúkdómatryggingu hjá V þann 14.6.2016 með milligöngu sölumanns hjá vátryggingamiðluninni A. M greindist með krabbamein í skjaldkirtli í desember 2016 og sótti um bætur úr sjúkdómatryggingu sinni hjá V þann 3.1.2018. V hafnaði bótaskyldu með bréfi dags. þann 5. maí 2017 á þeim grundvelli að M hafi með gefið rangar upplýsingar um heilsufar í umsókn sinni um sjúkdómatryggingu. Fyrir liggur að M hafði fyrir töku tryggingarinnar greinst með góðkynja æxli og að hún svaraði neitandi spurningum um það hvort hún hafi áður haft „*krabbamein eða aðra illkynja sjúkdóma/vandamál, frumubreytingar eða vöxt, æxli, blóð- eða eitlasjúkdóma eða góðkynja heilaæxli*“

M krefst bóta úr sjúkdómatryggingu sinni hjá V og byggir kröfu sína m.a. á því að V hafi ekki sýnt fram á að undanþáguákvæði, sem komi fram í greinum 4.1 og 4.2 í vátryggingarskilmálum félagsins eigi við. Vísar M til þess að hún hafi veitt V upplýsingar um heilsufar sitt og heilsufarssögu eftir sinni bestu samvisku, í samræmi við umsóknina og þær leiðbeiningar sem henni hafi verið gefnar við útfyllingu hennar. Þá byggir M á því að orðalag spurningarinnar hafi verið óskýrt og að það taki aðeins til góðkynja æxlis sem greinst hafi í heila, en ekki góðkynja æxlis sem greinst hefur annars staðar í líkama M. Þá vísar M til þess að túlka verði allan vafa M í hag samkvæmt andskýringarreglu vátryggingaréttar.

V hafnar bótaskyldu með vísan til greinar 4.1. í skilmála vátryggingarinnar, þar sem m.a. kemur fram að hafi vátryggingartaki sviksamlega eða með öðrum hætti vanrækt skyldu sína til að veita félaginu upplýsingar um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat þess á áhættunni og vátryggingaratburður hefur orðið falli ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 83. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Þá kemur fram í ákvæðinu að rangar eða ófullnægjandi upplýsingar veiti félaginu enn fremur rétt til að segja vátryggingunni upp sbr. 84. gr. laganna.

Álit.

Ágreiningur málsins lýtur að því hvort að M hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína skv. 83. gr. vsl. og hvort vanrækslan hafi verið í þeim mæli að ekki teljist óverulegt þannig að fella megi ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta. Ekki verður fallist á það með M að orðalag spurningarinnar sem lögð var fyrir hana fyrir töku vátryggingarinnar hafi verið óskýrt eða að spurningin hafi verið með þeim hætti hún eigi aðeins við um góðkynja heilaæxli, en ekki góðkynja æxli sem greinast á öðrum stað í líkama M.

Þar af leiðandi er ljóst að M gaf rangar og ófullnægjandi upplýsingar um heilsufar sitt í umsókn við töku sjúkdómatryggingar hjá V. Af þeim sökum ber V ekki ábyrgð sbr. 1. mgr. 83. gr. laga um vátryggingarsamninga. Þá var upplýsingagjöf M með þeim hætti að V var heimilt að segja upp vátryggingunni sbr. 1. mgr. 84. gr. laga um vátryggingasamninga. Þá ber einnig í þessu sambandi að vekja athygli á 2. mgr. 85 .gr. laga um vátryggingasamninga, en miðað við það tilvik sem hér ræðir um þá þykir V eiga rétt á að hafna bótaskyldu og segja upp tryggingunni þar sem sú takmörkun sem vísað er til í ofangreindri 2. mgr. 85. gr. laga um vátryggingasamninga gildi ekki í því tilviki sem hér ræðir um sbr. lokasetning tilvísaðrar lagagreinar.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr sjúkdómatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 16. mars 2018,

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Jón Magnússon lögmaður

Mál nr. 5/2018

M
og
vátryggingafélagið V v/ málskostnaðartryggingar.

Ágreiningur um hvort fullnægt sé skilyrðum þess að stofnast hafi réttur til bóta.

Gögn.

Málskot, móttekið 2.1.2018, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Bréf V, dags. 5.2.2018.

Málsatvik.

Með úrskurði nefndarinnar í máli nr. 237/2014 var komist að þeirri niðurstöðu að M ætti ekki rétt til bóta úr málskostnaðartryggingu vegna dómsmáls sem hann mun hafa höfðað gegn tilteknum einstaklingi til viðurkenningar á eignarrétti sínum að tiltekinni landspildu. Telur M að hann hafi orðið fyrir fjárhagstjóni vegna niðurstöðu nefndarinnar í fyrrgreindu máli sem hann kveður að hafi verið bæði röng og ólögmæt. Með „tjónstilkynningu og umsókn“ til V 26. ágúst 2015 krafðist M að fá greiddan kostnað úr málskostnaðartryggingu sinni hjá V vegna dómsmáls sem hann hyggst höfða á hendur úrskurðarnefndinni vegna þess tjóns sem hann hafi orðið fyrir af völdum úrskurðarins í máli nr. 237/2014. Með bréfi 8. febrúar 2017 kvaðst V ekki geta tekið kröfu M til greina þar sem ekki hafi verið fullnægt því skilyrði í inngangsorðum vátryggingarskilmála málskostnaðartryggingarinnar að óskað hafi verið eftir aðstoð lögmanns og viðkomandi lögmaður hafi tilkynnt félaginu að hann hafi tekið málið að sér. Með bréfi 6. október 2017 tilkynnti nafngreindur lögmaður V að hann hefði tekið málið að sér. Af gögnum málsins má svo ráða að á tímabilinu frá 16. október 2017 til 21. nóvember sama árs hafi verið nokkur tölvubréfasamskipti milli lögmannsins og V án þess þó að ráðið verði að V hafi í þessum bréfasamskiptum tekið frekari afstöðu til kröfu M um greiðslu kostnaðar úr vátryggingunni en það hafði gert í bréfinu 8. febrúar 2017. Með bréfi sínu til nefndarinnar 5. febrúar þessa árs telur V að vísa beri máli þessu frá úrskurðarnefnd með vísan til e-liðar 4. gr. samþykkta fyrir nefndina þar sem kvörtun M sé það óljós og óskýr að ekki sé unnt að átta sig á hverju sé kvartað undan. Þá kveður V að M hafi ekki upplýst að hann hafi reynt að fá málskostnað greiddan með því að sækja um gjafsókn eins og áskilið er í gr. 25.1 í skilmálum vátryggingarinnar. Enn fremur telur V að af málatilbúnaði M, eins og hann er rakinn í málskoti, verði ekki ráðið að M hafi réttmæta hagsmuni af því að fá dóm í málinu, sbr. gr. 25.12 í vátryggingarskilmálunum.

Álit.

Samkvæmt málskoti og öðrum gögnum málsins krefst M greiðslu úr málskostnaðartryggingu sinni hjá V vegna dómsmáls sem hann hyggst höfða gegn úrskurðarnefnd í vátryggingarmálum vegna úrskurðar nefndarinnar í tilteknu máli sem hann kveður að hafi valdið honum fjártjóni. Verður að telja nægilega ljóst í hvaða skyni M hefur krafist greiðslu úr málskostnaðartryggingu sinni hjá V.

Samkvæmt gr. 25.1 í skilmálum málskostnaðartryggingarinnar bætir vátryggingin málskostnað vegna ágreinings sem snertir vátryggðan sem einstakling og getur komið til úrlausnar héraðsdóms eða Hæstaréttar hér á landi. Í þessari grein skilmálanna segir enn fremur að vátryggðum sé skylt að láta reyna á að fá málskostnað greiddan með því að sækja um gjafsókn, nema augljóst sé að hann uppfylli ekki skilyrði til þess. Jafnframt er kveðið á um það í gr. 25.13 að vátryggingin bæti ekki málskostnað ef ekki eru fyrir hendi réttmætir hagsmunir af því að fá dóm í málinu. Slíkir hagsmunir verði t.d. ekki taldir vera fyrir hendi ef umsókn um gjafsókn hefur af þeirri ástæðu verið hafnað eða veiting gjafsóknar verið afturkölluð. Skylda M samkvæmt grein 25.1 að láta reyna á að fá málskostnað greiddan með því að sækja um gjafsókn verður ekki skilin svo að um sé að ræða fortakslaust skilyrði þess að bótaskylda stofnist úr vátryggingunni heldur felist í ákvæði þessu að áður en til greiðslu kemur úr vátryggingunni verði að liggja fyrir hvort og að hve miklu leyti málskostnaðurinn fáist greiddur á grundvelli gjafsóknar. Hins vegar felst í gr. 25.13 hlutlæg takmörkun á ábyrgð félagsins, þ.e. ábyrgð félagsins tekur ekki til atviks þegar ekki eru fyrir hendi réttmætir hagsmunir af því að fá dóm í málinu og við mat á því hvort félagið geti takmarkað ábyrgð sína á grundvelli þessa ákvæðis

verði m.a. að horfa til þess hvort gjafsókn hafi verið hafnað eða hún afturkölluð af þeirri ástæðu sem ábyrgðartakmörkunin lýtur að. Eins og ákvæði þetta er orðað er ekki unnt að taka efnislega afstöðu til þess hvort V geti borið fyrir sig þessa takmörkun á ábyrgð sinni fyrr en á það hefur reynt hvort M verði synjað um gjafsókn vegna þess dómsmáls sem hann hyggst höfða og þá á hvaða forsendum synjunin er reist. Að þessu leyti er málið ekki nægilega upplýst þannig að það sé tækt til úrskurðar. Samkvæmt e-lið 4. gr. samþykkta fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsingu nr. 1090/2005, fjallar nefndin ekki um mál, sem er það óljóst, illa upplýst eða krafa aðila svo óskýr að það sé ekki tækt til úrskurðar. Með vísan til þessa ákvæðis og þess sem að framan greinir þykir við svo búið óhjákvæmilegt að vísa frá kröfu M um að viðurkenndur sé réttur hans til greiðslu úr málskostnaðartryggingunni vegna fyrirhugaðs dómsmáls á hendur úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.

Auk þeirrar kröfu sem að framan greinir krefst M þess að V sé skylt að gangast við og viðurkenna að það hafi 27. ágúst 2015 móttekið tjónstilkynningu og umsókn M, dags. 26. ágúst 2015. Einnig gerir hann þá kröfu að nefndin álykti að V beri að bæta M sérstaklega þá vinnu og kostnað sem félagið hafi valdið honum annars vegar með því að hafa ekki svarað erindi hans frá 26. ágúst 2015 fyrr en 8. febrúar 2017 og hins vegar með því að hafa valdið lögmanni sínum „að ófyrirsynju óþarfa vinnu við málsskoðun og póstsamskipti við félagið.“ Þá er þess einnig krafist af hálfu M að nefndin úrskurði að V beri að greiða honum sanngjarna fjárhæð að mati nefndarinnar vegna vinnu og kostnaðar vegna málskots þessa. Samkvæmt 3. gr. fyrrgreindra samþykkta fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum úrskurðar nefndin um ágreining varðandi bótaskyldu, þ.m.t. sök og sakarskiptingu, milli málskotsaðila og vátryggingafélags, sem starfsleyfi hefur hér á landi. Jafnframt úrskurðar hún um ágreining, sem varðar ákvæði laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Einnig úrskurðar nefndin um bótafjárhæðir að fengnu sérstöku samþykki allra málsaðila. Þá segir enn fremur í þessari sömu grein samþykktanna að nefndin úrskurði hvort ágreiningur aðila heyri undir nefndina. Telji nefndin svo ekki vera vísar hún málinu frá. Þær kröfur M sem hér eru til skoðunar falla utan starfssviðs nefndarinnar eins og mælt er fyrir um það í 3. gr. samþykktanna. Af þeim sökum verður ekki hjá því komist að vísa þeim frá nefndinni.

Niðurstaða.

Máli þessu er vísað frá úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.

Reykjavík, 6. mars 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl. Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 6/2018

M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartrygginga ökutækjanna A og B.

Árekstur á gatnamótum Háaleitis og Blikabrautar í Keflavík 9.11.2017.

Gögn.

Málskot málskotsaðila, móttekið 2.1.2018, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 24.1.2018, ásamt niðurstöðu tjónanefndar og ódags. athugasemdum M sem lagðar voru fyrir tjónanefnd við afgreiðslu hennar.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að ökumaður bifreiðar A kvaðst hafa ekið bifreiðinni upp Háaleiti áleiðis að Skólavegi á litlum hraða þegar bifreið B hafi verið tekið af Blikabraut til vinstri inn á Háaleiti. Ökumaður bifreiðar A kveðst þá hafa sveigt til vinstri og bifreið hennar hafnað á grindverki við nærliggjandi hús eftir árekstur við bifreið A. Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa ekið þeirri bifreið af Blikabraut til vinstri inn á Háleiti þegar bifreið A hafi komið á móti honum og hann ekki getað stöðvað fyrr árekstur. Í lögregluskýrslunni kemur einnig fram að á gatnamótum Háaleitis og Blikabrautar séu ekki umferðarmerki og þar gildi því „hægri réttur“.

M telur að ökumaður bifreiðar B eigi að bera alla sök á árekstrinum, en árekstur hafi orðið áður en bifreið A var ekið að gatnamótunum, eða um 34 metra frá þeim, og þannig hafi ekki verið komið að því að ökumaður bifreiðar A hafi átt að veita umferð frá hægri forgang. M telur að árekstur hafi orðið þar sem ökumaður bifreiðar B hafi tekið of þrönga vinstri beygju inn á Háaleiti. V telur að leggja eigi alla sök á ökumann bifreiðar A þar sem ökumanni hennar hafi borið að veita bifreið B forgang við akstur um gatnamótin m.t.t. almenns umferðarréttar skv. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, þannig að ökumaður bifreiðar A hafi átt að veita forgang umferð frá hægri og bifreið B hafi verið að koma úr þeirri átt. V telur ósannað að bifreið B hafi verið ekið þannig að ökumaður hafi tekið of þrönga vinstri beygju, sbr. 3. mgr. 15. gr. umferðarlaga.

Álit.

Þegar litið er til allra gagna málsins, sérstaklega lýsingu í lögregluskýrslu, er ljóst að aksturssstefna ökumanns bifreiðar A var þannig að hún ók að gatnamótum við Blikabraut á fyrirhugaðri leið beint áfram Háaleiti að Skólavegi. Á umræddum gatnamótum eru ekki sérstök umferðarmerki og bar ökumanni bifreiðar A því að veita umferð frá hægri (Blikabraut) forgang skv. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga. Ekki kemur með nægilega skýrum hætti fram í lögregluskýrslu að árekstur hafi orðið það langt frá gatnamótunum að slíkur forgangur hafi verið ótímabær eða að ökumaður bifreiðar B hafi tekið vinstri beygju af Blikabraut þannig að hann hafi sýnt af sér sök. Verður ökumaður bifreiðar A að bera hallann af þeim sönnunarskorti og ber því alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðar A ber alla sök á árekstrinum.

Reykjavík, 9. febrúar 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl. Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 7/2018

M
og
vátryggingafélagið V v/ málskostnaðartryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna málreksturs varðandi úthlutun söluandvirðis fasteignar.

Gögn.
Málskot, móttekið 4.1.2018, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Bréf V, dags. 22.1.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
M á aðild að tilteknu veiðifélagi, A, sem keypti á árinu 1990 jörðina B. Greiddu flestir félagsmenn í A óbeint kaupverð jarðarinnar, en í fyrstu stóð til að stofna einkahlutafélag um eignarhaldið á B. Úr því varð ekki og mun A hafa verið þinglýstur eigandi B. Hins vegar var útbúin í A sérstök eignarhlutaskrá fyrir B. Síðla árs 2016 var B seld. Reis þá ágreiningur innan A hvernig úthluta skyldi söluverði jarðarinnar, þ.e. hvort miða ætti við arðskrá vegna árinnar D ellegar hina sérstöku eignarhlutaskrá fyrir B eins og M vildi. Á félagsfundi í A var á hinn bóginn samþykkt að leggja arðskrá vegna D til grundvallar úthlutuninni. M hefur ekki viljað fallast á þessa ákvörðun fundarins og hefur hún ásamt maka sínum höfðað dómsmál á hendur A til heimtu þess hluta söluandvirðisins sem þau telja sig hafa átt að fá, ef hin sérstaka eignarhlutaskrá fyrir B hefði verið lögð til grundvallar úthlutuninni, að frádreginni þeirri fjárhæð sem þau fengu í sinn hlut samkvæmt ákvörðun félagsfundarins í A.

M er vátryggð samkvæmt málskostnaðartryggingu hjá V og hefur krafist bóta úr vátryggingunni vegna kostnaðar sem fallið hefur til vegna málarekstursins. V hefur hafnað bótaskyldu með vísan til ákvæðis í skilmálum vátryggingarinnar sem kveður á um að málskostnaður greiðist ekki úr vátryggingunni vegna ágreinings sem varðar vátryggðan sem eiganda fasteignar. M hefur ekki fallist á synjun V.

Álit.
Samkvæmt skilmálum málskostnaðartryggingar þeirrar sem hér á í hlut bætir vátryggingin málskostnað vegna ágreinings sem snertir vátryggðan sem einstakling og getur komið til úrlausnar héraðsdóms eða Hæstaréttar hér á landi. Þá eru talin upp nokkur tilvik þar sem vátryggingin bætir ekki málskostnað, þ. á m. málskostnað sem varðar vátryggðan sem eiganda fasteignar. A var þinglýstur eigandi B en ekki M. Þótt M hafi átt tiltekin fjárréttindi í A sem tengdust eignarhaldi veiðifélagsins á B er ekki unnt að líta svo á að M hafi verið eigandi B þannig að V geti borið fyrir sig fyrrgreint undanþáguákvæði málskostnaðartryggingarinnar og synjað M um bætur úr vátryggingunni. Í þessu sambandi getur heldur ekki skipt máli þótt félagsaðild M að A byggist á eignarhaldi hennar á tiltekinni fasteign. M telst því eiga rétt á bótum úr vátryggingunni.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu hjá V.

Reykjavík, 6. febrúar 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl. Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 8/2018

M
og
vátryggingafélagið V v/ málskostnaðartryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna málreksturs varðandi úthlutun söluandvirðis fasteignar.

Gögn.
Málskot, móttekið 4.1.2018, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Bréf V, dags. 22.1.2018.

Málsatvik.
M á aðild að tilteknu veiðifélagi, A, sem keypti á árinu 1990 jörðina B. Greiddu flestir félagsmenn í A óbeint kaupverð jarðarinnar, en í fyrstu stóð til að stofna einkahlutafélag um eignarhaldið á B. Úr því varð ekki og mun A hafa verið þinglýstur eigandi B. Hins vegar var útbúin í A sérstök eignarhlutaskrá fyrir B. Síðla árs 2016 var B seld. Reis þá ágreiningur innan A hvernig úthluta skyldi söluverði jarðarinnar, þ.e. hvort miða ætti við arðskrá vegna árinnar D ellegar hina sérstöku eignarhlutaskrá fyrir B eins og M vildi. Á félagsfundi í A var á hinn bóginn samþykkt að leggja arðskrá vegna D til grundvallar úthlutuninni. M hefur ekki viljað fallast á þessa ákvörðun fundarins og hefur hann höfðað dómsmál á hendur A til heimtu þess hluta söluandvirðisins sem hann telur sig hafa átt að fá, ef hin sérstaka eignarhlutaskrá fyrir B hefði verið lögð til grundvallar úthlutuninni, að frádreginni þeirri fjárhæð sem hann fékk í sinn hlut samkvæmt ákvörðun félagsfundarins í A.

M er vátryggður samkvæmt málskostnaðartryggingu hjá V og hefur krafist bóta úr vátryggingunni vegna kostnaðar sem fallið hefur til vegna málarekstursins. V hefur hafnað bótaskyldu með vísan til ákvæðis í skilmálum vátryggingarinnar sem kveður á um að málskostnaður greiðist ekki úr vátryggingunni vegna ágreinings sem varðar vátryggðan sem eiganda fasteignar. M hefur ekki fallist á synjun V.

Álit.
Samkvæmt skilmálum málskostnaðartryggingar þeirrar sem hér á í hlut bætir vátryggingin málskostnað vegna ágreinings sem snertir vátryggðan sem einstakling og getur komið til úrlausnar héraðsdóms eða Hæstaréttar hér á landi. Þá eru talin upp nokkur tilvik þar sem vátryggingin bætir ekki málskostnað, þ. á m. málskostnað sem varðar vátryggðan sem eiganda fasteignar. A var þinglýstur eigandi B en ekki M. Þótt M hafi átt tiltekin fjárréttindi í A sem tengdust eignarhaldi veiðifélagsins á B er ekki unnt að líta svo á að M hafi verið eigandi B þannig að V geti borið fyrir sig fyrrgreint undanþáguákvæði málskostnaðartryggingarinnar og synjað M um bætur úr vátryggingunni. Í þessu sambandi getur heldur ekki skipt máli þótt félagsaðild M að A byggist á eignarhaldi hans á tiltekinni fasteign. M telst því eiga rétt á bótum úr vátryggingunni.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu hjá V.

Reykjavík, 6. febrúar 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl. Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 9/2018

M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X.

Vinnuslys í fiskvinnslu 9.8.2017.

Gögn.

Málskot málskotsaðila, móttekið 5.1.2018, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 30.1.2018.
Tölvupóstur lögmanns M dags. 2.2.2018.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M slasaðist við vinnu sína hjá X þar sem hann var að vinna við að afhausa silung. Í tjónstilkynningu M til V dags. 21.9.2017 er atvikum lýst af hálfu M með eftirfarandi hætti: „ Tjónþoli var að vinna í verksmiðjunni við að afhausa silung. Hann skar sig með hnífnum í vinstri vísifingur. Tjónþoli var ekki með öryggishanska, eingöngu venjulega plasthanska.“ Í tjónstilkynningu frá X til V dags. 22.9.2017 kemur fram svipuð lýsing: „[M] var að vinna við að afhausa silung. Þegar skurður var gerður þá var vísifingur í farveg hnífsins og varð af því djúpur skurður. engar sérstakar öryggishlífar voru notaðar aðrar en gúmmíhanskar.“ Í einhliða tilkynningu X til Vinnueftirlits ríkisins dags. 14.8.2017 kemur fram að X telur M hafa notað aðferð við skurðinn sem búið hafi verið að banna. Fyrir nefndina var lögð myndbandsupptaka úr vinnslusal X frá þeim tíma sem M slasaðist og kynntu nefndarmenn sér þá upptöku.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M þar sem hann hafi ekki fengið nægilega skýrar leiðbeiningar um hvernig hann ætti að vinna sín störf, ekki sé sannað að sú aðferð sem M notaði við afhausun hafi verið röng eða bönnuð og honum hafi ekki verið útvegaður öryggisbúnaður við vinnu sína, t.d. öryggishanskar sem hefðu komið í veg fyrir tjón það sem M varð fyrir. Einnig vísar M til þess að X hafi ekki tilkynnt strax um líkamstjón M til Vinnueftirlits ríkisins, eins og fyrirtækinu bar skv. 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 og verði því X að bera hallann af sönnunarskorti um aðstæður á vinnustaðnum.

V telur ekki sýnt fram á skaðabótaábyrgð X og telur líkamstjón M vera rakið til hans eigin óaðgæslu. Einnig vísar V til þess að skv. upplýsingum frá X hafi sú aðferð sem M notaði við afhausun, þ.e. að halda fisknum út frá sér og skera þannig í stað þess að leggja fiskinn á borðið fyrir framan sig og afhausa hann þannig, hafi verið aðferð sem búið hafi verið að banna á vinnustaðnum vegna annars óhapps sem orðið hafi stuttu áður. Einnig vísar V til þess að M hafi verið nokkuð vanur starfsmaður, hafi unnið hjá X í um eitt ár og að það séu almennt ekki notaðir öryggishanskar við afhausun heldur eingöngu við handflökun þar sem hætta sé meiri á því að skera sig. V vísar einnig á bug að verkstjórn hjá X hafi verið áfátt.

Álit.

Málsatvik málsins eru nokkuð skýr, þ.e. að M varð fyrir líkamstjóni þegar hann skar í vinstri vísifingur sinn þegar hann var að afhausa silung við færiband í vinnslusal X. Á myndbandsupptökum sést hvernig M beitti hnífnum og síðan hvernig samstarfsmaður hans gerði það stuttu síðar. Af þeirri upptöku má greina mun á aðferðum starfsmannanna við afhausunina. Þegar kemur að mati á því hvort tjón M verði rakið til ófullnægjandi leiðbeininga eða verkstjórnar af hálfu verður fyrst að líta til þess hvort leggja eigi frásögn M til grundvallar, óháð skýringum X, þar sem ekki hafi verið tilkynnt um slys M til Vinnueftirlitsins á réttum tíma skv. 1.mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980, verður að líta til þess að það kemur nokkuð skýrt fram á myndbandsupptöku hvernig líkamstjón M bar að. Ágreiningur um hvort og hvaða leiðbeiningar voru viðhafðar af hálfu X varðandi störf M verður síðan að skoða í ljósi þess hversu flókið verkið er og hvort einhver sönnunargögn liggi fyrir um sama skilning á verklagi, eða skorti á leiðbeiningum um slíkt, hjá öðrum en M, t.d. hjá samstarfsmönnum hans. Engin slík gögn liggja fyrir í málinu og verður ekki annað séð af öðrum gögnum þess en að verk það sem M hafði með höndum hafi verið einfalt og öllum ljóst að við beitingu hnífs sé augljós hætta, ef hnífnum

er ekki rétt beitt, að skera sig. Þegar öll gögn málsins eru virt telst M ekki hafa með nægilega skýrum hætti sýnt fram á að líkamstjón hans verði rakið til atvika eða aðstæðna sem X ber ábyrgð á.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 27. febrúar 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl. Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 10/2018

M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar bifreiðar A.

Sönnun orsakatengsla líkamstjóns og umferðaróhapps 30.11.2015.

Gögn.

Málskot móttekið 5.1. ásamt fylgiskjölum nr. 1-20
Bréf V dags. 17.1.2018 ásamt fylgiskjali

Málsatvik.

M ók bifreið sinni 30.11.2015 þegar bifreiðinni A var ekið aftan á bifreið hennar. M segir að þrátt fyrir að lítið sjáist á bifreiðunum þá hafi hún fengið þó nokkurn hnykk á líkamann. M segir að eftir að nauðsynlegra læknisfræðilegra gagna varðandi líðan hennar hafði verið aflað hafi verið óskað að tímabundnar og varanlegar afleiðingar slyssins yrðu metnar af þar til bærum matsmönnum og matsbeiðni þess efnis send V, en V hafi hafnað því að standa að matinu. M vill ekki una því að V hafni að standa að örorkumati á M vegna slyssins og gerir þá kröfu að V verði gert að standa að matinu og greiða kostnað vegna þess. M telur að nægjanleg læknisfræðileg gögn séu til staðar sem réttlæti þessa kröfu. V hafnar bótaskyldu og segir að númeraplata A hafi snert númeraplötu bifreiðar M og höggið sem kom á bifreiðarnar hafi nánast ekkert verið og engar skemmdir urðu á bifreiðunum. V telur að þessi atburður sé ekki líklegur til að valda líkamstjóni hvorki tímabundnu né varanlegu. Þá segir V að vottorð lækna og annarra meðferðaraðila byggi á frásögn M en sé ekki studd neinum sjálfstæðum rannsóknum. V segir að miðað við gögn málsins séu því minni líkur en meiri á því að einkenni M verði rakin til árekstursins 30.11.2015 og orsakatengsl milli árekstursins og þeirra einkenna sem M reki til hans ósönnuð.

Álit.

Af gögnum málsins, sérstaklega myndum af bifreiðum, verður ekki annað ráðið en áreksturinn sem varð milli bifreiðar M og A hafi verið með þeim hætti, að nánast ekkert högg hafi orðið við áreksturinn. Engar skemmdir eru sjáanlegar á bifreiðunum eftir áreksturinn. Miðað við þau læknisfræðilegu gögn sem liggja fyrir í málinu og önnur gögn málsins er ekki sýnt fram á að orsakatengsl séu fyrir hendi á milli þeirra verkja sem eru að hrjá M og þess áreksturs sem hér er fjallað um. Ekki er því nægilega sannað að orsakatengsl séu milli óþæginda M í dag og árekstursins. M á því ekki, miðað við fyrirliggjandi gögn, rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 9. 2.2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður. Jón Magnússon lögmaður.

Mál nr. 12/2018
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar A.

Laus stigi rann undan manni sem féll og slasaðist 6.3.2017.

Gögn.

Málskot móttekið 4.1.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-8
Bréf V dags. 26.1.2018

Málsatvik.

M var að vinna á millilofti og ákvað að fara niður með því að nota lausan stiga, en þegar M steig í stigann rann stiginn undan honum og M slasaðist. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V og segir að aðbúnaður á vinnustað hafi verið saknæmur og vísar til að fallvarnir hafi skort, leiðbeiningar verið ófullnægjandi, stigi hafi verið laus og ekkert áhættumat til staðar. M byggir á því að A hafi ekki tryggt nægar öryggisráðstafanir á vinnustað. Vinnueftirlitið telur að orsök slyssins megi helst rekja til þess að unnið hafi verið í töluverðri hæð án fallvarna og stiginn sem um ræðir var ekki tryggilega festur. V segir að miðað við það verk sem verið var að vinna í umrætt sinn hafi notkun álstiga verið heimil. Þá hafi stiginn verið með breikkun og gúmmípúðum að neðan til að auka jafnvægi og koma í veg fyrir að hann gæti skriðið undan mönnum. V bendir á að slysið hafi orðið vegna þess að M féll úr stiganum en ekki vegna skorts á fallvörnum. V segir að M virðist hafa farið öfugt í stigann þ.e. snúið afturhlutanum að stiganum þegar hann hugðist fara niður stigann og telur það almenna vitneskju að ekki sé farið um stiga eins og þennan með bakið að stiganum. V segir því tjón M verði ekki rakið til stigans sjálfs, fallvarna, verkstjórn eða áhættumats.

Álit.

Fyrir liggur að aðstæður á vinnustað M voru þær í umrætt sinn, að notaður var laus stigi, fallvarnir voru engar auk þess er ekki sýnt fram á að verkstjórn hafi verið með fullnægjandi hætti. Ástæða slyss M var sú, að laus stigi sem M ætlaði að nota við að fara niður af millilofti rann undan honum. A ber ábyrgð á því að ekki var til staðar fastur stigi eða annar slíkur umbúnaður, að starfsmenn á millilofti hefðu örugga för upp á milliloftið eða niður af því. A ber því sök á slysi M. Ósannað er að slys M verði að einhverju leyti rakið til gáleysis hans. M á því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 27.2. 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl. Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 13/2018

M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X.

Tjón á bifreið sem eigandi rekur til þvottar í þvottastöð 18.11.2017.

Gögn.

Málskot málskotsaðila, móttekið 7.1.2018, ásamt fylgiskjölum og tölvupósti dags. 19.1.2018.
Bréf V, dags. 17.1.2018, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram M hafi farið í sjálfvirka þvottastöð X með bifreið sína og hann kveður bifreiðina hafa orðið fyrir tjóni í þvottinum þannig að kústur hafi gengið á afturhlera bifreiðarinnar án þess að þrífa hann en í staðinn skilið eftir rispur á stuðara. M vísar til þess að hann hafi tekið myndir af skemmdunum síðar sama dag, sem var laugardagur, og reynt að hafa samband við starfsmenn X en fengið upplýsingar um að koma á skrifstofutíma. M fór daginn eftir á mannaða stöð X á Granda og tilkynnti um tjónið og fékk bifreiðina þrifna þar sem starfsmaður þar hafi séð að bilun í búnaði hafi leitt til þess að hluti bifreiðarinnar var ekki þrifinn daginn áður. M telur augljóst að tjón hafi orðið á bifreið hans þegar hún var í þvottastöð X og rekur samskipti sín við starfsmenn X og vísar til þess að bifreið hans hafi verið nýleg, eða síðan í ágúst 2017. Ekki hafi verið nokkrar rispur á bifreiðinni eða annað tjón séu skýringar V og X á því að eitthvað annað en bilun á búnaði í þvottastöð X hafi valdið tjóninu því ótrúverðugar. Einnig bendir M á að hann hafi gert allt sem hann gat til að tryggja sönnun tjónsins og X verði að bera hallann af því að hafa mögulega fjarlægt sönnunargögn með því að endurnýja búnað í fyrrnefndri þvottastöðu stuttu eftir atvikið.

V telur ekki sannað að skemmdir á bifreið M séu vegna bilunar í þvottastöð X og vísar til þess að M beri sönnunarbyrði um það. V metur það svo að m.v. þær skemmdir sem koma fram á myndbandi M og m.v. sjónskoðun starfsmanns V verði ekki fullyrt að þær séu eftir þvottakúst. Vísar V m.a. til þess að óhreinindi hafi verið í kringum rispur og sem hefðu ekki verið ef rekja mætti tjónið til þvottakústar hjá X. Einnig vísar V til eðlis skemmda þar sem lakk sé farið af á nokkuð stóru svæði og telur ekki mögulegt að þvottakústur hafi getað valdið því tjóni. V vísar einnig til þess að þó sýnt yrði að bilun hefði orðið í búnaði þvottastöðvar X þá beri fyrirtækið ekki hlutlæga ábyrgð vegna þeirra.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um hvernig skemmdir á bifreið M komu til og hvort þær megi rekja til skaðabótaábyrgðar af hálfu X. Í málinu liggur fyrir að M fór með bifreið sína í mannlausa þvottastöð og hann telur að skemmdir hafi orðið á bifreiðinni vegna þvottakústs sem hafi ekki farið á réttan stað. Sönnunarbyrði um það hvílir á M. Þó M hafi reynt að hafa samband við starfsmenn X sama dag og hann telur sig hafa orðið fyrir tjóni verður ekki litið svo á að sönnunarbyrði um skilyrði skaðabótaábyrgðar verði snúið við. Með hliðsjón af gögnum málsins og þeim vafa sem uppi er um orsök skemmda á bifreið M verður ekki fallist á að sannað sé að tjónið sé hægt að rekja til atvika eða aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 6. febrúar 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl. Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 14/2018

M
og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna líkamstjóns af völdum áreksturs.

Gögn.
Málskot, móttekið 8.1.2018, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Bréf V, dags. 23.1.2018.

Málsatvik.
Hinn 3. september 2012 var A ekið á bifreið sem M ók. Hann leitaði sama dag til læknis á heilsugæslustöð. Í samskiptaseðli vegna þessarar komu á heilsugæslustöðina kemur fram að bifreið hafi verið ekið í miðja hægri hlið bifreiðar hans af miklum krafti. Hafi hann fengið hnykk á sig frá hlið og verið með verki í hálsi og hægri öxl. Hreyfigeta hafi verið eðlileg í höndum og hálsi. Hann hafi kvartað um verki við að hreyfa í öxlinni og aumur framar í öxlinni.

M gekkst undir TS rannsókn af „lumbalhrygg 7. mars 2016, en í rannsóknarniðurstöðunni segir um sjúkrasögu M að hann sé sjómaður með margra ára sögu um verki í mjóbaki með leiðni niður rasskinnar. Í niðurstöðu rannsóknarinnar segir: „Disk degenerativar breytingar með aðeins diskútbungun til vinstri á L4-L5 bilinu án þess að sýnt sé fram á þrýsting á taug.

M kom til skoðunar hjá bæklunarlækni 21. apríl og 17. júlí 2017. Í vottorði læknisins, dags. 22. júní 2017, segir að M hafi komið til hans í þessi tvö skipti „og hafði ekkert lagast.“ Hann hafi verið með „paravertebral“ eymsli í hálsi og mjóbaki og verið með verki við ystu hreyfimörk. Gróf taugaskoðun hafi verið eðlileg. Hann hafi verið með verki við ystu hreyfimörk í hálsi, mjóbaki og hægri öxl. Í samantektarkafla vottorðsins segir að M hafi verið að reyna að vinna á sjónum, en eigi erfitt með að stunda sjóinn vegna verkja og erfiðleika við að beygja sig í bakinu. Hann sé alltaf með verki og segist ekkert hafa lagast. Ekki sé búist við frekari bata úr þessu og ekki sé hægt að bæta ástandið með frekari læknisaðgerðum.

Ekki er um það deilt að ökumaður A bar ábyrgð á árekstrinum í september 2012. M kveður sjúkdómseinkenni þau sem rakin eru í vottorði bæklunarlæknisins séu af völdum árekstursins og hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.
Slysdaginn leitaði M til læknis vegna verkja í hálsi og hægri öxl. Vegna margra ára sögu um einkenni frá mjóbaki fór hann í rannsókn af bakinu í mars 2016. M leitaði svo til bæklunarlæknis í apríl 2017 eða rúmum fjórum og hálfu ári eftir tjónsatvikið. Kvartanir M virðast einkum stafa frá einkennum í mjóbaki, en slíkra einkenna var ekki getið við lækniskomuna á slysdegi. Ekkert í gögnum málsins gefur tilefni til að ætla að mjóbakseinkennin megi rekja til árekstursins í september 2012. Engin matsgerð hæfra og óvilhallra aðila, svo sem dómkvaddra matsmanna, liggur fyrir um hverjar séu afleiðingar sem M kunni að búa við í dag af völdum árekstursins. Það sem fram kemur í fyrrgreindu vottorði bæklunarlæknisins dugir ekki til sönnunar þess að M búi nú við sjúkdómseinkenni sem megi rekja til téðs áreksturs. Að virtum þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu hefur ekki verið sýnt fram á að M hafi orðið fyrir líkamstjóni sem veitir honum rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 9. febrúar 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl. Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 16/2018

M og
vátryggingafélagið V1 vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins A og
vátryggingafélagið V2 vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins B.

Árekstur á bifreiðastæði Fjölbrautaskólans á Suðurnesjum 11.9.2017.

Gögn.

Málskot málskotsaðila, móttekið 11.12. 2017, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V1, dags. 25.1.2018.
Tölvupóstur V2, dags. 26.1.2018.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að ökumaður bifreiðar A ók bifreiðinni til austurs í átt að auðum stöðureit á bifreiðastæði við Fjölbrautaskólann á Suðurnesjum. Í skýrslunni kemur fram að á bifreiðastæðinu hafði bifreiðum verið lagt utan stöðureita og var akstursleið bifreiðar A því nær lokuð. Ökumaður bifreiðar B ók eftir bifreiðastæðinu til norðurs og síðan beygt til vinstri að Faxabraut. Ökumaður bifreiðar A kveðst hafa ekið framhjá bifreiðum sem lagt var utan stöðureita og stöðvað bifreið sína þegar hann sá til ferða bifreiðar B og kvaðst hafa verið kyrrstæður þegar árekstur varð. Ökumaður bifreiðar B segist í lögregluskýrslu hafa ekið eftir bifreiðastæðinu til norðurs og hugðist beygja til vinstri, kyrrstæðar bifreiðar hefðu nær lokað vinstri akrein og hún hafi ekki orðið vör við bifreið A fyrr en árekstur varð.

M telur að ökumaður bifreiðar B beri alla sök á árekstrinum þar sem þeirri bifreið hafi verið ekið á bifreið A kyrrstæða. Einnig vísar M til þess að bifreið B hafi verið full af reyk og fær það stoð tölvupósti frá einstaklingi sem kveðst hafa verið á staðnum. Einnig vísar M til vitnisburða tveggja annarra sem liggja fyrir í tölvupóstum um að bifreið A hafi verið kyrrstæð þegar árekstur varð. V1 tekur undir sjónarmið M og vísar til þess að ökumaður A hafi ekki verið komin það langt að hann hafi átt að veita umferð frá hægri forgang auk þess sem ökumaður bifreiðar B hafi sagst í lögregluskýrslu ekki hafa séð bifreið A fyrir árekstrinn. V2 gerir ekki sérstakar athugasemdir vegna málsins en fyrir liggur tölvupóstur frá ökumanni bifreiðar B þar sem kemur fram hún telur að bifreið A hafi verið á röngum vegarhelmingi, sú bifreið hafi verið á ferð þegar árekstur varð og vísar þar til þess hversu skemmdir urðu miklar á bifreiðunum og telur því að ökumaður bifreiðar A beri alla ábyrgð á árekstrinum.

Álit.

Þegar litið er til allra gagna málsins, sérstaklega lýsingu í lögregluskýrslu, er ljóst báðum ökumönnum bar að sýna varúð við akstur við bifreiðastæði þar sem búið er að leggja bifreiðum utan stöðureita og þrengja að akstursleiðum. Því til viðbótar verður þó að líta til þess að m.v. aksturssstefnu ökumanns bifreiðar A inn í stöðureit á bifreiðastæðinu hafði hann bifreið B á hægri hönd og bar því að veita þeirri bifreið forgang við akstur um bifreiðastæðið.. Hins vegar verður að líta til þess að skv. því sem haft er eftir ökumanni bifreiðar B í lögregluskýrslu gætti hún ekki nægrar varúðar við akstur um bifreiðastæði þar sem aðstæður voru eins og að ofan greinir. Þegar litið er til aðstæðna allra og þeirra gagna sem liggja fyrir nefndinni verður sök á árekstrinum skipti til helminga milli ökumanna bifreiða A og B.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga milli ökumanna bifreiða A og B.

Reykjavík, 9. febrúar 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl. Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 17/2018

M og
vátryggingafélagið V v. áhafnartryggingar skipsins A.

Slys á sjó 5.11.2013. Tilkynningarfrestur.

Gögn.

1. Málskot móttekið 11.1.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-8
2. Bréf V dags. 23.1.2018 ásamt fylgiskjölum 1-2

Málsatvik.

M slasaðist um borð í A 5.11.2013 þegar M var á leið niður stiga og rann til og féll og slasaðist. M leitaði til læknis sama dag vegna verkja í vinstri öxl og voru teknar röntgenmyndir en ekki talið ástæða til að aðhafast frekar. M leitaði síðan til læknis 11.12.2013 og fékk sterasprautu. Þ. 28.8.2015 leitaði M enn til læknis vegna verkja í vinstri öxl og vildi þá fá aðra sprautu, sem hann fékk, en ekki var talin ástæða til frekari aðgerða. M var í sjúkraþjálfun en leitaði síðan til læknis 18.8.2017. Þá kom í ljós við segulómun töluverðar slitbreytingar á öxlinni og rifa í sin. V var tilkynnt um slysið þ. 1.11.2017. M krefst bóta úr áhafnartryggingu A hjá V og byggir á því að slysið hafi ekki verið tilkynnt of seint sbr. 1.mgr. 124 gr. laga um vátryggingasamninga og segir að hann hafi ekki fengið viðeigandi rannsókn sem gaf honum tilefni til að álíta að um varanlegar afleiðingar væru af slysinu fyrr en 18.8.2017 þegar hann leitaði til læknis og sá að um slitbreytingar og rifu á sin var að ræða eftir að hafa sent M í segulómun. V hafnar bótaskyldu og segir slysið hafi verið tilkynnt eftir að ársfrestur var liðinn skv. 1.mgr. 124.gr. vsl. og telur að M hljóti að hafa verið ljóst að um varanlegt líkamstjón var að ræða, við læknisheimsókn 28.8.2015 og haft upplýsingar um atvik sem M gat byggt bótakröfu sína á. Í því sambandi verði að líta til þess að M hafi haft stöðug einkenni frá vinstri öxl frá slysdegi, sem lýsti sér m.a. í hreyfiskerðingu og verið í meðferð hjá sjúkraþjálfara og í stöðugri meðferð og þegið sterasprautur.

Álit.

M varð fyrir slysi 5.11.2013, sem var tilkynnt til V 1.11.2017. Um er að ræða nær fjögur ár frá því að slysið varð þangað til slysið var tilkynnt V. Ljóst er af gögnum í málinu einkum læknisfræðilegum gögnum, að M var að reyna að harka af sér og við læknisheimsókn 28.8.2015 segir í vottorði læknis, að M hafi fengið sterasprautu og hún hafi virkað vel og hann vilji gjarnan reyna þá meðferð aftur. Af því verður helst ráðið að á þeim tímapunkti þ.e. 28.8.2015 að M hafi talið að hann gæti enn náð bata með því að fá sterasprautu. Varhugavert er því að ætla að þá hafi M búið yfir vitneskju um það að tjón hans vegna slyssins yrði varanlegt. Næst leitar M til læknis 18.8.2017 og þá er framkvæmd segulómun sem sýnir ákveðna varanlega áverka vegna slyssins. Af gögnum málsins virðist því mega ætla að M hafi ekki verið meðvitaður um að tjón hans væri varanlegt fyrr en eftir læknisheimsókn sína 18.8.2017 og hann gæti gert bótakröfu í áhafnartryggingu A hjá V, tilkynning M til V um slysið 1.11.2017 var því innan tímamarka sbr. 1.mgr. 124. gr. vátryggingasamningalaga og á M því rétt á bótum úr áhafnartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr áhafnartryggingu A hjá V.

Reykjavík 9.2. 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður. Jón Magnússon lögmaður.

Mál nr. 18/2018

M og
vátryggingafélagið V vegna slysatryggingar ökumanns og eiganda bifreiðarinnar X.

Gildissvið 94. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 tilkynningu vátryggingafélags um takmörkun ábyrgðar vegna stórkostlegs gáleysis vátryggðs.

Gögn.

Málskot málskotsaðila, móttekið 11.1.2018, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 5.2.2018, ásamt fylgiskjölum.
Bréf lögmanns M, dags. 6.3.2018.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M slasaðist 21. apríl 2016, þegar hann sem ökumaður bifreiðarinnar X missti stjórn á bifreiðinni með þeim afleiðingum að hún hafnaði utan vegar. Óumdeilt er að M var undir áfengis við aksturinn og kemur í málskoti að áfengismagn í blóði M hafi mælst 1,43 prómill. M leitaði til lögmanns í júlí 2016 og hinn 15. júlí s.á. lét lögmannsstofa hans vita um umboð frá M og óskaði eftir gögnum málsins og óskað eftir að félagið upplýsti um afstöðu sína vegna meiðsla M. Með tölvupósti dags. 20. júlí 2016 voru lögmannsstofunni send gögn málsins án frekari afstöðu, en með þeim pósti fylgdi, skv. lýsingu í málskoti: höfnunarbréf, dags. 24. júní 2016, sem sneri að kaskótryggingu bifreiðarinnar, lögregluskýrsla og alkóhólákvörðun með gasgreiningu. Sérstakt höfnunarbréf, dags. 24. júní 2016, vegna slysatryggingar ökumanns kveðst lögmaður M hins vegar ekki hafa fengið fyrr en 29. september 2017 þegar V hafnaði að greiða kostnað vegna gagnaöflunar lögmannsins.

M telur að V hafi glatað rétti til að bera fyrir sig ábyrgðartakmörkun og vísar um það til 31. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Byggist sú afstaða á því að V geti ekki sýnt fram á að það hafi „án ástæðulauss dráttar“ send M tilkynningu um algjöra takmörkun ábyrgðar sinnar úr slysatryggingu ökumanns þar sem hún hafi ekki borist lögmanni M fyrr en 29. september 2017. Vísar M til þess að V hafi verið í lófa lagið, að senda slíka tilkynningu til M fyrr, t.d. í júlí 2016, þegar lögmannsstofu lögmanns M hafi verið send gögn málsins. Þeir rúmu 14 mánuðir sem liðið frá því og þar til bréf hafi borist til lögmanns M geti ekki verið innan ástæðulauss dráttar í skilningi laganna.

V vísar til þess að félagið hafi sent M sjálfum bréf dags. 24. júní 2016 varðandi algjöra takmörkun bóta úr bæði kaskótryggingu og slysatryggingu ökumanns. Afrit bréfanna liggi fyrir þó þau hafi ekki verið send í ábyrgðarpósti, en V vísar til skjáskota úr svokölluðum þjónustustraumi og skjalageymslu skjalakerfis félagsins sem og tölvupóstur milli starfsmanna um að slíkt bréf hafi verið sent. V vísar til sönnunarreglna og telur löglíkur fyrir því að bréf hafi borist viðtakanda hafi það farið í póst. Það sé því M að sýna fram á að hann hafi ekki fengið tilkynningu félagsins um takmörkun á ábyrgð. Einnig vísar V til þess að tilkynningarfrestur skv. 2. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga sé liðinn þar sem M hafi ekki, innan árs frá skriflegri tilkynningu um að kröfu hans um bætur væri hafnað, höfðað mál eða krafist meðferðar fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingarmálum. M ítrekar sjónarmið sín í bréfi dags. 6. mars 2018 og telur að V eigi að bera hallann af sönnunarskorti um að félagið hafi sent bréf um takmörkun ábyrgðar til M vegna slysatryggingar ökumanns. Það að starfsmaður V hafi ekki sent umrætt bréf til lögmannsins í júlí 2016 styðji það og skjáskot úr tölvukerfum V hafi ekki sönnunargildi. Auk þess hafnar lögmaður M tilvísun V til 2. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Álit.

Ágreiningur málsins lýtur fyrst og fremst að því hvort tilkynning V um takmörkun ábyrgðar vegna afstöðu til kröfu um bætur úr slysatryggingu ökumanns hafi verið innan ástæðulauss dráttar í skilningi laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Í 1. mgr. 31. og 94. gr. laganna kemur fram að vátryggingafélag verði án ástæðulauss dráttar að tilkynna vátryggðum um það ef félagið ætlar að

takmarka ábyrgð sína skv. tilteknum köflum laganna sjálfra. Ef vátryggingafélag sinnir því ekki þá missir það rétt til að bera fyrir sig ábyrgðartakmörkun skv. 2. mgr. 31. og 94. gr. laganna.

Í þessu máli er ágreiningur um greiðslu bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda sem farþega í eigin ökutæki. Slík vátrygging telst persónutrygging í skilningi laga um vátryggingarsamninga. sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 671/2016. Verður því, við ágreining þessa máls, að líta til 1. mgr. 94. gr. laga um vátryggingarsamninga en ekki 1. mgr. 31. gr. Þar kemur fram að ef vátryggingafélag ætlar að bera fyrir sig að það sé laust úr ábyrgð að öllu leyti eða hluta skv. öðrum ákvæðum XIII. kafla laganna, þá verði það að tilkynna vátryggingartaka eða þeim sem eigi rétt til vátryggingarbóta skriflega um afstöðu sína og það verður að senda tilkynninguna án ástæðulauss dráttar eftir að félagið vissi um þau atvik sem veita því heimild til að beita rétti sínum skv. ákvæðum fyrrnefnds XIII. kafla. Ljóst er að V vísar til 1. mgr. 90. gr. laganna varðandi takmörkun ábyrgðar sinnar gagnvart M þar sem hún er takmörkuð af hans stórkostlega gáleysi við að aka bifreið ölvaður hinn 21. apríl 2016 og það hafi leitt til líkamstjóns hans. Það ákvæði er í XIII. kafla laga um vátryggingarsamninga og nær gildissvið 94. gr. laganna því til V.

Við mat á því hvort V hafi fylgt fyrirmælum þeirrar greinar verður ekki hjá því litið að V getur sýnt fram á að afrit bréfs, dags. 24. júní 2016 hafi verið undirritað af starfsmanni félagsins og stílað á M á skráðu lögheimili hans. Einnig getur V framvísað skjáskotum af færslum í tölvukerfi félagsins um að slíkt bréf hafi verið útbúið. Einnig liggur fyrir að sambærilegt bréf var sent vegna kröfu um bætur í kaskótryggingu bifreiðarinnar og var það dagsett sama dag og undirritað af sama starfsmanni og af gögnum málsins verður ekki annað séð en að M hafi borist það bréf. Þó það hafi misfarist af hálfu V að senda lögmanni M afrit af öllum gögnum málsins vegna slysatryggingar ökumanns í júlí 2016, hefur það eitt og sér ekki áhrif á túlkun gildissviðs 94. gr. laga um vátryggingarsamninga. Með vísan til Hrd. 1986, 1121 verður að líta svo á að V hafi sýnt fram á að bréf dags. 24. júní 2016 hafi verið sent til M og ekkert kemur fram í málinu af hans hálfu sem ber brigður á það. Telst V því hafa tilkynnt um takmörkun ábyrgðar sinnar að fullu án ástæðulauss dráttar í skilningi 1. mgr. 94. gr. laga um vátryggingarsamninga og á því M ekki kröfu um bætur úr slysatryggingu ökumanns hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns hjá V.

Reykjavík, 16. mars 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður Jón Magnússon lögmaður

Mál nr. 19/2018

M og
V v. ábyrgðartryggingar Þ
Maður slasast á hendi við hreinsun á saltsnigli 24.2.2017.

Gögn.

Málskot móttekið 11.1.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-25.
Bréf V dags. 18. júní 2018 ásamt fylgiskjölum 1-5.

Málsatvik.

M vann sem fiskvinnslumaður hjá Þ, slasaðist við vinnu sína þegar saltsnigill stíflaðist og hann ásamt verkstjóra unnu við að losa stífluna. M greip til þess ráðs að losa tappa neðst á affalssigti snigilsins og stakk fingri hægri handar inn í gatið, en í þann mund gangsetti verkstjórinn snigilinn, en við það hjóst fremsti hluti vísifingurs af M. M segir að það verklag sem hann notaði við að losa stíflu úr sniglinum hafi viðgengist um nokkra hríð hjá Þ. M krefst bóta á grundvelli sakarreglunnar og vísar til laga og reglugerða í því sambandi. Af hálfu M er því haldið fram að vinnuaðstæður og aðbúnaður á vinnustað hafi verið óforsvaranlegur, þá hafi eftirlit með M og leiðbeiningar við framkvæmd verksins verið ófullnægjandi. Í umsögn Vinnueftirlitsins vegna slyssins segir m.a. slysið orsakist af tveimur meginþáttum: Ekki voru fullnægjandi samskipti á milli þeirra tveggja aðila sem unnu við að losa stífluna og tæki það sem um ræðir uppfyllti ekki reglugerð nr. 367/2006 un notkun tækja gr. 2.8 í viðauka, síðar segir í skýrslunni að ganga skuli þannig frá aftöppunargati að ekki sé mögulegt að koma fingrum eða höndum í gegnum það að snigli. V hafnar bótaskyldu og fellst ekki á að Þ hafi brotið gegn ákvæðum þeirrar reglugerðar sem Vinnueftirlitið vísar til í skýrslu sinni eða slysið verði rakið til annarra atriða sem Þ beri skaðabótaábyrgð á. V segir að venja sé þegar stífla myndast að losa tappann sem M losaði, en það sé aldrei neinu stungið inn í gatið hvað þá fingrum. V segir að verkstjórinn hafi ekki beðið M um hjálp og hefði ekki vitað af því að M hefði losað tappann. V bendir á að M hafði unnið hjá Þ í sjö ár þegar slysið varð og hefði M verði kennt að nota rörbút utan frá við að losa stíflur við þessar aðstæður.

Álit.

Í skýrslu Vinnueftirlitsins, sem vísað er til hér að framan kemur fram að tækið sem unnið var við hafi ekki uppfyllt ákvæði greinar 2.8 í reglugerð 367/2006 ennfremur segir í skýrslunni að ganga skuli þannig frá aftöppunargati að ekki sé mögulegt að koma fingrum eða höndum í gegnum það að snigli. Þessari fullyrðingu Vinnueftirlitsins hefur ekki verið hnekkt þó að fram komi mótmæli gagnvart þessu áliti í bréfi V dags. 18. júní 2018. Af framangreindu þykir því mega slá því föstu að snigillinn hafi ekki uppfyllt þær kröfur sem gerðar eru til vinnutækja af því tagi sem hér ræðir um og ber Þ ábyrgð á því. Þá verður ekki annað séð, en að aðstæður hafi verið þannig á vinnustað að tveir menn sem eru að vinna á litlu afmörkuðu svæði hefðu átt að verða varir hvor við annan og vita um aðkomu beggja að verkinu, en ófullnægjandi samskipti verkstjóra og M átti stóran þátt í að slysið varð. Að þessu skoðuðu sérstaklega ófullnægjandi umbúnaður saltsnigilsins á M rétt á bótum vegna slyssins. Þegar slysið varð hafði M unnið hjá Þ í sjö ár og vissi því um hættuna sem fólst í því að setja fingur inn í snigil og sýndi af sér stórkostlegt gáleysi með að gera það og verður því að sæta skerðingu á bótum um 1/3 vegna eigin sakar, með vísan til 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu Þ hjá V, en ber tjón sitt sjálfur að 1/3 vegna meðábyrgðar.

Reykjavík 7.8.2018.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Jón Magnússon lögmaður

Mál nr. 20/2018

M
og
vátryggingafélagið V vegna starfsábyrgðartryggingar byggingarstjórans A.

Ágreiningur um bótaskyldu. Starfsábyrgðartrygging.

Gögn.
Málskot, móttekið dags. 13.1.2018 ásamt fylgigögnum.
Bréf V, vátryggingafélags, dags. 30.1.2018.

Málsatvik.
M gerði kröfu í starfsábyrgðartryggingu A hjá V vegna galla er M taldi að hefðu komið fram víðsvegar á eigninni, bæði sameign og séreignum. Í júní 2016 aflaði M ástandsskýrslu um ástand húseignarinnar að Glitvöllum 2. Laut hún að nokkrum húshlutum, einkum ytra byrði hússins, s.s. bifreiðastæðum, svölum, þakkanti, flísum á tröppum auk nokkurra atriða innan húss. Með vísan til ástandsskýrslunnar var með bréfi, dags. 20. október 2017 krafist bóta af hálfu M úr starfsábyrgðartryggingu A hjá V, vegna galla á húseigninni, óvandaðra vinnubragða og ólokinna verka. Lokaúttekt byggingarfulltrúa fór fram 21. október 2015 þar sem fram komu athugasemdir í 6 liðum.

V hefur hafnað kröfunni þar sem M byggi kröfu sína á ástandsskýrslu sem aflað var einhliða og án vitneskju V. Sönnunargildi slíkra gagna sé lítið sem ekkert, gegn andmælum þess er kröfunni er beint að, og hefur V mótmælt sönnunargildi skýrslunnar. Telur V skýrsluna eða önnur gögn ekki sýna fram á að skilyrði skaðabótakröfu gagnvart byggingarstjóra séu fyrir hendi.

Í athugasemdum V, dags. 30. janúar 2018, er fjallað um einstaka liði kröfugerðarinnar. Þar er þeim ýmist hafnað þar sem um ólokin verk sé að ræða eða ekki hafi verið færð fram röksemdir fyrir því í hverju saknæm háttsemi A hafi verið fólgin. Byggingarstjóratrygging sé ekki efndatrygging og sönnun á sök gagnvart öðrum þáttum hafi ekki verið færð fram.

Í málskoti hafnar M þessum röksemdum. Ekki sé hægt að fallast á þau rök að byggingarstjóratrygging nái ekki til ólokinna verka þar sem byggingarstjóri beri ábyrgð á að byggt sé í samræmi við samþykkta uppdrætti, lög og reglugerðir og hafi yfirumsjón og eftirlit með þeim byggingarframkvæmdum sem hann stýrir, þar á meðal að iðnmeistarar, sem koma að verkinu fyrir hans atbeina, sinni skyldum sínum þannig að framkvæmdin sé tæknilega fullnægjandi. Ef byggingarstjóri, eða einver annar sem kemur að verkinu, klári ekki ákveðið verk, sem á að klára samkvæmt lögum eða samningi eða verkið er ekki unnið á fullnægjandi hátt, þá beri byggingarstjóri ábyrgð. Að öðrum kosti sé mjög auðvelt fyrir byggingarstjóra að koma sér undan ábyrgð með því einfaldlega að segja að verkið sé ólokið og að tryggingin nái ekki til óunninna verka. Þá telur M að fullnægjandi sönnun sé komin fram fyrir bótaskyldu í öðrum þáttum.

Álit.
Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum, og hvernig til þeirra var aflað, er það mat nefndarinnar að, gegn mótmælum V, ekki hafi verið sýnt nægilega fram á að skilyrði skaðabótaskyldu séu uppfyllt vegna málsins. Ekki hefur því verið sýnt fram á bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingu A hjá V og M á því ekki skaðabótakröfu á hendur V vegna vinnubragða A.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 13. mars 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Sigurður Óli Kolbeinsson, hdl. Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 21/2018

M og
vátryggingafélagið V vegna slysatryggingar launþega X.

Hugtakið „slys“ vegna líkamstjóns við vinnu 13.3.2016.

Gögn.

Málskot málskotsaðila, móttekið 15.1.2018, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 1.2.2018.
Tölvupóstur lögmanns M dags. 5.2.2018.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir líkamstjóni við vinnu sína hjá X hinn 13. mars 2016. Í tjónstilkynningu M sjálfrar til V kemur fram eftirfarandi lýsing atvika: „Ég var að vinna við að slá með stóra sleggju á klemmur en hitti svo ekki á eina klemmuna og kom þau mikill slinkur á öxlinna.“ Í sömu tilkynningu kemur fram að M kveðst ekki hafa átt við meiðsli eða veikindi að stríða fyrir. Í læknisvottorði dags. 28. apríl 2017 kemur fram að M hafi leitað til læknis 13. mars 2016 og hægri handleggur hennar hafi verið bólginn og á honum hafi verið litabreytingar. Einnig kemur þar fram að áður hafi verið vandamál frá öxl og handlegg og að M vinni mikið með „þungan járnkatl og slaghamar“. Í tölvupósti sjúkraflutningamanns sem kallaður hafi verið til af starfsmanni X og ók M til læknis kemur fram að M hafi kvartað undan verk í öxl og hafi verið bólgin. Í málinu liggur einnig fyrir ódagsett „rannsóknarskýrsla vegna atviks“ af hálfu X og kemur þar fram að M hafi verið að vinna við að færa þung lok á keri til sem og verið að nota sleggju við vinnu sína og að M hafi kvartað undan bólgu í hægri hendi og verkjum í öxl hinn 12. mars 2016 á kvöldvakt og fyrrgreindan dag, 13. mars 2016 hafi M enn verið bólgin og því hafi henni verið vísað til skoðunar hjá lækni.

M telur að líkamsmeiðsli hennar sé hægt að rekja til skyndilegs, utanaðkomandi atburðar og sé því um að ræða slys í skilningi vátryggingarskilmála V og þ.a.l. bótaréttur úr slysatryggingu launþega. M vísar til þess að líkamsmeiðsli M hafi komið til þegar hún hafi verið að slá fleyg með þungri sleggju og hafi ekki hitt á hann með þeim afleiðingum að hún fékk slink á hægri öxlina. M telur að leggja eigi frásögn M til grundvallar og ekki sé hægt að líta til svokallaðrar rannsóknarskýrslu af hálfu X þar sem hún hafi verið gerð eftir á, auk þess sem X hafi ekki sinnt skyldu sinni um að tilkynna um atvikið til viðeigandi yfirvalda eða vátryggjanda. Einnig vísar M til upplýsinga í læknisfræðilegum gögnum málsins sem staðfesta að hún hafi leitað til læknis samdægurs og að upplýsingar um áverka hafi komið fram í myndatöku í kjölfarið. M vísar á bug túlkunum trúnaðarlæknis X á mögulegum orsakatengslum milli atviksins og læknisfræðilegra afleiðinga þar sem það sé hluti af lögfræðilegri sönnun í málinu, auk þess læknirinn hafi ekki sérþekkingu til að meta áverka sem þessa þar sem hann sé ekki sérfræðingur í t.d. bæklunarlækningum.

V telur í fyrsta lagi að samtímagögn í málinu styðji ekki við lýsingu M á atvikum og vísar til þess að í rannsóknarskýrslu X komi fram að verkur í hendi hafi ekki komið fram fyrr en eftir að vinnu við verkið lauk. Einnig vísar V til þess sem kemur fram í læknisfræðilegum gögnum málsins um að verkir séu vegna álags við vinnu og vísar til álits trúnaðarlæknis X um að ekki séu áverkamerki í niðurstöðum segulómskoðunar. V vísar einnig til þess að lýsing M sjálfrar á atvikum hafi ekki legið fyrir fyrr en mörgum mánuðum eftir meint atvik og eftir að hún hafi undirritað umboð til lögmanns um að gæta hagsmuna hennar. V telur því ekki sannað að líkamsmeiðsli M megi rekja til skyndilegs utanaðkomandi atburðar í skilningi hugtaksins slyss í vátryggingarskilmálum V.

Álit.

Ágreiningur málsins er bundinn við hvort líkamsmeiðsli M sé hægt að rekja til atviks 13. mars 2016 og hvort atvikið fól í sér skyndilegan og utanaðkomandi atburð sem olli meiðslum á líkama hennar og gerðist án vilja hennar, sbr. 8. gr. vátryggingarskilmála um slysatryggingu launþega. Af dómaframkvæmd Hæstaréttar má ráða að þegar um fall er að ræða sem veldur líkamsmeiðslum verði að líta til þess hvort fallið sé hægt að rekja til sjúkdóma eða annars innra ástands í líkama vátryggðs og ef svo er ekki þá verði að líta á fall sem utanaðkomandi atburð í skilningi umræddsákvæðis. Í

þessu máli bendir ekkert til þess að líkamsmeiðsli M verði rakin til falls hennar. Lýsing hennar sjálfrar í tjónstilkynningu til V, sem virðist verða dagsett áður en atvikið á sér stað eða 6.3.2016, er eina lýsing atvika sem bendir til þess að eitthvað utanaðkomandi hafi leitt til líkamsmeiðsla hennar. Í máli V kemur fram að umrædd lýsing hafi ekki komið fram fyrr en löngu eftir atvikið og sökum óskýrleika um það verður ekki hægt að leggja til grundvallar að lýsingin sýni með óyggjandi hætti að utanaðkomandi atburður hafi leitt til þess að mögulegur slinkur hafi komið á öxl M þegar hún var við vinnu sína hjá X. Ekki svokölluð rannsóknarskýrsla X lögð til grundvallar sem óyggjandi sönnunargagn atvika þar sem í fyrsta lagi er óljóst hvenær hún er gerð og í öðru lagi verður að líta svo á að X hafi ekki sjálfdæmi um að taka afstöðu til bótaskyldu úr vátryggingu sem X hefur keypt frá V, heldur sé rétt að tilkynna um atvik sem komi upp, þegar þau koma upp, enda er afstaða X til málsins ekki bindandi fyrir V. Almennt er mikilvægt að lýsing atvika komi sem fyrst fram bæði fyrir vátryggðan, vátryggingartaka og vátryggingarfélag þannig að sönnunargögn glatist ekki.

Þegar tekin er afstaða til þess hvort sýnt sé að líkamsmeiðsli M sé hægt að rekja til skyndilegs, utanaðkomandi atburðar er hins vegar ekki hægt að líta framhjá því að lýsing M sjálfrar af atvikum felast í því að hún hafi fengið slink á öxl við að beita slaghamri sem ekki hafi hitt á réttan stað. Til frekari sönnunar verður að liggja fyrir að slíkur slinkur hafi leitt til sérstakra áverka eða einkenna. Í læknisfræðilegum gögnum málsins kemur fram að M eigi langa sögu um verki og hreyfiskerðingu í hægri öxl og eina ályktunin sem liggur fyrir frá meðferðarlækni M er að um álagsmeiðsli sé að ræða utan við það sem kemur fram í myndgreiningarsvari um að „allt sé heilt utan við að vökvavottur sé í subacromial-subdeltideus bursunni.“ Á meðan ekki liggur fyrir með óyggjandi hætti að slík einkenni sé hægt að rekja beint til þess atviks sem M lýsir verður hún að bera hallann af sönnunarskorti um að það hafi falið í sér skyndilegan og utanaðkomandi atburð.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega X hjá V.

Reykjavík, 6. mars 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl. Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 22/2018
M og
vátryggingafélagið V v. sjúkdómatryggingar

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags vegna upplýsingaskyldu vátryggðs.

Gögn.

Málskot móttekið 16.1.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 21.
Bréf V dags. 8.2.2018 ásamt fylgiskjölum 1-3.
Athugasemd vegna málsskots frá lögmanni M dags. 13.2.2018.

Málsatvik.

M tók sjúkdómatryggingu hjá V á árinu 2014. Í apríl 2017 greindist hún með MS sjúkdóm og sótti um bætur úr sjúkdómatryggingunni með tjónstilkynningu dags. 11.8.2017. V viðurkennir bótaskyldu, en telur rétt að skerða bætur um fjórðung vegna rangrar upplýsingagjafar M við töku vátryggingarinnar.

M telur sig eiga rétt á fullum bótum og ekki séu forsendur til að skerða bætur á grundvelli 82.-83. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. M segist hafa gefið réttar upplýsingar til V við töku vátryggingarinnar. M segir að færsla í sjúkraskrá hennar að hún eigi við áfengisvanda að stríða eigi við unglingsár hennar þegar hún var 15-17 ára og þessi færsla í sjúkraskrá M sé rituð þegar hún var 19 ára, en M hafi tekið tryggginguna um fjórum árum síðar og þá og síðan hafi hún ekki átt í vandræðum með áfengi. M bendir á að hún hafi fyrst hakað við í umsókn um tryggginguna að hún ætti við áfengisvandamál að stríða, en breytt svari sínu eftir að hafa ráðfært sig við tryggingasölumann og breytingin sé sýnileg á umsóknareyðublaðinu. M heldur því fram að í öllu falli hafi vanræksla upplýsingaskyldu verið óveruleg hvað hana varðar. Þá segir M að tímabundin áfengisneysla hennar á unglingsárum hafi engin tengsl við það að hún hafi fengið MS sjúkdóm. Upplýsingaskortur sem V ber fyrir sig skipti því engu máli fyrir það að vátryggingaratburður varð.

V viðurkennir bótaskyldu en telur rétt að takmarka ábyrgð sína um 1/4, eins og áður sagði. V segir að M hafi svarað neitandi mikilvægum spurningum við töku tryggingarinnar um hvort áfengi og vímuefni hefðu verið vandamál hjá M og hvort hún hefði leitað til læknis og farið í meðferð vegna áfengis- eða vímuefnanotkunar. V segir að fram komi í sjúkraskrá að M hafi notað ólögleg vímuefni þegar hún var 15-17 ára gömul og átt við áfengisvanda að stríða á sama tíma. V segir að umsækjendum um tryggingar beri að gefa réttar og fullnægjandi upplýsingar um þau atriði sem um er spurt af hálfu félagsins og sem ljóst sé að hafi verulega þýðingu um mat félagsins á áhættu sbr. 1. mgr. 82. gr. laga um vátryggingasamninga. V segir að M hafi svarað neitandi spurningu um hvort hún hafi leitað læknis eða farið í meðferð vegna áfengis eða fíkniefnanotkunar og segir V að M hefði mátt vita að rétt svör við ofangreindum spurningum væru mikilvægar fyrir félagið vegna mats félagsins á áhættu. V segir að hefði ofangreindum spurningum verið svarað með réttum hætti þá hefði félagið lagt á 50% iðgjaldaauka.

Álit.

Ágreiningur í málinu varðar það hvort réttmætt sé að skerða bótagreiðslur úr sjúkdómatryggingu M hjá V vegna ætlaðrar rangrar upplýsingagjafar við töku vátryggingarinnar. Um er að ræða svör M við spurningum 10 og 11 á umsóknareyðublaði, þar sem spurt er um hvort notkun áfengis eða annarra vímuefna hafi verið vandamál hjá M og hvort hún hafi leitað til læknis vegna áfengis eða vímuefnanotkunar. Hakað er við já og nei varðandi spurningu 10, en jáið síðan yfirstrikað og gefur M þá skýringu að breytingin sé eftir að M hafði ráðfært sig við tryggingasölumann.

Í læknisfræðilegum gögnum kemur fram að M hafi gefið upp við meðgöngueftirlit að hún hafi átt í vandræðum með neyslu áfengis og annarra efna á unglingsárum eða nánar tiltekið þegar M var á aldursbilinu 15-17 ára. Jafnvel þó að M hafi hætt neyslu svo sem hún fullyrðir og ekki átt við áfengisvandamál að stríða nema á stuttu tímabili á unglingsárum þá er spurningu á umsóknareyðublaði engu að síður ekki svarað í samræmi við þær upplýsingar sem hún sjálf gaf upp nokkrum árum áður við fyrrnefnt eftirlit.

Það verður þó að líta til þess að hakað var bæði við já sem síðar var yfirstrikað og síðan við nei í spurningu nr. 10 um áfengis- og vímuefnavanda á umsóknareyðublaði. Verður að ætla að það hafi gefið V tilefni til að bregðast við og afla nánari upplýsinga við áhættumat sitt, ekki síður í ljósi þess að sölumaður vátryggingarinnar var ekki starfmaður félagsins heldur starfsmaður Allra ráðgjafar ehf. Ekki er að sjá að V hafi aflað nánari upplýsinga við áhættumat, þrátt fyrir þetta.

Við mat á því hvort um verulega eða óverulega vanrækslu hafi varið að ræða hjá M á upplýsingaskyldu sinni sbr. 1. mgr. 83. gr. laga um vátryggingarsamninga, verður það ekki metið M til annars en óverulegrar vanrækslu að hún skyldi svara spurningu um áfengis- og vímuefnaneyslu með þeim hætti sem hún gerði að virtum öllum gögnum málsins. Þá verður ekki séð að sjúkdómur sá sem hún greindist með og sækir um bætur úr sjúkdómatryggingunni vegna tengist með einum eða öðrum hætti áfengisneyslu M á unglingsárum. M á því rétt á óskertum bótum úr sjúkdómatryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.
M á rétt á óskertum bótum úr sjúkdómatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 6.3.2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl. Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 23/2018

M
og
vátryggingafélagið V v/ húseigandatryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu er gler í hurð fyrir sturtuklefa brotnaði.

Gögn.
Málskot, móttekið 17.1.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 2.2.2018, ásamt vátryggingarskilmálum.

Málsatvik.
Aðfaranótt 21. maí 2017 brotnaði gler í hurð fyrir sturtuklefa í húseign M. Við atvikið munu skemmdir hafa orðið á allmörgum flísum bæði að innanverðu í sturtuklefanum sem að utanverðu og á klósettkassa.

M hefur í gildi húseigandatryggingu hjá V og hefur krafist bóta fyrir það tjón sem varð við það að glerið brotnaði. V hefur hafnað bótaskyldu með vísan til gr. 2.6 í skilmálum vátryggingarinnar þar sem segir að vátryggingin bæti tjón á hinu vátryggða af völdum brots á venjulegu sléttu og glæru rúðugleri en eingöngu þegar það brotnar eftir að það er ísett, inngreypt eða því er á annan hátt endanlega fyrir komið á þeim stað sem því er ætlað að vera á og svo lengi sem það er á sama stað. Umrætt gler í sturtuhurðinni hafi verið hert gler, en ekki verið venjulegt slétt og glært rúðugler eins og kveðið er á um í skilmálunum. Vinnsla herts glers sé þess eðlis að það sé u.þ.b. fimm sinnum sterkara en venjulegt flotgler af sömu þykkt. Ef glerið brotnar, gerir meðhöndlunin það að verkum að það gerist með miklum krafti og brotni glerið mjög smátt samkvæmt því sem fram kemur á heimasíðu tiltekins glerframleiðanda

Álit.
Í skilmálum V er ekki skýrt hvað sé nákvæmlega átt við með venjulegu sléttu og glæru rúðugleri. Í Íslenskri orðabók er rúða sögð vera glerþynna í glugga; glerrúða, rúða í hurð. Af gögnum málsins þykir mega ráða að umrætt gler sem brotnaði hafi verið slétt og glært. Þótt um hert gler hafi verið að ræða hefur V ekki tekist að sýna fram á að ekki hafi verið um venjulegt gler að ræða sem af þeim sökum falli utan bótasviðs vátryggingarskilmálanna samkvæmt umræddu ákvæði. Verður að telja að bótakrafa M falli undir gildissvið gr. 2.6 í skilmálum vátryggingarinnar og M eigi því rétt til bóta úr húseigandatryggingunni hjá V.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr húseigandatryggingu hjá V.

Reykjavík, 6. mars 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl. Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 25/2018

M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X.

Líkamstjón á veitingastað 8.12.2016.

Gögn.
Málskot málskotsaðila, móttekið 19.1.2018, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 31.1.2018.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M hafi verið stödd á veitingahúsi X í flugstöð á Keflavíkurflugvelli þar sem hún hafa orðið fyrir líkamstjóni. Í tjónstilkynningu dags. 15.12.2016 segir M sjálf m.a.: „...settist þar á stól sem var eitthvað gallaður stóllinn gaf sig og ég datt aftur fyrir mig...“

M telur að aðstæður hafi verið óforsvaranlegar á veitingastað X og orsök slyss M hafi verið sú að að stóll hafi verið ónýtur eða gallaður og að starfsmenn X hafi átt að fylgjast betur með þeim búnaði sem hafi verið á veitingastaðnum. M bendir einnig á að X reki veitingastað við aðstæður þar sem gríðarlegur fjöldi fólks eigi leið um, af öllum stærðum og líkamsgerðum, og verði því að viðhafa virkt eftirlit með þeim búnaði sem viðskiptavinum stendur til boða. Það hafi ekki verið gert því ef svo væri hefði galli uppgötvast.

V telur ósannað að stóll á veitingahúsi X hafi verið gallaður og vísar til þess að veitingahús X hafi verið opnuð í flugstöðinni á tímabilinu mars-júní 2015 og þá hafi verið keypt inn ný húsgögn. Forsvarsmenn X eða aðrir starfsmenn hafi ekki vitað til þess að galli væri í nokkrum stólum og ekki gildi hlutlæg ábyrgð um atvik sem verði á veitingastað X.

Álit.
Í málinu er ágreiningur um skaðabótaábyrgð fyrirtækisins X, sem rekur veitingastaði í flugstöð á Keflavíkurflugvelli. M heldur því fram að stóll sem hún hafi sest á hafi verið gallaður og það leitt til líkamstjóns hennar. Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu uppfyllt. Í málinu liggur einungis fyrir frásögn M af því að stóll sem hún settist á hafi verið gallaður. Engar aðrar upplýsingar styðja þá frásögn M. Sönnunarskortur er því um að atvik og aðstæður hafi verið með þeim hætti að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M og hallann af slíkum sönnunarskorti ber M. Ekki verður því unnt að fallast á bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 27. febrúar 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl. Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 26/2018

M
og
V vegna sjúkra- og slysatryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu. Slysatrygging ökumanns.

Gögn.
Málskot, dags. 22.01.2018 ásamt fylgigögnum.
Bréf V, vátryggingafélags, dags. 13.02.2018 ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Lögreglumaðurinn M fór á lögreglubifreið í lögregluútkall 27. október 2014. Á leiðinni var annarri bifreið ekið í veg fyrir lögreglubifreiðina með þeim afleiðingum að hún varð óökufær. Samkvæmt lögregluskýrslu kenndi M sér ekki meins við áreksturinn en þremur dögum síðar fór hann til heimilislæknis þar sem hann fór að finna fyrir einkennum í baki og öxl og fékk þá verkjalyf. Hann fór aftur til heimilislæknis 12. janúar 2015 og fékk meiri verkjalyf og aftur 3. febrúar 2014. Í vottorði heimilislæknis 30. október 2014 kemur fram að sennilegt sé að einkenni M muni ganga til baka en tíminn muni leiða það í ljós. Í gögnum málsins kemur einnig fram að M hafi fengið verkjalyf af og til árið 2016 og hafi fengið tilvísanir í sjúkraþjálfun, síðast 10. mars 2017.
V fékk lögregluskýrslu um áreksturinn 25. nóvember 2014. V hafnar bótaskyldu á þeim grundvelli að tilkynningarfrestur sé útrunnin þar sem tilkynning M um tjónið hafi fyrst borist í febrúar 2017. Ekki hafi skipt máli þótt félagið hafi fengið lögregluskýrsluna í nóvember 2014 þar sem ekki hafi komið þar fram að M hafi orðið fyrir líkamstjóni. V samþykkti að taka þátt í mati á varanlegum afleiðinum slyssins. V telur að hugtakið vátryggingaratburður skv. 124. gr. laga nr. 30/2004, um vátryggingarsamninga, verði ekki skilgreint svo þröngt að eingöngu sé átt við orsök eða grunnatvik sem leiði til tjóns. Í framkvæmd hafi túlkun 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 byggt á því að vegna slysa byrji fresturinn að líða þegar vátryggðum verði ljóst að hann búi við tímabundnar eða varanlegar líkamlegar afleiðingar sem geti orðið grundvöllur kröfu skv. vátryggingarsamningi. Atvik sem ekki valdi líkamlegum áverkum sé þannig ekki vátryggingaratburður í slysatryggingum enda hafi þá ekkert slys orðið. Í tilkynningu til vátryggingafélags verði að koma fram hver vátryggingartaki sé, hvers konar vátryggingu um ræðir og hver vátryggingaratburðurinn er þannig að félagið geti áttað sig hvaða hagsmunir séu í húfi. Komi ekki fram nægar upplýsingar í tilkynningu geti tilkynningin ekki talist fullnægjandi þótt atvikið hafi verið tilkynnt sem slíkt.
Matsgerð um varanleg einkenni M af völdum árekstursins var skilað 20. desember 2012. Niðurstaða matsgerðarinnar var að tímabundið atvinnutjón M væri ekkert né tímabil þjáningarbóta. Varanlegur miski var metin 5 stig og varanleg örorka 5%. Í skýrslunni kemur einnig fram að heilsufar M hafi verið stöðugt að liðnum þremur mánuðum frá slysinu og að M hafi átt að gera sér grein fyrir að hann væri með varanleg einkenni að liðnu ári frá slysinu.
M telur að þar sem V hafi fengið lögregluskýrslu um áreksturinn í nóvember 2014 séu ekki forsendur til að hafna bótaskyldu á grundvelli 124. gr. laga nr. 30/2004. M telur að tilkynning til V sem berst með öðrum hætti en tilkynningu tjónþola sjálfs rjúfi þann tilkynningarfrest sem ákvæðið mælir fyrir um. Algengt sé að líkamstjón tjónþola komi ekki strax í ljós og í 2. gr. skilmála félagsins komi fram að vátryggingunni sé ætla að bæta tjón vegna umferðarslyss sem ökumaður verður fyrir við stjórn ökutækisins. Það sé því umferðarslysið sjálft sem valdi því að til greiðslu bóta geti komið. Vátryggingaatburð skv. 124. gr. laga nr. 30/2004 eigi því að túlka með þeim hætti að þar sé átt við slysaatvikið sjálft og þ.a.l. sé nægjanlegt skv. ákvæðinu að félaginu hafi borist tilkynning um að umferðarslysið hafi orðið.
M telur að niðurstaða matsmanna um að hann hafi átt að gera sér grein fyrir því ári eftir slys að hann væri með varanleg einkenni sé ekki í samræmi við þau gögn sem liggja fyrir og í raun algjörlega órökstudd. Taka verði mið af raunverulegri vitneskju tjónþola sjálfs um ástandið, þ.e. að líkamstjónið hafi haft varanlegar afleiðingar fyrir hann, en ekki sé nægilegt að hann hafi mátt vita um það. M telur að hann hafi raunverulega ekki haft vitneskju um varanlegar afleiðingar slyssins fyrr en í fyrsta lagi

þegar hann fór til læknis 26. október 2016 eða við það tímamark sem einkenni hans eru staðfest með heimsókn til læknis 10. febrúar 2017. Því hafi tilkynningarfrestur ekki verið liðinn þegar tilkynning barst félaginu í febrúar 2017.

Álit.

Í 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004, um vátryggingasamninga kemur fram að sá sem eigi rétt til bóta samkvæmt slysatryggingu glati þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til félags innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á eða því hefur ekki borist tilkynning um vátryggingaratburð með öðrum hætti. Óumdeilt er að V fékk lögregluskýrslu um áreksturinn 25. nóvember 2014 en þar kom fram að M hafi ekki kennt sér meins við áreksturinn. V hafði því ekki upplýsingar um að M hafi orðið fyrir tjóni. Framkvæmdin hefur verið sú að tilkynning til vátryggingafélags skv. 124. gr. laga nr. 30/2004 þurfi að feli í sér að félag fái vitneskju um líkamstjón til að unnt sé að líta svo á að það hafi tilkynningu um tjónið. Tilkynning um áreksturinn sem slíkan kemur því ekki í veg fyrir tilkynningarfrest skv. ákvæðinu.

Aðilar málsins voru sammála um að standa að matsgerð um afleiðingar árekstursins og hefur niðurstöðu matsins ekki verið hnekkt. Matsskýrslan er því lögð til grundvallar í málinu enda samþykkt gagn af hálfu beggja aðila. Samkvæmt matsskýrslunni átti M að gera sér grein fyrir að hann hefði varanleg einkenni af völdum slyssins að ári liðnu frá slysinu, þ.e. 27. október 2015. Hann hafði þá ársfrest til að tilkynna um tjónið, þ.e. til 27. október 2016. Þar sem M tilkynnti tjónið 6. febrúar 2017 til V var tilkynningarfrestur skv. 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 liðinn. Af þeim sökum á M ekki rétt á bótum.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns hjá V.

Reykjavík, 13. mars 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl. Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 27/2018

M
og
V vegna sjúkra- og slysatryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu. Handalögmál.

Gögn.
Málskot, dags. 18.01.2018 ásamt fylgigögnum.
Bréf V, vátryggingafélags, dags. 08.02.2018.

Málsatvik.
Málsatvik voru þau að M hafði skoðað bifreið á verkstæði þar sem hann starfar og D, eigandi bifreiðarinnar, neitaði að greiða fyrir skoðunina. Kom til orðaskiptinga milli þeirra sem endaði með að D tók síma M. M reyndi að ná símanum til baka með þeim afleiðingum að hann fékk olnbogaskot í vinstri síðuna frá D sem olli rifbeinsbroti. M krefst bóta frá V.
V neitar bótaskyldu á þeim grundvelli að um handalögmál hafi verið að ræða í skilningi greinar 3.1. í 3. kafla skilmála vátryggingarinnar.
M segist ekki hafa verið í handalögmálum heldur hafi hann verið að reyna að ná í síma sinn sem D hafi tekið ófrjálsri hendi. M bendir á dóm Hæstaréttar nr. 529/2011 til stuðnings máli sínu.

Álit.
Í lögregluskýrslu sem tekin var vegna málsins segir M að hann hafi reynt að ná símanum af D en það hafi ekki gengið. Í þeim ryskingum hafi hann fengið olnbogaskot frá D sem hafi leitt til rifbeinsbrots. Í lögregluskýrslu kemur einnig fram að jakki D hafi rifnað í ryskingunum.
Í skilmálum vátryggingarinnar kemur fram í grein 3.1. í 3. kafla að slys eða sjúkdómar sem vátryggður verður fyrir í handalögmáli eða við þátttöku í refsiverðum verknaði séu undanþegnir bótaskyldu. Í máli þessu liggur fyrir að til ryskinga kom og þar sem skilmálar eru skýrir um að handalögmál útiloki bótaskyldu á M ekki rétt á bótum úr sjúkra- og slysatryggingu hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr sjúkra- og slysatryggingu hjá V.

Reykjavík, 6. mars 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson hrl. Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 28/2018
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar G.

Slys í veitingasal G 5.5.2017.

Gögn.

Málskot móttekið 11.12.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-16.
Bréf V dags. 5.2.2018.

Málsatvik.

M segir málsatvik vera þau að hún hafi hallað sér við borð í veitingasal G þannig að læri hennar nam við borðbrúnina, en þá hafi borðplatan losnað af borðfætinum og M misst jafnvægið og reyndi þá að styðja sig við annað borð en þá hafi borðplatan á því borði einnig losnað af borðfætinum og M fallið í gólfið og slasast. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu G hjá V og segir að borðplötur hafi ekki verið tryggilega festar við fót borðanna. M segir alrangt að hún hafi sest á samskeyti tveggja borða. Þá hafnar M því að G hafi verið lokað í umrætt sinn. M segir að líta verði til þess að G reki veitingastað í almenningssafni og hafi ríkar skyldur við viðskiptavini um að öryggi og borð og stólar séu ekki vanbúin svo sem raun var með borðin. Í læknisvottorði dags. 24.5.2017 er haft eftir M að hún hafi hallað sér með höndina á annan enda borðplötu sem hafi oltið og M fengið hinn endann beint í gagnaugað og það slegið M niður í gólfið.

V hafnar bótaskyldu og segir að ágreiningur sé um málsatvik. V telur að borðið hafi gefið undan og borðplatan hafi losnað við að falla í gólfið. V segir að búið hafi verið að loka G þegar atvikið gerðist og borðin hafi verið færð í enda safnsins hlið við hlið og hafi M ætlað að setjast upp á borðin en lent á samskeytum tveggja borða sem lágu saman og hafi borðin fallið í gólfið og M sömuleiðis. Borðin hafi verið lítil og á einum fæti og með engu móti hafi verið ætlast til þess að fólk settist upp á þau. V telur að M hafi ekki sýnt fram á saknæma háttsemi G og því sé ekki um bótaskyldu að ræða.

Álit.

Málavaxtalýsing M í málskoti og hjá lækni 24.5.2017 er ekki nákvæmlega sú sama. Þá telur G að málavextir hafi verið aðrir en M lýsir í málskoti eins og rakið er hér að framan. Ágreiningur er því með aðilum um málsatvik. M byggir á því að borð sem voru til staðar í veitingasal G hafi verið vanbúin og borðplötur lausar. Ekki hefur verið sýnt fram á það af M að svo hafi verið eða búnaður í veitingasal G hafi verið vanbúinn eða honum ábótavant. Þá er ekki sýnt fram á að tjón M verði rakið til sakar starfsfólks G eða annarra sem G gæti borið ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu G hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu G hjá V.

Reykjavík 6.3.2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl. Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 29/2018
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar ökutækisins A.

Krafa farþega í bifreið um bætur skv. a.liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 vegna áreksturs 23.2.2017.

Gögn.

Málskot móttekið 22.1.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-8.
Bréf V dags. 31.1.2018 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Árekstur varð á gatnamótum Lyngás og Hafnarfjarðarvegar. Bifreiðinni A sem ekið var í suðurátt eftir Hafnarfjarðarvegi var ekið inn á gatnamótin gegnt rauðu ljósi og á bifreið sem M var farþegi í og var að koma frá Lyngási. M varð fyrir líkamstjóni við áreksturinn. Ökumaður A segist hafa verið að aka Hafnarfjarðarveg til suðurs á um 60 km hraða sem er hámarkshraði á akbraut, þegar hún hafi blindast af sól, sem var mjög lágt á lofti og ekki séð rautt umferðarljós sem logaði fyrir akstursstefnu hennar. Ökumaður A segist hafa séð bifreiðina sem M var farþegi í á gatnamótunum og reynt að hemla en tókst ekki að koma í veg fyrir árekstur. Á vettvangi sagðist M vera aum í hné og var ráðlagt að fara á slysadeild. Í vottorði slysadeildar segir að M sé m.a. trúlega með væga tognun í hálshrygg og lendarhrygg.

M krefst í máli þessu bóta skv. a.lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og byggir á því að líkamstjóni hennar hafi verið valdið með stórfelldu gáleysi ökumanns A sem hafi ekið óhikað inn á gatnamót gegnt rauðu ljósi á allt of miklum hraða miðað við aðstæður. V hafnar bótaskyldu og telur að ökumaður A hafi ekki valdið slysinu af stórfelldu gáleysi. V bendir á að ökumaður A hafi blindast af sól og ekki sé vikið að því í lögregluskýrslu að A hafi verið ekið of hratt miðað við aðstæður. V segir að það eitt að aka yfir gatnamót á rauðu ljósi teljist ekki stórkostlegt gáleysi ef ekkert annað kemur til, svo sem í dæmaskyni hraðakstur eða ölvunarakstur.

Álit.

Ökumaður A ók bifreiðinni inn á gatnamót gegnt rauðu ljósi blinduð af sól. Ökumaður A sagðist á vettvangi hafa ekið á hámarkshraða á akbrautinni eða 60 km. hraða inn á gatnamótin. Vitni bera um að bifreiðinni hafi verið ekið hratt. Þegar það er virt að ökumaður ekur blinduð af sól gegn rauðu ljósi á hámarkshraða inn á gatnamót telst ökumaðurinn hafa sýnt af sér stórfellt gáleysi við aksturinn. M á því rétt á bótum skv. a.lið 1.mgr. 26.gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum skv. a.lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 úr ábyrgðatryggingu ökutækisins A hjá V.

Reykjavík, 13.3.2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl. Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 30/2018

M
og
vátryggingafélagið V v/ innbúskaskótryggingar fjölskyldutryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna hvarfs á demanti úr hring.

Gögn.
Málskot, móttekið 23.1.2018, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Bréf V, dags. 30.1.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Samkvæmt tjónstilkynningu M til V mun M síðdegis 21. janúar 2018, er hún var að þrífa heima hjá sér, hafa tekið eftir því að demantur hafi verið horfinn úr hring sem hún hafi borið í 20 ár. Kveður hún gullsmið, sem ætli að taka að sér að laga hringinn, telja að kórónan, sem haldi demantinum, hafi skemmst.

M hefur krafist bóta úr svonefndri innbúskaskótryggingu sem er einn þáttur fjölskyldutryggingar sem M hefur í gildi hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.
Samkvæmt skilmálum innbúskaskótryggingarinnar tekur vátryggingin til tjóns á vátryggðum lausafjármunum og skal tjónið eiga rætur að rekja til skyndilegs og ófyrirsjáanlegs utanaðkomandi atviks á vátryggingartímabilinu. Af gögnum málsins verður ekki ráðið með neinni vissu hvernig það atvikaðist að fyrrgreind kóróna, sem átti að halda demantinum í hringnum, skemmdist með þeim afleiðingum að demanturinn glataðist. Verður því ekki fullyrt að það hafi gerst af völdum skyndilegs og ófyrirsjáanlegs utanaðkomandi atviks eins og áskilið er svo bótaskylda stofnist úr vátryggingunni. Með því að skilyrðum bótaskyldu er ekki fullnægt að þessu leyti á M ekki rétt á bótum úr vátryggingunni.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr innbúskaskótryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 13. mars 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl. Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 33/2018
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar R.

Maður féll af palli rafmagnsbíls og slasaðist 6.8.2013.

Gögn.

Málskot móttekið 30.11.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-34
Bréf V dags. 31.1.2018 ásamt fylgiskjölum 1-3.

Málsatvik.

M var að flytja plöntur og ýmislegt annað á milli staða og var notaður rafmagnsbíll til verksins. M segir að bíllinn hafi stoppað og hann sest á pall bifreiðarinnar, en þegar bílnum var ekið af stað féll M aftur fyrir sig og niður af pallinum og slasaðist. M segist hafa verið að fylgja fyrirmælum samstarfsfélaga sinna þegar hann settist á pallinn og segir að slysið megi rekja til óviðunandi vinnuaðstæðna. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu R hjá V og telur að slysið verði rakið til ekki hafi verið gætt að tryggja fyllsta öryggi og góðan aðbúnað á vinnustað. M segir að R hefði átt að tryggja að bifreið sem notuð var til að flytja fólk uppfyllti öryggiskröfur, en það hafi rafmagnsbifreiðin sem M datt af ekki gert. Af hálfu M er haldið fram, að hann hafi ekki sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í umrætt sinn og taka verði tillit til stöðu hans, þekkingar og málakunnáttu í því sambandi. V segir að M hafi ekki verið beðinn um að setjast á pall rafmagnsbílsins í umrætt sinn þvert á móti sé það bannað og merki um það á bílnum sjálfum. V segir að í umrætt sinn hafi yfirverkstjóri og bílstjóri komið að M og beðið hann að setja verkfæri á pallinn og síðan hafi bílnum verið ekið af stað og þá hefði heyrst hróp í M sem hefði þá dottið af pallinum, en M hefði ekki verið beðinn um að sitja á pallinum.

Álit.

Af hálfu R var ekki hlutast til um að tilkynna slysið eða rannsaka atvik sem leiddu til tjóns M, eftir að það átti sér stað m.a. þess vegna liggur ekki ljóst fyrir hvernig pallurinn aftan í rafmagnsbifreiðinni sem hér ræðir um virkar og hvað raunverulega gerðist. Í umrætt sinn þá koma verkstjóri og ökumaður að M og segja honum að setja verkfæri á pallinn að þeirra sögn og gæta síðan ekki að einu eða neinu að því er best verður séð. Ökumaður bifreiðarinnar ók af stað eftir samskipti við M án þess að gæta að aðstæðum og sýndi með því gáleysi sem leiddi til tjóns M. Af öllu þessu virtu þykir M eiga rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu R hjá V. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að M sjálfur hafi sýnt stórkostlegt gáleysi í skilningi 23.gr.a skaðabótalaga nr. 50/1993.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu R hjá V.

Reykjavík 27.2.2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl. Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 34/2018

M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X.

Skaðabótaábyrgð vegna vinnuslysa 15. ágúst og 15. nóvember 2015.

Gögn.

Málskot málskotsaðila, móttekið 30.1.2018, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 21.2.2018, ásamt tölvupósti X dags. 19.9.2017 ásamt gögnum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi slasast tvisvar við vinnu sína hjá X, annars vegar hafi hún hrasað í veitingasal hinn 15. ágúst 2015 og hins vegar í eldhúsi 15. nóvember 2015. Í báðum tilvikum lýsir M aðstæðum þannig að skúringar hafi verið í gangi og hún hafi runnið í bleytu vegna þeirra.

M telur að leggja eigi hennar til grundvallar hennar lýsingu á málsatvikum og að slys hennar megi rekja til þess að aðstæður á vinnustaðnum hafi ekki verið í samræmi við fyrirmæli laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Sérstaklega er vísað til skyldna vinnuveitanda um að tryggja öryggi á vinnustöðum og gera áhættumat og að verklag við þrif hafi ekki verið í samræmi við það.

V vísar til þess að frásögn M fái ekki stoð í frásögnum samstarfsmanna hennar á vinnustaðnum um að hún hafi runnið í bleytu. V telur einnig að þó svo hafi verið beri M sönnunarbyrði um að aðstæður hafi verið óforsvaranlegar á vinnustaðnum eða að gáleysi samstarfsmanna hafi leitt til tjóns hennar. V telur að slík sönnun hafi ekki tekist þar sem aðstæður á vinnustað hafi verið í samræmi við öryggisfyrirmæli, ekki sé sýnt fram á að sérstakar merkingar hafi verið nauðsynlegar eða að gáleysi starfsmanna hafi leitt til slysa M.

Álit.

Ágreiningur málsins lýtur að því hvort aðstæður á vinnustað M hafi verið með þeim hætti að þær hafi farið í bága við fyrirmæli laga og reglna um öryggi á vinnustöðum eða að verklag við þrif hafi verið þannig að meta verði samstarfsmönnum M eða yfirmönnum til gáleysis að hafa látið það viðgangast á vinnustaðnum og það hafi leitt til líkamstjóns M í tvígang. Sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni hans ber sönnunarbyrði um að skilyrði bótaábyrgðar séu uppfyllt. Þegar litið er til gagna málsins verður ekki séð að vinnulag eða aðstæður hafi verið með þeim hætti á vinnustað M að hægt sé að meta nokkrum til sakar. Verður því ekki fallist á að sannað sé að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M, hvorki við fall hennar 15. ágúst 2015, né 15. nóvember 2015.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 13. mars 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl. Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 35/2018

M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X.

Ágreiningur um bótaskyldu úr frjálsri ábyrgðartryggingu vegna tjóns á bifreiðunum A og B.

Gögn.
Málskot málskotsaðila, móttekið 30.1.2018, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 15.2.2018.

Málsatvik.
Þann 5.11.2017 varð tjón á bifreiðunum A og B, sem lagt var við skrifstofuhúsnæði M. Af gögnum málsins má sjá að PVC rör og annað lauslegt virðist hafa fokið á bifreiðarnar með fyrrgreindum afleiðingum. Atvikið var tilkynnt til V þann 8.11.2017 og hafnaði V bótaskyldu með bréfi dags. 14.12.2017.

M heldur því fram að fyrrgreint lausafé hafi fokið frá byggingarsvæði X sem er í næsta nágrenni. Vísar M m.a. til þess að rör sem hafði fokið í gegn um hliðarrúðu annarrar bifreiðarinnar sé sömu gerðar og rör sem eru á vinnusvæði X. Virðist M byggja á því að X beri ábyrgð á tjóninu á þeim grundvelli að frágangur á vinnusvæðinu hafi verið óforsvaranlegur og að þar hafi ekki verið gengið tryggilega frá lausamunum á svæðinu.

Höfnun V byggði á því að ósannað verði að teljast að umræddir munir hafi fokið frá vinnusvæði X og bendir á að mögulegt sé að umræddir munir hafi fokið frá öðrum vinnusvæðum í nágrenninu. Þá vísar V til þess að jafnvel þó sannað væri að umræddir PVC rör væru í eigu X sé ósannað að frágangur þeirra hafi verið óforsvaranlegur á nokkurn hátt enda hafi verið gengið frá þeim með hefðbundnum hætti, þ.e. niðurfallsrörum af þaki hafi verið stungið upp á niðurföll sem komu út úr vegg, rörum beint út fyrir vinnupalla og þau bundin við pallana.

Álit.
Ekki liggja fyrir gögn sem sýna fram á að frágangur á vinnusvæði X hafi verið óforsvaranlegur eða að öðru leyti með þeim hætti að það verði virt X til sakar. Þá hefur ekki verið sýnt fram á það með fullnægjandi hætti að umrædd PVC rör eða aðrir þeir lausamunir sem fuku á bifreiðar M hafi verið í eigu X. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 6. mars 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 36/2018

M og
vátryggingafélagið V vegna málkostnaðartryggingar fasteignatryggingar.

Tilkynningarfrestur 1. mgr. 51. gr. laga um vátryggingarsamninga vegna dómsmáls.

Gögn.
Málskot málskotsaðila, móttekið 1.2.2018, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 15.2.2018.

Málsatvik.
Í gögnum málsins kemur fram að eigendur fasteigna að [...] höfðuðu mál gegn sveitarfélaginu X hinn 21. ágúst 2015 til ógildingar á ákvörðun sem tekin var á fundi [...] fyrr það ár um breytingu á nýtingu húsnæðis við [...]. Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. [...] var kveðinn upp hinn [...] þar sem fallist var á kröfur stefnanda að mestu leyti. Með tjónstilkynningu dags. 20. september 2017 var V tilkynnt um tjón í málskostnaðartryggingu fasteignatryggingar húsfélagsins. Þar kemur fram að ágreiningur hafi fyrst komið upp í kjölfar ákvörðunar [...] sveitarfélagsins X 16. október 2014 og M hafi leitað til lögmanns í nóvember 2014 vegna málsins.

M telur að krafa um bætur í málskostnaðartryggingu hafi ekki verið ljós fyrr en 16. desember 2016 þegar gert var samkomulag við sveitarfélagsins X um greiðslur eftir dóm héraðsdóms. Ársfrestur hafi því ekki verið liðinn 20. september 2017, sbr. gr. 6.3 í vátryggingarskilmálum gerir ráð fyrir og tjón tilkynnt innan fyrningarfrests í skilningi 15. gr. sömu skilmála. M vísar einnig til þess að vátrygging hafi verið í gildi hjá V um árabil.

V telur að M hafi mátt atvik, sem krafa um bætur í málskostnaðartryggingu er reist á, vera ljós þegar ákvörðun sveitarfélagsins X lá fyrir 15. júní 2015, auk þess sem málshöfðun hefði átt sér stað í ágúst sama ár. Þannig hafi ársfrestur vátryggingarskilmála verið liðinn þegar tilkynnt var um tjónið í september 2017.

Álit.
Ágreiningur málsins er bundinn við hvort tilkynningarfrestur hafi verið virtur í skilningi gr. 6.3 í vátryggingarskilmálum V, en það ákvæði sem vísað er til á skýra stoð í 1. mgr. 51. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Tímamark sem atvik þau sem krafa vátryggðs er reist á geta, eðli málsins samkvæmt, verið mismunandi eftir málum. Í þessu máli verður að líta til þess að í tjónstilkynningu vátryggðs kemur fram að ágreiningur hefur verið milli M og sveitarfélagsins X alveg frá árinu 2014 og dómur vegna þess ágreinings var kveðinn upp í júní 2016. Málshöfðun fylgir alltaf sú áhætta að málsaðili þurfi að greiða málskostnað. Verður því ekki hægt að líta öðruvísi á en að M hafi vitað um atvik sem krafa hans um greiðslu bóta í málskostnaðartryggingu er reist á, í síðasta lagi við málshöfðun í ágúst 2015 þótt endanlegt uppgjör málskostnaðar hafi ekki átt sér stað fyrr en í desember 2016. Þannig var ársfrestur, sá sem tilgreindur er í vátryggingarskilmálum og fær stoð í lögum, liðinn þegar M tilkynnti um tjón til V hinn 20. september 2017.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu fasteignatryggingar hjá V.

Reykjavík, 6. mars 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl. Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 37/2018

M og
vátryggingafélagið V-1 v. starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra A og
vátryggingafélagið V-2 v vegna starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra A.

Skaðabótaábyrgð byggingarstjóra vegna húsbyggingar.

Gögn.

Málskot móttekið þ. 31.1.2018 ásamt fylgiskjölum nr.
Bréf V-1 dags. 16.2.2018 ásamt fylgiskjölum 1-2
Bréf V-2 dags. 20.2.2018 ásamt fylgiskjölum 1-4
Athugasemdir lögmanns M dags. 6.3.2018.

Málsatvik.

M töldu hús sitt vera haldið ýmsum göllum og fengu dómkvaddan matsmann til að skoða og meta meinta galla. Dómkvaddur matsmaður skilaði mati sínu í ágúst 2017 og skv. matsgerðinni var bygging hússins áfátt í ýmsum atriðum og ekki í samræmi við kröfur laga eða í samræmi við teikningar að sögn M. Byggingarstjóri hússins var upphaflega með tryggingu hjá V-2 en síðar hjá V-1. V-1 viðurkennir bótaskyldu vegna nokkurra matsliða en hafnar bótaskyldu varðandi aðra matsliði og er ágreiningur í máli þessu um það hvort V-1 beri að bæta þau atriði, sem V-1 hefur hafnað bótaskyldu á. Þeir liðir sem hafnað er að greiða bætur fyrir eru merktir í matsgerð nr. 3.1., 3.3, varðandi kostnaðarlið 3.3.4., 3.4., og 3.5. Þá er krafist bóta frá V-1 og V-2 vegna matsliðar nr. 3.6. Af hálfu M eru kröfur varðandi ofangreinda liði ítarlega rökstuddir og einnig kemur fram rökstuðningur í andmælum lögmanns M sbr. bréf dags. 6.3.2018. Þar koma m.a. fram frekari sjónarmið og tilvísanir í matsgerð og afstaða til þeirra einstöku matsliða sem ágreiningur er um.

Í matsgerð dómkvadds matsmanns varðandi lið 3.1. segir í niðurstöðu matsmanns um þann lið. „Frágangur frá þaki er í samræmi við aðalteikningar en ekki deiliteikningar. Líkur eru til að ekki hefði lekið eins víða frá þaki þó þakniðurfall hefði bilað ef frágangur hefði verið í samræmi við deiliteikningar. Þannig má segja að lekar stafi að hluta af því að ekki er farið eftir deiliteikningum." Síðar segir „Frágangur þakniðurfalla og þaks er í samræmi við það sem algengt er og faglegt og fullnægjandi þykir."

Í matsgerð dómkvadds matsmanns varðandi lið 3.3 segir að skemmdir séu á húsinu eftir leka sbr. matsliði 3.1. og 3.2. ágreiningur aðila er vegna metins kostnaðar við hreinsun útfellingar á ljósum í herbergi á efri hæð, 3.3.4., sem eru afleiðingar leka frá þaki sbr. umfjöllun um matslið 3.1. Ekki er sérstaklega vikið að þessu atriði umfram almenna umfjöllun í matsgerð.

Varðandi matslið 3.4. segir í niðurstöðu matsmanns, að frágangur glersteinsglugga sé eins og algengt hefur verið að gera og líkur séu á að glersteinn brotni vegna hitahreyfinga á steinsteypu og glersteinum

Varðandi matslið 3.5. segir í niðurstöðu matsmanns, að frágangur og gerð handriða á svölum og við tröppur úti og inni séu í samræmi við teikningar

Varðandi lið 3.6. er fjallað um stálsúlu sem brotnaði og um það segir matsmaður í niðurstöðu sinni, að stálsúlur séu ekki eins og fram komi á teikningum og ekki hafi verið soðnir teinar á endaplötur og endaplötur séu stærri en fyrirskrifað sé. Súlur séu festar með múrboltum sem séu of nálægt steypubrún, þá segir að ryðvörn á stálsúlum sé ekki í samræmi við teikningar.

V-1 hefur viðurkennt bótaskyldu nema hvað varðar þá liði sem gerð er grein fyrir hér að ofan og segir um matslið 3.1. að miðað við niðurstöðu matsmanns verði að telja ljóst að þak hússins sé hvorki háð galla í skilningi laga né sé sannað að vatnslekinn stafi af ófullnægjandi framkvæmd eða öðrum orsökum sem byggingarstjóri beri ábyrgð á. Varðandi lið 3.3.4. segir V-1 að

óumdeilanlega séu skemmdir þær sem þar er fjallað um vegna óbótaskylds þakleka. Varðandi matslið 3.4. vísar V-1 til þess að byggingarstjóri beri ekki ábyrgð á efnisvali einstakra iðnmeistara og vísar V-1 til 7. mgr. 29. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 í því sambandi, þar sem segir að byggingarstjóri beri ekki ábyrgð á faglegri framkvæmd verkþátta á ábyrgð einstakra iðnmeistara eða hönnuða né því að iðnmeistarar og aðrir sem að verkinu koma uppfylli skyldur sínar samkvæmt verk- eða kaupsamningi. Varðandi matslið 3.5. vísar V-1 til niðurstöðu matsmanns um að frágangur handriða á svölum og við tröppur utan og innandyra sé í samræmi við teikningar auk þess segir V-1 að hluta sé um að ræða ólokna verkþætti. Varðandi matslið 3.6. segir V-1 að óumdeilt sé að um galla sé að ræða sem séu á ábyrgð byggingarstjóra hins vegar telur V-1 að samkvæmt byggingarsögu hússins hafi farið fram úttekt á járnbindingu í þakplötu 16.10.2012 og verði að teljast líklegt að ísetningar stálsúla hafi verið lokið þegar vátrygging byggingarstjórans A tók gildi hvað V-1 varðar en trygging ábyrgðartryggingar A hjá V-1 tók gildi 29.10.2012

Krafa á hendur V-2 varðar eingöngu matslið 3.6 og segir V-2 að samkvæmt verkstöðulýsingu dagsettri 26.10.2012 hafi vinnu við uppsteypu burðarvirkis verið lokið, en V-2 segir að stálsúlur séu settar í síðar. Þá vísar V-2 til þess að byggingarstjórinn A segist ekki vita hvort að umræddur verkþáttur hafi verið unninn fyrir eða eftir að skipti hans á tryggingarfélagi. Þá vísar V-2 til þess að engin gögn hafi verið lögð fram sem sýni fram á að þessi verkþáttur hafi verið framkvæmdur fyrir það tímamark sem byggingarstjóri skipti um tryggingarfélag.

Álit.

Ágreiningur í máli þessu varðar bótaskyldu byggingarmeistara vegna galla sem komið hafa fram á húsi M. Eins og að framan greinir þá hefur V-1 viðurkennt bótaskyldu á ákveðnum matsliðum en hafnað öðrum og snýst ágreiningur í máli þessu um þá liði þar sem V-1 hafnar bótaskyldu og og einn lið sem snýr að báðum vátryggingafélögunum V-1 og V-2. Verður fjallað um hvern matslið fyrir sig sem ágreiningur snýst um.

Varðandi matslið 3.1. þá kemst matsmaður að þeirri niðurstöðu að frágangur frá þaki sé í samræmi við aðalteikningar en ekki deiliteikningar. Síðar segir matsmaður að frágangur þakniðurfalla og þaks sé í samræmi við það sem algengt er og faglegt og fullnægjandi þykir. Í niðurstöðu matsmanns kemur líka fram sú skoðun að líklega hefði ekki lekið eins víða hefði frágangur þaks verið í samræmi við deiliteikningar en ekki aðalteikningar. Hvað varðar þennan matslið liggur fyrir að niðurstaða matsmanns er sú að frágangur frá þaki sé í samræmi við aðalteikningar og frágangur niðurfalla og þaks í samræmi við það sem algengt er og faglega þykir fullnægjandi. Þar sem það er niðurstaða dómkvadds matsmanns, að farið hafi verið eftir aðalteikningum og frágangur sé í samræmi við það sem algengt er og fullnægjandi þyki, þá er ekki sýnt fram á að bótaskylda úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjórans A hafi stofnast. M á því ekki rétt á bótum skv. þessum lið.

Þá verður fallist á það með V-1 hvað varðar lið nr. 3.3.4 að skemmdir sem þar er fjallað um verði raktar til óbótaskylds þakleka og því ekki sýnt fram á hvað þennan lið varðar að bótaskylda úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjórans A hafi stofnast hvað þennan lið varðar.

Hvað varðar matslið 3.4. þá liggur fyrir að sérstakur iðnmeistari var ráðinn til verksins og með vísan til 7. mgr. 29. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki er ljóst að byggingarstjóri ber ekki ábyrgð á faglegri framkvæmd og efnisvali iðnmeistara, hvað þennan lið varðar og því ekki um bótaskyldu byggingarstjóra að ræða hvað varðar lið 3.4.

Varðandi lið 3.5 þá kemur fram að þau atriði sem þar er vísað til séu í unnin í samræmi við teikningar og ekki sýnt fram á að um bótaskyldu geti verið að ræða úr starfsábyrgðartryggingu A hjá V-1.

Af hálfu þeirra vátryggingafélaga sem eiga hlut að máli í máli þessu V-1 og V-2 þá er ekki upplýst hvenær stálsúla sú sem vísað er til í matslið 3.6 var reist eða lokið framkvæmdum við hana. Hvorugt vátryggingafélagið getur upplýst nákvæmlega hvenær framkvæmdir við hana hófust og

hvenær þeim lauk. Byggingarstjórinn man það ekki, þannig að ekki er sýnt fram á hvort þær framkvæmdir sem um ræðir varðandi lið 3.6 voru unnar meðan byggingarstjórinn var með starfsábyrgðartryggingu sína hjá V-1 eða V-2. Þar sem málið er óupplýst og fyrir liggur að um bótaskylt tjón er að ræða og starfsábyrgðartrygging A rofnaði aldrei þó hann skipti um vátryggingafélag, verður að leggja sólidariska bótaábyrgð á bæði V-1 og V-2 hvað varðar bætur skv. lið 3.6 í matsgerð. M eiga því rétt á bótum vegna matsliðar 3.6 sólidarískt frá V-1 og V-2.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra vegna matsliða 3.1., 3.3.4., 3.4., og 3.5. en eiga rétt á bótum skv. matslið 3.6 í matsgerð dómkvadds matsmanns úr hendi bæði V-1 og V-2 sólidaríska.

Reykjavík 16.3.2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður Jón Magnússon lögmaður

Mál nr. 38/2018

M
og
V vegna ábyrgðartryggingar A.

Ágreiningur um bótaskyldu..

Gögn.
Málskot, dags. 01.02.2018 ásamt fylgigögnum.
Bréf V, vátryggingafélags, dags. 01.03.2018 ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
M var í vinnu hjá A við að rífa innan úr húsi á tímabilinu 21. september – 15. október 2015 og fann síðan fyrir mæði og óþægindum í öndunarfærum. Hann fór til læknis 19. október 2015 og var greindur með astma og þindarlömun í framhaldi og mikla herpu af völdum ófullnægjandi loftgæða. M telur tjón sitt stafa af myglu í húsinu sem hann vann í og fór fram á skaðabætur á grundvelli vinnuveitendaábyrgðar þar sem vanrækt hefði verið að gera áhættumat og öryggis- og heilbrigðisáætlun, grípa til nauðsynlegra forvarna og láta nauðsynlegar upplýsingar í té til starfsmanna og Vinnueftirlits ríkisins um varasama myglu, áhrif á heilsu og öryggi og aðrar nauðsynlegar upplýsingar. Þá hefði vinnuveitandi átt að tryggja að starfsmenn fengju viðeigandi leiðbeiningar og nægilega þjálfun um hugsanlegt heilsutjón, varúðarráðstafanir, hreinlætiskröfur, notkun hlífa og hlífðarfatnaðar og ráðstafanir vegna tilfella sem upp kynnu að koma, sbr. 14., 21., 23. og 37. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 og ákvæða reglugerða nr. 553/2004 og nr. 547/1996.
Í bréfi V kemur fram að vitað hafi verið af rakaskemmdum áður en farið var í framkvæmdirnar en ofn hafði lekið 3-4 árum áður og var sá raki orðinn þurr. Til að hafa varann á hafi A skipt út einum glugga fyrir viftu til að draga út loft og mikið hafi verið lagt upp úr að allir gluggar væru opnir. Byggingastjóri hafi gert starfsmönnum ljóst að mygla væri möguleg vegna rakaskemmdanna og hafi allir starfsmenn átt að vera meðvitaðir um það. Starfsmenn hafi verið fræddir og gætt að því að þeir væru í hlífðarfatnaði og með rykgrímur. Samstarfsfélagi M hafi staðfest að notaður hefði verið hlífðarfatnaður, grímur, vettlingar og vinnuskór við vinnuna. V telur ekki sannað að mygla hafi verið til staðar í húsinu þótt talað sé um rakaskemmdir í skoðunarskýrslu Vinnueftirlitsins dags. 18. janúar 2016 og úttekt E, dags. 18. des. 2015 þar sem engin gögn liggi fyrir um það. V telur því ósannað að veikindi M séu vegna myglu í húsinu.

Álit.
Í málinu leggur M til grundvallar að líkamstjón hans stafi af myglu sem hafi verið til staðar í húsi sem hann var að rífa innan úr í vinnu fyrir A. Engin gögn liggja fyrir í málinu sem staðfesta að mygla hafi verið í umræddu húsi. Af þeim sökum er ekki unnt að taka undir með M að orsakasamband sé milli veikinda hans og myglu í húsinu. Miðað við fyrirliggjandi gögn er tjón M því ekki bótaskylt úr ábyrgðartryggingu A.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 22. maí 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.
Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 39/2018
M og
vátryggingafélagið V-1 v. Visa Platinum tryggingar og
vátryggingafélagið V-2 v. ferðaverndar fjölskyldutryggingar.

Maður varð að hætta við sólarlandaferð vegna sjúkdóms 31.3.2017.

Gögn.

Málskot móttekið 22.1.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-7.
Bréf V-1 dags. 16.2.2018.
Bréf V-2 dags. 15.2.2018 ásamt fylgiskjölum 1-5.

Málsatvik.

M pantaði sólarlandaferð fyrir sig og eiginkonu sína og greiddi staðfestingargjald í júlí 2016 og var brottför áætluð 31.3.2017. Vegna augnsjúkdóms sem M þjáist af var honum ráðlagt af lækni að fresta ferð sinni. M segir að þegar hann greiddi staðfestingargjaldið vegna ferðarinnar hafi hann ekki verið í neinni læknismeðferð vegna augnsjúkdóms. M segist hafa verið greindur með gláku fyrir 30-40 árum og komi sjúkdómurinn upp af og til. Haustið 2016 var þrýstingur á auga M til vandræða og aðgerð vegna þess skilaði ekki tilætluðum árangri og var M því ráðlagt af lækni að fresta ferðinni og fara í aðgerð sem fyrst. V-1 hafnar bótaskyldu og vísar í gr. 7.2.1 í vátryggingaskilmálum þar sem segir að tjón vegna hvers kyns veikinda og sjúkdóma sem vátryggður þjáðist af og var í meðferð vegna þegar staðfestingargjald var greitt séu undanskilin. V segir að M hafi þjáðst af augnsjúkdómi og hafi gert um langan tíma og þurfti að fara í bráðabirgðaaðgerð vegna sjúkdómsins og þessi sjúkdómur hafi verið til staðar þegar staðfestingargjald vegna ferðarinnar hafi verið greitt. V-2 hafnar bótaskyldu og vísar til gr. 54 í vátryggingaskilmálum þar sem segir að undanskildar áhættur séu m.a. tjón vegna hvers kyns veikinda og sjúkdóma sem einhver vátryggður fjölskyldumeðlimur var haldinn og var í meðferð þegar staðfestingargjald var greitt. V-2 segir að M hafi verið haldinn alvarlegum glákusjúkdómi þegar staðfestingargjaldið var greitt og jafnvel þó ástand sjúkdómsins hafi verið stöðugt þegar M greiddi staðfestingargjaldið þá hafi hann verið undir eftirliti og meðhöndlunar vegna sjúkdómsins þegar staðfestingargjaldið var greitt.

Álit.

M var haldinn augnsjúkdómi svo sem lýst er í kaflanum um málsatvik. M var haldinn þeim sjúkdómi þegar hann greiddi staðfestingargjald vegna sólarlandaferðar þeirrar sem um ræðir og til reglulegrar meðhöndlunar vegna sjúkdómsins. Þó svo að M hafi ekki verið þjáður af sjúkdómnum þegar hann greiddi staðfestingargjald vegna fyrirhugaðrar sólarlandaferðar þá var sjúkdómurinn til staðar og meðhöndlunar. M á því ekki rétt á bótum úr tryggingu sinni hjá V-1 sbr. ákvæði gr. 7.2.1. í vátryggingarskilmálum þess félags eða úr vátryggingu sinni hjá V-2 sbr. ákvæði 54. gr. vátryggingarskilmála þeirrar tryggingar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr tryggingu sinni hjá V-1 eða V-2.

Reykjavík 6.3.2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl. Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 40/2018

M og
vátryggingafélagið V1 vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins A
og
vátryggingafélagið V2 vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins B.

Árekstur á hringtorgi á Reykjanesbraut við Fitjar í Reykjanesbæ þann 11.11.2017.

Gögn.

Málskot, móttekið 5.2.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V1, dags. 26.2.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V2, dags 16.2.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Samkvæmt því sem fram kemur í gögnum málsins var A og B ekið eftir Reykjanesbraut frá Flugstöð Leifs Eiríkssonar um hringtorg við Fitjar. Var A ekið á vinstri (innri) akrein hringtorgsins og B á hægri (ytri) akrein. Er A var ekið út úr hringtorginu áleiðis áfram eftir Reykjanesbraut rákust saman framanverð hægri hlið A og vinstra framhorn B. Áreksturinn varð um kl. 16:15 og mun þá hafa verið bjart en snjór á akbraut.

M, ökumaður A, kvaðst hafa ekið á 25-30 km hraða og gefið stefnumerki um fyrirhugaðan akstur út úr hringtorginu. B hafi verið ekið á ytri akrein og að sögn ökumanns B hafi hann ætlað út úr hringtorginu við næstu gatnamót (Stekk).

Ökumaður B kvaðst ekki hafa séð stefnuljós á A fyrr en of seint.

Álit.

Í umferðarlögum 50/1987 er engum beinum reglum til að dreifa hvernig haga skuli akstri í hringtorgum að því frátöldu sem greinir í g-lið 1. mgr. 28. gr. um að ekki megi stöðva eða leggja ökutæki á hringtorgi. Sök og skipting sakar vegna áreksturs í hringtorgum hefur einkum ráðist af því hvernig merkingum á yfirborði akbrautar í hringtorginu er háttað. Einnig hefur verið horft til reglna 15. gr. laganna um val á akrein með tilliti til fyrirhugaðrar aksturs stefnu og þá einkum af 1. mgr. um að ökumaður sem ætlar að beygja til hægri velji þá akrein sem lengst er til hægri, svo og 3. mgr. að við hægri beygju beri að aka sem næst hægri brún akbrautar og skal beygja tekin eins kröpp og unnt er, en til þessa hefur einkum verið litið þegar bifreið er ekið inn í hringtorg með því að beygja til hægri og er nánast í beinu framhaldi haldið áfram í hægri beygju út úr hringtorginu.

Samkvæmt teikningu á forsíðu á tjónstilkynningu ökumanna og samkvæmt gögnum málsins að öðru leyti háttar þannig til í hringtorginu, þar sem árekstur varð, að á leið bifreiðanna þaðan sem þeim var ekið inn í hringtorgið og að árekstrarstað eru engin gatnamót eða útakstur úr hringtorginu. Fyrst var bifreiðunum beygt til hægri inn í hringtorgið og síðan sveigt til vinstri í um hálfhring uns komið var að gatnamótunum þar sem A var beygt aftur til hægri áleiðis út úr hringtorginu. Við þessar sérstöku aðstæður getur skylda A til að vera á hægri (ytri) akrein vegna þess að hann ætlaði út á fyrstu gatnamótum ekki helgast af reglum 1. og 3. mgr. 15. gr. ufl. um það hvernig taka skuli hægri beygju og hvaða akrein skuli velja í því skyni. Eins og hér stóð á, og með vísan til úrskurðar nefndarinnar frá 19. ágúst 2016 í máli nr. 187/2016, geta því deililínur, sbr. 24. gr. reglugerðar nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra, á akbrautinni einungis skorið úr um rétt ökumanna. Af gögnum málsins þykir mega slá föstu að B hafi verið ekið yfir slíka deililínu í aðdraganda þess að áreksturinn varð og ber því samkvæmt þessu að leggja alla sök á ökumann B.

Niðurstaða.

Leggja alla sök á ökumann B.

Reykjavík, 16. mars 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður Jón Magnússon lögmaður

Mál nr. 41/2018
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar G.

Kona féll niður stiga þegar hurð var opnuð inn á stigapall 23.12.2016.

Gögn.

Málskot móttekið 5.2.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-15.
Bréf V dags. 19.2.2018 ásamt fylgiskjölum 1-5.
Athugasemdir lögmanns M dags. 26.2.2018 ásamt fylgiskjölum 1-12.

Málsatvik.

M vann á gistiheimili og var í kjallara hússins. Sonur hennar var með henni. M ætlaði að ganga upp stiga og fara út úr húsinu á 1. hæð. Sonur M fór á undan henni upp stigann og opnaði dyrnar og skildi hurðina eftir lítillega opna. Þegar M kom upp að stigapallinum voru dyrnar opnaðar af fólki sem ætlaði inn í húsið og þá féll M niður stigann og slasaðist. Slysið var hvorki tilkynnt til Vinnueftirlits eða lögreglu. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu G húseiganda umrædds húss og segir að stigapallurinn uppfylli hvorki áskilnað um stærð né hönnun skv. byggingarreglugerð og sé óforsvaranlegur. M vísar í lög um mannvirki nr. 160/2010 og byggingarreglugerð nr. 112/2012. Þá vísar M í lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og telur aðstæður á vinnustað hafi ekki verið í samræmi við 2. mgr. 42. gr. laganna. V hafnar bótaskyldu og segir að húsið hafi verið byggt árið 1926 í samræmi við reglur þess tíma og húseigandi hafi ekki haft þá skyldu að breyta húsnæðinu í samræmi við breytingar á byggingarreglugerðum eða skipulagslögum. V telur að stigapallurinn sem um ræðir sé ekki hættulegur. Þá segir V að aðstæður á umræddum stigapalli séu þær sömu og þegar slysið varð. V gerir grein fyrir mælingum á stigapallinum og segir að vel sé hægt að fóta sig á stigapallinum þó útidyrahurðin sé opin og stigapallurinn sé ekki hættulegur eða frábrugðinn því sem almennt gerist. Þá vísar V til þess að M hafði starfaði í húsinu um nokkurt skeið og verið kunnugt um aðstæður.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á það af M að stigapallurinn sem um ræðir sé hættulegur eða óforsvaranlegur miðað við aðstæður. Aðstæður á slysstað eru óbreyttar frá því að slysið varð og auðvelt að gera sér grein fyrir þeim miðað við lýsingar M á því hvernig þessi atburður gerðist svo og framkvæma mælingar og annað umfram það sem þegar hefur verið gert. Þá hafa verið lagðar fram fjöldi ljósmynda af vettvangi. Miðað við þær reglur sem gilda um byggingar fyrir hús sem byggð eru á fyrri hluta síðustu aldar verður ekki séð að húseigandi hafi vanrækt athafnaskyldu varðandi breytingar á húsnæðinu. Þá verður ekki séð að stigapallurinn sem um ræðir sé hættulegur eða óforsvaranlegur þó það tilvik hafi átt sér stað að M datt niður stigann þegar útihurðin var opnuð. Af framangreindum ástæðum á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu G hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu G hjá V.

Reykjavík 13.3.2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 42/2018
M
og
vátryggingafélagið V v/ húseigendatryggingar íbúðarhúsnæðis.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna vatnstjóns.

Gögn.
Málskot, móttekið 31.1.2018, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum og fylgigögnum.
Bréf V, dags. 14.2.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Samkvæmt því sem fram kemur í tjónstilkynningu til V og málskoti mun vatnstjón hafa orðið á húseign M aðfaranótt 12. janúar 2018, er vatn flæddi inn um svalahurð á heimili M í Garðabæ. Samkvæmt tjónstilkynningu er talið að svalahurðin hafi fokið upp og af þeim sökum hafi vatn flætt inn. M hefur krafist bóta vegna þess tjóns sem hann varð fyrir úr húseigendatryggingu sem hann hefur í gildi hjá V.
V kveður kveður bótaskyldu ekki vera fyrir hendi þar sem skilyrðum gr. 9.8 um tjón af völdum óveðurs hafi ekki verið fullnægt en samkvæmt þeirri grein bætir vátryggingin tjón af völdum óveðurs, þ.e. þegar vindhraði nær 28,5 metrum á sekúndu. Tjón á hinu vátryggða af völdum úrkomu og sandfoks samfara óveðri bætist því aðeins að vindur hafi rofið þak, glugga eða aðra hluta hússins. Séu ekki fáanlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað, þegar tjónið varð, skal hafa til hliðsjónar við ákvörðun um bótaskyldu vátryggingarinnar, hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum veðurs er tjónsatburðurinn átti sér stað.
M telur að umrætt tjónsatvik eigi ekki að fella undir gr. 9.8 í skilmálum vátryggingarinnar heldur gr. 9.1.6, en samkvæmt því þeirri grein bætir vátryggingin tjón af völdum yfirborðsvatns sem orsakast af skyndilegu úrhelli eða asahláku og vatnsmagn verður svo mikið að frárennslisleiðslur ná ekki að flytja það frá. Hafa skal til hliðsjónar við ákvörðun bótaskyldu hvort almennt eignatjón hafi orðið á tjónssvæðinu af völdum úrhellis- og/eða asahláku er tjóns-atburðurinn átti sér stað.

Álit.
Samkvæmt gr. 9.8. í vátryggingarskilmálunum, sem fyrr er getið, bætir vátryggingin tjón á vátryggðri af völdum úrkomu samfara óveðri því aðeins að vindur hafi rofið þak, glugga eða aðra hluta hússins. M telur að svalahurð hafi fokið upp og af þeim sökum hafi vatn flætt inn um svaladyrnar og valdið tjóni. Ekkert liggur fyrir í gögnum málsins um að verksummerki hafi mátt sjá á svalahurðinni sem gefi til kynna að vindur hafi rofið hurðina eins og áskilið er svo bótaskylda stofnist samkvæmt ákvæði þessu. Þegar af þessari ástæðu verður bótaskylda ekki reist á rt. 9.8 í vátryggingarskilmálunum.
Gr.9.1.6 í vátryggingarskilmálunum er einn bótaþáttur 9. gr. skilmálanna er lýtur að tjóni af völdum vatns, gufu og olíu, en bótaþættirnir eru nánar tilgreindir í greinum 9.1.1 til 9.1.6. Í greinum 9.1.7 til 9.1.10 eru svo tilgreind tjónstilvik sem ekki fást bætt úr vátryggingunni, en gætu ella talist bótaskyld skv. 9.1.1 til 9.1.6. Þannig er kveðið á um það í gr. 9.1.7 að ekki bætist tjón vegna utanaðkomandi vatns, svo sem grunnvatns, úrkomu, flóða, sjávarfalla eða vatns frá svölum, þökum, þakrennum eða frárennslisleiðslum þeirra. Í ljósi þessa undanþáguákvæðis er tjón vegna úrkomu eða vatns frá svölum undanþegið bótaskyldu. Af þeirri ástæðu verður bótaskylda í því tilviki sem hér er til skoðunar heldur ekki reist á gr. 9.1.6 í vátryggingarskilmálunum.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr húseigandatryggingu íbúðarhúsnæðis hjá V.

Reykjavík, 6. mars 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl. Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 43/2018

M vegna ökutækisins A
og
V vegna kaskótryggingar ökutækis.

Ágreiningur um bótaskyldu.

Gögn.
Málskot, dags. 02.02.2018 ásamt fylgigögnum.
Bréf V, vátryggingafélags, dags. 21.02.2018 ásamt fylgigagni.

Málsatvik.
Skemmdir urðu á lakki á farþegahlið ökutækisins A og í málskoti kemur fram að M telur tjónið stafa af frákasti frá snjóblásara. Hann hafi orðið var við skemmdirnar þegar ökutækið var þvegið 08.01.2018. M telur að kaskótryggingarinnar nái yfir tjónið meðal annars vegna þess að eins sé hægt að telja að um áfok sé að ræða frekar en frákast eða skemmdarverk.
Í bréfi V kemur fram að kaskótryggingin taki ekki til tjónsins á A þar sem engar upplýsingar liggi fyrir um tjónsatvik eða orsakir tjónsins aðrar en vangaveltur M sem séu ekki studdar frekari gögnum. Einnig kemur fram að þótt tjónið kunni að hafa orsakast með þeim hætti sem málskotsaðili heldur fram falli það ekki undir skilmála kaskótryggingar. Í 4. gr. skilmálanna nr. B-2 séu taldar upp allar þær tjónsorsakir sem vátryggingin taki til og tjón af öðrum orskökum en þar komi fram séu ekki bættar úr tryggingunni. Tjón vegna áfoks bætist skv. grein 4.3. ef það er af völdum óveðurs þar sem vindhraði hefur náð 28.5 m/s, sem eigi ekki við í þessu tilviki. Þá geti félagið ekki fallist á að tjóninu verði jafnað til skemmdarverks í skilningi greinar 4.2. í skilmálunum.

Álit.
Ekkert liggur fyrir um tjónsatvik og engin gögn eru um tjónið. Því er óljóst hvar og hvernig tjónið varð. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu A hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu A hjá V.

Reykjavík, 16. mars 2018.
Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl. Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 44/2018
M og
V-1 v. ökutækisins A og
V-2 v. ökutækisins B

Árekstur bifreiða á gatnamótum Háaleitisbrautar og Kringlumýrarbrautar þ. 7.12.2017

Gögn.

Málskot móttekið þ. 5.2.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-5
Bréf V-1 dags. 29.1.2018.
Bréf V-2 dags. 21.2.2018

Málsatvik.

Ökumaður A segist hafa ekið norður Kringlumýrarbraut á akrein lengst til hægri á um 70 km. hraða og taldi að hann hefði inn á gatnamótin á móti grænu umferðarljósi þegar B hafi allt í einu verið ekið í veg fyrir A og árekstur orðið. Ökumaður B segist hafa verið kyrrstæður á rauðu umferðarljósi á Kringlumýrarbraut á beygjuakrein til að beygja til austurs eftir Háaleitisbraut. Ökumaður B segir að þegar grænt ljós hafi kviknað á beygjuakreinina hafi hann lagt af stað suður beygjuakreinina inn á Háaleitisbraut en þá hafi ökumaður A ekið bifreiðinni á B. Engin vitni eru að stöðu umferðarljósa í aðdraganda og þegar áreksturinn varð.

Álit.

Ökumaður A telur sig hafa ekið inn á gatnamót Kringlumýrarbrautar og Háaleitisbrautar gegn grænu ljósi. Ökumaður B segist hafa verið kyrrstæður á rauðu ljósi og ekið á stað eftir að græna ljósið kviknaði fyrir akstursstefnu hans. Engum vitnum er til að dreifa varðandi stöðu umferðarljósa þegar áreksturinn varð og einungis framburðum ökumanna sjálfra. Af framburði ökumanna verður ekki annað ráðið en þeir beri að þeir hafi ekið inn á gatnamótin gegnt grænu ljósi. Umferðarljósin þar sem áreksturinn varð eru með þeim hætti að grænt ljós getur ekki logað fyrir akstur norður Kringlumýrarbraut þegar beygjuljós fyrir akstur af Kringlumýrarbraut austur Háaleitisbraut sýnir grænt. Þar sem óupplýst er um stöðu ökuljósa og framburður ökumanna er með þeim hætti sem að ofan greinir verður sök skipt til helminga milli aðila.

Niðurstaða.

Hvor aðili ber helming sakar.

Reykjavík 16.3. 2018.
Sóley Ragnarsdóttir lögfr.
Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Jón Magnússon lögmaður.

Mál nr. 45/2018

M og
vátryggingafélagið V vegna málskostnaðartryggingar.

Gildissvið undanþáguákvæðis í vátryggingarskilmálum málskostnaðartryggingar fjölskyldutryggingar.

Gögn.

Málskot málskotsaðila, móttekið 5.2.218, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 22.2.2018, ásamt fylgiskjölum 1-2.

Málsatvik.

M höfðaði dómsmál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur [...] til ógildingar á úrskurði sem [...] hafði áður kveðið upp gegn M. Í úrskurðinum kemur fram að nefndin áminnti M fyrir tiltekin ummæli sem hann viðhafði í samskiptum við þáverandi dómstjóra Héraðsdóms Reykjavíkur í kjölfar þess að dómstjórinn hafði synjað M um útgáfu stefnu til flýtimeðferðar í einkamáli sem M rak fyrir umbjóðanda sinn.

V hafnaði greiðsluskyldu úr vátryggingunni með vísan til greinar 47.3 í skilmálum vátryggingarinnar, þar sem fram kemur að vátryggingin bæti ekki kostnað sem til fellur vegna ágreinings: „*[Sem] er í tengslum við atvinnu eða embætti vátryggðs.*“. Byggir V á því að málið eigi rætur að rekja til atvinnu M og að samskipti M við dómsstjórann hafi verið til komin vegna vinnu hans í þágu umbjóðenda sinna og þar af leiðandi hafi þau verið í beinum tengslum við störf hans sem lögmaður.

M telur undanþáguákvæði vátryggingarinnar ekki eiga við, þar sem skýra beri framangreint undanþáguákvæði þröngt. Vísar M í þessu sambandi til þess að þau atvik sem liggja til grundvallar úrskurði [...] hafi ekki verið í tengslum við störf sín sem lögmaður og að ummælin sem M hafi verið áminntur fyrir í samskiptum sínum við dómstjórann hafi fallið eftir að öllum lögfræðilegum erindum við hann var lokið og tengist ekki atvinnu hans heldur tjáningarfrelsi einstaklinga.

Álit.

Málsókn M á hendur [...] byggir á að fá ógiltan með dómi úrskurð úrskurðarnefndar lögmanna sem fól í sér áminningu vegna starfa M sem lögmaður. Málatilbúnaður M byggir m.a. á því að M hafi verið að sinna starfi sínu sem lögmaður þegar hann sýndi af sér þá háttsemi sem nefndin því að lögmönnum skuli játuð rúm heimild til að gagnrýna störf dómara og að hann hafi verið að sinna því lykilhlutverki lögmanna að efla rétt og hindra órétti.

Af þeim gögnum sem fyrir liggja í málinu og af þeim meginsjónarmiðum sem M byggir ógildingarkröfu sína í stefnu fyrir héraðsdómi verður að teljast ljóst að málsókn M í einkamáli er alfarið til komin vegna atvinnu og starfa M sem lögmanns. Verður því fallist á röksemdir V um að ágreiningurinn sé í slíkum tengslum við atvinnu M að málarekstur hans falli undir skýrlega orðað undanþáguákvæði gr. 47.3 í skilmálum vátryggingarinnar. Skilyrði til greiðslu bóta úr málskostnaðartryggingunni eru því ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík 16. mars 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Lúðvík Bergvinsson lögmaður

Mál nr. 46/2018

M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X.

Skaðabótaábyrgð vegna tjóns 22. desember 2017.

Gögn.

Málskot málskotsaðila, móttekið 7.2.2018, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 22.2.2018.
Bréf M, ódags. ásamt upplýsingum um bílastæði starfsmanna [...]

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir tjóni 22. desember 2017, þegar hann gekk á stálvír sem notaður var til að festa jólaskreytingu við verslunarmiðstöðina [...]. M lýsir afleiðingum þannig að vírinn hafi verið í augnhæð hans og afleiðingar þess að hann gekk á vírinn hafi verið þær að gleraugu hans rispuðust og brotnuðu og að hann hafi fengið högg á auga.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á tjóni hans þar sem vírinn hafi verið strengdur þvert yfir göngustíg, úr jólaskreytingu sem var slökkt á þegar M gekk þarna um. M lýsir því einnig að sú leið sem hann gekk hafi verið eðlileg gönguleið frá starfsmannainngangi verslunar þeirrar sem hann starfaði í að sérstökum bílastæðum sem starfsmönnum í verslunum í [...] hafi verið ætlað að leggja bílum sínum í fyrir jólin og vísar til leiðbeininga þar um frá X. Einnig bendir M á að merkingar hafi verið settar á umrædda víra eftir atvikið.

V telur að frágangur víra vegna jólaskreytingar hafi verið forsvaranlegur m.v. aðstæður. V telur að ekki sé ljóst af gögnum málsins hvar starfsmannainngangur sá sem M gekk um sé m.v. bílastæði og því sé ekki ljóst að um hafi verið að ræða eðlilega gönguleið hans. Einnig vísar V til þess að öllum hafi átt að vera ljóst af umfangi og lýsingu jólaskreytingarinnar að hún væri á þeim stað sem hún var og að það verði að gera þær kröfur til vegfarenda að þeir séu meðvitaðir um umhverfi sitt. V telur því ekki ljóst að aðstæður hafi verið óforsvaranlegar af hálfu X.

Álit.

Í gögnum málsins liggja fyrir myndir af vettvangi og leiðbeiningar til starfsmanna í verslunum X um að þeir ættu að leggja bílum sínum á sérstökum stað fyrir jólin. Ljóst er af myndum að vír var strengdur yfir svæði sem vænta mátti gangandi umferðar, en ekki er að sjá að nokkuð hafi hamlað því að fólk gengi þar um m.v. framlagðar myndir. Verða ekki bornar brigður á lýsingar M á aðstæðum í ljósi þessara gagna. Með hliðsjón af því er það mat nefndarinnar að festingar umræddrar jólaskreytingar hafi skapað hættu fyrir gangandi vegfarendur, ráðstafanir hafi verið gerðar til að draga úr þeirri hættu eftir tjón M og verði X að bera skaðabótaábyrgð á því tjóni. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að rekja megi tjón M til hans eigin sakar.

Niðurstaða.

M á rétt á fullum bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 13. mars 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl. Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 47/2018
M og
vátryggingafélagið V-1 v. ábyrgðartryggingar ökutækisins A og
vátryggingafélagið V-2 v. ábyrgðartryggingar ökutækisins B.

Árekstur ökutækja á bifreiðastæði 9.10.2017.

Gögn.

Málskot móttekið 8.2.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1
Bréf V-1 dags. 22.2.2018 ásamt fylgiskjölum 1-2
Bréf V-2 dags. 19.2.2018.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðunum A og B á bifreiðastæði við Smiðjuveg 76 í Kópavogi. Ökumaður A segist hafa verið búinn að bakka úr stöðureit sínum og verið nánast kyrrstæður þegar B var skyndilega bakkað úr stöðureit sínum inn í A miðja. Ökumaður B segist hafa bakkað úr stæði á sama tíma og A var bakkað út úr stæði. Á framhlið tjónstilkynningar sem báðir ökumenn undirrita er merkt við tjónsatvik nr. 4 og 14 fyrir báðar bifreiðarnar þ.e. ók út frá bílastæði og ók aftur á bak. Í bréfi V-1 kemur fram að A hafi verið bakkað eftir akbraut, en ökumaður B hafi bakkað úr stöðureit og hafi því borið að víkja fyrir umferð um akbrautina.

Álit.

Báðir ökumenn voru að bakka í umrætt sinn út frá stöðureit og í því sambandi skiptir ekki máli þó að A hafi verið bakkað nokkuð eftir akbrautinni við útakstur af stöðureit áður en árekstur varð og verður einnig að líta til staðsetningar bifreiðarinnar nokkuð til vinstri á akbrautinni m.v. gögn málsins. Á framhlið tjónstilkynningar sem báðir ökumenn undirrita kemur fram að báðum bifreiðunum var ekið út frá bílastæði og ekið aftur á bak. Leggja verður þessar upplýsingar á framhlið tjónstilkynningar til grundvallar. Hvorugur ökumaður gætti þeirrar sérstöku varúðarskyldu sem kveðið er á um í 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1087 nægilega vel og bera því báðir sök á árekstrinum. Við mat á sakarskiptingu þykir rétt, þrátt fyrir staðsetningu ákomu á bifreiðunum, að hvor ökumaður um sig beri helming sakar.

Niðurstaða.

Hvor ökumaður ber helming sakar.

Reykjavík 13.3. 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl. Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 48/2018

M
og
vátryggingafélagið V v/ líftryggingar, sjúkdómatryggingar og sjúkra- og slysatryggingar.

Ágreiningur um rétt til bóta sjúkratryggingarlið sjúkra- og slysatryggingar og iðgjaldafrelsis vegna líftryggingar og sjúkdómatryggingar.

Gögn.
Málskot, móttekið 7.2.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 8.2.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Hinn 14. ágúst 2014 sótti M um líftryggingu, sjúkdómatryggingu og sjúkra- og slysatryggingu hjá V. Í umsókn um vátryggingarnar svaraði M neitandi spurningu hvort hún hafi við umsóknina eða áður haft sjúkdóm, vandamál eða einkenni m.a. frá beinum, liðum eða vöðvum. Hins vegar svaraði hún játandi að hafa haft sjúkdóm, vandamál eða einkenni frá maga, lifur, gallblöðru, skeifugörn, briskirtli, smáþörmum, ristli, endaþarmi, nýrum eða þvagrásarkerfi. Af því tilefni var af hálfu V óskað frekari upplýsinga vegna síðargreindu spurningarinnar sem M hafði svarað jákvætt. Með læknabréfi sérfræðings í lyflækningum og meltingarsjúkdómum, dags. 15. janúar 2015, var frá því greint að M hafi leitað til læknisins vegna efri kviðarholseinkenna og í framhaldinu farið í „uppvinnslu“. Gerð hafi verið efri speglun og sýnataka sem hafi verið eðlileg. Vegna fjölskyldusögu um Crohns sjúkdóm hafi verið gerð segulómskoðun af mjógirni sem hafi verið eðlileg. Ekkert óeðlilegt hafi verið í blóði. Var talið að um „meinlausan kvilla“ hafi verið að ræða sem ekki hafi nein áhrif á lífslíkur, en um hafi verið að ræða sjúkdómsgreininguna „Irritable bowel syndrome, K58“. Með áritun á vátryggingarumsóknina 4. febrúar 2015 staðfesti M að heilsufar hennar væri óbreytt frá því sem upphaflega var greint frá í umsókninni 14. ágúst 2014. Að svo búnu samþykkti V að veita M umræddar vátryggingar og munu þær hafa tekið gildi 5. febrúar 2015.

Með tjónstilkynningu 5. apríl 2017 krafðist M, af því sem ráða má af gögnum málsins, annars vegar bóta úr sjúkraþætti sjúkra- og slysatryggingarinnar vegna óvinnufærni og hins vegar af sömu ástæðu iðgjaldafrelsis vegna líftryggingarinnar og sjúkdómatryggingarinnar. Fram kom í tjónstilkynningunni að óvinnufærnin stafaði af vefjagigt, slitgigt, og lýstu sjúkdómseinkennin sér í ofboðslegri þreytu, verkjum um allt, stirðleika, andlegum þyngslum og einkennum í meltingarvegi og ristli. V kveður M hafa veitt rangar upplýsingar í umsókn sinni um vátryggingarnar og hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.
Með tilliti til þess ágreinings sem uppi er milli aðila í máli þessu þykir rétt að gera grein fyrir nokkrum skráningum sem koma fram í fyrirliggjandi sjúkraskrá M. Hinn 12. apríl 2013 er m.a. skráð að M sé með stirðleika og eymsli í liðum. Hinn 8. apríl 2014 er skráð á heilsugæslustöð að M búi í raðhúsi á tveimur hæðum. Hún eigi í erfiðleikum með að ganga í stigum og innan sviga er vísað til hnjáa í þessum efnum. Einnig segir að M hafi ekki verið heilsuhraust, sé með verki í höndum og fái sinadrætti. Hún sofi illa og sé lurkum lamin á morgnana og með morgunstirðleika í korter. Hinn 20. október 2014 er skráð á slysa- og bráðadeild Landspítalans varðandi ástæðu fyrir komu hennar á deildina og sögu að M sé 41 árs gömul kona sem er almennt hraust fyrir utan nýgreinda vefjagigt. Á heilsugæslustöð 14. janúar 2015 er skráð að M sé illa haldin bæði af almennum verkjum og þreytu í nokkur ár en versnandi og hafi verið greind með vefjagigt haustið áður af nafngreindum sérfræðingi í gigtsjúkdómum. Henni hafi verð vísað á lyfið Gabapentin en fundist það lítið gera og verið ráðlagt að leita á heilsugæslustöðina. Hún sé að sækja um vinnu sem hún telur sig vera orðið illa fær um að sinna. Hinn 9. febrúar 2015 var svo skráð á

heilsugæslustöð að á árinu 2003 hafi M verið orðin slæm af verkjum í herðum og öxlum og því hætt hárgreiðslustörfum og farið í sölumennsku. Við komuna á heilsugæslustöðina hafi vandi M verið sá að hún hafi verið atvinnulaus í ár, sé illa haldin bæði af almennum verkjum hér og þar í liðum og vöðvum og þreytu í þó nokkur ár, en mikið versnandi síðustu 1-2 árin. Hún eigi einnig erfitt með svefn síðustu árin. Hún hafi greinst með vefjagigt haustið 2014 líkt og áður getur.

Í persónutryggingum, eins og hér um ræðir, er í 82. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga kveðið á um skyldur vátryggingartaka til að veita vátryggingafélagi upplýsingar um áhættuna. Segir í lagagreininni, 1. mgr., að meðan félagið hefur ekki samþykkt að veita vátryggingu getur það óskað eftir upplýsingum sem hafa þýðingu fyrir mat þess á áhættunni. Í þeim tilgangi er félaginu heimilt að óska upplýsinga um sjúkdóma sem vátryggingartaki eða vátryggður, foreldri hans eða systkini eru haldin eða hafa verið haldin óháð því hvernig sjúkdómur hefur greinst. Slíkra upplýsinga skal aflað beint hjá vátryggingartaka, eða eftir atvikum vátryggðum, sem skal veita rétt og tæmandi svör eftir bestu vitund við spurningum félagsins. Jafnframt skal vátryggingartaki, og eftir atvikum vátryggður, að eigin frumkvæði veita upplýsingar um sérstök atvik sem hann veit, eða má vita, að hafa verulega þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu. Þegar litið er til þess sem skráð hafði verið í sjúkraskrá hjá M og að framan greinir verður að telja ljóst að M hefur ekki veitt V réttar upplýsingar þegar hún svaraði neitandi spurningu í vátryggingarumsókninni um að hún hafi ekki áður haft sjúkdóm, vandamál eða einkenni m.a. frá beinum, liðum eða vöðvum. Með þessu vanrækti M tilkynningarskyldu sína að verulegu leyti.

Samkvæmt 2. mgr. 83. gr. laga nr. 30/2004 má fella ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta ef vátryggingartaki eða vátryggður hefur vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt. Við mat á því hver ábyrgð félagsins skuli vera við þær aðstæður sem hér um ræðir skal litið til þess hvaða þýðingu vanrækslan hefur haft fyrir mat þess á áhættu, til þess hve sökin var mikil, með hvaða hætti vátryggingaratburður hefur orðið og til atvika að öðru leyti, sbr. 3. mgr. 83. gr. laganna. Þær upplýsingar sem M lét hjá líða að veita höfðu verulega þýðingu fyrir mat V á áhættunni og var vanræksla M í þeim efnum veruleg, einkum þegar horft er til þess að hún staðfesti 5. febrúar 2015 að heilsufar hennar væri óbreytt frá því sem var 14. ágúst 2014.

Þá verður ekki fram hjá því litið að samkvæmt a-lið 15. gr. í skilmálum V fyrir sjúkra- og slysatryggingu er sjúkdómur sem fyrst hafði sýnt einkenni áður en vátryggingin gekk í gildi undanskilinn áhættu félagsins í sjúkratryggingu nema félagið hafi vitað um sjúkdóminn við gildistöku vátryggingarinnar og veitt vátrygginguna þrátt fyrir það. Í 9. gr. í skilmálum V fyrir líftryggingu og 8. gr. í skilmálum fyrir sjúkdómatryggingu er kveðið á um rétt vátryggðs til iðgjaldafrelsis og þeim skilyrðum sem fullnægja þarf svo slíkur réttur stofnist. Í báðum þessum greinum vátryggingarskilmálanna kemur m.a. fram, ef vátryggður missir að minnsta kosti helming starfsorku sinnar á gildistíma vátryggingarinnar, vegna slyss eða sjúkdóms, öðlast hann rétt til lækkunar iðgjalda meðan það ástand varir en þó að hámarki í fimm ár. Enn fremur segir í báðum þessum greinum að vátryggður öðlist ekki rétt til iðgjaldafrelsis ef starfsorkan skerðist m.a. beint eða óbeint af völdum sjúkdóms sem var fyrir hendi eða sýnt hafði einkenni fyrir gildistöku vátryggingarinnar. Vefjagigt sú sem mun hafa leitt til óvinnufærni M hafði sýnt einkenni áður en vátryggingin öðlaðist gildi og V hafði þá ekki vitneskju um þau.

Að öllu framangreindu virtu á M ekki rétt til þeirra bóta sem hún gerir í máli þessu.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sjúkratryggingarlið sjúkra- og slysatryggingar né heldur rétt til iðgjaldafrelsis vegna líftryggingar og sjúkdómatryggingar hjá V.

Reykjavík, 16. mars 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður Jón Magnússon lögmaður

Mál nr. 50/2018

M og
vátryggingafélagið V vegna slysatryggingu launþega hjá X.

Ágreiningur um túlkun á slysahugtakinu.

Gögn.
Málskot málskotsaðila, móttekið 8.2.2018, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 23.2.2018.

Málsatvik.
Samkvæmt málskoti var M við vinnu sína hjá X þann 11.2.2016 að færa 200 lítra olíutunnu af palli bifreiðar þegar tunnan byrjaði að falla. Kveðst M hafa gripið tunnuna til þess að forða því að hún skylli út í vegg. Við það hafi M fengið mikinn slink á handlegg og öxl. M leitaði samdægurs á bráðamóttöku Heilsugæslunnar í Salahverfi.

Í bráðamóttökuskrá heilsugæslunnar segir m.a. að M sé með verk „..í vinstri upphandlegg eftir áreynslu.“. Þar segir einnig að M hafi fengið skyndilegan verk í vinstri upphandlegg þegar hann var að reyna á handlegginn og að honum hafi fundist eitthvað gefa sig.

Í tilkynningu til Vinnueftirlitsins dags. 7.12.2016 er atvikinu lýst með þeim hætti að M hafi verið að færa olíutunnu þegar tunnan féll til baka og M hafi ætlað að halda við tunnuna og fengið slink á handlegg og rifið vöðva.

M vísar m.a. til dóms Hæstaréttar í máli nr. 412/2011 og þess að atvik í máli þessu séu hliðstæð að því leyti að um sé að ræða slys í skilningi vátryggingaréttar. Telur M því að bótaskylda sé því fyrir hendi úr slysatryggingunni.

V hafnaði bótaskyldu með þeim rökum að ekki hafi verið um utanaðkomandi atburð að ræða og því falli atvikið ekki undir slysahugtakið og þar af leiðandi ekki undir slysatrygginguna.

Álit.
Í skilmálum slysatryggingarinnar kemur fram að með orðinu slys sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans. Óumdeilt er að M slasaðist þann 11.2.2016 þegar hann var að færa olíutunnu af palli bifreiðar. Af gögnum málsins, þ.m.t. lýsingu M á atvikum og upplýsingum úr bráðamóttökuskrá Heilsugæslunnar í Salahverfi verður ekki séð að atvik í máli þessu séu hliðstæð þeim sem um ræðir í dómi Hæstaréttar í máli 412/2011. Hefur hann því ekki fordæmisgildi í máli þessu. Við heildstæða skoðun á gögnum málsins benda þau hins vegar eindregið til þess að líkamsmeiðsli M verði rakin til innra ástands og/eða ofreynslu en ekki utanaðkomandi atburðar eins og kveðið er um í skilmálum tryggingarinnar. Getur því ekki stofnast bótaréttur úr slysatryggingunni.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá V.

Reykjavík 13. mars 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 51/2018

M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar fasteignatryggingar húsfélags X.

Skaðabótaábyrgð húsfélags vegna tjóns á bifreið 8.2.2017.

Gögn.

Málskot málskotsaðila, móttekið 9.2.2018, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 1.3.2018, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að bifreið M hafi orðið fyrir tjóni, þar sem henni var lagt við [...] í Reykjavík, þegar glerplata úr handriði á 2. hæð hússins brotnaði og féll á bifreiðina.

Af málskoti má ráða að M telji X bera ábyrgð á tjóni á bifreið hans. M vísar til þess að ekki hafi verið ofsaveður þegar glerplatan brotnaði og að vindmælingar á nálægum stað sýni að vindur hafi ekki farið upp fyrir 28,5 m/sek.

V telur að X beri ekki skaðabótaábyrgð vegna tjóns á bifreið M en það sé skilyrði þess að greiddar séu bætur úr ábyrgðartryggingu fasteignatryggingar. Að mati V er ekki sýnt að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi eigenda eða annarra sem X ber ábyrgð á, tjónið hafi orðið vegna ofsaveðurs og íbúar hússins hefðu ekki getað gert ráðstafanir til að koma í veg fyrir tjónið.

Álit.

Til þess að M geti átt rétt á skaðabótum úr ábyrgðartryggingu fasteignatryggingar X hjá V þarf að liggja fyrir að X beri skaðabótaábyrgð vegna tjóns á bifreið M. Til þess að slík ábyrgð stofnist þarf að sýna fram á að sá sem ábyrgð, eða einhver á hans vegum, hafi t.d. gert ráðstafanir sem leitt hafi til tjónsins eða eftir atvikum vanrækt að gera ráðstafanir sem honum bar að gera til að koma í veg fyrir tjón. Í þessu máli liggur fyrir að glerplata af svölum á 2. hæð hússins brotnaði og að nokkuð vont veður hafi verið á þeim tíma sem það gerðist. Ekki liggur fyrir að glerið hafi brotnað vegna sérstakra ráðstafana eigenda hússins að Laugarásvegi 1 eða annarra eða skorts á viðhaldi húseignarinnar. Ekki verður því annað séð en að tjón á bifreið M verði rakið til óhappatilviljunar, en ekki atvika eða aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu fasteignatryggingar hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu fasteignatryggingar hjá V.

Reykjavík, 16. mars 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður Jón Magnússon lögmaður

Mál nr. 52/2018

M og
vátryggingafélagið V vegna forfallatryggingar fjölskyldutryggingar.

Gildissvið forfallatryggingar vegna forfalla í fyrirhugaða ferð 13. febrúar til 6. mars 2018.

Gögn.

Málskot málskotsaðila, móttekið 10.2.2018, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 19.2.2018.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi keypt flugmiða hinn 17. ágúst 2017 og greitt fyrir gistingu 14. september 2017 vegna fyrirhugaðar ferðar til Kanaríeyja á tímabilinu 13. febrúar til 6. mars 2018. Í málskoti og gögnum málsins kemur fram að M hafi leitað til læknis 11. júlí 2017 vegna slitgigtar í mjöðm og tekin hafi verið röntgenmynd í þeim tilgangi að meta þörf fyrir aðgerð. Niðurstaða þess hafi verið að ekki væri þörf á aðgerð og M ætti að koma til endurmats í janúar 2018. M hafi síðan versnað skyndilega og leitað til læknis 24. nóvember 2017 þar sem ákveðið hafi verið að M þyrfti að gangast undir aðgerð á mjöðm. Sú aðgerð hafi síðan farið fram 18. desember 2017 með ráðgerðri endurhæfingu í þrjá mánuði í kjölfarið. Í læknisvottorði dags. 9. febrúar 2018 kemur fram að mat læknis hafi verið þannig 11. júlí 2017 að ekkert bendi til þess að M hefði ekki verið ferðafær á þeim tímapunkti.

M telur greiðsluskyldu V fyrir hendi úr forfallatryggingu og vísar til álits læknis um ferðafærni hennar þegar ferð var keypt og að óvæntar aðstæður hafi komið upp sem leiddu til forfalla hennar.

V telur að undanþáguákvæði í vátryggingarskilmálum fjölskyldutryggingar M eigi við, nánar tiltekið gr. 2.8 þar sem komi fram að vátryggingin bæti ekki fyrirframgreiddan ferðakostnað vegna „sjúkdóms, meðferðar eða veikinda sem var fyrir hendi áður en vátryggingin var tekin, staðfestingargjald greitt eða ferðakostnaður var greiddur.“ V vísar til þess að greining M með slitgigt í júlí 2017 hafi verið sá sjúkdómur sem hún hafi verið haldin þegar fyrirhuguð ferð var greidd og aðgerð í desember sama ár hafi verið afleiðing þess sjúkdóms.

Álit.

Ljóst er af gögnum málsins að M var haldin slitgigt í mjöðm þegar hún greiddi fyrir fyrirhugaða ferð sína til Kanaríeyja á árinu 2018, annars vegar flug í ágúst 2017 og hins vegar dvalarkostnað í september sama ár. Það að við eftirlit í lok nóvember 2017 hafi komið fram einkenni sjúkdómsins sem leiddu til aðgerðar í desember sama ár verður ekki skilið frá sjúkdómnum, þó mat læknis hafi verið að M hafi verið ferðafær í júlí 2017. Telst fyrirframgreiddur ferðakostnaður M því vera sjúkdóms sem var fyrir hendi þegar ferðakostnaður var greiddur, í skilningi undanþáguákvæðis í gr. 2.8 í vátryggingarskilmálum V og hafi V því undanskilið sig bótaábyrgð vegna tjóns M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr forfallatryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 13. mars 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl. Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 53/2018

M og
V v. slysatryggingar ökumanns og eiganda torfærubifreiðar.

Slys í torfærukeppni, erlendur sjúkrakostnaður, tilkynningarfrestur vegna slyss 1.10.2016.

Gögn.

Málskot móttekið 12.2.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-9.
Bréf V dags. 28.3.2018.

Málsatvik.

M keppti í torfæru í Bandaríkjunum og slasaðist þegar bifreiðin lenti harkalega eftir að hann ók fram af háu barði. M var fluttur á sjúkrahús og útskrifaður samdægurs. M greiddi 100 dollara við komuna á sjúkrahúsið fyrir veitta þjónustu. Slysið var tilkynnt V 17.10.2017. M fékk senda tvo reikninga frá sjúkrahúsinu þann fyrri dags. 10.11.2016 og þann síðari dags. 5.6.2017. M krefst bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda og segist krefjast fullra bóta úr tryggingunni, en engin gögn eða sjónarmið eru sett fram í málinu varðandi annað en erlendan sjúkrakostnað. M segist ekki hafa haft vitneskju um, tjón sitt fyrr en hann fékk senda reikninga í nóvember 2016 og júní 2017. M telur ennfremur að hann hafi ekki verið upplýstur um tilkynningarfrest í vátryggingarsamningi þar sem V hefði vanrækt upplýsingaskyldu sína skv. 70. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. V hafnar bótaskyldu og segir ekki ljóst hvaða kröfur M geri nákvæmlega og ekki komi fram í málskoti eða gögnum frá M hvert tjón M er eða hvaða einkenni hann hafi vegna slyssins. V segir að liðinn hafi verið lögmætur tilkynningafrestur skv. 1. mgr. 124.gr. laga um vátryggingarsamninga þegar tjón M var tilkynnt. V segir að M hafi verið lagður inn á sjúkrahús sama dag og hann varð fyrir slysinu og hefði mátt vera ljóst að kostnaður hlytist af og ekki skipti máli þó reikningar séu gefnir út síðar. Slysið hafi síðan verið tilkynnt til V meira en ári síðar og þá hafi ársfrestur 1. mgr. 124. laga um vátryggingarsamninga verið liðinn.

Álit.

Í málskoti kemur fram að M telur sig eiga rétt til fullra bóta úr slysatryggingunni. Engin gögn varðandi tjón M liggja fyrir um annað en að hann hafi þurft að greiða sjúkrakostnað erlendis. Ekki er því unnt að taka afstöðu til annars en þess hvort M eigi rétt á bótum vegna þess kostnaðar. Ágreiningur er um hvort slysið hafi verið tilkynnt of seint sbr. árfrest 1. mgr. 124.gr. laga um vátryggingarsamninga. M var fluttur á sjúkrahús sama dag og slysið varð og útskrifaður samdægurs. Hann greiddi 100 dollara við komu á sjúkrahúsið. Ekki liggur fyrir að M hafi verið gerð grein fyrir að honum yrði gert að greiða meira en ofangreinda 100 dollara fyrr en honum barst fyrri reikningur af tveimur 10.11.2016. M hafði því miðað við þessar forsendur ekki vitneskju um frekari kostnað vegna sjúkradvalar sinnar á slysdegi og ekki fyrr en 10.11.2016. Slysið var tilkynnt 17.10.2017 og var því innan þess frests sem tilgreindur er í 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga. Þegar af þeirri ástæðu á M rétt á bótum vegna þess kostnaðar úr slysatryggingu ökumanns og eiganda torfærubifreiðar sinnar hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum vegna sjúkrakostnaðar úr slysatryggingu ökumanns og eiganda hjá V.

Reykjavík 24.4.2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður Jón Magnússon lögmaður

Mál nr. 54/2018
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar R.

Kona slasaðist í bubblubolta á starfsdegi starfsmanna leikskóla 2.9.2016.

Gögn.

Málskot móttekið 12.2.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-24.
Bréf V dags. 22.2.2018 ásamt fylgiskjölum 1-3.

Málsatvik.

M varð fyrir slysi þegar hún tók þátt í svokölluðum bubblubolta á starfsdegi starfsmanna leikskóla þar sem hún vann. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu R og segir að slysið verði rakið til saknæmrar háttsemi samstarfsfélaga hennar. M segir að starfsdegi hafi verið lokið og við hafi tekið hópefli sem starfsmannafélagið skipulagði. Byrjað var á bubblubolta þar sem leikmenn klæðast stórum boltum sem verja þá frá höfði og niður að hnjám. M segir að samstarfsmaður hafi hlaupið að henni á fullri ferð en við það hafi hún snúist og dottið og slasast. M telur samstarfsmann sinn hafa sýnt af sér gáleysi með því að hlaupa að henni með þeim hætti sem hann gerði. M byggir á því að R beri skaðabótaábyrgð á slysi M á grundvelli reglna um vinnuveitendaábyrgð enda ljóst að samstarfsfélagi M hafi sýnt af sér sök í umrætt sinn. M segir að slysið hafi átt sér stað á vinnutíma eða um kl. 15.30. Þá byggir M á því að ekki hafi verið um áhættutöku af hennar hálfu að ræða með því að taka þátt í leiknum enda teljist bubblubolti ekki til áhættusamra íþrótta.

V hafnar bótaskyldu og segir að M og samstarfsaðila beri ekki alveg saman varðandi tildrög slyssins. V telur að slysið verði ekki rakið til sakar R eða annarra atvika eða aðstæðna sem R beri skaðabótaábyrgð á. V segir að leikurinn sem M tók þátt í hafi ekki verið á ábyrgð R og því hafnað að samstarfsaðili M hafi farið gegn öryggisreglum eða háttsemi hans falið í sér alvarleg frávik sem leitt gætu til skaðabótaskyldu vinnuveitanda hans. V segir að formlegum vinnudegi hafi verið lokið í umrætt sinn og við hafi tekið hópefli sem starfsmannafélagið hafði skipulagt. V segir að skaðaverkið hafi ekki verið unnið í tengslum við framkvæmd starfs þess sem M átti að inna af hendi. Þá segir V að í umrætt sinn hafi samstarfsaðili M ákveðið að ýta henni úr leið sinni sem sé hluti leiksins, en þá hafi M fipast.

Álit.

M varð fyrir slysi þegar hún tók þátt í bubblubolta, sem skipulagður var á vegum starfsmannafélags vinnustaðarins þar sem M starfar. Ljóst er að samstarfsmaður M ýtir henni úr vegi og þá varð M fyrir slysinu. Í málinu er ekki sannað að þetta atvik hafi orðið með saknæmum hætti m.v. aðstæður sem voru fyrir hendi, þannig að bótaskylda hafi stofnast og þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu R hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu R hjá V.

Reykjavík 13.3.2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl. Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 55/2018

M og
Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar Kjarnafæðis ehf. (K)

Maður sem vann við færiband brenndist á fingrum 30.11.2015.

Gögn.

Málskot móttekið 13.2.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-8
Bréf V dags. 22.3.2018.
Bréf lögmanns M dags. 23.3.2018.

Málsatvik.

M vann við pökkun á vörum sem sem komu á færibandi á pökkunarvél. Í málskoti lýsir M aðstæðum þannig að búnaður vélarinnar hafi snúið öfugt þannig að stjórnborð,stillingar og öryggishnappur snúi að vegg og illmögulegt að komast að þeim. M segist hafa stigið í vatnspoll og runnið til og baðað út höndunum til að ná jafnvægi, en þá rekið höndina undir færibandið og höndin klemmst og verið föst og hafi M slasast við það. M segist ekki hafa náð til neyðarrofa vélarinnar. M segir að öryggishlíf hafi ekki verið á vélinni og vélin hafi ekki verið rétt sett saman þ.e. hún hafi ekki verið fullbúin og það hafi hún ekki orðið fyrr en nokkru eftir slysið. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu K hjá V og segir að slysið sé ekki M að kenna heldur K vinnuveitanda M sem hafi ekki gætt þess að setja pökkunarvélina rétt saman og gæta þess að öryggisrofar snéru að vinnusvæðinu en ekki að vegg eins og raunin hafi verið. Þá hafi Vinnueftirlitið ekki verið kallað til og M hafi því farið fram á það að lögreglurannsókn færi fram á slysinu. K segir að vélin hafi verið sett rétt saman og enga öryggishlíf hafi vantað og slysið hafi verið tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins innan lögmæltra tímamarka. Lögð er fram tilkynning til Vinnueftirlitsins dags. 1.12.2015. Við lögreglurannsókn kom fram að á pökkunarvélinni sem um ræðir sé borð með keflum, en það borð hafi ekki verið komið upp þegar slysið varð, en eftir að borðið var sett upp séu litlar líkur á því að samskonar slys verði og hér um ræðir. V hafnar bótaskyldu og telur að slysið verði ekki rakið til saknæms vanbúnaðar sem K beri ábyrgð á eða saknæmra mistaka starfsmanna K. V segir að slysið hafi verið tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins innan lögmæltra tímamarka sbr. 79. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 sbr. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 37/1993. V segir að vélin sem um ræðir hafi verið ný og uppfyllt allar öryggiskröfur og verið með CE merkingu og hafi M unnið við samskonar vélar í meira en 10 ár og hefði því haft víðtæka starfsreynslu hvað það varðar. V segir að enga hlíf hafi vantað þegar slysið varð, en eftir það hafi verið smíðað lítið rúlluborð við enda vélarinnar til þess að minnka líkur á því að slys eins og hér um ræðir gætu gerst. Þá segir V það ósannað að M hafi runnið til í bleytu enda sé ekkert minnst á það í upphafsgögnum málsins og það hafi ekki komið fram fyrr en eftir höfnun V á bótaskyldu. Þá segir V að ekkert orsakasamband sé á milli staðsetningar neyðarhnapps og á vélinni og slyssins enda hafi hann verið vel aðgengilegur og stöðvun vélarinnar hefði aðeins haft þær afleiðingar að M hefði verið lengur með höndina ofan í sjóðheitu vatninu þar sem hönd hans lenti í þessu tilviki. Í bréfi lögmanns M segir að það sé rangt hjá V að rúlluborðið sem sett var upp eftir slysið hafi ekki verið hluti af vélinni og það sjáist á myndum og skrúfugötum á vélinni. Þá hafi tilkynning til Vinnueftirlitsins komið of seint og atvinnurekandi verði að bera halla af upplýsingaskorti í málum sem þessum. Lögmaður M ítrekar að neyðarhnappur vélarinnar snúi öfugt. Þá vísar lögmaður M í fjóra dóma Hæstaréttar til stuðnings málatilbúnaði sínum.

Álit.

Í 1.málslið 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum segir að atvinnurekandi skuli án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð.

Miðað við framlagt móttökuvottorð Vinnueftirlits ríkisins, þar sem fram kemur að tilkynning til Vinnueftirlitsins var móttekin daginn eftir að slysið varð verður ekki séð að K hafi vanrækt tilkynningarskyldu sína til Vinnueftirlits ríkisins. Ekki hefur verið sýnt nægilega fram á að pökkunarvélin sem M vann við hafi verið vanbúin eða uppsetning hennar hafi verið með saknæmum hætti og þar sem M hefur ekki sýnt fram á það eða að K beri ábyrgð á eða einhver á hans vegum á því að M varð fyrir því slysi sem um ræðir á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu K hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu K hjá V.

Reykjavík 10.4. 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður. Jón Magnússon lögmaður.

Mál nr. 56/2018

M og
Vátryggingafélagið V v. málskostnaðartryggingar fjölskyldutryggingar.

Gildissvið vátryggingarskilmála málskostnaðartryggingar.

Gögn.

Málskot móttekið 13.2.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-3.
Bréf V dags. 5.3.2018.

Málsatvik.

M sótti um dómarastarf við Landsrétt og var talinn af dómnefnd, sem lagði mat á hæfni umsækjenda um embættin, meðal þeirra 15 umsækjanda sem nefndin taldi hæfasta til að gegna starfinu. Þrátt fyrir það var hann ekki skipaður dómari við Landsrétt þar sem dómsmálaráðherra mælti fyrir um frávik frá niðurstöðu dómnefndarinnar og var sú tillaga ráðherra samþykkt af Alþingi 1. júní 2017. M gerir kröfu til að fá greiddar miskabætur frá íslenska ríkinu vegna þessa máls og vísar til dóma Hæstaréttar í málum nr. 591 og 592/2017 þar íslenska ríkinu var gert að greiða miskabætur til tveggja annarra umsækjenda, sem voru í sömu stöðu og M, vegna embættisfærslna dómsmálaráðherra. Í fyrirhuguðu dómsmáli M gegn íslenska ríkinu gerir hann kröfu um viðurkenningu á bótaskyldu vegna fjártjóns sem ákvörðun ráðherra hafi valdið honum en fallist hefur verið á greiðslu miskabóta til M. Íslenska ríkið hefur hafnað frekari bótaskyldu og telur M því nauðsynlegt að höfða dómsmál við viðurkenningar greiðslu skaðabóta vegna fjártjóns sem hann leiðir af ákvörðun dómsmálaráðherra.

M telur að hann eigi rétt á greiðslu bóta úr málskostnaðartryggingu sinni hjá V. M, sem starfar sem prófessor við Háskóla Íslands, telur að ágreiningur hans vegna þess að hann fékk ekki skipun sem Landsréttardómari hafi enga tengingu við atvinnu eða embættisrekstur sinn og skýring á vátryggingaskilmálum varðandi "embættisrekstur" taki einungis til álitaefna í því starfi eða embætti sem vátryggingataki gegni hverju sinni. Þá vísar M til þess að undantekningar frá meginreglu vátryggingaskilmála beri að skýra þröngt og því eigi ákvæði greinar 25.5 í vátryggingaskilmálum ekki við hvað varðar fyrirhugaðan málarekstur M gegn íslenska ríkinu og því um bótaskyldu að ræða úr málskostnaðartryggingu M hjá V. Þá vísar M til þess að ágreiningur hans við íslenska ríkið hafi enga tengingu við atvinnu eða embættisrekstur hans enda sé íslenska ríkið ekki vinnuveitandi M. Þá vísar M til þess að fyrirhugað dómsmál snúist ekki um starfskjör M heldur sé krafan reist á almennu sakarreglunni og mismunarreglu skaðabótaréttarins enda ljóst að M hefði haft hærri tekjur sem Landsréttardómari en hann hefur í starfi sínu í dag og krafan lúti því að framtíðartekjum M.

V hafnar bótaskyldu og vísar til greinar 25.5 í vátryggingaskilmálum þar sem segir að málskostnaðartryggingin greiði ekki málskostnað vegna ágreinings sem er í tengslum við atvinnu eða embættisrekstur vátryggðs og telur að ágreiningur í málinu eigi undir ofangreint ákvæði. V fellst ekki á að ágreiningur M við íslenska ríkið hafi enga tengingu við atvinnu hans og embættisrekstur. V vísar til úrskurða úrskurðarnefndar í vátryggingamálum í málun nr. 309/2016 og nr. 51/2017. Þá vísar V til þess að ágreiningsefni í fyrirhuguðu dómsmáli sem M hyggst höfða gegn íslenska ríkinu snúi að umsókn hans um starf og umsóknarferli um starf hljóti að teljast vera í tengslum við atvinnu M og ágreiningurinn varði umsókn M um atvinnu, þ.e. varði M sem umsækjanda um starf.

Álit.

Í vátryggingarskilmálum vegna málskostnaðartryggingar M kemur fram að hlutverk málskostnaðartryggingarinnar sé að greiða málskostnað vegna ágreinings í einkamálum. Í gr. 25 í vátryggingarskilmálum kemur fram að vátryggingin taki til ágreinings sem snertir vátryggðan sem einstakling og kemur til úrlausnar héraðsdóms eða Hæstaréttar hér á landi skv. nánar tilgreindum

skilyrðum. Í vátryggingunni eru síðan nokkuð víðtækar takmarkanir á bótasviði sem tilgreindar eru meðal annars tilgreindar í gr. 25.2-25.12. Í gr. 25.5, segir eftirfarandi: „Vátryggingin bætir ekki málskostnað sem er í tengslum við atvinnu eða embættisrekstur vátryggðs.“,
Af gögnum málsins og atvikum öllum verður ekki annað ráðið en að ágreiningur í dómsmáli M og íslenska ríkisins varði það að hann fékk ekki það starf sem hann sóttist eftir og sérstök hæfnisnefnd hafði talið hann einn af þeim hæfustu til að gegna. Skaðabótakrafa M lýtur að fjártjóni vegna framtíðartekjutaps, þ.e. mismunar á launakjörum í því starfi sem M gegnir nú og þeim starfskjörum sem hann hefði haft sem Landsréttardómari. Telst slíkur ágreiningur þess vegna í skýrum tengslum við atvinnu eða embættisrekstur vátryggðs. Orðalag ákvæðis gr. 25.5 verður ekki skýrt með þeim hætti að það nái einungis til ágreinings milli vátryggðs og þess vinnuveitanda sem hann er í föstu starfssambandi við. M á því ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 17.4. 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Jón Magnússon lögmaður

Mál nr. 57/2018
M og
Vátryggingafélagið V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B
og
Vátryggingafélagið V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar C

Árekstur þriggja bifreiða á Kringlumýrarbraut í Reykjavík þann 3.1.2018.

Gögn.

Málskot, móttekið 8.2.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V1, dags. 2.3.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V2, dags 7.3.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Bifreiðunum A, B og C var ekið suður Kringlumýrarbraut á akrein lengst til vinstri og var A fremst, á eftir kom B og loks C. C rakst aftan á B og B rakst aftan á A. Í skýrslu um atvikið segir að rökkvað hafi verið, færð góð sem og lýsing og umferð verið mikil.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið inn á Kringlumýrarbraut frá Listabraut þegar A hafi allt í einu farið í hlutlausan gír. Hann hafi ekki þorað að setja bifreiðina í „drive“ á meðan hún var á ferð og því stöðvað hana. Hann hafi séð B fyrir aftan sig í töluverðri fjarlægð og því verið viss um að ökumaður B myndi sjá stöðvunarljósin á A. B hafi svo skyndilega verið komin alveg upp að A en hann hafi ekki orðið var við að B hafi rekist aftan á A.

Ökumaður B kvaðst hafa náð að stöðva áður en B lenti aftan á A. C hafi svo rekist aftan á B sem hafi kastað henni áfram og aftan á A. Nánar hefur ökumaður B lýst tildrögum óhappsins svo að hann hafi séð A framundan sér og strax áttað sig á að eitthvað hafi verið athugavert við aksturslagið því hægt hafi verið meira og meira á ferð bifreiðarinnar. Hemlaljós hafi svo kviknað og þá hafi hann sjálfur hemlað og stöðvað B um einn metra frá A, en svo hafi höggið komið aftan á B.

Ökumaður C kvað B hafa stöðvað skyndilega og hann hafi því hemlað en lent aftan á B.

Álit.

Af lýsingu ökumanns A á tildrögum árekstursins, sem fær stoð í skýrslu ökumanns B, þykir mega slá föstu að í umrætt sinn hafi A verið ekið á hægri ferð vegna óvæntrar bilunar í bifreiðinni sem ökumaðurinn gat ekkert gert að. Hann hafi hemlað og stöðvað þegar það langt var í B að ökumanni þeirrar bifreiðar tókst að stöðva áður en árekstur varð. Ökumanni C tókst ekki að stöðva áður en bifreið hans skall aftan á B með þeim afleiðingum að B rakst aftan á A. Samkvæmt 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal ökutæki, sem ekið er á eftir öðru ökutæki, vera svo langt frá því að eigi sé hætta á árekstri þótt ökutækið sem er á undan stöðvist eða dregið sé úr hraða þess. Á þessu varð misbrestur hjá ökumanni C og telst hann eiga sök á árekstrinum. Af gögnum málsins verður ekki séð að ökumaður A hafi stöðvað bifreið sína þannig að virt verði honum til sakar. Hið sama á við um ökumann B. Öll sök á árekstrinum verður því lögð á ökumann C.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann C.

Reykjavík, 10. apríl 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl. Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 58/2018

M og
Vátryggingafélagið V vegna forfallatryggingar greiðslukortatryggingar.

Gildissvið ákvæðis í vátryggingarskilmálum vegna ferðakostnaðar.

Gögn.
Málskot málskotsaðila, móttekið 10.2.2018, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 8.3.2018.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M hafi forfallast í ferð sem hún hugðist fara í erlendis 10. september 2017. V greiddi bætur til M úr forfallatryggingu greiðslukortatryggingar hennar að hluta, þ.e. kostnaðar við flug og hótelgistingu á einum stað. V hefur hins vegar hafnað að greiða kostnað vegna hótelgistingar á öðrum stað og kostnað við bílaleigubíl.
V hefur vísað til gr. 7.2. í vátryggingarskilmálum forfallatryggingarinnar þar sem segir í lið 7.2.3 að félagið „bæti ekki tjón sem stafa af því að vanrækt er að tilkynna ferðaskrifstofu eða þeim aðila sem útvegar flutningsfar eða gistingu að nauðsynlegt hafi reynst að fella ferð niður.“ V vísar til þess að upplýsingar um aðra hótelbókun M sýni að unnt hafi verið að afpanta hótelgistingu án endurgjalds til 8. september 2017, en M hafi ákveðið að fara ekki í ferðina 7. september sama ár og því hafi verið nægur tími til takmarka tjón með afpöntun. Einnig telur V að almennt sé hægt að afpanta bílaleigubíla með sólarhringsfyrirvara með fullri endurgreiðslu. M hafi gert hvorugt og því eigi ákvæði gr. 7.2.3 við.
M kveðst í málskoti ekki hafa forfallast fyrr en daginn áður en ferðin átti að hefjast og þess vegna hafi ekki verið hægt að afpanta hana fyrr. Þess vegna eigi ákvæði gr. 7.2.3 ekki við í máli hennar.

Álit.
Ágreiningur er um gildissvið ákvæðis gr. 7.2.3 í vátryggingarskilmálum V þar sem kemur fram að félagið bæti ekki tjón ef vátryggður vanrækir að tilkynna um forföll sín til þeirra sem hann hefur skuldbundið sig til að greiða ferðakostnað hjá. Þegar litið er til orðalags ákvæðisins og 1. málsliðar e.liðar 2. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 telur nefndin að ákvæðið geymi dulda varúðarreglu vátryggingarskilmála en ekki hlutlæga ábyrgðartakmörkun. Ákvæðið eru bein fyrirmæli í vátryggingarsamningi um að vátryggður geri tilteknar ráðstafanir sem fallnar eru til þess að takmarka tjón, þ.e. tilkynna um að hann hyggist ekki fara í ferð. Slík fyrirmæli eru varúðarreglur í skilningi laga um vátryggingarsamninga. Þegar litið er til 7. kafla greiðslukortatryggingarinnar í heild, þar sem kaflaheitið er forföll, kemur ekki fram í vátryggingarskilmálum að V geri fyrirvara um að það sé laust úr ábyrgð ef varúðarreglum er ekki fylgt. Slík ákvæði eru í öðrum köflum tryggingarinnar, t.d. í kafla 5 og 9 og einnig í kafla um bílaleigutryggingar. V semur einhliða, gagnvart vátryggðum, þá vátryggingarskilmála sem gilda um greiðslukortatryggingu þess. Félaginu var í lófa lagið að vekja athygli vátryggðs með skýrari hætti á varúðarreglum forfallatryggingar, eins og t.d. er gert í gr. 5.5 í sömu vátryggingarskilmálum, í kafla um farangur og tafir. Sérstaklega hefði V verið í lófa lagið að gera skýran fyrirvara við að það væri laust úr ábyrgð ef varúðarreglum varðandi forfallatryggingu væri ekki fylgt. Það að vátryggingarskilmálar V eru ekki skýrir hvað þetta varðar verður að meta V í óhag. M á því rétt á óskertum bótum.

Niðurstaða.
M á rétt á fullum bótum úr forfallatryggingu greiðslukortatryggingar.

Reykjavík, 10. apríl 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögmaður Jón Magnússon lögmaður

Mál nr. 59/2018

M og
Vátryggingafélagið V v/ almennrar slysatryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna líkamstjóns í hné.

Gögn.
Málskot, móttekið 11.2.2018, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Bréf V, dags. 283.2018.

Málsatvik.
M hefur í gildi almenna slysatryggingu hjá V. Hinn 23. júlí 2016 sendi M tilkynningu um slysatjón til V. Í tilkynningunni segir að hann hafi 4. maí 2016 verið að vinna við sumarbústað á tilteknum stað er hann hafi dottið á hægra hné um spýtur. Við það hafi liðþófi í hnénu rifnað. Í málskoti hefur M lýst atvikum nánar á þann veg að við þessa vinnu þegar hann hafi verið að leggja eina gólfplötuna frá sér hafi hann dottið fram á hægra hnéð og það hafi komið mikill verkur í hnéð og smellur. Hann hafi haldið áfram að vinna þrátt fyrir verk í hnénu. Síðan hafi verkurinn farið stigversnandi sem endaði með því að hann leitaði á heilsugæslustöð 3. júní 2016.
M leitaði til heimilislæknis á heilsugæslustöð 3. júní 2016 vegna verkja í hægra hné. Kom fram í samskiptaseðli að M hefði viku sögu, en engin fyrri saga. Sjúkdómsgreining var sögð vera innra brengl í hnénu. Hann kom aftur til læknisins 6. júní og hafði þá lítil sem engin breyting orðið. M var að nýju skoðaður af lækninum 9. júní og var sjúkdómsgreining þá sögð vera liðþófaröskun, ótilgreind, og honum vísað til sérfræðings. Í tilvísuninni til sérfræðings var vísað til þess sem fram kom við skoðun 6. júní og segulómrannsóknar af hnénu, en þar sagði m.a. að það „eru vægar hrörnunarbreytingar í sjálfum substansinum... en að öðru leyti ekki markverðar beinbreytingar."
Á samskiptaseðli heimilislæknis frá 21. júní 2016 á sömu heilsugæslustöð og M hafði áður leitað til kom fram að tilvísun hafi verið send nafngreindum bæklunarlækni „vegna liðþófaáverka, haft verki medialt í hægra hné, mánaðartíma, engin áverkasaga, en sökum starfa er oftsinnis mikið álag á hnjánum." Klínísk skoðun ásamt MR-rannsókn af hnéliðnum hafi bent til „medial liðþófaröskun/rupturu."
Í fyrirliggjandi vottorði bæklunarlæknis 28. apríl 2017 segir að M hafi komið til hans 18. júlí 2016, en tveimur mánuðum áður hafi hann verið að bera gólfplötu er honum fannst eitthvað gefa sig í hægra hné sem fljótlega varð sárt og þar eftir hafi hann haft talsverð álagsóþægindi. Við skoðun 18. júlí 2016 hafi M búið við sýnilega rýrnun á lærvöðvum hægra megin og eymsli yfir liðglufu innan vert á hnénu. Hann gekkst svo undir liðspeglunaraðgerð 3. febrúar 2017. Ekki hafi verið að sjá ummerki um brjóskbreytingar í liðnum. Svolítil bólga í liðklæðningu (synovit) hafi verið framan til innanvert í hnénu. Allstór flipi hafi verið frá kantinum á liðþófanum (mediala menisknum). Flipinn og kanturinn á liðþófanum hafi verið jafnað til með þar til gerðum verkfærum. Einnig hafi verið fjarlægður hluti af bólginni liðklæðningu framan til og innanvert í hnénu. Þá segir í vottorðinu að við fyrstu komu í upphafi óþægindanna hafi M lýst álagi á hægra hnéð í vinnu og útlit liðþófarofsins útiloki ekki að liðþófinn hafi getað klemmst til og flipi rifnað úr og þar með hafi áverki við vinnu verið orsök óþægindanna.
Með vísan til fyrrgreindrar tjónstilkynningar krafðist M bóta úr slysatryggingunni. V hefur á hinn bóginn hafnað bótaskyldu.

Álit.
Bótasvið skv. gr. 4.1 í vátryggingarskilmálum sem gilda um slysatryggingu þá sem hér er til skoðunar segir um bótasvið vátryggingarinnar að félagið greiði bætur vegna slyss er vátryggður verður fyrir ef það leiðir til m.a. til varanlegrar læknisfræðilegrar örorku eða tímabundins missis starfsorku. Í skilmálunum segir enn fremur að með hugtakinu slys sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist án vilja hans. Við meiðsl á útlimum

er þess þó eingöngu krafist að um skyndilegan atburð sé að ræða sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans.
Þótt M hafi í tjónstilkynningu til V og í málskoti lýst tilteknu atviki 4. maí 2016, er hann hafi dottið á hægra hné um spýtur, er þess getið í læknisfræðilegum gögnum málsins að ekki sé nein saga um áverka en vegna starfa sinna sé oft mikið álag á hnjám hans. Samkvæmt þessu og að virtum gögnum málsins að öðru leyti verður að telja að ekki hafi verið nægilega sýnt fram á að sjúkdómseinkenni þau sem M hefur búið við í hægra hné megi rekja til skyndilegs atburðar sem hafi valdið meiðslunum. Þessu breytir ekki álit bæklunarlæknis að útlit liðþófarofs útiloki ekki áverki við vinnu hafi verið orsök óþægindanna. M á því ekki rétt á bótum úr slysatryggingunni hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr almennri slysatryggingu hjá V.

Reykjavík, 24. apríl 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður Jón Magnússon lögmaður

Mál nr. 60/2018

M og
Vátryggingafélagið V-1 v. ábyrgðartryggingar bifreiðanna
A og B og
Vátryggingafélagið V-2 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar C og
Vátryggingafélagið V-3 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar D

Umferðaróhapp í Ártúnsbrekku 7.7.2017.

Gögn.

Málskot móttekið 12.2.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-3.
Bréf vátryggingafélaga.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu er atvikum lýst með þeim hætti að öllum bifreiðunum hafi verið ekið vestur Ártúnsbrekku, að bifreiðin A hafi verið á akrein lengst til hægri en allar hinar bifreiðarnar í umferðaróhappinu hafi ekið eftir miðakrein. Í lögregluskýrslu er haft eftir öllum hlutaðeigandi að atvik hafi verið með þeim hætti, að óþekkt bifreið hafi ekið í veg fyrir bifreið A og ökumaður A hafi þá sveigt til hliðar í veg fyrir C og hafi þá ökumaður C sveigt frá A og inn í hlið B og við það hafi C kastast á aftur inn á veginn og hringsnúist á veginum og við það rekist á frambretti D. M segir að það sé ekki rétt að allir hafi verið sammála þeirri málavaxtalýsingu sem fram kemur í lögregluskýrslu. M bendir á að í lögregluskýrslu sé M nefnd sem vitni en ekki tjónvaldur og þá sér rangt sem fram komi í lögregluskýrslu að allir hafi verið samsaga um málavexti. M bendir einnig á að í lögregluskýrslu er hún nefnd vitni en ekki aðili að málinu.

Álit.

Málsatvikalýsing í lögregluskýrslu er nokkuð takmörkuð og æskilegt hefði verið að hún hefði verið nákvæmari og gefið gleggri mynd en raun ber vitni af því sem gerðist. Þrátt fyrir það verður ekki hjá því komist að leggja hana til grundvallar þar sem ekkert hefur komið fram sem vefengir hana annað en staðhæfingar M. Lögregluskýrslu hefur því ekki verið hnekkt miðað við þau gögn sem liggja frammi í málinu. Miðað við málavaxtalýsingu lögregluskýrslu verður öll sök lögð á ökumann A sem skipti um akrein og ók í veg fyrir C og varð því völd að árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðar A ber alla sök.

Reykjavík 10.4.2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður. Jón Magnússon lögmaður.

Mál nr. 61/2018

M og
Vátryggingafélagið V v/ víðtækrar eignatryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns á ljósmyndavél af völdum vatnsveðurs.

Gögn.
Málskot, móttekið 12.2.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 5.3.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Hinn 12. júlí 2017 var M við ljósmyndatöku á Suðurlandi í mikilli rigningu. Í málskoti kemur fram að M hafi verið að ljósmynda erlend brúðhjón og m.a. vegna knapps tíma brúðhjónanna hafi ekki verið unnt að fresta myndatökunni. Daginn eftir hafi komið í ljós að myndavélin sem M notaði við myndatökuna hafði skemmst af völdum bleytu. Ekki mun hafa svarað kostnaði að gera við vélina og krafðist M bóta úr víðtækri eignatryggingu vegna vélarinnar hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu með vísan til þess að það geti ekki talist skyndilegt og ófyrirsjáanlegt atvik að óvarin myndavél hafi skemmst í rigningu. M vill ekki una afstöðu félagsins.

Álit.
Samkvæmt 2. gr. vátryggingarskilmála fyrir viðkomandi eignatryggingu er vátryggingarsvið vátryggingarinnar skilgreint svo að vátryggingin bæti beint tjón á hinu vátryggða, sem verður vegna skyndilegs og ófyrirsjáanlegs utanaðkomandi atviks sem ekki er undanþegið í skilmálunum. Af þessu leiðir að tjón það sem M krefst að fá bætt úr vátryggingunni fæst því aðeins bætt að sýnt sé fram á að tjónsatburðurinn hafi orðið af völdum bæði skyndilegs og ófyrirsjáanlegs atviks. M notaði umrædda myndavél í mikilli rigningu. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að myndavélin hafi verið þannig búin að hún hafi átt að þola það vatnsveður sem mun hafa verið á myndatökustaðnum. Verður því ekki séð að um ófyrirsjáanlegt atvik hafi verið að ræða þegar myndavélin blotnaði við myndatökuna með þeim afleiðingum að hún eyðilagðist. Með því að þessu skilyrði hefur ekki verið fullnægt hefur ekki stofnast réttur til bóta úr vátryggingunni. M á því ekki rétt til bóta.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr víðtækri eignatryggingu hjá V.

Reykjavík, 10. apríl 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl. Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 62/2018

M
og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.

Ágreiningur um afnotamissi vegna viðgerðar á atvinnubifreið eftir árekstur.

Gögn.
Málskot, móttekið 5.2.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 13.3.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Hinn 20. september varð atvinnubifreið (A) í eigu M fyrir skemmdum í árekstri við aðra bifreið sem tryggð var lögmæltri ábyrgðartryggingu hjá V. A var óökufær eftir áreksturinn. Ekki er um það deilt að tjón M, þ. á m. vegna afnotamissis sökum þess að A var óökufær, skuli bætt úr ábyrgðartryggingunni hjá V.

Samkvæmt gögnum málsins var A færð til viðgerðar á verkstæði B, umboðsaðila og innflytjanda A, hinn 22. september. Viðgerð mun svo hafa hafist 29. september og varahlutir sem skipta þurfti um voru pantaðir 3. október og munu þeir hafa borist á tímabilinu 19. október til 1. nóvember. Hinn 6. nóvember var talið að viðgerð væri lokið. Þá kom hins vegar í ljós að viðgerð á stýrisbúnaði hafði ekki farið fram og var bifreiðin því tekin aftur til viðgerðar hjá B 7. nóvember og stóð sú viðgerð yfir til 25. nóvember. Þá mun viðgerð endanlega hafa verið lokið.

Vegna afleiðinga slyssins var M óvinnufær frá 21. september til 3. október samkvæmt því sem fram kemur í fyrirliggjandi tilkynningu M um slysið til V.

V hefur fallist á greiðslu afnotamissis í 30 daga vegna þess tíma sem A var óökufær eftir áreksturinn. Einnig hefur B fallist á greiðslu afnotamissis í 14 daga vegna yfirsjónar þess varðandi viðgerð á stýrisbúnaðinum. M telur á hinn bóginn að hann hafi verið án bifreiðarinnar í alls 65 daga sem tók að gera við bifreiðina. Honum hafi verð nauðsyn að hafa bifreið til umráða allan þennan tíma vegna atvinnustarfsemi sinnar. Hefur hann gert kröfu um að V bæti honum afnotamissi fyrir þann tíma sem enn sé óbættur, eða í 21 dag (65-30-14). V hefur hafnað kröfu M um greiðslu frekari afnotamissi en það hefur þegar innt af hendi.

Álit.
Fyrir liggur að M var óvinnufær til 3. október vegna afleiðinga slyssins. Ekkert liggur fyrir í gögnum málsins um atvinnurekstur M eða umfang hans. Eins og málið liggur fyrir verður að telja ósannað að M hafi orðið fyrir fjártjóni vegna afnotamissis A þann tíma sem hann var óvinnufær. Einnig verður að telja að samkvæmt reglum skaðabótaréttar sé sá viðgerðartími sem bættist við frá 7. til 25. nóvember vegna yfirsjónar B við framkvæmd viðgerðarinnar ekki á ábyrgð V. Að virtum gögnum málsins verður á hinn bóginn ekki ráðið að viðgerðartíminn til 6. nóvember hafi að einhverju leyti verið óhæfilega langur. Samkvæmt framangreindu telst V bera ábyrgð á afnotamissi A fyrir tímabilið frá 4. október til 6. nóvember eða í alls 34 daga. V hefur þegar greitt afnotamissi fyrir 30 daga og á M því rétt á afnotamissi fyrir fjóra daga til viðbótar úr ábyrgðartryggingunni hjá V.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum fyrir afnotamissi í fjóra daga til viðbótar því sem áður hefur verið bætt úr ábyrgðartryggingu hjá V.

Reykjavík, 10. apríl 2018.
Sóley Ragnarsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson hrl. Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 63/2018

M og
Vátryggingafélagið V vegna eignatryggingar lausafjár.

Tjón á rafmagnspotti í júní 2017.

Gögn.
Málskot málskotsaðila, móttekið 12.2.2018, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 6.3.2018 ásamt fylgiskjölum.
Tölvupóstur M, dags. 6.3.2018 ásamt vátryggingarskírteinum og vátryggingarskilmálum.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að rafmagnspottur í sumarbústað M hafi „brunnið yfir“ í júní 2017. M lét farga pottinum en áttaði sig síðan á því að potturinn hafði verið tryggður sérstaklega í nokkur ár. M fór fram á bætur vegna tjónsins og telur að vátrygging sú sem hann hafði haft um árabil eigi að ná yfir það tjón sem hann varð fyrir og förgunarkostnað. Einnig vísar M til þess í viðbótarathugasemdum sínum til nefndarinnar til þess að eini eldurinn sem geti orðið í rafmagnspotti sé rafmagnseldur að sögn rafvirkja.
V telur að gildissvið vátryggingarskilmála M vegna rafmagnspottsins nái ekki til þess að potturinn „brenni yfir“. Í 8. gr. skilmálanna komi fram að lausafé sé vátryggt vegna orsaka sem tilgreinar eru sérstaklega og í gr. 8.1. segi að „með bruna er átt við eldsvoða, þ.e. lausan eld sem myndar loga og getur breiðst út sjálfkrafa.“ Ekki liggi fyrir í tjónstilkynningu M að laus eldur hafi leitt til tjóns á rafmagnspotti hans heldur bendi allt til þess að hann hafi sviðnað eða ofhitnað. V vísar til ákvæðis um undanskildar áhættur í gr. 8.1. þar sem komi fram að félagið bæti ekki slík tjón.

Álit.
Ágreiningur er um hvort gildissvið eignatryggingar lausafjár M hjá V nái til þess þegar rafmagnspottur við sumarbústað hans „brann yfir“. Í vátryggingarskilmálum er gildissvið vátryggingarinnar tæmandi talið og þar segir skýrlega í 8. gr. að lausafé sé vátryggt vegna bruna og í gr. 8.1. kemur fram frekari skilgreining á bruna, þ.e. að laus eldur þurfi að koma upp sem myndar loga. Því til viðbótar kemur fram að félagið bæti ekki tjón sem ekki verður talið eldsvoði, t.d. þegar hlutur sviðnar, ofhitnar eða bráðnar. Í tjónstilkynningu eða öðrum gögnum sem M hefur lagt fram kemur ekki annað fram um tjónsorsök en að potturinn hafi „brunnið yfir“. Ekki liggja fyrir neinar upplýsingar eða ummerki um lausan eld eða annað sem gefur til kynna að slíkt hafi leitt til tjóns M. Tjón M á því ekki undir vátryggingu hans hjá V og breytir umfang vátryggingaviðskipta hans við V í heild ekki þeirri niðurstöðu.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr eignatryggingu lausafjár hjá V.

Reykjavík, 10. apríl 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögmaður Jón Magnússon lögmaður

Mál nr. 64/2018

M og
Vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðanna A og B

Árekstur við gatnamót Dalsgerðis og Stóragerðis á Akureyri 7.12.2017.

Gögn.

Málskot málskotsaðila, móttekið 15.2.2018, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 12.3.2018 ásamt fylgiskjölum, þ.á.m. gögn sem fóru fyrir tjónanefnd vátryggingafélaganna og tölvupóstur frá eiganda bifreiðar B, dags. 8.3.2018.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu vegna áreksturs bifreiða A og B kemur fram að bifreið A var ekið norður Dalsgerði með fyrirhugaða akstursstefnu til vinstri vestur Stóragerði. Ökumaður A kveðst hafa ekið á litlum hraða en misst bifreiðina í beygjunni þannig að hún hafi snúist í hálfhring og runnið framan á bifreið B sem ekið hafi verið austur Stóragerði. Ökumaður bifreiðar B kveðst einnig hafa ekið á litlum hraða og skyndilega hafi bifreið A verið ekið inn á gatnamót í veg fyrir bifreið hans, farið í hálfhring og runnið á bifreið hans. Ökumaður bifreiðar B kvaðst hafa hemlað en það ekki dugað til að koma í veg fyrir árekstur.

M telur að ökumaður bifreiðar B eigi að bera ábyrgð á árekstrinum þar sem þeirri bifreið hafi verið ekið of hratt m.v. aðstæður og ekið á bifreið A sem hafi verið kyrrstæð þegar árekstur varð.

V telur að leggja eigi alla sök á ökumann bifrreiðar A sem hafi misst stjórn á bifreið sinni eftir að hafa ekið of hratt m.v. aðstæður og hafnaði á röngum vegarhelmingi framan á bifreið B.

Álit.

Í lögregluskýrslu kemur fram að bifreið A hafi verið ekið þannig að ökumaður hennar missti stjórn á bifreiðinni í beygju þannig að hún fór hálfhring og endaði á röngum vegarhelmingi. Þó ökumaður bifreiðar A kunni að hafa náð að stöðva bifreiðina rétt áður en árekstur varð við bifreið B verður ekki annað séð en að frumorsök áreksturs sé sú að ökumaður bifreiðar A missti stjórn á bifreiðinni og lenti fyrir bifreið B. Það að ökumaður bifreiðar B hafi ekki náð að stöðva bifreið sína fyrir áreksturinn verður ekki metið honum til sakar m.v. þær aðstæður.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðar A ber alla ábyrgð á árekstri við bifreið B.

Reykjavík, 10. apríl 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður Jón Magnússon lögmaður

Mál nr. 65/2018

M og
Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartrygginga bifreiðanna
A og B

Árekstur á bifreiðastæði við Borgartún í Reykjavík 12.1.2018

Gögn.

Málskot móttekið 15.2. 2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-6.
Bréf V, dags. 6.2.2018.

Málsatvik.

Árekstur varð á bifreiðstæði við Borgartún í Reykjavík. Ökumaður A segist hafa verið að bakka úr stöðureit þegar B var ekið hratt, gegn einstefnu, fyrir aftan A og árekstur orðið. Ökumaður B segist hafa ekið inn á bifreiðastæðið og verið kominn vel inn á það þegar ökumaður A hafi bakkað úr stöðureit.

Álit.

Hvorugur ökumaður gætti nægjanlegrar varkárni í aðdraganda árekstursins. Ökumanni A bar að athuga allar aðstæður vel áður en hann bakkaði út úr stöðureit, en það gerði ökumaður A ekki nægjanlega vel og ber því sök á árekstrinum. Ökumaður B ók gegn markaðri akstursstefnu án þess að gæta nægjanlegrar varúðar, en honum mátti vera ljóst að bifreiðar sem aka frá stöðureit gefa fyrst og fremst gaum að umferð í samræmi við akstursstefnu á umferðarsvæði. Ökumaður B ber því einnig sök á árekstrinum. Við mat á sakarskiptingu þykja ekki efni til að leggja meiri sök á annan ökumann umfram hinn og ber því hvor ökumaður um sig helming sakar.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga milli A og B

Reykjavík 17.4. 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður Jón Magnússon lögmaður

Mál nr. 66/2018
M
og
V-1 vegna frjálsrar ábyrgðartryggingar J og
V-2 vegna frjálsrar ábyrgðartryggingar Í

Ágreiningur um skaðabótaábyrgð vegna vinnuslyss þann 22. apríl 2016.

Gögn.

Málskot M dags. þann 14.2.2018, ásamt fylgiskjölum 1-18.
Bréf V-1, dags. 24.4.2018, ásamt fylgiskjölum 1-5.
Bréf V-2, dags. 16.3.2018, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

M er starfsmaður hjá verktakanum J sem var undirverktaki hjá Í. J sá um vinnu við niðursetningu svokallaðra brautarteini sem er um 800 kg. járnteinn. Fór sú vinna fram í járnsmiðju sem Í starfrækir og fólst vinna J m.a. í því að saga brautarteina til. Þann 22. apríl 2016 var M að losa keðjur undir brautarteini fyrir byggingakrana á öðrum enda hans þegar starfsmaður Í lyfti undir hinn enda brautarteinsins með lyftara. Við það féll teinninn af undirstöðum sínum á hönd M með þeim afleiðingum að hann hlaut nokkuð líkamstjón.

Í lögregluskýrslu er haft eftir stjórnanda vinnuvélarinnar, sem er starfmaður Í, að hann hafi verið að aðstoða M við að flytja brautarteininn úr vinnusalnum. Við verkið hafi þeir notast bæði við krana og lyftara til að lyfta bitanum upp og koma honum út. Þegar að útidyrunum var komið hafi stjórnandi vinnuvélarinnar ætlað að lyfta öðrum enda brautarteinsins sem vísaði að dyrunum og draga hann þannig út. Í sömu mund hafi M verið að aftengja keðjur frá krananum sem voru utan um hinn enda brautarteinsins. Þegar stjórnandi vinnuvélarinnar hafi lyft teininum hafi hann vegið salt og komið niður hinum megin og kramið fingur M á milli keðjunnar og bitans. Kvað stjórnandi vinnuvélarinnar tjónið verða rakið til sinna mistaka þar sem hann hafi ekki fylgst nægilega vel með M sem var að vinna á hinum enda bitans. Í framburði M kemur fram að hann hafi verið að aftengja keðjur sem voru utan um teininn þegar stjórnandi lyftarans byrjaði að lyfta bitanum. Þegar bitanum var lyft hafi hann klemmt þumalfingur hægri handar á milli stálbitans og keðjunnar.

Í umsögn Vinnueftirlits ríkisins kemur fram að orsök slyssins megi rekja til þess að ekki hafi verið notast við réttan búnað sem undirstöður fyrir bitana. Notast var við óskorðaða spýtufjöl (2“x4“) sem stóð upp á grennri og hærri enda hennar og lagðist því auðveldlega á hliðina þegar verið var að koma keðjum undir bitana. Þá kemur fram í skýrslu Vinnueftirlitsins að ekki hafi verið gert áhættumat.

V-1 hefur hafnað bótaskyldu með vísan til þess að tjónið verið rakið til stjórnanda vinnuvélarinnar sem skv. málsgögnum hafi farið ógætilega þegar hann lyfti brautarteininum. Þá hafi stjórnandi vinnuvélarinnar jafnframt verið verkstjóri á staðnum og borið að tryggja að verkið væri unnið á tryggan hátt. V-2 hafnar bótaskyldu með vísan til þess að skv. skýrslu Vinnueftirlitins verði slysið rakið til þess að ekki hafi verið notast við réttan búnað til að halda undir brautarteininn og það hafi verið á ábyrgð J að útvega traustar undirstöður fyrir brautarteininn.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður að telja að rekja megi tjónsatburð máls þessa til nokkurra samverkandi þátta. Af framburði aðila í lögregluskýrslu telst fyllilega sannað að tjónið verður að einhverju leyti rakið til þess að stjórnandi vinnuvélarinnar sýndi af sér vanrækslu þegar hann hífði í brautarteininn án þess að gæta nægilega að því hvort M væri undir það búinn. Einnig verður tjónið rakið til þess að aðbúnaður á vinnustaðnum var ófullnægjandi sbr. það sem fram kemur í skýrslu Vinnueftirlitsins. Samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað og

hollustuhætti á vinnustöðum hvílir sú skylda á atvinnurekanda að tryggja að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað. Þá kemur m.a. fram í 22. gr. reglugerðar nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum að „*Þar sem fleiri en einn atvinnurekandi á aðild á starfsemi á sama vinnustað, skulu þeir og aðrir sem þar starfa, sameiginlega stuðla að því að tryggja góðan aðbúnað og heilsusamlegar og öruggar vinnuaðstæður á vinnustaðnum.*“ Með hliðsjón af framangreindu bera J og Í sameiginlega ábyrgð gagnvart M.

Niðurstaða.
M á óskiptan rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu J hjá V-1 og ábyrgðartryggingu I hjá V-2.

Reykjavík 5. júní 2018

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.
Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Lúðvík Bergvinsson lögm.

Mál nr. 67/2018

M og
Vátryggingafélagið V v. starfsábyrgðartryggingar
byggingarstjórans B

Bótaskylda byggingarstjóra vegna þakleka sumarið 2014. Fyrning.

Gögn.

Málskot móttekið 15.2.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-7.
Bréf V dags. 15.3.2018 ásamt fylgiskjölum 1-5.

Málsatvik.

M segir að lokaúttekt hafi farið fram á húsinu H 22. september 2011. Þakleki hafi síðan komið fram í húsinu H sumarið 2014 og síðan aftur vorið 2017. M segir að þegar þaklekinn til V kom fram hafi aðeins þrjú ár verið liðin frá lokaúttekt á húsinu. V segir að tilkynnt hafi verið um tjón vegna ábyrgðar B með ódagssettri tjónstilkynningu sem hafi verið skilað til V þ.30.11.2017. V hafnar bótaskyldu þar sem meir en fimm ár voru liðin frá lokaúttek þegar tjónstilkynning barst V. V segist hins vegar falla frá þessari málsástæðu þar sem í ljós hafi komið að leki á þaki H hafi komið fram sumarið 2014. V hafnar bótaskyldu engu að síður þar sem krafan í starfsábyrgðartryggingu byggingarstjórans hafi verið fyrnd þegar krafa var gerð í trygginguna 30.11.2017. V vísar til 2. mgr. 4. gr. laga um fyrningu nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda, sbr. 15. gr. vátryggingaskilmála og 2. mgr. 52. gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004 fyrnist kröfur sem þessar á 10 árum. V segir að fasteignin hafi verið fokheld 17.10.2007 og ljóst að þá hafi frágangi þaks sé lokið þegar hús sé fokhelt. Tjónið hafi því í síðasta lagi verið fyrnt 17.október 2017. Þá segir V að verði ekki fallist á þá málsástæðu að krafan sé fyrnd, þá hafni V bótakröfum í starfsábyrgðartryggingu B engu að síður þar sem ekki hafi verið sýnt fram á meinta galla, orsakir þeirra né kostnað við úrbætur.

Álit.

Fyrir liggur að fokheldisvottorð var gefið út vegna H 17.10.2007. Þá var frágangi þaks lokið, en það er skilyrði þess, að fokheldisvottorð sé gefið út. Þeir gallar sem kunna að vera á húsinu og M byggir á að séu bótaskyldir úr starfsábyrgðartryggingu B voru því til staðar allt frá 17.10.2007. Fyrning á kröfum M í þessu tilviki á því undir lög nr. 14/1905 og skv. 2. mgr. 4.gr. þeirra laga fyrnast skaðabótakröfur á 10 árum. Meira en tíu ár voru liðin frá því að meintur bótaskyldur verkþáttur var unninn af B þangað til tjónstilkynning barst V og krafan á hendur B vegna þakleka því fyrnd þegar tjónstilkynningin barst. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu B hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík 10.4.2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður. Jón Magnússon lögmaður.

Mál nr. 68/2018

M og
Vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar veghaldara.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns er bifreið var ekið yfir festingu fyrir umferðarmerki.

Gögn.

Málskot, móttekið 21.2.2018, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Bréf V, dags. 7.3.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Samkvæmt því sem fram kemur í gögnum málsins mun M hafa ekið bifreið sinni yfir festingu fyrir umferðarmerki á lítilli umferðareyju á Öldugötu vestan við gatnamót þeirrar götu og Bræðraborgarstígs í Reykjavík. Kveður M að við það hafi skemmdir orðið á undirvagni bifreiðarinnar. Snjór hafi verið á götunni og slæmt skyggni og því hafi umferðareyjan og festingin verið illsjáanleg og hún ekki getað betur séð en að framundan væri auð gatan.
Telur M að veghaldarinn, Reykjavíkurborg (A), beri ábyrgð á tjóni því sem varð á bifreiðinni og hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Svo virðist sem ekki sé um það deilt að staur sá sem var á fyrrgreindri festingu var horfinn ásamt því umferðarmerki sem var á staurnum. Festing staursins hafi því staðið nokkra sentimetra upp úr yfirborði umferðareyjunnar. Af hálfu A er því haldið fram að starfsmenn hennar hafi ekki haft vitneskju um að staurinn og umferðarmerkið hafi verið farið af festingunni fyrr en þeim barst vitneskja um það eftir óhappið sem M varð fyrir, en þá hafi viðgerð farið fram. Ekkert í málsgögnum gefur tilefni til að ætla að starfsmenn A hafi fyrr haft vitneskju um það hvernig aðstæður þarna voru. Er því ósannað samkvæmt gögnum málsins að af hálfu A hafi verið unnt að bregðast við aðstæðum fyrr en raunin var. Verður því ekki séð að tjón M megi rekja til vanrækslu starfsmanna A eða annarra atvika sem A getur borið ábyrgð á. Hún á því ekki rétt á að fá tjón sitt á bifreiðinni bætt úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 17. apríl 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður Jón Magnússon lögmaður

Mál nr. 69/2018

M og
V vegna slysatryggingar launþega.

Ágreiningur um bótaskyldu.

Gögn.
Málskot, dags. 15.02.2018 ásamt fylgigögnum.
Bréf V, vátryggingafélags, dags. 09.03.2018.

Málsatvik.
M varð fyrir slysi við vinnu sína hjá Flotgólfi ef. (F) 20. maí 2016 þegar vinnuvettlingur hans festist í borvél sem hann var að nota og snerist upp á putta svo það slitnaði nánast af fremsti hluti baugfingurs við fremstu kjúku fingurs. M fór í aðgerð daginn eftir. Í eftirliti á Landspítalanum 24. ágúst 2016 kom fram að staðan á M væri eins góð og hefði verið leyft að vona í upphafi. M fór á heilsugæsluna í Grafarvogi 18. desember 2017 þar sem einkenni höfðu versnað. Þar kom fram að hreyfigeta væri skert og erfiðleikar með vissar fínhreyfingar. Enn fremur kom fram að vöðvar milli þumalfingurs og vísifingurs væru verulega rýrnaðir. M var ráðlagt að leita til handaskurðlæknis til að fá sérfræðilegt mat og daginn eftir tilkynnti M slysið til V.
V hafnar bótaskyldu úr slysatryggingu launþega sem F var með á þeim grundvelli að slysið hafi verið of seint tilkynnt. V telur að O hafi átt að vita í síðasta lagi 24. ágúst 2016 um afleiðingar slyssins þar sem hann hafi þá verið upplýstur um tryggingamál hjá göngudeild.
M telur að skv. 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 þar sem segi að upphaf fyrningarfrests sé þegar tjónþoli hafi raunverulega vitneskju um ástand sitt og þau atvik sem krafa hans byggir á. M hafi ekki vitað fyrr en 18. desember 2017 um alvarleika slyssins.

Álit.
M slasast alvarlega á hendi í vinnuslysi 20. maí 2016. Í skýrslu sem gerð var eftir komu M á Landspítalann 24. ágúst 2016 kemur fram að „staðan á M sé þannig eins góð og maður hefði leyft sér að vona í upphafi.“ Eins kemur fram að hann hafi verið upplýstur um tryggingaleg málefni. M hefði mátt vera ljóst í síðasta lagi þá að afleiðingar slyssins gætu verið varanlegar og hefði þá átt að tilkynna V um slysið. Með hliðsjón af því var frestur til að tilkynna V um slysið til 24. ágúst 2017. Tilkynning M til V um slysið 19. desember 2017 er því of seint fram komin og ekki réttur til bóta.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega F hjá V.

Reykjavík, 17. apríl 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 70/2018

M1 og
V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
M2 og
V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Árekstur á Djúpvegi á Steingrímsfjarðarheiði þann 7.8.2017.

Gögn.

Málskot M1, móttekið 16.2.2018, ásamt fylgigögnum.
Málskot M2, dags. 21.2.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V1, dags. 1.3.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V2, dags 19.3.2018.

Málsatvik.

A og B var ekið til suðurs eftir Djúpvegi í aflíðandi beygju á veginum miðað við aksturssstefnu bifreiðanna og var A ekið á eftir B. Er A var ekið vinstra megin áleiðis fram úr B varð árekstur með þeim og við það fór B út af veginum og valt. Bjart var af degi og þurrviðri þegar áreksturinn varð. Yfirborð vegarins var olíumalarborið. A er af gerðinni Nissan Patrol með, að því er virðist, sérbyggðu íverurými sem náði fram yfir stýrishúsið. Sjáanlegar ákomur á A voru á hægra megi á framstuðara og frambretti. B var húsbíll af gerðinni Mitsubishi. Hún var gjörónýt eftir óhappið.

Á vettvangi er haft eftir M1, ökumanni A, að hann verið að aka fram úr B er henni hafi verið ekið í veg fyrir sig með þeim afleiðingum að B hafi farið út af veginum. Einnig er haft eftir M1 og eiginkonu hans, sem var farþegi í A og sat hægra megin við ökumann, að M1 hafi ekið á eftir B í um 15 mínútur fyrir óhappið og hafi B verið mjög rásandi á veginum, ekið nokkuð undir hámarkshraða og nokkrum sinnum virst vera á leið út af veginum. Er B hafi verið á réttum vegarhelmingi hafi M1 ákveðið að sæta lagi og taka fram úr B, en er hann hafi verið hálfnaður fram úr henni hafi B verið beygt til vinstri í veg fyrir A. Kvaðst M1 hafa flautað til að gera ökumanni B viðvart en bifreiðirnar hafi rekist saman þannig að ökumaður B hafi misst stjórn á bifreiðinni sem í fyrstu virtist ætla út af hægra megin við veginn en skyndilega tekið snúning og farið út af vinstra megin og oltið.

Eftir M2 var haft á vettvangi að hann hafi ekið á litlum hraða eftir veginum þegar hann hafi skyndilega fundið fyrir því að ekið var aftan á B. Hann hafi skotist yfir á hægri kant og þá fundið fyrir öðru höggi og við það hafi B snúist og skotist út af veginum. M2 kvaðst ekki hafa orðið var við A fyrr en eftir fyrsta höggið. Fram kom að M2 neytti amfetamíns samkvæmt læknisráði og þyrfti að taka það reglulega vegna veikinda sinna. Framvísaði hann lyfjakorti með upplýsingum um að hann gæti leyst út amfetamín í töfluformi. Í framburðarskýrslu af M2 kemur fram að hann hafi ekki neytt amfetamíns í meira mæli en læknisráð sagði til um. Hann hafi heldur ekki verið „skakkur vegna jónu“ sem hann hafi reykt kvöldið áður og ekki fundið fyrir fíkniefnaáhrifum við aksturinn.

Í skýrslu lögreglu sem tekin var af farþega í B segir að B hafi verið ekið á 60-70 km hraða á klst. og hafi vitnið verið að horfa fram á veginn og engin umferð hafi verið á móti. Allt í einu hafi komið mikið högg aftan á bílinn við vinstra horn að því er vitninu fannst. Við það hafi B snúist til hægri og hafi framendinn vísað út af veginum þeim megin. A hafi ýtt á eftir B og hraðinn aukist. Skyndilega hafi A hætt að ýta á B og M2 náð að stjórna B, farið aftur inn á veginn og M2 bremsað. Þá hafi annað högg komið aftan á B sem hafi farið hratt áfram þrátt fyrir að M2 væri á bremsunni. Hafi B farið yfir á rangan vegarhelming og þar út af vinstra megin miðað við aksturssstefnu. Hafi B oltið á vinstri hliðina og síðan um sjö velur og endað á toppnum. Um ástand M2 kvaðst vitnið ekki hafa séð neitt óeðlilegt í fari hans.

Samkvæmt matsgerð rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði mældust í blóði M2 320 ng/ml af amfetamíni og 4,8 ng/ml af tetrahýdrókannabínóli. Í matsgerðinni segir að þessi efni séu í flokki ávana- og fíkniefna sem eru óheimil á íslensku yfirráðasvæði. Því teljist ökumaðurinn hafa verið óhæfur til að stjórna ökutæki örugglega þegar sýnið var tekið, sbr. 2. mgr. 45. gr. a umferðarlaga nr. 50/1987 með síðari breytingum. Í viðbótarupplýsingum rannsóknastofunnar kemur fram að lækningalegum styrk amfetamíns í blóði hafi verið lýst á bilinu 30-150 ng/ml. Eftir inntöku 30 mg amfetamíns hafi blóðstyrkur átta fullorðinna einstaklinga mælst hæstur 111 ng/ml í blóði, meðalstyrkur í 20 einstaklingum sem á sama hátt hafi fengið 30 mg á dag í eina viku hafi mælst með 67 ng/ml að meðaltali (sbr. Baselt: Disposition of toxic drugs and chemical in man, 8. útg. 2008). Í blóðsýni því sem til rannsóknar var hafi greinst 320 ng/ml sem teljist langt yfir lækningalegum styrk og bendi til misnotkunar.
Í málinu liggur fyrir vottorð sérfræðilæknis þar sem fram kemur að M2 hafi fengið ávísað amfetamíni í lækningalegum tilgangi vegna ADHD sjúkdóms, 10 mg fjórum sinnum á dag. Samkvæmt upplýsingum um lyfið skiljist það að miklu leyti út um nýru og því megi reikna með að helmingunartími þess sé lengri og blóðsyrkur hærri þegar nýrnastarfsemi er skert eins og raunin sé í tilviki M2. „Cannabinoidar“ skiljist einnig út um nýru að hluta til og því megi reikna með að þeir skiljist hægar út við nýrnabilun.

Álit.
Ökumenn greinir á um tildrög árekstursins. Af framburðum ökumanna, skýrslum vitna eða vettvangsrannsókn lögreglu verður ekki ráðið með vissu hver hafi verið nákvæm tildrög þess að árekstur varð með bifreiðunum.
Í gögnum frá rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði mældust 320 ng/ml af amfetamíni og 4,8 ng/ml af tetrahýdrókannabínóli í blóði M2 sem telst langt yfir styrk í lækningalegum tilgangi og bendi til misnotkunar. Engum vafa er undirorpið að M2 var undir áhrifum ávana- og fíkniefna og var því óhæfur til að stjórna ökutæki örugglega, sbr. 1. mgr. 45. gr. a umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 5. gr. laga nr. 66/2006 um breytingu á þeim. Undir þessum áhrifum var M2 óheimilt að stjórna bifreiðinni, sbr. 1. mgr. sömu greinar laganna. Þótt hann telji sig einungis hafa neytt amfetamíns samkvæmt læknisráði og efnið hafi hugsanlega verið lengur að skilja sig úr blóði hans en ella vegna skertrar nýrnastarstarfsemi er hann ekki undanþeginn þessum ákvæðum laganna.
Ef tjón hlýst af árekstri skráningarskyldra vélknúinna ökutækja skiptist tjónið á þau að tiltölu við sök þeirra sem hlut eiga að máli og með hliðsjón af atvikum öllum, sbr. 89. gr. umferðarlaga. Ekkert hefur komið fram í gögnum málsins sem sýnir fram á að áreksturinn verði rakinn til aksturslags M1 eða atvika sem hann kann að bera ábyrgð á. Er því í reynd ósannað að hann eigi sök á því hvernig fór. Í ljósi þess að M2 var að lögum óhæfur til að stjórna ökutæki örugglega og var óheimilt að stjórna ökutæki verður að telja að hann hafi sönnunarbyrðina fyrir því að áreksturinn verði ekki rakinn til aksturslags hans eða atvika sem hann með öðrum hætti ber ábyrgð á. Sú sönnun hefur ekki tekist og telst hann því eiga sök á árekstrinum.

Niðurstaða.
Leggja ber alla sök á M2, ökumann B, bifreiðarinnar YE-478.

Reykjavík, 10. apríl 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl. Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 71/2018

M og
V vegna sjúklingatryggingar X

Gildissvið sjúklingatryggingar vegna húðmeðferðar 28. apríl 2016.

Gögn.
Málskot málskotsaðila, móttekið 19..2018, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 22.3.2018.
Tölvupóstur M, dags. 22.3.2018.
Tölvupóstur V, dags. 23.4.2018, ásamt afrit tölvupóstsamskipta V við lögmann X.

Málsatvik.
M gekkst undir húðmeðferð hjá X 28. apríl 2016 í því skyni að húðflúr á hægri framhandlegg hans yrði fjarlægt að hluta með lasertækni.

M lýsir atvikum þannig að hann hafi komið til meðferðar hjá X og lasermeðferð hafi hafist án þess að meðferðarsvæðið væri sótthreinsað og að sá hjúkrunarfræðingur sem hafi haft hann til meðferðar hafi verið mjög óöruggur við beitingu þeirra tækja sem notuð voru. Annar hafi síðan tekið við og sá verið mun öruggari við notkun tækisins. Að sögn M var síðan ekki búið um meðferðarsvæðið eftir meðferðina 28. apríl 2016. Hinn 2. maí 2016 hafi M síðan leitað til læknis vegna sýkingar og fengið sýklalyf. M var ekki ánægður með árangur umræddrar meðferðar og afleiðingar og þegar hann kom til viðtals 3. maí 2016 hjá X og fékk hann endurgreiddan kostnað við meðferðina og segist hafa verið tjáð að sá starfsmaður sem hafi haft hann til meðferðar hafi ekki verið jafn vanur lasermeðferð eins og sá sem kláraði meðferðina. M leitaði síðan til sérfræðings í september 2016 og greindist með varanlegan húðskaða á handlegg sem hann rekur til meðferðar X.
M telur að það verði að líta til þeirra sjónarmiða sem hvíli á baki við lög um sjúklingatryggingu nr. 111/2000 um að þau miði að því að tryggja tjónþola víðtækari rétt á bótum en hann eigi skv. almennum skaðabótareglum og gera honum auðveldara að ná fram rétti sínum. Þannig verði að líta svo á að orsakatengsl séu sönnuð á milli meðferðar X og þeirrar sýkingar sem M var greindur með 2. maí 2016 og staðfest er í læknisvottorði, og þess varanlega skaða sem M telur sig hafa fengið eftir meðferð hjá X og staðfestur sé í læknisvottorði sérfræðings sem hann leitaði til haustið 2016. Einnig vísar M til þess að lasertæki X hafi ekki verið tilkynnt né tekin út af Geislavörnum ríkisins og verði því ekki slegið föstu að tæki það sem X notaði hafi virkað rétt. M vísar annars vegar til 1. tl. og hins vegar til 4. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingar og telur að meðferð sú sem hann fékk hafi ekki verið framkvæmd rétt og sýking sú sem hann fékk í kjölfar meðferðar sé fylgikvilli sem ekki sé sanngjarnt að hann þoli bótalaust.
V telur að X hafi framkvæmt húðmeðferð M með eðlilegum hætti og hann hafi verið upplýstur um að hann þyrfti að koma nokkrum sinnum til meðferðar sem og að passa vel upp á meðferðarsvæðið eftir hverja meðferð sem og hafi M skrifað undir að hann gerði sér grein fyrir því að meðferðin gæti valdi roða, bólgu og mari, jafnvel sári. V vísar til þess að við eftirmeðferð M hinn 3. maí 2016 hafi verið eðlilegur gróandi á meðferðarsvæðinu þó rifnað hefði ofan af blöðrum á nokkrum stöðum. M hafi verið ósáttur við að húðin gréri ekki eins og hafi það verið samkomulag milli hans og X að hann kæmi ekki aftur og þó M hafi fengið það eina meðferðarskipti endurgreitt felist ekki í því viðurkenning á því að meðferðin hafi verið ófullnægjandi. V telur að engin merki sýkingar hafi verið á meðferðarsvæðinu þegar M kom til eftirmeðferðar hjá X 3. maí 2016 og þó læknisvottorð liggi fyrir frá Læknavaktinni um að M hafi fengið sýklalyf sé kerfislægum einkennum ekki lýst frekar í vottorðinu og engin slík hafi komið fram í fyrrnefndri eftirmeðferð hjá X. V hafnar því að skilyrði 1. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu séu uppfyllt þar sem tjón sé ekki sannað og vísar einnig til þess að M hafi einungis komið einu sinni til meðferðar hjá X, en ljóst hafi verið í upphafi að X upplýsti M um að hann þyrfti að koma nokkrum sinnum til að meðferðin bæri þann árangur á húðflúr fjarlægðist

að því marki sem M hafði óskað eftir. Einnig sé ósannað að búnaður hafi verið í ólagi eða að starfsmenn hafi hagað meðferð öðruvísi en ætla mátti. V telur skilyrði 4. tl. 2. gr. laganna heldur ekki uppfyllt þar sem M hafi ekki lokið meðferð né upplýst um tíðni sýkinga eða fylgikvilla.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000 eiga sjúklingar, sbr. 2. gr. laga um réttindi sjúklinga, rétt til bóta samkvæmt lögunum sem verða fyrir líkamlegu eða geðrænu tjóni hér á landi í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð m.a. hjá heilbrigðisstarfsmanni sem starfar sjálfstætt og hlotið hefur löggildingu landlæknis til starfans. Í 2. gr. laganna segir að bætur skuli greiða án tillits til þess hvort einhver ber skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins, enda megi að öllum líkindum rekja tjónið til einhverra þeirra atvika sem síðan eru rakin í tl. 1-4. Í 1. tl. 2. gr. laganna er mælt fyrir um bótaskyldu ef ætla má að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði og í 4. tl. er vísað til tjóna sem hljótast af meðferð og tjónið er af sýkingu eða öðrum fylgikvilla sem er meiri en svo að sanngjarnt sé að sjúklingur þoli það bótalaust.

Við mat á því hvort annars vegna 1. eða 4. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingar eigi við verður að líta til þeirra þess sem kemur fram um sönnun, þ.e. að sýna verði fram á tjón og að tjón verði að öllum líkindum að vera rakið til þess að meðferð hafi ekki verið hagað eins vel og var hægt eða sýking hafi orðið meiri en svo að sanngjarnt sé að sjúklingur þoli það bótalaust. Við mat á þessum atvikum verður sönnunarbyrði ekki snúið alfarið við heldur hvílir á tjónþola að sýna fram á að atvik hafi „að öllum líkindum“ verið með þeim hætti. Í gögnum þessa máls liggur ekki fyrir hvort máli skipti að M lauk ekki fyrirhugaðri meðferð hjá X eða óháð sérfræðiálit á því hvort ástand M sé þess eðlis að ætla megi að meðferð X hafi ekki verið hagað sem skyldi. Þykir því ekki ljóst að af öllum líkindum hafi M orðið fyrir tjóni sem rekja megi til þess að meðferð X hafi ekki verið hagað sem skyldi. Í gögnum málsins verður því heldur ekki fundin stoð að þau tæki sem X notaði til húðmeðferðar hafi ekki uppfyllt skilyrði til þeirrar notkunar, þó mögulega hafi orðið vanhöld á eftirliti stjórnvalda með tækjunum. Ekki þykir heldur vera sýnt fram á að skilyrði 4. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu séu uppfyllt. Miðað við þau gögn sem liggja fyrir í málinu telst M því ekki eiga rétt á bótum úr sjúklingatryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

Tjón M bætist ekki úr sjúklingatryggingu X hjá V.

Reykjavík, 8. maí 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður Jón Magnússon lögmaður

Mál nr. 74/2018

M vegna A og
V v. ábyrgðartryggingar H

Auglýsingaskilti fauk á bifreið 8.2.2017

Gögn.

Málskot móttekið 28.2.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-4.
Bréf V, dags. 20.3.2018.

Málsatvik.

Tjón varð á bifreiðinni A þegar auglýsingaskilti féll á A, þar sem bifreiðin stóð á bifreiðastæði. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu H hjá V og segir að H hafi tekið þátt í að reisa auglýsingaskiltið og hafi frá upphafi nýtt það án þess að greiða leigu og telur M að H sé að réttu eigandi skiltisins. M segir að ekki hafi verið um ofsaveður að ræða þegar skiltið fauk á A. Þá segir M að hann telji það vítavert gáleysi að skilti eins og hér um ræðir skuli falla við jafn lítinn vindhraða og um var að ræða þegar tjónið varð enda hefði H alla möguleika til að sinna eðlilegum eftirliti með skiltinu. V hafnar bótaskyldu og segir að H sé ekki eigandi skiltisins heldur barnafataverslun sem sé hætt störfum. V segir að H hafi aldrei hugað að skiltinu enda sé skiltið hvorki í eigu eða umsjá H. V segir að skiltið hafi verið með þremur hliðum og hafi vörumerki H verið á einni, en vörumerki annarra fyrirtækja á hinum tveimur hliðunum. Þá segir V að tjónið verði ekki rakið til saknæmrar ólögmætrar háttsemi forsvarsmanna H eða annarra sem H beri ábyrgð á. V segir að mikið hvassviðri hafi verið í umrætt sinn og vindhviður náð allt að 30 m/s á þeim tíma þegar tjónið varð. Þá vísar V til þess, að ekki hafi verið sýnt fram á að uppsetning eða viðhald auglýsingaskiltisins hafi verið ábótavant eða skiltið fest með öðrum hætti en venjulega tíðkist.

Álit.

Sá sem gerir kröfu um greiðslu skaðabóta úr hendi annars ber almennt sönnunarbyrði fyrir því að skilyrði til greiðslu slíkra bóta séu uppfyllt. Ekki liggja fyrir gögn í málinu sem benda til þess eða sýna fram á að uppsetning auglýsingaskiltisins, eftirliti eða festingum hafi verið ábótavant eða H eða einhver á þeirra vegum hafi vitað af því. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu H hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu H hjá V.

Reykjavík 17.4. 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður. Jón Magnússon lögmaður.

Mál nr. 75/2018

M og
V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Árekstur á gatnamótum Nýbýlavegar, Dalvegar og Skemmuvegar í Kópavogi 17.10.2018.

Gögn.

Málskot, móttekið 16.2.2018, ásamt fylgigögnum.
Tölvubréf V1, dags. 12.3.2018.
Bréf V2, dags 19.3.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

A var ekið vestur Nýbýlaveg eftir hægri beygjuakrein til vinstri suður Dalveg og B var ekið austur Nýbýlaveg eftir hægri akrein. Á gatnamótunum rákust saman hægri hlið A og framendi B. Umferð um gatnamótin er stjórnað með umferðarljósum og eru sérstök beygjuljós til vinstri af Nýbýlavegi suður Dalveg sem og norður Skemmuveg. Myrkur var, rigning og blautt færi þegar áreksturinn varð. Engin hemlaför voru sýnileg á akbrautinni eftir ökutækin.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið vestur Nýbýlaveg og ætlað að beygja til vinstri suður Dalveg. Hafi hann ekið á 70-80 km hraða á klst. eftir beygjuakreininni. Gult ljós hafi logað á umferðarljósunum fyrir hans akstursstefnu þegar hann ók inn á gatnamótin. Áreksturinn hafi orðið þegar hann var kominn inn á gatnamótin. Hann hafi ekki séð til ferða B fyrr en um leið og áreksturinn varð og því ekkert getað gert til að afstýra árekstrinum.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið austur Nýbýlaveg á hægri akrein og stöðvað við gatnamótin andspænis rauðu ljósi. Ein bifreið hafi verið fyrir framan B. Hann hafi svo ekið af stað þegar grænt ljós kviknaði fyrir akstursstefnu hans. Allt í einu hafi hann séð A koma á miklum hraða inn á gatnamótin úr gagnstæðri átt. Hann hafi hemlað en það hafi ekki dugað til að koma í veg fyrir áreksturinn.

Vitni sem kvaðst hafa verið ökumaður kyrrstæðrar bifreiðar fyrir aftan B þar sem hún hafi verið á rauðu ljósi við gatnamótin. Þegar grænt ljós kviknaði fyrir akstursstefnu þess hafi það ekið af stað á eftir B. Þegar B hafi verið rétt komin inn á gatnamótin hafi A komið úr hinni áttinni á miklum hraða og árekstur orðið. Kvað vitnið að það væri „100%“ öruggt að B hafi verið ekið gegn grænu ljósi.

Álit.

Aðila greinir nokkuð á um stöðu umferðarljósanna þegar þeir óku inn á gatnamótin. Ökumaður A kvaðst hafa ekið á 70-80 km hraða inni á gatnamótunum og gult ljós hafi logað fyrir akstursstefnu hans þegar hann ók inn á þau. Þegar litið er til þessa og framangreinds framburðar vitnis, sem ekki eru efni til að véfengja, verður að telja næga sönnun komna fram um að ökumaður A hafi ekið inn á gatnamótin á móti rauðu ljósi. Ekkert í gögnum málsins gefur tilefni til að ætla að áreksturinn megi rekja til bilunar í búnaði umferðarljósanna. Verður því öll sök lögð á ökumann A.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 17. apríl 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður Jón Magnússon lögmaður

Mál nr. 76/2018

M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Árekstur á bifreiðaplani við verslun Hagkaups í Garðabæ 6.2.2018.

Gögn.

Málskot málskotsaðila, móttekið 23.2.2018, ásamt fylgiskjölum og tölvupóstur dags. 5.4.2018.
Bréf V1, dags. 14.3.2018.
Tölvupóstur V2, dags. 3.4.2018 ásamt skýringum ökumanns bifreiðar B dags. 1. apríl 2018.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að árekstur varð með bifreiðum A og B á bifreiðaplani við verslun Hagkaups í Garðabæ. Ökumenn skiluðu hvor sinni skýrslu vegna aðdraganda árekstursins. Ökumaður bifreiðar kveðst hafa ekið aftur á bak úr merktum stöðureit á bifreiðastæðinu og stöðvað síðan vegna annarrar umferðar á bifreiðastæðinu og þá hafi bifreið B verið ekið úr austri til hægri í þann merkta stöðureit sem bifreið A hafi verið í, með þeim afleiðingum að bifreið B hafi verið ekið utan í bifreið A. Ökumaður bifreiðar B lýsir hins vegar atvikum þannig að bifreið A hafi verið ekið aftur á bak á bifreið B þegar ökumaður bifreiðar B tók hægri beygju inn í stöðureit bifreiðastæðisins.
M telur að sök hafi ranglega verið lögð á hann sem ökumann bifreiðar A. M telur sannað að hann hafi verið búinn að aka aftur á bak þegar ökumaður bifreiðar B þröngvar sér framhjá bifreið A með þeim afleiðingum að árekstur varð. M vísar til stöðu þeirra bifreiða sem voru á bifreiðaplaninu á sama tíma og að ákoma á bifreið hans sýni að ekið hafi verið utan í hana. Einnig vísar M til óundirritaðrar lýsingar farþega í bifreið A af aðdraganda áreksturs sem er á þá leið að snjór hafi verið, margir bílar og mikil þrengsli þegar bifreið B hafi verið ekið utan í bifreið A sem þá hafi verið kyrrstæð.
V1 tekur undir sjónarmið M í málinu og telur að leggja eigi alla sök á ökumann bifreiðar B fyrir að hafa tekið of þrönga beygju inn í stöðureit bifreiðastæðis og þannig ekið utan í bifreið A.
V2 telur að ökumaður bifreiðar A eigi að bera alla sök á árekstrinum fyrir að hafa ekið af stað úr kyrrstöðu til að koma bifreið sinni aftur inn í stöðureit og þannig ekið í veg fyrir ökumann bifreiðar B.

Álit.

Í málinu má sjá að það er nokkur ágreiningur um málavexti í aðdraganda áreksturs milli ökumanna bifreiðanna A og B. Af gögnum málsins í heild verður þó ekki annað ráðið en að aðstæður hafi verið með þeim hætti á bifreiðaplani við verslun Hagkaups í Garðabæ að nokkur umferð hafi verið og snjór og akstursskilyrði þannig að vegfarendur hafi þurft að sýna sérstaka aðgát við akstur um bifreiðaplanið. Í 4. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 kemur fram að vegfarendur eigi að sýna öðrum tillitsemi. Í 17. gr. sömu laga eru einnig fyrirmæli um að ökumenn sýni sérstaka aðgát þegar þeir aka aftur á bak sem og þegar þeir aka til hliðar. Með hliðsjón af gögnum aðstæðum öllum verður að leggja til grundvallar að slíkar skyldur hafi hvílt jafnt á ökumönnum beggja bifreiða, þ.e. A og B.
Sá ágreiningur sem mestu máli skiptir varðandi sakarskiptingu milli ökumanna er hver málsatvik voru í aðdraganda árekstursins, m.a. hvort ökumaður bifreiðar A hafi verið að aka aftur á bak þegar árekstur varð, eða hvort hann hafi stöðvað bifreið sína það löngu fyrir árekstur að máli skipti við sakarskiptingu. Einnig hvort ökumaður bifreiðar B hafi vanmetið aðstæður og tekið of þrönga hægri beygju. Þó í gögnum málsins sé endursögn af frásögn farþega í bifreið A verður að meta hana bæði með hliðsjón af því að ekki er ljóst af gagninu að hún stafi frá farþeganum sjálfum, þ.e. með undirritun skjals eða tölvupóststaðfestingu. Ekki liggur fyrir lögregluskýrsla eða skýrsla sjálfstæðs rannsóknaraðila um hverjir voru á vettvangi þegar árekstur varð eða hvort hafi verið vitni sem hefðu

getað varpa frekara ljósi á málavexti. Ekki liggur heldur fyrir sameiginleg lýsing ökumanna á aðstæðum eða atvikum.
Með hliðsjón af því verður frásögn annars ökumannsins ekki lögð til grundvallar frekar en hins og ekki eru efni til að leggja sönnunarbyrði á annan en hinn þar sem báðum bar, skv. fyrrnefndum fyrirmælum umferðarlaga að gæta aðgátar við aksturinn um bifreiðaplanið. Vegna þess ágreinings sem er um atvik málsins verður ekki lögð meiri sök á annan ökumann en hinn og sök því skipt til helminga milli ökumanna bifreiða A og B.

Niðurstaða.
Sök skiptist til helminga.

Reykjavík, 24. apríl 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögmaður Jón Magnússon lögmaður

Mál nr. 77/2018

M og
V v/ húseigendatryggingar íbúðarhúsnæðis.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna raka og mygluskemmda í vegg og innréttingu.

Gögn.
Málskot, móttekið 26.2.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 17.4.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Á árinu 2017 keyptu M íbúð á 2. hæð í tilteknu fjölbýlishúsi (A) sem byggt var á árinu 2007. Skömmu eftir afhendingu íbúðarinnar urðu þau vör við fúkka og rakalykt í eldhússkáp og raka í baðherbergi. M leituðu til verkfræðistofu (B) og kveða M að starfsmenn B hafi bent þeim á að skyndilegt vatnstjón hafi orðið bak við vegg sem hafi orsakað tjónið með því að væntanlega hafi verið borað í lögn þegar unnið var við innréttingu í eldhúsi.
Af hálfu B var útbúin sérstök skoðunargerð á ástandi eignarinnar, dags. 31. janúar 2018. Kemur fram í inngangi skoðunargerðarinnar að A sé þriggja hæða forsteypt einingahús. Milliveggir séu annars vegar forsteyptir innveggir og hins vegar gifsveggir klæddir á blikkstoðir sem fyllt er með einangrun. Þar segir enn fremur að engar rannsóknir hafi verið gerðar á byggingarhlutum en skoðunargerðin væri byggð á sjónskoðunum sem fram fóru annars vegar 15. desember 2017 þegar búið hafi verið að opna byggingarhluta til skoðunar á innviðum þeirra og hins vegar 17. janúar 2018 þegar búið hafi verið að fjarlægja millivegg sem skilur að baðherbergi og eldhús ásamt því að þá hafi verið búið að fjarlægja hluta af gólfefnum í eldhúsinu og baðherberginu. Um ástandsskoðunina segir í skoðunargerðinni að greinilegt sé að raki hafi lengi verið til staðar, en raki hafi verið vel sýnilegur og fúkkalykt hafi gosið upp þegar gatað var í gegnum bakplötu eldhússkáps og millivegg sem skilur á milli eldhúss og baðherbergis. Neðri gifsplötur á innra lagi milliveggsins séu ekki rakagifsplötur, en þegar slíkar plötur séu orðnar rakar byrji veggstoðir að tærast eins og raunin hafi verið í þessu tilfelli. Festingum til uppsetningar á eldhúsinnréttingu hafi verið komið fyrir með því að bora gat með 10 mm trébor í gegnum innra og ytra byrði gifsveggjar og gifsfestingin sé rekin gegnum bæði lög gifsklæðningarinnar. Eftir skoðun á ummerkjum á íbúðinni er það ályktun þess sem annaðist skoðunargerðina að heitavatnslögn hafi skemmst við það er gifsfestingu var komið fyrir í milliveggnum með þeim afleiðingum að gat hafi komið á lögnina og orsakað rakaskemmdir. Raki hafi borist um millivegginn og í sökkla undir eldhúsinnréttingu og einnig í gólflögn milliplötu sem skýri raka undir flísum á bað- og eldhússvæði.
Húseigendur að A hafa í gildi húseigendatryggingu íbúðarhúsnæðis hjá V. M hafa krafist bóta úr vátryggingunni vegna framangreinds tjóns á íbúð þeirra. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.
Samkvæmt grein 9.1.1 í skilmálum húseigendatryggingar þeirrar sem hér er til skoðunar bætir vátryggingin tjón af völdum vatns, gufu og olíu, sem óvænt og skyndilega streymir úr leiðslum hússins og á upptök innan veggja þess. Greiðir vátryggingin kostnað við uppbrot og rask sem óhjákvæmilegt er til þess að stöðva leka, svo og frágang að nýju vegna slíkra aðgerða, þannig að húseignin sé í sama og eigi verra ástandi en hún var fyrir tjónið. Eins og fram kemur í skoðunargerð B var greinilegt að raki hafði lengi verið til staðar í íbúðinni. Er því ljóst að þær rakaskemmdir sem höfðu orðið á fasteigninni voru ekki af völdum vatns sem óvænt og skyndilega streymdi úr leiðslum hússins heldur um langan tíma. Í þessu sambandi getur ekki skipt máli með hvaða hætti rof varð á leiðslunni. Skilyrði skilmála um að tjónið hafi orðið af völdum vatns sem skyndilega og óvænt streymdi úr leiðslum hússins er því ekki fullnægt. Af því leiðir að bótaskylda er ekki fyrir hendi úr umræddri húseigendatryggingu hjá V.

Niðurstaða.
M eiga ekki rétt á bótum úr húseigendatryggingu íbúðarhúsnæðis, hjá V.

Reykjavík, 15. maí 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður Jón Magnússon lögmaður

Mál nr. 78/2018

M og
V v. ábyrgðartryggingar fasteignatryggingar H

Maður rann til á rúðu sem var hulin snjó 16.4.2013.

Gögn.

Málskot móttekið 21.2.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-8.
Bréf V dags. 23.3.2018 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

M varð fyrir líkamstjóni þegar hann rann á rúðu sem var hulin snjó í garði við fasteign H. Rúðan brotnaði þegar M féll og skarst hann við það á hægri hendi. M segir að H hafi fengið sig til að vökva plöntur í skúr sem sé í bakgarði við hús H meðan H væru fjarverandi og hafi M verið þeirra erinda í umrætt sinn. M segist hafa stigið á rúðuna á leið sinni að skúrnum. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu fasteignatryggingar H hjá V og segir að það sé ábyrgðarhluti af hálfu H að skilja eftir rúðu óvarða á jörðinni og því hafi fylgt slysahætta. M segir að rúðum hafi verið komið fyrir við húsvegg en þær fallið til jarðar í slæmu veðri og snjókomu. M byggir á því að það hafi verið óforsvaranlegt af H að hafa glerrúður óvarðar úti um vetur og á því beri H fulla ábyrgð. Þessi vanbúnaður hafi verið orsakavaldur slyssins þar sem M hafi verið lögmætra erinda á ferð um lóðina. V hafnar bótaskyldu og segir að rúðurnar hafi verið uppistandandi og stífaðar við húsvegginn fjarri gönguleiðum, þegar H fóru í ferð til útlanda. V segir að allur frágangur og umhirða fasteignar H hafi verið með besta móti og ekkert liggi fyrir um það af hverju rúðan eða rúðurnar lágu á jörðinni þennan umrædda dag. Ekki sé sýnt fram á það af hálfu M að frágangur, eða annað við húseign M þ.m.t. frágangur varðandi rúðuna eða rúðurnar, hafi verið óforsvaranlegur.

Álit.

Af hálfu H er því haldið fram að þegar þau fóru til útlanda, þá hafi rúður verið stífaðar og festar við húsvegg og þeim er ókunnugt um af hverju þær losnuðu, en M getur sér til að það hafi gerst í óveðri. Í málinu liggur ekki fyrir að H hafi þurft að gera frekari ráðstafanir varðandi umbúnað hvað varðar rúður þær sem hér um ræðir eða að frágangur þeirra hafi verið óforsvaranlegur. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt til bóta úr húseigendatryggingu H hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr húseigendatryggingu H hjá V

Reykjavík 24.4.2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður Jón Magnússon lögmaður

Mál nr. 79/2018

M og
V v. ábyrgðartrygginga bifreiðanna A og B

Árekstur á vegi við Hraunbrekku í Húsafelli 25.2.2017.

Gögn.

Málskot móttekið þ. 5.3.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-3.
Bréf V dags. 16.3.2018.

Málsatvik.

Árekstur varð á vegi við Hraunbrekku í Húsafelli. Vegurinn er þröngur og bifreiðunum var ekið hvor á móti annarri. Ökumaður B segist hafa ekið niður aflíðandi brekku og þá séð til ferða A þar sem A hafi verið ekið á töluverðum hraða á móti B. Ökumaður B segist þá hafa fært sig eins og kostur hafi verið út í hægri kant vegarins en A hafi komið stjórnlaus rennandi á móti sér og lent með vinstri hlið framan á B. Ökumaður A segist hafa ekið á um 25 km. hraða og hafi séð B sem hafi verið ekið á miðjum veginum á móti sér. Ökumaður A segist þá hafa reynt að hægja á bifreiðinni og reynt að færa sig eins langt til hægri og kostur var og hafi A verið nánast kyrrstæð þgar B ók í vinstri hlið A. Fyrir liggja ítarlegar lýsingar ökumanna. Fram kemur í gögnum málsins að mikil hálka hafi verið á veginum þegar áreksturinn varð .

Álit.

Árekstur bifreiðanna varð á þrögnum vegi í mikilli hálku sbr. lýsingu aðila sem kom á vettvang. Báðir ökumenn halda því fram, að þeir hafi ekið varlega og vikið svo sem kostur var til hægri. Eins og atvikum er háttað og þeim gögnum sem lögð hafa verið fyrir í málinu er ekki sannað hver staðsetning bifreiðanna var nákvæmlega eða ökuhraði var þegar árekstur varð. Að virtum gögnum málsins verður því sök skipt til helminga þar sem ekki eru efni til að leggja sök á annan ökumanninn umfram hinn.

Niðurstaða.

Hvor aðili ber helming sakar.

Reykjavík 10.4.2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður. Jón Magnússon lögmaður.

Mál nr. 80/2018

M og
V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðanna A og B

Árekstur á Víkurskarði 21.8.2017.

Gögn.
Málskot málskotsaðila, móttekið 28.2.2018, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 14.3.2018 ásamt niðurstöðu tjónanefndar og myndum.

Málsatvik.
Í gögnum málsins kemur fram að ökumenn bifreiðanna A og B skiluðu hvor um sig lýsingu til V á tjónsatviki sem varð á þjóðvegi 1 á Víkurskarði hinn 21. ágúst 2017. Ökumaður bifreiðar A kveðst hafa verið ekið á hægri akrein um Víkurskarð og fært ökutæki sitt til vinstri á veginum til að komast framhjá hjólreiðamönnum sem voru á lengst til hægri á akreininni. Þá hafi bifreið B verið ekið vinstra megin framúr og árekstur orðið með bifreiðunum. Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa ekið á eftir bifreið A og séð þegar þeirri bifreið var ekið til vinstri framhjá hjólreiðamönnum og svo aftur inn á hægri akrein vegar. Þá hafi ökumaður bifreiðar B metið það svo að hann gæti ekið fram úr bifreið A en árekstur hafi orðið með bifreiðunum þegar bifreið B hafi verið ekið til vinstri án sýnilegrar ástæðu.
M telur að öll sök hafi ranglega verið lögð á ökumann bifreiðar A og telur að ökumaður bifreiðar B hafi ranglega metið aðstæður til framúraksturs í greint sinn, sbr. fyrirmæli í a.lið 20. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. M vísar til framburðar ökumanns bifreiðar A um að hann hafi eingöngu ekið til vinstri til að fara framhjá hjólreiðamönnum og í sömu mund hafi árekstur orðið með bifreiðum A og B. M telur að árekstur hafi átt sér stað þegar ökumaður A var að aka framhjá þeim hjólreiðamönnum sem voru við hægri vegkant en ekki eftir að hann var kominn framhjá þeim, eins og ökumaður bifreiðar B heldur fram. V tekur ekki sérstaka afstöðu til sakarskiptingar en lýsir ofangreindum sjónarmiðum eiganda bifreiðar A og bendir einnig á að ökumaður bifreiðar B telji bifreið A hafi verið ekið til vinstri í veg fyrir bifreið B sem hafi þá þegar hafið framúrakstur. Ökumaður bifreiðar A hafi því ekið gegn fyrirmælum í c. lið 20. gr. umferðarlaga þar sem kemur fram að ökumenn skuli gæta þess að hefja ekki framúrakstur ef sá sem á eftir er hafi gert það á undan.

Álit.
Í málinu má sjá að það er nokkur ágreiningur um málavexti og stöðu bifreiða m.t.t. umferðar hjólreiðamanna nákvæmlega þegar árekstur varð. Ljóst er af fyrirmælum 20. gr. umferðarlaga að báðum ökumönnum bar að gæta varúðar við akstur framúr öðrum vegfarendum. Annars vegar ökumaður bifreiðar A m.t.t. umferðar fyrir aftan sig og hins vegar ökumaður bifreiðar B m.t.t. umferðar fyrir framan sig. Í ljósi þeirrar óvissu sem uppi er um atvik og afstöðu beggja bifreiða til þeirra vegfarenda sem einnig voru á akbrautinni, þ.e. hjólreiðamanna þeirra sem báðir ökumenn vísa til, telst ekki unnt að leggja meiri sök á annan ökumann en hinn vegna árekstursins.

Niðurstaða.
Sök skiptist til helminga.

Reykjavík, 17. apríl 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögmaður Jón Magnússon lögmaður

Mál nr. 81/2018

M og
V v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A

Krafa um bætur skv. 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 vegna áreksturs 4.3.2017.

Gögn.

Málskot móttekið 5.3.2018, ásamt fylgiskjölum nr. 1-6.
Bréf V, dags. 12.4.2018

Málsatvik.

Bifreiðinni A var ekið aftan á bifreið sem M ók og segir vitni að árekstrinum að A hafi ekið harkalega aftan á A. Í lögregluskýrslu kemur fram að ökumaður bifreiðar A hafi ekki haft ekki réttindi til að aka bifreiðum. M varð fyrir líkamstjóni við áreksturinn. M krefst þess að úrskurðað verði að hún eigi rétt til bóta skv. 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og byggir á því að það teljist stórkostlegt gáleysi að aka bifreið án ökuréttinda og vísar til dóma Hæstaréttar í málum 671/2016 og 202/2015. V hafnar bótaskyldu skv. 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga. V segir að réttindaleysi tjónvalds sé ekki í orsakasamhengi við slysið. Báðum bifreiðum hafi verið ekið á litlum hraða og um vægan árekstur hafi verið að ræða. V bendir á að sambærilegir árekstrar og sá sem hér um ræðir séu algengir hjá ökumönnum sem séu með ökuréttindi og teljist í mesta lagi til gáleysis þeirra en ekki stórkostlegs gáleysis eins og áskilið er í fyrrnefndri lagagrein. V bendir á að skv. a lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga sé um heimildarákvæði að ræða en kveði ekki á um skilyrðislausan rétt tjónþola til miskabóta.

Álit.

Jafnvel þó að vitni beri að áreksturinn hafi verið harkalegur þá virðist hafa verið um að ræða árekstur bifreiða á lítilli ferð, sbr. ákomur á bifreiðunum . Ökumaður A hafði ekki réttindi til að aka bifreið þegar áreksturinn varð, en slíkt réttindaleysi leiðir ekki sjálfkrafa til þeirrar niðurstöðu að akstur hans feli í sér stórkostlegt gáleysi af hans hálfu. Í því sambandi verður að meta allar aðstæður og skiptir þá m.a. máli hvort bifreið hafi verið ekið hratt og/eða ógætilega í umrætt sinn eða ekki. Einnig skiptir máli hvort ökumaður hafði einhverja reynslu eða þekkingu á akstri bifreiða, en ekki er sýnt fram á eða haldið fram að ökumaður A hafi ekki haft neina þekkingu eða reynslu af akstri bifreiða þegar slysið varð. Sönnunarbyrði um stórkostlegt gáleysi ökumanns bifreiðar A hvílir á M. Af gögnum málsins verður ekki séð að A hafi verið ekið hratt eða ógætilega í umrætt sinn eða að réttindaleysi hans hafi með beinum hætti leitt til áreksturs við bifreið M. Verður því ekki séð, miðað við fyrirliggjandi gögn, að ökumaður A hafi gerst sekur um stórkostlegt gáleysi við aksturinn. M á því ekki rétt á bótum skv. 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum skv. 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga.

Reykjavík 8. maí 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður Jón Magnússon lögmaður

Mál nr. 82/2018

M og
V vegna frjálsrar ábyrgðartryggingar X

Fiskikör í eigu X fuku á bifreið þann 22.11.2007.

Gögn.
Málskot málskotsaðila, móttekið 5.3.2018, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 20.3.2018 ásamt fylgiskjölum 1-3.

Málsatvik.
Samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslu í málinu voru málsatvik með þeim hætti að fiskikör fuku frá athafnasvæði X á bifreið í eigu M. Haft er eftir vitni að þetta hafi gerst þann 22.11.2017 á milli kl 15:00 og 16:00. Lýsir vitnið atvikum með þeim hætti að 5 kör hafi tekist á loft í miklu hvassviðri og að þau hafi farið í 4 – 5 metra hæð með þeim afleiðingum að tvö þeirra lentu á bifreið M. Segir vitnið vindmæli nærri tjónsstaðnum hafa sýnt 54 m/sek í vindhviðunni.
Af gögnum málsins má ráða að fiskikörin hafi verið geymd á umráðasvæði X og að starfsmenn fiskmarkaðs (F) hafi einnig haft aðgengi að svæðinu á grundvelli samnings um útleigu fiskikaranna. Í samningi á milli X og F um útleiguna segir orðrétt:
„*Leigusali leigir út fiskiker og fiskkassa, hér eftir nefnd ker, sem eru eign leigusala og annarra, auk þess að annast um skráningar, umsýslu og eftirlit á umbúðum fyrir þriðja aðila enda liggi fyrri samningur milli leigusala og þriðja aðila. Þjónustuaðili tekur að sér að annast móttöku, skráningu, geymslu, eftirlit, millifærslu og afhendingu kerja í eigu eða umsjón leigusala samkvæmt nánari verklýsingu í 2. og 7. gr.*“
Þá kemur eftirfarandi fram í 2. gr. samningsins „*..Þjónustuaðili geymir ker á vegum leigusala á tryggan og fullnægjandi hátt.*“
M telur X bera sakarábyrgð á tjóni sínu á þeim grundvelli að frágangur karanna hafi verið óforsvaranlegur og að það hafi verið á ábyrgð X að ganga frá þeim, enda hafi fiskikörin verið á athafnasvæði X og ekki í útleigu þegar atvikið átti sér stað.
V hefur hafnað bótaskyldu á þeim grundvelli að samkvæmt samningi X og F hafi X ekki borið ábyrgð á fiskikörunum í umrætt sinn. Heldur hafi það verið á ábyrgð F að geyma ker á vegum leigusala á tryggan og fullnægjandi hátt sbr. ákvæði framangreindrar 2. gr. samningsins. Í svari sínu til Úrskurðarnefndar vísar V einnig til þess að ekki hafi verið sýnt fram á að frágngur karanna hafi verið ófullnægjandi í umrætt sinn. Að sögn vátryggingartaka hafi körin verið geymd innan girðingar og þeim að auki skýlt með gámum.

Álit.
Gögn málsins bera með sér að annars vegar er deilt um það hver beri ábyrgð á frágangi fiskikaranna í umrætt sinn og hins vegar hvort að tjónið verði rakið til þess að gengið hafi verið frá körunum með ófullnægjandi hætti.
Þjónustusamningur X og F um útleigu fiskikaranna er nokkuð óskýr um það atriði hver beri ábyrgð á körunum þegar þau eru geymd á athafnasvæði X. Af þeim sökum telst ósannað að X hafi með samningi sínum við F samið sig frá þeirri ábyrgð sem almennt hvílir á X sem eiganda og umráðaaðila þeirra þegar þau eru staðsett umráðasvæði X.
Af gögnum málsins verður hins vegar ekki annað séð en að frágangur og umbúnaður karanna hafi verið þeim hætti sem almennt er krafist í slíkri starfsemi. Ekki hefur verið sýnt fram á að tjón M megi rekja til atriða sem X eða starfsfólk hans beri ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 10. apríl 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Jón Magnússon lögmaður

Mál nr. 83/2018

M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Árekstur bifreiða við bifreiðastæði á Sogavegi 6.2.2017.

Gögn.
Málskot málskotsaðila, móttekið 5.3.2018, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V1, dags. 21.3.2018.
Tölvupóstur V2, dags. 22.3.2018 ásamt myndum af tjónstiltilkynningu ökumanna.

Málsatvik.
Í gögnum málsins liggur fyrir sameiginleg tjónstilkynning ökumanna vegna áreksturs sem varð skv. henni á Sogavegi 6. febrúar 2017 kl. 10.45. Báðir ökumenn undirrituðu framhlið tjónstilkynningarinnar og þar er hakað í reit nr. 14 hjá báðum varðandi tjónsatvik, þ.e. að báðir ökumenn hafi ekið aftur á bak. Til viðbótar eru yfirlýsingar frá hvorum ökumanni um sig í öðrum tölusettum reitum nr. 14 á framhlið tjónstilkynningarinnar, en þeir eru merktir sem „aðrar upplýsingar“. Þar kemur fram hjá ökumanni A: „Er að bakka í stæði stoppar og flautar.“ Hjá ökumanni B segir síðan: „Er að bakka úr stæði hann stopp að bakka í stæði.“ Þessu til viðbótar kemur fram að tjón hafi orðið aftarlega á vinstri hlið bifreiðar A og aftan á bifreið B.
M telur að ökumaður bifreiðar B eigi að bera alla ábyrgð á árekstrinum þar sem hann sem ökumaður bifreiðar A hafi verið kyrrstæður þegar árekstur varð. Bifreið B hafi verið ekið í hlið bifreiðar A og ökumaður bifreiðar A hafi gert allt sem hægt var að gera til að koma í veg fyrir tjón, gefið hljóðmerki, sbr. fyrirmæli í 31. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 auk þess sem ökumaður bifreiðar B hafi átt að veita umferð frá hægri forgang, sbr. fyrirmæli í 25. gr. sömu laga. M telur að framburður ökumanns B sýni að ökumaður A hafi verið kyrrstæður þegar árekstur varð.
V1 gerir ekki sérstakar athugasemdir vegna málsins en V2 telur að skipta eigi sök til helminga milli ökumanna bifreiða A og B þar sem hvorugur hafi gætt nægilega að sér við akstur aftur á bak.

Álit.
Í málinu liggur fyrir undirrituð sameiginleg tjónstilkynning ökumanna þar sem þeir báðir bera um að þeir hafi ekið aftur á bak í aðdraganda áreksturs. Í 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga kemur fram að ökumaður skuli, „áður en hann snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak, ganga úr skugga um, að það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra.“ Bæði ökumanni bifreiðar A og B bar því að gæta sérstaklega að annarri umferð í aðdraganda áreksturs. Þó litið sé til þess sem kemur fram í texta á framhlið tjónstilkynningar, um að ökumaður bifreiðar B gefi til kynna að bifreið A hafi verið stöðvuð áður en árekstur varð, er ekki hægt að leggja til grundvallar að ökumaður A hafi stöðvað bifreið sína það löngu áður að máli skipti við sakarskiptingu. Hvorugur ökumann telst hafa gætt nægilega að annarri umferð og vegna ofangreindra gagna ekki tilefni til að leggja meiri sök á annan ökumann en hinn.

Niðurstaða.
Sök skiptist til helminga milli bifreiða A og B.

Reykjavík, 10. apríl 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Jón Magnússon lögmaður

Mál nr. 84/2018

M og
V1 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Árekstur á Strandgötu við Fjörukrána í Hafnarfirði 14.1.2018

Gögn.

Málskot móttekið 8.3.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-3.
Bréf V-1, dags. 21.3.2018 ásamt fylgiskjölum 1-2.
Bréf V-2, dags. 21.3.2018 ásamt fylgiskjölum 1-4.

Málsatvik.

Árekstur varð á milli A og B á Strandgötu í Hafnarfirði á móts við Fjörukrána. Ökumaður A segir að ökumaður B hafi ekið fram úr A og ekið á vinstra framhorn A þegar B var að aka aftur inn á hægri akrein. Ökumaður B segir ökumann A hafa hægt á sér og ekið út í hægri vegakant og hafi hann þá tekið framúr, en þegar hann hafi verið til móts við A hafi ökumaður hennar beygt í U-beygju og árekstur orðið. Ökumaður B lagði fram ljósmyndir af hjólförum í kjölfar árekstursins. Ökumaður A mótmælir sönnunargildi ljósmyndanna og segir þær teknar hálftima eftir áreksturinn

Álit.

Ágreiningur er á milli ökumanna um aðdraganda árekstursins. Ekki liggur fyrir sameiginleg tjónstilkynning frá aðilum. Í málinu liggja fyrir ljósmyndir af vettvangi, en ekki er hægt að leggja þær til grundvallar varðandi sönnun á staðsetningu bifreiðanna eða akstri þar sem ekki liggur skýrt fyrir að þær séu teknar í beinu framhaldi af árekstrinum. Önnur sönnunargögn sem máli skipta varðandi staðsetningu bifreiðanna liggja ekki fyrir í málinu og af þeim sökum hefur ekki verið upplýst hver staða bifreiðanna var í aðdraganda árekstursins og er sök því skipt til helminga.

Niðurstaða.

Hvor ökumaður ber helming sakar.

Reykjavík 17.4.2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður. Jón Magnússon lögmaður.

Mál nr. 85/2018

M og
V v/ slysatryggingar ökumanns.

Stúlka slasaðist er bifreið sem hún ók án ökuréttinda valt.

Gögn.
Málskot, móttekið 9.3.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 23.3.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Að kvöldi 1. október 2017 ók M bifreiðinni A á hringveginum í Langadal á Möðrudalsheiði, þar sem A valt. Segir í lögregluskýrslu að þarna sé vegurinn búinn bundnu slitlagi, hann sé í fullri breidd og á honum séu engar beygjur. Á vettvangi hafi mátt sjá af förum eftir A að hún hafi runnið eftir veginum, út af vegöxlinni hægra megin, oltið fjórar til fimm veltur og staðnæmst á hjólunum utan við veginn. Svartamyrkur hafi verið á vettvangi, engin lýsing en færi þurrt.
Í skýrslu lögreglu er haft eftir M að hún hafi verið á leið frá Akureyri til Reyðarfjarðar þegar hún hafi séð ref hlaupa upp á veginn. Við það hafi A farið út í kant, þá hafi hún tekið í stýrið og beygt til vinstri og misst þar stjórn á bifreiðinni. Þá hafi A oltið á toppinn og runnið eftir veginum. Þegar hún hafi verið komin út í kant hægra megin hafi hún oltið niður brekkuna, trúlega fjórar til fimm veltur. Í ljós hafi komið að M hafði ekki öðlast ökuréttindi, en verið með leyfi til æfingaaksturs á bifreiðina. Í málskoti kveðst M hafa nýtt æfingaleyfið vel og hafi verið orðin vön bifreiðaakstri er óhappið varð.
M varð fyrir meiðslum við veltuna og hefur krafist óskertra bóta úr slysatryggingu ökumanns A hjá V. V hefur fallist á bótaskyldu úr vátryggingunni en að skerða beri bætur um helming með því að M hafi ekið A umrætt án tilskilinna ökuréttinda og þannig valdið slysinu af stórkostlegu gáleysi.

Álit.
Samkvæmt skilmálum slysatryggingar þeirrar sem hér er til skoðunar gildir sú varúðarregla að ökumaður hins vátryggða ökutækis skuli hafa þau réttindi og þá kunnáttu sem krafist er til þess að aka því. Samkvæmt 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga má lækka eða fella niður ábyrgð vátryggingafélags, ef vátryggður í slysatryggingu, eins og hér um ræðir, hefur valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefðu orðið. Hið sama á við ef vátryggður hefur af stórkostlegu gáleysi valdið því að vátryggingaratburður varð með því að hlíta ekki varúðarreglum. Við úrlausn á þessum atriðum skal litið til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að, hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti.
M missti vald á A við það að refur hljóp yfir veginn í svartamyrkri. Verður telja að rekja megi það til réttindaleysis M að hún hafði ekki stjórn á þeim aðstæðum sem þarna sköpuðust, en engin gögn liggja fyrir í málinu um hún hafi fengi þá reynslu í bifreiðaakstri að ekki megi ætla að slysið verði rakið til ónógrar þjálfunar við akstur bifreiða. Sú háttsemi M að hafa ekið A umrætt sinn án tilskilinna ökuréttinda verður metin til stórkostlegs gáleysis af hennar hálfu sem hefur í för með sér að skerða ber bætur til hennar. Eftir atvikum öllum þykir rétt að bætur verði af þessum sökum skertar um helming.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum að helmingi úr slysatryggingu ökumanns hjá V.

Reykjavík, 17. apríl 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögmaður Jón Magnússon lögmaður

Mál nr. 86/2018

M og
V vegna slysatryggingar ökumanns fyrir ökutækið A

Ágreiningur um bótaskyldu. Slysatrygging ökumanns.

Gögn.
Málskot, dags. 05.03.2018 ásamt fylgigögnum.
Bréf V, vátryggingafélags, dags. 22.03.2018 ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
M varð fyrir tjóni í umferðarslysi 6. mars 2017 þegar hann ók ökutækinu A aftan á annað ökutæki á Sæbraut við Sundagarða í Reykjavík. M bar fulla sök á árekstrinum. M fór á bráðadeild Landspítalans 8. mars 2017 sökum verkja og einkenna og var greindur með tognun á háls- og brjósthrygg. M tilkynnti slysið til V 24. apríl 2017.
Í vottorði sjúkraþjálfara 18. desember 2017 kemur fram að tjónþoli glími enn við afleiðingar slyssins sem hafi áhrif á starfsþrek hans. 4. janúar 2018 lá fyrir vottorð bæklunarlæknis um heilsufarslegar afleiðingar slyssins á M og kemur þar einnig fram að afleiðingarnar hái M varðandi vinnu, áhugamál og almennt.
V samþykkir bótaskyldu en telur að M verði að bera helming tjóns síns sjálfur þar sem hann hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við aksturinn. Í bréfi V kemur fram að samkvæmt gögnum málsins og framburði M sjálfs hafi hann bæði ekið of hratt miðað við aðstæður og verið að horfa á farsíma undir stýri.
M hafnar því að hafa ekið of hratt miðað við aðstæður og ekkert liggi fyrir um hraða bifreiðar hans þegar slysið varð. Hann hafi um stundarkorn litið á farsíma sinn og slíkt geti ekki talist stórkostlegt gáleysi. Því sé um almennt gáleysi að ræða sem geti ekki dregið bætur niður.
Ef talið verði að um stórkostlegt gáleysi sé að ræða krefst M þess að hann verði aðeins látinn bera 1/3 hluta sakar.

Álit.
Í skýrslu heilsugæslunnar 8. mars 2017 er haft eftir M að hann hafi verið að kíkja á símann sinn og líti svo upp og þá sé allt stopp fyrir framan hann og hann aki aftan á bílinn fyrir framan sig. Í 47. gr. a umferðarlaga nr. 50/1987, segir að ökumanni vélknúins ökutækis sé við akstur óheimilt að nota farsíma án handfrjáls búnaðar. Í tjónstilkynningu sem Aðstoð og öryggi ehf. gerði kemur fram að M hafi sagst hafa verið á of miklum hraða miðað við aðstæður og hafi of seint séð að umferðin var stopp fyrir framan hann.
Með vísan til þess að M var óheimilt að nota farsíma og af gögnum megi ráða að verulegar líkur séu til þess hann hafi ekið of hratt miðað við aðstæður þar sem Sæbraut er fjölfarinn gata og umferðarþungi- og hraði verulegur er litið svo á að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. M skal því bera helming tjóns síns sjálfur.

Niðurstaða.
M skal bera helming tjóns síns vegna bóta úr slysatryggingu ökumann fyrir A.

Reykjavík, 17. apríl 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl. Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 87/2018

M og
V v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna líkamstjóns af völdum vinnuslyss 16.2.2016.

Gögn.
Málskot, móttekið 11. desember 2017, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Bréf V, dags. 4.4.2018.

Málsatvik.
M var að logsjóða grind í yfirbyggingu á vörubílspalli. Við verkið stóð M á dokaplötu sem var lögð yfir bita í grindinni í gólfi pallsins. Samstarfsmaður M færði plötuna til þannig að endi hennar stóð fram af grindarbita. M steig á enda plötunnar sem virðist hafa sporðreistist og við það féll M á andlitið og hlaut nokkra áverka í andliti.
M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu vinnuveitanda síns hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.
Eins og mál þetta liggur fyrir verður ekki fram hjá því litið að samstarfsmanni M urðu á mistök er hann kom dokaplötunni fyrir á þann veg að endi hennar stóð út fyrir grindarbitann sem platan lá á. Í þessu felst sök hjá starfsmanninum samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar burtséð frá þeim hátternisreglum sem kunna að felast í ákvæðum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Þótt M hafi haft verkstjórn með höndum á vinnustaðnum hafði það engin áhrif á að samstarfsmanninum urðu á mistökin. Vinnuveitandi M ber því skaðabótaábyrgð á líkamstjóni hans. Af því leiðir að M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu vinnuveitanda hjá V.

Niðurstaða.
M, Skúli Theódór Ingason, á óskoraðan rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu vinnuveitanda hjá V, Vátryggingafélagi Íslands hf.

Reykjavík, 24. apríl 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður Jón Magnússon lögmaður

Mál nr. 88/2018

M og
V vegna ábyrgðartryggingar G

Ágreiningur um greiðslu vegna meðferðar napropata og flugmiða þ. 27.5.2014

Gögn.

Málskot móttekið þ. 12.3.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-7
Bréf V dags. 18.4.2018

Málsatvik.

M slasaðist í hjólreiðaslysi á brettaleiksvæði í Garðabæ. Ekki er ágreiningur um bótaskyldu heldur hvort V beri að greiða flugmiða kærustu/sambýliskonu M og byggir M á því, að það hafi verið nauðsynlegt að hún hætti við fyrirhugaða ferð, þar sem hann hafði hlotið höfuðhögg og með 10 tennur brotnar og hafi sambýliskonan verið sú eina sem gat annast hann. Þá krefst M þess að V greiði fyrir meðferð hjá napropata, en meðferð hans hafi verið að koma í veg fyrir að áverkar leiddu til örorku eða annarra kvilla. V krefst þess að málinu verði vísað frá með vísan í 2.mgr. 3.gr. samþykkta fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, þar sem deilt sé um bótafjárhæðir og V samþykki ekki að nefndin úrskurði um bótafjárhæðir í málinu. Þá hafnar V greiðsluskyldu fyrir flugmiða kærustu M. Kærastan sé ekki tjónþoli og því greiðist ekki flugmiði hennar. V hafnar að greiða fyrir meðferð napropata og vísar til að Sjúkratryggingar Íslands greiði ekki fyrir þessa tegund meðferðar.

Álit.

Ágreiningurinn í málinu fjallar um hvort V beri að greiða meðferð napropata og flugmiða kærustu M sem hætti við ferð vegna slyss M. Ágreiningurinn snýst ekki um ágreining um bótafjárhæðir, en um það hvort ákveðnir kostnaðarliðir séu bótaskyldir eða ekki. Ekki hefur verið sýnt fram á nauðsyn þess að kærasta/sambýliskona M frestaði för sinni og álitsgerð örorkunefndar dags. 13.12.2017 varðandi meiðsl M benda ekki til að það hafi verið nauðsynlegt. M á því ekki rétt á bótum vegna þess. M var sannanlega meðhöndlaður af napropata vegna slyssins og lýsir napropatinn því að meðferðin hafi falist í hnykkingum, nuddi og sérhæfðum æfingum. Meðhöndlun napropatans á M fellur undir sjúkrakostnað sbr. 1.mgr. 1.gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. V hefur ekki sýnt fram á að um ónauðsynlegan kostnað hafi verið að ræða og viðmiðun Sjúkratrygginga Íslands hefur ekki gildi hvað það varðar. M á því rétt á að fá greiðslu kostnaðar vegna meðhöndlunar napoprata.

Niðurstaða.

M á rétt á greiðslu kostnaðar vegna meðferðar napropata en á ekki rétt á greiðslu kostnaðar vegna flugmiða vegna þess að kærasta/sambýliskona hætti við för sína til útlanda.

Reykjavík 22.5. 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður. Jón Magnússon lögmaður.

Mál nr. 89/2018

M og
V1 ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Árekstur á bifreiðaplani við Geirsgötu 13.1.2018.

Gögn.
Málskot málskotsaðila, móttekið 13.3.2018, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V1, dags. 26.3.2018, ásamt fylgiskjölum.
Tölvupóstur V2, dags. 3.4.2018 ásamt tölvupósti ökumanns bifreiðar B dags. 29. mars 2018.

Málsatvik.
Á framhlið sameiginlegrar tjónstilkynningar, sem báðir ökumenn undirrita, kemur fram sú lýsing af atvikum að bifreið A (merkt B í umræddri tjónstilkynningu) hafi bakkað út úr stæði og bifreið B (merkt A í sömu tjónstilkynningu) hafi bakkað á bifreið A. Einnig kemur fram að ákomur hafi verið m.a. á afturstuðurum beggja bifreiða. Með málskoti fylgir einnig staðfesting farþega í bifreið A um að frásögn M sem ökumanns bifreiðar A sé „sannleikanum samkvæmt".
M telur að ökumaður bifreiðar B eigi að bera alla sök á árekstrinum þar sem hann hafi viðurkennt sök á tjónsstað og þess vegna hafi óháðir aðilar ekki verið kvaddir til skýrslutöku. M telur að ökumaður bifreiðar A hafi ekki átt þess kost að forða árekstri þar sem hún hafi verið að aka aftur á bak úr úr stöðureit sem ökumaður bifreiðar B hafi ætlað í. M telur að ökumaður bifreiðar A hafi verið búinn að aka aftur á bak þegar árekstur varð og verið að reyna að koma sér út úr stöðureitnum í miklum þrengslum þegar ökumaður bifreiðar B hafi ekið viðstöðulaust aftur á bak þó hann hafi vitað af bifreið A.
V1 tekur undir sjónarmið M í málinu og telur að leggja eigi alla sök á ökumann bifreiðar B fyrir að hafa ekið aftur á bak á bifreið A. V2 telur að sök eigi að skiptast til helminga þar sem báðir ökumenn hafi verið að aka aftur á bak fyrir áreksturinn og sé það staðfest með skýrslum þeirra.

Álit.
Í málinu liggur fyrir sameiginleg tjónstilkynning sem báðir ökumenn skrifa undir þar sem kemur fram að þeir hafi báðir ekið aftur á bak í aðdraganda árekstursins. Af gögnum málsins verður einnig ráðið að aðstæður á vettvangi hafi verið þannig að fyllstu aðgátar hafi verið þörf af hálfu beggja ökumanna þar sem þröngt hafi verið á bifreiðaplani. Í 4. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 kemur fram að vegfarendum beri almennt að sýna öðrum tillitsemi í umferðinni og það kemur einnig fram í 1. mgr. 17. gr. laganna að ökumönnum sem séu að aka aftur á bak beri að gæta sérstaklega að því að það sé hægt án hættu og óþæginda fyrir aðra. Þó farþegi í bifreið A taki undir lýsingu hennar á atvikum verður ekki hjá því litið að skv. gögnum málsins búa þau á sama stað og ætla má því að milli þeirra séu þannig tengsl að hann teljist ekki vitnis sem er óháð M. Í ljósi þess sem kemur fram á sameiginlegri tjónstilkynningu um að báðir ökumenn hafi ekið aftur á bak í aðdraganda áreksturs, og báðum bar því að gæta varúðar, telst rétt að skipta sök milli þeirra til helminga.

Niðurstaða.
Sök skiptist til helminga.

Reykjavík, 24. apríl 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Sigurður Óli Kolbeinsson lögmaður Jón Magnússon lögmaður

Mál nr. 90/2018

M og
V-1 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V-2 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Árekstur á bifreiðastæði Krónunnar, Grafarholti, Reykjavík 19.2.2018.

Gögn.

Málskot móttekið 8.3.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-2.
Bréf V-1 dags. 28.3.2018 ásamt fylgiskjali.
Bréf V-2 dags. 3.4.2018 ásamt fylgiskjölum 1-2.

Málsatvik.

Árekstur varð á bifreiðastæði Krónunnar í Grafarholti í Reykjavík. Báðum bifreiðunum var bakkað til hægri úr stöðureitum á sama tíma frá sama hluta bifreiðastæðisins og var einni bifreið lagt á milli þeirra. Afturhorn B lenti í vinstri hlið A.

Álit.

Á framhlið tjónstilkynningar sem að báðir ökumenn undirrita er merkt við að báðum bifreiðunum hafi verið ekið aftur á bak úr stöðureit og beygt. Ljóst er að ökumenn bökkuðu úr stöðureit án þess að huga nægjanlega vel að umferð, í bága við fyrirmæli 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Við mat á sakarskiptingu eru engar forsendur til að leggja meiri sök á annan ökumann umfram hinn. Sök er því skipt til helminga.

Niðurstaða.

Hvor ökumaður ber helming sakar.

Reykjavík 24.4.2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður Jón Magnússon lögmaður

Mál nr. 92/2018

M og
V vegna starfsábyrgðartryggingar byggingastjóra.

Ágreiningur um bótaskyldu.

Gögn.
Málskot, dags. 12.03.2018 ásamt fylgigögnum.
Bréf V, vátryggingafélags, dags. 28.03.2018.

Málsatvik.
M fór fram á bætur úr starfsábyrgðartryggingu byggingastjóra vegna byggingar á fasteign sem M keypti árið 2015 og í ljós kom að mygla var í parketi og veggjum við glugga í þremur herbergjum. M telur að tjónið megi rekja til vanrækslu byggingastjórans á því að frágangur og ástand herbergjanna er ekki í samræmi við samþykkta hitalagnauppdrætti hönnuða fasteignarinnar. M lagði fram gögn frá byggingastjóra, hönnuðum og F. Í skýrslu F kemur fram að þar sem enginn ofn sé við glugga eins og gert hafði verið ráð fyrir í hitalagnauppdrætti myndist mikil kuldabrú innan við gluggann. Slíkt valdi rakaþéttingu og sé kjöraðstaða fyrir myglusvepp. Þá kemur fram í skýrslunni að beinast liggi við að vöntun á gólfofni við glugga sé orsökin fyrir sagga sem myndast við gluggann en slíkt sé þekkt vandamál. Dugi það ekki til eitt og sér megi skoða hvort orsökina sé að finna í öðrum byggingafræðilegum þáttum eins og hvort gluggar séu af viðurkenndri gerð og henti íslenskum aðstæðum, ísetning glugga og einangrun útveggja við gluggann sé eins og hönnun geri ráð fyrir o.fl. M telur að fasteignin standist ekki kröfur sem leiða af lögum nr. 40/2002, um fasteignakaup og lögum nr. 160/2010, um mannvirki. Í bréfi frá byggingastjóra kemur fram að breytingar hafi verið gerðar á herbergjunum þannig að ofnar hafi verið færðir á annan stað en skv. teikningum og ekki hafi verið lagðar fram breyttar teikningar til samþykktar hjá leyfisveitanda.
Í bréfi V kemur fram að bótakrafa M styðjist aðallega við einhliða ástandslýsingu og félaginu hafi ekki verið gefinn kostur á að gæta hagsmuna sinna við framkvæmd skoðunarinnar. Þá sé ekki útilokað að galla á eigninni sé að rekja til ófullnægjandi hönnunar eða að efnið sem notað var í gluggana hafi verið gallað. V telur því að orsök hinna meintu galla sé ósönnuð.

Álit.
Í málinu liggur fyrir mat F sem er einhliða gagn sem M leggur fram. Í matinu er ekki með afgerandi hætti tekið fram að tjónið á fasteigninni sé að rekja til þess að ofnar hafi ekki verið settir upp í samræmi við samþykkta hitalagnauppdrætti. Miðað við fyrirliggjandi gögn málsins telst því ekki nægilega sannað að tjónið sé rakið til vanrækslu byggingastjórans og á M því ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu hans.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu byggingastjóra hjá V.

Reykjavík, 22. maí 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl. Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 93/2018

M og
V v/ málskostnaðartryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna reksturs dómsmáls til endurheimtu fjárnámskröfu á bifreið.

Gögn.
Málskot, móttekið 15.3.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 5.4.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Hinn 13. janúar 2017 keypti M bifreiðina A af seljandanum B. Sama dag var gert fjárnám í A til tryggingar nánar tiltekinni skuld B að höfuðstól 460.040 krónur auk vaxta og kostnaðar. Fjárnáminu var þinglýst á A 23. sama mánaðar. B fékkst ekki til að greiða skuldina og er nauðungaruppboð á B vofði yfir sá M sér ekki annað fært en greiða kröfuna 7. nóvember 2017 er uppboð á A skyldi fara fram.
M hyggst höfða dómsmál á hendur B til endurheimtu kröfunnar og hefur krafist bóta úr málskostnaðartryggingu sem er einn vátryggingarþáttur fjölskyldutryggingar sem hann hefur í gildi hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.
Samkvæmt vátryggingarskilmálum málskostnaðartryggingar þeirrar sem hér er til skoðunar bætir vátryggingin málskostnað vegna ágreinings sem snertir vátryggðan sem einstakling og getur komið til úrlausnar héraðsdóms eða Hæstaréttar hér á landi. Í skilmálunum eru ýmis tilvik undanþegin bótaskyldu, þ. á m. málskostnað sem varðar vátryggðan sem eiganda, notanda eða stjórnanda vélknúins farartækis, hjólhýsis, fellihýsis eða annarra tengivagna, loftfars, skips, gufubáts, vélbáts eða seglskútu þ.m.t. fjárskuldbindingar sem tengjast framantöldu.
Dómsmál það sem M hyggst höfða á hendur B er komið til vegna fjárnámskröfu sem hvíldi á A og M sem eigandi bifreiðarinnar sá sig knúinn til að leysa til sín. Stofnaðist þannig til kröfu M á hendur B vegna eignarhalds hans á A. Kostnaður M vegna málarekstursins varðar því M sem eiganda vélknúins farartækis. Með vísan til fyrrgreinds undanþáguákvæðis telst M því ekki eiga rétt til greiðslu úr málskostnaðartryggingu sinni hjá V vegna hins fyrirhugaða málareksturs á hendur B.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu hjá V.

Reykjavík, 24. apríl 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður Jón Magnússon lögmaður

Mál nr. 94/2018

M og
V vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins A

Ágreiningur um bótaskyldu. Fyrning.

Gögn.
Málskot, dags. 15.03.2018 ásamt fylgigögnum.
Bréf V, vátryggingafélags, dags. 28.03.2018 ásamt fylgigagni.

Málsatvik.
M var farþegi í bifreiðinni A 16. október 2010. Þegar hún steig út úr bifreiðinni bakkar bílstjórinn og framdekkið fór yfir vinstri hæl M. M var í gipsi í 6 vikur og hefur samkvæmt gögnum málsins enn verki við göngu og hreyfingu og getur lítið gengið utandyra ef það er kalt. M hefur skerta hreyfigetu og í sumum tilfellum gefur ökklinn fyrirvaralaust eftir með þeim afleiðingum að hún dettur ef hún nær ekki að bregðast nógu skjótt við. M var í endurhæfingu í desember 2010 og janúar 2011. 21. febrúar 2014 leitaði M til heilsugæslunnar þar sem hún var búsett vegna verkja í vinstri fæti. Hún fékk beiðni um sjúkraþjálfun en endurhæfing skilaði litlum árangri. M sendi bréf til V 22. október 2014 og óskaði V frekari gagna daginn eftir. M sendi svo V tilkynningu 25. júlí 2016 eftir samtal við starfsmann V. M telur að fyrningarfrestur bótakröfuna eigi að byrja að líða þegar bréfið var sent til V og bótakrafa geti því í fyrsta lagi fyrnst um áramótin 2018/2019 sbr. 2. mgr. 51. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 og 99. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.
V sendi M bréf 17. mars 2017 þar sem þeirri afstöðu félagsins var lýst að bótakrafan væri fyrnd. V fékk vitneskju um tjónið 23. október 2014 þegar það var tilkynnt til félagsins. Þar sem gögn vantaði, meðal annars læknisfræðileg gögn óskaði V eftir formlegri tilkynningu. Fram kemur að frekari gögn hafi ekki borist fyrr en 16. janúar 2017. Félagið hafi svo fengið matsgerð vegna slyssins 3. mars 2017 og þá fyrst hafi verið unnt að taka afstöðu til bótaskyldu V. V telur að M hafi fengið vitneskju um kröfu sína á árinu 2010 þar sem hún hafi þá strax fundið fyrir í fætinum. M hafi því átt þess kost að leita fullnustu kröfunnar einu ári eftir slysið. M hafi ekki með læknisfræðilegum gögnum stutt að miða eigi við aðra dagsetningu og því ósannað að fyrningarfrestur eigi að byrja að líða um áramótin 2014/2015.

Álit.
Samkvæmt læknabréfi 15. febrúar 2017 hefur M fundið til í fætinum síðan slysið varð eða 16. október 2010. Í 99. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 kemur fram að allar bótakröfur, bæði á hendur þeim, sem ábyrgð ber, og vátryggingafélagi, fyrnist á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs, sem kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Með vísan til niðurstöðu dóma Hæstaréttar er tímabært að meta afleiðingar slyss einu til tveimur árum eftir að það á sér stað. Því verður að leggja til grundvallar að M hafi átt að vita um afleiðingar slyssins í síðasta lagi við árslok 2012 og haft þá haft tíma fram að því til að afla gagna og óska eftir bótum. Skv. 99. gr. umferðarlaga fyrndist krafa M við árslok 2016 þar sem málið hafði hvorki verið kært til úrskurðarnefndar vátryggingamála né dómsmál verið höfðað. Þar sem krafa M er fyrnd á hún ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 24. apríl 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl. Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 95/2018
M og
V vegna kaskótryggingar bifreiðar.

Gildissvið vátryggingarskilmála vegna tjóns á bifreið 21.2.2018.

Gögn.
Málskot málskotsaðila, móttekið 16.3.2018, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 9.4.2018, ásamt fylgiskjölum.
Bréf M, dags. 11.4.2018.

Málsatvik.
M lýsir aðstæðum svo að hinn 21.2.2018 hafi bifreið í hans eigu verið ekið um poll á Þingmannaleið á hægri ferð þegar jeppi á stórum dekkjum hafi tekið fram úr með þeim afleiðingum að vatnsflaumur fór yfir bifreið M með þeim afleiðingum að tjón varð á vél bifreiðarinnar. M telur pollinn hafa myndast vegna vatnsflóðs í götunni og eigi tjónið því undir gr. 4.5 í kaskótryggingarskilmálum V og hefur krafist bóta úr kaskótryggingu hjá V vegna tjónsins.
V hefur hafnað bótaskyldu og telur að sá pollur sem bifreið M var ekið í, eða afleiðingar þess að umræddur jeppi ók fram úr bifreið M, teljist ekki til vatnsflóðs í skilningi vátryggingarskilmála og falli þar af leiðandi ekki undir gildissvið vátryggingarinnar. V vísar til úrskurða nefndarinnar í málum nr. 46/2008. 132/2015 og 257/2006 máli sínu til stuðnings.

Álit.
Samkvæmt gr. 4.5 í skilmálum kaskótryggingarinnar bætir vátryggingin tjón á vátryggðu ökutæki vegna grjóthruns, skriðufalls, snjóflóðs úr fjallshlíð og aur- eða vatnsflóðs, þó ekki vegna sjávarflóða. Vatnsagi á götunni sem bifreið M var ekið um virðist hafa myndað allstóran poll á götunni að öllum líkindum sökum þess að niðurföll hafa verið stífluð eða fráveitukerfi sveitarfélagsins hefur ekki annað því að koma vatni af götum. Þótt stór pollur, og eftir atvikum nokkuð djúpur, hafi myndast við þessar kringumstæður, var vatnið á sjálfri götunni þar sem ætíð má búast við nokkurri vatnssöfnum svo sem í leysingum eða þegar hitabreytingar eru. Er hér ekki um flóð að tefla í skilningi fyrrgreinds ákvæðis í skilmálum. Kaskótryggingin tekur því ekki til tjónsins. Þegar af þeirri ástæðu fæst tjón M ekki bætt úr kaskótryggingu M hjá V.

Niðurstaða.
Tjón M á bifreið þess, bætist ekki úr kaskótryggingu hjá V.

Reykjavík, 8. maí 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður Jón Magnússon lögmaður

Mál nr. 97/2018

M og
V-1 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V-2 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Árekstur í norðanverðum Hvalfjarðargöngum 16.2.2018.

Gögn.

Málskot móttekið þ. 14.3.2018 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V-1 dags. 3.3.2018 ásamt fylgiskjali.
Bréf V-2 dags. 3.4.3018.

Málsatvik.

Árekstur varð í norðanverðum Hvalfjarðargöngum þar sem ein akrein er í suðurátt, en tvær í norðurátt. Áreksturinn varð á hægri akrein í norðurátt. Ökumaður A segist hafa ekið á hægri akrein í norðurátt þegar B hafi farið snöggt á hægri akrein og ekki náð að bremsa í tæka tíð, en hann hafi ekið á um 70 km.hraða. Ökumaður B segist hafa ekið norður Hvalfjarðargöng á vinstri akrein og mætt stórri bifreið sem hafi komið á móti sér á sinni akrein og beygt þess vegna yfir á hægri akrein og fengið bifreið aftan á B.

Álit.

Ökumaður B skipti fyrirvaralaust um akrein þegar hún beygði yfir á hægri akrein af vinstri akrein í veg fyrir A. Ökumaður B gætti ekki ákvæða 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sem kveður á um að ökumaður skuli áður en hann skiptir um akrein eða ekur á annan hátt til hliðar ganga úr skugga um að það sé hægt án án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Þessa gætti ökumaður B ekki og ber því alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök.

Reykjavík 24.4.2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður Jón Magnússon lögmaður

Mál nr. 98/2018

M og
V v/ starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna meints ágalla og ófullnægjandi frágangs íbúðar.

Gögn.
Málskot, móttekið 16. mars 2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 27. mars 2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Á árunum 2014 til 2017 mun byggingaraðilinn Herjólfsgata 30 ehf. (A) hafs haft í byggingu fjölbýlishús að Herjólfsgötu 32 (B) í Hafnarfirði. Lokaúttekt vegna B fór fram í mars 2017, sbr. lokaúttektarvottorð, dags. 28. mars 2017.
M voru kaupendur að einni íbúð að B. Samkvæmt gögnum málsins má ráða að vorið 2017 hafi risið ágreiningur með M og B varðandi frágang og galla í undirbúningsvinnu í baðherbergi, vatnshalla á svölum og útsog úr eldhúsi. M töldu galla vera á uppsetningu gifsplatna í baðherberginu sem ekki voru festar í veggstoðir með réttum hætti og einangrun við rafmagnsdósir og skólprör væri ófullnægjandi svo og ófullnægjandi frágangur við niðurfall í sturtu. Kvartanir M byggðust m.a. á minnisblöðum sem þau öfluðu hjá tiltekinni verkfræðistofu. Um vorið og fram á sumar 2017 funduðu deiluaðilar og skiptust á tölvupóstum og skýrslum um stöðu mála.
Að einhverju leyti hafði A reynt að bæta úr því sem úrskeiðis hafði farið og var tilefni ágreiningsins, en 12. júlí 2017 stöðvuðu M frekari framkvæmdir af hálfu A „þar sem ekkert samkomulag lá fyrir um framkvæmdina eða að bætt yrði úr göllum.“ Á því tímamarki virðast kvartanir M einkum hafa lotið að því að einangrun/hljóðvist baðherbergis/þvottahúss hafi verið ábótavant auk klæðningar á bak við sturtu, ekkert útsog hafi verið úr eldhúsi, ekki hafi tekist að slípa niður svalir þannig að vatnshalli lægi að niðurfalli og flasningar hafi vantað á gluggapóst íbúðarinnar bak við hús. Af þessum sökum hafa M krafist bóta úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra við framkvæmd byggingarinnar hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.
Í 29. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki er kveðið á um ábyrgð og verksvið byggingarstjóra. Segir í 5. mgr. 29. gr. laganna að byggingarstjóri skuli hafa virkt eftirlit með því að þeir sem koma að byggingu mannvirkis fylgi samþykktum hönnunargögnum, verklýsingum og ákvæðum laga þessara, laga um byggingarvörur og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. Verði byggingarstjóri við eftirlit var við ágalla á verki iðnmeistara eða hönnuðar skal hann gera viðkomandi aðvart og krefjast þess að úr sé bætt innan hæfilegs tíma. Athugasemdir byggingarstjóra skulu skráðar á viðeigandi hátt í gæðastjórnunarkerfi hans og annarra hlutaðeigandi. Sé athugasemdum byggingarstjóra ekki sinnt eða um ítrekaða vanrækslu að ræða skal hann tilkynna það eiganda. Komi verulegir ágallar á mannvirki í ljós við úttekt, við lok verkhluta eða framkvæmda, eða eftir að mannvirki er tekið í notkun, sem ekki hefur verið bætt úr og rekja má til stórfelldrar vanrækslu á verksviði einstakra iðnmeistara eða hönnuða, ber byggingarstjóri meðábyrgð á ágöllunum gagnvart eiganda, enda hefðu ágallarnir ekki átt að dyljast byggingarstjóra við eftirlit skv. 1. málslið.
Í 7. mgr. 29. gr. segir að byggingarstjóri beri skaðabótaábyrgð samkvæmt almennum reglum, ef eigandi eða annar þriðji maður verður fyrir tjóni af völdum gáleysis byggingarstjóra í starfi. Þar segir enn fremur að byggingarstjóri beri ekki ábyrgð á faglegri framkvæmd verkþátta á ábyrgð einstakra iðnmeistara eða hönnuða né því að iðnmeistarar og aðrir sem að verkinu koma uppfylli skyldur sínar samkvæmt verk- eða kaupsamningi.
Í gr. 4.7.7 í byggingarreglugerð nr. 112/2012 er enn fremur að finna fyrirmæli um ábyrgð og verksvið byggingarstjóra.
Samkvæmt framangreindum laga- og stjórnvaldsfyrirmælum hvílir sú meginskylda á byggingarstjóra gagnvart eiganda húseignar að tilkynna honum um ágalla á verki iðnmeistara eða hönnuðar sem ekki

hefur verið sinnt þrátt fyrir athugasemdir byggingarstjórans eða um ítrekaða vanrækslu sé að ræða af hálfu hlutaðeigandi iðnmeistara eða hönnuðar. Vanræki byggingarstjóri þessa tilkynningarskyldu sína með saknæmum hætti kann hann að baka sér skaðabótaábyrgð gagnvart húseigandanum. Á hinn bóginn ber byggingarstjóri ekki ábyrgð á faglegri framkvæmd verkþátta á ábyrgð einstakra iðnmeistara eða hönnuða né því að iðnmeistarar og aðrir sem að verkinu koma uppfylli skyldur sínar samkvæmt verk- eða kaupsamning. En komi verulegir ágallar á mannvirki í ljós við úttekt, við lok verkhluta eða framkvæmda, eða eftir að mannvirki er tekið í notkun, sem ekki hefur verið bætt úr og rekja má til stórfelldrar vanrækslu á verksviði einstakra iðnmeistara eða hönnuða, ber byggingarstjóri meðábyrgð á ágöllunum gagnvart eiganda, enda hefðu ágallarnir ekki átt að dyljast byggingarstjóra við eftirlit skv. 1. málslið 5. gr. 29. gr. laga nr. 160/2010. Þá ber byggingarstjóri skaðabótaábyrgð samkvæmt almennum reglum, ef eigandi eða annar þriðji maður verður fyrir tjóni af völdum gáleysis byggingarstjóra í starfi.
Ekki verður séð, hvorki í málskoti né öðrum gögnum málsins, hvernig byggingarstjóri sem hafði eftirlit með byggingarframkvæmdum hafi vanrækt starfsskyldur sínar samkvæmt því sem að framan greinir eða með öðrum hætti valdið M fjártjóni vegna gáleysis í starfi sínu, en það er forsenda þess að bótaskylda geti stofnast úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra. Samkvæmt þessu eiga M ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjórans hjá V.

Niðurstaða.
M eiga ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra hjá V.

Reykjavík, 24. apríl 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður Jón Magnússon lögmaður

Mál nr. 99/2018

M og
V v. slysatryggingar ökumanns og eiganda bifreiðar.

Árekstur bifreiða 5.6.2016. Orsakatengsl vegna líkamstjóns.

Gögn.

Málskot móttekið 15.3.2018, ásamt fylgiskjölum nr. 1-10.
Bréf V dags. 16.4.2018.
Tölvupóstsamskipti við lögmann M, dags. 8.5.2018.

Málsatvik.

M segir málavexti vera þá, að hún hafi lent í árekstri hinn 5.6.2016 og skráð á tjónaskýrslu, að ekki hefðu orðið meiðsl á fólki. Fljótlega eftir hafi hún farið að finna til bakverkja, sem ágerðust og 18.8.2016 hafi verið gerð aðgerð á M vegna rótareinkenna frá hryggjarlið. M hafði áður lent í slysum sem rakin eru í málskoti og matsgerð dags. 18.6.2017 liggur fyrir í málinu á líkamlegu ástandi M vegna þeirra. Af hálfu M er krafist bóta vegna líkamstjóns sem hún telur sig hafa orðið fyrir í árekstrinum 5.6.2016 og byggir á framlögðum læknisvottorðum frá slysdegi. M byggir á því að orsakasamband sé á milli árekstursins 5.6.2016 og aðgerðarinnar sem M gekkst undir 18.8.2016. V hafnar bótaskyldu og telur að mikið vanti til þess, að meiri líkur en minni séu fyrir að M hafi hlotið bakáverka þá, sem lýst er í málskoti við ofangreindan árekstur. V segir að M hafi ekki leitað til læknis fyrr en rúmlega mánuði eftir áreksturinn. V hafnar því að læknisvottorð Sveins Rúnars Sigurðssonar dags. 14.12.2017 hafi þýðingu í málinu enda vottorðið dagsett 18 mánuðum eftir slysið og byggt á endursögn M. V segir að ákoma á bifreið M sé nánast engin og engar líkur á að höggið af árekstrinum hafi getað valdið M þeim meiðslum í baki, sem hún rekur til árekstursins 5.6.2016. V segir því ekki nægjanlega sannað að um orsakatengsl sé að ræða á milli atburðar og líkamstjóns.

Álit.

Í málinu liggur frammi matsgerð dags. 18. júní 2017 vegna umferðarslyss, sem M lenti í 18.8.2014. Í matsgerðinni er ekki minnst á áreksturinn 5. júní 2016 og þess ekki getið að M hafi vikið að honum í samskiptum við matsmenn. Í matsgerðinni segir að M hafi fengið bakverk undir herðablöðum strax slysdag og án þess að það sé tengt árekstrinum 5.6.2016, sem varð rúmu ári áður en ofangreind matsgerð var gerð. Ákoma á bifreið M í árekstrinum 5.6.2016 var mjög lítil. Af hálfu M hafa ekki verið lögð fram gögn sem sýna ótvírætt fram á orsakatengsl milli árekstursins 5.6.2016 og þeirra verkja í baki, sem eru að hrjá M og lýst er í málsskoti og bótakrafan í málsskoti byggir á. M hefur því ekki sýnt fram á það með fullnægjandi gögnum að um orsakatengsl sé að ræða milli slyssins 5.6.2016 og núverandi bakverkja og á því ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns bifreiðar hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns miðað við framlögð gögn í málinu.

Reykjavík 15.5.2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður Jón Magnússon lögmaður

Mál nr. 100/2018

M og
V vegna ábyrgðartryggingar flutningabifreiðarinnar A

Sönnun tjóns vegna notkunar ökutækis.

Gögn.

Málskot móttekið 16 mars 2018, ásamt gögnum.
Bréf V til M, dags. 12. apríl 2018, ásamt fylgiskjali 1.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu vegna málsins kemur fram að M, sem var ökumaður fólksbifreiðarinnar B, telji sig hafa orðið fyrir tjóni þegar hann ók vestur Suðurlandsveg við Eystri Rangá. Lýsir M atvikum með þeim hætti að þegar hann mætti flutningabifreiðinni A, sem var með vélarvagn í eftirdragi hafi eitthvað skotist frá vélarvagninum á bifreið sína. Hann hafi í fyrstu talið að um væri að ræða eitthvað minniháttar, en nokkru seinna, þegar hann fór að skoða bifreiðina, hafi komið í ljós að gat hafði komið á framstuðara. Þá kemur fram í lögregluskýrslu að M hafi síðar séð A við Bakkakotsá undir Eyjafjöllum og tilkynnt það til lögreglu. Í kjölfarið tók lögreglan skýrslu af forstöðumanni fyrirtækisins sem gerir út vörubifreiðina A. Samkvæmt honum gæti það passað að bifreiðarnar hafi mæst á umræddum stað líkt og M greinir. Tók hann þó sérstaklega fram að A hefði verið að koma frá Rauðalæk þar sem vélarvagninn hafi verið í þrifum og því hefði ekki átt að vera neitt á vélarvagninum. Hins vegar væri ekki útilokað að eitthvað hafi getað verið á veginum sem hafi skotist frá dekkjum vagnsins og mögulega valdið skemmdum.

V telur ósannað að tjónið á bifreið B verði rakið til notkunar á flutningabifreiðinni A. Vísar V til þess að M beri sönnunarbyrðina fyrir því að tjón á bifreið hans verði rakið til notkunar bifreiðarinnar A. Hafi hann ekki lagt fram gögn sem styðji fullyrðingar um orsakir tjónsins með fullnægjandi hætti. Þá vísar V til þess að jafnvel þó A hafi verið í akstri á umræddum stað feli það ekki í sér sönnun á því að tjónið verði rakið til notkunar þeirrar bifreiðar. Þá sé um að ræða fjölfarinn veg og M hafi að öllum líkindum mætt fjölda bifreiða á leið sinni umræddan dag.

Álit.

Af almennum sönnunarreglum skaðabótaréttar má leiða að sá sem heldur því fram að tjón hafi orðið vegna notkunar annarrar bifreiðar verður að sanna að svo sé. M hefur ekki lagt fram gögn sem staðfest geta að atvikið hafi borið að með þeim hætti sem hann lýsir því. Af þeim sökum og með hliðsjón af því að engum gögnum eða vitnum er til að dreifa sem staðfest geta málsatvik verður að teljast ósannað að tjónið megi rekja til flutningabifreiðarinnar A. Hallann af þessum sönnunarskorti verður M að bera.

Niðurstaða.

M á ekki rétt úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 15. maí 2018

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Jón Magnússon lögmaður

Mál nr. 101/2018

M og
V vegna kaskótryggingar bifreiðarinnar X

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags vegna umferðaróhapps 24.10.2017.

Gögn.

Málskot málskotsaðila, móttekið 20.3.2018, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 23.4.2018, ásamt fylgiskjölum.
Bréf M, dags. 25.4.2018, ásamt tilvísun til úrskurðar í máli nr. 112/2017 og dóm Hæstaréttar í máli nr. 100/2010.

Málsatvik.

M er eigandi vörubifreiðarinnar X sem skv. upplýsingum í málskoti gjöreyðilagðist í umferðaróhappi 24.10.2017. Í lögregluskýrslu kemur fram að vörubifreiðinni hafi verið ekið undir brú, sem er yfir Vesturlandsvegi við Leirvogstungu, með pall bifreiðarinnar uppreistan með þeim afleiðingum að pallurinn lenti á brúnni og við það rifnað af bifreiðinni. Í lögregluskýrslu er haft eftir ökumanni, sem slasaðist nokkuð og var með áverka á vettvangi, að hann muni ekki nákvæmlega hvað hafði gerst annað en að pallur bifreiðarinnar hafi ekki farið niður eftir að hann hafi verið að sturta úr henni. Haft er eftir vegfaranda sem varð vitni af óhappinu að hann hafi ekið sömu leið og ökumaður vörubifreiðarinnar X og séð að pallur bifreiðarinnar var uppi. Hafi hann reynt að vara ökumann bifreiðarinnar X við en án árangurs.

V hefur neitað að greiða bætur til M úr kaskótryggingu bifreiðarinnar X og telur að ökumaður bifreiðarinnar X hafi sýnt stórkostlegt gáleysi við aksturinn. V vísar í fyrsta lagi til þess að samsömun ökumannsins og M sé heimil skv. 3. mgr. 29. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, sbr. gr. 9.2 í vátryggingarskilmálum þar sem V áskilur sér rétt til samsömunar. Í öðru lagi telur V hafið yfir vafa að það að aka undir áhrifum lyfja með pall vörubifreiðar uppreistan sé háttsemi sem teljist til stórkostlegs gáleysis í skilningi 9. gr. sameiginlegra vátryggingarskilmála sem gilda um kaskótryggingu M sem og 2. mgr. 27. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Hvað varðar áhrif lyfja vísar V til upplýsinga um ástand ökumanns á vettvangi sem og niðurstöðu matsgerðar um áhrif þeirra lyfja sem mældust í blóði ökumanns eftir umferðaróhappið. V telur ósannað að þol ökumannsins gagnvart lyfjunum hafi verið meira en almennt megi ætla og að sönnunarbyrði hvíli á M um að hnekkja þeim rannsóknarniðurstöðum sem fyrir liggi þar sem bæði niðurstöður lögregluskýrslna og matsgerða, sambærilegar við það sem liggur fyrir í þessu máli, hafi verið lagðar til grundvallar sem sönnunargögn almennt í dómsmálum. Einnig vísar V til fyrirmæla í 1. mgr. 44. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 um andlega og líkamlega færni ökumanna. V telur auk þess sannað að verulegt alvarlegt frávik hafi falist í háttsemi ökumanns bifreiðar M þegar hann ók bifreiðinni á einni helstu umferðaræð inn í borgina með uppreistan pall. Ríkar skyldur hafi hvílt á honum m.t.t. reglugerðar um stærð og þyngd ökutækja sem og sem bílstjóra sem þurfi aukin ökuréttindi til aksturs bifreiðar eins og X. V vísar til dóma og úrskurða máli sínu til stuðnings.

M krefst bóta úr kaskótryggingu sinni og vísar til þess að það verði að líta til þess að þau lyf sem hafi mælst í blóði ökumanns eftir óhappið hafi verið lyf sem honum hafi verið ávísað og algjörlega ósannað að þau hafi haft áhrif á ökuhæfni hans. Ekki sé hægt að líta til ástands ökumanns á vettvangi þegar ökuhæfni sé metin þar sem hann hafi slasast nokkuð og hafi því verið verkjaður og illa áttaður þess vegna þegar lögregla kom á vettvang. Ekkert mat hafi farið fram á ökuhæfni ökumannsins og verði V að bera hallann af slíkum sönnunarskorti þar sem ekkert komi fram í skilmálum, umferðarlögum eða lögum um vátryggingarsamninga að inntaka lyfja skv. læknisráði geri ökumenn óhæfa til aksturs. M vísar til þess að einfalt gáleysi ökumannsins geti ekki takmarkað ábyrgð vátryggingafélagsins og háttsemi ökumannsins hafi í besta falli verið slík og sönnun um hið gagnstæða hvíli á V.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki séð nokkur rök standi til þess að samsömun sé ekki heimil milli ökumanns bifreiðarinnar X sem starfsmanns og M sem vátryggingartaka kaskótryggingar, enda samið um slíkt í gr. 9.2 í vátryggingarskilmálum og það ákvæði í samræmi við heimildarákvæði 3. mgr. 29. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ágreiningur málsins snýr því fyrst og fremst að því hvort ökumaður bifreiðarinnar X hafi sýnt stórkostlegt gáleysi við aksturinn og brotið gegn varúðarreglum vátryggingarsamningsins og hvort eða hvaða áhrif það hafi á ábyrgð V sem vátryggingafélags skv. 2. mgr. 27. og 26. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Þegar litið er til þess að ökumaður bifreiðarinnar X ók nokkra leið með pall bifreiðarinnar uppreistan og tók ekki eftir viðvörunum vegfaranda áður en hann lenti á brúnni verður ekki hjá því litið að slík háttsemi er sambærileg háttsemi sem nefndin hefur áður metið sem stórkostlegt gáleysi, t.d. í málum nr. 245/2016 og 330/2016 og þýði það að háttsemi ökumanns bifreiðarinnar X, sem fólst í ofangreindu, tvímælalaust fara verulega frá því sem ætlast mátti til af honum við akstur vörubifreiðar. Þegar litið er til orðalags 2. mgr. 27. gr. laga um vátryggingarsamninga verður að meta hvort V losni úr ábyrgð vegna slíkrar háttsemi í heild eða að hluta og einnig kemur þar fram að „Við mat á ábyrgð félagsins skal líta til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að, hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti.“

Í þessu máli telst því sök ökumannsins veruleg, hann hefði átt að fullvissa sig um að pallur bifreiðarinnar væri niðri áður en hann ók af stað og sérstaklega þegar hann kom að brú, auk þess sem eykur á sök hans að hann tók ekki eftir viðvörunum vegfaranda eins og kemur fram hér að ofan. Þá liggur einnig fyrir að lyf voru í blóði hans í því magni að skv. matsgerð Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði dags. 5. janúar 2018 megi telja „.... fullvíst að ökumaður hafi ekki getað stjórnað bifreið með öruggum hætti..“ Þó lyfjum hafi verið ávísað af lækni til M þá breytir það ekki umræddu mati, auk þess sem viðvaranir á fylgiseðlum slíkra lyfja fela í sér mismunandi upplýsingar um áhrif á akstursháefni. Þó ökumaður bifreiðarinnar M hafi ekki verið undir áhrifum áfengis eða fíkniefna í þröngri merkingu þeirra orða verður ekki hjá því litið að áhrif lyfja og það að áhrif þeirra hafi verið þau að hann hafi ekki getað stjórnað bifreiðinni örugglega hafa veruleg áhrif á mat á sök hans í heild, hvernig vátryggingaratburð bar að og atvik að öðru leyti. Að öllu ofansögðu verður ábyrgð vátryggingafélagsins takmörkuð að fullu og M á því ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu bifreiðarinnar X.

Niðurstaða.

Tjón M bætist ekki úr kaskótryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík, 15. maí 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður Jón Magnússon lögmaður

Mál nr. 102/2018

M og
V v. ábyrgðartryggingar G

Maður slasaðist þegar trappa rann undan honum 1.4.2016.

Gögn.
Málskot móttekið 21.3.2018 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 9.4.2018 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.
M var í vinnu hjá G og var að koma fyrir veggjaplötu, sem var 80x60 cm á hæð og átti neðri brún hennar að vera í 255 cm. hæð. M notaði áltröppur við verkið en mesta hæð hennar var 132 cm. M missti jafnvægið og féll utan í vegg á bak við hann og lenti síðan í gólfinu. Í gögnum málsins kemur fram að M var vanur byggingarvinnu. Vinnueftirlit ríkisins rekur orsök slyssins til þess að búnaður sá sem að M notaði hafi verið ófullnægjandi og gefur m.a. þau fyrirmæli um úrbætur að notaður verði viðeigandi staðlaður búnaður þegar unnið sé í hæð. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu vinnuveitanda síns G og telur að G hafi ekki tryggt nægjanlegar öryggisráðstafanir og vísar m.a. til laga nr. 46/1980 um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum og viðeigandi reglugerða varðandi það verk sem M vann að í umrætt sinn.
V hafnar bótaskyldu og telur að um óhappatilvik og/eða gáleysi M hafi verið að ræða og ósannað að slysið megi rekja til atriða sem G bar ábyrgð á. V mótmælir því að skýrsla Vinnueftirlitsins verði lögð til grundvallar til þess sé hún of rýr og efnislítil. Þá bendir V á að G haldi því statt og stöðugt fram að M hafi staðið til boða að nota annan búnað en hann notaði þegar slysið varð. Þá vísar V til þess að M hafi mikla reynslu í byggingarvinnu og hann hafi þurft að huga að því hvaða búnað hann notaði við framkvæmd þess verks sem hann var að vinna enda haft reynslu og þekkingu til að gera það. Þá bendir V á 26. gr. laga nr. 46/1980 um skyldu starfsmanna til að bregðast við telji þeir öryggi sínu stefnt í hættu vegna vanbúnaðar á vinnustað. Til vara krefst V þess að M verði látin bera hluta tjóns síns sjálfur vegna stórkostlegs gáleysis, sbr. 23. gr.a skaðabótalaga nr. 50/1993.

Álit.
Álit Vinnueftirlitsins um orsakir slyssins er afdráttarlaust og ekki er á það fallist að skýrsla þess verði ekki lögð til grundvallar. Skv. niðurstöðu Vinnueftirlitsins var orsök slyssins aðallega vegna þess að búnaður sá sem M notaði í umrætt sinn hafi verið ófullnægjandi. Ekkert er fram komið í málinu sem hnekkir því mati Vinnueftirlitsins og engin gögn hafa verið lögð fram sem sýna fram á að M hafi staðið annar búnaður til boða í umrætt sinn. Þar sem búnaður sá sem M var fengið til að framkvæma verkið var ófullnægjandi ber vinnuveitandi sakarábyrgð á því og á M rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu G hjá V. Ekki eru efni til að láta M bera hluta tjónsins sjálfan á grundvelli 23. gr. a. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr ábyrgðatryggingu G hjá V.

Reykjavík 8. maí. 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður. Jón Magnússon lögmaður.

Mál nr. 104/2018

M
og
V v/ ábyrgðartryggingar ferðaþjónustuaðila.

Ágreiningur um bótaskyldu er kona slasaðist við að falla niður í kjallarainngang húss.

Gögn.
Málskot, móttekið 16.3.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 9.4.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Að kvöldi 16. nóvember 2016 var M í norðurljósaferð um Vatnsleysusströnd á vegum ferðaþjónustuaðilans A. Var þá áð við lítið hús skammt frá Kálfatjarnarkirkju þar sem boðið mun hafa verið upp á veitingar. Algert myrkur mun hafa verið í kringum húsið og engin lýsing. M kveðst hafa sest ásamt öðru ferðafólki á bekk við borð sem stóð við suðvesturhlið hússins. Skömmu síðar hafi hún staðið upp og gengið örfá skref meðfram vesturhlið hússins, en þá fallið skyndilega ofan í holu með þeim afleiðingum að hnéskel á vinstri fæti brotnaði.
M hefur krafist bóta fyrir úr ábyrgðartryggingu A hjá V fyrir það tjón sem hún kveðst hafa orðið fyrir af völdum meiðsla sem hún hlaut við fallið. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.
M var í skipulagðri hópferð á vegum A. Staðnæmst var við fyrrgreint hús og boðið upp á veitingar. Myrkur var og engin lýsing við húsið. Á annarri langhlið hússins var niðurgrafinn kjallarainngangur sem skagaði nokkra metra hornrétt út frá húsinu. Ekkert handrið eða fallvörn af öðru tagi var í kringum innganginn. Þó má sjá á fyrirliggjandi ljósmynd að á aðra hönd við innganginn upp við húsið hefur verið tvöfaldur bekkur með áföstu borði langsum á milli þeirra og á hina höndina við húsið má sjá einhvers konar trébúkka sem liggur á hliðinni. Þrátt fyrir bekkinn og trébúkkann var hinn niðurgrafni kjallarainngangur að öðru leyti óvarinn. Telja verður að frágangur þessi hafi verið ófullnægjandi og hættulegur þeim sem þarna áttu leið um í myrkri. Þótt umrætt hús hafi staðið eitt sér í nokkurri fjarlægð frá öðrum byggingum, þ. á m. kirkjunni að Kálfatjörn, mátti M og aðrir farþegar sem þarna voru á vegum A ekki búast þeirri hættu sem stafaði af óvörðum kjallarinnganginum. Með því að stöðva við nefnt hús og bjóða þar farþegum upp á veitingar í niðamyrkri verður A að bera ábyrgð á þeim hættulegu aðstæðum sem þarna voru. Verður A því talinn bera skaðabótaábyrgð á líkamstjóni því sem M varð fyrir við það að falla niður í kjallarinnganginn. Samkvæmt gögnum málsins eru ekki efni til að skerða bótarétt hennar vegna eigin sakar. M á því óskoraðan rétt á bótum fyrir tjón sitt úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.
M á óskertan rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 8. maí 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson hrl. Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 105/2018

M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Árekstur á bifreiðaplani við Korputorg 21.12.2017.

Gögn.
Málskot málskotsaðila, móttekið 22.3.2018, ásamt fylgiskjölum.
Tölvupóstur V1, dags. 3.4.2018.
Bréf V2, dags. 9.4.2018.

Málsatvik.
Í lögregluskýrslu sem liggur fyrir vegna áreksturs bifreiða A og B kemur fram að báðum bifreiðum hafi verið ekið um bifreiðaplan við Korputorg þegar árekstur varð og hafi hann orðið aðfararnótt 21. desember 2017. Aðstæðum er þannig lýst að það hafi verið myrkur en góð lýsing og snjóþekja og hálka. Bifreið A var ekið suður eftir bifreiðastæðinu en bifreið B til norðurs þegar framendar bifreiðanna skullu saman. Ökumaður bifreiðar A (M) kveðst hafa verið „...nýlögð af stað en ekki séð jeppabifreið sem var ekið á móti henni fyrr en of seint...“ Ökumaður bifreiðar B segist hafa séð þegar bifreið A „... var ekið á milli ferð á móti honum. Hann kvaðst hafs stigið á bremsuna en bifreiðin rann áfram og hann náði ekki að beygja frá...“ Í bifreið A voru tveir farþegar, annar kvaðst hafa verið að horfa í aðra átt og ekki séð aðdraganda árekstursins en hinn farþeginn sagði bifreið A hafa verið nýlagða af stað og þegar jeppabifreið skall á þeirra bifreið og hafi ökumaður jeppabifreiðarinnar (bifreiðar B) verið að „drifta“ á bifreiðastæðinu rétt áður en árekstur varð. Það kemur einnig fram í framburði ökumanns bifreiðar A.
M telur að ökumaður bifreiðar B eigi að bera alla ábyrgð á árekstrinum þar sem hann hafi ekið of hratt m.v. aðstæður og þannig ekið gegn fyrirmælum h-liðar 2. mgr. 36. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 þar sem fjallað sé um umferðarhraða sem og 19. gr. þar sem fyrirmæli eru til ökumanna sem eru að mæta öðru ökutæki. M vísar til framburðar ökumanns bifreiðar B um að hann hafi ekki getað stöðvað bifreiðina og framburðar M og farþega um aksturslag hans. Einnig telur M ekki sýnt af lögregluskýrslu að ökumaður bifreiðar A hafi ekið gáleysislega úr kyrrstöðu. V1 tekur undir sjónarmið M. V2 telur hins vegar að ökumaður bifreiðar A hafi brotið gegn fyrirmælum 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga með því að aka af stað úr kyrrstöðu án þess að gæta að annarri umferð og verði því að bera alla sök á árekstrinum.

Álit.
Í málinu liggur fyrir að ökumenn bifreiðanna A og B óku á móti hvor öðrum um bifreiðaplan að nóttu til þegar árekstur varð. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að annar ökumanna hafi ekið gegn eðlilegri akleið á planinu. Ökumaður bifreiðar A var að aka af stað og bar við það að gæta að umferð sbr. 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga og báðum ökumönnum bar að aka á eðlilegum umferðarhraða m.v. aðstæður og gæta aðgátar þegar þeir mættu hinum sbr. 19. gr. og 36. gr. umferðaralaga. Með hliðsjón af aðstæðum öllum telst hvorugur ökumanna hafa gætt nægilegrar varúðar við aksturinn þar sem þeir áttu báðir að geta séð hinn auðveldlega. Ekki eru forsendur til annars en að skipta sök til helminga.

Niðurstaða.
Sök skiptist til helminga.

Reykjavík, 24. apríl 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Sigurður Óli Kolbeinsson lögmaður Jón Magnússon lögmaður

Mál nr. 106/2018

M og
V vegna ábyrgðartryggingar O

Lyftari ók á bifreið á athafnasvæði Patreksfjarðarhafnar 7.8.2016.

Gögn.

Málskot móttekið 27.3.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-13.
Bréf V, dags. 16.4.2018.
Bréf lögmanns M, dags. 16.4.2018.

Málsatvik.

M ók Eyrargötu í átt að hafnarsvæði. M segist hafa numið staðar við biðskyldu og tekið eftir lyftara sem var að athafna sig vinstra megin við gatnamótin. M segist síðan hafa beygt til hægri og metið aðstæður þannig að það væri í lagi að stöðva A um stundarsakir til þess að taka barnalæsingu af afturhurð og segist hann hafa hann sett A í handbremsu og kveikt á hættuljósum og farið út úr A, en þá hafi lyftarinn komið á fullri ferð og ekið harkalega á A og einnig á M, þannig að hann slasaðist. Stjórnandi lyftarans sagðist ekki hafa séð A fyrir fiskikörum á lyftaranum, en hafa séð þegar A var ekið inn á hafnarsvæðið. V viðurkennir bótaskyldu en telur að M þurfi að bera helming tjóns síns sjálfur.
M krefst óskertra bóta og leggur áherslu á sök stjórnanda lyftarans. Þá telur M að hann hafi ekki sýnt af sér háttsemi sem réttlæti skerðingu bóta.
V telur að ómögulegt sé að átta sig á af hverju M hafi stöðvað A í umrætt sinn, en sú háttsemi að stöðva A í akstursleið lyftarans hafi verið stórkostlegt gáleysi miðað við aðstæður. V vísar til reglna fyrir höfnina, þar sem segir að fólk sem fari um hafnasvæði þurfi ávallt að sýna aðgát og ekki skuli af ástæðulausu farið inn á vinnusvæði. Þá vísar V til þess að M hafi séð lyftarann og það standist ekki að hann hafi ekki séð viðvaranir. Þá segir V að M hafi ekið framúr lyftaranum rétt áður en slysið varð og varhugavert af honum, að stöðva nokkru síðar í akstursleið lyftarans. V segir að M hafi í raun stöðvað A á miðjum akvegi á vinnusvæði þar sem hann var á eigin áhættu og ábyrgð, vitandi það að vinna var í gangi og verði því að bera helming tjónsins.

Álit.

Stjórnandi lyftara ók áfram án þess að sjá nægjanlega vel hvað var fyrir framan lyftarann og ber hann sök á árekstrinum. V hefur viðurkennt bótaskyldu, en telur að M þurfi að bera helming tjónsins sjálfur vegna eigin sakar. M mátti vera það ljóst þegar hann ók inn á hafnarsvæði framhjá lyftara sem var að störfum eftir að hafa ekið framhjá viðvörunarskilti þar sem á stóð „Varúð vinnusvæði – Bifreiðastöður bannaðar" að hann yrði að sýna verulega aðgát við akstur sinn á svæðinu. Það gerði M ekki þegar hann stöðvaði A af nauðsynjalausu í akstursleið lyftara, sem hann hafði skömmu áður ekið fram úr og vitandi að verið var að vinna við höfnina. M verður því að bera hluta tjóns síns sjálfur og er talið eðlilegt að V bæti tjónið að öðru leyti en því að M beri 1/3 tjóns síns sjálfur.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum en ber 1/3 tjóns síns sjálfur.

Reykjavík, 8. maí 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður Jón Magnússon lögmaður

Mál nr. 107/2018

M og
V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A

Árekstur bifreiða á Kringlumýrarbraut 1.3.2016. Orsakatengsl vegna líkamstjóns.

Gögn.

Málskot móttekið 27.3.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-27.
Bréf V dags. 18.4.2018.

Málsatvik.

M varð fyrir umferðarslysi þ.1.3.2016 þegar bifreið ók aftan á bifreið sem M ók. M leitaði til læknis hinn 18.3.2016 og lýsti eymslum frá hálshrygg og stirðleika í baki. Af hálfu M er þess krafist að V sjái um að láta framkvæma mat á orsakatengslum og umfangi einkenna M sem rekja megi til slyssins, en hann hafi sannanlega orðið fyrir líkamsáverka við slysið. V byggir afstöðu sína í málinu þá því að orsakatengsl milli árekstursins og líkamstjóns M séu ósönnuð. V vísar til þess, að ekki hafi verið um harðan árekstur að ræða og svo takmarkað tjón á bifreiðunum, að ómögulegt sé að nokkur maður hafi orðið fyrir líkamstjóni vegna þess. Þá vísar V til þess að M hafi langa sögu um stoðkerfisvandamál þ.á m. sömu vandamál og hann reki til slyssins nú. V hafnar því að láta framkvæma mat á afleiðingum slyssins, en M sé frjálst að afla og leggja fram slíkt mat þótt V hafni því að taka þátt í frekari gagnaöflun.

Álit.

Áreksturinn sem um ræðir var ekki harður og meir en hálfur mánuður leið frá árekstrinum þangað til M leitaði til læknis. Fyrir liggur að M hefur átt við stoðkerfisvandamál að stríða og ekki liggja fyrir skýrar upplýsingar í gögnum málsins sem benda til orsakatengsla milli þeirra verkja sem eru að hrjá M nú og árekstursins 1.3. 2016. Meginreglur um sönnun í skaðabóta- og vátryggingarétti gera ráð fyrir því að að tjónþoli verði að sýna fram á tjón sitt og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. Ekki er um almenna skyldu vátryggingafélags að ræða til að standa að gagnaöflun umfram það sem leiða má af ákvæðum skaðabótalaga nr. 50/1993 eða eftir atvikum lögum um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Í þessu máli hefur ekki verið sýnt fram á að sá kostnaður sem fyrirhugaður er vegna mats á afleiðingum líkamstjóns sé ótvírætt vegna líkamstjóns sem M hlaut í umræddu umferðaróhappi 1.3.2016. Á meðan svo stendur á telst greiðsluskylda V ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík 15.5. 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður Jón Magnússon lögmaður

Mál nr. 108/2018

M og
V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A

Árekstur bifreiða á Kringlumýrarbraut 1.3.2016. Orsakatengsl vegna líkamstjóns.

Gögn.

Málskot móttekið 27.3.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-27.
Bréf V dags. 18.4.2018.

Málsatvik.

M varð fyrir umferðarslysi 1.3.2016 þegar bifreið ók aftan á bifreið sem M ók. M leitaði til læknis sama dag og lýsti einkennum frá herðum og baki og var greind með tognunaráverka. Af hálfu M er þess krafist að V sjái um að láta framkvæma mat á orsakatengslum og umfangi einkenna M sem rekja megi til slyssins, en hann hafi sannanlega orðið fyrir líkamsáverka við slysið. M vísar í því sambandi til skaðabótalaga. V byggir afstöðu sína í málinu á því að orsakatengsl milli árekstursins og líkamstjóns M séu ósönnuð. V vísar til þess, að ekki hafi verið um harðan árekstur að ræða og svo takmarkað tjón á bifreiðunum, að ómögulegt sé að nokkur maður hafi orðið fyrir líkamstjóni vegna þess. Þá vísar V til þess að M hafi sögu um sömu einkenni og hún reki til slyssins nú. V hafnar því að láta framkvæma mat á afleiðingum slyssins, en M sé frjálst að afla og leggja fram slíkt mat þótt V hafni því að taka þátt í frekari gagnaöflun.

Álit.

Áreksturinn sem um ræðir var ekki harður og þó M hafi leitað strax til læknis þá eru einkenni sem lýst er í gögnum málsins nokkuð almenns eðlis. Fyrir liggur að M hefur átt við einhver stoðkerfisvandamál að stríða og ekki liggja fyrir skýrar upplýsingar í gögnum málsins sem benda til orsakatengsla milli þeirra verkja sem eru að hrjá M nú og árekstursins 1.3. 2016. Meginreglur um sönnun í skaðabóta- og vátryggingarétti gera ráð fyrir því að að tjónþoli verði að sýna fram á tjón sitt og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. Ekki er um almenna skyldu vátryggingafélags að ræða til að standa að gagnaöflun umfram það sem leiða má af ákvæðum skaðabótalaga nr. 50/1993 eða eftir atvikum lögum um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Í þessu máli hefur ekki verið sýnt fram á að sá kostnaður sem fyrirhugaður er vegna mats á afleiðingum líkamstjóns sé ótvírætt vegna líkamstjóns sem M hlaut í umræddu umferðaróhappi 1.3.2016. Á meðan svo stendur á telst greiðsluskylda V ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík 15.5. 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður Jón Magnússon lögmaður

Mál nr. 109/2018

M og
V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags vegna umferðaróhapps 21.7.2017.

Gögn.
Málskot málskotsaðila, móttekið 27.3.2018, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 26.4.2018, ásamt fylgiskjölum.
Tölvupóstur lögmanns M, dags. 26.4.2018.

Málsatvik.
M hjólaði af göngustíg inn á akbraut Arnarbakka og varð þar fyrir bifreiðinni X. V hefur fallist á bótaskyldu vegna tjóns M en takmarkað bætur vegna munatjóns til hans á grundvelli heimildarákvæðis 3. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 þar sem kemur fram að bætur vegna munatjóns megi lækka eða fella niður ef sá sem fyrir tjóni varð er meðvaldur af því af ásetningi eða gáleysi.
M hefur krafist bóta vegna munatjóns síns og telur ósannað að hann hafi sýnt gáleysi þegar hann hjólaði inn á akbraut Arnarbakka. M vísar til þess að gert sé ráð fyrir að fólk fari yfir akbrautina á þessu stað, þó ekki sé merkt gangbraut, þar sem stígurinn þveri akbrautina. M kveðst í málskoti hafa hægt á sér við akbrautina en ekki orðið bifreiðarinnar X var. Einnig vísar M til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 104/2015.
V hefur neitað að greiða bætur til M úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X vegna munatjóns M og telur að M hafi sýnt gáleysi þegar hann hjólaði inn á akbraut án þess að stöðva og vísar í framburð hans sjálfs þar um í lögregluskýrslu. Einnig vísar V til fyrirmæla 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga um að þeir sem ætli að fara af gangstétt inn á akbraut eigi að veita þeim sem leið eiga um akbrautina forgang. M hafi hjólað viðstöðulaust úr skóglendi af göngustíg inn á akbraut og hafi því sýnt gáleysi gagnvart umræddum fyrirmælum og ökumaður bifreiðarinnar X því ekki haft tækifæri til að stöðva bifreiðina. Einnig vísar V til úrskurða nefndarinnar í málum 246/2009 og 174/2012 máli sínu til stuðnings.

Álit.
Í lögregluskýrslu er haft eftir M og staðfest af ökumanni bifreiðarinnar X að M hafi hjólað inn á akbraut af göngustíg án þess að stöðva reiðhjólið eða hægja þannig á sér að hann gæti veitt umferð um akbrautina forgang. Slík háttsemi telst til gáleysis af hans hálfu og eru því skilyrði til að fella niður bætur fyrir munatjón hans með vísan til 3. mgr. 88. gr. umferðalaga. Ekki hafa komið fram upplýsingar eða gögn í málinu sem styðja fullyrðingar M í málskoti um að hann hafi hægt á sér og gætt að umferð áður en hann hjólaði inn á akbrautina.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum fyrir munatjón úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík, 15. maí 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögmaður Jón Magnússon lögmaður

Mál nr. 110/2018

M og
V v/ slysatryggingar launþega.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna asmaeinkenna eftir störf í járnblendiverksmiðju.

Gögn.
Málskot, móttekið 28.3.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 18.4.2018.

Málsatvik.
M vann hjá V sem skoðunarmaður á rafmagnssviði. Dagana 4. og 5. nóvember 2013 vann M, þá tæplega 59 ára gamall, við skoðun fyrir rafmagnssvið í járnblendiverksmiðju B. Eftir fyrri daginn kvaðst M hafa fundið fyrir öndunarerfiðleikum en hélt að þeir myndu lagast. En síðari daginn hafi honum versnað mikið. Degi síðar, 6. nóvember 2013, leitaði M á slysa- og bráðadeild Landspítalans. Í læknabréfi vegna þeirrar komu á spítalann segir að M hafi komið vegna hósta, mæði og hitatoppa á milli að hann taldi. Sagðist M hafa farið að finna fyrir ofnæmi og asmaeinkennum um 40 ára aldur og nokkrum árum fyrir komuna á slysa- og bráðadeildina hafi hann fengið púst vegna asma en ekki haft það lengi, fannst það þó hjálpa. M kvað mikla mengun hafa verið í B er hann var þar við störf fyrrgreinda daga og fundist hann nánast kafna og tengi hann versnunina fyrst og fremst við mengunina. Þá segir í læknabréfinu að við skoðun hafi M verið hress að sjá en móður. Hjarta- og lungnahlustun hafi verið eðlileg. Samkvæmt fyrirliggjandi læknisvottorði var M talinn óvinnufær tímabilið 6. til 11. nóvember 2013. Í tilkynningu um slys til Sjúkratrygginga Íslands, dags. 13. nóvember 2013, kemur fram að M hafi mætt aftur til vinnu 11. nóvember og fengið fullt kaup meðan hann var óvinnufær.
Með tilkynningu 27. mars 2017 krafðist M bóta úr slysatryggingu launþega sem A hafði í gildi hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.
Samkvæmt gögnum málsins virðist ekki um það deilt að hin auknu asmaeinkenni M voru fyrst tilkynnt V 27. mars 2017 eða meira en þremur árum og fjórum mánuðum eftir að M varð fyrir einkennunum. Samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga glatar sá sem á rétt til bóta samkvæmt slysatryggingu þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til viðkomandi vátryggingafélags innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á. Þótt ekki liggi skýrt fyrir samkvæmt gögnum málsins í hverju krafa M á hendur V felst, verður engu að síður ekki annað ráðið, eins og mál þetta liggur fyrir, en krafa M hafi stofnast þegar M leitaði til læknis 6. nóvember 2013. Hinn lögmælti ársfrestur var því löngu liðinn þegar M krafðist bóta úr slysatryggingunni og því var réttur hans til bóta fallinn niður.
Engin gögn liggja fyrir í málinu um loftgæði í B þá tvo daga sem M var þar að störfum eða að mengandi efni í andrúmsloftinu hafi umrætt sinn verið yfir heilsufarsmörkum. Hér verður einnig að gæta að því að M hafði um árabil búið við asmaeinkenni. Þótt M hafi greinst með versnandi asmaeinkenni eftir störf sín í B umræddra daga verður af gögnum málsins að telja ósannað að einkenni þessi megi rekja til skyndilegs utanaðkomandi atviks sem hafi valdið meiðslum á líkama hans eins og áskilið er svo um slys hafi verið að ræða sem telst bótaskylt úr slysatryggingunni.
Að öllu framangreindu virtu á M ekki rétt á bótum úr umræddri slysatryggingu hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá V.

Reykjavík, 22. maí 2018.
Sóley Ragnarsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 111/2018

M og
V vegna fasteignatryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu..

Gögn.
Málskot, dags. 28.03.2018 ásamt fylgigögnum.
Bréf V, vátryggingafélags, dags. 18.04.2018 ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Þakkantur á fasteign í eigu M gaf sig og brotnaði undan miklum snjóþunga 26. febrúar 2017. M krafðist bóta á grundvelli fasteignatryggingar hjá V.
V samþykkti bótaskyldu vegna þakkkants á framhlið húss en hafnaði tjóni á öllum öðrum hliðum hússins með vísun til þess að frágangur þakkantsins hafi verið haldin verulegum göllum.

Álit.
Í 8. gr. skilmála fasteignatryggingarinnar kemur fram að vátyggingin bæti tjón á vátryggðri húseign sem er afleiðing af skyndilegum snjóþunga sem sligað hefur þak eða veggi hennar. Í þessu máli gaf þakkkantur sig vegna mikils snjóþunga. Ekki er sannað að frágangur þakkantsins hafi verið gallaður og ber V því bótaskyldu vegna tjóns á þakkantinum

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr fasteignatryggingu hjá V.

Reykjavík, 22. maí 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl. Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 112/2018

M og
V v. Ábyrgðartryggingar R

Trappa rann undan manni þ. 28.8.2017

Gögn.

Málskot móttekið þ. 5.4.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-16
Bréf V dags. 11.4.2018 ásamt fylgiskjölum 1-3

Málsatvik.

M stóð upp í tröppum og var að tengja rafmagnsvír þegar trappan rann undan honum og M slasaðist. M vísar í umsögn Vinnueftirlitsins þar sem segir að gólfið hafi verið mjög hált vegna sagryks og trappan of lág miðað við það verk sem unnið var við. M krefst bóta og vísar í lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og telur að ákvæði þeirra laga um öryggur starfsaðstæður, hafi ekki verið fylgt og það hafi orsakað slys M. V hafnar bótaskyldu og segir að engin vitni hafi verið að slysinu og dregur V í efa að frásögn M af því að trappan hafi runnið. V segir að M hafi staðið klofvega í tröppunni og verið að vinna upp fyrir sig og mun líklegra að hann hafi misst jafnvægið og dottið. Þá sé vinnutrappan í eigu annars fyrirtækis en R, sem M vann hjá. V segir ósannað að slysið verði rakið til saknæms vanbúnaðar eða annars sem R beri ábyrgð á. Þá vísar V til þess að R fullyrði að fjöldi annarra vinnutrappa hafi verið til staðar, sem hafi hæft betur fyrir það verk sem M var að vinna við og M hefði átt að nota tröppur sem R átti en ekki aðrar. Þá segir V að sópar og önnur hreingerningartæki hafi verið til staðar þegar M slasaðist. V segir að M sé faglærður rafvirki og hafi bæði fagþekkingu og reynslu til að meta það hvað væri öruggt og hvað ekki. Þá hafi M ekki gert neitt til að tryggja stöðugleika tröppunnar eða fá vinnufélaga til aðstoðar hefði þess verið þörf. Samstarfsmaður M segir að á verkstað hafi verið margar tröppur á vegum R í nokkrum stærðum til afnota.

Álit.

Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins vegna slyssins segir að á gólfinu hafi verið nýr dúkur og talsvert ryk sem gerði dúkinn mjög hálan og orsakir slyssins megi rekja til tveggja samverkandi þátta annars vegar hafi trappan sem notuð var verið of lág með tilliti til þeirrar hæðar er unnið var við lagnir og unnið hafi verið á hálu undirlagi. Af framangreindri umsögn Vinnueftirlitsins verður ekki annað ráðið, en að aðstæður á verkstað hafi ekki verið fullnægjandi og hafa ekki verið færðar nægjanlegar sönnur af hálfu V eða vátryggingataka á, að annar og fullnægjandi búnaður hafi verið til staðar og til afnota fyrir M í umrætt sinn. Má því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu R hjá V miðað við fyrirliggjandi gögn.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggngu R hjá V.

Reykjavík 22.5. 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður. Jón Magnússon lögmaður.

Mál nr. 113/2018
M
og
V vegna ábyrgðartryggingar A.

Ágreiningur um bótaskyldu.

Gögn.
Málskot, dags. 03.04.2018 ásamt fylgigögnum.
Bréf V, vátryggingafélags, dags. 02.05.2018 ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
M var að vinna á innilyftara hjá A þar sem hann kom með fiskaföng til tækja og úr tækjum í aðalfrysti og átti að sjá um að vinnufólk hefði nægan fisk og taka hann frá þegar búið var að verka hann. Þar sem hann var að athafna sig bakkaði hann á hornið á útilyftara sem hafði stöðvað. M fékk slink á skrokkinn sem hann hefur ekki jafnað sig á. M krefur V um bætur á þeim grundvelli að hann hafi mátt ætla að hann væri þarna einn því útilyftari hafi átt að gera viðvart þegar hann kom í húsið. Auk þess hafi verið mikið álag en krafist sé hraða við vinnu og að aðföng séu alltaf til staðar í öllum vinnslurýmum.
V hafnar bótaskyldu á þeim grundvelli að samkvæmt A hafi M ekki getað gert ráð fyrir að vera einn á svæðinu. Ekki sé gert ráð fyrir að útilyftari láti vita þegar hann komi í hús en í þessu tilviki hafi útilyftarinn látið vita af sér. Þá hafi M borið að gæta að sér þegar hann bakkaði skv. 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Álit.
Í málinu liggur fyrir að M var að vinna á lyftara og bakkar á annan lyftara. Skv. 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal ökumaður, áður en hann snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak, ganga úr skugga um, að það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra. M bar því að sýna aðgæslu þegar hann bakkaði og álag á vinnustað kemur ekki í veg fyrir þá skyldu. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum er ekki unnt að líta svo á að slys M sé að rekja til sakar A. Tjón M er því ekki bótaskylt úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 5. júní 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Lúðvík Bergvinsson lögm.

Mál nr. 114/2018

M og
V vegna frjálsrar ábyrgðartryggingar A

Innkaupakerrur fuku á bifreið á bílastæði verslunar þann 25.2.2018.

Gögn.

Málskot M móttekið þann 9.4.2018, ásamt fylgiskjölum 1-5.
Bréf V, dags. 18.4.2018, ásamt fylgiskjölum 1-6.

Málsatvik.

M lýsir atvikum með þeim hætti að hann hafi komið að versluninni um kl. 17:30 og að hann hafi lagt bifreiðinni og verið að sækja sér fjölnota poka í skott bifreiðarinnar þegar tvær raðir af kerrum fuku til og skullu utan í hægri hlið bifreiðarinnar með þeim afleiðingum að tjón hlaust af. Heldur M því fram að kerruskýli á bílastæðinu hafi verið orðið yfirfullt og kerrurnar hafi fokið úr kerruskýlinu. Hefur M gert kröfu í frjálsa ábyrgðartryggingu A á þeim grundvelli að A beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu. Byggir M m.a. á því að kerruskýlin hafi verið ófullnægjandi þar sem þau hafi ekki haldið kerrunum á sínum stað. Þá telur M að A hafi vanrækt að taka saman lausar kerrur. V hafnar bótaskyldu með vísan til þess að tjónið verði ekki rakið til mistaka, vanbúnaðar eða vanrækslu starfsmanna verslunarinnar. Þá vísar V til þess að verslunareigandi geti ekki borið skaðabótaábyrgð á því að viðskiptavinir verslunarinnar skilji innkaupakerrur eftir með óforsvaranlegum hætti. Að auki vísar V til þess að A hafi að jafnaði 5 starfsmenn í vinnu við að taka saman lausar kerrur.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað séð en að frágangur og umbúnaður verslunarinnar A vegna varðveislu og skila á innkaupakerrum sé með þeim hætti sem almennt er krafist af verslunareigendum. Ekki hefur verið sýnt fram á að tjón M megi rekja til atriða sem verslunareigandi eða starfsfólk hans bera ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 22. maí 2018

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 115/2018

M
og
V vegna ábyrgðartryggingar A.

Ágreiningur um bótaskyldu..

Gögn.
Málskot, dags. 09.04.2018 ásamt fylgigögnum.
Bréf V, vátryggingafélags, dags. 03.05.2018.

Málsatvik.
Í miklu vatnsveðri 23. febrúar 2018 varð vatnstjón á fasteign M vegna þess að regnvatnsblandað skólp sem kom frá fráveitum A gegnum brunn á lóðinni og lagnir að húsinu kom upp um niðurföll í fasteigninni. Tjónið varð með þeim hætti að vatn rann í varnarlögn sem fyllti brunninn og dæla í brunninum hafði ekki undan sem orsakaði bakrennsli inn í fasteignina.
V neitar bótaskyldu á þeim grunni að heimabrunnar og lagnir frá fráveitu sé ekki á ábyrgð A, sbr. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 9/2009, um uppbyggingu og rekstur fráveitna.

Álit.
Vatnið sem orsakaði tjónið á fasteign M flæddi inn í fasteignina vegna vatnsveðurs. Með vísan til þess er ekki sýnt fram á atvik í máli þessu sem A ber ábyrgð á og því ekki um bótaskyldu að ræða.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 22. maí 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson hrl. Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 116/2018

M og
V-1 vegna ökutækisins A og
V-2 vegna ökutækisins B

þ. 1.3.2018.

Gögn.

Málskot móttekið þ. 10.4.2018 ásamt fylgiskjölum nr.
Bréf V-1 dags. 14.4.2018
Bréf V-2 dags. 26.4.2018

Málsatvik.

Árekstur varð á Höfðabakka milli bifreiðanna A og B. Í lögregluskýrslu kemur fram að óþekktri bifreið hafi verið ekið aftan á B, sem hafi verið kyrrstæð á rauðu ljósi og við það hafi B kastast aftan á A, sem einnig var kyrrstæð á rauðu ljósi. Ökumaður A segir A hafa verið kyrrstæða á rauðu ljósi á leið suður Höfðabakka þegar B hafi verið ekið aftan á A og segir ökumaður A að hann hafi ekki séð óþekktu bifreiðina. Ökumaður B segir B hafa verið kyrrstæða þegar dökkri ameríkskri bifreið hafi verið ekið aftan á B og B kastast á A og segist ökumaður ekki hafa náð skráningarnúmeri þeirrar bifreiðar.

Álit.

Ekkert er vitað um hina óþekktu bifreið, sem að ökumaður B segir að hafi verið ekið aftan á B og við það hafi B kastast aftan á A. Ökumaður A segist ekki hafa séð þessa óþekktu bifreið og engin ákoma er sjáanleg aftan á B, en óhjákvæmilega hefði bifreið þurft að keyra á B á nokkrum hraða til að færa jafn stóran og þungan bíl og B úr stað. Þar sem ekkert liggur fyrir um meinta óþekkta bifreið, sem á að hafa ekið aftan á B nema frásögn ökumanns B og engin ákoma er aftan á B, þá er það fjarri lagi, að vera nægjanlega sannað, að óþekkt bifreið hafi ekið aftan á B og við það hafi B kastast á A. Af gögnum málsins verður því ekki annað ráðið, en að B hafi ekið aftan á A og beri alla sök í málinu.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök.

Reykjavík 22.5. 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður. Jón Magnússon lögmaður.

Mál nr. 117/2018

M og
V v. slysatryggingar launþega E

Gildisvið vátryggingaskilmála vegna hugtaksins slyss vegna líkamstjóns 6.12.2016

Gögn.

Málskot móttekið 10.4.2018, ásamt fylgiskjölum nr. 1-12.
Bréf V, dags. 12.4. 2018.

Málsatvik.

M lýsir málsatvikum í málskoti með þeim hætti, að hann hafi verið að tengja stóra ryksugu í innstungu og þurft að stíga upp á stall og grípa um hanka við hlið innstungunnar, en þegar M greip um hankann hafi hann fengið slynk á vinstri öxl. Þá hafi samstarfsmaður náð að styðja við hann svo hann féll ekki af stallinum. M krefst bóta úr slysatryggingu launþega E hjá V. M byggir á því að hann hafi sannanlega orðið fyrir slysi í umrætt sinn þegar utanaðkomandi togkraftur og slynkur kom á vinstri öxl hans. V hafnar bótaskyldu og segir að M hafi ekki orðið fyrir slysi í umrætt sinn. V vísar til lýsingar M í tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands, þar sem segir að M hafi verið að tengja stóra ryksugu við rafmagn þegar hann steig upp á pall og teygði sig í hanka á súlu og fann fyrir sársauka í vinstri öxlinni. V segir að áverki M verði ekki rakinn til skyndilegs utanaðkomandi atburðar heldur rangrar beitingar og/eða ofreynslu og álags.

Álit.

Í tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands dags. 12.5.2017 gerir M grein fyrir málavöxtum með þeim hætti, að hann hafi verið að tengja stóra ryksugu í samband og þurft að stíga upp á stall og teygja sig í hanka en þá hafi gerst eitthvað sársaukafullt í vinstri öxlinni og hafi hann verið að missa takið þegar vinnufélagi hans hafi komið og stutt við bakið á M. Þessa upprunalegu málavaxtalýsingu verður að leggja til grundvallar í málinu og samkvæmt henni verður ekki séð að um hafi verið að ræða skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem hafi orðið þess valdandi að M varð fyrir þeim því líkamstjóni sem hann lýsir í málskoti. M á því ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá E.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá E.

Reykjavík 15.5.2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður Jón Magnússon lögmaður

Mál nr. 118/2018

M og
V v/ hestatryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna kostnaðar við sundþjálfun hests eftir beinbrot.

Gögn.
Málskot, móttekið 10.4.2018, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Bréf V, dags. 24.4.2018.

Málsatvik.
Í október 2016 varð hestur (A) í eigu M fyrir því að eitt af „capalbeinum“ innanfótar á vinstri framfæti brotnaði. Var A til meðferðar hjá dýralækni allt til ársloka 2017 vegna atviksins. M hafði í gildi hjá V sérstaka hestatryggingu sem samanstendur af nokkrum tegundum vátrygginga, þ. á m. sjúkrakostnaðartryggingu. Allur tilfallandi kostnaður M vegna meðferðar A hjá dýralækni mun hafa verið greiddur úr sjúkrakostnaðartryggingunni.
Haustið 2017 var A settur í sérstaka sundþjálfun hjá fyrirtækinu B, sem veitir slíka þjálfun fyrir hesta. Segir í fyrirliggjandi yfirlýsingu dýralæknis, sem annaðist meðferð hestsins, að sundþjálfunin hafi ekki verið endurhæfing heldur hluti af læknismeðferð A.
M hefur krafist greiðslu kostnaðar vegna sundþjálfunarinnar úr sjúkrakostnaðartryggingunni hjá V. V hefur hafnað greiðslu á þeim kostnaði.

Álit.
Í 1. gr. í skilmálum framangreindrar sjúkrakostnaðartryggingar er bótasvið vátryggingarinnar tilgreint og segir í gr. 1.1. að vátryggingin bæti lækniskostnað vegna skoðunar og meðferðar hestsins vegna sjúkdóms eða slyss. Í 13. gr. almennra skilmála vátryggingarinnar er skilgreint hvað átt sé við með orðinu „lækniskostnaður“ í vátryggingunni, en með orðinu sé átt við greiðslur til dýralæknis, dýralæknastofu eða dýraspítala á Íslandi vegna skoðunar eða meðferðar vegna sjúkdóms og slyss. Enn fremur falla undir slíkan kostnað lyf sem sömu aðilar afhenda eða ávísa vegna sjúkdóma og slysa. Af þessum ákvæðum vátryggingarskilmálanna má vera ljóst að kostnaður sem bætist úr vátryggingunni takmarkast við greiðslur til dýralæknis, dýralæknastofu eða dýraspítala á Íslandi eins og nánar er tilgreint í ákvæðunum. Greiðslur til annarra aðila sem kunna að hafa annast hestinn vegna þeirra meiðsla sem hann hlaut umrætt sinn falla því utan bótasviðs vátryggingarinnar. Af gögnum málsins verður ekki séð að B sé dýralæknir, dýralæknastofa eða dýraspítali, en af því leiðir að greiðsla til B vegna sundþjálfunarinnar fæst ekki bætt úr vátryggingunni. Þessu getur fyrrgreind yfirlýsing dýralæknis ekki breytt. Skilmálaákvæði sem vísað er til af hálfu M um skyldu vátryggingartaka eða vátryggðs um að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að afstýra eða draga úr tjóni á ekki við um sjúkrakostnaðartryggingarþátt hestatryggingarinnar sem M hefur í gildi hjá V og hér er til skoðunar.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr sjúkrakostnaðartryggingu hjá V vegna kostnaðar við sundþjálfun hests í hennar eigu.

Reykjavík, 15. maí 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður Jón Magnússon lögmaður

Mál nr. 119/2018

M og
V vegna starfsábyrgðartryggingar byggingastjórans B

Ágreiningur um skaðabótaábyrgð byggingarstjóra vegna vinnu við húseignina X

Gögn.

Málskot M móttekið þann 12.4.2018, ásamt fylgiskjölum 1-4.
Bréf V, dags. 26.4.2018, ásamt fylgiskjali.
Bréf M, ódagsett.

Málsatvik.

M undirritaði kaupsamning þann. 19. júlí 2013 um kaup á íbúð 106 í fasteigninni X ásamt bílastæði í bílageymslu merkt B-17. Af gögnum málsins má ráða að á byggingartímanum hafi dyragat í bílageymslu verið fært með þeim afleiðingum að bílastæði merkt B-17, sem samkvæmt teikningum, dags. 14.2.2012 átti að vera bílastæði fyrir fatlaða var breytt í hefðbundið bílastæði. Þann 2. maí 2014 fór fram lokaúttekt á fasteigninni X og var hún staðfest af byggingafulltrúanum í Reykjavík án athugasemda. Þá má ráða af gögnum málsins að breytingin á bílastæðinu hafi verið samþykkt af byggingafulltrúanum í Reykjavík þann 17. mars 2015. Þann 23. desember 2016 felldi Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála úr gildi ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 17. mars 2015 um að samþykkja áður gerðar breytingar á fasteigninni sem m.a. varða breytingar á bílastæði merktu B-17 í bílageymslunni.

M hefur gert kröfu í starfsábyrgðartrygging B á grundvelli þess að fyrrgreind breyting á bílastæði í bílageymslu hafi leitt til tjóns sem B sem byggingarstjóri X ber skaðabótaábyrgð á. En M heldur því fram að breytingin á bílastæðinu verði rakin til mistaka við uppslátt veggja.

V hafnar bótaskyldu á þeirri forsendu að ósannað sé að B hafi sýnt af sér saknæma háttsemi. Byggir niðurstaða V á því að B hafi orðið þess áskynja að dyragat á teikningu hafi verið í minni fjarlægð frá annarri hurð inn í nærliggjandi brunastúku en lög og reglur gerðu ráð fyrir. Þar sem byggingargögn hafi verið ófullnægjandi hafi B því borið skylda, skv. 3. mgr. mannvirkjalaga nr. 160/2010, til þess að bregðast við og eftir atvikum vekja athygli hönnuðar á umræddu fráviki. Hafi niðurstaða þeirra verið sú að færa umrætt hurðargat til að uppfylla ákvæði reglugerða. Þá vísar V til þess að M hafi ekki orðið fyrir fjártjóni þar sem umrædd breyting hafi verið gengin í gegn þegar íbúðir í húsinu voru seldar og að kaupendum hafi mátt vera það ljóst við skoðun.

Álit.

Í 29. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki er kveðið á um ábyrgð og verksvið byggingarstjóra. Segir í 5. mgr. 29. gr. laganna að byggingarstjóri skuli hafa virkt eftirlit með því að þeir sem koma að byggingu mannvirkis fylgi samþykktum hönnunargögnum, verklýsingum og ákvæðum laga þessara, laga um byggingarvörur og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. Verði byggingarstjóri við eftirlit var við ágalla á verki iðnmeistara eða hönnuðar skal hann gera viðkomandi aðvart og krefjast þess að úr sé bætt innan hæfilegs tíma. Athugasemdir byggingarstjóra skulu skráðar á viðeigandi hátt í gæðastjórnunarkerfi hans og annarra hlutaðeigandi. Sé athugasemdum byggingarstjóra ekki sinnt eða um ítrekaða vanrækslu að ræða skal hann tilkynna það eiganda. Komi verulegir ágallar á mannvirki i ljós við úttekt, við lok verkhluta eða framkvæmda, eða eftir að mannvirki er tekið í notkun, sem ekki hefur verið bætt úr og rekja má til stórfelldrar vanrækslu á verksviði einstakra iðnmeistara eða hönnuða, ber byggingarstjóri meðábyrgð á ágöllunum gagnvart eiganda, enda hefðu ágallarnir ekki átt að dyljast byggingarstjóra við eftirlit skv. 1. málslið.

Tekið skal fram að gögn málsins eru nokkuð takmörkuð, bæði hvað varðar byggingasögu fasteignarinnar og tjónið sjálft. Hins vegar verður ekki verður séð, hvorki í málskoti né öðrum gögnum málsins, hvernig byggingarstjóri sem hafði eftirlit með byggingarframkvæmdum hafi vanrækt starfsskyldur sínar samkvæmt því sem að framan greinir eða með öðrum hætti valdið M fjártjóni vegna gáleysis í starfi sínu, en það er forsenda þess að bótaskylda geti stofnast úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra. Samkvæmt þessu á M ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu B hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt úr starfsábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík 22. maí 2018

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 120/2018

M og
V vegna kaskótryggingar bifreiðarinnar A

Ágreiningur um bótaskyldu..

Gögn.
Málskot, dags. 12.04.2018 ásamt fylgigögnum.
Bréf V, vátryggingafélags, dags. 24.04.2018 ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Eldur kviknaði í bifreiðinni A sem eyðilagðist í brunanum og gerði M kröfu um bætur hjá V. Rannsókn lögreglu leiddi í ljós að kveikt hafði verið í bifreiðinni og að bifreiðin hafði verið ólæst. M var viss um að hann hefði læsti bifreiðinni og vissi ekki hvernig stóð á því að hún var ólæst.
V hafnaði bótaskyldu á grundvelli varúðarreglu 8.4. í skilmálum vátryggingarinnar þar sem gert er að skilyrði að bifreið sé læst svo tjón sé bótaskylt.

Álit.
Í skilmálum kaskótryggingarinnar grein 8.4. kemur fram að vátryggðum og þeim sem með samþykki vátryggðs er ábyrgur fyrir hinu vátryggða ber að gæta þess að hafa ökutækið læst þegar það er ekki í notkun og geyma lykla þess og annan opnunarbúnað á öruggum stað. Þar sem bifreiðin var ólæst þegar kveikt var í henni á M ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu hjá V.

Reykjavík, 22. maí 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson hrl. Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 121/2018

M og
V vegna fasteignatryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu.

Gögn.
Málskot, dags. 10.04.2018 ásamt fylgigögnum.
Bréf V, vátryggingafélags, dags. 23.05.2018 ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Í kjölfar asahláku 26. febrúar 2018 varð tjón í kjallara fasteignar M þegar vatn flæddi þar inn um opnanlegt fag. V hafnaði bótaskyldu með vísan til þess að sá hluti fasteignarinnar sem varð fyrir tjóni sé ekki hluti af brunabótamati skv. matsreglum Fasteignaskrár Íslands og því ekki hluti af hinu vátryggða sbr. skilmála félagsins þar sem fram kemur að vátryggingin taki til húseignar þeirrar eða hluta húseignar sem tilgreind er í vátryggingaskírteini eða endurnýjunarkvittun og venjulegra fylgihluta hennar enda hafi verið tekið tillit til þeirra í brunabótamati skv. matsreglum Fasteignaskrár Íslands.
Í kæru M kemur fram að þau telji að V hafi ekki greint þeim frá því að kjallarinn væri óvátryggður. Skoðunarmaður á þeirra vegum hafi skoðað fasteignina nákvæmlega og hafi sagt að kjallarinn væri ósamþykktur en ekki minnst á að hann félli ekki undir vátrygginguna. Því telji þau tjónið bótaskylt.

Álit.
Í gögnum málsins kemur fram að M töldu að öll fasteignin væri vátryggð. Í vátryggingaskírteini sem fylgir með gögnum málsins er ekki tilefni til annars en að ætla að öll fasteignin sé vátryggð. Í skilmálum V kemur fram að vátryggingin taki til húseignar þeirrar sem tilgreind er í vátryggingaskírteini. Þá kemur fram að vátryggingin taki til venjulegra fylgihluta fasteignarinnar enda hafi verið tekið tillit til þeirra í brunabótamati. Við túlkun á orðalagi skilmálanna verður að líta til þess að það er ekki skýrt að gildissvið vátryggingarinnar sé afmarkað við þann hluta fasteignarinnar sjálfrar sem fellur undir lögboðna brunatryggingu heldur verður að skilja orðalagið þannig að tilvísunin sé einungis bundin við fylgihluta fasteignarinnar. Ekki er unnt að líta öðruvísi á en að kjallarinn sé hluti af fasteigninni sem tilgreind er í vátryggingaskírteini en ekki fylgihluti og verður V að bera hallan af því að orðalag skilmálans er ekki nægilega skýrt. M á því rétt á bótum úr fasteignatryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr fasteignatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 15. júní 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.
Sigurður Óli Kolbeinsson lögm. Lúðvík Bergvinsson lögm.

Mál nr. 122/2018

M og
V v/ lögboðinnar ábyrgðartryggingar bifreiðar.

Ágreiningur um sök

Gögn.
Málskot, móttekið 13.4.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 11.52018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Árekstur varð á Miðhúsabraut við Þórunnarstræti á Akureyri. M, ökumaður bifreiðarinnar A ók vestur Miðhúsabraut og hugðist taka u-beygju við Þórunnarstræti. Á sama tíma var bifreiðinni B einnig ekið vestur Miðhúsabraut, á eftir bifreiðinni A. Þegar bifreiðarnar nálguðust gatnamótin hægði ökumaður A verulega á ferðinni og beygði til vinstri í veg fyrir bifreiðina B, en ætlun hans var að taka svokallaða u-beygju. Ökumaður B hemlaði og beygði til vinstri upp á umferðareyju í því skyni að forða árekstri. Árekstrinum varð ekki forðað og rákust bifreiðarnar saman hinum megin við umferðareyjuna á akrein sem ætluð er fyrir akstur umferðar úr gagnstæðri átt.

Álit.
Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að ökumaður A hafi tekið u-beygju með röngum hætti og eigi því alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.
M, ökumaður A ber alla sök á árekstrinum.

Reykjavík, 15. júní 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögn. Lúðvík Bergvinsson lögm.

Mál nr. 124/2018

M og
V v/kæli- og frystivörutryggingar

Tjón á framleiðsluvörum (frosin rækja).

Gögn.
Málskot M, móttekið þann 20.4.2018, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags.13.10.2017.

Málsatvik.
Samkvæmt því sem fram kemur í erindi M kom upp bilun sumarið 2016 í frystikerfi í frystiklefa hjá M, þar sem hráefni var geymt – m.a. 35 tonn af frystum rækjum. Að mati M olli bilunin því að lekabytta stíflaðist í þeim hluta klefans þar sem hráefnið var geymt, þannig að vatn flæddi yfir. Að mati M leiddi bilunin til þess að hluti hráefnisins afþýddist svo slaknaði tímabundið á vörunni sem síðan fraus aftur eftir að gert hafði verið við bilunina. Samkvæmt upplýsingum frá M kom bilunin í ljós þann 28. ágúst 2016. Að sögn M var gert við bilunina samdægurs. Samkvæmt upplýsingum M var talið að hitaþræðir í frárennslislögn við frystibúnað hafi ekki virkað sem skildi, sem hafi leitt til hækkunar hitastigs í klefanum með tilheyrandi afleiðingu fyrir hið frysta hráefni. Ekki er ágreiningur um að varan sem málskotsaðili geymdi í frystigeymslunni var í góðu ástandi þegar hún var keypt.

Matís mat gæði hinna umræddu afurða (þ.e. pillaða rækja) eftir að hún hafði verið unnin hjá M. Rækjan var unnin í desember 2016, þ.e. eftir að hið meinta tjón varð á hráefninu. Matís staðfesti að rækjan hefði orðið fyrir hitasveiflum þar sem hún var tætt eftir ískristalla. Niðurstaða Matís var sú að umrædd rækja hafi orðið fyrir gæðarýrnun vegna hitasveiflnanna. Að mati Matís er þó ekki sé hægt að fullyrða um það hvar og hvenær sú gæða rýrnun á vörunni hafi átt sé stað. Þá kom enn fremur fram í niðurstöðum Matís að gæðarýrnunin hafi ekki haft áhrif á heilnæmi vörunnar, þó gæðin hafi minnkað hafi áfram verið að nýta vöruna til matvælaframleiðslu þó gæðin hafi ekki lengur dugað til hágæðaframleiðslu.

Álit.
Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, með vísan til þeirra gagna sem hafa verið lögð fram fyrir nefndina, verður ekki séð að hægt sé að fullyrða með vissu hvar og hvenær tjónið hafi átt sér stað sbr. niðurstöðu Matís. Með vísan til þess er bótaskyldu V hafnað.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr kæli- og frystivörutryggingu hjá V.

Reykjavík 5. júní 2018

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Lúðvík Bergvinsson lögm.

Mál nr. 125/2018

M og
V v. Eignatryggingar lausafjár.

Heitur pottur við sumarbústað lak vatni þ. 25.5.2017

Gögn.

Málskot móttekið þ. 20.4.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-5
Bréf V dags. 27.5.2018 ásamt fylgiskjölum 1-3.
Bréf M dags. 3.5.2018.

Málsatvik.

M keypti heitan pott síðla árs 2010 sem hefur hann verið í notkun síðan 2011. Haustið 2016 var potturinn tæmdur og blásið úr öllum leiðslum og síðan gengið tryggilega frá honum að sögn M. Í lok maí 2017 átti að gangsetja pottinn og fór þá að flæða undan honum miðjum að líkindum að mati M úr einni nudddælunni. M krefst bóta úr eignatryggingu sinni hjá V og byggir á því að hann eigi rétt á bótum skv. 9.gr. vátryggingaskilmála. V hafnar bótaskyldu og segir að vátryggingin taki einungis til vatnstjóns sem verður vegna þess að vatn streymir skyndilega og óvænt úr vatns-,hita og skolplögnum, en sérstaklega sé tekið fram, að önnur tjón, svo sem bilanir á tækjum eða frostskemmdir á lögnum bætist ekki. V telur að miðað við lýsingu M að lagnir hafi frostsprungið eða rofnað. Vatnslekinn sé því afleiðing bilunar/skemmdar en ekki orsakavaldur. V segir ekki hafa verið sýnt fram á að vatnstjón hafi orðið eða hvaðan vatnið í pottinum kom. M segir að áður en gangsetja hefði átt pottinn hafi þurft að fylla hann af vatni og hafi sú framkvæmd staðið yfir þegar vatn tók skyndilega að streyma úr pottinum. Þá segir M að bótaskylda skemmdin sé vegna þess að vatn streymi úr pottinum þegar lagnir bresta og hann sé ónothæfur.

Álit.

M vísar til greinar 9.1 í vátryggingaskilmálum hvað varðar bótaskyldu V. Í þeirri grein segir: ”Félagið bætir skemmdir af völdum þess að vatn streymir skyndilega og óvænt úr vatns-,hita-, og skolplögnum. Sama gildir um flóð frá tækjum sem fasttengd eru lögnum þessum, svo sem salernisskálum, handlaugum, vöskum, baðkerum, þvottavélum eða uppþvottavélum.” Í málinu liggur fyrir að vatn streymdi ekki skyndilega úr vatns-, hita- og skolplögnum þegar heiti potturinn var hálfylltur af vatni og byrjaði að leka. Ástæða lekans er að mati M sú að nudddæla í pottinum hafi gefið sig, en það hefur ekkert með það að gera að vatn streymi skyndilega og óvænt úr þeim lögnum, sem tilgreindar eru í grein 9.1 vátryggingaskilmála. Þá hefur M ekki sýnt fram á tjón vegna þess atburðar sem hann vísar til og byggir kröfu sína á. M á því ekki rétt á bótum úr eignatryggingu lausafjár hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr eignatryggingu lausafjár hjá V.

Reykjavík 22.5.2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður. Jón Magnússon lögmaður.

Mál nr. 126/2018

V v/ málskostnaðartryggingar og ábyrgðartryggingar einstaklings.

Ágreiningur um bótaskyldu úr málskostnaðartryggingu vegna tveggja ágreiningsmála og bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu einstaklings. Frávísun á hluta krafna.

Gögn.

Málskot, móttekið 22.4.2018, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Bréf V, dags. 7.5.2018, ásamt fylgigögnum.

Um málskotið.

Það sem M kveðst kvarta yfir samkvæmt málskotinu er sett fram í sex töluliðum. Af málskotinu og gögnum málsins að öðru leyti má ráða eftir farandi um einstaka tölulið: Að fyrsti tölulið lúti að því að V hafni greiðsluskyldu úr málskostnaðartryggingu sem M hefur í gildi hjá V vegna dómsmáls sem hann hyggst höfða gegn einstaklingi sem olli eignaspjöllum á bifreið hans 10. febrúar 2018. Að annar tölulið lúti að höfnun V á greiðslu skaðabóta úr ábyrgðartryggingu þess einstaklings sem olli skemmdunum á bifreið hans 10. febrúar 2018. Að þriðji tölulið, sem jafnframt er í fjórum undirliðum, a til d, lúti að synjun V á greiðslu bóta úr fyrrgreindri málskostnaðartryggingu þar sem félagið hefur fallist á að tiltekinn réttarágreiningur falli undir gildissvið vátryggingarinnar, en skilyrðum greiðsluskyldu úr vátryggingunni sé á hinn bóginn ekki fullnægt. Að fjórði tölulið lúti að því að vegna þess réttarágreinings sem fjallað er um undir þriðja tölulið skuli hámarksbætur sem tilgreindar eru í vátryggingarskilmálum vera óverðbættar þótt dómsmál dragist á langinn og verðlag breytist á tímabilinu. Að fimmti tölulið lúti að því að M skuli njóta hluta þeirrar ávöxtunar sem V njóti „af skattfrestun hámarksbóta í máli“ því sem fjallað er um undir þriðja tölulið. Loks í sjötta lagi að vátryggingarskilmálar málskostnaðartryggingar þeirrar sem M hefur í gildi hjá V séu „yfirleitt ekki í samræmi við 198-205. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB sem fela í sér lágmarksréttindi vátryggingataka.“
Eins og kvörtunum M er háttað og hvers eðlis þær eru þykir rétt að taka hvern tölulið til skoðunar og leiða til lykta eins og nánar greinir hér á eftir.

Um tölulið eitt.

M hyggst höfða dómsmál á hendur einstaklingi sem olli skemmdum á bifreið hans 10. febrúar 2018. Samkvæmt gr. 25.1 í skilmálum þeirrar málskostnaðartryggingar sem hér um ræðir bætir vátryggingin málskostnað vegna ágreinings sem snertir vátryggðan sem einstakling og getur komið til úrlausnar héraðsdóms eða Hæstaréttar hér á landi. Í gr. 25.2 til 25.15. eru tilgreind atvik sem málskostnaðartryggingin tekur ekki til. Samkvæmt gr. 25.10 bætir vátryggingin ekki málskostnað sem varðar vátryggðan sem eiganda, notanda eða stjórnanda vélknúins farartækis, hjólhýsis, fellihýsis eða annarra tengivagna, loftfars, skips, gufubáts, vélbáts eða seglskútu þ.m.t. fjárskuldbindingar sem tengjast framantöldu. Með þessu undanþáguákvæði hefur V afmarkað nánar á hlutlægan hátt gildissvið vátryggingarinnar frá því sem greinir í gr. 25.1. Að lögum er ekkert sem hamlar að gildissvið vátryggingar sé afmarkað með þeim hætti sem hér er gert.
Í 1. gr. reglugerðar nr. 510/2017 um réttaraðstoðartryggingar er kveðið á um gildissvið reglugerðarinnar, en samkvæmt ákvæðinu gildir reglugerðin um réttaraðstoðarvátryggingar. Með slíkri vátryggingu tekur vátryggingafélag að sér gegn greiðslu iðgjalds að bera kostnað við málarekstur og að veita aðra þjónustu sem fellur innan gildissviðs vátryggingarinnar. Í því felst einkum að stuðla að því að vátryggður fái bætur fyrir bótaskylt tjón með uppgjöri utan dómstóla, í einkamáli eða sakamáli, eða verja hinn vátryggða og koma fram fyrir hans hönd í málarekstri í einkamáli, sakamáli eða öðrum málarekstri eða vegna kröfu sem sett er fram gagnvart honum og fellur innan gildissviðs vátryggingarinnar. Samkvæmt þessu telst reglugerðin taka m.a. til málskostnaðartryggingar þeirrar sem hér er til umfjöllunar. Af orðalagi 1. gr. reglugerðarinnar verður að telja ljóst að vátryggingafélagi er frjálst að afmarka gildissvið málskostnaðartryggingar sem það

býður viðskiptavinum sínum. En að því marki sem atvik falla undir gildissvið vátryggingarinnar skal vátryggingin einkum stuðla að því að vátryggður fái bætur í þeim tilvikum sem talin eru upp í ákvæðinu. Samkvæmt 8. gr. reglugerðarinnar er hún sett samkvæmt heimild í 5. mgr. 20. gr. laga um vátryggingastarfsemi nr. 100/2016 og með henni eru tekin upp ákvæði 198. til 205. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/ESB, um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga. Ekkert hefur komið fram í gögnum málsins um að reglugerð þessi fari efnislega í bága við hin tilgreindu ákvæði tilskipunarinnar.
Ekki fer á milli mála að hin fyrirhugaða málsókn M varðar hann sem eiganda bifreiðar, þ.e. vélknúins farartækis í skilningi undanþáguákvæðisins í gr. 25.10 í vátryggingarskilmálum V. Að gættu því sem að framan greinir verður ekki séð að undanþáguákvæði þetta til afmörkunar á gildissviði vátryggingarinnar fari í bága við ákvæði reglugerðar nr. 510/2017. V er því heimilt að bera fyrir sig umrætt undanþáguákvæði, en af því leiðir að M á ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingunni vegna væntanlegrar málsóknar gegn þeim sem olli skemmdum á bifreið hans.

Um tölulið tvö.
Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. samþykkta fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsingu nr. 1090/2005, er starfssvið úrskurðarnefndar skilgreint svo að hún úrskurði um ágreining varðandi bótaskyldu, þ.m.t. sök og sakarskiptingu, milli málskotsaðila og vátryggingafélags sem starfsleyfi hefur hér á landi. Jafnframt úrskurðar nefndin um ágreining sem varðar ákvæði laga nr. 30/2004. Í 2. mgr. 3. gr. samþykktanna er mælt fyrir um það að nefndin úrskurði um það hvort ágreiningur aðila heyri undir nefndina og hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að unnt sé að úrskurða í málinu. Telji nefndin svo ekki vera vísar hún málinu frá. Samkvæmt e-lið 4. gr. fjallar nefndin ekki um mál sem er það óljóst, illa upplýst eða krafa aðila svo óskýr að það er ekki tækt til úrskurðar og skal slík frávísun rökstudd.
Annar töluliður málskotsins varðar kröfu M um að viðurkenndur verði réttur hans til bóta úr ábyrgðartryggingu þess einstaklings sem olli skemmdum á bifreið hans 10. febrúar 2018. Ekki er vitað samkvæmt gögnum málsins hver umræddur einstaklingur er og V kveðst ekki geta sagt til um það hvort hann hafi í gildi ábyrgðartryggingu hjá félaginu. Verður því ekki séð að krafa þessi varði ágreining um bótaskyldu V eða annars vátryggingafélags vegna tiltekinnar vátryggingar. Fellur krafan því ekki undir starfssvið nefndarinnar auk þess sem hún er svo óljós og illa upplýst að hún telst ekki tæk til úrskurðar. Samkvæmt þessu og með vísan til 2. mgr. 3. gr. og e-liðs 4. gr. samþykkta fyrir úrskurðarnefndina er kröfu M samkvæmt þessum tölulið málskotsins vísað frá nefndinni.

Um tölulið þrjú.
Með tölvuskeyti 28. júní 2017 féllst V á bótaskyldu úr málskostnaðartryggingu M vegna réttarágreinings um sameign í fjölbýlishúsi. Í tölvupóstinum var tekið fram að félagið vildi „árétta að bætur greiðast einungis úr vátryggingunni ljúki málinu með dómi eða réttarsátt. Þá greiðist einungis eðlilegur og nauðsynlegur lögmanns- og málskostnaður sem vátryggður getur ekki fengið greiddan frá mótaðila eða hinu opinbera og aðeins sá kostnaður sem fellur til vegna reksturs málsins fyrir dómstólum. Félagið greiðir ekki hærri bætur vegna málskostnaðar en sem svarar fjárhæð þeirra hagsmuna sem ágreiningur er uppi um.“
Vegna þess sem fram kemur í tölvuskeytinu setur M fram kvörtun í eftirfarandi fjórum stafliðum og verður afstaða tekin til hvers þeirra eins og hér greinir:

a. Kvartað er undan því að V greiði einungis bætur úr vátryggingunni ljúki málinu með dómi eða réttarsátt. Í 27. gr. skilmála málskostnaðartryggingar þeirrar sem M krefst bóta úr undir þessum lið segir svo um ákvörðun bóta: „Félagið greiðir vegna hvers tjóns nauðsynlegan og eðlilegan lögmanns- og málskostnað sem vátryggður getur ekki fengið greiddan frá mótaðila eða hinu opinbera þegar málið hefur verið til lykta leitt með dómi eða réttarsátt. Þetta þýðir m.a. að félagið greiðir ekki ef vátryggður gefur frá sér möguleika að innheimta málskostnað frá mótaðila með eða án málsóknar.“ Í fyrri málslið þessa ákvæðis felst sú hlutlæga ábyrgðartakmörkun að bætur vegna málskostnaðar greiðast því aðeins að mál hafi verið til lykta leitt annað hvort með dómi eða réttarsátt. Ákvæðið er skýrt og ekki fer á milli mála hvað í því felst. Þá girða ákvæði reglugerðar nr. 510/2017 ekki fyrir takmörkun á ábyrgð félagsins að þessu leyti. Af gögnum málsins verður

ekki annað ráðið en réttarágreiningur sá sem málskostnaðarkrafa M byggir á hafi enn ekki verið leiddur til lykta með dómi eða réttarsátt. V er því heimilt að hafna greiðslu bóta úr vátryggingunni uns skilyrði þessu hefur verið fullnægt jafnvel þótt öðrum skilyrðum fyrir greiðslu bóta hafi verið fullnægt.

b. Undan því er kvartað að V greiði einungis eðlilegan og nauðsynlegan lögmanns- og málskostnað sem vátryggður getur ekki fengið greiddan frá mótaðila eða hinu opinbera. Í málskotinu hefur M gert nánari grein fyrir þessum lið kvörtunarinnar á þann veg að V beri að greiða honum útlagðan kostnað. Í þessu efni mun V byggja á fyrrgreindu ákvæði í 27. gr. vátryggingarskilmálanna, en ákvæði þetta verður einkum að skoða í því ljósi að það sé fyrst og fremst til áréttingar á skyldu vátryggðs að takmarka tjón sitt svo sem með því að krefjast málskostnaðar úr hendi gagnaðila síns og eftir atvikum fá gjafsókn í málinu að fullnægðum lagaskilyrðum þar um. Líkt og fram kemur undir lið a hér að framan hefur undirliggjandi réttarágreiningur ekki verið til lykta leiddur með dómi eða réttarsátt. Hefur því enn ekki komið til þess að á skilmálaákvæði þetta reyni í því bótauppgjöri sem kann að koma til vegna málsins. Hefur því í reynd ekki komið til ágreinings milli M og V vegna þeirrar kröfu sem M hefur uppi undir þessum lið. Málskotið fullnægir að þessu leyti því ekki því skilyrði að um sé að ræða ágreining sem falli undir starfssvið nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 3. gr. um samþykktir fyrir nefndina. Kvörtun M undir þessum lið er því vísað frá með vísan til 2. mgr. 3. gr. samþykktanna.

c. Kvörtun M undir þessum lið lýtur að því að einungis sé greiddur kostnaður vegna reksturs málsins fyrir dómstólum. Krefst M þess að viðurkennt verði að V beri að greiða útlagðan kostnað lögmanna jafnóðum þannig að ekki þurfi að bíða úrskurðar dómstóla. Undir lið a hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að greiðsluskylda úr málskostnaðartryggingunni stofnast ekki fyrr en málið hefur verið til lykta leitt með dómi eða réttarsátt. Af því leiðir að útlagður kostnaður sem til stofnast áður en téðu skilyrði er fullnægt fæst heldur ekki greiddur fyrr en að skilyrðinu fullnægðu. Kröfu M um að greiddur skuli útlagður kostnaður lögmanna jafnóðum og hann stofnast er því hafnað.

d. Undir þessum lið kvartar M undan því að félagið greiði ekki hærri bætur vegna málskostnaðar en sem svarar fjárhæð þeirra hagsmuna sem ágreiningur er uppi um. Greiðsluskylda úr vátryggingunni hefur enn ekki stofnast og ekki verður séð að V hafi tekið afstöðu til þess hve háar bætur verði greiddar ef til greiðslu bóta kemur. Af þeim sökum hefur í reynd ekki komið til ágreinings milli málsaðila sem M óskar úrlausnar um undir þessum lið. Kvörtunin fellur því utan starfssviðs nefndarinnar og ber að vísa henni frá, sbr. 1. og 2. mgr. 3. gr. samþykkta fyrir nefndina.

Um tölulið fjögur.

Kvörtun undir þessum tölulið verður ekki skilin á annan veg en þann að þess sé krafist að M eigi rétt til þess að hámarksbætur samkvæmt málskostnaðartryggingunni vegna þess réttarágreinings sem fjallað er um undir 3. tölulið verðbætist. Af þeirri niðurstöðu sem komist var að í a-lið 3. töluliðs hefur enn ekki stofnast greiðsluskylda úr vátryggingunni. Kvörtunarefni þessa töluliðar hefur því enn sem komið er ekki komið beinlínis til skoðunar hjá V. Hefur samkvæmt þessu ekki stofnast til ágreinings með aðilum sem fellur undir starfssvið nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 3. gr. samþykkta fyrir nefndina og verður þessum kvörtunarlið því vísað frá.

Um tölulið fimm.

M krefst þess að ávöxtunar sem hann kveður V njóta vegna skattfrelsis hámarksbóta skv. 7. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt skuli skipt á milli sín og félagsins í hlutfalli af útlögðum kostnaði hans. Kvörtun þessi er sama marki brennd og kvörtun sú sem fjallað er um undir tölulið 4, þ.e. að á meðan greiðsluskylda úr vátryggingunni hefur ekki stofnast hefur efni kvörtunarinnar ekki getað komist til skoðunar hjá V þannig að um raunverulegan ágreining sé að ræða með málsaðilum. Að svo vöxnu fellur úrlausn þessarar kvörtunar ekki undir starfssvið nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 3. gr. samþykkta fyrir nefndina. Þegar af þeirri ástæðu verður henni vísað frá, sbr. 2. mgr. 3. gr. samþykktanna.

Um tölulið sex.
Sjötti töluliður málskotsins virðist lúta að almennri afstöðu nefndarinnar til þess hvort vátryggingarskilmálar málskostnaðartryggingar þeirrar sem M hefur í gildu hjá V séu í samræmi við 198. til 205. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB. Þótt hin tilvitnuðu ákvæði tilskipunarinnar geti eftir atvikum, eins og að framan greinir, komið til skoðunar við efnislega umfjöllun annarra tölulíða í kvörtun M, er þessi töluliður sem sjálfstætt kvörtunarefni ekki til þess fallinn að leysa úr tilteknum ágreiningi við V. Sjálfstæð umfjöllun um þennan lið fellur því utan starfssviðs nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 3. gr. samþykkta fyrir nefndina. Kvörtun samkvæmt þessum tölulið er því vísað frá nefndinni með vísan til 2. mgr. 3. gr. samþykktanna.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu hjá V vegna fyrirhugaðs dómsmáls á hendur einstaklingi sem olli skemmdum á bifreið hans 10. febrúar 2018.
M á að svo stöddu ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu vegna réttarágreinings um sameign í fjölbýlishúsi. Hann á heldur ekki rétt á að útlagður kostnaður vegna starfa lögmanna greiðist jafnóðum og til hans er stofnað.
Öðrum kvörtunum M samkvæmt málskoti þessu er vísað frá úrskurðarnefnd.

Reykjavík, 19. júní 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Lúðvík Bergvinson lögm.

Mál nr. 127/2018

M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Árekstur á Reykjanesbraut á móts við Blesugróf þann 12.3.2018.

Gögn.

Málskot M, móttekið þann 20.4.2018, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V1, dags.7.5.2018.
Bréf V2, dags. 8.5.2018, ásamt fylgiskjölum 1-2.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu sem gerð var vegna málsins kemur fram að umferðaróhapp hafi orðið með bifreiðunum A og B á Reykjanesbraut á móts við Blesugróf. Þegar lögregla kom á vettvang hafi báðar bifreiðar verið staðsettar á akrein lengst til hægri með akstursstefnu í norður. Þá kemur fram að B hafi verið aftan við bifreið A og tjón hafi verið á afturstuðara A og framstuðara og vinstra framhorni B.

Ökumaður B kveðst hafa ekið á akrein næst lengst til hægri og að bifreið A hafi ekið eftir aðrein frá Stekkjarbakka (akrein lengst til hægri). Því næst hafi ökumaður A skipt um akrein og farið fyrir framan bifreið síðan og snögghemlað. Kveðst ökumaður B hafa séð þegar köttur hljóp fyrir framan bifreið A og sagði að líklega hafi ökumaðurinn snögghemlað til að koma í veg fyrir að aka á köttinn. Kvaðst ökumaður B hafa verið á ökuhraða en umferð hafi verið hæg vegna mikillar umferðar, hann hafi þó ekki náð að hemla í tæka tíð og því lent aftan á bifreið A.

Ökumaður A kveðst hafa komið inn á hægri akrein Reykjanesbrautar af aðrein frá Stekkjarbakka þegar köttur hljóp fyrir framan bifreiðina. Af þeim sökum hafi hann ósjálfrátt hemlað með þeim afleiðingum að B hafnaði aftan á bifreið sinni.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum bar ökumanni A að ganga úr skugga um að það væri unnt að skipta um akrein án þess að skapa hættu eða óþægindi fyrir aðra sbr. 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga. Þessa skyldu uppfyllti ökumaður A ekki og ber hann því ábyrgð á árekstrinum fyrir að aka í veg fyrir B og í raun upphefja hemlunarvegalengd B.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 5. júní 2018

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Lúðvík Bergvinsson lögm.

Mál nr. 128/2018

M og
V1 vegna ökutækis A
V2 vegna ökutækis B

Ágreiningur um bótaskyldu.

Gögn.
Málskot, dags. 24.04.2018 ásamt fylgigögnum.
Bréf V1, vátryggingafélags, dags. 09.05.2018 ásamt fylgigagni.
Bréf V2, vátryggingafélags, dags. 08.05.2018,.

Málsatvik.
M ók ökutækinu B norður Rauðhellu í Hafnarfirði 23. maí 2017. Við gatnamót á þeirri leið var ökutækinu A ekið í vinstri beygju fyrir ökuleið B.
Tjónanefnd skipti sök þannig að ökumaður A var látinn bera 2/3 hluta sakar fyrir að taka vinstri beygju í veg fyrir umferð og M 1/3 hluta sakar fyrir of hraðan akstur.
M telur sig ekki bera sök á árekstrinum þar sem hann hafi ekki ekið of hratt, hann hafi fylgt ákvæðum umferðarlaga, gætt fyllstu varúðar og sýnt aðgæslu þegar áreksturinn átti sér stað. Ökutækinu A hafi verið ekið skyndilega og án nokkurs fyrirvara í veg fyrir ökutæki B. M segir að yfirborð vegarins hafi verið alsett fínni möl og óhreinindum sem hafi orsakað lélegri skilyrði til hemlunar, V1 hafi einhliða mælt og tekið ljósmyndir af vettvangi og útreikningar liggi ekki til stuðnings fullyrðingum um að M hafi ekið of hratt. Þá sé ekki hægt að sanna að hemlaför á vettvangi séu tilkomin vegna þess að M hafi ekið yfir hámarkshraða. Enn fremur er tekið fram að ökutækið B hafi ekki lent á vegg eins og V1 heldur fram enda sé ekkert tjón á framenda ökutækisins. Þá kemur fram hjá M að samkvæmt skoðun á vettvangi að vegalengd samkvæmt ljósmyndum sem V1 hafi aflað nái því ekki að vera 16 metrar að lengd og sé jafnvel miklu skemmri.
Í bréfi V2 kemur fram að myndir á vettvangi hafi verið teknar sama dag og daginn eftir að áreksturinn varð. Ökutækið B hafi ekki verið á þeim myndum né sönnur færðar á að bremsuförin hafi verið eftir ökutækið B. Mælingar á bremsuförum hafi verið gerðar einhliða af V1 en hæglega hefði verið hægt að kalla til aðila frá V2. V2 telur því ekki nægjanlega sannað að ökutæki B hafi verið ekið of hratt þegar áreksturinn varð.
Í bréfi V1 kemur fram að hemlaför hafi mælst 22,7 metrar og M hefði verið í lófa lagt að afla nýrra mælinga eða hnekkja mælinguni en það hafi ekki verið gert. M hafi því ekki virt 1. mgr. 4. gr., 1. mgr. 36. gr. og 1. mgr. 37. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og eigi því að bera 1/3 hluta sakar.

Álit.
Í málinu liggja fyrir ljósmyndir sem V1 tók á vettvangi. Þeim myndum er mótmælt þar sem þær voru teknar einhliða og sýna ekki afstöðu ökutækisins B. Af myndunum verður ekki ráðið að M hafi ekið ökutækinu B of hratt þegar áreksturinn varð og ekki er unnt að sanna að myndirnar séu af bremsuförum eftir ökutækið B. Ökutækið A tekur vinstri beygju og á skv. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 að veita forgang þeirri umferð, sem á móti kemur. Með hliðsjón af framangreindu leggst öll sök á ökutækið A.

Niðurstaða.
M á rétt á fullum bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V1.

Reykjavík, 5. júní 2018.
Sóley Ragnarsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Lúðvík Bergvinsson lögm.

Mál nr. 130/2018

M og
V v/ ábyrgðartryggingar smurstöðvar (A).

Ágreiningur um bótaskyldu er viðskiptavinur féll ofan í smurgryfju á smurstöð og slasaðist.

Gögn.
Málskot, móttekið 26.4.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 17.5.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Hinn 6. desember 2017 fór M með bifreið sína á smurverkstæði A til að fá skipt um ljósaperu. Var bifreiðinni ekið inn í vinnusal smurstöðvarinnar þar sem starfsmaður stöðvarinnar hugðist skipta um peruna. Búnaður, svokallaður ljósasleði, sem losar peruna úr sæti sínu, var brotinn og sat peran því föst í sætinu. Mun M hafa verið ráðlagt að fara með bifreiðina á verkstæði A til að fá gert við það sem brotið var. Vildi M þá skoða af eigin raun í hverju vandinn var fólginn og var honum fylgt í vinnusal smurstöðvarinnar. Hugðist M reyna sjálfur að losa peruna og spurðist fyrir hvort nýr ljósasleði væri til í smurstöðinni. Fór þá starfsmaður smurstöðvarinnar inn í afgreiðsluna til að athuga með slíkan ljósasleða. Meðan starfsmaðurinn var í þeim erindagjörðum féll M ofan í smurgryfju sem bifreið hans stóð yfir og slasaðist.

Kveður M að honum hafi verið hleypt inn á vinnusvæði smurstöðvarinnar án þess að hafa verið upplýstur um þær hættur sem þar var að finna og ekki fengið nauðsynlega fræðslu og þjálfun varðandi þær hættur sem þarna voru. Hafi vanræksla af hálfu starfsmanna A í þessu efni farið í bága við nánar tilgreind ákvæði laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Hefur hann krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V kveður áberandi varúðarmerkingar hafa verið í vinnusal smurstöðvarinnar og á dyrum vinnusalarins, sem M átti ekki að geta dulist. Enn fremur hafi stór skilti hangið yfir gryfjum í salnum með áletruninni „VARÚÐ VINNUSVÆÐI“ ásamt því að gólf umhverfis gryfjurnar hafi verið málað með gulum öryggismerkingum. Hefur V hafnað bótaskyldu.

Álit.
Ekki er talin ástæða til að draga í efa að merkingar í vinnusal smurstöðvarinnar hafi verið með þeim hætti sem lýst hefur verið af hálfu V og gerð hefur verið grein fyrir hér að ofan. M átti ekki að geta dulist að bifreið hans var yfir smurgryfju og átti honum að vera í lófa lagið að taka tillit til þeirrar hættu sem kunni að stafa af gryfjunni. Er ósannað að slysið megi rekja til þess að varúðarráðstöfunum hafi verið áfátt eða ófullnægjandi leiðbeininga af hálfu starfsmanna smurstöðvarinnar. Að svo vöxnu eru ekki skilyrði til að fella skaðabótaábyrgð á A vegna slyssins. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 15. júní 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögn. Lúðvík Bergvinsson lögm.

Mál nr. 131/2018

M og
V1 vegna innbrotsþjófnaðartryggingu.

Ágreiningur um bótaskyldu.

Gögn.
Málskot, dags. 24.04.2018 ásamt fylgigögnum.
Bréf V, vátryggingafélags, dags. 17.05.2018 ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Aðfararnótt 10. nóvember 2017 var farið inn í húsnæði fyrirtækis í eigu M og verðmæti hurfu. Samkvæmt lögregluskýrslu voru engin sýnileg merki um innbrot en greinileg ummerki um umgang manna í geymslurými baka til í sameiginlegu rými. M fullyrðir að hurðin inn húsnæðið hafi verið læst og telur tjónið bótaskylt.
V telur tjónið ekki bótaskylt vegna varúðarskyldu sem fram kemur í skilmálum vátryggingarinnar þess efnis að dyr og aðrir inngangar skuli vera tryggilega læstir þegar geymslustaður er mannlaus. Á M hafi hvílt brýnni varúðarskylda en ella vegna vitneskju um að utanaðkomandi aðilar höfðu skömmu áður gert tilraun til þess að fela sig í geymslurýminu. Fullyrðing M um að hurðin hafi verið læst sé einhliða framburður M og geti ekki haft sönnunargildi í málinu.

Álit.
Varúðarreglur eru skilgreindar í 2. gr. e laga nr. 30/2004, um vátryggingarsamninga og eru fyrirmæli til vátryggingartaka um að gera tilteknar ráðstafanir til að fyrirbyggja tjón. Í skilmálum vátryggingarinnar í þessu máli er varúðarregla um að dyr og aðrir inngangar skuli vera tryggilega læstir þegar geymslustaður er mannlaus. Orðlagið verður ekki skilið öðruvísi en að það geymi fyrirmæli til vátryggingartaka um hvernig hann eigi að ganga frá mannlausum geymslustað. Á V hvílir sönnunarbyrði um að M hafi brotið gegn ofangreindri varúðarreglu um að inngangur inn í húsnæðið hafi ekki verið læstur. Ekki er ástæða til að draga í efa orð M um að húsnæðið hafi verið læst og ekkert hefur komið fram í málinu sem bendir til annars og verður því að leggja til grundvallar að húsnæðið hafi verið læst. M á því rétt á bótum úr innbrotsþjófnaðartryggingu hjá V.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr innbrotsþjófnaðartryggingu hjá V.

Reykjavík, 15. júní 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Lúðvík Bergvinsson lögm.

Mál nr. 132/2018

M og
V v/ lögboðinnar ábyrgðartryggingar bifreiða

Ágreiningur um sök.

Gögn.
Málskot, móttekið 30.4. 2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 14.5.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf tryggingafélagsins Varðar dags. 17. maí 2018.

Málsatvik.
Þann 16. janúar 2018 varð árekstur með bifreiðunum A og B á bifreiðastæði við Axarhöfða í Reykjavík, sunnanmegin við Húsgagnahöllina. Bifreiðinni A var ekið suður bifreiðastæðið en bifreiðinni B var ekið í vesturátt á akbraut sem liggur meðfram bifreiðastæðunum og er ætluð til almennrar umferðar. Enginn ágreiningur er um málsatvik.

Álit.
Enginn ágreiningur er um það að akbraut sú sem B ók er ætluð til almennrar umferðar og telst vera vegur sbr. 2. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Ökumaður sem ætlar að aka inn á veg af bifreiðastæði skal veita umferð í veg fyrir leið hans forgang sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga. Með vísan til gildandi umferðarlaga verður að fella alla sök á ökumann bifreiðarinnar A.

Niðurstaða.
M, ber alla sök á þeim árekstri sem varð þann 16. janúar sl. við Húsgagnahöllina.

Reykjavík, 15. júní 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Lúðvík Bergvinsson lögm.

Mál nr. 133/2018

M og
V vegna frítímaslysatryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss þann 1. apríl 2015.

Gögn.
Málskot móttekið 3.5.2018 ásamt fylgigögnum 1-10.
Bréf V, dags. 16.5.2018.

Málsatvik.
M var í körfubolta þann 1. apríl 2015 þegar hann fékk boltann framan á hægri höndina með þeim afleiðingum að 3., 4. og 5. fingur beygluðust út á við. Hinn 3.4.2015 leitaði M á bráðamóttöku Landspítalans. Í læknisvottorði spítalans kemur fram að M hafi fundið mest fyrir baugfingri, hann hafi ekki verið bólginn daginn eftir slysið en síðan hafi hann bólgnað meira og komið roði og þrot í handarbak. Röntgen sýndi ekki brot en vegna gruns um sýkingu var M settur á sýklalyf. M leitaði aftur til læknis þann 11. apríl 2015 og 20. apríl 2015 vegna áframhaldandi einkenna. Þann 18. maí 2015 fór M í myndgreiningu og var beingerð eðlileg og greindust engar sjúklegar liðbreytingar. Vegna áframhaldandi einkenna fór M í röntgen myndgreiningu og segulómskoðun þann 27. ágúst 2015, þar sem kom í ljós aukinn vökvi í handarbaki. Þann 21. janúar 2016 leitaði M til heimilislæknis vegna einkenna í vinstri hásin. Við þá komu kom einnig fram að hann væri með ónot á milli hnúa í hægri hendi og að máttur væri minni við að kreppa lófann. Þann 10. ágúst 2017 leitaði M til heimilislæknis vegna slæmra verkja í handabaki. Tilkynnti M slysið til V hinn 19. október 2017.

V hafnar bótaskyldu og telur að slysið hafi ekki verið tilkynnt félaginu innan lögbundins tilkynningarfrests skv. 124. gr. vsl. V bendir á að M hafi haft viðvarandi einkenni frá tjónsdegi og að hann hafi mátt gera sér grein fyrir varanlegum afleiðingum slyssins í síðasta lagi í janúar 2016.

Álit.
Samkvæmt 1. mgr. 124. gr. vsl. glatar sá sem á rétt til bóta, samkvæmt slysatryggingu þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á. Þegar litið er til gagna málsins er ljóst að M gekkst undir myndgreiningu og segulómsskoðun þann 27. ágúst 2015 þar sem áverki var greindur. Verður ekki annað séð af læknisfræðilegum gögnum málsins en að M hafi haft nokkur eða veruleg óþægindi vegna áverkans allt frá degi tjónsatviks. Með hliðsjón af niðurstöðu segulómsskoðunar og langvarandi verkja M verður að ætla að M hafi mátt vera ljós atvik sem krafa hans um bætur úr frítímaslysatryggingu er reist á eftir að hann leitaði til heimilislæknis þann 21. janúar 2016. Verður því ekki talið að tilkynning til V hafi borist innan þess ársfrests sem tilgreindur er í 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til greiðslu bóta úr frítímaslysatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 15. júní 2018

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.
Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Lúðvík Bergvinsson lögm.

Mál nr. 134/2018

M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar F

Ágreiningur um bótaskyldu.

Gögn.
Málskot, dags. 03.05.2018 ásamt fylgigögnum.
Bréf V, vátryggingafélags, dags. 15.05.2018.

Málsatvik.
Í kæru M kemur fram að hún hafi verið í verslun F 3. maí 2017 þegar hún tók nokkur skref aftur á bak frá afgreiðsluborðinu og rann í bleytu/slori sem hún sá ekki með þeim afleiðingum að hún datt illa aftur fyrir sig. M telur að orsök slyssins megi rekja til saknæms vanbúnaðar í verslun F og með vísan til skaðabótaábyrgðar fasteignareiganda vegna tjóns sem hlýst af ástandi og búnaði fasteignarinnar beri F ábyrgð á tjóni M og krefst hún bóta úr ábyrgðartryggingu F hjá V. Það hafi verið athafnaskylda hjá F að hlutast til að um að gera ráðstafanir til að tryggja öryggi þeirra sem eigi leið um verslunina.
Í bréfi V kemur fram að félagið hafni röksemdum M og telji ekki bótaskyldu fyrir hendi. Engin samtímagögn liggi fyrir um slys M þar sem hún hafi ekki leitað sér læknishjálpar fyrr en rúmlega fjórum mánuðum frá slysdegi eða 31. ágúst 2017 um sama leyti og hún tilkynnti F um meint slys. V telur því ósannað að tjón M verði rakið til þeirra atvika sem um ræðir og að skilyrði um orsakatengsl milli atburðar og tjóns séu ekki uppfyllt. Þá sé ósannað að bleyta hafi verið á gólfi F og ef svo hafi verið sé ekkert sem sýni að starfsmenn hafi átt að bregðast við. Slysið sé því ekki að rekja til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi F, starfsmanna hans eða annarra atvika eða aðstæðna sem hann ber ábyrgð á heldur sé um óhappatilvik að ræða.

Álit.
Í gögnum málsins er ekkert sem sýnir að slysið hafi orðið né að tjón M sé rakið til þeirra atvika sem lýst er. Það er því ósannað að tjón M hafi borið að með þeim hætti sem haldið er fram í kæru. Skilyrði um saknæma hegðun starfsmanna F og orsakatengsl eru því ekki til staðar og af þeim sökum er tjón M ekki bótaskylt.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu F hjá V.

Reykjavík, 15. júní 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Lúðvík Bergvinsson lögm.

Mál nr. 135/2018

M og
V vegna munatjóns.

Krafa um viðurkenningu á bótaskyldu úr frjálsri ábyrgðartryggingu Kópavogsbæjar

Gögn.
Málskot móttekið 2.5.2018 ásamt fylgigögnum 1-10.
Bréf V, dags. 9.5.2018.

Málsatvik.
Þann 23. febrúar sl. lak vatn inn í grunn fasteignar M í sveitarfélagi frá lóð í eigu sveitarfélags í miklu vatnsveðri, með þeim afleiðingum að tjón varð á fasteigninni. Af greinargerð M verður ráðið að mat hennar á því hvers vegna umrætt tjón átti sér stað megi leiða af því að starfsmenn sveitarfélagsins hafi nokkur sumur í röð slegið umrædda lóð í eigu sveitarfélagsins, en á lóðinni veður lúpína um allt einsog segir í greinargerðinni. Þar sem starfsmennirnir hafi ekki fjarlægt lúpínuna af lóð bæjarins hafi hún myndað dúk yfir jarðveginn sem hafi leitt vatn inn á lóð M með þeim afleiðingum að vatn flæddi inn í fasteign M, með afleiðingum sem lýst er í greinargerð.

Álit.
Eins og mál þetta liggur fyrir úrskurðarnefnd verður ekki séð að nokkur gögn hafi verið lögð fram sem sýni fram á sök sveitarfélagsins vegna þess tjóns sem M gerir nú kröfu um að fá greiðslu úr ábyrgðartryggingu bæjarins. Af þeim sökum verður ekki séð að sýnt hafi verið fram á að tjónið verði rakið til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi starfsmanna sveitarfélagsins sem er forsenda þess að M eigi rétt á því að fá greitt úr frjálsri ábyrgðartryggingu sveitarfélagsins.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til greiðslu bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu hjá V.

Reykjavík 15. júní 2018

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Lúðvík Bergvinsson lögm.

Mál nr. 136/2018

M og
V vegna slysatryggingar sjómanna.

Ágreiningur um bótaskyldu.

Gögn.
Málskot, dags. 04.05.2018 ásamt fylgigögnum.
Bréf V, vátryggingafélags, dags. 25.05.2018.

Málsatvik.
M var við vinnu á frystitogaranum Brimnesi ER-27 (B) 16. apríl 2014 þegar hann fékk högg á hægra hné og það bólgnaði upp. Að lokinni veiðiferðinni fór M til læknis sem tappaði vökva úr lið hnésins og ráðlagði M hvíld. Slysið var tilkynnt til Sjúkratrygginga Íslands 5. maí 2014 og til V 12. febrúar 2016.
V hafnaði bótaskyldu á þeim grundvelli að félaginu hafi verið tilkynnt of seint um slysið, sbr. 124. gr. laga nr. 30/2004, um vátryggingasamninga. M hafi átt að vera ljóst á slysdegi að hann hafi hlotið meiðsli og hann hafi ekki sýnt fram á ástæður þess að ástæða sé til að víkja frá ársfrestinum. M verði að sýna fram á með haldbærum gögnum að hann hafi ekki áttað sig á að meiðsli hann hafi verið varanleg fyrr en löngu eftir slysið en áverkar hans hafi legið fyrir eftir læknismeðferð vorið 2014. Frásögn hans um að hann hafi verið að bíða eftir að jafna sig sé ekki studd neinum gögnum og ekkert bendi til annars en að hann hafi verið með einkenni frá hnénu frá slysdegi þar til hann kynnir málið í febrúar 2016.
Skv. bréfi M fór hann á sjóinn í júlí 2014 og var á sjónum með hefðbundnum frítúrum þangað til hann fór í jólafrí að lokinni veiðiferð í nóvember. Hann hafi ekki farið á sjóinn aftur fyrr en 14. júlí 2015 en þá taldi hann sig hafa jafnað sig nægilega vel eftir slysið. Veiðiferðinni lauk 17. ágúst. Eftir veiðiferðina hafi ástand hnésins ekki verið eins og M hafði vonast til og ákvað hann að hvíla hnéð enn frekar. Í byrjun árs 2016 hafi hnéð verið lítið betra en eftir veiðiferðina og taldi M þá að um varanlegt mein væri að ræða. M telur að sér hafi fyrst verið ljóst eftir veiðiferðina sem lauk 17. ágúst 2015 að hann næði ekki fullum bara en það hafi þó ekki í reynd verið fyrr en í ársbyrjun 2016.

Álit.
Í 124. gr. laga nr. 30/2004, um vátryggingasamninga, kemur fram að sá sem rétt á til bóta samkvæmt slysatryggingu, sjúkratryggingu eða heilsutryggingu með eða án uppsagnarréttar glati þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á eða því hefur ekki borist tilkynning um vátryggingaratburð með öðrum hætti. Í greinagerð með ákvæðinu kemur fram að vátryggður glati rétti til bóta ef krafa hans er ekki tilkynnt innan árs frá því að hann vissi um atvik sem eru tilefni kröfu hans. Geri hann það ekki falli réttur hans brott vegna tómlætis. Þá kemur fram að upphaf frestsins miðist við þann tíma er vátryggður fékk upplýsingar um þau atvik sem eru tilefni kröfu hans um vátryggingarbætur. Ákvæðið geri kröfur til vátryggðs af því að það er á hans ábyrgð ef hann gerir sér ekki grein fyrir að atvikin sem hann hefur fengið upplýsingar um veiti honum rétt til vátryggingabóta.
Í máli þessu er ekki unnt að líta svo á að M hafi átt að vita um afleiðingar slyssins á slysdegi. Eðlilegt var að M ályktaði sem svo að hnéð myndi lagast við hvíld eins og læknir ráðlagði honum. M er frá vinnu í rúmlega hálft ár en fer svo á sjóinn aftur og verður þá ljóst að hnéð er ekki orðið eins gott og hann hafði vonast til. Nefndin lítur svo á að M hafi fyrst verið ljóst eftir veiðiferðina sem lauk 17. ágúst 2015 að hann væri ekki að ná bata, þ.e. honum var ekki ljóst fyrr en þá um atvik þau sem eru tilefni kröfu hans og upphaf frestsins byrjar því að líða þá. M tilkynnir V um atvikið 12. febrúar 2016 og er það því innan ársfrest skv. 124. gr. laga nr. 30/2004, um vátryggingasamninga. Með vísan til framangreinds á M rétt á bótum úr slysatryggingu sjómanna hjá V.

Niðurstaða:
M á rétt á bótum úr slysatryggingu sjómanna hjá V.

Reykjavík, 19. júní 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Lúðvík Bergvinsson lögm.

Mál nr. 137/2018

M og
V v/ víðtækrar eignatryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda á riffli.

Gögn.
Málskot, móttekið 7.5.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 9.5.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Hinn 23. mars 2018 var M með stóran riffil í sinni eigu við skotæfingar. Hann var búinn að skjóta tveimur skotum, en þegar þriðja skotið kom sprakk riffillinn „aftur úr“ en ekki fram. Að áliti byssusmiðs, sem M leitaði til mun skothylkið hafa sprungið og valdið skemmdunum. En ekki hafi verið um að ræða bilun í búnaði riffilsins.
Riffillinn var tryggður svokallaðri víðtækri eignatryggingu hjá V. M hefur krafist bóta úr vátryggingunni vegna þeirra skemmda sem urðu á rifflinum umrætt sinn. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.
Í 2. gr. vátryggingarskilmála hinnar víðtæku eignatryggingar hjá V er vátryggingarsviði vátryggingarinnar lýst svo að vátryggingin bæti beint tjón á hinu vátryggða sem verður vegna skyndilegs og ófyrirsjáanlegs utanaðkomandi atviks sem ekki er undaþegið í skilmálunum. Svo M eigi þess kost að fá tjónið bætt úr vátryggingunni ber honum að sýna fram á að skemmdirnar á rifflinum hafi orðið af völdum atviks sem falli undir fyrrgreint vátryggingarsvið, þ.e. skyndilegs og utanaðkomandi atviks. Ekki verður dregið í efa að skemmdirnar megi rekja til þess að skothylki inni í rifflinum hafi sprungið. Hvað sem því líður verður ekki séð af fyrirliggjandi gögnum að skemmdirnar verði raktar til utanaðkomandi atviks sem er nauðsynlegt skilyrði þess að tjónið fáist bætt úr vátryggingunni. Af því leiðir að tjónið fæst ekki bætt úr vátryggingunni.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr víðtækri eignatryggingu hjá V vegna skemmda á riffli.

Reykjavík, 15. júní 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Lúðvík Bergvinsson lögm.

Mál nr. 138/2018

M og
V vegna ábyrgðartryggingar R

Ágreiningur um bótaskyldu.

Gögn.
Málskot, dags. 07.05.2018 ásamt fylgigögnum.
Bréf V, vátryggingafélags, dags. 17.05.2018 ásamt fylgigagni.

Málsatvik.
M féll við í versluninni R 15. nóvember 2017 og telur að það hafi orðið með þeim hætti að starfsmaður R hafi ekki sýnt nægilega gætni og rekist utan í hana með þeim afleiðingum að hún féll og úlnliðsbrotnaði. M krefur V um bætur vegna þess. Í kæru M kemur fram að R hafi ekki mótmælt atvikalýsingunni. Starfsmaðurinn hafi ekki gætt nægilega vel að sér og sé ábyrgur samkvæmt hinni almennu sakarreglu. R sem vinnuveitandi beri húsbóndaábyrgð á starfsmanninum og sé því greiðsluskylt. Myndbandstaka hafi verið til af atvikinu sem R hafi eytt en til sé léleg upptaka á síma af skjá sem frumeintakið var spilað á sem sýni að starfsmaður R hafi rekist á M með þeim afleiðingum að hún féll.
V hafnaði bótaskyldu á þeim grundvelli að ekki væri sannað að atvikið hafi orðið með þeim hætti að starfsmaðurinn hafi rekist í M og hún fallið við það. Í bréfi V kemur fram að starfsmaðurinn sem málskotsaðili fullyrði að hafi rekist í sig í umrætt sinn segist ekki hafa fundið fyrir neinni snertingu við M eða hún það lítil að hann hafi ekki fundið fyrir henni. Myndbandstökunni hafi verið eytt á grundvelli reglna skv. lögum nr. 77/200, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sem fela í sér að því efni sem safnast við upptöku verði eytt þegar ekki er lengur málefnaleg ástæða til að varðveita það. Þegar upptakan sé skoðuð sé ómögulegt að sjá hvort starfsmaðurinn hafi í reynd snert M. V telur því að starfsmaður R hafi ekki sýnt af sér saknæma háttsemi í málinu, jafnvel þótt frásögn M yrði lögð alfarið til grundvallar, heldur sé um óhappatilvik að ræða sem sé ekki skaðabótaskylt skv. reglum skaðabótaréttar.

Álit.
Í gögnum málsins kemur fram að M hafi dottið í verslun R og við það úlnliðsbrotnað. Með gögnunum fylgdi myndbandsupptaka sem er fremur óskýr og ekki er hægt að ráða af upptökunni að starfsmaður R hafi rekist í M. M ber sönnunarbyrði á því að atvik hafi gerst með þeim hætti sem hún lýsir og gegn neitun R er ekki hægt að sanna sök starfsmannsins. Tjón M er því ekki af völdum saknæmrar hegðunar starfsmanns R og þar af leiðandi ekki bótaskylt.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu R hjá V.

Reykjavík, 15. júní 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Lúðvík Bergvinsson lögm.

Mál nr. 139/2018

M og
V vegna starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra.

Ágreiningur um réttmæti kröfu í starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra.

Gögn.
Málskot móttekið 11.5.2018 ásamt fylgigögnum 1-10.
Bréf V, dags. 16.5.2018.

Málsatvik.
M gerir kröfu krafa í starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra eignarinnar A. Lokaúttektarvottorð fyrir eignina var gefið út þann 15. apríl 2016. Gallar á eigninni komu smám saman fram á árunum 2011 – 2016. Samkvæmt byggingarsögu hússins var húsið byggt á árunum 2005-2006. Húsið fékk skráningu á byggingarstig 7, þ.e. fullgerð eign, þann 6. desember 2006. Það liðu því ríflega 11 ár frá því að eignin var talin fullgerð þar til krafa M var sett fram. Samkvæmt 8. gr vátryggingarskilmála V og 8. mgr. 29. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010, skal byggingarstjóri hafa fullnægjandi ábyrgðartryggingu sem gildir í a.m.k. fimm ár frá lokum þeirra framkvæmda sem hann stýrði. Það skilyrði er uppfyllt. Trygging byggingarstjóra er því í gildi þar til fimm ár eru liðin frá því að lokaúttektarvottorð var gefið út, eða allt til ársins 2021.

Álit.
Ágreiningur máls þessa lýtur m.a. að því hvort krafa M sé fyrnd, eður ei. V byggir á því í sínum málatilbúnaði að krafa M sé fyrnd með vísan til 2. mgr. 4. gr. þágildandi fyrningarlaga nr. 14/1905 sem eiga við í þessu tilviki. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, m.a. með vísan til nýfallins hæstaréttardóms nr. 571/2016, er ljóst að upphaf fyrningarfrests miðast við það tímamark þegar hin umrædda framkvæmd, sem um er deilt, var unnin. Af skráningu hússins á byggingarstig 7 verður ráið að hið umþrætta verk hafi í síðasta lagi verið unnið þann 6. desember 2006. Af þeim sökum eru liðin a.m.k. 10 ár frá því að hin umþrætta krafa M stofnaðist.

Af þeim sökum verður því að líta svo á, með vísun til 2. mgr. 4. gr. eldri fyrningarlaga nr. 14/1905, að krafa M í starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra hjá V, sé fyrnd. Það er ljóst að þó trygging byggingarstjóra sé enn í gildi, eins og lög og skilmálar kveða á um, þá bætir tryggingin ekki kröfur sem teljast fyrndar samkvæmt ákvæðum fyrningarlaga í tilvikum eins og þessu, þar sem V ber fyrir sig fyrningu.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til greiðslu bóta úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra hjá V.

Reykjavík 15. júní 2018

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Lúðvík Bergvinsson lögm.

Mál nr. 140/2018

M og
V vegna ábyrgðartryggingar X

Árekstur reiðhjólamanns og vinnuvélar 28.7.2016.

Gögn.

Málskot málskotsaðila, móttekið 11.5.2018, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 7.6.2018, ásamt ljósmyndum frá X.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M varð fyrir líkamstjóni á stíg í Hljómskálagarðinum í Reykjavík, hvar hann hjólaði á vinnuvél (golfbíl sem knúinn er með rafmagni) sem ekið var yfir stíginn. Í lögregluskýrslu er haft eftir M að hann hafi verið að hjóla á litlum hraða á göngustíg þegar hann sá rafmagnsbíl á stígnum og gat ekki stöðvað hjólið fyrr en það lenti á honum. Starfsmaður X stýrði umræddum rafmagnsbíl og er haft eftir honum í lögregluskýrslu að hann hafi verið vinnu sína við umönnun gróðurs og ætlað að þvera göngustíg til að komast á milli staða þegar M hafi hjólað á bílinn. Starfsmaður X kvaðst ekki hafa séð til M, en hafa verið á lítilli ferð.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni sínu þar sem starfsmaður X hafi sýnt gáleysi við stjórn rafmagnsbílsins og ekið inn á göngustíg án nægilegrar aðgæslu. M bendir á að göngustígarnir séu fyrst og fremst ætlaðir til umferðar gangandi vegfarenda og þeim sem ferðast um á reiðhjólum og hafi M því ekki getað gert ráð fyrir vinnuvélum á stígnum. Einnig bendir M m.a. á að ekki hafi verið næg viðvörunarljós á vélinni til að gera hana sýnilega.

V telur að líkamstjón M megi fyrst og fremst rekja til þess að hann hafið hjólað of hratt og vitnar þar til færslu í sjúkraskrá bráðamóttöku þar sem kemur fram að M hafi verið á mikilli ferð á hjóli. Einnig vísar V til þess að M hafi átt að veita umferð frá hægri forgang í samræmi við 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 þar sem leiðir hans og vinnuvélarinnar frá X hafi skorist á opnu svæði í skilningi umræddra laga. V bendir einnig á að viðvörunarljós hafi verið á þaki vinnuvélarinnar (rafmagnsbílsins) og hafi hún verið vegfarendum auðséð.

Álit.

Þegar afstaða er tekin til skaðabótakröfu M á hendur X og bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X hjá V verður fyrst að líta til þess að sá sem slíka kröfu gerir ber sönnunarbyrði um að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu uppfyllt af hálfu X. Í gögnum málsins er lögregluskýrsla þar sem kemur fram framburður starfsmanns X um aðdraganda líkamstjóns M sem og framburður M sjálfs. Af þeim gögnum verður ekki annað ráðið en að starfsmaður X hafi ekki séð til ferða M á reiðhjóli á þeim göngustíg sem hann ætlaði að þvera á rafmagnsbílnum sem hann stýrði. Af aðstæðum á vettvangi verður ekki annað séð en að útsýni fyrir þann sem ætlar að þvera umræddan göngustíg sé óhindrað og að þeir sem eru við vinnu taki sérstaklega tillit til umferðar um göngustíginn. Verður því ekki lagt til grundvallar að aðstæður séu með öllu sambærilegar opnum svæðum í skilningi 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga þannig að M hafi átt að veita rafmagnsbílnum forgang. Verður það metið starfsmanni X til gáleysis að hafa ekki gætt nægilega vel að umferð um göngustíginn og er vísað til framburðar hans í lögregluskýrslu um að hann hafi ekki séð M þar sem ekkert átti á byrgja honum sýn. Ber X því skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M, en við ákvörðun greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu X hjá V verður einnig að líta til þess hvort M sjálfur beri ábyrgð á tjóni sínu vegna eigin gáleysis. Í lögregluskýrslu kemur fram að M telur sig hafa hjólað frekar hægt um göngustíginn en í læknisvottorði kemur fram að haft sé eftir honum að hann hafi hjólað hratt. Þó M hafi hjólað á aðgreindum stíg tekur það ekki af honum tillitsemi og aðgæslu gagnvart umferð annarra um garðinn. Verður að ætla að M hafi einnig haft nægt útsýni og einhver tækifæri til að bregðast við annarri umferð inn á stíginn hefði hann gætt nægrar aðgæslu. Með hliðsjón af atvikum öllum telst hann því einnig hafa sýnt gáleysi sem felur í sér að hann beri helming tjóns síns sjálfur.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu X hjá V en þarf að bera helming tjóns síns sjálfur.

Reykjavík, 12. júlí 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögmaður Lúðvík Bergvinsson lögmaður

Mál nr. 141/2018

M og
V vegna ábyrgðartryggingar F

Ágreiningur um bótaskyldu úr frjálsri ábyrgðartryggingu vátryggingartaka (F) vegna slyss sem átti sér stað þann 6. mars 2017

Gögn.

Málskot móttekið 19.febrúar 2018 ásamt fylgigögnum 1-10.
Bréf V, dags. 25.5.2018.

Málsatvik.

M var við störf á slægingingarlínu hjá vátryggingartaka. Starf hans fólst í því að fylgjast með línunni, virkni hennar og sjá um viðhald á henni. M hafði sinnt þessu starfi innan fyrirtækisins í um tvo mánuði þegar umrætt slys átti sér stað, þrátt fyrir það að M hafði starfað hjá vátryggingartaka um langt skeið. M fékk þá tilsögn þegar hann tók við starfinu, að forveri hans hefði oft hert upp festingar undir vagnalínunni, en festingarnar voru innan öryggissvæðis aðgerðarlínunnar.

M tók eftir því umrætt sinn að það voru lausar rær sen halda brautinni við gólfið sem vagninn rennur eftir. Þegar M fór að herða upp á festingunum, sem var innan öryggissvæðsins, án þess að slá út búnaði fór vagnbrautin sjálfvirkt af stað. Við það klemmdist fótur hans á milli skynjaraplötu og skyjarbox á karabraut. Samstarfsmaður M heyrði óp M og sá að hann var að dragast með vagnbrautinni. Reyndi samstarfsmaðurinn að slá vagnbrautinni út með útsláttarrám, en þær virkuðu ekki. Að lokum tókst honum að slá út allri aðgerðarlínunni með því að hlaupa að neyðarrofa og slá línunni út þannig.

Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins (VER) kemur fram að þegar eftirspurn er eftir innmötun til vélarinnar fari línan sjálfvirkt af stað til þess að mata inn á kerfið. Var það mat VER að ef einhver eða eitthvað lendi inn fyrir öryggissvæði hennar þá sé nauðsynlegt að slægingarlínan stöðvist, en engin slíkur útbúnaður var til staðar við vélina. Þá mat VER aðstæður á vettvangi þannig að yfirfara þurfi áhættumat og verkferla vegna vinnu við slægingarlínuna.

V hafnar bótaskyldu með vísan til þess að slysið verði hvorki rakið til ólögmætrar eða saknæmrar háttsemi vátryggingartaka né aðstæðna eða atvika sem það geti borið á skaðabótaábyrgð. Þvert á móti byggir félagið á því að slysið megi rekja til óhappatilviks eða gáleysi M, en að mati V að þá verði það ekki talið vátryggingartaka til sakar að M hafi tekið þá ákvörðun að herða umræddar rær, sem voru innan öryggissvæðisins, án þess að hafa áður slegið út vélinni.

Álit.

Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður ekki séð að M hafi fengið fullnægjandi leiðbeiningar varðandi framkvæmd starfans. Þá kemur fram í skýrslu VER að skort hafi á að vélin væri þannig útbúin að hún myndi stöðvast ef einhver eða eitthvað færi inn á öryggissvæði hennar. Þá kemur einnig fram í skýrslu VER að nauðsynlegt sé að yfirfara áhættumat og verkferla vegna vinnu við slægingarlínu vátryggingartaka.

Að virtum þeim gögnum sem liggja fyrir og því mati VER sem vikið hefur verið að hér að framan verður ekki litið framhjá því að vinna við slægingarlínu felur í sér nokkra áhættu vegna eðlis starfans og þeirra fyrirmæla sem gefin voru fyrir hvern þann sem þar starfar. Vátryggingartaka bar að lágmarka þá áhættu með því að línan hefði nauðsynlegan búnað til að lágmarka hana, gera áhættumat og gefa skýr fyrirmæli til þeirra sem vinna við línuna það hvernig rétt sé að haga sér við þá vinnu og hvernig skuli bregðast við í tilviki einsog því sem um ræðir. Talsvert virðist um að skort hafi á að þessi atriði hafi verið í lagi. Því verður að líta svo á að í því felist sök af hálfu vátryggingartaka og því sé bótaskylda sé til staðar.

Á hinn bóginn verður ekki litið framhjá því að M hafði starfað um langt skeið hjá F og hefði því átt að þekkja nokkuð til aðstæðna á vettvangi þrátt fyrir að hann hafi ekki sinnt þessu starfi áður og hafi því mátt vita að hættulegt geti verið að fara inn á öryggissvæði vélar án þess að slá vélinni út. Með vísan til 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993 verður því að telja það M til stórkostlegs gáleysis að hann hafi ekki slegið vélinni út áður en hann fór inn á öryggissvæðið. Með vísan til þessa telur nefndin rétt að skipta beri sök með þeim hætti að vátryggingartaki beri 2/3 hluta sakar en M beri 1/3 hluta sakar.

Niðurstaða.
M á rétt til greiðslu bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu hjá V, þó þannig að rétt er að skerða þær bætur um 1/3 vegna meðábyrgðar M á slysinu.

Reykjavík 19. júní 2018

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, lögm. Lúðvík Bergvinsson lögm.

Mál nr. 142/2018

M eiganda bifreiðarinnar A og
V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Eignatjón á bifreiðinni A vegna vangæslu við frágang á farmi vörubifreiðarinnar B

Gögn.

Málskot málskotsaðila, móttekið 16.5.2018, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 29.5.2018.

Málsatvik.

Bifreiðin A í eigu M, var ekið eftir Reykjanesbraut milli Fitja og afleggjarans til Grindavíkur þann 26. febrúar sl. þegar ökumaður bifreiðarinnar varð þess vör við að farmur fauk úr eftirvagni vörubifreiðarinnar (B), sem lenti á bifreið A. Ökumaður A stöðvaði bifreiðina þegar í stað út í vegarkanti og kannaði ástand hennar. Við þá skoðun varð hún þess vör við skemmdir voru á bifreiðinni. Ökumaður bifreiðarinnar B stöðvaði sömuleiðis sína bifreið á sama tíma til að kanna ástand hennar. Í gögnum málsins kemur fram að tilgangur ökumanns bifreiðar B, með því að stöðva bifreiðina umrætt sinn var að lagfæra yfirbreiðslu yfir farm sem var í eftirvagni bifreiðarinnar. Meðan ökumaður A kannaði skemmdir á bifreið sinni ók ökumaður B bifreið á brott. Í gögnum málsins liggur fyrir staðfesting ökumanns B um að hlutir hafi fokið úr eftirvagni bifreiðarinnar, en hann telur þó að einungis pappír hafi fokið úr þeim farmi sem var í eftirvagni bifreiðar B. Ekkert liggur þó frekar fyrir um það í málsgögnum hvaða farmur var um borð í eftirvagninum.

Álit.

Sönnunarbyrði fyrir því að tjón hafi hlotist af notkun ökutækis hvílir á þeim sem heldur því fram að hann hafi orðið fyrir tjóni. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, þ.e. á grunni þeirra málsgagna sem lögð hafa verið fyrir hana, er ljóst að umræddar bifreiðar, þ.e. A og B, voru báðar á ferðinni í miklu hvassviðri á Reykjanesbrautinni á sama tíma þann 26. febrúar sl., þar sem A var ekið á eftir B. Fyrir liggur að farmur fauk úr eftirvagni bifreiðar B og bifreið A varð fyrir skemmdum vegna hluta sem fuku á bifreiðina. Þá liggur fyrir í málinu að ökumaður B þurfti að stöðva bifreið sína í því skyni að lagfæra yfirbreiðslu sem hafði verið sett yfir farminn í eftirvagni bifreiðarinnar sökum þess að hluti farmsins hafði fokið úr eftirvagninum. Það bendir augljóslega til þess að frágangur farmsins hafi ekki verið fullnægjandi.

Samkvæmt 73. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal flytja farm þannig að flutningurinn hafi ekki í för með sér hættu fyrir menn eða valdi munatjóni. Í 2. gr. reglugerðar nr. 671/2008, um hleðslu, frágang og merkingu farms, er kveðið á um að gengið skuli frá farmi með þeim hætti að ekki sé hætta á að hann hreyfist til eða falli af ökutæki og valdi tjóni, hvort heldur ökutækið er á ferð eða kyrrstætt. Þá segir enn fremur í ákvæðinu að farmur sem ryk getur stafað frá eða getur fallið af ökutæki, skal bundinn með bindiefni eða yfirbreiðslu.

Af gögnum málsins verður ráðið að M hafi tilkynnt um málsatvik og tjón til allra sem máli skipta án tafar, líktog lögregluskýrslur bera með sér. Sú staðreynd gefur lýsingu M á málavöxtum frekari stuðning.

Í ljósi þessa alls telur nefndin að gögn málsins staðfesti með nægilegum hætti að tjón það sem varð á bifreið A megi rekja til foks á farmi úr eftirvagni bifreiðar B, þar sem frágangur farmsins hafi ekki verið með þeim hætti sem lög og reglur kveða á um og teljist því nægilega sannað að tjón það sem varð á bifreið A stafi af notkun á bifreið B.

Með vísan til þessa telur nefndin að eigandi bifreiðar A eigi rétt á greiðslu bóta úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Niðurstaða.
Málskotsaðili A á rétt á greiðslu bóta úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík, 31. júlí 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Lúðvík Bergvinsson lögmaður

Mál nr. 143/2018

M og
V vegna frjálsrar ábyrgðartryggingar X

Innkaupakerra fauk á bifreið þann 25.2.2018.

Gögn.

Málskot M, móttekið 7.5.2018 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 23.5.2018 ásamt fylgiskjölum 1-3.

Málsatvik.

Að sögn M voru atvik með þeim hætti hún lagði bifreið sinni á bifreiðastæði X. Þegar hún kom úr versluninni að bifreið sinni kveðst hún hafa séð innkaupakerru koma fjúkandi úr kerruskýli X. Lenti kerran á M áður en hún fauk á bifreið hennar með þeim afleiðingum að hún varð fyrir skemmdum. Þá kveðst M hafa séð a.m.k. 5 innkaupakerrur sem höfðu fokið á bifreiðar og skemmt. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V vegna tjónsins á bifreiðinni. V hafnar bótaskyldu og bendir á að skyldur verslunareiganda séu að koma upp aðstöðu til að skila kerrum utandyra auk þess sem starfsmaður yfirfari með reglubundnum hætti svæðið. V segir að umrædd aðstaða hafi verið fyrir hendi við verslunina og eftirlit með eðlilegum hætti og því sé skaðabótaskylda ekki fyrir hendi í umræddu tilviki.

Álit.

Þegar ofangreint óhapp átti sér stað var mikið hvassviðri. Í gögnum málsins kemur fram að á bifreiðastæðinu hafi verið sérstök aðstaða til þess að skila kerrum, t.d. á básum sem staðsettir eru á bifreiðastæði, auk þess sem starfsmaður X hafi yfirfarið svæðið með reglulegum hætti og safnað saman innkaupakerrum. Af gögnum málsins er hins vegar ljóst að X greip ekki til neinna sérstakra ráðstafanna vegna hvassviðrisins. Með vísan til þess að starfsmönnum X mátti vera ljóst að kerrur verslunarinnar gætu fokið til í óveðrinu bar X að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir það. Þar sem engar ráðstafanir voru gerðar af X til að koma í veg fyrir að kerrur á bifreiðastæðinu fyki verður sök lögð á X vegna tjóns M og á hún rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 19. júní 2018

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Lúðvík Bergvinsson lögm.

Mál nr. 144/2018

M og
V vegna frjálsrar ábyrgðartryggingar X

Kona slasaðist í versluninni X þann 14.1.2016.

Gögn.

Málskot móttekið þann 14.5.2018, ásamt fylgiskjölum 1-15.
Bréf V, vátryggingafélags, dags. 29.5.2018, ásamt fylgiskjölum 16-18.

Málsatvik.

Kona slasaðist þegar hún var að versla í versluninni X þann 14.1.2016. Í málskoti M segir að hún hafi verið stödd í mjólkurkæli verslunarinnar þegar hún hrasaði um koll sem hún sá ekki á gólfinu. Segir hún kollinn hafa verið skilinn eftir á gangveginum, þar sem kælivörur eru geymdar. Við fallið kveðst hún hafa borið fyrir sig hægri handlegg til að verjast fallinu. Hlaut hún við það meiðsli á öxl.

M telur að slysið megi rekja til vanrækslu starfsmanna X á slysdegi, nánar tiltekið að sá starfsmaður sem skyldi kollinn eftir á gangvegi verslunarinnar hafi sýnt af sér gálausa og saknæma háttsemi. Vísar M jafnframt til þess að gangvegurinn hafi verið þröngur og brýnt sé að gangvegir og umferðarleiðir verslana séu án hindrana. Ríkar kröfur séu gerðar til þeirra sem reka verslanir eða þjónustu um að viðhafa allar sanngjarnar ráðstafanir til að tryggja öryggi og hindra að viðskiptavinir verði fyrir slysum. Þá vísar M til dóma Hæstaréttar þess efnis að verslunareiganda beri að gera allar þær ráðstafanir, sem sanngjarnar megi telja til þess að koma í veg fyrir slys í verslunum þeirra.

V hafnar því að um vanrækslu starfsmanna X hafi verið að ræða og vísar til þess að eðlilegt sé að starfsmenn noti kolla við áfyllingu. Þá segir V rangt að gangvegurinn hafi verið þröngur og vísar til mynda í gögnum málsins þar um. Að auki segir V að kollurinn hafi verið áberandi og með eðlilegri varkárni hefði M því átt að verða vör við hann. V vísar einnig til lýsingar starfsmannsins sem var að nota kollinn, þar sem fram kemur að M hafi dottið þegar hún var að nota kollinn til að reyna að ná í jógúrt sem var hillu verslunarinnar.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað séð en að aðbúnaður verslunarinnar og frágangur hafi verið með þeim hætti sem almennt er krafist af verslunareiganda. Ekki hefur verið sýnt fram á að tjón M verði rakið til M til saknæmrar háttsemi vátryggingartaka starfsmanna hans eða aðstæðna sem hann ber skaðabótaábyrgð á.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 12. júlí 2018

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Lúðvík Bergvinsson lögmaður

Mál nr. 145/2018

M og
V vegna slysatryggingar sjómanna.

Slysahugtak vátryggingarsamnings vegna líkamstjóns 22.9.2016.

Gögn.
Málskot málskotsaðila, móttekið 16.5.2018, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 28.5.2018.

Málsatvik.
M kveðst hafa orðið fyrir líkamstjóni við vinnu sína sem sjómaður um borð í frystitogara 22.9.2016 og er ágreiningslaust að útgerð skipsins var með slysatryggingu sjómanna í gildi á þeim degi hjá V. Í tilkynningu útgerðar til Sjúkratrygginga Íslands sem M sjálfur undirritar einnig 29. september 2016 er atvikum þannig lýst að M hafi verið „að vinna í lest og var hann að slá kari yfir í þriðju karahæð, við það fær hann verk í vinstri olnbogabót við að koma karinu fyrir. Veður þegar slysið gerðist , suð austan 15m/s og mikill veltingur.“ Sambærileg lýsing er í skipsdagbók skipsins. Í læknisvottorði dags. 7. nóvember 2016 er haft eftir M að hann hafi verið að lyfta 50 kg kari frá hægri til vinstri og hafi hlotið við það mikinn verk í upphandlegg. Í yfirlýsingu sem M undirritar 24. október 2017 er atvikum lýst þannig að líkamstjón hans hafi orðið þannig að hnykkur hafi komið á handlegg hans vegna veltings skipsins þegar hann var að lyfta kari.
M telur að líkamstjón hans sé hægt að rekja til utanaðkomandi atviks í skilningi vátryggingarsamnings um slysatryggingu sjómanna, þannig að ljóst sé af gögnum málsins að veltingur skipsins hafi leitt til tjónsins.
V telur ósannað að líkamstjón M sé hægt að rekja til utanaðkomandi atviks í skilningi svokallaðs slysahugtaks vátryggingaréttar sem komi fram í vátryggingarskilmálum slysatryggingar sjómanna heldur megi það rekja til álagsmeiðsla. V vísar til fyrstu lýsingar af atvikum og telur sönnunargildi seinni yfirlýsingar M markast af því að hún er gefin eftir að bótaskyldu er hafnað. V vísar einnig til dóms Hæstaréttar í máli nr. 286/2017.

Álit.
Við mat á sönnun atvika verður að líta til þess að frásögnum um atvik málsins ber ekki að öllu leyti saman. M undirritaði lýsingu af atvikum rétt eftir líkamstjónið sem sýnir ekki með óyggjandi hætti að veltingur skips hafi verið það sem sem leiddi til líkamstjóns hans þó síðari skýringar hans á atvikum sýni það. Ekki liggja fyrir yfirlýsingar annarra sem styðja síðari skýringar M eða læknisfræðileg gögn sem taka af tvímæli um að líkamstjón hans sé hægt að rekja til utanaðkomandi atviks í skilningi vátryggingarskilmála slysatryggingar sjómanna hjá V. Ber M hallann af sönnunarskorti þar um og er um það vísað til dóms Hæstaréttar í máli nr. 37/2005.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón sitt úr slysatryggingu sjómanna hjá V.

Reykjavík, 12. júlí 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögmaður Lúðvík Bergvinsson lögmaður

Mál nr. 146/2018

M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Árekstur við Þórðarsveig 11-15 við útakstur úr bílakjallara 27.3.2018.

Gögn.
Málskot málskotsaðila, móttekið 16.5.2018, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V1, dags. 29.5.2018.
Bréf V2, dags. 30.5.2018.

Málsatvik.
Árekstur varð með bifreiðum A og B þegar bifreið A var ekið úr bílakjallara eftir rampi upp á akbraut götunnar Þórðarsveigs og bifreið B var ekið um Þórðarsveig.
M telur að bifreið B beri alla sök þar sem ökumanni þeirrar bifreiðar hafi borið að veita umferð frá hægri forgang þar sem báðum bifreiðum hafi verið ekið eftir akbrautum Þórðarsveigs.
V1 tekur undir sjónarmið M og telur með vísan til borgarvefsjár að það svæði sem bifreið A var ekið eftir sé ekki einkalóð og því hafi báðum bifreiðum verið ekið eftir opnu svæði í skilningi 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og ökumanni bifreiðar B því borið að veita bifreið A forgang frá hægri.
V2 vísar til mynda af vettvangi og þess að bifreið B hafi ótvírætt verið ekið eftir akbraut Þórðarsveigs þegar árekstur varð og bifreið A frá rampi bílakjallara inn á akbrautina. Hafi M sem ökumanni bifreiðar A því borið að veita bifreið B forgang þar sem bifreið A hafi verið ekið frá bifreiðastæði eða sambærilegu svæði inn á akbraut.

Álit.
Af gögnum málsins, þar á meðal myndum af vettvangi, verður að telja að það svæði sem ágreiningur lýtur að geti ekki falið í sér vegamót eða opið svæði í skilningi 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga. Bílakjallari og rampur frá honum verða að teljast innan bifreiðastæðis eða sambærilegs svæðis í skilningi 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga. Mögulega erfiðar aðstæður við að gæta þess forgangs við akstur upp úr bílakjallaranum og hönnun fasteignarinnar breyta ekki þeirri afstöðu. Öll sök verður því lögð á ökumann bifreiðar A.

Niðurstaða.
Ökumaður bifreiðar A (M) ber alla sök á árekstri við bifreið B.

Reykjavík, 12. júlí 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögmaður Lúðvík Bergvinsson lögmaður

Mál nr. 147/2018

M og
V vegna ábyrgðartryggingar I

Ágreiningur um bótaskyldu.

Gögn.
Málskot, dags. 11.05.2018 ásamt fylgigögnum.
Bréf V, vátryggingafélags, dags. 31.05.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
M var við vinnu hjá (I) 29. mars 2016 þar sem hún starfaði við færiband sérstæðarfarangurs. Færibandið stöðvaðist og M þurfti að fara yfir það til að komast að hnappi til að endurræsa það. M fór yfir færibandið á öðrum stað en venjulegast var auðveldast að fara þar sem farangur var þar fyrir. Eftir að hafa endurræst færibandið fór M aftur yfir færibandið en þá fór það skyndilega í gang með þeim afleiðingum að M féll við og hlaut líkamstjón. Vinnueftirlitið var kallað til og samkvæmt skýrslu þess mátti rekja slysið til ófullnægjandi merkingar um hvar væri óhætt að fara yfir færibandið og ófullnægjandi stjórnbúnaðar þar sem hægt þyrfti að vera að stýra því án þess að klífa yfir það.
M telur að leiðbeiningar um færibandið hafi ekki verið til staðar þegar slysið varð og merkingar sem sýna að hættulegt sé að stíga á færibandið séu litlir límmiðar í hnéhæð og gefi ekki leiðbeiningar um að færibandið skuli þverað á einum stað frekar en öðrum. M telur líkamstjón sitt afleiðing af ófullnægjandi og hættulegum vinnuaðstæðum og að I beri ríkar skyldur skv. lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
Í bréfi V kemur fram að það telji slysið ekki rakið til atvika sem I beri skaðabótaábyrgð á. M hafi klifrað yfir færibandið þvert á vinnuleiðbeiningar og varúðarmerkingar á færibandinu. Allir starfsmenn I hafi fengið leiðbeiningar um hvar fara skyldi yfir færibandið en M hafi kosið að fara yfir færibandið á öðrum stað. Þá hafi M átt að vera ljóst að færibandið gæti farið sjálfkrafa í gang.

Álit.
Samkvæmt skýrslu Vinnueftirlitsins vegna slyssins orsakaðist það vegna ófullnægjandi merkinga um hvar óhætt hafi verið að fara yfir færibandið og að stjórnbúnaður þess hafi verið ófullnægjandi, þ.e. að hægt þurfi að vera að stýra færibandinu án þess að klífa yfir það. M hafði mikla reynslu í þessu starfi og hafði starfað hjá I í átta ár. Hún átti því að vera vel meðvituð um hvernig færibandið virkaði og hvar óhætt væri að fara yfir það og fór ekki eftir leiðbeiningum I þar að lútandi. Líta verður til þess að stjórnbúnaður færibandsins var á ófullnægjandi stað eins og skýrsla Vinnueftirlitsins ber með sér og ber I ábyrgð á því að aðstæður starfsfólks séu ekki hættulegar. Með vísan til framangreinds verður sök skipt þannig að M ber 1/3 hluta sakar og I 2/3 hluta sakar.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu I hjá V en ber sjálf 1/3 hluta sakar.

Reykjavík, 19. júní 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Lúðvík Bergvinsson lögm.

Mál nr. 148/2018

M og
V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X

Ágreiningur um fyrningu bótakröfu af völdum umferðarslyss.

Gögn.

Málskot móttekið þann 9.5.2018, ásamt fylgiskjölum 1-18.
Bréf V, vátryggingafélags, dags. 30.5.2018.

Málsatvik.

Þann 10.9.2009 varð M fyrir líkamstjóni í umferðarslysi. Samkvæmt lögregluskýrslu sem gerð var vegna slyssins kenndi M sér strax eymsla í höfði og mjöðm og var því flutt á slysadeild Sjúkrahússins á Akureyri. Rannsóknir leiddu engin merki í ljós um heilahristing, beinbrot eða aðra alvarlega áverka. M var því útskrifuð daginn eftir slysið.

Níu dögum eftir útskrift leitaði M aftur á sjúkrahúsið og óskaði eftir áfallahjálp vegna slyssins. Var það niðurstaða geðlækna að M væri að glíma við „bráða streitusvörun“ eftir bílslys en geðslag hennar væri að öðru leyti hlutlaust. M leitaði á heilsugæslustöð þann 17.5.2011 vegna andlegrar vanlíðunar í kjölfar slyssins. Óskaði hún eftir tilvísun til sálfræðing vegna þessa, sem hún fékk. Á tímabilinu frá 13.11.2012 - 31.1.2013 mætti M í 8 viðtalstíma hjá sálfræðingi. Var M metin þunglynd í upphafi meðferðar en tók miklum framförum og var innan eðlilegra marka í lok meðferðar. Þann 19.6.2013 var M lögð inn á geðdeild í 5 daga vegna þunglyndisvanda. Engin gögn eru til um innlögnina hjá geðdeild af óútskýrðum ástæðum.

Þann 19.12.2013 leitaði M aftur á heilsugæslustöð og lýsti m.a. andlegum einkennum og verkjum í mjóbaki og vinstri mjöðm sem leiddi niður vinstri fót að hné. Lýsti hún því í viðtali við lækni að sjúkraþjálfun og æfingar hefðu ekki haft áhrif til bóta. Í kjölfarið var hún send í segulómun á hrygg. Þann 5.2.2014 fékk læknir M upplýsingar um að rannsóknin hefði komið eðlilega út. M fór aftur í meðferð hjá sjúkraþjálfara á tímabilinu 3.9.2014 - 20.9.2014. Þann 12.5.2016 leitaði M á heilsugæslustöð og lýsti dofa í kinnbeini upp á enni auk andlegrar vanlíðunar. Hún hafi verið að komast í ágæt horf, bæði andlega og líkamlega, en hún hafi síðan lent í öðru slysi í apríl 2016 og versnað. Eftir síðara slysið kveðst M m.a. verið verkjuð í baki og mjöðum.

V var tilkynnt um líkamstjón M með tilkynningu dags. 22.2.2016. Eftir að tilkynning var send til félagsins fór fram gagnaöflun til undirbúnings mats í samráði við félagið. Nokkur töf var á því að til að láta meta afleiðingar slyssins bærust aðilum. Staðfesti félagið því með tölvupósti þann 28.11.2016 að það myndi ekki bera fyrir sig fyrningu um áramótin 2016/2017, ef tjónið yrði gert upp á árinu 2017. Félagið veitti aftur framlengingu á fyrningarfresti um áramótin 2017/2018, með þeim fyrirvara að framlengingin gilti ekki ef tjónið hefði fyrnst um áramótin 2016/2017 eða fyrr. M fór í mat á afleiðingum slyssins þann 3.10.2017. Einkenni M voru metin til 14 stiga varanlegs miska og 14% varanlegrar örorku. Stöðuleikapunktur var metinn 10.3.2011.

V hafnaði bótaskyldu með bréfi dags. 28.3.2018 með vísan til 99. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Byggir félagið á því að upphaf fyrningarfrests hafi byrjað að líða á stöðugleikapunkti þann 10.2.2011 eða í síðasta lagi þann 17.5.2011 þegar matsbeiðandi leitaði aftur til læknis og lýsti því að hún væri enn að glíma við sálræna kvilla eftir bílslysið. M hafi frá þeim tímapunkti átt að vera ljóst að hún hefði orðið fyrir varanlegum skaða eftir slysið.

M telur hins vegar að í fyrsta lagi sé hægt að miða upphaf fyrningarfrest við júní 2013, þegar M var fyrst vísað til meðferðar af alvöru hjá sérfræðilækni. Krafan hafi því fyrnst í fyrsta lagi um áramótin 2017/2018.

Álit.
Matsmenn komust að þeirri niðurstöðu þann 3.10.2017 að M hefði orðið fyrir varanlegu líkamlegu tjóni vegna slyssins. Einnig var það niðurstaða þeirra að varanleg andleg einkenni M mætti rekja að hluta til slyssins en einnig til annarra þátta. Mátu þeir að ástand hennar hafi verið orðið stöðugt þann 10.3.2011. Samkvæmt 99. gr. ufl. fyrnast kröfur vegna líkamstjóna á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs, sem kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar eða að tíu árum liðnum frá tjónsdegi. Af fordæmum Hæstaréttar má ráða að upphaf fyrningarfrests miðast ekki sjálfkrafa við stöðugleikapunkt, heldur þurfi að horfa til þess hvenær tjónþola sjálfum mátti vera ljóst að hann hefði orðið fyrir varanlegu tjóni við slys.

Af gögnum málsins er ljóst að M leitaði til sjúkraþjálfara í lok árs 2010. Bar sú meðferð ekki tilætlaðan árangur. Þá leitaði M til læknis þann 17.5.2011 og lýsti því að hún væri enn að glíma við afleiðingar slyssins. Verður samkvæmt gögnum málsins að ætla að M hafi átt að gera sér ljóst á árinu 2011 að hún byggi við einhverjar varanlegar afleiðingar í kjölfar slyssins. Framangreindur fyrningarfrestur hóf því að líða í lok árs 2011. Bótakrafa M er því niður fallin vegna fyrningar. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 12. júlí 2018

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Lúðvík Bergvinsson lögmaður

Mál nr. 149/2018

M og
V vegna fjölskyldutryggingar – málskostnaðarliður

Ágreiningur um bótaskyldu úr fjölskyldutryggingu

Gögn.
Málskot, móttekið 11.maí 2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 25.5.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
M er með F plús 3 fjölskyldutryggingu hjá V en sú trygging inniheldur m.a. málskostnaðartryggingu. Sá réttarágreiningur sem uppi er milli M og þriðja manns, sem er forsenda þess að M gerir nú kröfu um greiðslu úr málskostnaðartryggingunni varðar þá staðreynd að M hefur verið stefnt fyrir dóm til að þola ógildingu á fjárskiptasamningi sem gerður var við skilnað M og þriðja manns.

Álit.
Í ákvæði 25.1 vátryggingarskilmála F plús 3 fjölskyldutryggingar nr. GH20 kemur m.a. fram að málskostnaðartryggingin bæti málskostnað vegna ágreinings sem snertir vátryggðan sem einstakling og getur komið til úrlausnar héraðsdóms eða Hæstaréttar hér á langi. Í undanþáguákvæði 25.4 kemur fram að tryggingin taki ekki til ágreinings sem varðar hjónaskilnað eða mál sem upp kunni að koma í sambandi við hjónaskilnað.

Eins og mál þetta horfir við Úrskurðarnefndinni verður ekki annað séð en sá réttarágreiningur sem uppi er varði ógildingu samnings sem gerður var vegna skilnaðar M.. Af þeim sökum verður ekki séð að M eigi rétt á greiðslu bóta úr umræddri fjölskyldutryggingu með vísan til skýrrar undanþágureglu sem fram kemur í ákvæði 25.4.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr F plús 3 fjölskyldutryggingu V.

Reykjavík, 19. júní 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Lúðvík Bergvinsson lögm.

Mál nr. 150/2018

M og
V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X

Orsakatengsl vegna líkamstjóns 10.1.2017.

Gögn.

Málskot málskotsaðila, móttekið 16.5.2018, ásamt fylgiskjölum og bréfi dags. 5.6.2018.
Bréf V, dags. 2.1. (á væntanlega að vera júní) 2018.

Málsatvik.

M kveðst hafa orðið fyrir líkamstjóni í árekstri við bifreiðina X sem ekið var á bifreið hennar sem var kyrrstæð. M kveðst hafa setið þannig í ökumannssæti bifreiðar sinnar að högg hafi komið á líkama hennar þegar hún hafi verið að teygja sig til hliðar. Gögn málsins sýna að M leitaði til læknis á heilsugæslu 31. janúar 2017 og lýsti þar atvikum með ofangreindum hætti og einkennum sínum. Einnig leitaði hún til sjúkraþjálfara daginn eftir atvikið, en hún hafði leitað til sama sjúkraþjálfara eftir afleiðingar annars slyss sem varð 12. apríl 2015. Í bréfi sama sjúkraþjálfara dags. 6. maí 2018 kemur fram það álit hans að það skipti máli hvernig líkamsstaða M hafi verið þegar árekstur varð og að M hafi fengið ný einkenni. Í læknisvottorði heilsugæslulæknis er tognunar- og taugaeinkennum lýst.

M telur að hún hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum og sé bæði um að ræða ný einkenni m.v. þau sem hún hafi átt við að stríða vegna fyrra slyss sem og að hún hafi verið veikari fyrir vegna afleiðinga þess slyss. M telur að útreikningur á ökuhraða hafi ekki úrslitaáhrif á mat á orsakatengslum og vísar til vottorða sjúkraþjálfara og heilsugæslulæknis. V telur að M hafi ekki getað hlotið líkamstjón við áreksturinn í ljósi þess að útreikningur ökuhraða skv. svokallaðri PC-crash skýrslu dags. 22. maí 2017 bendi til þess að bifreiðarnar hafi rétt strokist við hvor aðra og líkamstjón hafi ekki getað hlotist af því. V vísar einnig til mynda af bifreiðunum varðandi ákomur. Einnig vísar V til þess að einkenni þau sem M lýsi séu sambærileg við einkenni sem hún hafi verið metin til varanlegs miska og örorku vegna í tengslum við slys 12. apríl 2015 og sé því ósannað að hún hafi hlotið annað líkamstjón í því atviki sem hér er fjallað um.

Álit.

Áreksturinn sem um ræðir var ekki harður m.v. gögn málsins og lýsingar ökumanna. M leitaði til meðferðaraðila vegna einkenna daginn eftir og til læknis um 20 dögum síðar. Af lýsingum í vottorðum þeirra tveggja meðferðaraðila til samanburðar við gögn vegna fyrra slyss verður ekki með skýrum og afgerandi hætti slegið föstu að M hafi hlotið líkamstjón sérstaklega vegna atviksins 10. janúar 2017 án þess að sérstakt mat fari fram á því. Slíkt mat liggur ekki fyrir og ekki liggur fyrir að meðferðaraðilar hafi lagt mat á einkenni M m.t.t. aðgreiningar frá afleiðingum fyrra slyss með þeim hætti. Meginreglur um sönnun í skaðabóta- og vátryggingarétti gera ráð fyrir því að að tjónþoli verði að sýna fram á tjón sitt og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. Verður M að bera hallann af þeim sönnunarskorti sem að ofan er lýst og á því ekki rétt á bótum m.v. fyrirliggjandi gögn.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X.

Reykjavík, 12. júlí 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögmaður Lúðvík Bergvinsson lögmaður

Mál nr. 151/2018

M og
V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B
og
V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A

Árekstur á bifreiðastæði við verslunarmiðstöðina Spöngina í Reykjavík 22.1.2018.

Gögn.
Málskot, móttekið 16.5.2018, ásamt fylgigögnum.
Tölvubréf V1, dags. 31.5.2018.
Bréf V2, dags 30.5.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Árekstur varð með A og B í sömu andrá og þeim var ekið áleiðis í stöðureit við verslunarmiðstöðina Spöngina. Áreksturinn varð um hádegisbil og var þá bjart en snjór mun hafa verið á jörðu. Skemmdir urðu á hægra framhorni A og hægra afturhorni B.
Ökumaður A kvaðst hafa ekið áfram og verið á leið í stöðureit á vinstri hönd miðað við aksturssstefnu. Hafi hann þá séð til ferða B sem var í þann mund að vera bakkað í sama stöðureit. Hafi hann sett A snögglega í bakkgír („reverse“) og flautað. En áður en honum tókst að koma sér frá hafi B verið ekið á A.
Ökumaður B kvaðst hafa ætlað að bakka í fyrrgreindan stöðureit og hafi hann litið í baksýnisspegil en enga umferð séð. Hafi hann svo byrjað að bakka og horft í hliðarspegil til að gæta þess að hitta í stöðureitinn. Hafi hann þá heyrt flaut og hvell í beinu framhaldi.

Álit.
Svo virðist samkvæmt gögnum málsins að engin hafi orðið vitni að árekstrinum. Eru ökumenn einir til frásagnar um það sem gerðist. Ökumaður A sá er B var bakkað í átt að hans bifreið. Hann stöðvaði og gaf hljóðmerki ökumanni B til viðvörunar. Honum tókst þó ekki að forða bifreið sinni áður en árekstur varð. Ökumaður B vissi ekki af ferðum A fyrir aftan sig fyrr en hann heyrði hljóðmerki gefið og árekstur varð. Samkvæmt 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal ökumaður, áður en hann ekur ökutæki aftur á bak, ganga úr skugga um, að það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra. Á þessu varð misbrestur hjá ökumanni B með því að hann vissi ekki af ferðum A fyrir aftan sig fyrr en í óefni var komið. Telst hann því eiga sök á árekstrinum. Eins og málið liggur fyrir verður að telja ósannað að áreksturinn megi rekja til aksturslags ökumanns A. Verður því öll sök lögð á ökumann B.

Niðurstaða.
Leggja ber alla sök á ökumann B.

Reykjavík, 19. janúar 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Lúðvík Bergvinsson lögm.

Mál nr. 152/2018

M og
V vegna ábyrgðartryggingar R

Ágreiningur um bótaskyldu.

Gögn.
Málskot, dags. 16.05.2018 ásamt fylgigögnum.
Bréf V, vátryggingafélags, dags. 29.05.2018, ásamt fylgigagni.

Málsatvik.
M, sem er bundin í hjólastól og fær heimaþjónustu hjá Reykjavíkurborg, datt úr sæti ökumanns í ökutæki sínu og sat fastur á milli framsætis og lyftu sem er í ökutækinu. Hann hringdi í starfsmenn heimaþjónustunnar sem voru staddir á heimili hans og þeir komu honum til aðstoðar. Annar starfsmaðurinn rak sig í stýripinna sem varð þess valdandi að bílstjórasætið lyftist upp og höfuðpúði sætisins rakst í þakklæðninguna sem brotnaði og einnig urðu aðrar skemmdir á lofti ökutækisins og farþegasæti fram í.
M telur að R beri ábyrgð á tjóninu þar sem starfsmaður þess olli tjóninu. Í kæru M kemur fram að þar sem ökutækið sé sérútbúið hefði starfsmaðurinn átt að sýna meiri aðgæslu en ella og henni hefði mátt vera ljóst í hvað stefndi og hefði átt að leita leiða til þess að koma í veg fyrir að sætið héldi áfram að lyftast.
Í bréfi V kemur fram að M hafi ekki samning við R um þjónustu utan heimilis hans og aðstoð heimaþjónustunnar sé fyrst og fremst á heimilum notenda og ekki sé gert ráð fyrir að þeir hafi þekkingu á sérútbúnum ökutækjum sem séu útbúin sérstaklega fyrir hvern og einn einstakling. V telur að starfsmaðurinn hafi sýnt af sér næga aðgæslu og að atburðurinn hafi orðið vegna óhappatilviks. Tjónið verði því ekki rakið til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi R, annarra atvika eða aðstæðna sem það ber ábyrgð á.

Álit.
Í máli þessu komu starfsmenn heimaþjónustu Reykjavíkurborgar M til aðstoðar þegar hann féll úr sæti ökumanns og festist í ökutækinu sínu milli framsætis og lyftu. Við aðstoðina varð það óhapp að annar starfsmaðurinn rak sig í stýripinna sem varð þess valdandi að höfuðpúði framsætis rakst í þakklæðninguna sem brotnaði. Ekki er unnt að rekja tjónið sem varð til saknæmrar né ólögmætrar háttsemi starfsmannsin heldur var um óhappatilvik að ræða þegar starfsmaðurinn kom M til hjálpar. Með vísan til þess er ekki um bótaskyldu að ræða.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu R hjá V.

Reykjavík, 19. júní 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Lúðvík Bergvinsson lögm.

Mál nr. 154/2018

M og
V vegna slysatryggingar sjómanna

Ágreiningur um bótaskyldu úr slysatryggingu sjómanna, skilmálar SS 25.

Gögn.
Málskot, móttekið 17. maí 2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 31.5.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Ágreiningur máls þessa lýtur að því hvort M eigi rétt á bótum úr slysatryggingu sjómanna hjá V. Málsatvik voru með þeim hætti að þann 2. maí 2013 var M að vinna við pökkun um borð í togaranum Arnari HU – 1. M var að aðstoða starfsmann við að losa pönnu sem var föst í frystitæki. Að beiðni starfsmannsins togaði M í pönnuna. Við það losnaði pannan skyndilega og þurfti M að grípa hana svo koma mætti í veg fyrir að hún rynni á gólfið og mögulega á þá starfsmenn sem þar voru fyrir við störf. Við það að grípa pönnuna kveðst M hafa fengið hnykk á öxlina. Fann hann fyrir verk í öxlinni, en taldi að um tímabundin verk væri að ræða. Lauk hann við túrinn. Eftir þetta átti M í vandræðum með að lyfta hendinni.

Ekki verður séð að nokkur ágreiningur sé til staðar milli aðila um að málsatvik hafi verið með þeim hætti sem hér er lýst, enda benda öll gögn málsins til þess að þessi lýsing sé í samræmi við það sem gerðist umrætt sinn.

Í málinu liggur m.a. fyrir læknisvottorð, dags. 7.4.2017. Í vottorðinu koma fram upplýsingar um komur M á heilbrigðisstofnanir og þær meðferðir og lyfjagjöf sem M hefur fengið hjá læknum og heilbrigðisstarfsmönnum frá því að slysið átti sér stað og til þess tíma er vottorðið var gefið út. Í vottorðinu kemur fram að M hafi strax í upphafi eftir verið greindur með alvarlega tognun í öxl. Af upplýsingum sem fram koma í vottorðinu verður ráðið að M hafi, þrátt fyrir það, jafnan verið meðhöndlaður sem um tímabundin verk í öxl væri að ræða. Þetta verður m.a. ráðið af þeirri meðferð sem M fékk hjá læknum og heilbrigðisstarfsmönnum, þ.e. honum var gefin sprauta, ávísað var á bólgueyðandi lyf þ.e. stera- og deyfilyf eftir atvikum, auk þess honum var ráðlagt að leita til sjúkraþjálfara. M var t.a.m. til meðferðar hjá sjúkraþjálfara um nokkurra ára skeið frá því að slysið átti sér stað. Á þeim tíma komu tímabil sem M taldi að hann væri búinn að jafna sig, en svo tóku eymslin sig upp aftur.

M stundaði sjómennsku frá því að slysið átti sér stað þar til í nóvember 2016, er hann hóf að vinna í landi, nánar tiltekið hjá Mjólkursamlaginu á Sauðárkróki. Fljótlega eftir að hann skipti um starfsvettvang fóru einkenni í öxl að plaga hann meira en áður. Er þessum einkennum m.a. lýst í vottorði Þorsteins Þorsteinssonar, dags. 30.01.2018, en þar kemur fram að hann hafi þurft að gefa vinnuna hjá Mjölkursamlaginu upp á bátinn af þessum sökum.

V var tilkynnt um slysið þann 20.01. 2017.

V hafnar bótaskyldu. Sú höfnun byggir einkanlega á þeirri forsendu að tilkynning um slys M hafi ekki borist V innan þess ársfrests sem 1. mgr. 124 gr. vátryggingarsamningalaga (vsl) nr. 30/2004 kveði á um og því hafi frestur M til að tilkynna um slysið til V verið liðinn þegar tilkynningin barst. Af þeim sökum eigi M ekki rétt á greiðslum úr slysatryggingu sjómanna hjá V.

Álit.
Hlutverk Úrskurðarnefndar í vátryggingarmálum er einkum að kveða á um hvort bótaskylda sé til staðar eður ei vegna einstaka vátryggingaratburðar.

Samkvæmt 1.mgr. 124. gr. vsl. glatar sá sem rétt á til bóta samkvæmt slysatryggingu rétti sínum ef krafa um bætur er ekki gerð til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um atvik sem bótakrafan er reist á. Samkvæmt margítrekuðum niðurstöðum dómstóla ber að miða upphaf umrædds tilkynningarfrests við það tímamark sem sá sem rétt á til bóta vissi eða mátti vita um þau atvik sem bótakrafan grundvallast á. Það þýðir í umræddu tilviki að tímafresturinn varðandi tilkynningu til V um kröfu um bætur miðast við það hvenær M vissi eða mátti vita um varanlegar afleiðingar slyssins sem hér um ræðir.

Eins og fram kemur í gögnum málsins, þ.e. einkum fyrirliggjandi læknisvottorðum, er hvergi að finna þá greiningu hjá læknum að umrætt slys hafi átt að leiða til varanlegra afleiðinga fyrir M. Sú meðhöndlun sem M fékk hjá læknum og heilbrigðisfólki á tímabilinu frá því slysið átti sér stað þar til M varð ljóst að slysið hafði varanlegar afleiðingar á heilbrigði hans virðist öll hafa miðast við það, a.m.k. ef mið er tekið af þeim gögnum sem liggja fyrir hjá Úrskurðarnnefndinni, að vinna bug á tímabundnum afleiðingum slyss.

Með vísan til þessa verður því ekki ráðið af gögnum málsins að M hafi vitað eða mátt vita um varanlegar afleiðingar slyssins með vísan til þeirra gagna sem fyrir liggja og þeim meðferðum sem honum voru ráðlagðar í tengslum við þær greiningar sem liggja fyrir í gögnum málsins. Gögn málsins benda því ekki til annars en að raunverulegar afleiðingar slyssins hafi M fyrst verið kunnar eftir að hann hóf störf á nýjum vinnustað í nóvember 2016 og þurfti í kjölfar þess að hætta því starfi sökum mikilla verkja í öxlinni ríflega þremur árum eftir að slysið átti sér stað.

Með vísan til þess að ekkert í gögnum málsins bendir til annars en M hafi fyrst mátt vera ljósar varanlegar afleiðingar slyssins í nóvember 2016 verður að telja að tilkynning um slysið til V þann 20.01.2017 hafi verið innan þeirra tímamarka sem 1.mgr. 124. gr. vsl kveður á um, og því eigi M rétt til greiðslu á bótum úr slysatryggingu sjómanna hjá V.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr slysatryggingu sjómanna hjá V vegna slyssins.

Reykjavík, 19. júní 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Lúðvík Bergvinsson lögm.

Mál nr. 155/2018

M og
V vegna ábyrgðartryggingar Byggingarfélags X

Ágreiningur um greiðslu úr ábyrgðartryggingu X vegna vinnuslyss.

Gögn.
Málskot málskotsaðila, móttekið 18.5.2018, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 1.6.2018.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M slasaðist við vinnu hjá X. Verkefni það sem M vann að umrætt sinn var að snúa við glugga í vegg, þ.e. láta hann snúa lárétt í stað þess að vera lóðréttur. Upprunalegi glugginn hafði verið sagaður úr veggnum og verið var að saga fyrir plássi í veggnum svo glugginn gæti setið láréttur í stað þess að vera lóðréttur. Við þá vinnu þurfti að brjóta svæðið í kringum upprunalega gluggann. Við þá vinnu var steypan boruð út í smærri steypuklumpa svo hægt væri að láta einstaka klumpa falla á jörðina.
Verkið var unnið úr litlum tröppum þar sem staðið var í ca. 30-40 cm. hæð og var vinnuhæðin þaðan u.þ.b. 90 cm. Við verkið var notuð brotvél/höggvél sem M telur að hafi verið 7 kg. að þyngd. Þegar M var að vinna verkið brotnaði úr múrnum þannig að múrbrotið féll á borvélina/höggvélina meðan M var með útréttar hendur. Að sögn M tók hann á móti högginu þegar múrinn féll á vélina, en við það fann hann fyrir óbærilegum sársauka í bakinu og taldi sig heyra brak í hryggnum. Var M fljótlega eftir ekið á á bráðamóttöku Landsspítalans til aðhlynningar. Í málinu liggja fyrir upplýsingar um heilsufar M.

Álit.
Svo til álita komi að M geti átt rétt á greiðslu bóta úr ábyrgðartryggingu X, er nauðsynlegt að sýnt sé fram á að X, eða einstaklingar sem félagið ber ábyrgð á, hafi sýnt af sér saknæma háttsemi í störfum sínum til að mynda varðandi aðbúnað, stjórnun og skipulag þess verks sem um ræðir að M vann að umrætt sinn, sbr. t.d. ákvæði laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 og reglugerðum því samfara. Fyrir liggur að verkefni M umrætt sinn var tiltölulega einfalt, þ.e. það kallaði ekki á neina sérfræðiþekkingu af hálfu þess sem það vann, enda kemur fram í gögnum málsins að M hafi vel kunnað til slíkra verka.
Þá er ljóst að ekkert kemur fram í gögnum málsins um að annað fyrirkomulag af hálfu X varðandi stjórn og/eða skipulag verkefnisins hefði getað komið í veg fyrir umrætt slys. Eins og málið liggur fyrir í málsgögnum fyrir nefndinni verður að telja að um óhapp hafi verið að ræða sem ekki verði rakið til sakar X eða aðila sem félagið ber ábyrgð á.
Með vísan til þess verður ekki fallist á kröfu M um að hann eigi rétt til greiðslu úr ábyrgðartryggingu X

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 31. júlí 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Lúðvík Bergvinsson lögmaður

Mál nr. 156/2018

M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Ágreiningur um sönnun tjóns.

Gögn.

Málskot móttekið þann 9.5.2018, ásamt fylgiskjölum
Bréf V1, vátryggingafélags, dags. 31.5.2018.
Tölvupóstur V2, vátryggingafélags, dags, 25.5.2018.

Málsatvik.

Samkvæmt lögregluskýrslu sem gerð var vegna málsins kom M á lögreglustöð og tilkynnti að bifreið A hefði verið ekið á bifreið sína, B og að ökumaður hennar hefði stungið af. Kvað M atvik nánar tiltekið með þeim hætti að bifreiðinni A hafi verið ekið utan í bifreið sína við Laugaveg 18 þann 26.1.2018 um kl. 9:56 - 9:58. Kveðst M hafa náð ljósmynd af bifreiðinni og veitt henni eftirför án árangurs. Þá kvað hann aksturslag ökumannsins hafa verið mjög undarlegt og að hann hafi til að mynda ekið yfir á rauðu ljósi, bæði fyrir og eftir að ekið var utan í B. Gat M ekki sagt til um hvernig ökumaður A liti út.

Meintur ökumaður A kveðst ekki muna hvað hann hafi verið að gera á umræddum tíma, þar sem hann hafi verið „á fylleríi“ og undir miklum áhrifum fíkniefna þessa dagana.

Telur M sannað að skemmdir á bifreið sinni verði raktar til notkunar A. Hefur hann því gert kröfu í ábyrgðartryggingu A hjá V1. V2 tekur undir sjónarmið M. V1 telur hins vegar ósannað að tjón á bifreið M sé til komið vegna notkunar A.

Álit:

Almennar reglur skaðabótaréttar gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að tjón hans sé hægt að rekja til skaðabótaábyrgðar annars manns beri sönnunarbyrðina fyrir því með hvaða hætti tjón hans atvikaðist. Enging gögn liggja fyrir sem sýna fram á réttmæti staðhæfinga M, fyrir utan framburð hans sjálfs. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að tjón hafi orðið á bifreið A í umrætt sinn. Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum verður því að teljast ósannað að tjón á B verði rakið til notkunar A.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V1.

Reykjavík 12. júlí 2018

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Lúðvík Bergvinsson lögmaður

Mál nr. 157/2018

M og
V1 vegna bifreiðarinnar A og
V2 vegna bifreiðarinnar B

Árekstur á Þjóðvegi 1 þ. 21.7.2017.

Gögn.

Málskot M, móttekið 17.5.2018, ásamt fylgiskjölum 1-3.
Bréf V1, dags. 29.5.2018, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V2, dags. 31.5.2018.

Málsatvik.

Bifreiðum A og B var ekið eftir Þjóðvegi 1. B var fyrir framan með hjólhýsi í eftirdragi og A fyrir aftan. Ökumaður A kveðst hafa verið að taka fram úr B og verið kominn við hlið hjólhýsis sem B var með í eftirdragi þegar ökumaður B beygði skyndilega til vinstri á bifreið sína með þeim afleiðingum að bifreiðin og hjólhýsið skullu saman. Ökumaður A telur að ökumaður B hafi aldrei séð bifreið sína. Ökumaður B kveðst hafa ekið eftir Þjóðvegi 1 þegar hann kom að hjólreiðamanni. Hann hafi því hægt ferðina, gefið stefnuljóst til vinstri og svo beygt bifreið sinni til vinstri. Þegar hann var lagður af stað til vinstri hafi hann séð bifreið A rétt áður en árekstur varð.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að ökumaður A hafði hafið framúrakstur og var við hlið tengivagnsins sem B var með í eftirdragi þegar bifreið B var skyndilega beygt til vinstri með þeim afleiðingum að árekstur varð. Samkvæmt c-lið 2. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 ber ökumönnum sem ætla að hefja framúrakstur að gæta sérstaklega að því að enginn sem á eftir ekur hafi þegar byrjað akstur fram úr honum. Ökumaður B gætti ekki að umferð fyrir aftan þegar hann hóf framúrakstur og ber því alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök.

Reykjavík 19. júní 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Lúðvík Bergvinsson lögm.

Mál nr. 158/2018

M og
V vegna ábyrgðartryggingar X

Uppgjör tjóns skv. vátryggingasamningi vegna slyss 16.9.2015.

Gögn.

Málskot málskotsaðila, móttekið 22.5.2018, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 4.6.2018, ásamt úrskurði í máli nr. 293/2016 og vátryggingarskírteini ábyrgðartryggingar X.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að eiginkona M slasaðist þegar hún féll af reiðhjóli við Skeljanes í Reykjavík. Með úrskurði í máli nr. 293/2016 komst nefndin að þeirri niðurstöðu að greiða ætti eiginkonu M skaðabætur úr ábyrgðartryggingu X vegna tjóns hennar og tók þannig undir þau sjónarmið sem V hafði í málinu gagnvart vátryggingataka sínum, X. Bætur voru greiddar úr ábyrgðartryggingu X 6. nóvember 2017 með þeim hætti að 194.963 kr. voru dregnar frá bótum vegna svokallaðrar eigin áhættu vátryggingartakans X.

M telur að V eigi að greiða bætur að fullu, þ.e. að félaginu hafi verið óheimilt að draga frá greiddum bótum sjálfsábyrgð vátryggingartakans X, sem hafi ekki greidd ofangreinda fjárhæð til eiginkonu M þrátt fyrir kröfur þar um.

V vísar til vátryggingarskírteinis milli félagsins og X þar sem samið hafi verið um að eigin áhætta í hverju tjóni sé 10%, minnst 100.000 kr. og hæst 1.046.000 kr. V kveðst hafa í umræddu máli greitt bætur í samræmi við vátryggingarsamninginn, þ.e. 90% af tjóni eiginkonu M og fari slík ráðstöfun ekki í bága við samninginn eða lög um vátryggingarsamninga og vísar þar einnig til dóms Hæstaréttar í máli nr. 78/2014.

Álit.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 78/2014 eru tekin af tvímæli um að greiðsla bóta úr ábyrgðartryggingum til tjónþola fari eftir samningi vátryggingafélags og vátryggingartaka um eigin áhættu (sjálfsábyrgð) hverju sinni. Réttur eiginkonu M til bóta úr ábyrgðartryggingu X verður því ekki ríkari en kveðið er á í vátryggingarsamningi X og V og gera lögskýringargögn vegna laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga beinlínis ráð fyrir þeirri tilhögun. Verður því ekki fallist á að eiginkona M eigi rétt á frekari bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 12. júlí 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Lúðvík Bergvinsson lögmaður

Mál nr. 159/2018

M og
V vegna kröfu um greiðslu bóta úr líftryggingu X
Ágreiningur um greiðslu úr líftryggingu

Gögn.
Málskot málskotsaðila, móttekið 22.5.2018, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 1.6.2018.

Málsatvik.
Eftirlifandi kona X, M, gerir kröfu um greiðslu tryggingarbóta úr líftryggingu X, en X andaðist þann 19. mars 2017. V hefur hafnað greiðsluskyldu.
Málsatvik eru þau að á grundvelli beiðnar X, dags. 11. febrúar 1993, var gefin út líftrygging fyrir X nr. 31540. Á þeim tíma sem tryggingin var tekin voru sjö spurningar á líftryggingarbeiðni, sem tryggingartaki þurfti að svara áður en vátryggjandi tók afstöðu til beiðninnar, þ.e. hvort hann samþykkti beiðnina eður ei. Þrjár þessara spurninga lutu að því hvort tryggingabeiðandi hefði sl. 10 ár legið á sjúkrastofnunum vegna sjúkdóma, slyss og/eða rannsóknar, hvort hann hafi nú eða hafi haft aðra sjúkdóma líkamlega eða andlega og hvort tryggingarbeiðandi hafi haft aðra sjúkdóma. Öllum þessum spurningum svaraði X neitandi á tryggingabeiðninni. Var því fallist á beiðni X um líftryggingu og gefið út umrætt tryggingarskírteini.
Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum sem liggja fyrir var X sendur í áreynslupróf vegna brjóstverks þann 9. október 1992, en slíkan verk hafði X haft í fimm ár. Dagana 13. til 16. október 1992 lá X á Lyflækningadeild LSH vegna hjartaþræðingar og kransæðamyndunar. Frá 18. til 22. nóvember 1992 lá X á ný inni á Lyflækningadeild LSH til hjartaþræðingar. Þá var gerð vinstri hjartaþræðing og kransæðavíkkun á framveggskvísl vinstri kransæðar. Þann 20. janúar 1993 var X svo vísað til læknis vegna brjóstverkja og áreynsluprófs, en prófið leiddi til brjóstverkja og breytinga í hjartariti eftir fimm mínútna áreynslu. Í kjölfar þessa var X svo lagður inn á Lyflækningadeild LSH að nýju dagana 15. til 18. febrúar 1993.
Ágreiningur M og V lýtur fyrst og fremst að því hvort X hafi upplýst vátryggjanda nægilega vel um heilsu sína og líkamlegt ástand, þegar beiðni hans um líftryggingu var lögð fram og samþykkt af vátryggjanda, þ.e. hvort þær upplýsingar sem X veitti vátryggingartaka á sínum tíma voru þess eðlis að vátryggjandi hafi getað tekið upplýsta ákvörðun um hvort hann vildi selja X líftryggingu eður ei. Við mat á þessu verður enn fremur að horfa til þess hvort reglur um áhættumat vátryggjanda hefðu leitt til þess að beiðni X um líftryggingu hefði verið afgreidd á annan hátt ef réttar upplýsingar um sjúkrasögu X hefðu verið til staðar þegar tryggingarbeiðnin var lögð fram, og samþykkt. Í gögnum málsins liggja enn fremur fyrir upplýsingar um gildandi reglur endurtryggjanda sem voru í gildi á þeim tíma sem umrædd trygging var tekin.

Álit.
Við mat á því hvort ábyrgð V falli niður vegna vanrækslu tryggingartaka á því að veita upplýsingar er einkum til 83. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 að líta. Í 1-3 mgr. þeirrar greinar er nánar fjallað um áhrif þess að upplýsingaskylda vátryggingartaka er vanrækt.

Í því máli sem hér um ræðir er það grundvallaratriði að þeim spurningum sem lagðar eru fyrir vátryggingartaka sé svarað í samræmi við það staðreyndir og vátryggingartaki veit um, enda um að ræða upplýsingar sem skipta sköpum fyrir vátryggjanda við mat hans á því hvort rétt sé að samþykkja eða hafna líftryggingarbeiðni.

Í ljósi upplýsinga sem liggja fyrir í gögnum sem hafa verið lögð fyrir nefndina er augljóst að vátryggingartaki upplýsti vátryggjanda ekki um sjúkrasögu sína með þeim hætti sem honum bar, sem

hefði án nokkurs vafa haft áhrif á ákvörðun vátryggjanda varðandi beiðni X um líftryggingu hefðu þær upplýsingar legið fyrir.

Með vísan til 1. og 2. mgr. 83. gr. laga um vátryggingarsamninga er ljóst að upplýsingar sem X veitti í líftryggingarbeiðni voru þess eðlis að vátryggður með sviksamlegum hætti veitti vátryggjanda rangar upplýsingar um heilsufar sitt við töku líftryggingar.

Slík sviksemi við upplýsingagjöf við töku tryggingar leiðir til þess að ábyrgð tryggingarfélags fellur niður, sbr. 1. mgr. 83. gr. laga um vátryggingarsamninga. Engu skiptir í þessu samhengi hvort X hafi látist af öðrum orsökum en þeim sem varða þá sjúkdóma sem vátryggjandi var ekki upplýstur um við útgáfu líftryggingarskírteinisins þar sem draga má þá ályktun að vátryggjandi hefði hafnað líftryggingu X ef réttar upplýsingar hefðu legið fyrir við töku hennar, m.a. með vísan til gildandi reglna á þeim tíma um áhættumat. Varðandi þessa niðurstöðu nefndarinnar má einnig vísa til niðurstöðu hæstaréttardóms í máli nr. 396/2006, þar sem ekki var getið um kransæðasjúkdóm sem var til staðar við töku líftryggingar og var félagið því sýknað af kröfu um greiðslu vátryggingarbóta.

Með vísan til þess er að framan greinir verður ekki fallist á kröfu M um að hún eigi rétt til greiðslu úr líftryggingu X hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á greiðslu vátryggingarbóta úr líftryggingu X hjá V.

Reykjavík, 31. júlí 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Lúðvík Bergvinsson lögmaður

Mál nr. 160/2018

M og
V vegna starfsábyrgðartryggingar byggingastjórans A

Ágreiningur um bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra.

Gögn.

Málskot móttekið þann 22.5.2018, ásamt fylgiskjölum 1-6.
Bréf V1, vátryggingafélags, dags. 24.5.2018, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Samkvæmt gögnum málsins lét M reisa fyrir sig hótelbyggingu. Var A aðalverktaki og skráður byggingarstjóri á verkinu. Lýsir M því í málskoti að eftir byggingu hússins hafi orðið vart við ýmsa galla í húseigninni. Gallar hafi m.a. komið fram á gólfborðum og í formi leka á byggingunni og leka úr heitum potti. Undirverktakinn B, sá um niðurlögn gólfborða.

M telur sig eiga skaðabótarétt á hendur byggingarstjóra vegna þeirra framkvæmda sem hann þarf að fara í til þess að lagfæra eign sína. Máli sínu til stuðnings hefur M lagt fram skýrslu um verkið frá verkfræðistofu. Þar kemur fram að umtalsvert tjón sé á gólfefnum. Leggur skýrsluhöfundur fram tvær líklegar skýringar á orsökum tjónsins. Annars vegar að hluti gólfborða hafi verið of þurr þegar þau voru lögð og ekki hafi verið jafnvægi milli raka í timbrinu og loftraka í rýmum og hins vegar að raki hafi verið til staðar í flotlagi sem lagt var á gólf til afréttingar. Byggir M kröfu sína á því að A hafi vanrækt eftirlitsskyldur sínar sem byggingarstjóri.

V hafnar bótaskyldu með vísan til þess að ekki hafi veirð sýnt fram á að byggingarstjóri hafi brotið gegn eftirlitsskyldu sinni. Þá bendir V á skemmdir séu mestar í þeim rýmum sem eru við sundlaug og gufuböð sem geta haft áhrif á rakastig í milliplötu og gólfefnum sem liggja að þessum rýmum. Gólfefni sé fyrirskrifað af hönnuðum og byggingarstjóri verði ekki látinn bera ábyrgð á tjóni af völdum slíkra hönnunargalla.

Álit:

Samkvæmt 29. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 er eitt af meginhlutverkum byggingarstjóra að hafa virkt eftirlit með því að þeir sem koma að byggingu mannvirkis fylgi samþykktum hönnunargögnum, verklýsingum og ákvæðum laga um byggingu mannvirkja. Verði tjón rakið til vanrækslu byggingarstjóra við framangreind störf getur hann borið ábyrgð á því tjóni sem það veldur. Þá getur byggingarstjóri borið meðábyrgð vegna galla sem raktir verða til stórfelldrar vanrækslu á sviði einstakra iðnmeistara eða hönnuða að því gefnu að gallarnir hefðu ekki átt að dyljast byggingarstjóra við hefðbundið eftirlit.

Í málinu liggur fyrir skýrsla verkfræðistofu sem var aflað einhliða af M án aðkomu V. Hefur hún því nokkuð takmarkað sönnunargildi. Þó má slá því föstu að eignin er haldin talsverðum göllum. Hins vegar hefur ekki verið sýnt fram á það á þessu stigi að gallarnir verði raktir vanræslu byggingarstjóra eða annarra atvika sem hann ber skaðabótaábyrgð á.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjórans A hjá V.

Reykjavík 12. júlí 2018

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Lúðvík Bergvinsson lögm.

Mál nr. 161/2018

M og
X vegna bifreiðarinnar A og
V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Árekstur á bifreiðastæði 15.5.2018.

Gögn.
Málskot málskotsaðila, móttekið 22.5.2018, ásamt fylgiskjölum.
Bréf X, dags. 30.5.2018.
Bréf V, dags. 13.6.2018, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.
Af tjónstilkynningu má ráða að þremur bifreiðum hafi verið ekið eftir bifreiðastæði á Suðurlandsbraut í greint sinn. Fyrst hafi ekið bifreið merkt Símanum, síðan bifreið A og síðast bifreið B. Ökumaður bifreiðar A (M) kveðst hafa þurft að bakka bifreið sinni þar sem bifreið fyrir framan hann hafi byrjað að bakka. Í tjónstilkynningu er haft eftir M að hann hafi bakkað án þess að horfa aftur fyrir sig, en M gefur aðra skýringu í málskoti og kveðst hafa gætt að umferð fyrir aftan sig. Ökumaður bifreiðar B lýsir atvikinu þannig að hann hafi verið 2,5 til 3 metra fyrir aftan bifreið A þegar þeirri bifreið var bakkað. Ökumaður bifreiðar B kvaðst hafa ætlað að flauta en ekki náð að gera það áður en bifreið A var bakkað á bifreið B.
M telur að hann sem ökumaður bifreiðar A hafi gætt nægrar varúðar við akstur aftur á bak þar sem enginn hafi verið fyrir aftan hann þegar hann byrjaði að bakka til að veita bifreið fyrir framan sig svigrúm. M telur að leggja eigi sök á ökumann bifreiðar B fyrir að gæta þess ekki að hafa nægt bil milli bifreiðar sinnar og bifreið A.
X telur að leggja eigi alla sök á ökumann bifreiðar A í ljósi framburðar hans í tjónstilkynningu og tekur V undir það sakarmat með frekari rökstuðningi og vísunar til 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og fyrri úrskurða nefndarinnar.

Álit.
Ekki verður hjá því litið að M sem ökumaður bifreiðar A ók aftur á bak á bifreið B. Við akstur aftur á bak ber ökumanni að gæta að umferð fyrir aftan sig skv. fyrirmælum 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga. Í ljósi þess sem haft er eftir M í tjónstilkynningu verður ekki hjá því komist að líta svo á að hann hafi ekki gætt nægilegrar varúðar þegar hann ákvað að aka aftur á bak og leggja á hann sönnunarbyrði um að ökumaður B hafi sýnt sambærilegt eða meira gáleysi við akstur sinn. Ekki verður séð af gögnum málsins að ökumaður bifreiðar B hafi sýnt gáleysi við aksturinn og verður M að bera hallann af þeim sönnunarskorti. Ökumaður bifreiðar A (M) ber því alla sök á árekstrinum við bifreið B.

Niðurstaða.
Ökumaður bifreiðar A ber alla sök á árekstri við bifreið B og greiðir X því bætur til eiganda bifreiðar B vegna tjóns hans.

Reykjavík, 31. júlí 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögmaður Jón Magnússon lögmaður

Mál nr. 162/2018

M og
V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar X

Maður rann í tröppum og slasaðist þ. 21.11.2014.

Gögn.

Málskot móttekið 23.5.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-27
Bréf V dags. 7.6.2018

Málsatvik.

M var að ganga niður viðartröppur þegar hann rann í bleytu og segist hafa ætlað að grípa í handrið en greip í tómt þar sem búið var að fjarlægja handriðið og féll M við svo búið niður tröppurnar og slasaðist. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu X hjá V, en X er eigandi að hluta lóðarinnar þar sem umræddur stig er og vanrækt hafi verið að sinna viðhaldi á stiganum. M segir að stiginn sé við verslunarkjarna og ríkar kröfur séu gerðar til athafnaskyldu húseigenda einkum þar sem verslunarrekstur er stundaður. M byggir á því að X sé einn af eigendum fasteignarinnar og beri því skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M og ekki verði séð að stiginn sem um ræðir og er á lóð fasteignarinnar hafi verið í forsvaranlegu formi. Í því sambandi vísar M til byggingarreglugerðar nr. 112/2012 greinar 6.2.5. Þá er af hálfu M vísað til þess, að ekki hafi tekist að finna starfandi húsfélag eða ábyrgðartryggingu heildareignarinnar og því sé kröfum beint að X sbr. ákvæði fjöleignahúsalaga nr. 26/1994 og vísar M m.a. í 54.gr. laganna um heimild til að beina kröfu að einstökum eiganda þó ekki nema búið sé að reyna að fá kröfuna greidda úr hendi húsfélags fyrst. Þar sem ekki sé starfandi húsfélag eða ábyrgðartrygging heildareignarinnar sé því heimilt að beina kröfunni að X. V hafnar bótaskyldu og segir X eiganda að litlum hluta þeirrar eignar sem um ræðir. V telur að orsakatengsl á milli vanbúnaðar á tröppunum og meiðsla M séu ósönnuð. Þá telur V að umræddar tröppur tilheyri öðru húsfélagi og því óviðkomandi X og eigendum þeirrar lóðar, þar sem X er með húsnæði. V vísar í áverkavottorð þar sem segir. M "var að koma út úr verslun þ.21.22.2014 þegar hann rennur til á hálum tréþrepum og stígur þess vegna harkalega í vinstri fót, þá finnur hann að eitthvað gefur sig og getur ekki rétt um vinstra hnéð eftir það." V segir að greining áverka hafi verið rof á fjórhöfðasin vinstri ganglims. V telur því ósannað að meiðsli M tengist vanbúnaði á tröppum og það sé seinni tíma skýring sem styðjist ekki við frumgögn málsins. Þá vísar V til þess að X sé eigandi að 2.79% í lóðinni og hafi ekki haft vitneskju um að bílastæði tilheyrðu lóðinni sem hún er eigandi að og þá hafi eigandi X ekki leitt hugann að trétröppunum eða ábyrgð X á þeim.

Álit.

Af fyrirliggjandi gögnum verður ekki annað séð, en að trétröppurnar þar sem slysið varð tilheyri lóðinni, sem X á eignarhluta í. Af hálfu M er fullyrt að ekki sé starfandi húsfélag í fjöleignarhúsinu þar sem X á lítinn eignarhluta í og engin ábyrgðartrygging sé til staðar fyrir húsið eða lóðina. Þeirri fullyrðingu er ekki mótmælt af hálfu V og er hún lögð til grundvallar í málinu. M getur því á grundvelli ákvæða 54 gr.fjöleignarhúsalaga nr. 26/1994 beint kröfu sinni að einum húseiganda vegna skaðabótakröfu sinnar eins og hann gerir í máli þessu. Ljóst er að stiginn sem um ræðir uppfyllir ekki þær kröfur sem gerðar eru til stiga af þessari gerð m.a. vegna þess að ekki eru fullnægjandi handrið á stiganum og er því bótaskylda fyrir hendi ef tjón hlýst af notkun stigans og orsakasamhengi er á milli tjónsins og tjónsatburðarins. Í tilviki M þá heldur hann því fram í málskoti að hann hafi runnið til og reynt að grípa í handrið, en þar sem það hafi ekki verið fyrir hafi hann fallið. Þessi framburður fær stuðning í framburði vitna á vettvangi og m.a. af þeirri ástæðu er þessi framburður M lagður til grundvallar og telst M því hafa fallið í umrætt sinn vegna þess að stiginn sem hann fór um í umrætt sinn var vanbúinn og bera því X og aðrir húseigendur í

húsinu þar sem X á eignarhlut í ábyrgð á því. Tjónið er því bótaskylt úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 31.7.2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður. Jón Magnússon lögmaður.

Mál nr. 163/2018

M og
V v/ barnatryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu úr barnatryggingu vegna veikinda barns.

Gögn.

Málskot, móttekið 22.5.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 29.5.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Samkvæmt vátryggingarumsókn, dags. 4. september 2015, tóku M barnatryggingu hjá V vegna A, rúmlega ársgamallar dóttur þeirra. Í vátryggingarumsókninni kom ekkert fram sem gaf tilefni til að ekki væri unnt að gefa út vátrygginguna án fyrirvara eða takmarkana.

Með tjónstilkynningu 3. október 2016 var V tilkynnt að A hefði greinst með sjúkdóm, „Double cortex syndrome“, sem leiði af sér flogaveiki. Í fyrirliggjandi vottorði sérfræðilæknis kemur fram að A hafi greinst með sjúkdóminn 12. september 2016 og um sé að ræða meðfæddan galla á heila sem nefnist „subcortical band heterotopia“ eða „double coortex“ og valdi sjúkdómurinn þroskaseinkun og flogaveiki og skýri hann einkenni A. V hafnaði bótaskyldu úr barnatryggingunni á þeirri forsendu að sjúkdómseinkenni A megi rekja meðfæddra veikinda og slík veikindi falli utan bótasviðs vátryggingarinnar. M hafa ekki viljað una þessari afstöðu V á þeim forsendum einkum að þegar vátryggingin var tekin hafi í kynningarefni á vefsíðu M ekki komið fram að vátryggingin tæki ekki til meðfæddra sjúkdóma og víkja bæri skilmálaákvæðum að þessu leyti til hliðar, sbr. 36. og 36. gr. a-c laga um samninga, umboð og ógilda löggerninga nr. 7/1936 með síðari breytingum.

Álit.

Samkvæmt 2. tölul. 21.gr. í skilmálum barnatryggingar V, sem í gildi voru þegar A veiktist í september 2016, tekur vátryggingin tekur ekki til meðfædds sjúkdóms, meðfædds líkamsgalla eða meðfædds andlegs seinþroska/þroskaröskunar né heldur til afleiðinga slíks ástands ef talið er líklegt samkvæmt læknisfræðilegri reynslu, að það hafi verið til staðar frá fæðingu eða eigi rót sína að rekja til sjúkdóms á fyrsta mánuði þar í frá eða að tilhneigingin til slíks ástands hafi verið til staðar við fæðingu. Ákvæði þetta er efnislega samhljóða 2. tölul. 22. gr. þeirra skilmála barnatryggingar V sem í gildi voru þegar M tóku vátrygginguna í september 2015. Eins og að framan greinir á sjúkdómur sá sem greindist hjá A rætur að rekja til meðfædds galla á heila. Fyrrgreint takmörkunarákvæði vátryggingarskilmálanna á því hér við samkvæmt skýru orðalagi sínu.

Skilmálarnir voru jafnframt skýrir hvað varðar takmörkun á bótaskyldu að þessu leyti þegar vátryggingin var tekin. Ekki verður ráðið að upplýsingagjöf við töku vátryggingarinnar hafi ekki verið í samræmi við 2. mgr. 64. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 auk þess sem vátryggingartaki var í upphaflegu vátryggingarskírteini hvattur til að „kynna sér vel þá skilmála sem um vátrygginguna gilda, sbr. e-lið 2. mgr. 70. gr. laganna. Ekkert kemur fram í gögnum málsins sem gefur tilefni til að ætla að gildissvið vátryggingarinnar hafi átt að vera víðtækara en leiðir að ákvæðum skilmálanna. Þá verður að telja að umrætt undanþáguákvæði byggi á málefnalegum ástæðum og sé ekki svo ósanngjarnt í garð vátryggingartaka eða vátryggðs eða andstætt góðri viðskiptavenju að því verði vikið til hliðar á grundvelli 36. gr. eða 36. gr. a-c laga nr. 7/1926. Að öllu athuguðu eiga M ekki rétt til bóta úr barnatryggingunni hjá V vegna þess sjúkdóms sem A býr við og greindist hjá henni í september 2016.

Niðurstaða.
M eiga ekki rétt á bótum úr barnatryggingu hjá V.

Reykjavík, 31. júlí 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 164/2018

M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Ágreiningur um bótaskyldu.

Gögn.
Málskot, dags. 24.05.2018 ásamt fylgigögnum.
Bréf V1, vátryggingafélags, dags. 08.06.2018.
Bréf V2, vátryggingafélags, dags. 08.06.2018.

Málsatvik.
M var á leið frá Akureyri til Húsavíkur 4. mars 2018 og hafði ekið yfir Skjálfandafljótsbrúnna þegar hann sá ljós á ökutæki sem kom á móti honum. Ökutækin lentu saman nærri Rauðskriðu í Aðaldal og kveðst M hafa ekið á sinni akrein á um 40 km hraða og hafi hann aldrei farið yfir á rangan vegarhelming. M kvaðst hafa séð að ökutækið B var komið yfir á rangan vegarhelming og hafi hann reynt að koma í veg fyrir að ökutækið lenti á hans ökutæki en það hafi ekki tekist. Þegar áreksturinn varð gekk á með éljum og stífum vindi og hiti var -4°.
Samkvæmt lögregluskýrslu mundi ökumaður B ekki eftir árekstrinum. B kvaðst hafa drukkið áfengi nóttina áður en áreksturinn varð en taldi að hann hafi ekki verið mjög ölvaður.
Skv. blóðsýni mældist 0,8ng/ml af tetrahýdrokannabínóli og 0,59 prómill alkóhól í blóði ökumanns B.
Í bréfi V1 kemur fram að ökumanni B hafi verið óheimilt að stjórna ökutæki þar sem hann var óhæfur til að stjórna ökutæki örugglega sökum áhrifa ávana- og fíkniefna í blóði, sbr. 45. gr. og 45. gr. a umferðarlaga nr. 50/1987. Einnig kemur fram að sökum þess að ökumönnum greini á um hvernig áreksturinn bar að verði að snúa sönnunarbyrði við sbr. úrskurði nefndarinnar í málum nr. 124/2017 og 70/2017. Því verði að leggja til grundvallar framburð M um að ökumaður B hafi farið yfir á öfugan vegarhelming með þeim afleiðingum að bifreiðarnar skullu saman. Það er því mat félagsins að ökumaður B skuli bera alla sök á árekstrinum.
Í bréfi V2 kemur fram að magn það sem mældist í blóði ökumanns B hafi verið svo lítið að það eigi ekki að hafa áhrif á sakarskiptingu og ekkert bendi til þess að ölvun eða ástand hans hafi orsakað áreksturinn.

Álit.
Niðurstaða rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði við Háskóla Íslands segir að ökumaður B teljist óhæfur til þess að stjórna ökutæki örugglega þegar sýnið var tekið, sbr. 2. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Þegar tekið er mið af framburði beggja ökumannanna verður að líta til þess að ekkert hefur komið fram um að M hafi verið óhæfur til aksturs, öfugt við ökumann ökutækis B. A var því í betri aðstæðum til að meta aðstæður og er ekki hægt að líta framhjá þeim aðstæðum. Ökumaður B ber því sönnunabyrðina fyrir því að áreksturinn sé ekki að rekja til aksturs hans eða annarra atvika sem hann ber ábyrgð á. Slík sönnun er ekki fyrir hendi og verður því að líta svo á að hann eigi alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.
Ökumaður ökutækis B ber alla sök.

Reykjavík, 31. júlí 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon, lögm.

Mál nr. 165/2018

M og
V v. fjölskyldutryggingar

Krafa ekkju um dánarbætur eftir látinn eiginmann sinn þ. 31.5.2017

Gögn.

Málskot móttekið þ. 24.5.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-14
Bréf V dags. 15.6.2018

Málsatvik.

Eiginmaður M lést þ.31.maí 2017, en hann var einn heima í umrætt sinn. Niðurstaða krufningsskýrslu var að hann hefði látist vegna heilabæðingar sem hann hefði hlotið við fall, líklegast af slysförum. M krefst bóta úr fjölskyldutryggingu hjá V. V viðurkennir bótaskyldu, en vill skerða bætur um 2/3 og telur að eiginmaður M hafi valdið tjóninu af stórkostlegu gáleysi, en hann hafi mælst með 2.894 prómill alkahóls í blóði. M krefst fullra bóta og telur að ölvun ein og sér hafi ekki sömu réttaráhrif og stórkostlegt gáleysi og skilyrði 1.mgr. 90.gr. l.nr.30/2004 laga um vátryggingasamninga til skerðingar bóta séu ekki uppfyllt. Þá byggir M á því að V þurfi að sanna orsakatengsl á milli ölvunar mannsins og andláts hans, en ekki sé ljóst með hvaða hætti nákvæmlega andlát hans bar að. V telur sök vátryggðs vera verulega þegar litið er til atvika málsins í heild. Mikið áfengismagn haf mælst í blóði mannsins eða 2.89 prómill, en einnig sé litið til þess hvernig vátryggingaratburð bar að, en hinn látni hafi fallið fram fyrir sig í tröppum sem séu aðeins þrjú þrep. Þá bendir V á að ekkert á vettvangi bendi til þess að aðrir þættir en ölvunarástand hins látna hafi haft þar áhrif. V vísar til krufningsskýrslu varðandi orsakatengsl á milli ölvunar hins látna og slyssins. V telur að öllu þessu virtu rétt að skerða bætur um 2/3

Álit.

Áfengismagn í útæðablóði M mældist 2.89 prómill og í hjartablóði 3.13 prómill. Hinn látni var því svo ölvaður að hreyfigeta hans var verulega takmörkuð og sýndi hinn látni af sér stórkostlegt gáleysi með því að koma sér í það ástand, sem leiddi til slyssins. Slysið varð á heimili M þar sem honum voru allir hlutir kunnugir. Ekki liggja fyrir vísbendingar um aðrar ástæður en þær sem rekja má til ölvunar hins látna sem geti hafa valdið því að hann féll í umrætt sinn og má því ganga út frá því að slysið megi rekja til þess, að hinn látni hafi misst jafnvægið vegna ölvunarástands síns og fallið. Eins og atvikum er háttað þykir stórkostlegt gáleysi hins látna réttlæta það að skerða bætur til hans um helming.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni vegna slyss sem leiddi eiginmann hennar til dauða, en skerða skal bætur um helming vegna stórkostlegs gáleysis hins látna.

Reykjavík 31.7. 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður. Jón Magnússon lögmaður.

Mál nr. 166/2018

M og
V v/ slysatryggingar ökumanns og eiganda.

Tilkynningarfrestur samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Gögn.

Málskot, móttekið 30.5.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 14.6.2018.

Málsatvik.

Hinn 15. desember 2015 varð M fyrir meiðslum í árekstri á gatnamótum Breiðholtsbrautar og Selásbrautar. Hugðist M beygja bifreið sinni til vinstri á gatnamótunum, en þá rákust saman framendar bifreiðar M og annarrar bifreiðar sem kom úr gagnstæðri átt. Í lögregluskýrslu segir að mikið tjón hafi orðið á báðum bifreiðum og þær hafi verið óökufærar eftir áreksturinn.

Daginn eftir áreksturinn leitaði M læknis á heilsugæslustöð. Var hún þá greind með tognun og ofreynslu á lend- og hálshrygg auk tognunar á öxl. Fékk hún almennar ráðleggingar varðandi tognun og verkjalyf og sagt að halda áfram í sjúkraþjálfun. Fékk hún sjúkraþjálfunarbeiðni þar að lútandi við komu á heilsugæslustöðina 5.1.2016. Svo er að sjá samkvæmt fyrirliggjandi gögnum að M hafi farið í sjúkraþjálfun 7. og 11. janúar 2016. M leitaði til heimilislæknis síns 24. mars 2017, en þá kom fram að í slysinu í desember 2015 hafi hún tognað í hálsi og ofanverðu baki, verið í sjúkraþjálfun um tíma og sé byrjuð aftur. Við skoðun í þessari læknisheimsókn kvartaði M undan verkjum í ofanverðu baki og verkjaleiðni upp í hálsinn auk þess að vera slæm við vinstra herðablað þegar hún hreyfir um axlarliðinn.

Í málinu kemur fram að M hafði áður verið metin til 8 stiga varanlegs miska og 10% varanlegrar örorku vegna mjóbakstognunar af völdum umferðarslyss 21. júlí 2013.

Bifreið M var vátryggð lögboðnum ökutækjatryggingum hjá V, þegar áreksturinn varð, þ. á m. slysatryggingu ökumanns og eiganda. M tilkynnti um slysið til V 24. mars 2017, en tilkynninguna verður að skilja svo að með henni hafi gert M kröfu um bætur úr slysatryggingunni vegna þess líkamstjóns sem hún bjó þá við af völdum slyssins. V hefur hafnað bótaskyldu á þeirri forsendu að ársfrestur til að tilkynna tjónið hafi þá verið liðinn, sbr. 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga, auk þess sem ekki hafi verð sýnt fram á orsakatengsl milli árekstursins og þeirra sjúkdómseinkenna sem hún bjó þá við.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 glatar sá sem rétt á til bóta samkvæmt slysatryggingu þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á. Ekki verður ráðið af gögnum málsins að ári áður en M tilkynnti um tjónið til V, eða 24. mars 2016, rúmum þremur mánuðum eftir slysið, hafi M mátt gera sér grein fyrir að hún byggi við varanlegar afleiðingar af völdum slyssins. Þá verður ekki annað ráðið af málsgögnum en að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn sem telja verður bótaskylt úr slysatryggingunni jafnvel þótt umfang þess hafi ekki verið metið til varanlegs miska eða varanlegrar örorku. M telst því eiga rétt á bótum úr umræddri slysatryggingu hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda hjá V.

Reykjavík, 31. júlí 2018.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 167/2018

M og
V vegna málskostnaðartryggingar fjölskyldutryggingar.
Ágreiningur um túlkun undanþáguákvæðis vátryggingarskilmála vegna réttarlegs ágreinings um rétt til skaðabóta.

Gögn.

Málskot málskotsaðila, móttekið 24.5.2018, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 6.6.2018, ásamt tjónstilkynningu dags. 17.5.2018 og tölvupóstsamskiptum V og M.

Málsatvik.

M sótti um sumarstarf hjá embætti Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu fyrir sumarið 2016. M fékk tilkynningu um að hann fengi ekki starfið í maímánuði sama ár. M kærði þá ákvörðun til kærunefndar jafnréttismála og í máli nefndarinnar nr. 4/2016 kemur fram að nefndin telur að Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu hafi brotið gegn lögum nr. 10/2008 við ráðningu í sumarstarf í maímánuði 2016. M hefur gert miskabótakröfu vegna þessa og embætti ríkislögmanns hafnaði þeirri kröfu 13. nóvember 2017. M hyggst höfða mál til heimtu slíkra bóta.

M telur að réttarlegur ágreiningur hans sé þess eðlis að hann falli undir gildissvið svokallaðrar réttaraðstoðartryggingar í fjölskyldutryggingu V þar sem vátryggður getur krafist þess að málskostnaður sé greiddur upp að ákveðinni vátryggingarfjárhæð að frádreginni eigin áhættu vátryggðs. V telur hins vegar að undanþáguákvæði í vátryggingarskilmálum, nánar tiltekið 39. gr. (b.lið) vátryggingarskilmála sem segir: *„Vátryggingin tekur ekki til ágreinings, máls eða málsbeiðni [..] Sem er í tengslum við atvinnu eða embættisrekstur vátryggðs, þar með talið mál vegna vinnuslysa [..]“*

M telur að umrætt ákvæði eigi ekki við þar sem ekki hafi verið ráðningarsamband milli væntanlegra aðila dómsmálsins heldur um sé að ræða miskabótamál sem lúti að mismunun vegna kyns á grundvelli jafnréttislaga. Einnig vísar M til þess að undantekningarákvæði í vátryggingarskilmálum verði að skýra þröngt og bendir þar á úrskurði nefndarinnar í málum nr. 264 og 265/2017 máli sínu til stuðnings.

V telur að þó ekki hafi komist á ráðningarsamband milli M og Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu sé ágreiningur sprottinn upp í tengslum við umsókn M um atvinnu. V telur undantekningarákvæði b.liðar 39. gr. vátryggingarskilmála skýrt og tengsl við atvinnu séu augljós í máli M.

Álit.

Ágreiningur M og V snýst um túlkun á undanþáguákvæði í vátryggingarskilmálum sem segir að vátryggingin bæti ekki málskostnað vegna ágreinings sem er í tengslum við atvinnu vátryggðs. Þegar málsatvik á bak við ágreining M við Sýslumanninn á höfuðborgarsvæðinu eru skoðuð þá snýst bótakrafa M um bætur fyrir það ófjárhagslega tjón sem hann telur sig hafa orðið fyrir á grundvelli niðurstöðu kærunefndar jafnréttismála um að brotið hafi verið gegn ákvæðum (jafnréttis)laga nr. 10/2008 þegar ráðið var í sumarstarf sem M sótti um. Slíkt sumarstarf var atvinna sem M sóttist eftir en fékk ekki.

Verður því ekki hjá því komist að líta svo á að ágreiningur um bætur vegna þess að M fékk ekki slíkt starf sé í tengslum við atvinnu hans í skilningi umrædds undanþáguákvæðis og málsatvik ekki sambærileg við stöðu vátryggðra í málum nefndarinnar nr. 264 og 265/2017. M á því ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum vegna málskostnaðar úr fjölskyldutryggingu hjá V.

Reykjavík, 31. júlí 2018.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður Jón Magnússon lögmaður

Mál nr. 168/2018

M og
V v/ fiskiskipatryggingar undir 100 tonnum.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna þjófnaðar á handfærarúllum úr báti.

Gögn.
Málskot, móttekið 24.5.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 19.6.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Hinn 15. maí 2017 var siglt á bátinn A í eigu M þar sem hann lá bundinn í höfninni í Þorlákshöfn. Töluverðar skemmdir urðu á A. Mun báturinn hafa verið hífður á þurrt fljótlega eftir atvikið. Af ýmsum ástæðum dróst að viðgerð gæti hafist á A. Með bréfi 29. júní 2017 fór M þess á leit við V, vátryggjanda bátsins, að það tæki þátt í kostnaði við vöktun A þar sem hann var á hafnarsvæðinu í Þorlákshöfn „svo hægt væri að varna frekara tjóni...“ Með bréfi V 3. júlí 2017 var málaleitan M hafnað, en þess í stað taldi V sig reiðubúið að taka þátt í kostnaði við eða greiða fyrir geymslu bátsins í Snarfarahöfn í Reykjavík. Ekki varð úr að A væri fluttur í Snarfarahöfn.
Hinn 28. október 2017 tilkynnti B, fyrirsvarsmaður M, lögreglunni á Suðurlandi að fimm handfærarúllum hafi stolið úr bátnum. Í lögregluskýrslu um atvikið segir að B hafi síðast verið við bátinn 21. október og þá hafi handfærarúllurnar verði festar í þar til gerðum statífum á handriði bátsins. Hver rúlla hafi verið læst við statífið með keðju og hengilás. Klippt hafi verið á lásana sem og rafmagnsvíra sem tengdir voru frá rafmagnstöflu og í hverja handfærarúllu. Kvaðst B hafa uppgötvað þjófnaðinn um hádegisbil sama dag og þjófnaðurinn var tilkynntur lögreglu. B kvað rúllurnar hafa verið af gerðinni DNG 6000i og taldi hann andvirði þeirra vera 3.000.000 krónur.
M hefur krafist bóta vegna þjófnaðarins úr húftryggingu A hjá V. V kveður M hafa brotið varúðarreglur sem tilgreindar eru í skilmálum vátryggingarinnar og með því hafi M fyrirgert rétti til bóta úr vátryggingunni.

Álit.
Í 6. gr. skilmála þeirra sem gildir um húftryggingu A er kveðið á um varúðarreglur sem hlíta skal við meðferð hins vátryggða. Þannig segir í gr. 6.3 í skilmálunum, þegar skip er í sátri eða um lengri tíma í höfn eða lægi, skuli vátryggður taka siglingartæki, fjarskiptatæki, handfærarúllur og annan lausan búnað úr bátunum. Í 7. gr. skilmálanna er svo mælt fyrir um það að skylt sé að fara eftir varúðarreglum í skilmálunum og sé varúðarreglum ekki fylgt getur ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta, sbr. 26. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.
Samkvæmt 26. gr. laga nr. 30/2004 getur vátryggingafélag gert fyrirvara um að það skuli laust úr ábyrgð í heild eða að hluta ef varúðarreglum er ekki fylgt. Slíkan fyrirvara getur félagið þó ekki borið fyrir sig ef ekki er við vátryggðan að sakast eða sök hans er óveruleg eða það að vátryggingaratburður hefur orðið verður ekki rakið til brota hans. Þótt félagið geti samkvæmt þessari grein borið fyrir sig að varúðarreglum hafi ekki verið fylgt má samt leggja á það ábyrgð að hluta með hliðsjón af því hvers konar varúðarreglu var ekki sinnt, sök vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að og atvikum að öðru leyti.
Fyrir liggur í málinu að handfærarúllurnar höfðu ekki verið fjarlægðar úr A þegar þeim var stolið síðari hluta októbermánaðar 2017 þótt báturinn hafi verið í uppsátri á hafnarsvæðinu í Þorlákshöfn frá maí sama ár, eða í um fimm mánuði. Strax og báturinn var hífður á land mátti vera ljóst að hann myndi verða í sátri um lengri tíma. Í samræmi við fyrrgreinda varúðarreglu í gr. 6.2 í skilmálum vátryggingarinnar bar M þá þegar að taka rúllurnar úr bátnum. Í þeim efnum getur ekki skipt máli þótt þær hafi verið læstar með keðju og hengilás, enda ljóst að auðvelt reyndist að klippa lásana í sundur í því skyni að nema rúllurnar á brott. Þjófnaður á umræddum rúllum verður rakinn til sakar M með því að hafa ekki hlítt fyrrgreindri varúðarreglu og í ljósi þess að rúllurnar höfðu verið um borð í

bátnum í um fimm mánaða skeið eftir að hann hafði verið hífður á land verður að telja sök fyrirsvarsmanna M það verulega að ekki séu efni til annars en að líta svo á að V sé alveg laust úr ábyrgð. M á því ekki rétt á bótum úr húftryggingu A hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr húftryggingu A hjá V.

Reykjavík, 16. október 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 169/2018

M og
V v. Ábyrgðartryggingar atvinnureksturs

Tjón á rafbúnaði sem M var að vinna við 31.7.2017.

Gögn.

Málskot móttekið 24.5.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-4.
Bréf V, dags. 13. júní 2018 ásamt fylgiskjölum 1-6.
Bréf M, dags. 19. júní 2018.

Málsatvik.

M sem er með ábyrgðartryggingu hjá V vann við að setja upp HSG rafbúnað um borð í fiskiskipi. Um er að ræða hraðabreytibúnað sem heldur jafnri spennu á rafkerfi þó hraði vélar sé breytilegur. M segir að við þessa tilfærslu á tengingum hafi pólar víxlast en það hafi leitt til þess að IP Converter brann yfir. M segir að vinna sín hafi eingöngu tengst rafmagni en ekki IP Converternum sjálfum og það hafi leitt til tjóns sem M gerir kröfu um að bætt sé úr ábyrgðartryggingu sinni hjá V. M tekur fram að sá rafbúnaður sem um ræðir vinni ekki saman sem ein heild heldur sé um að ræða nokkur aðskilin kerfi og vinna M hafi eingöngu falist í að koma fyrir HSG stýriskáp um borð í skipinu og tengja hann og það sem gerist sé að nýr kapall sé lagður frá nýjum HSG stýriskáp og við tengingu á kapli verði víxlun á endum inni í stýriskápnum og við þá víxlun fari of há spenna yfir í Helcion stýriskáp og þaðan yfir í IP Converterinn sem skemmdist. V hafnar bótaskyldu og segir að falli tjónið undir rafvirkjastörf þá falli það undir 6. gr. undantekningarákvæðis skilmála vátryggingarinnar, þar sem undanskildar séu áhættur vegna skemmda á munum sem vátryggður tekur að sér að gera við, hreinsa, setja upp eða vinna við með einum eða öðrum hætti. V segir að ágreiningur málsins varði það hvort að M hafi í umrætt sinn verið að vinna við búnaðinn þ.e. IP Converterinn sem skemmdist og segir V að þessi búnaður sé hluti af raf- og aflkerfi skipsins og segir V að líta verði á kerfið sem eina heild, þar sem um sé að ræða búnað sem vinnur saman sem ein heild sem raf- og aflstýring skipsins. Þá verði líka að líta til þess, að við tengingu HSG búnaðarins var nauðsynlegt að tengja hann við aðra hluta í rafbúnaði skipsins. V telur því að M hafi verið að vinna með einum eða öðrum hætti við IP Converterinn jafnvel þó að framkvæmdin hafi falist í uppsetningu HSG búnaðar. V telur því að skv. ákvæðum c-liðar 6.gr. vátryggingaskilmála fyrir vátryggingu M séu kröfur sem féllu á M vegna IP Convertersins undanþegnar. V telur að vinna M í umrætt sinn falli undir sérákvæði í vátryggingaskírteini um skipaviðgerðir nr. LO72. V segir að undantekningarregla c. liðar 6. gr. vátryggingaskilmálans gildi ekki skv. ákvæðum tilvitnaðs sérákvæðis um ábyrgð sem stofnast vegna skemmda á skipum eða bátum sem vátryggingartaki vinnur viðgerðir eða breytingar á. V segir að með því að setja upp HSG búnað hafi M verið að vinna við viðgerð eða breytingar á skipi og lágmark eigin áhættu skv. því ákvæði sé hærra en sem nemi umræddu tjóni og komi til þess að tjónið verði talið fala undir sérákvæði nr. LO72 þá sé ljóst að krafan sé lægri en sem nemur eigin áhættu og því hafi ekki stofnast bótaréttur úr tryggingunni. M mótmælir þessum sjónarmiðum V og bendir á að IP Converter stýri aðeins aðalvél skipsins en komi ekkert að stjórn skrúfu eða rafals né HSG búnaðar. Þá segir M að hver og einn búnaður sé sjálfstæður og stýrist ekki af öðrum búnaði og engin stýring sé á milli aflkerfis skipsins og rafbúnaðar þess en upplýsingar flæði á milli með upplýsingaköplum. M fellst ekki á að sérákvæði LO72 geti átt við varðandi það tjón sem hér ræðir um. M segir að starfsmenn sínir séu rafvirkjar sem hafi verið að vinna við raflagnir og rafbúnað en ekki vélvirkjar að vinna við skipið sjálft eða aflkerfi skipsins en IP Converterinn sé hluti af því.

Álit.
Af hálfu M hafa verið færð fram rök og sjónarmið fyrir því, að ekki hafi verið um það að ræða að búnaðurinn sem M vann við að setja upp þ.e. HSG rafbúnaður og ýmis annar búnaður svo sem IP Converter sem skemmdist sé ekki ein heild eins og V heldur fram. V hefur ekki sýnt fram á það með fullnægjandi rökum eða gögnum, að um sér að ræða búnað sem beri að líta á sem eina heild. Verður V að bera hallann af því. Ekki hefur verið sýnt fram á að vinna M hafi að einhverju leyti falist í vinnu við IP Converterinn sem skemmdist og tekur því sérákvæðið sem V vísar til ekki til þess tjóns sem hér um ræðir. Þar sem ekki verður fallist á það miðað við framlögð gögn í málinu að um sé að ræða sameiginlegan búnað sem að M hafi verið að vinna við í umrætt sinn, er greiðsluskylda fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu hjá V en fyrir liggur og engin ágreiningur er um það, að um var að ræða tjón sem varð vegna skyndilegs og óvænts atviks.

Niðurstaða.
Greiðsluskylda er fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu hjá V.

Reykjavík 11.9.2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 170/2018

M og
V-1 vegna A og
V-2 vegna B

Árekstur bifreiða á Snæfellsnesvegi þ. 2.4.2018.

Gögn.

Málskot móttekið þ. 6.5.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-4
Bréf V-1 dags. 18.6.2018.
Bréf V-2 dags. 12.6.2018.

Málsatvik.
Báðum bifreiðunum var ekið norður Snæfellsnesveg. B var fyrir framan A en ökumaður B hægði ferð og hugðist beygja til vinstri inn á bifreiðaplan. A var ekið á eftir B og ætlaði ökumaður A að taka fram úr B í sömu mund og A var beygt til vinstri og árekstur varð með bifreiðunum. Ökumaður A segir að hún hafi ekið á eftir B, sem hafi hægt ferðina og virst ætla að stoppa út í vegakanti, en beygt síðan til vinstri. Ökumaður B segist hafa ætlað að aka inn á bifreiðastæði sem var vinstra megin við veginn.

Álit.
Eins og atvikum er háttað skv. gögnum málsins þá gætti ökumaður A ekki nægjanlega að umferð fyrir framan sig þegar hún hóf framúrakstur sbr. 1.mgr. 20.gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og ber því meginsök á árekstrinum. Ökumaður B gætti ekki að umferð áður en hún beygði til vinstri og ber því einnig sök í málinu. Við mat á sakarskiptingu þykir rétt, að ökumaður A beri 2/3 sakar og ökumaður B beri 1/3 sakar.

Niðurstaða.
Ökumaður A ber 2/3 sakar og ökumaður B ber 1/3 sakar

Reykjavík 31. 7. 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður. Jón Magnússon lögmaður.

Mál nr. 171/2018

M og
V v/ frjálsrar ábyrgðartryggingar eiganda lyftara.

Ágreiningur um bótaskyldu úr frjálsri ábyrgðartryggingu. Tilkynningarfrestur.

Gögn.

Málskot, móttekið 28.5.2018, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Bréf V, dags. 12.6.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 30. mars 2015 stóð til að hífa bát í eigu M upp á bryggju í tiltekinni höfn. Til verksins var notaður lyftari í eigu fyrirtækisins A. Stjórnandi lyftarans byrjaði að hífa bátinn upp en mun svo hafa slakað honum aftur niður. Fóru þá gafflar lyftarans of langt niður og við það urðu skemmdir á bátnum, svo sem á loftnetsstöng og mastri.

Fyrirsvarsmaður M kvaðst hafa tilkynnt tjónið strax til A og kvað að af hálfu A hafi honum verið tjáð að A myndi greiða tjónið. A hefur í gildi frjálsa ábyrgðartryggingu hjá V og 18. maí 2017 tilkynnti M skriflega um tjónið til V. V hefur hafnað bótaskyldu með vísan til ákvæðis í skilmálum sem gilda um ábyrgðartrygginguna, þar sem segir að vátryggður, eða hver sá sem á rétt til bóta vegna skaðatryggingar glati honum ef hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan eins árs frá því að hann vissi um þau atvik sem hún er reist á. Kveður V tilkynningarfrest samkvæmt skilmálaákvæði þessu vera í samræmi við 1. mgr. 51. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Ársfresturinn hafi liðið 30. mars 2016 og ekki hafi verið lögð fram nein gögn sem sýna fram á að tjónið hafi verið tilkynnt innan hins tilskilda frests og af þeim sökum sé bótaréttur M fallinn niður í málinu.

Álit.

Í máli þessu krefst M bóta úr ábyrgðartryggingu sem A hefur í gildi hjá V. Samkvæmt 1. mgr. 51. gr. laga nr. 30/2004 glatar vátryggður rétti til bóta ef hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á. Þar sem um ábyrgðartryggingu er að ræða telst vátryggður vera sá sem nýtur vátryggingarverndar á skaðabótaskyldri háttsemi sinni, sbr. c-lið 2. gr. laganna. M er því ekki vátryggður og er af þeim sökum ekki bundinn af ársfrestinum skv. 1. mgr. 51. gr. laganna. Vátryggingarskilmálar mæla fyrir um réttindi og skyldur vátryggingartaka og eftir atvikum vátryggðs samkvæmt þeim vátryggingarsamningi sem skilmálarnir gilda um hverju sinni. M er ekki vátryggður, eins og fyrr getur, og á enga aðild að þeim ábyrgðartryggingarsamningi sem er í gildi á milli V og A. Hann er því ekki með beinum hætti bundinn af skilmálum ábyrgðartryggingarinnar. Þá er til þess að líta að M getur krafist bóta beint úr hendi V sem ábyrgðartryggjanda A, sbr. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 30/2004, og er því heldur ekki háður því að A tilkynni um tjónið til V innan ársfrestsins. Af gögnum málsins virðist ekki um það deilt að A beri skaðabótaábyrgð á tjóni M vegna þeirra skemmda sem urðu á bátnum. Að öllu framangreindu virtu telst M eiga rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna tjónsins.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 31. júlí 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 172/2018

M og
V vegna ábyrgðartryggingar.

Gildissvið ábyrgðartryggingar og skilyrði skaðabótaábyrgðar vegna tjóns 7.4.2016.

Gögn.

Málskot málskotsaðila, móttekið 28.5.2018, ásamt fylgiskjölum.

Bréf X, dags. 7.6.2018, ásamt tjónstilkynningu dags. 27.4.2016 o.fl., ódags. lýsing M á tjóni, endurnýjunarskírteini og höfnunarbréf dags. 1.3.2018.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi keypt ábyrgðartryggingu hjá V sem tilgreini sérstaklega á vátryggingarskírteini að hið vátryggða sé „viðgerðir á vélbúnaði. M lýsir því síðan í málskoti að M og Samkaup hafi gerð með sér samning um uppsetningu, viðgerðir og þjónustu á kælibúnaði verslunar Samkaupa við Hrísalund á Akureyri árið 2014 og á grundvelli þess samnings tók M að sér að setja upp nýja djúpfrystikæla við sömu verslun. Sú vinna átti sér stað í byrjun apríl 2016 og í tjónstilkynningu M til V dags. 27.4.2016 kemur fram að það hafi orðið tjón hjá Samkaupum þegar rör gaf sig við kælivél og M tilgreinir þar ástæðu ábyrgðar þá að fyrirtækið beri ábyrgð á fjarvöktun á verslun. Í frekari lýsingu M sem er ódagsett og óundirrituð kemur eftirfarandi fram: *„[...] Svo virðist sem Kælirör frá kælivél hafi rofnað með þeim afleiðingum að kerfið tæmdist af kælimiðli og þarf af leiðandi var engin kæling á vörum verslunarinnar. Fóru menn frá okkur og gerðu við þetta strax um morguninn. Seinni partinn rofnaði þetta rör aftur og tókst þá í annað skiptið að gera við þetta endanlega. Svo virðist sem fjarvöktunin hafi ekki sent boð um bilun og kom ljós að skapskipta búnaðurinn var ekki rétt stilltur. Var þetta lagfært og er búið að prófa virkni vöktunarinnar í dag.“* Eftir frekari samskipti M og V vegna tjónsins kemur fram í tölvupósti dags. 2. mars 2018 að forsvarsmaður M telji að tjónið verði ekki rakið til vöktun þar sem hún hafi ekki verið virk og að það megi eingöngu rekja til þess að rör sem tengt hafi verið við kælivél hafi gefið sig.

M telur ljóst af vátryggingarskírteini og skilmálum ábyrgðartryggingar hans að bótaskylda úr þeirri vátryggingu sé fyrir hendi og fyrirtækið hafi bakað sér skaðabótaábyrgð gagnvart Samkaupum vegna vinnubragða starfsmanna sinna við uppsetningu rörsins sem vísað er til hér að ofan. M telur að synjun V á bótaskyldu sé byggð á misskilningi á forsendum tjónsatburðar og að mistök starfsmanna M séu ljós og að ekki megi rekja tjónið til fjarvöktunar með nokkrum hætti.

V telur í fyrsta lagi ekki sýnt fram á skaðabótaábyrgð M gagnvart Samkaupum þar sem ekki liggi fyrir nægilega skýrar upplýsingar um hvernig títtnefnt rör hafi gefið sig og í tjónstilkynningu M sé bæði merkt við að tjónið sé ekki hægt að rekja til ófullnægjandi vinnubragða og vísað til þess að M beri ábyrgð á fjarvöktun í verslun. V telur að skýringar sem M vísar til varðandi vinnubrögð starfsmanna hafi komið fram síðar og hafi takmarkað sönnunargildi. Í öðru lagi telur V að m.v. orðalag um hið vátryggða í starfsemi M á vátryggingarskírteini nái vátryggingarvernd einungis til tjóna sem verða við viðgerðir á vélbúnaði en ekki tjóna sem rakin verða til mistaka uppsetningu á búnaði eða við fjarvöktun á búnaði og hafi greiðsluskylda því ekki stofnast þess vegna úr ábyrgðartryggingu M hjá V.

Álit.

Af gögnum málsins verður ráðið að ekki sé ágreiningur um að tjón hafi orðið á eigum Samkaupa 7. apríl 2016. Ágreiningurinn lýtur hins vegar að því hver sé raunveruleg ástæða tjónsins og hvort það megi rekja til atvika sem M getur borið skaðabótaábyrgð á skv. íslenskum rétti og hvort vátryggingarsamningur M um ábyrgðartryggingu hjá V nái yfir atvikin. Meginregla um sönnun í skaðabótarétti felur í sér að sá sem heldur því fram að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu fyrir hendi verður að sanna að slík skilyrði séu fyrir hendi. Í þessu máli fer það saman við grunnskilyrði þess að greiðsluskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu M hjá V, sbr. 2. gr. vátryggingarskilmála sem um

trygginguna gilda. Sönnunarbyrði um þau skilyrði ber M en sönnunarstaða er eftir atvikum önnur þegar kemur að mögulegum undanþáguákvæðum vátryggingarskilmála eða því hvernig á að túlka gildissvið vátryggingarsamnings út frá orðalagi vátryggingarskírteinis sem starfsmenn vátryggingafélaga skrá á vátryggingarskírteini.
Í þessu máli telur nefndin að gögn séu ekki skýr um tjónsatvik m.t.t. þess að hvort og þá með hvaða hætti hægt sé að rekja þau til atvika sem skilyrði skaðabótaábyrgðar ná til. Mismunandi skýringar M verða ekki túlkaðar eingöngu sem misskilningur V á atvikum málsins. Það stendur M nær að sýna fram á að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu uppfyllt og tryggja sönnunargögn þess eðlis. Þegar af þeirri ástæðu að sönnun hefur ekki tekist verður ekki fjallað frekar um ákvæði vátryggingarskilmála eða vátryggingarskírteinis. Miðað við þau gögn sem liggja fyrir í málinu telst M ekki eiga rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu sinni vegna tjóns Samkaupa í verslun við Hrísalund á Akureyri.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu hjá V.

Reykjavík, 7. ágúst 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 173/2018

M vegna A og
V v. húftrygggingar B í eigu H

Krafa um bætur vegna óbeins tjóns vegna áreksturs skipa þ. 15.5.2017.

Gögn.

Málskot móttekið þ. 28.5.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-28.
Bréf V dags. 25.6.2018 ásamt fylgiskjölum 1-10.

Málsatvik.

M sem er eigandi skipsins A krefst bóta úr húftryggingu B vegna áreksturs B í eigu H og A, sem er í eigu M, vegna óbeins/afleidds tjóns M sem rekja megi til árekstursins. Skipið A var bundið við bryggju þegar J lenti á því á nokkurri ferð. V hefur viðurkennt bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu H, vegna beins tjóns, en hafnar bótaskyldu vegna óbeins/afleidds tjóns M. Af hálfu M var fengið mat frá Rýni –endurskoðunar ehf á almennu fjártjóni M vegna árekstursins og var niðurstaðan að tjón M vegna rekstrarstöðvunar næmi kr. 9.407.162. M byggir á því að bæta beri M allt það tjón sem hann hafi orðið fyrir vegna árekstursins. M vísar til 158.gr. siglingalaga nr. 34/1985, en þar sé tjón vegna rekstrarstöðvunar ekki undanskilið þá beri skv. meginreglum skaðabótaréttarins að bæta slík tjón ásamt beinu tjóni. M byggir kröfu sína á siglingalögum og lögum um vátryggingasamninga nr. 30/2004.og meginreglum skaða- og vátryggingaréttar. M telur að með viðurkenningu V á bótaskyldu vegna árekstursins, falli beint og óbeint tjón M þar undir. V hafnar bótaskyldu vegna óbeins/afleidds tjóns og vísar í gr. 7.1 gr. vátryggingaskilmála um að tjón sem sé bein afleiðing skemmda á munum eða líkamsmeiðslum bætist úr tryggingunni. Vátryggingin taki því ekki til óbeins tjóns. Þá vísar V til þess að með gagnályktun frá ákvæði 158 gr. siglingalaga sé ljóst að eiganda og/eða ábyrgðarmanni skips sé ekki ætlað að bæta óbeint tjón sem hlýst af árekstri skipa. Þá mótmælir V mati sem M leggur fram á óbeinu tjóni sínu og telur niðurstöðuna ekki standast. V vísar auk þess til, að M hafi ekki leitast við að takmarka tjón sitt.

Álit.

Í 1.mgr. 158.gr. siglingalaga nr. 34/1985 segir; ” Ef tjón verður á skipi, öðrum fjármunum eða á mönnum af því að skip rákust á og sökin liggur öll annars vegar þá bætir hinn seki skaða þann allan er af hlaust.” Í lagaákvæðinu er óbeint/afleitt tjón ekki undanskilið heldur ber að bæta allan skaðann. Þá verður ákvæði greinar 7.1 í vátryggingaskilmálum skilin með þeim hætti, að óbeint/afleitt tjón sé undanskilið bótaskyldu. V hefur viðurkennt bótaskyldu vegna árekstursins og sökin liggur öll hjá skipinu B, sem er í eigu vátryggingatakans H. M á því sbr. ofangreint rétt á bótum vegna þess afleidda/óbeina tjóns, sem hann getur sannað að hann hafi orðið fyrir.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum vegna afleidds/óbeins tjóns síns, úr ábyrgðarlið húftryggingar skipsins B í eigu vátryggingatakans H hjá V.

Reykjavík 16.10. 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður. Jón Magnússon lögmaður.

Mál nr. 174/2018

M og
V v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A

Krafa um bætur vegna skemmda á reiðhjóli vegna tjónsatviks 20.4.2018.

Gögn.

Málskot móttekið 28.5.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-3.
Bréf V dags. 20.6.2018.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðinni A og reiðhjóli sem M stjórnaði. Í lögregluskýrslu kemur fram, að þegar lögregla kom á vettvang þá hafi bifreiðin A á vitlausum vegarhelmingi og hjól M undir vinstra framdekki A. Ökumaður A segist ekki hafa séð M þar sem hann kom hjólandi fyrr en of seint. M segist hafa tekið vinstri beygju inn á bifreiðastæðið við Fjölbrautaskólann við Ármúla og þá hafi A birst skyndilega fyrir framan sig og hann hefði ekki náð að bremsa. Vitni sem var farþegi í A segir að hún hafi séð M koma hjólandi á móti A og henni hafi fundist undarlegt hvað ökumaður A var lengi að bregðast við. M krefst bóta vegna reiðhjólsins og V viðurkennir bótaskyldu, en telur að skipta eigi sök til helminga á munatjóni M þar sem að M hafi verið á hægri hönd A og átt að veita A forgang og áreksturinn hafi orðið vegna þess að hvorugur ökumaður gætti nægjanlega að sér í aðdraganda árekstursins.

Álit.

Af ljósmyndum og því sem fram kemur í lögregluskýrslu að dæma, þá var A að aka á vitlausum vegarhelmingi á bílastæðinu miðað við akstursörvar, sem eru greinilega merktar með yfirborðsmerkingum. M hjólaði í umrætt sinn inn á bílastæðið á réttum vegarhelmingi miðað við yfirborðsmerkingar á bílastæðinu þegar A kemur á röngum vegarhelmingi á móti honum. Þegar að þessu virtu telst M ekki hafa sýnt gáleysi og getur V því ekki skert bætur til hans fyrir munatjón á grundvelli gáleysis skv. 3. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 M á því rétt á að fá munatjón sitt bætt að fullu.

Niðurstaða.

M á rétt á að fá munatjón sitt bætt að fullu.

Reykjavík 31.7. 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Jón Magnússon lögmaður.

Mál nr. 175/2018

M og
V vegna frjálsrar ábyrgðartryggingar pípulagningarmeistara (X).

Ágreiningur um skaðabótaábyrgð pípulagningameistara vegna vinnu við pípulagnir.

Gögn.

Málskot móttekið 29. maí 2018, ásamt gögnum.
Bréf V, dags. 16. júlí 2018.

Málsatvik.

Samkvæmt málskoti M var pípulagningarmaður fenginn til að setja upp skolvask í þvottahúsi í fasteign M. Til þess að vinna verkið hafi verið nauðsynlegt að leggja vatnslögn frá kyndiklefa að vaski. Í kyndiklefanum voru til staðar 25mm álpexrör frá Viega. Söluaðili þeirra er hættur að flytja inn tengistykki (fittings) fyrir umrædd rör. X keypti því tengi frá öðrum framleiðanda sem söluaðilinn taldi nothæft til verksins og tengdi X lögnina með umræddu tengistykki. Um 10-15 dögum eftir að X tengdi lögnina losnaði tengistykkið frá lögninni með þeim afleiðingum að heitt vatn flæddi um íbúð M svo talsvert vatnstjón hlaust af.

M hefur gert kröfu í frjálsa ábyrgðartryggingu X á þeim grunni að X beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu. Vísar M m.a. til þess að X hafi verið ljóst að tengistykkið sem hann notaði til verksins hafi ekki verið af réttri gerð.

V hefur hafnað bótaskyldu með vísan til þess að X hafi ekki vanrækt skyldur sínar eða gert mistök sem leiða til þess að hann beri skaðabótaábyrgð vegna atviksins.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að X hafi vitað að tengistykkið sem hann notaði til að tengja umræddar lagnir hafi verið annarrar gerðar en ætlaðar voru fyrir lagnir af þeirri tegund sem notast var við. Með því að nota umrætt tengistykki sýndi X af sér gáleysi sem varð til þess að tjón varð á fasteign M.

Niðurstaða.

M á rétt á að fá tjón sitt bætt úr frjálsri ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 18. september 2018

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 176/2018

M og
V v/ húseigendatryggingar íbúðarhúsnæðis.
Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda sem unnar voru á húseign.

Gögn.

Málskot, móttekið 29.5.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 14.6.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M hafði leigt nánar tilgreinda húseign sína á Akureyri um stundarsakir í byrjun febrúar 2018. Að morgni 4. febrúar komu tveir menn að húsinu í þeim tilgangi að sækja eina manneskju sem þar dvaldist að því er segir í fyrirliggjandi lögregluskýrslu. Þar kemur einnig fram að er leigutakinn hafi opnað útidyrnar fyrir mönnunum tveimur hafi annar þeirra slegið leigutakann í andlitið og þeir tekist á inni á gangi í húsinu. Í framhaldinu hafi umræddir menn „lagt allt í rúst í íbúðinni." M.a. hafði verið gert gat á vegg við sjónvarpsskáp, sprautað úr slökkvitæki yfir gólf, eldhúsinnréttingu og eldavél, skemmdir unnar á innréttingu í baðherbergi og baðherbergishurð brotin upp þannig að hurðarkarmur var brotinn og hurðin rispuð.
M hefur krafist bóta vegna skemmda á húseigninni úr húseigendatryggingu sem hann hefur í gildi hjá V vegna eignarinnar. V hefur hafnað bótaskyldu. M hefur ekki sætt sig við höfnun V, þar sem vátryggingin bæti tjón af völdum innbrots. Hugtakið „innbrot" sé ekki skilgreint í skilmálunum, en samkvæmt Lögfræðiorðabók með skýringum (CODEX – Lagastofnun Háskóla Íslands 2008) sé til skýringar á orðinu vísað til skýringar á orðinu „húsbrot" sem sé skilgreint svo í ritinu: „Refsiverður verknaður sem felst í því að maður ryðst heimildarlaust inn í hús eða niður í skip annars manns eða annan honum óheimilan stað eða synjar að fara þaðan þegar skorað er á hann að gera það, sbr. 231. gr. hgl." Verði að miða við að innbrot sé það sama og húsbrot en um húsbrot eða innbrot hafi verið að ræða umrætt sinn. V sé því bótaskylt vegna skemmda á húseigninni.

Álit.

Í 9. gr. vátryggingarskilmála húseigendatryggingar þeirrar sem M hafði í gildi hjá V er fjallað um bótasvið vátryggingarinnar. Í gr. 9.3 eru ákvæði um það hvenær tjón bætist af völdum innbrots eða innbrotstilraunar. Þannig er mælt fyrir um það samkvæmt gr. 9.3.1 að vátryggingin bæti tjón af völdum innbrots eða innbrotstilraunar. Í beinu framhaldi er í gr. 9.3.2 mælt fyrir um varúðarreglu þar sem segir að vátryggður skuli sjá til þess að vátryggð húseign sé alltaf læst og öllum gluggum lokað. Þegar litið er til bótasviðs vátryggingarinnar og þeirrar varúðarreglu sem beinlínis á við í þessu tilviki, svo og almenns málskilnings, verður að telja að ekki sé neinum vafa undirorpið með hugtakinu „innbroti" í téðu skilmálaákvæði sé átt við þá athöfn þegar einhver brýtur sé leið inn í húsnæði í stað þess að fara um venjulegar og algengar inngönguleiðir, svo sem um dyr sem opnaðar eru á eðlilegan og venjulegan hátt með lykli eða öðrum búnaði. Skýring í fyrrgreindri lögfræðiorðabók fær ekki haggað þessari skilgreiningu. Ekki er um það að villast að þær skemmdir sem unnar voru á húseign M áttu sér ekki stað við innbrot eða tilraun til innbrots. Engin önnur ákvæði skilmálanna varðandi bótasvið geta komið til álita í máli þessu. Af því leiðir að M á ekki rétt á bótum úr húseigendatryggingunni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr húseigendatryggingu hjá V.

Reykjavík, 31. júlí 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 177/2018

M og
V vegna réttaraðstoðartryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu. Túlkun skilmála.

Gögn.
Málskot, dags. 30.05.2018 ásamt fylgigögnum.
Bréf V, vátryggingafélags, dags. 18.06.2018, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.
M höfðaði mál til að fá staðfest fyrir dómi að L væri skylt að gera kaupsamning við hann um íbúð. V hafnaði bótum úr réttaraðstoðartryggingu á þeim grundvelli að ekki séu greiddar bætur til vátryggingartaka sem eiganda fasteignar. M telur að dómsmálið sé höfðað til að fá úr því skorið hvort bindandi kaupsamningur hafi komist á. Málið snúist ekki um að M sé eigandi fasteignarinnar heldur til að fá niðurstöðu um það. M telur að undanþáguákvæði skilmála vátryggingarinnar verði að túlka þröngt og að vafa eigi að túlka honum í hag.

Álit.
Í skilmálum réttaraðstoðartryggingarinnar kemur fram að vátryggingin taki ekki til ágreinings, máls eða málsbeiðna sem varði vátryggðan sem eiganda fasteignar.
Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að M hafi höfðað dómsmál þar sem hann taldi sig réttmætan kaupsamningshafa. Eins og hér stendur á verður að líta svo á að málareksturinn varði M sem eiganda fasteignar. Með vísan til fyrrgreinds undanþáguákvæðis vátryggingarskilmálanna á M því ekki rétt á að fá greiddan málskostnað úr vátryggingunni.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingu hjá V.

Reykjavík, 31. júlí 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon, lögm.

Mál nr. 178/2018

M og
V vegna frítímaslysatryggingar

Kona snéri upp á sig og meiddist þ. 18,2,2918

Gögn.

Málskot móttekið þ. 31.5.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-4
Bréf V dags. 18. Júní 2018

Málsatvik.

M segist hafa snúið harkalega upp á sig og fengið sáran verk í hægri mjöðm samkvæmt bréfi heilsugæslustöðvarinnar á Dalvík dags. 13.3.2018. M segir að sér hafi fundist eins og það væri að fara að líða yfir sig, en það hafi ekki gerst. M krefst bóta úr frítímaslysatryggingu sinni hjá V. V hafnar bótaskyldu og segir að ekki hafi verið um slys að ræða í skilningi vátryggingaréttar og skilmála tryggingarinnar þar sem ekki hafi verið um skyndilegan utanaðkomandi atburð að ræða. Vísar V til þess að M hafi verið inni á baðherbergi heima hjá syni sínum þegar henni fannst vera að líða yfir sig og M greip í vaskinn og við það snérist upp á mjöðm M og hún fann mikinn sársauka. V segir að svimi sér ekki utanaðkomandi atburður og þó að M segi nú að þetta hafi ekki verið svimi heldur svimatilfinning þá breyti það engu hvað þetta varðar.

Álit.

Gögn málsins eru afar fátækleg og eina lýsingin á tjónsatvikinu fyrir utan lýsingu í bréfi V dags. 18.6.2018 er ofangreind lýsing í bréfi heilsugæslustöðvarinnar á Dalvík dags. 13.3.2018. Miðað við fyrirliggjandi gögn liggur ekki fyrir að M hafi orðið fyrir tjóni vegna skyndilegs utanaðkomandi atburðar og á hún því ekki miðað við ákvæði vátryggingaskilmála rétt á bótum úr frítímaslysatryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frítímaslysatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 31.7. 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður. Jón Magnússon lögmaður.

Mál nr. 179/2018

M og
V v/ ábyrgðartryggingar fjölskyldutryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns á ökutæki af völdum létts bifhjóls í flokki I.

Gögn.

Málskot, móttekið 1.6.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 14.6.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Samkvæmt lögregluskýrslu var M, þann 4. september 2017, að aka eftir Strandgötu í Hafnarfirði er vespu var ekið á hægra afturhorn ökutækisins hennar við Mjósund með þeim afleiðingum að ökutækið skemmdist. M kvaðst aldrei haf tekið eftir vespunni. Ökumaður vespunnar sagðist hafa ekið niður Mjósund og ætlað að aka yfir Strandgötu. Hann hafi ekki gáð að sér og ekið á bifreiðina. Vitni sá þegar vespunni var ekið óhikað niður Mjósund og ætlaði að þvera Strandgötu. Ökumaður hafi aldrei litið til hliðar til að athuga hvort einhver værri að koma akandi.

M telur að ökumaður vespunnar beri ábyrgð á tjóninu á ökutækinu þar sem augljóst sé að hann ekur mjög ógætileg með félaga sinn á vespunni. Hann hafi hvorki litið til hliðar né stöðvað áður en hann ekur yfir götuna. Hún hefði aldrei getað gert neitt til að afstýra árekstrinum. V hafnaði bótaskyldu á grundvelli þess að Strandgata sé merkt sem vistgata með skilti nr. D14.11, sbr. reglugerð nr. 289/1995. Um akstur á götunni gildi því ákvæði 7. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, þar sem kveðið er á um sérstaka varúðarskyldur fyrir ökumenn. Í ákvæðinu komi m.a. fram að heimilt sé að dveljast og var að leik á vistgötu auk þess sem sérstaklega sé kveðið á um að þar skuli aka mjög hægt, að jafnaði eigi hraðar en 15 km á klst. Því sé það mat V að tjónið megi ekki rekja til sakar ökumanns vespunnar eða annarra atriða sem hann bera skaðabótaábyrgð á, skv. íslenskum réttarreglum.

Í bréfi V frá 14.6.2018 til nefndarinnar er framangreind afstaða ítrekuð en jafnframt byggt á því að í 15. gr. skilmála Fjölskylduverndar 2 komi fram að tjón sem hljótast af skráningarskyldum vélknúnum ökutækum falli ekki undir vátrygginguna. Af gögnum málsins sé ljóst að um er að ræða létt bifhjól í flokki I, sbr. skilgreiningu á léttu bifhjóli í 2. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. c lið 1. gr. laga nr. 13/2015 um breytingar á þeim. Samkvæmt 1. mgr. 63. gr. umferðarlaga skulu bifhjól, þ.m.t. létt bifhjól skráð og sett á þau skráningarmerki áður en þau eru tekin í notkun. Vespan falli í flokk I og sé því skráningarskylt ökutæki og fellur því utan gildissviðs ábyrgðartryggingar Fjölskylduverndar 2.

Álit.

Svofelld skilgreining er á léttu bifhjóli í 2. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. c. lið 1. gr. laga nr. 13/2015 um breytingu á þeim:

„Vélknúið ökutæki á tveimur eða þremur hjólum sem er ekki hannað til hraðari aksturs en 45 km á klst. og er með:

a. sprengirými sem er ekki yfir 50 sm^3 sé það búið brunahreyfli eða
b. samfellt hámarksafl sem er ekki yfir 4 kW sé það búið rafhreyfli.

Létt bifhjól greinast í létt bifhjól í flokki I sem er ekki hannað til hraðari aksturs en 25 km á klst. og létt bifhjól í flokki II sem er hannað til hraðari aksturs en 25 km á klst. Ákvæði laganna um bifhjól eiga einnig við um létt bifhjól nema annað sé tekið fram."

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að vespan sé búin rafhreyfli og falli undir b-lið framangreindrar skilgreiningar sem létt bifhjól og sé því skráningarskyld, skv. umferðarlögum. Í 15. gr. skilmála fjölskyldutryggingar V kemur skýrt fram í c-lið málsgreinar sem fjallar um undanskildar áhættur að tjón af völdum skráningarskyldra vélknúinna ökutækja falli utan bótasviðs tryggingarinnar. Þegar af þeirri ástæðu er tjónið ekki bótaskylt úr tryggingunni.

Niðurstaða.
Tjón á ökutæki M fæst ekki bætt úr ábyrgðartryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 21. ágúst 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 181/2018

M og
V vegna slysatryggingar fjölskyldutryggingar.
„Hugtakið slys“ í skilningi vátryggingarskilmála vegna líkamstjóns 19.4.2017.
Orðalag vátryggingarskilmála og túlkun.

Gögn.

Málskot málskotsaðila, móttekið 30.5.2018, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 19.6.2018.

Málsatvik.

M kveðst í málskoti, þar sem vísað er til tjónstilkynningar M til V dags. 1. júní 2017, hafa staðið upp úr sófa á heimili sínu 19. apríl sama ár og labbað nokkur skref þegar hann fékk aðsvif og féll í gólfið með þeim afleiðingum að hann slasaðist á ökkla. Í læknisfræðilegum gögnum kemur fram að M var greindur með skábrot á fjærenda sperrileggs (utanvert á ökkla). Í vátryggingarskilmálum slysatryggingar fjölskyldutryggingar, nánar tiltekið gr. 3 í þeim hluta skilmálanna segir eftirfarandi: *„Með hugtakinu slys er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist án vilja hans. Við meiðsl á útlimum er þess þó eingöngu krafist að um sé að ræða skyndilegan atburð sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans.“*
M krefst bóta úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar og telur að líkamstjón falli undir þá skilgreiningu sem þar er á slysi í gr. 3. í vátryggingarskilmálum. M vísar til þess að líkamstjón vegna aðsvifa séu ekki sérstaklega undanskilin af hálfu V í sömu skilmálum og bendir einnig á að verði tjón á útlimum sé skilgreining slyss í umræddum skilmálum rýmri og krefjist einungis skyndilegs atburðar. Einnig telur M að með vísan til framkvæmdar t.d. í Noregi og Danmörku sé fall vátryggðs nægilegt til að teljast utanaðkomandi atburður í skilningi svonefnds slysahugtaks.
V telur að sýnt sé að líkamstjón M sé hægt að rekja til svimakasts hans og telur að „svimi sem orsakar fall málskotsaðila falli ekki undir slysahugtak vátryggingaréttar og þeirra skilmála sem um ræðir.“ Í athugasemdum V kemur sú afstaða félagsins einnig fram að líkamstjón M sé ekki hægt að rekja til utanaðkomandi atburðar þar sem það sé rakið til innra ástands í líkama vátryggðs og vísar V til dómafordæma um skýringu á þeim lið hugtaksins. Einnig vísar V til úrskurða nefndarinnar í málum nr. 23/2017 og 339/2014 varðandi skýringu á „utanaðkomandi atburði“ í skilningi slysahugtaksins.

Álit.

Þegar gögn málsins eru virt og vátryggingaskilmálar þeir sem gilda um fjölskyldutryggingu M hjá V er ljóst að gildissvið vátryggingar hans markast af eftirfarandi skilgreiningu á slysi: *„Með hugtakinu slys er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist án vilja hans. Við meiðsl á útlimum er þess þó eingöngu krafist að um sé að ræða skyndilegan atburð sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans.“*
Þarna er um að ræða rýmkun á því sem kallað hefur verið hefðbundin skilgreining á hugtakinu slys í vátryggingarétti, þannig að þegar um meiðsli á útlimum vátryggðs er að ræða þá sé ekki gerð krafa um utanaðkomandi atburð heldur er þess einungis krafist að það sé um skyndilegan atburð að ræða sem gerist án vilja vátryggðs. Í lýsingu í tjónstilkynningu á atvikum verður ekki annað séð en að líkamstjón M, sem varð á fæti hans, hafi komið til vegna skyndilegs atburðar þegar hann féll í kjölfar aðsvifs eða svima. Í ljósi þess að fótur M telst útlimur skv. eðlilegri orðskýringu hefði V átt að taka tillit til orðanna hljóðan í gildissviði vátryggingarinnar þegar afstaða til bótaskyldu var tekin í stað þess að byggja hana einungis á hluta orðalags 3. gr. vátryggingarskilmála. Af orðalagi skilmálanna er skýrt að ekki er gerð krafa um utanaðkomandi atburð þegar meiðsl verða á útlimum og því eru skýringar V á túlkun þess hugtaks og tilvísun til dóma eða úrskurða, þar sem fjallað er um þess háttar skilmálaákvæði, haldslaus. Líkamstjón M telst því til meiðsla sem rekja má til skyndilegs atburðar á útlim og fellur undir gildissvið slysatryggingar fjölskyldutryggingar hans hjá V.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 14. ágúst 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 183/2018

M og
V vegna kaskótryggingar ökutækisins A

Ágreiningur um bótaskyldu.

Gögn.
Málskot, dags. 05.06.2018 ásamt fylgigögnum.
Bréf V, vátryggingafélags, dags. 25.07.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Í lögregluskýrslu kemur fram að þann 19. apríl 2017 hafi ökutækinu A sem er flutningabifreið verið ekið niður Klettsháls á Vestfjarðarvegi þegar það rann út af veginum og tjónaðist. Fram kemur að það hafi verið mikil hálka og fremur blint. Ökumaður taldi að öll hjól hefðu læstist þegar hann bremsaði og bifreiðin af þeim sökum runnið út af. Hann hafi verið undir 10 km hraða.
V skerti bætur til M um helming vegna tjónsins. Í málskotinu kemur fram að hvorki M né ökumaður ökutækisins hafi vitað að vátryggingaatburðurinn yrði sennileg afleiðing af háttsemi þeirra né sé sýnt fram á slíka sök eða það hvernig vátryggingaatburðinn bar að, að honum hafi verið valdið með háttsemi sem teljist stórkostlegt gáleysi. Þá hafi ekki verið sýnt fram á orsakasamhengi milli háttseminnar og þess að vátryggingaatburðurinn varð. Í þessu samhengi er vísað til 27. gr. laga nr. 30/2004, um vátryggingarsamninga. M hafi ekki verið kunnugt um að ökutækið væri ekki í notkunarhæfu ástandi eins og fram kemur í skýrslu lögreglunnar. Algerlega ósannað sé að atburðurinn hafi orðið vegna slits eða galla í hemlunarbúnaði ökutækisins. Það hafi farið út af vegna hálku og ekki sé sýnt fram á að aðstæður hafi verið óforsvaranlegar né ámælisverðar. Ökumaður hafi heldur ekki sýnt af sér stórkostlegt gáleysi hvað varðar ástand hemla, hjólbarða eða með akstri. Þá kemur fram að ekki hafi verið lagt bann við því að ökutækið væri í umferð við skoðun bifreiðarinnar.
Ökutækið fór í skoðun 14. mars 2017 og voru gerðar athugasemdir meðal annars við hemlunarbúnað þess, þ.e. að hemlakraftur væri ójafn sem og virkni stöðuhemils. Frestur til endurskoðunar var veittur til 30. nóvember 2017.
Lögreglan lét gera skýrslu um ástand ökutækisins og kemur þar fram að engin hemlageta hafi verið á vinstra hjóli á ási 3. Hemladiskurinn á ási 3 hægra megin hafi verið gegnsprunginn og ástandið hafi verið þannig að ökutækið var ekki í notkunarhæfu ástandi.
Í greiningarskýrslu lögreglu dags. 13. maí 2017 kemur fram að af ökurita ökutækisins megi sjá að því hafi verið ekið á minna en 50 km hraða áður en það stöðvast.
Í bréfi V kemur fram að heildstæð skoðun á málsatvikum leiði til þeirrar niðurstöðu að tjónið hafi verið sennileg afleiðing af háttsemi ökumanns bifreiðarinnar og ástandi ökutækisins. Með vísan til þess hafi tjóninu verið valdið af stórkostlegu gáleysi bæði hjá ökumanni og eiganda ökutækisins. V vísar til ástands ökutækisins, ástands hjólbarða, aðstæðna á vettvangi tjónsins þegar tjónið átti sér stað og þekkingu og reynslu ökumanns. Miðað við bíltæknirannsókn lögreglu hafi ökutækið verið svo gott sem ónothæft þegar tjónið átti sér stað. Umfangsmiklar athugasemdir höfðu verið gerðar við ástand ökutækisins við skoðun 14. mars 2017 og ástand hjólbarða hafi verið óásættanlegt eins og myndir beri með sér. Munstrið á sumum hjólbarðanna hafi nánast verið horfið. Ekki sé óeðlilegt að leggja þá skyldu á atvinnubílstjóra sem ekur þungabifreið í mikilli hálku og slæmu skyggni að kanna ástand hjólbarða áður en ekið sé af stað og tekið sé mið af því að ökutækið sé með endurskoðunarmiða. Skv. 3. mgr. 39. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 eru þær skyldur lagðar á ökumann að gæta þess að ökutæki sé í góðu ástandi og sérstaklega skuli gæta þess að hemlar séu í lögmæltu ástandi og virki örugglega. Þá kemur fram hjá V að ekki sé heimild til þess að banna notkun ökutækis þrátt fyrir vankanta sem koma fram við skoðun þess nema endurskoðun sé ekki fylgt eftir. Með vísan til framangreinds er það afstaða félagsins að M skuli bera helming tjónsins.

Álit.

Í málinu liggur fyrir að gerðar voru athugasemdir við hemla ökutækisins við skoðun þess og koma þurfti með það í endurskoðun. Af þeim sökum átti eiganda ökutækisins að vera kunnugt um að hemlar voru ekki í fullkomnu ástandi þótt hann kunni ekki að hafa vitað að þeir voru í eins slæmu ástandi og raun bar vitni. Aðstæður á vettvangi voru slæmar þegar tjónið varð og af myndum sem fylgja gögnum málsins má ráða að ástand hjólabarða hafi verið óásættanlegt. Ökumaður M er atvinnubílstjóri og því verður að gera strangari kröfur til hans um að kanna ástand ökutækis áður en því er ekið af stað enda um að ræða þunga flutningabifreið sem átti að aka um fjallveg að vetrarlagi í slæmri færð. Með vísan til framangreinds er háttsemi M og ökumanns metin til stórfellds gáleysis og skal M því bera helming sakar, sbr. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004,um vátryggingarsamninga.

Niðurstaða.
M ber helming sakar vegna bóta úr kaskótryggingu A hjá V.

Reykjavík, 7. ágúst 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon, lögm.

Mál nr. 185/2018

M og
V v. ábyrgðartryggingar J
Kona slasast á fæti við fall úr hjólabáti 1.6.2016.

Gögn.

Málskot móttekið 6.6.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-8.
Bréf V dags. 25.6.2018 ásamt fylgiskjölum 9-12.

Málsatvik.

M var ásamt hópi ferðamanna í skipulagðri ferð á Jökulsárlóni með hjólabát á vegum J. Báturinn bilaði á landi og náði ekki að landgöngupalli, þar sem fólk gengur frá borði. Brugðu starfsmenn J því á það ráð að biðja farþega að fara af dekki bátsins í gegn um hlið á síðu bátsins. Af meðfylgjandi myndum má greina að hæð frá jörðu upp á dekk u.þ.b. 1,5 m. Samkvæmt upplýsingum frá J var ákveðið að tveir starfsmenn J aðstoðuðu hvern farþega við að klifra niður úr bátnum. Var búið að aðstoða um tuttugu farþega af bátnum með þessum hætti þegar erlendur aðili kom að bátnum, líklega fararstjóri hópsins sem M tilheyrði. Segir skipstjóri bátsins að maðurinn hafi ýtt starfsmanni J, sem hafði ætlað að taka á móti M, til hliðar og gefið skipanir í allar áttir á erlendu máli. M, sem skipstjórinn hafi verið byrjaður að aðstoða, hafi þá stokkið af dekkinu og niður á jörðina án þess að þiggja aðstoð starfsmanna vátryggingartaka líkt og aðrir farþegar höfðu gert. Eftir þetta hafi starfsmenn J svo hjálpað þeim niður sem eftir voru um borð líkt og þeir höfðu gert áður.

M slasaðist á ökkla og telur að J beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu. Byggir M á því að það fyrirkomulag sem starfsmenn J notuðust við í umrætt sinn við rýmingu bátsins hafi verið hættulegt og til þess fallið að valda tjóni, sérstaklega í ljósi þess hversu hátt var frá jörðu upp á dekk bátsins. Bendir M á að eðlilegra hefði verið að sækja tröppur til þess að koma farþegum frá borði.

V hafnar bótaskyldu á þeim grundvelli að ekki hafi verið sýnt fram á að tjónið verði rakið til sakar J eða starfsmanna þess. Þá telur V að tjónið verði rakið til eigin sakar M.

Álit.

Með hliðsjón af gögnum málsins, sérstaklega því að alla vega um 1.5 m hæð var frá jörðu upp á dekk bátsins, verður að teljast varhugavert af starfsmönnum J að ferja farþegana frá borði með því fyrirkomulagi sem að framan greinir. Þá er ljóst að viðskiptavinir J voru að miklum meirihluta erlendir ferðamenn. Bar starfsmönnum J af þeim sökum að gæta þess sérstaklega að fyrirmæli og leiðbeiningar kæmu skýrlega fram þannig að ekki yrði misskilningur sem gæti leitt til tjóns. Ljóst er að misbrestur var á þessu. Verður því að telja sannað að tjón M verði rakið til þess að ráðstafanir þær sem starfsmenn J gripu til við að ferja farþega frá borði voru ófullnægjandi. Verður því að teljast sannað að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna J. Á M því rétt á bótum vegna slyssins.

Verður þó ekki litið fram hjá því að M mátti gera sér grein fyrir að aðstæður voru óvenjulegar og mátti hún gera sér grein fyrir þeirri hættu sem fólst í því að hoppa frá borði með þeim hætti sem hún gerði. Ber hún því einnig ábyrgð á líkamstjóni sínu. Eftir atvikum öllum þykir rétt að M fái tjón sitt bætt að hálfu en beri helming tjónsins vegna eigin sakar.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu J hjá V, en ber helming tjónsins sjálf vegna eigin sakar.

Reykjavík 7.8.2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Jón Magnússon lögmaður.

Mál nr. 187/2018

M og
V vegna ábyrgðartryggingar X
Vinnuslys vegna falls úr lausum stiga 31.11.2015.

Gögn.

Málskot málskotsaðila, móttekið 11.6.2018, ásamt fylgiskjölum.
Bréf X, dags. 25.6.2018.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M hafi verið að vinna við að setja upp vinnupall á suðupott í húsnæði X vegna fyrirhugaðrar viðgerðar. M er starfsmaður Vélaverkstæðis Jóhanns Ólafssonar ehf. og var fenginn ásamt samstarfsmanni sínum til að sinna umræddu viðgerðarverkefni hjá X og vísað er til þess í gögnum málsins að verktakasamningur milli vinnuveitanda M og X hafi verið fyrir hendi. Líkamstjón M varð við eftirfarandi aðstæður skv. tjónstilkynningu dags. 21.1.2016. „Slasaði var að vinan við að setja upp vinnupall og hafði lokið við að sjóða festingar á suðupottinn og var að koma planka fyrir á þeim þegar stiginn sem hann var í rann undan honum.“ Ljóst er einnig af gögnum málsins að umræddur stig var í eigu X. Í umsögn Vinnueftirlitsins dags. 17.5.2017 kemur m.a. fram að niðurstaða rannsóknar sé að stigi hafi ekki verið nægilega festur og hann hafi auk þess verið vanbúinn og vísar m.a. til reglugerðar nr. 367/2006 þar sem koma fram fyrirmæli um vinnu í hæð, meðferð stiga, áhættumat o.fl.

M telur að slys hans megi rekja til vanbúnaðar þess stiga sem X lét honum og samstarfsmanni hans í té við fyrirhugaða viðgerðarvinnu. Einnig vísar M til þess að verkstjórn á vettvangi hafi verið ófullnægjandi af hálfu X og fyrirtækið hafi ekki farið eftir fyrirmælum sem komi fram í lögum nr. 46/1980 og reglum eða reglugerðum settum skv. þeim. M segir í málskoti að X hafi sérstaklega óskað eftir því að notast yrði við verkfæri og búnað X þegar unnið væri á starfsstöð X í stað þess að komið væri með slíkan búnað frá Vélaverkstæði Jóhanns Ólafssonar ehf. M telur að stigi sá sem hann hafi þurft að notast við hafi ekki uppfyllt fyrirmæli laga og reglugerða, hann hafi verið lengi í notkun, engar viðvaranir hafi verið vegna notkunar hans og vísar til skýrslu Vinnueftirlitsins um vanbúnað stigans. M telur að ekki sé hægt að leggja til grundvallar að hann sjálfur hafi sýnt óaðgæslu sem feli í sér stórkostlegt gáleysi eða ásetning eins og áskilið sé um meðábyrgð tjónþola í vinnuslysum í 23.gr.a skaðabótalaga nr. 50/1993.

V telur ósannað að slys M sé hægt að rekja til atvika eða aðstæðna sem X ber ábyrgð á. V vísar til að M og samstarfsmaður hans hafi verið þaulkunnugir aðstæðum á starfsstöð X og starfi hjá sjálfstæðu fyrirtæki og hafi starfsmenn X því ekki haft verkstjórnarskyldur gagnvart M. V bendir einnig á að stigi sá sem M hafi notað sé hluti af stiga sem hafi verið í tveimur hlutum og ástand hans hafi verið forsvaranlegt. Ekki liggi fyrir hvorn hluta stigans M notaði en ef stiginn hafi ekki verið heppilegur til verksins þá sé það alfarið á ábyrgð M sjálfs þar sem hann hafi ráðið því hvaða stiga eða hjálpartæki hann notaði til verksins. Ekki er heldur talið sannað að mati V að slys M sé hægt að rekja til þess að stiginn hafi verið vanbúinn heldur hafi M allt eins getað miss sjálfur jafnvægið og þannig hafi stiginn runnið undan honum.

Álit.

Í gögnum málsins kemur fram að vettvangur slyss M var rannsakaður og í málinu liggur fyrir það mat Vinnueftirlitsins í skýrslu sinni dags. 17.5.2017 að stigi sá sem M féll úr hafi verið vanbúinn. Einnig er ljóst að stiginn var í eigu X og að hann hafi verið til afnota fyrir þá sem voru í starfsstöð X við viðgerðir. Í þessu máli reynir eingöngu á greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu X en ekki mögulega skaðabótaábyrgð annarra. Upplýsingum um vanbúnað stigans hefur ekki verið hnekkt með öðrum gögnum málsins og verður því að leggja til grundvallar skýrslu Vinnueftirlitsins hvað það varðar þó ekki sé ljóst hvernig vinnulag átti að vera varðandi verkfæri og búnað. Ljóst er að X fór ekki eftir fyrirmælum laga og reglna um ástand stigans og slys M verður rakið til þess. V ber sönnunarbyrði

fyrir því að háttsemi M við val á stiganum eða vinnubrögð hans að öðru leyti feli í sér stórkostlegt gáleysi eða ásetning í skilningi 23. gr.a skaðabótalaga. Af gögnum málsins verður það ekki ráðið með skýrum hætti og telst M því ekki bera hluta tjóns síns vegna meðábyrgðar og á rétt á fullum bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.
M á rétt á fullum bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 7. ágúst 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 188/2018

M og
V v. ábyrgðartryggingar H
Vinnuslys. Maður meiddist á hendi þegar hann var að snúa tannhjóli gírs 4.7.2017.

Gögn.

Málskot móttekið 7.6.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-11.
Bréf V dags. 4.7.2018 ásamt fylgiskjölum 1-3.

Málsatvik.

M vann hjá H og segir að sér hafi verið skipað að snúa tannhjóli gírs til að breyta afstöðu gírsins og kvaðst hann hafa þurft að handsnúa tannhjóli gírsins með því að toga í tannhjólsreimarnar, Þegar M var að gera það þá festist hanski M á milli reima og hönd M klemmdist milli tannhjóls og reima. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu H hjá V og segir H hafa vanrækt skyldur sínar skv.l. nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Leiðbeiningar og verkstjórn hafi verið ófullnægjandi sem leiði til skaðabótaskyldu H. Af hálfu M er haldið fram, að verkið hafi gengið illa og hann hefði farið fram á það við samstarfsmann sinn að beðið yrði með verkið til næsta dags eftir að rafvirki hefði tengt mótor til að ekki þyrfti að handsnúa tannhjólinu. M segir að þessu hafi verið hafnað og honum skipað að halda áfram og klára verkið. M hafði starfað í stuttan tíma hjá H þegar slysið varð. M bendir á að slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlits ríkisins. M segir að verkið sem hann vann í umrætt sinn hafi verið sérhæft verk sem maður með fagþekkingu hefði þurft að vinna. V hafnar bótaskyldu og segir að slysið verði ekki rakið til sakar H, starfsfólks H eða nokkurs sem H ber ábyrgð á. V hafnar því að verkstjórn og/eða leiðbeiningum varðandi framkvæmd verksins hafi verið ábótavant og segir verkið tiltölulega einfalt. V segir að M hafi unnið hjá H um árabil í jólafríum frá árinu 2015 og hafi vitað hvað hann var að gera. Þá segir V að M hafi sýnt af sér gáleysi. V segir að Vinnueftirlitinu hafi verið tilkynnt um slysið um leið og tilefni gafst til, en óumdeilt sé hvernig slysið varð og því ekki um að ræða sönnunarskort í málinu.

Álit.

Slys M var ekki rannsakað af Vinnueftirliti ríkisins sbr. bréf dags. 29.8.2017, Tilkynningu H barst 6.7.2017 tveim dögum eftir slysið. Í yfirlýsingu dags. 3.5.108 segir samstarfsmaður M, að M hafi verið honum til aðstoðar við framkvæmd verksins. M hafi viljað bíða með að ljúka verkinu, en samstarfsmaðurinn segist hafa sagt að ljúka yrði verkinu þetta kvöld og hafi M þá haldið áfram og stuttu síðar hafi slysið orðið. Hvorki er þess getið í yfirlýsingu samstarfsmanns M né sérstaklega tekið fram af hálfu H með hvaða hætti og hvernig M hafi fengið leiðbeiningar við framkvæmd verksins. Þar sem fullnægjandi upplýsingar skortir um þessi atriði verður H að bera hallann af því m.a. vegna þess að hann lét hjá líða að kalla til Vinnueftirlit ríkisins til að gera úttekt á aðstæðum á vinnustað þegar slysið varð. Ekki er sýnt fram á að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í skilningi 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993. Ekki er sýnt fram á, að M hafi fengið fullnægjandi upplýsingar um framkvæmd verksins eða verkstjórn hafi veri fullnægjandi. H ber því bótaábyrgð á slysi M. M á því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu H hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu H hjá V.

Reykjavík 14.8.2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 189/2018

M og
V vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins A
Ágreiningur um bótaskyldu.

Gögn.
Málskot, dags. 12.06.2018 ásamt fylgigögnum.
Bréf V, vátryggingafélags, dags. 13.06.2018, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.
M lenti í árekstri í ökutækinu A 13. júní 2017. Í málskotinu kemur fram að hann fljótlega fundið fyrir verkjum í mjóbaki sem hann hafi haldið að myndu ganga yfir. Verkirnir hafi hins vegar versnað og hann hafi leitað á slysadeild 18. júní 2017 og óskað eftir bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hafnað bótaskyldu. M vísar til þess að algengt sé að ekki sé krafist ótvíræðrar sönnunar um orsakatengsl í þeim tilvikum þar sem sök er sönnuð (eða atvik er valda hlutlægri bótaábyrgð) og líkur benda til að tjónið sé orsök sakar (eða atvik er valda hlutlægri bótaábyrgð) þótt það verði ekki fullkomlega sannað og því sé nægjanlegt að meiri líkur en minni séu á því að líkamstjón megi rekja til tjónsatburðar svo orsakatengsl teljist sönnuð. Þá komi fram í vottorði frá bæklunarlækni að meiri líkur séu en minni á því að brjósklos og áverkar á mjóbaki séu afleiðingar af umferðarslysinu.
Í bréfi V kemur fram að eðlilegt sé að gera nokkuð strangar kröfu til þess að orsakatengsl slyss og einkenna séu staðfest í læknisfræðilegum gögnum fljótlega eftir atburð þar sem málskotsaðli hafi sögu um sambærileg einkenni. Hvergi sé minnst á umferðarslysið í læknisfræðilegum gögnum fyrr en M leiti til bæklunarlæknis 23. nóvember 2017 eða rúmum fimm mánuðum eftir slysið.

Álit.
Samkvæmt gögnum málsins er ekki minnst á slysið þegar M leitar til læknis viku eftir slysið. Í læknisfræðilegum gögnum er fyrst minnst á slysið í skýrslu bæklunarlæknis dags. 23 nóvember 2017. Sönnunarbyrði hvílir á M um að orsakatengsl séu sönnuð og miðað við gögn málsins er ekki sýnt nægilega fram á orsakatengsl milli slyssins og meiðslanna og því á M ekki rétt á bótum hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 31. júlí 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon, lögm.

Mál nr. 190/2018

M og
V-1 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V-2 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Árekstur bifreiða á Reykjanesbraut 2.5.2018.

Gögn.

Málskot móttekið þ.12.6.2018, ásamt fylgiskjölum nr. 1-6.
Bréf V-1, dags. 26.6.2018.
Bréf V-2, dags. 29.6.2018 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Báðum bifreiðunum var ekið suður Reykjanesbraut og var A ekið af hægri akrein yfir á þá vinstri. B var ekið eftir vinstri akrein og lenti aftan á A. Ökumaður A segist hafa ekið á 80-90 km hraða og gefið stefnuljós áður en hún skipti um akrein. Ökumaður B vissi ekki á hvaða hraða hann ók. Ökumaður B segist hafa litið af veginum stutta stund rétt fyrir áreksturinn og ekki séð A fyrr en hann ók á hann. Í bréfi lögmanns M kemur fram, að M sem var ökumaður A hafi verið búin að skipta um akrein og aka eftir vinstri akrein nokkurn spöl áður en árekstur varð og M hafi sýnt aðgæslu við akreinaskiptin sbr. ákvæði umferðarlaga nr. 50/1987. Þá er á það bent, að ökumaður B hafi ekki verið að horfa á veginn í aðdraganda árekstursins og hafi ekki getað svarað því hversu hratt hann ók í umrætt sinn.

Álit.

Fyrir liggur að ökumaður A skipti um akrein þegar hún ók af hægri akrein yfir á þá vinstri og miðað við lýsingu ökumanns A þá verður ekki annað skilið en að áreksturinn hafi orðið í beinu framhaldi af því að hún skipti um akrein, en haft er eftir ökumanni A í skýrslu Aksturs og Öryggis, eftirfarandi: „Ég var að fara af hægri akrein yfir á þá vinstri. Ég gaf stefnuljós. Þá var ekið aftan á mig.“ Miðað við þessa lýsingu og að því gefnu að áreksturinn hafi orðið í sömu andrá og A beygði af hægri akrein yfir á þá vinstri, þá gat ökumaður B ekki brugðist við og verður í því sambandi ekki séð að það hafi skipt máli þó hann hafi litið af veginum eitt augnablik. Öll sök verður því lögð á ökumann A.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök.

Reykjavík, 31. júlí 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður. Jón Magnússon lögmaður.

Mál nr. 191/2018

M og
V v. slysatryggingar fjölskyldutryggingar

Maður slasast á auga þegar hann fékk hnefa í andlitið 13.7.2017.

Gögn.

Málskot móttekið 13.6.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-10
Bréf V dags. 28.6.2018

Málsatvik.

M var í heimsókn hjá vini sínum í umrætt sinn og segir M að vinurinn hefði óskað eftir því að M héldi við boxpúða meðan hann kýldi í hann en svo illa hafi viljað til að hönd vinarins rann af boxpúðanum og í augað á M, sem meiddist á auga. M krefst bóta úr frítímaslysatryggingu sinni hjá V og hafnar því að slysið hafi orðið þegar tekið hafi verið þátt í bardagaíþrótt og vísar m.a. til dóms Hæstaréttar í máli nr. 702/2012 máli sínu til stuðnings. V hafnar bótaskyldu og vísar til 25.gr. vátryggingaskilmála tryggingarinnar þar sem segir að félagið bæti ekki slys sem vátryggður verður fyrir í bardagaíþróttum og öðrum athöfnum sem séu sambærilegar eða eðlisskyldar því sem að ofan greinir. V telur að umrætt atvik falli undir "aðrar athafnir" sem vísað er til í vátryggingaskilmálum.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið, en að M hafi tekið að sér að aðstoða vin sinn sem var að kýla í boxpúða og fengið hnefahögg í auga þegar hnefinn rann af boxpúðanum og fór í M. Í umrætt sinn tók M því þátt í athöfnum sem voru eðlislíkar bardagaíþróttum, en tjón vegna slíks er undanskilið í vátryggingaskilmálum sbr. 25. gr. vátryggingarskilmálanna fyrir frítímaslysatryggingu M hjá V. M á því ekki rétt á bótum úr frítímaslysatryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frítímaslysastryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 7.8. 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 192/2018

M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A

Ágreiningur um hvort rekja megi sjúkdómseinkenni til tiltekins umferðaróhapps.

Gögn.

Málskot, móttekið 13.6.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 26.6.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Í málskoti er atvikum lýst svo að hinn 15. júní 2017 hafi M verið að aka bifreiðinni B við Snæfellsjökul en mikill snjór og krapi hafi verið á veginum svo bifreiðin festist í ófærð. Þá hafi A verið notuð til að draga B úr snjónum með dráttartaug. Dráttartaugin hafi hins vegar slitnað með þeim afleiðingum að B hafi skotist af fullum þunga í afturhlera A og mikið högg komið á hana. Eftir slysið hafi M farið að finna fyrir bakverkjum og verkjum í fæti sem hafi ágerst með tímanum svo hann hafi leitað á heilsugæslustöð 14. september 2017.

Í óundirritaðri og ódagsettri upplýsingaskýrslu um atvikið segir að verið var að losa B sem A hafi verið að draga og dráttartaug hafi slitnað hjá A og skotist „með miklu afli í skotthlerann og upp á topp og vinstra afturbretti. Spoiler brotnar á topp við höggið. Afturrúða brotnar.“ Ekki er þess getið í skýrslunni að slys hafi orðið á fólki við atvikið.

Í tjónstilkynningu M til V, dags. 18. september 2017, er atvikum lýst á þann veg að B hafi dottið ofan í blautan snjó á veginum og festist. A hafi svo verið að losa B er spotti, sem þolir um 20 tonn, hafi slitnað. Við það hafi mikið högg komið á B.

Í samskiptaseðli heilsugæslustöðvar sem M leitaði til kemur fram að M hafi komið þangað 14. september 2017 í viðtal og til að fá áverkavottorð. Hann hafi þá verið að koma í fyrsta skipti frá því fyrrgreint atvik átti sér stað. Þar segir einnig að M hafi strax fundið til í vinstri fæti en bakverkir komið viku síðar og hafi verkirnir verið að ágerast með tímanum. Það komi fyrir að hann eigi erfitt með svefn vegna verkja. Hreyfigeta er sögð vera eðlileg, en suma daga finnist honum hann vera stífari í bakinu. Hann sé af og til með höfuðverk sem leiði frá baki og upp í höfuð „bilateralt“.

M hefur krafist bóta fyrir það líkamstjón, sem hann kveðst hafa orðið fyrir við fyrrgreint atvik, úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Atvikum er lýst nokkuð á annan veg í málskoti en öðrum gögnum sem liggja fyrir um sjálfan tjónsatburðinn. Af gögnum málsins þykir mega leggja til grundvallar að atvik hafi verið með þeim hætti að dráttartaugin hafi slitnað og við það slegist í afturhlera B en ekki að B hafi skotist í afturhlera A, eins og segir í málskoti. Hvað sem því líður er fyrrgreindur samskiptaseðill eina gagnið sem liggur fyrir í málinu um þau einkenni sem M býr við og hann kveður að rekja megi til atviksins 15. júní 2017. Ljóst er að M leitaði fyrst til læknis 14. september 2017 eða um þremur mánuðum eftir að umrætt atvik átti sér stað. B er jeppabifreið af gerðinni Mitsubishi Pajero og á ljósmyndum af henni má sjá brotna afturrúðu og að því er virðist brotna vindskeið aftast á þaki hennar. Hvorki af þessum myndum né því sem fram kemur á samskiptaseðli heilsugæslustöðvarinnar, eða gögnum málsins að öðru leyti, verður ráðið að sjúkdómseinkenni þau sem M kvartaði undan í læknisheimsókninni 14. september 2017 verði rakin til atviksins 15. júní. Er því ósannað samkvæmt fyrirliggjandi gögnum að M hafi orðið fyrir líkamstjóni sem hann eigi kröfu um að fá bætt úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 7. ágúst 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 193/2018

M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
Ágreiningur um hvort rekja megi sjúkdómseinkenni til tiltekins umferðaróhapps.

Gögn.

Málskot, móttekið 13.6.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 26.6.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Í málskoti er atvikum lýst svo að hinn 15. júní 2017 hafi M verið farþegi í bifreiðinni B við Snæfellsjökul en mikill snjór og krapi hafi verið á veginum svo bifreiðin festist í ófærð. Þá hafi A verið notuð til að draga B úr snjónum með dráttartaug. Dráttartaugin hafi hins vegar slitnað með þeim afleiðingum að B hafi skotist af fullum þunga í afturhlera A og mikið högg komið á hana. Eftir slysið hafi M farið að finna fyrir bakverkjum sem hafi ágerst með tímanum svo hún hafi leitað til heimilislæknis á heilsugæslustöð 15. september 2017.

Í óundirritaðri og ódagsettri upplýsingaskýrslu um atvikið segir að verið var að losa B sem A hafi verið að draga og dráttartaug hafi slitnað hjá A og skotist „með miklu afli í skotthlerann og upp á topp og vinstra afturbretti. Spoiler brotnar á topp við höggið. Afturrúða brotnar.“ Ekki er þess getið í skýrslunni að slys hafi orðið á fólki við atvikið.

Í tjónstilkynningu M til V, dags. 18. september 2017, er atvikum lýst á þann veg að B hafi fests í „holu“ með mjög blautum snjó. Spotti hafi svo slitnað á A sem hafi dregið B. Reipið, sem hafi átt að þola um 20 tonn, hafi skotist með miklu afli á B og valdið miklu tjóni á bifreiðinni.

Í samskiptaseðli heilsugæslustöðvar sem M leitaði til kemur fram að M hafi komið þangað 15. september 2017. Þar segir enn fremur að hún hafi lent í bílslysi því sem að ofan greinir. Hún hafi verið að snúa sér og verið skökk þegar það gerðist. Hún hafi ekki fundið mikið fyrir einkennum til að byrja með, en er hún leitaði á heilsugæslustöðina hafi hún verið með mikla bakverki og höfuðverkir verið nýtilkomnir. Mikill stífleiki hafi verið „paravertebralt“ yfir vinstri öxl og efst í hálsi. M fékk beiðni um sjúkraþjálfun.

M hefur krafist bóta fyrir það líkamstjón, sem hún kveðst hafa orðið fyrir við fyrrgreint atvik, úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Atvikum er lýst nokkuð á annan veg í málskoti en öðrum gögnum sem liggja fyrir um sjálfan tjónsatburðinn. Af gögnum málsins þykir mega leggja til grundvallar að atvik hafi verið með þeim hætti að dráttartaugin hafi slitnað og við það slegist í afturhlera B en ekki að B hafi skotist í afturhlera A, eins og segir í málskoti. Hvað sem því líður er fyrrgreindur samskiptaseðill ásamt beiðni um sjúkraþjálfun einu læknisfræðilegu gögnin sem liggja fyrir í málinu um þau einkenni sem M býr við og hún kveður að rekja megi til atviksins 15. júní 2017. Ekki verður annað ráðið en að M hafi fyrst leitað til læknis 15. september 2017 eða þremur mánuðum eftir að umrætt atvik átti sér stað. B er jeppabifreið af gerðinni Mitsubishi Pajero og á ljósmyndum af henni má sjá brotna afturrúðu og að því er virðist brotna vindskeið aftast á þaki hennar. Hvorki af þessum myndum né því sem fram kemur á samskiptaseðli heilsugæslustöðvarinnar, eða gögnum málsins að öðru leyti, verður ráðið að sjúkdómseinkenni þau sem M kvartaði undan í læknisheimsókninni 15. september 2017 verði rakin til atviksins 15. júní. Er því ósannað samkvæmt fyrirliggjandi gögnum að M hafi orðið fyrir líkamstjóni sem hún eigi kröfu um að fá bætt úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 7. ágúst 2018.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 194/2018

M og
V v. ábyrgðartryggingar T

Hjólreiðamaður meiddist við fall á hjóli 6.5.2017.

Gögn.

Málskot móttekið 13.6.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-5.
Bréf V dags. 26.6.2018 ásamt fylgiskjölum 1-2.

Málsatvik.

M, sem er þaulvanur hjólreiðamaður skv. upplýsingum í gögnum málsins, segist hafa verið að hjóla í Bauganesi í Reykjavík þegar hann sá dreng, sem er 7 ára, koma á móti sér á reiðhjóli á öfugum vegarhelmingi. M segist þá hafa byrjað að hægja ferðina og ætlað framhjá drengnum, en hann hafi þá fært sig til baka og segist M hafa áttað sig á að árekstur yrði ekki umflúinn og því sparkað drengnum frá og þeir báðir síðan fallið í götuna. M meiddist við áreksturinn. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu sem faðir drengsins (T) er með hjá V og byggir á því að drengurinn hafi valdið sér líkamstjóni með því að hjóla á röngum vegarhelmingi og M hafi gert allt sem hægt var til að koma í veg fyrir slys. Af hálfu M er vísað til 15.gr. vátryggingaskilmála umræddrar tryggingar. T segir að M hafi komið á mikilli ferð en sonur sinn hjólað rólega þegar M og drengurinn rákust saman og féllu báðir í götuna. V hafnar bótaskyldu og segir ósannað að drengurinn hafi valdið tjóninu. V vísar til þess að M beri sjálfur sönnunarbyrðina fyrir málsatvikum og fullyrðingar M um staðsetningu hvors reiðhjólamanns fyrir sig og akstursrhaða M í aðdraganda slyssins séu ósannaðar. V segir að hefði hraði M verið innan hæfilegra marka þá hefði hann getað brugðist við og komið í veg fyrir slysið. V vísar til þess að báðir hjólreiðamennirnir hafi vikið í sömu átt í aðdraganda slyssins og telur V að það hafi verið M sem olli tjóninu en ekki drengurinn. Þá telur V að tjónið falli ekki undir ábyrgðartryggingu T.

Álit.

M var að hjóla á íbúðargötu og sér ungan dreng vera að hjóla á götunni og bar þá að hægja ferðina og fara að öllu með gát. Ekki verður séð að M hafi gætt þessa í aðdraganda slyssins þó hann segist vera þaulvanur hjólreiðamaður. Ljóst er að M hafði ekki vald á aðstæðum skv. lýsingu hans sjálfs, en þar tekur hann fram, að hann hafi sparkað drengnum frá þegar hann sá að árekstur yrði ekki umflúinn annars. Þá liggur ekki fyrir hver staðsetning hjólreiðamannanna var í aðdraganda slyssins. Af öllu þessu virtu hefur M ekki tekist að sýna fram á, að drengurinn sem um ræðir hafi verið valdur að tjóni hans og á M þegar af þeirri ástæðu ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu föður drengsins.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu T.

Reykjavík 21.8. 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 195/2018

M og
V v/ frjálsrar ábyrgðartryggingar byggingarverktaka.
Bárujárnsplötur fuku á bifreið frá húsi sem verið var að rífa.

Gögn.

Málskot, móttekið 9.6.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 21.6.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Eftir miðnætti 2. febrúar 2018 fuku bárujárnsplötur á bifreið í eigu M. Plöturnar munu hafa verið úr klæðningu á svonefndu Rafsíuhúsi sem var á meðal bygginga sem tilheyrðu Sementsverksmiðjunni á Akranesi en unnið varð að niðurrifi hússins af verktakanum A og búið var að rífa hluta klæðningar af húsinu. Samkvæmt gögnum málsins mun veðurspá deginum áður hafa verið slæm og eftirlitsaðili með niðurrifinu mun þá hafa gert A viðvart um hina slæmu veðurspá. Í minnisblaði eftirlitsaðilans segir að A hafi brugðist við og hreinsað glerull af því svæði sem búið var að opna og bundið niður hlið hússins, þar sem hætta var á að vindur næði undir klæðninguna. Í minnisblaðinu segir enn fremur að þegar veðrið skall á seint um kvöld 1. febrúar og varði fram eftir nóttu þann 2. febrúar hafi komið í ljós að ráðstafanir verktakans hafi ekki verið nægjanlegar.
Í dagbók lögreglunnar á Vesturlandi kemur fram að laust eftir miðnætti 2. febrúar hafi lögreglu verið tilkynnt um fok frá Sementsverksmiðjunni og kl. 00:32 er skráð í dagbókina að plötur hafi verið búnar að fjúka m.a. á bifreið. Kl. 00:45 er skráð að ákveðið hafi verið að ræsa út verktaka sem vinna við niðurrif á húsum verksmiðjunnar. Kl. 4:20 er svo skráð að verktakar hafi mætt á staðinn og sett vinnuvélar (gröfur) við þá hluta bárujárnsins sem var í mestri hættu að fjúka.
M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna þess tjóns sem varð á bifreið hans. Samkvæmt upplýsingum sem A veitti V vegna athugunar þess á bótaskyldu í málinu kvaðst A hafa fergjað niður allt laust efni með ströppum, böndum, vélum og þungum hlutum. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Mesti vindur í hviðum á veðurathugunarstöð undir Akrafjalli skammt frá Hvalfjarðargöngum mældist umrætt kvöld kl. 24 27,4 m/sek., um nóttina kl. 1 28,1 m/sek., kl. 2 28,2 m/sek. og kl. 3 29,2 m/sek. Samkvæmt þessu og samkvæmt því sem fram kemur að öðru leyti í gögnum málsins er ljóst að mjög slæmt veður með mikilli veðurhæð gekk yfir Akraneskaupstað um nóttina er tjónið varð á bifreið M. Ekki er ljóst í hverju varúðarráðstafanir A fólust nákvæmlega til að koma í veg fyrir foktjón áður en veðrið brast á og hverjar ráðstafanir starfsmanna A voru eftir að þeir voru ræstir út um nóttina þegar plötur voru farnar að fjúka. Hvað sem því líður verður ekki talið nægilega sannað samkvæmt fyrirliggjandi gögnum að tjón M megi rekja til vanrækslu eða annars konar mistaka starfsmanna A er þess var freistað áður en óveðrið skall á að koma í veg fyrir að plöturnar myndu fjúka. Er því ósannað að A beri skaðabótaábyrgð á tjóni M. Hann á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 31. júlí 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 196/2018

M og
V v/ ábyrgðartryggingar verslunarmiðstöðvar.
Kona féll og varð fyrir meiðslum er rafknúin snúningshurð rakst á hana.

Gögn.

Málskot, móttekið 11.6.2018, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Bréf V, dags. 25.6.2018, ásamt síðar framlögðum gögnum

Málsatvik.

Síðdegis 23. júní 2016 var M á leið út úr verslunarmiðstöðinni Smáralind (A) um hringhurð á 1. hæð. Í fyrirliggjandi lögregluskýrslu er haft eftir dóttur M og öðru vitni, að M hafi verið að ganga hægt út um hringhurðina, sem hafi snúist og lent á henni. Við það hafi hún misst jafnvægið og fallið. Þá er í lögregluskýrslunni haft eftir öryggisverði í A að hurðin sé þannig búin að hún eigi að stöðvast ef einhver fyrirstaða er. Svo hafi verið og ekkert athugavert hafi verið að sjá á hurðinni.
M hlaut brot á vinstri lærleggshálsi og vinstri upphandlegg. Hún kveður hurðina hafa skollið á sér af miklum krafti og ekki stöðvast þótt hún hafi fallið í gólfið. Telur hún hurðina hafa verið vanbúna eða bilaða. Hefur M krafist bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V kveður að við skoðun á myndbandi af atvikinu, sem liggur fyrir meðal gagna málsins megi greina hvernig M hafi stoppað áður en hún hafi verið komin alveg út úr hurðargatinu og því hafi hurðin lent á henni þar sem hún hafi staðið „í miðju dyragatsins“ með fyrrgreindum afleiðingum. Hurðin hafi verið búin þar til gerðum geislaöryggisbúnaði sem ýmist hafi hægt eða stöðvað hurðina þegar geislinn nemi fyrirstöðu. Þegar M fékk hurðina á sig hafi hún staðið það framarlega í hurðaropinu að geislinn hafi ekki náð að nema þar sem hún stóð sem hafi orðið til þess að hurðin hægði ekki á sér áður en hún lenti á M. Hefur V hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt gögnum málsins liggur fyrir að umrædd hringhurð mun hafa verið tekin úr notkun í einhvern tíma þar til úttekt hafði farið fram á henni „til að gæta fyllsta öryggis“. Samkvæmt gögnum sem aflað hefur verið að tilhlutan nefndarinnar mun hurðin hafa verið tekin til skoðunar sama dag og slysið varð af aðila sem virðist annast viðhald hennar og viðgerðir á henni. Samkvæmt tölvubréfi sem stafar frá þessum aðila, dags. 24. júní 2016, mun geislaöryggisbúnaður hurðarinnar hafa verið að hægja á hurðinni eins og hann á að gera eða í 20-30 cm fjarlægð frá fólki, ekki stöðva hana alveg sem eigi hins vegar að gerast í 5-10 cm fjarlægð. Í téðu tölvubréfi kom einnig fram að búið hafi verið að aftengja hluta búnaðarins sennilega vegna bilana. Klemmuvarnir hafi verið í lagi og virkað eðlilega sem og svokölluð hælaöryggi.
Fyrrgreind myndbandsupptaka úr eftirlitsmyndavél hefur verið skoðuð af nefndinni. Á upptökunni sést ekki þegar M verður fyrir hurðinni og dettur. Af upptökunni verður því ekki ráðið með neinni vissu hvar M stóð nákvæmlega í hurðinni þegar hurðin skall á henni. Ráða má af fyrrgreindu tölvubréfi að búið hafi verið að aftengja hluta geislaöryggisbúnaðar hurðarinnar sem talið er að rekja megi til bilana í búnaðinum, án þess þó að upplýst hafi verið hvaða áhrif það hafi haft á virkni búnaðarins að hluti hans hafi verið aftengdur. Fyrst svona var ástatt með öryggisbúnað hurðarinnar þegar slysið varð hefur A sönnunarbyrði um það að ástand hurðarinnar að þessu leyti hafi ekki valdið slysinu. Sú sönnun hefur ekki tekist samkvæmt fyrirliggjandi gögnum og telst A því bera skaðabótaábyrgð á tjóni því sem M varð fyrir við það að hurðin skall á henni. Ekkert tilefni til að ætla að slysið verði rakið til atvika sem M ber meðábyrgð á. Hún á því óskoraðan bótarétt úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á óskertan rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 14. ágúst 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 197/2018

M og
V v/ lausafjártryggingar.
Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns á rafmagnstöflu af völdum skammhlaups.

Gögn.
Málskot, móttekið 8.6.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 3.7.2018.

Málsatvik.
Hinn 24. apríl 2017 varð skammhlaup í aðaltöflu dælustöðvar í eigu M. Samkvæmt fyrirliggjandi ljósmyndum af ummerkjum í töflunni má ráða að hluti töflunnar hafi sviðnað eða brunnið.
M hafði í gildi lausafjártryggingu hjá V vegna þess lausafjár sem var í dælustöðinni. M kveður tjónið sem varð í töflunni við umrætt atvik hafa orðið af völdum eldsvoða og hefur krafist bóta úr vátryggingunni hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.
Samkvæmt brunatryggingarlið vátryggingarskilmála umræddrar lausafjártryggingar bætir vátryggingin tjón af völdum eldsvoða. Nánar segir í skilmálunum að það teljist ekki eldsvoði þegar hlutir sviðna eða bráðna ef eldur er ekki laus. Verður að skilja bótasvið vátryggingarinnar á þann veg að ekki teljist um eldsvoða að ræða þegar eldur er ekki laus og vátryggðir munir einungis sviðna eða bráðna. Af verksummerkjum verður ekki ráðið að eldur hafi verið laus í rafmagnstöflunni umrætt sinn. Í ljósi þessa verður ekki talið að um eldsvoða hafi verið að ræða í skilningi vátryggingarskilmálanna. Af þeim sökum á M ekki rétt á bótum úr lausafjártryggingunni hjá V.

Niðurstaða.
M, á ekki rétt á bótum úr lausafjártryggingu hjá V.

Reykjavík, 14. ágúst 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 198/2018

M og
V vegna slysatryggingar ökumanns og bifreiðarinnar A
Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags vegna slyss 24.10.2017.

Gögn.

Málskot málskotsaðila, móttekið 12.6.2018, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 5.7.2018, ásamt fylgiskjölum, þ.á.m. úrskurði nefndarinnar í máli nr. 101/2018 og fylgigögnum með afstöðu félagsins í því máli.

Málsatvik.

M var ökumaður vörubifreiðarinnar A sem skv. upplýsingum í málskoti gjöreyðilagðist í umferðaróhappi 24.10.2017. Í lögregluskýrslu kemur fram að vörubifreiðinni hafi verið ekið undir brú, sem er yfir Vesturlandsvegi við Leirvogstungu, með pall bifreiðarinnar uppreistan með þeim afleiðingum að pallurinn lenti á brúnni og við það rifnað af bifreiðinni. Í lögregluskýrslu er haft eftir ökumanni, sem slasaðist nokkuð og var með áverka á vettvangi, að hann muni ekki nákvæmlega hvað hafði gerst annað en að pallur bifreiðarinnar hafi ekki farið niður eftir að hann hafi verið að sturta úr henni. Haft er eftir vegfaranda sem varð vitni af óhappinu að hann hafi ekið sömu leið og ökumaður vörubifreiðarinnar og séð að pallur bifreiðarinnar var uppi. Hafi hann reynt að vara ökumann vörubifreiðarinnar við en án árangurs.

V hefur neitað að greiða bætur til M úr slysatryggingu ökumanns bifreiðarinnar A og telur að M sem ökumaður bifreiðarinnar X hafi sýnt stórkostlegt gáleysi við aksturinn. V vísar til þess að það að aka undir áhrifum lyfja með pall vörubifreiðar uppreistan sé háttsemi sem teljist til stórkostlegs gáleysis skv. 5. gr. vátryggingarskilmála, sem og brot gegn varúðarreglu gr. 4.2. í sömu skilmálum og sé félaginu því heimilt að takmarka ábyrgð sína skv. 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Hvað varðar áhrif lyfja vísar V til upplýsinga um ástand ökumanns á vettvangi sem og niðurstöðu matsgerðar um áhrif þeirra lyfja sem mældust í blóði ökumanns eftir umferðaróhappið. V telur ósannað að þol ökumannsins gagnvart lyfjunum hafi verið meira en almennt megi ætla og að sönnunarbyrði hvíli á M um að hnekkja þeim rannsóknarniðurstöðum sem fyrir liggi þar sem bæði niðurstöður lögregluskýrslna og matsgerða, sambærilegar við það sem liggur fyrir í þessu máli, hafi verið lagðar til grundvallar sem sönnunargögn almennt í dómsmálum. Einnig vísar V til fyrirmæla í 1. mgr. 44. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 um andlega og líkamlega færni ökumanna. V telur auk þess sannað að verulegt alvarlegt frávik hafi falist í háttsemi ökumanns bifreiðar M þegar hann ók bifreiðinni á einni helstu umferðaræð inn í borgina með uppreistan pall. Ríkar skyldur hafi hvílt á honum m.t.t. reglugerðar um stærð og þyngd ökutækja sem og sem bílstjóra sem þurfi aukin ökuréttindi til aksturs bifreiðar eins og X. V vísar til dóma og úrskurða máli sínu til stuðnings.

M krefst bóta úr slysatryggingu ökumanns og telur að hann hafi ekki sýnt stórkostlegt gáleysi í greint sinn, hann hafi tekið lyf sem honum var ávísað af lækni vegna langvarandi veikinda og skýri það skammtastærð að það dragi úr virkni þeirra eftir því sem þeirra er neytt lengur. Einnig vísar M til þess að hann hafi ýtt á stjórnrofa sem eigi að lækka pall vörubifreiðarinnar sem hann ók og ekki verið ljóst að búnaður bifreiðarinnar hafi ekki virkað sem skyldi fyrr en óhappið varð þar sem erfitt sé að sjá það frá ökumannssæti bifreiðarinnar. M telur að V hafi ekki sýnt fram á að skv. heildarmati á skilyrðum 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga að félaginu hafi verið heimilt að takmarka ábyrgð sína vegna slyssins.

Álit.

Ágreiningur málsins snýr því fyrst og fremst að því hvort ökumaður bifreiðarinnar X hafi sýnt stórkostlegt gáleysi (gr. 5 í vátryggingarskilmálum) við aksturinn og með slíku gáleysi einnig brotið gegn varúðarreglu vátryggingarsamningsins (gr. 4.2. í vátryggingarskilmálum) og hvort eða hvaða áhrif það hafi á ábyrgð V skv. 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga. Sömu málsatvik hafa verið til umfjöllunar hjá nefndinni áður vegna takmörkunar ábyrgðar sama vátryggingafélags vegna

kaskótryggingar vörubifreiðarinnar í máli nr. 101/2018. Nefndin telur sömu sjónarmið um mat á stórkostlegu gáleysi ökumanns og afleiðingar þess eiga við í þessu máli enda reynir á sambærileg álitaefni um stórkostlegt gáleysi og brot á varúðarreglum, þó takmörkun ábyrgðar vegna brots á varúðarreglum sé háð stórkostlegu gáleysi skv. 1. mgr. 90. gr. laganna en gáleysi í skilningi 26. gr. þeirra.

Þegar litið er til þess að ökumaður bifreiðarinnar X ók nokkra leið með pall bifreiðarinnar uppreistan og tók ekki eftir viðvörunum vegfaranda áður en hann lenti á brúnni verður ekki hjá því litið að slík háttsemi er sambærileg háttsemi sem nefndin hefur áður metið sem stórkostlegt gáleysi, t.d. í málum nr. 245/2016 og 330/2016 og þýði það að háttsemi ökumanns bifreiðarinnar X, sem fólst í ofangreindu, tvímælalaust fara verulega frá því sem ætlast mátti til af honum við akstur vörubifreiðar. Þegar litið er til orðalags 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga verður að meta hvort V losni úr ábyrgð vegna slíkrar háttsemi í heild eða að hluta og einnig kemur þar fram að *„Við mat á ábyrgð félagsins skal líta til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að, hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti.“*

Í þessu máli telst því sök ökumannsins veruleg, hann hefði átt að fullvissa sig um að pallur bifreiðarinnar væri niðri áður en hann ók af stað og sérstaklega þegar hann kom að brú, auk þess sem eykur á sök hans að hann tók ekki eftir viðvörunum vegfaranda eins og kemur fram hér að ofan. Þó útsýni ökumanns kunni að hafa verið takmarkað úr sæti hans þá tekur það ekki af honum þá varúðarskyldu. Þá liggur einnig fyrir að lyf voru í blóði hans í því magni að skv. matsgerð Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði dags. 5. janúar 2018 megi telja „.... fullvíst að ökumaður hafi ekki getað stjórnað bifreið með öruggum hætti..“ Þó lyfjum hafi verið ávísað af lækni til M þá breytir það ekki umræddu mati, auk þess sem viðvaranir á fylgiseðlum slíkra lyfja fela í sér mismunandi upplýsingar um áhrif á akstursháefni. Þó ökumaður bifreiðarinnar M hafi ekki verið undir áhrifum áfengis eða fíkniefna í þröngri merkingu þeirra orða verður ekki hjá því litið að áhrif lyfja og það að áhrif þeirra hafi verið þau að hann hafi ekki getað stjórnað bifreiðinni örugglega hafa veruleg áhrif á mat á sök hans í heild, hvernig vátryggingaratburð bar að og atvik að öðru leyti. Að öllu ofansögðu verður ábyrgð vátryggingafélagsins takmörkuð að fullu og M á því ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns bifreiðarinnar TG H48.

Niðurstaða.

Tjón M bætist ekki úr slysatryggingu ökumanns bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 14. ágúst 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 199/2018

M og
V v. lögboðinnar ábyrgðartryggingar ökutækja A

Ökutæki lenti á flugvél og olli skemmdum 7.2.2018.

Gögn.

Málskot móttekið 13.6.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-6
Bréf V dags. 13.7.2018 ásamt fylgiskjölum 1-5.

Málsatvik.

Tjón varð á flugvél M þegar A skall utan í vinstri hlið hennar. M segir að flugvirki hafi lagt A við framhlið flugvélarinnar og farið út úr ökutækinu til að framkvæma öryggisskoðun. Ökumaður A segist hafa skilið A eftir í gangi í hlutlausum gír og í handbremsu. M segir að veðurskilyrði hafi verið slæm þennan dag hvassviðri og léleg færð sökum bleytu og ísingar. M byggir á því að tjónið verði rakið til notkunar A og beri V ábyrgð skv. 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og hafi A verið í notkun í umrætt sinn. M vísar í úttekt öryggis- og hlítingarstjóra sins þar sem segir að samverkandi orsakir óhappsins hafi verið að A hafi verið skilin eftir í gangi í hlutlausum gír og handbremsan hafi verið slitin og veðurskilyrði hefðu verið slæm. V hafnar bótaskyldu og segir að A hafi ekki verið skilin eftir í gangi heldur hafi verið slökkt á hreyfli A og hann skilinn eftir í hlutlausum gír og í handbremsu. Stormur hafi verið á vettvangi, ísing, hálka og vatnsagi. V segir að tjónþoli og tjónvaldur sé sami aðili og geti M ekki gert skaðabótakröfu á hendur sjálfum sér og verði M að sýna fram á hver eigi hina vátryggðu hagsmuni sem um ræðir í málinu í því sambandi. Þá byggir V einnig á því að A hafi ekki verið í notkun þegar óhappið varð í skilningi 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga og vísar V í skýrslu lögreglu þar sem kemur fram að ökumaður A hafi drepið á aðalvél A og ökumaður A hafi ekki sýnt af sér saknæma háttsemi.

Álit.

Ágreiningur er um hvort að A hafi verið skilin eftir í gangi eða drepið hafi verið á bifreiðinni áður en ökumaður hennar fór úr A og hún lenti síðan á flugvél. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að það sé M sjálft sem gerir skaðabótakröfu vegna tjónsins sem varð á flugvélinni. Virðist því ljóst að flugvélin sé í eigu M og ekki er sýnt fram á það að nokkur annar en M eigi umrædda skaðabótakröfu sem réttindi til greiðslu sem bótakrafa M úr ábyrgðartryggingu A hjá V byggir á. Þar sem eitt af frumskilyrðum skaðabótaréttar gerir ráð fyrir því að enginn geti átt skaðabótakröfu á sig sjálfan á M þegar af þeirri ástæðu ekki rétt á bótum úr lögboðinni ábyrgðartrygginu ökutækisins A.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr lögboðinni ábyrgðartryggingu A.

Reykjavík 14.8.2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 200/2018
M og
V vegna fasteignatryggingar.
Ágreiningur um túlkun gildissviðs vátryggingarskilmála vegna tjóns á fasteign 14.5.2018.

Gögn.
Málskot málskotsaðila, móttekið 18.6.2018, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 28.6.2018 ásamt myndum.
Tölvupóstur M, dags. 29.6.2018.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram festingar gáfu sig á skápahurðum í eldhúsinnréttingu M 14. maí sl. þannig að þær losnuðu og lentu á borðplötu eldhúsinnréttingar og gólfi eldhúss sem leiddi til tjóns. Á myndum af vettvangi sjást ummerkin nokkuð greinilega.
M telur að tjónið eigi undir gildissvið fasteignatryggingar hennar þar sem kemur fram í 15. gr. vátryggingarskilmála að vátryggingin bæti *„Tjón sem verður á vátryggðri húseign vegna þess að festingar á innanhússloftklæðningu eða naglfastri innréttingu gefa sig skyndilega.“* M vísar til þess að það standi ekki í sömu skilmálum að innréttingin verði öll að falla niður til að tjón sé bætt.
V telur að það séu tvö skilyrði í orðalagi 15. gr. vátryggingarskilmála, þ.e. annars vegar að festingar á innanhússloftklæðningu eða naglfastri innréttingu gefi sig og hins vegar að það gerist skyndilega. V telur að festingar á naglfastri innréttingu hafi ekki gefið sig í greind sinn heldur hafi skápahurð losnað úr innréttingunni þegar hún var í notkun og því séu skilyrði um að festingar hafi gefið sig ekki uppfyllt og ekki sé heldur sýnt að það hafi gerst skyndilega.

Álit.
Ágreiningur M og V snýst um túlkun á gildissviðsákvæði í vátryggingarskilmálum sem er í stöðluðum vátryggingarskilmálum fasteignatryggingar V og sett er einhliða af V. Orðalag ákvæðins er eins og áður greinir það að vátryggingin bæti tjón sem verður þegar „festingar á innanhússloftklæðningu eða naglfastri innréttingu gefa sig skyndilega.“ Með því að orða ákvæðið með þeim hætti að festingar á naglfastri innréttingu gefi sig verður með almennri orðskýringu ekki hægt að skilja ákvæðið öðruvísi en að festingar á slíkri innréttingu (eða innanhússloftklæðningu eftir atvikum) verði að gefa sig til að bótaskylda stofnist. Festingar skápahurða á innréttingu M eru á henni og verður umrætt gildissviðsákvæði skilmálanna ekki túlkað svo þröngt að það beri að skilja það þannig að festingar innréttingarinnar sjálfrar þurfi að gefa sig til að bótaskylda stofnist. Ef V hafði í hyggju að hafa gildissvið vátryggingarinnar með þeim hætti þá hefði félaginu verið í lófa lagið að orða ákvæðið með skýrari hætti, t.d. með því að vísa ekki eingöngu til festinga „á“ innréttingu heldur þeirra festinga sem halda innréttingu (eða innanhúss loftklæðningu) uppi í heild. Vafa um orðalag verður að skýra vátryggðum í hag í ljósi fyrrnefndrar aðstöðu þar sem V semur einhliða skilmála vátryggingarinnar. M á því rétt á bótum úr fasteignatryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr fasteignatryggingu hjá V.

Reykjavík, 31. júlí 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögmaður Jón Magnússon lögmaður

Mál nr. 201/2018

M og
vátryggingafélagið V v/ábyrgðartryggingar A

Vinnuslys við nýbyggingasvæði að Holtsvegi 45-47, Garðabæ, þann 23. nóvember 2016.

Gögn.
Málskot, móttekið 19.6.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 6.7.2018, ásamt fylgiskjölum

Málsatvik.
Þann 23. nóvember 2016 var M að störfum við nýbyggingu að Holtsvegi 45-47 sem launþegi hjá undirverktaka en aðalverktaki var byggingarfyrirtækið A. M var við tiltekt á 2. hæð hússins, sem var í byggingu, og gekk hann út á hvíta plötu úr einangrunarplasti, sem notuð var til að hylja u.þ.b. 100x100cm gat í gólfinu, og féll þá þrjá metra niður á steinsteypt gólf þar fyrir neðan og varð fyrir meiðslum.

Í málskoti M kemur fram að M hafi ekki fengið neinar aðvaranir eða leiðbeiningar varðandi umgengni á svæðinu eða um störf sín yfirleitt. Engar fallvarnir hafi verið á staðnum eða búnaður sem gerði kleyft að ganga örugglega yfir gatið. Rökkur hafi verið og erfitt að sjá gólfið. Vinnueftirlitið hafi komið á staðinn og skilað inn umsögn, dags. 18. janúar 2017, þar sem orsakir slyssins eru raktar til þriggja atriða. Í fyrsta lagi þess að ráðstafanir til að hylja op í gólfinu hafi verið algerlega ófullnægjandi. Í öðru lagi að engar greiningar hafi verið gerðar á umræddum verkþætti og í þriðja lagi að enginn samræmingaraðili öryggis- og heilbrigðisáætlunar hafi verið skipaður með verkinu af aðalverktaka, eins og reglur kveði á um. Þá er því haldið fram að þar sem A tilkynnti slysið ekki innan sólarhrings til Vinnueftirlits ríkisins verði hann að bera allan halla af sönnunarskorti í málinu.

M gerði kröfu í ábyrgðartryggingu A hjá V sem hafnaði bótaskyldu m.a. á þeim forsendum að M hafi sjálfur fjarlægt plötur sem voru yfir gatinu í aðdraganda slyssins. V hafnaði bótaskyldu með bréfi, dags. 7. maí 2018. Byggðist höfnun á þeim forsendum að sök A sé ósönnuð þar sem A hafi samið við undirverktaka, vinnuveitanda M, um að sjá um uppsteypu, járnalögn og allt annað er við kom byggingunni. Undirverktakinn hafi því verið eini verktakinn sem vann að byggingunni og bæri alfarið ábyrgð á aðstæðum, aðbúnaði og verkstjórn á staðnum. A hafi ekkert komið að framkvæmdum og því væri ekki um að ræða saknæma háttsemi af hans hálfu.

Í málskoti M kemur fram að M telur ósannað að framangreindur samningur hafi verið gerður enda hafi hann ekki verið lagður fram. Þá telur M að A beri skyldur samkvæmt lögum jafnvel þótt slíkur samningur væri fyrir hendi. Það byggi m.a. á 17. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, þar sem fram kemur að þegar fleiri atvinnurekendur eiga aðild að starfsemi á sama vinnustað, skulu þeir sameiginlega stuðla að því að tryggja góðan aðbúnað, heilsusamleg og örugg starfsskilyrði á vinnustaðnum. Þá hafi Vinnueftirlitið sérstaklega sett út á vanrækslu A varðandi greiningar á verkþáttum og skipun samræmingaraðila og að orsakatengsl væru á milli þess og tjóns M.

Í bréfi V til nefndarinnar, dags. 6. júlí 2018, er því hafnað að A skuli bera hallann ef atvik teljast óljós. Í málinu liggi fyrir bæði lögregluskýrsla og umsögn Vinnueftirlitsins um slysið. Tilkynningarskyldu hafi því verið fullnægt og ekki skipti máli í því sambandi hver tilkynnir atvikið. Þá sé A aðalverktaki sem hafi samið við undirverktaka um að sinna öllum þáttum framkvæmdanna og er samningur, dags. 15.2.2016, þar að lútandi lagður fram í málinu. A hafi ekkert komið að framkvæmdum á verkstað og geti því ekki borið ábyrgð aðstæðum á staðnum og beri þar með ekki ábyrgð á slysinu.

Í bréfinu kemur jafnframt fram að þar sem undirverktakinn hafi verið eini framkvæmdaaðilinn á svæðinu geti skortur á skipun samræmingaraðila öryggis- og heilbrigðisáætlunar ekki hafa verið orsakavaldur að slysinu.

Álit.

Fyrir liggur að A gerði samning við undirverktaka um að sinna allri vinnu við uppsteypu og járnalögn og hann skyldi sjá um allan rekstur vinnusvæðisins. Ekki liggja fyrir sönnunargögn um að A hafi, þrátt fyrir samninginn, eitthvað komið að aðstæðum á verkstað og verður M að bera hallann af þeim sönnunarskorti. Því verður að líta svo á að A beri ekki ábyrgð á þeim aðstæðum sem voru á verkstað og á M því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 25. september 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson, lögm. Jón Magnússon, lögm.

Mál nr. 202/2018

M og
Vátryggingafélagið V vegna slysatryggingar ökumanns ökutækisins A

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags vegna slyss 23.7.2017.

Gögn.
Málskot málskotsaðila, móttekið 19.6.2018, ásamt fylgiskjölum.
Bréf X, dags. 28.6.2018.
Bréf lögmanns M, dags. 9.7.2018.

Málsatvik.
Í gögnum málsins kemur fram að M slasaðist þegar hann ók fjórhjóli í eigu föður vinar síns út af vegi með þeim afleiðingum að hann féll af því. M var 16 ára gamall þegar slysið átti sér stað og hafði aldrei öðlast ökuréttindi.

V hefur hafnað bótaskyldu úr slysatryggingu ökumanns fjórhjólsins þar sem M hafi í umrætt sinn notað fjórhjólið í algjöru heimildaleysi í skilningi 1. mgr. 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 2. mgr. 90. gr. sömu laga og fébótaskylda hafi þannig færst yfir á hann sjálfan vegna tjónsins. V telur að hugtaksskilyrði algjörs heimildaleysis séu uppfyllt þar sem enginn fullorðinn hafi verið heima þegar M og vinur hans hafi tekið fjórhjólið og ekið því og ályktar V að eigandi fjórhjólsins hefði ekki leyft notkun þess þar sem það hafi ekki verið í ökuhæfu ástandi. Einnig vísar V til þess að M hafi brotið gegn varúðarreglu í vátryggingarskilmálum, nánar tiltekið gr. 4.10 þar sem kemur fram að vátryggður þurfi að hafa réttindi og kunnáttu til að aka vátryggðu ökutæki. Þannig hafi M sýnt stórkostlegt gáleysi og geti V því takmarkað ábyrgð sína að fullu, sbr. 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Vegna þess vísar V helst til þess að 16 ára einstaklingur eigi að geta gert sér grein fyrir því að hann eigi ekki að aka án ökuréttinda og hvaða hættu það geti falið í sér, auk þess sem hann hafi átt að sjá að fjórhjólið var ekki í ökuhæfu ástandi. Því til viðbótar telur V að atvik slyssins, þ.e. að M hafi misst stjórn við aksturinn þar sem hann hafi verið að fylgjast með hraðamæli í stað þess að horfa fram fyrir sig, sýni stórkostlegt gáleysi af hans hálfu. V telur því ef ekki sé fallist á heimildaleysi að ábyrgð þess falli niður að fullu vegna stórkostlegs gáleysis M og þess háttar broti hans gegn varúðarreglu vátryggingarskilmála.

M telur í fyrsta lagi að hugtakið algjört heimildaleysi verði að túlka mjög þröngt og vísar þar til ummæla fræðimanna um að það eigi aðeins við þegar ökutæki er stolið og þannig hafi aðstæður ekki verið hjá M. Hann hafi verið í heimsókn hjá vini og mátt ætla að hann mátt aka hjólinu og vinur hans, sonur eiganda hjólsins, hafi margoft ekið því. Einnig telur M að hann hafi ekki sýnt stórkostlegt gáleysi við akstur hjólsins og ekki eigi að meta réttindaleysi hans sem slíkt. Því til viðbótar vísar M því á bug að hann hafi getað gert sér grein fyrir því að ástand hjólsins hafi mögulega verið þannig að varhugavert hafi verið að aka því þar sem hann hafi ekki reynslu til að meta það. Að öllu virtu telur M að V sé ekki heimilt að takmarka ábyrgð sína að fullu vegna slyssins.

Álit.
Í málinu er í fyrsta lagi ágreiningur um hvort M hafi tekið fjórhjól sem vátryggt er hjá V í algjöru heimildaleysi og njóti því ekki vátryggingaverndar skv. 1. mgr. 92. gr. umferðarlaga um þar sem kveðið m.a. er kveðið á um að ökumenn skulu tryggðir sérstakri slysatryggingu. Ljóst er af lögskýringargögnum og fræðiritum að skýring á umræddu heimildaleysi er mjög þröng. Þær aðstæður sem voru uppi í þessu máli, þar sem aðgangur M að fjórhjólinu sem hann ók var með samþykki sonar vátryggingartaka sem hann vissi til að hefði áður ekið hjólinu og þess að ekki hefur annað komið fram en að M hafi ætlað að skila fjórhjólinu skömmu síðar á sama stað, verða ekki lagðar að jöfnu við algjört heimildaleysi í skilningi 2. mgr. 90. gr. umferðarlaga.
Í öðru lagi nær ágreiningur aðila til þess hvort M hafi sýnt stórkostlegt gáleysi í skilningi 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga við það að aka fjórhjólinu án ökuréttinda og án sérstakrar kunnáttu og það að hafa misst stjórn á hjólinu yfirhöfuð. Það er skýrt að M gætti ekki að varúðarreglu í gr. 4.10 í vátryggingarskilmálum um ökuréttindi og kunnáttu þegar hann ákvað að fara af stað á

fjórhjólinu. M hafði aldrei öðlast ökuréttindi og hefur ekki sýnt fram á að hann hafi nokkra kunnáttu haft til að stjórna slíku. M var 16 ára þegar umrædd háttsemi átti sér stað og almennt verður að gera þá kröfu til einstaklinga á þeim aldri að þeir geri sér vel grein fyrir þeirri hættu sem af slíkri háttsemi stafar og eiga sjónarmið 3. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga ekki við í málinu. Lýsing á aksturslagi bendir einnig til þess að M hafi ekki haft fulla stjórn á fjórhjólinu þar sem hann var að fylgjast með öðru en því sem framundan var og hefur ekki hagað ökuhraða eftir aðstæðum. Sú háttsemi telst stórkostlega gálaus af hans hálfu. Með hliðsjón af sök hans, því að hann var ekki undir áhrifum áfengis eða fíkniefna og atvikum að öðru leyti verður að takmarka ábyrgð V að hluta, eða að helmingi. M á því rétt á bótum vegna helmings tjóns síns úr slysatryggingu ökumanns ökutækisins VH Z19 hjá V.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns ökutækisins A en bótaréttur hans skerðist um 50%.

Reykjavík, 7. ágúst 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 203/2018

M og
vátryggingafélagið V1 v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og vátryggingafélagið V2 v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Árekstur við framúrakstur og vinstri beygju við Langá í Borgarfirði 26. desember 2017.

Gögn.

Málskot, móttekið 21.6.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V1, dags. 9.7.2018, ásamt niðurstöðu Tjónanefndar vátryggingafélaganna í máli nr. 79/18.
Tölvupóstur V2, dags. 9.8.2016.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðum A og B þegar þeim var báðum eftir Snæfellsvegi við Langá. bifreið A á eftir bifreið B. Á framhlið sameiginlegrar tjónstilkynningar, sem báðir ökumenn skrifa undir kemur fram að bifreið B var ekið til vinstri af vegi og bifreið A yfir á öfugan vegarhelming með fyrirhugaða akstursstefnu fram úr bifreið B og má leiða af því að árekstur hafi orðið þegar bifreið A er ekið fram úr bifreið B sem í sama mund er ekið til vinstri í veg fyrir bifreið A. Í frekari skýringum ökumanns A kemur fram sú lýsing af aðdraganda árekstursins að hún hafi ekið að bifreið B sem hafi verið kyrrstæð á hægri akrein og þegar bifreið A nálgast bifreið B hafi ökumaður bifreiðar B gefið stefnumerki til hægri. Þá hafi ökumaður bifreiðar A tekið ákvörðun um að aka vinstra megin fram úr bifreið B. Í þann mund hafi hins vegar ökumaður bifreiðar B tekið vinstri beygju í átt að ómerktu malarplani og á bifreið A sem ekið var framhjá. Engin lýsing liggur fyrir í málinu frá ökumanni bifreiðar B.

M telur að ökumaður bifreiðar B beri alla ábyrgð á árrekstrinum vegna óvarkárni við akstur til til vinstri út af vegi þar sem þeim ökumanni hefði átt að vera ljóst að það var bifreið fyrir aftan hann og eftir að hann gaf stefnumerki í ranga átt. M bendir einnig á að það malarútskot sem ökumaður bifreiðar B ætlaði að beygja á hafi verið ómerkt og aðstæður þannig að full ástæða hefði verið til meiri varkárni. M telur að hún sem ökumaður bifreiðar A hafi metið aðstæður þannig að óhætt væri að aka framhjá bifreið B.

V1 tekur undir sjónarmið M og telur að ökumaður bifreiðar A hafi gætt nægilega að fyrirmælum umferðarlaga nr. 50/1987 um framúrakstur en að ökumaður bifreiðar B hafi hins vegar ekki gætt að umferð fyrir aftan sig eins og honum bar að gera. V1 bendir á að ekki liggi fyrir framburður ökumanns bifreiðar B í málinu og verði því að leggja framburð ökumanns bifreiðar A til grundvallar við sakarskiptingu um merkjagjöf og háttsemi ökumanns bifreiðar B. V1 telur sú háttsemi að taka vinstri beygju á vegi þrátt fyrir stefnumerki til hægri og án þess að gæta að umferð fyrir aftan sig sé háttsemi sem megi jafna til stórkostlegs gáleysis og eigi ökumaður bifreiðar B því að bera alla sök.

V2 telur að leggja eigi 2/3 hluta sakar á ökumann bifreiðar A sem það telur hafa átt að gæta að sér við framúrakstur en 1/3 hluta á ökumann bifreiðar B fyrir að taka vinstri beygju án þess að gæta að umferð fyrir aftan sig og það sé í samræmi við framkvæmd sakarskiptingar í sambærilegum málum.

Álit.

Sá sem fer framúr annarri bifreið á akbraut verður að gæta að ákvæðum 20.-22. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 þar sem fram kemur að ávallt beri að sýna aðgæslu við framúrakstur. Af teikningu á framhlið tjónstilkynningar má ráða að hálfbrotin miðlína sé máluð milli akreina og þá ber að líta til þess sem kemur fram í 23. gr. merkjareglugerðar nr. 289/1995 að þeim sem ekur yfir hálfbrotna miðlínu ber að hafa í huga að varhugavert sé að aka yfir hana og óheimilt nema með sérstakri varúð. Sá sem beygir til vinstri á akbraut verður hins vegar að gæta sérstaklega að umferð fyrir aftan sig þegar hann tekur vinstri beygju, sbr. fyrirmæli í 2. mgr. 15. gr., sbr. 16. gr. umferðarlaga. Einnig ber þeim sem ekur með þessum hætti til vinstri einnig að gæta fyrirmæla fyrrgreinds ákvæðis 23. gr. merkjareglugerðar nr. 289/1995. Því til viðbótar hvílir sú skylda á ökumönnum að gefa merki öðrum til leiðbeiningar þegar þeir ætla t.d. að aka frá brún vegar eða beygja eða jafnvel stöðvar, sbr. 2. og 3. mgr. 31. gr.

umferðarlaga. Slíkt merki skal gefa tímanlega og á greinilegan og ótvíræðan hátt, sbr. 4. mgr. 31. gr. og merkjagjöf leysir ökumann ekki undan varúðarskyldu, sbr. 5. mgr. 31. gr. sömu laga.

Við mat á sakarskiptingu skv. 89. gr. umferðarlaga verður að horfa til atvika og aðstæðna í hverju máli fyrir sig. Í einhverjum málum eru málsatvik og aðstæður þess eðlis að jafna má þeim til annarra mála og sakarskipting því eins, en í öðrum ekki. Í þessu máli eru aðstæður um margt sérstakar hvað það varðar að um er að ræða þjóðveg þar verður ekki annað ráðið en að hámarkshraði sé 90 km/klst við bestu aðstæður. Áreksturinn verður í lok desember þar sem vænta má alls kyns veðuraðstæðna og færðar. Í gögnum málsins má ætla að það hafi verið snjór á vegi og mögulega hálka. Útskot það sem ökumaður bifreiðar B ætlaði að aka til vinstri inn á var skv. sömu gögnum ómerkt og vettvangur nærri árfarvegi. Þeim aðstæðum verður ekki að öllu leyti jafnað til aðstæðna þar sem ekið er í þéttbýli inn á bifreiðastæði eða sambærileg svæði og þar sem hámarkshraði er lægri.

Varúðarskylda hvílir á báðum ökumönnum eins og rakið er hér að framan. Við sönnun atvika er þó ekki hægt að líta framhjá því að engin sjálfstæð frásögn liggur fyrir af ökumanni bifreiðar B eða farþegum í þeirri bifreið. Engin sjálfstæð vitni geta borið um atvikin heldur. Við þær aðstæður verður að leggja til grundvallar þá einu frásögn af atvikum sem fyrir hendi er, þá sem er frá ökumanni bifreiðar A.

Þegar tekið er mið af þeirri frásögn er ekki hægt að leggja annað til grundvallar við mat á sakarskiptingu en að ökumaður bifreiðar B hafi ekið til vinstri á þjóðvegi utan þéttbýlis þar sem vænta mátti annarrar umferðar og þar sem hámarkshraði var í samræmi við aðstæður. Það krafðist sérstaklega mikillar varúðarskyldu vegna umferðar sem á eftir honum kom og enn ríkari varúðarskyldu í ljósi þess að leggja verður til grundvallar að hann hafi ekið mjög hægt eftir veginum með stefnumerki til hægri og þar sem ekki var skýrlega merkt að hægt væri að beygja út af vegi til vinstri. Þessi skýra merkjagjöf og hátterni ökumanns bifreiðar B gaf ökumanni bifreiðar A tilefni til að ætla að óhætt væri að aka fram úr og telst hann hafa uppfyllt þær varúðarskyldur sem hann hafði við þessar sérstöku aðstæður. Verður því, að öllum ofangreindum sjónarmiðum og aðstæðum virtum, öll sök lögð á ökumann bifreiðar B.

Niðurstaða.
Ökumaður bifreiðar B ber alla ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík, 25. september 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Sigurður Óli Kolbeinsson hdl. Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 204/2018

M og
vátryggingafélagið V vegna slysatryggingar ökumanns bifreiðarinnar A
og sjúkra- og slysatryggingar.

„Hugtakið notkun“ í skilningi umferðarlaga og sönnun tjónsatviks og orsakatengsla vegna atviks 25. mars 2015.

Gögn.

Málskot málskotsaðila, móttekið 19.6.2018, ásamt fylgiskjölum.

Tölvupóstur V, dags. 2.7.2018, ásamt afriti af tölvupósti V til þáverandi lögmanns M dags. 10.7.2017 afriti tölvupósts þess lögmanns til V dags. 21.3.2016.

Málsatvik.

M kveðst í málskoti, hafa fallið úr vörubifreiðinni A „...þegar hann festi hægri fót í efri tröppu (fótstigi) sem lá utan á bifreiðinni.“ M kveðst hafa borið fyrir sig hendurnar þegar hann féll, hruflast og fengið högg á vinstri öxl. Í málinu liggur fyrir yfirlýsing frá nafngreindum einstaklingi dags. 21. mars 2016 þar sem kemur fram að M hafi komið inn á skrifstofu þar sem sá var og hafi þá verið „... nokkuð drullugur og skrámaður á báðum höndum þannig úr blæddi.“ Einnig kemur fram að M hafi sagst hafa hrasað og fallið til jarðar þegar hann var „.. að stíga út úr vöruflutningabifreið sinni...“.

M telur í fyrsta lagi að hann hafi hlotið líkamstjón við fallið sem rekja megi til þess að hann sem ökumaður bifreiðarinnar DS 528 hafi við stjórn hennar hlotið líkamstjón sem rekja megi til notkunar bifreiðarinnar í skilningi 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Einnig telur M að sýnt sé að tjónsatvikið sé skyndilegur og utanaðkomandi atburður í skilningi gildissviðs slysa- og sjúkratryggingar. M fór til læknis í janúar 2016 og lýsti atvikum með sambærilegum hætti og kemur fram í fyrrnefndri yfirlýsingu dags. 21. mars 2016 og hann krefst viðurkenningu á bótaskyldu úr báðum vátryggingum vegna líkamstjóns sem hann rekur til atviksins 25. mars 2015 og vísar til þess að ekki sé að finna aðrar skýringar á því í framlögðum gögnum um heilsufarssögu hans.

V telur í fyrsta lagi að atvik málsins verði ekki rakin til sérstakra hættueiginleika bifreiðarinnar DS 528 og því ekki til notkunar hennar í skilningi 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga með vísan til dómafordæma. Einnig vísar V til þess að í ljósi þess að M hafi ekki leitað til læknis vegna atvika 25. mars 2015 fyrr en í janúar 2016, eins og kemur fram í læknisvottorði, þá sé ósannað að þau atvik hafi leitt til líkamstjóns þess sem M kveðst hafa orðið fyrir og sönnunarbyrði um það hvíli á M.

Álit.

Í málinu er í fyrsta lagi ágreiningur um hvort atvik sem M lýsir þannig að hann hafi hrasað í fótstigi á leið úr stýrishúsi bifreiðar sé hluti af notkun bifreiðar í skilningi 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga. Gildissvið slysatryggingar ökumanns í skilningi skv. 92. gr. umferðarlaga afmarkast af því að hann sé við stjórn ökutækis og líkamstjón hans sé hægt að rekja til notkunar hennar. Ekki er annað að sjá af gögnum málsins en að M hafi verið ökumaður í greint sinn og á tilvísun til slysatryggingar 92. gr. umferðarlaga því við frekar en ábyrgðartryggingar 91. gr. hennar. Þegar litið er hins vegar til hugtaksskilyrði beggja bótareglna sem er notkun í skilningi 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga þá verður ekki séð að tjónsatvik það sem M lýsir hafi orðið í beinum tengslum við notkun ökutækis, þ.e. hægt að rekja til sérstakra hættueiginleika ökutækisins sem ökutækis eða sérstaks nauðsynlegs búnaðar hennar sem ökutækis. M getur því ekki gert kröfu um bætur úr slysatryggingu ökumanns hjá V.

Hvað varðar slysa- og sjúkratryggingu verður að líta til þess að gildissvið hennar er afmarkað með því að vátryggður hljóti meiðsli á líkama vegna skyndilegs, utanaðkomandi atburðar, sbr. orðalag 4. gr. vátryggingarskilmála: *„Félagið greiðir bætur vegna slyss er vátryggður verður fyrir eins og segir í vátryggingarskilmálum þessum. Með orðinu "slys" er hér átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans. Við meiðsl á útlimum er þess þó eingöngu krafist að um skyndilegan atburð sé að ræða sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans.“* Af frásögn M sem fær með einhverjum hætti stoð í yfirlýsingu dags. 21. mars

2016 er hægt að leiða líkur að því að hann hafi fallið þann 25. mars 2015. Þegar kemur hins vegar að því að meta hvort það fall hafi leitt til líkamstjóns verður að líta til þess að M ber sönnunarbyrði um að það megi rekja þau meiðsli sem hann á við að stríða í dag megi rekja til umrædds atviks. M leitað fyrst til læknis í janúar 2016 eða nær 10 mánuðum eftir títtnefnt atvik. Verður sá vafi sem þess vegna er um orsakatengsl túlkaður M í óhag vegna áðurnefndrar sönnunarbyrði. Í ljósi þeirra gagna sem liggja fyrir nefndinni verður ekki talið sannað að M hafi hlotið líkamstjón í vegna atvika sem falla undir gildissvið slysa- og sjúkratryggingar hjá V.

Niðurstaða.
M á hvorki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns bifreiðarinnar A né sjúkra- og slysatryggingar hjá V.

Reykjavík, 14. ágúst 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 205/2018

M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar ökutækisins A

Krafa um miskabætur skv. 2. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993
vegna umferðarslyss 23.6.2015.

Gögn.

Málskot móttekið 20.6.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-10.
Bréf V dags. 29.6.2018.

Málsatvik.

Dóttir M, lést eftir umferðarslyss, en hún var farþegi í A þegar ökumaður missti stjórn á A og lenti bifreiðin utan vegar með ofangreindum afleiðingum. M krefst bóta skv. 2. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Af hálfu M er á því byggt að dauði dóttur M verði rakin til stórkostlegs gáleysis ökumanns A. M vísar til þess að skyggni hafi verið slæmt og engin lýsing á veginum og bifreiðin hafi snúist án sýnilegra ástæðna áður en A lenti utanvegar. Samkvæmt lögregluskýrslu var A skv. hjólförum ekið á hægri helmingi vegarins og hafi A snúist á veginum og farið útaf vinstra megin. Í lögregluskýrslunni segir að farþegi bifreiðarinnar hafi kastast út úr A og eftir skoðun á A er talið að farþeginn hafi ekki verið í bílbelti. V hafnar því að umferðarslysinu hafi verið valdið með stórkostlegu gáleysi og M eigi rétt á bótum á grundvelli 2. mgr. 26. gr. skaðabótalaga. V segir að ekkert slysstað bendi til þess að hver orsök slyssins hafi verið, en ljóst sé að ökumaður A hefði misst stjórn á A en ekkert í gögnum málsins varpi ljósi á hvers vegna það var. Þá vísar V til að ekkert sé vitað um aksturslag ökumanns eða hvort ekið var of hratt í umrætt sinn. Þá segist V ekki hafa upplýsingar um ökuréttindi ökumanns A.

Álit.

Í málinu er gerð krafa til þess að úrskurðað verði að M, sem er faðir stúlku sem lést í umferðarslysi eigi rétt til bóta skv. 2. mgr. 26. gr. skaðabótalaga þar sem ökumaður A sem dóttir M var farþegi í hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Í lögregluskýrslu og öðrum gögnum málsins eru rakin atvik svo sem þau hafa verið leidd í ljós og aðstæður á vettvangi umferðarslyssins. Af gögnum málsins verður ekki ráðið, að ökumaður A hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við aksturinn og á M því ekki rétt á bótum skv. 2. mgr. 26. gr. skaðabótalaga úr hendi V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum skv. 2. mgr. 26. gr. skaðabótalaga úr hendi V.

Reykjavík 14.8. 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 206 /2018

M
og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar torfærutækis.

Maður varð fyrir meiðslum við gangsetningu torfærutækis.

Gögn.
Málskot, móttekið 22.6.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 16.7.2018.

Málsatvik.
Að morgni 10. október 2017 var M að gangsetja torfærutæki (sexhjól) í eigu föður síns. Þar sem startari hjólsins var bilaður hafi hann þurft að nota varagangsetningarbúnað sem er handfang með tógi („sláttuvélaaðferðin“). Þegar hann hafði dregið tógið um hálfa leið út og þar með snúið vél hjólsins þá „sló það hraustlega á móti, sem kallað er“, og dróst tógið til baka með „duglegum“ togkrafti. M kveðst margoft hafa gangsett tækið með þessum hætti með góðum árangri.

M leitaði til læknis 19. janúar 2018 og greindist þá með töluverða áverka á „rotator cuff“ sinum og vöðvum. Gekkst hann af þessum sökum undir aðgerð hjá bæklunarlækni 20. mars 2018.

M kveður slysið mega rekja til notkunar torfærutækisins og með vísan til ábyrgðarreglu 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 hefur hann krafist bóta fyrir það líkamstjón sem hann hlaut við atvikið úr lögboðinni ábyrgðartryggingu tækisins hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingunni.

Álit.
Gerð er krafa um viðurkenningu á bótarétti úr lögboðinni ábyrgðartryggingu torfærutækisins sem M var að gangsetja þegar slysið varð. Í tjónstilkynningu vegna atviksins, sem er undirrituð af M, segir að hann hafi verið ökumaður (stjórnandi) tækisins umrætt sinn. Hann var því að gangsetja tækið sem stjórnandi þess, jafnvel þótt hann hafi ekki setið í ekilssæti meðan á gangsetningunni stóð. Hin hlutlæga bótaábyrgðarregla sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga getur ekki tekið til stjórnanda hins ábyrgðartryggða ökutækis sem hér á í hlut. Þótt startari tækisins hafi verið bilaður verður ekki talið, eins og hér stóð á, að slysið megi rekja til atvika sem eigandi tækisins getur borið skaðabótaábyrgð á gagnvart M eftir almennum reglum. Þegar af þessum ástæðum getur M ekki átt rétt til skaðabóta úr ábyrgðartryggingu torfærutækisins. Hann á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingunni hjá V.

Niðurstaða.
M, á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu torfærutækis hjá V.

Reykjavík, 14. ágúst 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 207/2018

M
og
Vátryggingafélagið V vegna húseigendatryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu.

Gögn.
Málskot, dags. 20.06.2018 ásamt fylgigögnum.
Bréf V, vátryggingafélags, dags. 111.07.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Leki kom upp í fasteign M 31. maí 2017 sem stafaði frá samskeytum inni í vegg undir vaski, líklega frá kalda vatnslögninni og varð tjón á eigninni. V hafnar bótaskyldu á þeim grundvelli að tjónið sé afleiðing langvarandi leka og falli því ekki undir skilmála húseigendatryggingarinnar nr. E-7 þar sem fram komi í gr. 2.1. í 1. kafla að tryggingin bæti tjón af völdum vökva sem óvænt og skyndilega streymir fram og á upptök sín innan útveggja og botnplötu húseignarinnar vegna bilunar eða mistaka. Myndir af skemmdum á eigninni hafi leitt í ljós að þær hafi ekki geta orðið til við óvænt eða skyndilegt framstreymi vökva heldur beri ummerki og ástand gólfefna og milliveggs þess merki að búið væri að leka í þó nokkurn tíma. Þótt tjónið hafi uppgötvast skyndilega breyti það ekki niðurstöðunni því það sé vökvinn sem þurfi að hafa streymt fram óvænt og skyndilega. Þá hafi M ekki sýnt nein gögn sem sanni að hann hafi orðið fyrir tjóni, hvorki kvittanir vegna viðgerða né að söluverð eignarinnar hafi verið lægra vegna tjónsins.

Álit.
Samkvæmt skilmálum húseigendatryggingar V bætir vátryggingin tjón af völdum vökva sem á upptök sín innan veggja hússins og stafar eingöngu af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennslislögnum þess. Myndir sem fylgja gögnum málsins sýna skemmdir í spónaplötuklæddum vegg, mygluskemmdir í botninum og ryðtauma á lögnum og hefur því verið um langvarandi vatnsleka að ræða frá lögnum. Með vísan til þess á M ekki rétt á bótum úr húseigendatryggingu hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr húseigendatryggingu hjá V.

Reykjavík, 24. ágúst 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon, lögm.

Mál nr. 208/2018
M vegna bifreiðarinnar A og
Vátryggingafélagið V v. Frjálsrar ábyrgðartryggingar Í

Bifreið ók á hesta og bifreið varð fyrir tjóni og farþegi slasaðist þ. 27.8.2017.

Gögn.

Málskot móttekið þ. 25.6.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-8.
Bréf V dags. 24.7.2018 ásamt fylgiskjölum 1-6

Málsatvik.

Bifreiðin A ók á hesta við Vatnsskarð á þjóðvegi 1. A var óökufær eftir slysið. Fimm hestar voru aflífaðir í kjölfar árekstursins og tvö hross slösuðust. Svartamyrkur var þegar slysið varð og segist ökumaður A hafa ekið á um 90 km. hraða. M krefst bóta vegna þess tjóns sem hún varð fyrir vegna árekstursins og segir Í hafa sýnt af sér saknæma háttsemi með því að hafa ekki fullnægjandi hlið á beitarhólfi þar sem hestarnir voru áður en þeir sluppu út. M segir að V beri sönnunarbyrðina fyrir því að girðingin og hliðið sem umlukti beitarhóflið hafi verið nægjanlega öruggt í umrætt sinn. M segir að myndir af vettvangi sýni að hliðið hafi alls ekki verið fullnægjandi og megi rekja slysið til vanrækslu Í á því að sinna viðhaldi við girðingar og hliða á beitarhólfi og því sé slys M og tjón á A bótaskylt úr ábyrgðartryggingu Í. V hafnar bótaskyldu og segir að slysið verði ekki rakið til saknæms vanbúnaðar sem Í beri ábyrgð á. Þá segir V að lausaganga búfjár sé leyfð í Skagafirði utan þéttbýlissvæða og bærinn Í sé ekki staðsettur á þéttbýlissvæði eins og haldið sé fram í málskoti og því sé lausaganga búfjár leyfð á þessu svæði. V vísar til ákvæða 50 og 51.gr. vegalaga nr. 80/2007 og reglugerðar nr. 930/2012. V segir að lausaganga búfjár hafi verið heimil við Í á slysdegi og við þær aðstæður verði ökumenn að sýna sérstaka aðgát auk þess hafi M ekki sýnt fram á að slysið verði rakið til gáleysis Í. V segir að girðingin þar sem hestarnir voru geymdir uppfylli skilyrði laga og reglugerða um gerð slíkra girðinga og hafi Í hirt vel um girðingar.

Álit.

Fyrir liggur að lausaganga búfjár er heimil þar sem slysið varð og við þær aðstæður verða ökumenn að sýna sérstaka aðgát við akstur einkum og sér í lagi í svartamyrkri eins og um var að ræða í umrætt sinn. Skv. lögregluskýrslu var A ekið á hámarkshraða í svartamyrkri skv. framburði ökumanns þegar slysið varð. Ekki hefur verið sýnt fram á að eigandi þeirra hrossa sem ekið var á hafi sýnt af sér saknæma háttsemi við vörslur hrossana eða girðingum eða hlið á beitarhólfi því sem hestarnir voru í hafi verið ábótavant. M á því þegar af þeirri ástæðu ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu Í hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu Í hjá V.

Reykjavík 21.8. 2018.
Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður. Jón Magnússon lögmaður.

Mál nr. 209/2018

M og
vátryggingafélagið V v/ almennrar slysatryggingar.

Ágreiningur um hvort sjúkdómseinkenni í öxl megi rekja til tiltekins slysaatviks.

Gögn.
Málskot, móttekið 25.6.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 20.7.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
M kveðst hafa misst stjórn á bifhjóli sínu er hann ók því við Rauðavatn 17. apríl 2017. Við það hafi hjólið farið á hliðina og hann lent illa á vinstri öxl. Þrátt fyrir meiðsli sem hann hlaut í öxlinni hafi hann farið til Spánar árla næsta dag. Er hann hafi verið að bera töskur hafi orðið ljóst að ástand axlarinnar hafi verið verra en hann hafði áður haldið. Þar sem kúla hafi staðið upp úr öxlinni hafi hann leitað til læknis á Spáni 18. apríl þar sem honum hafi verið gerð grein fyrir að hann þyrfti að gangast undir aðgerð á öxlinni við fyrsta tækifæri. Hafi hann bundið enda á dvöl sína á Spáni og haldið heim til Íslands með flugi 20. apríl. Næsta dag, 21. apríl 2017, hafi hann leitað á slysa- og bráðadeild Landspítalans. Í bráðamóttökuskrá spítalans frá þeim degi segir að M hafi dottið af mótorhjóli 17. apríl, hjólað heim og farið eiginlega beint til Spánar. Hann hafi verið að lyfta töskum, „þegar poppar eitthvað upp í vi. öxlinni." Röntgenmynd mun hafa staðfest liðhlaup („luxation") á vinstri „AC-lið".

Með úrskurði nefndarinnar 16. janúar 2018 í máli nr. 361/2017 var tekin afstaða til þess hvort M ætti rétt til bóta úr lögmæltri slysatryggingu ökumanns og eiganda bifhjóls þess sem M kvaðst hafa ekið er varð fyrir meiðslunum 17. apríl 2017, en sú vátrygging var í gildi hjá V. Var niðurstaða málsins að engin læknisfræðileg gögn hafi legið fyrir í málinu um að áverki M hafi stafað frá atvikinu sem hann byggði kröfur sínar á. Miðað við gögn málsins væri því ekki sýnt fram á orsakatengsl í málinu og því ætti M ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda bifhjólsins.

Í máli því sem nú er til úrlausnar fyrir nefndinni er krafist viðurkenningar á bótaskyldu úr almennri slysatryggingu vegna M sem einnig er í gildi hjá V. V telur að í máli þessu sé um að ræða ágreining vegna sama atviks og var í fyrra málinu auk þess sem í báðum tilvikum sé bótaskyldu hafnað á sömu forsendum, þ.e. að orsakatengsl séu ósönnuð. Því eigi að vísa máli þessu frá nefndinni, en að öðrum kosti beri að hafna bótaskyldu.

Álit.
Í máli þessu er krafist viðurkenningar á bótaskyldu úr annarri vátryggingu en var til umfjöllunar í máli nr. 361/2017. Jafnvel þótt byggt sé á sama atviki í báðum tilvikum, þ.e. að M hafi fallið af bifhjóli í akstri 17. apríl 2017 og orðið fyrir meiðslum á vinstri öxl, er ekki unnt að líta svo að um sé að ræða endurupptöku á hinu fyrra máli sem lúti reglum 10. gr. samþykkta fyrir úrskurðarnefndina um endurupptöku máls. Þegar af þeirri ástæðu er ekkert því til fyrirstöðu að mál þetta verði tekið til efnislegrar umfjöllunar.

í máli þessu hafa verið lögð fram læknisvottorð tveggja bæklunarskurðlækna sem höfðu M til læknismeðferðar í kjölfar þess að hann leitaði á slysa- og bráðadeild Landspítalans 21. apríl 2017.

Í vottorði (greinargerð) læknisins A, dags. 28. maí 2018, segir að M hafi leitað til hans 24. apríl 2017 og í komunótu segi að M hafi óvænt haft samband með „3° luxation á AC lið vinstri". Hann hafi dottið á mótorhjóli á Spáni viku áður („fyrir viku síðan"). Hafi læknirinn litið á öxlina. Hafi M verið óbrotinn, svolítið marinn en ekkert sérstaklega þjáður. Hann verði tvo til þrjá mánuði að jafna sig og þurfi ekki aðgerð eins og staðan væri. M hafi leitað til hans aftur 1. júní 2017 og þá hafi M verið mjög góður, væri mjög batnandi, sérstaklega síðustu tvær vikurnar. Ekki sé ástæða til neinna inngripa.

M mun hafa leitað til bæklunarlæknisins B 18. desember 2017 í fjarveru A. Í læknisvottorði B, dags. 6. júní 2018, segir í tilefni af sérstakri fyrirspurn vottorðsbeiðanda um orsakatengsl, að

áverkamekanismi liðhlaupa í axlarhyrnulið (viðbeins-herðablaðsliðar, „AC liðar“) séu fyrst og fremst og í langflestum tilfellum fall beint á óvarða öxlina án þess að viðkomandi geti borið fyrir sig handlegg eða hönd. Þannig komi mikið högg á AC liðinn sem geti tognað mismikið og í versta falli fari viðbein alveg upp úr sæti sínu. Við að toga, lyfta eða kippa í töskur komi fyrst og fremst tog á sjálfan axlarliðinn (upphandleggskúlu-herðablaðsliðskál). Hætta verði annars vegar á tognun eða sliti á axlarhulsusinum eða hins vegar liðböndum axlarliðar með hugsanlegum afleiðingum sem yrði liðhlaup að hluta eða öllu leyti á axlarlið en ekki í „AC liðnum“ þar sem enn meiri áverka eða átak þyrfti til að slíta viðbeinið úr lið sínum. Var niðurstaða læknisins, miðað við þau gögn sem hann hafði undir höndum og þekktan áverkamekanisma „AC liðs“ áverka, að litlar líkur séu á að axlarhyrnuliður skaddist við að lyfta þungum töskum og mun meiri líkur séu á að axlarhyrnuliðurinn skaddist við beint högg á öxlina eins og lýst sé við skoðun á Íslandi fjórum dögum eftir slysið og röntgenrannsókn á Spáni sýni tveimur dögum eftir slysið.

Eins og mál þetta liggur fyrir gengur krafa M út á að viðurkennt verði að hann eigi rétt til bóta úr almennri slysatryggingu hjá V af völdum bifhjólaslyss sem hann varð fyrir 17. apríl 2017. M leitaði fyrst til læknis á Spáni. Engin skýr gögn á íslensku liggja fyrir um að hann hafi þá getið þess að hann orðið fyrir þeim meiðslum sem greindust af völdum bifhjólaslyss á Íslandi deginum áður. Í bráðamóttökuskrá slysa- og bráðadeildar Landspítalans 21. apríl 2017 er þess getið að hann hafi dottið á mótorhjóli 17. apríl en eitthvað „poppað upp“ í öxlinni þegar hann lyfti töskum á Spáni daginn eftir. Þá er þess getið í komunótu hjá bæklunarlækni 24. apríl sama ár að hann hafi dottið á mótorhjóli á Spáni viku áður. Ekkert mat hæfra og óvilhallra manna liggur fyrir um það með hvaða hætti M kunni að hafa orðið fyrir axlarmeiðslunum. Í ljósi þessa og gegn mótmælum V verður að telja ósannað að M hafi orðið fyrir umræddum meiðslum er hann ók bifhjóli við Rauðavatn 17. apríl 2017. Hann á því ekki rétt á bótum úr slysatryggingunni.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum úr almennri slysatryggingu hjá V.

Reykjavík, 21. ágúst 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 211/2018

M og
Vátryggingafélagið V1 vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins A
og
Vátryggingafélagið V2 vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins B

Ágreiningur um bótaskyldu.

Gögn.

Málskot, dags. 28.06.2018 ásamt fylgigögnum.
Bréf V1, vátryggingafélags, dags. 13.07.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V2, vátryggingafélags, dags. 13.07.2018.

Málsatvik.

Ökutækinu A var ekið 15. maí 2018 á miðakrein austur Miklubraut, neðst í Ártúnsbrekku, þegar ökumaður skiptir inn á vinstri akrein. M segir það hafa verið sökum þess að annað ökutæki hafi skipt frá hægri akrein yfir á miðakreinina fyrir framan hann. Þegar ökutækið A var að hálfu komið inn á vinstri akrein ekur ökutækið B, sem var á vinstri akrein, á A. Samkvæmt skýrslu Aðstoðar og öryggi sem gerð var mældust 43,6 metra bremsuför eftir ökutækið B.

Tjónanefnd vátryggingafélaga lagði alla sök á ökumann A fyrir að gæta ekki nægjanlega að annarri umferð við akreinaskipti.

Í málskotinu kemur fram að M telji að ökutækinu B hafi verið ekið yfir hámarkshraða og það hafi átt umtalsverðan þátt í tjóninu. Þá segir M að ökumaður B hafi sagst hafa verið á 120 km hraða eftir að áreksturinn varð. Sökum þessa eigi ökumaður B einnig að bera sök.

Í bréfi V1 kemur fram að félagið telji að leggja beri alla sök á ökumann B fyrir að hafa ekið langt yfir hámarkshraða en til vara eigi að skipta sök til helminga.

Í bréfi V2 kemur fram að mat félagsins sé það að áreksturinn verði einungis rakinn til þess að ökumaður A hafi ekki gætt nægjanlega að annarri umferð þegar hann skipti um akrein og eigi hann því að bera fulla ábyrgð á árekstrinum.

Álit.

Í málinu er ekki ágreiningur um málsatvik. Ökumanni A bar að gæta þess, áður en hann skipti um akrein, að honum væri það unnt án hættu fyrir aðra, sbr. 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Það gerði hann ekki og ber hann því meginsök á árekstrinum. Í skýrslu vitnis í gögnum málsins kemur hins vegar fram að ökutækið B hafi verið á ofsahraða þegar það ók á ökutækið A og staðfest er í skýrslu Aðstoðar og öryggis að bremsuför hafi mælst 43,9 metrar. Þykir því mega slá því föstu að ökumaður B hafi ekið of hratt og skal hann því bera hluta sakar. Með hliðsjón af framangreindu verður sök skipt þannig að ökumaður A ber 2/3 hluta sakar og ökumaður B 1/3 hluta sakar.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber 2/3 hluta sakar og ökumaður B bera 1/3 hluta sakar.

Reykjavík, 21. ágúst 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon, lögm.

Mál nr. 212/2018

M og
Vátryggingafélagið V1 vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins A
og
Vátryggingafélagið V2 vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins B

Ágreiningur um bótaskyldu.

Gögn.

Málskot, dags. 21.06.2018 ásamt fylgigögnum.
Bréf V1, vátryggingafélags, dags. 13.07.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V2, vátryggingafélags, dags. 16.07.18, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M ók ökutækinu A norður Þórunnarstræti 5. mars 2018 þegar ökutækið B ekur inn í vinstri hlið A. Í málskoti M kemur fram að hann hafi farið vinstra megin við B og á götunni hafi verið tvær akreinar. B hafi ætlað að taka u-beygju og lent í hliðinni á A. Tjónanefnd vátryggingafélaganna skipti sök þannig að ökumaður B skyldi bera 2/3 hluta sakar fyrir að hafa tekið u-beygju með röngum hætti en ökumaður A 1/3 þar sem hann hafi ekið fram úr B, sem var í vegavinnu, án nægrar aðgæslu.

Í bréfi V1 kemur fram að M hafi verið í fullum rétti og að ökumaður B hafi tekið u-beygju með röngum hætti. Skv. 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skuli ökumaður ganga úr skugga um það áður en hann snýr ökutæki að það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra. Ökumaður B hafi ekki gætt að þessu. Ökumaður hafi verið að færa sig af hægri akrein yfir á þá vinstri og hafi hann því ekki verið að taka fram úr B.

Í bréfi V2 kemur fram að ökumaður A hafi ætlað að taka fram úr ökutæki við vegavinnu, við gatnamót þar sem fram undan voru snjóruðningar á vegi. Hann hafi með því háttalagi brotið gegn 1. mgr. 22. gr. umferðarlaga þar sem fram kemur að ekki megi taka fram úr öðru ökutæki rétt áður en komið er að vegamótum. Þá hafi hann brotið gegn a-lið 2. mgr. 20. gr. laganna um að ganga úr skugga um að unnt sé án hættu og athuga að akrein sú sem eigi að nota til framúraksturs sé án umferðar á nægilega löngum kafla og ekki sé annað er hindri framúraksturinn. V2 telur að skipta eigi sök til helminga þar sem hvorugur ökumanna hafi gætt nægilega vel að sér í aðdraganda árekstursins

Álit.

Af götumynd sem fylgir gögnum málsins af árekstrarstað má ráða að um eina akrein er að ræða þar sem áreksturinn varð, þ.e. M tók fram úr B áður en gatan skiptist í tvær akreinar. A tekur fram úr vörubifreið sem var í snjómokstri og hefði af þeim sökum átt að fara sérstaklega gætilega. Með vísan til 3. og 4. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 sýndi M ekki fulla aðgæslu og ber hann því að hluta til sök á árekstrinum . Ökumaður B sýndi hins vegar aðgæsluleysi þegar hann ætlaði að taka u-beygju sbr. 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga og ber hann því megin sök á árekstrinum. Með hliðsjón af framangreindu ber M 1/3 hluta sakar og ökumaður B 2/3 hluta skar.

Niðurstaða.

M ber 1/3 hluta sakar og ökumaður B 2/3 hluta sakar.

Reykjavík, 21. ágúst 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon, lögm.

Mál nr. 213/2018

M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar H

Vinnuslys þegar maður lenti með fingur í veltisög 12.1.2018.

Gögn.

Málskot móttekið 26.6.2018, ásamt fylgiskjölum nr. 1-15.
Bréf V, dags. 13.7.2018 ásamt fylgiskjölum 1-4.

Málsatvik.

M starfaði hjá H sem ófaglærður smiður og var að vinna við að klæða vegg og notaði veltisög til verksins. Þegar M ætlaði að slökkva á söginni rak hann vinnuvettling vinstri handar í sagarblaðið með þeim afleiðingum að M slasaðist. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu H hjá V og byggir á meginreglum íslensks skaðabótaréttar. M byggir á því að vinnuaðstæður hafi verið ófullnægjandi og verkstjórn ófullnægjandi. M segir að slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlits ríkisins og beri V hallan af því. V hafnar bótaskyldu og segir að slysið verði ekki rakið til saknæms vanbúnaðar eða vanrækslu starfsmanna H. V segir að Vinnueftirliti ríkisins hafi verið tilkynnt um slysið símleiðis sama dag og slysið varð, en skriflegri tilkynningu hefði verið skilað síðar. V mótmælir því að verkstjórn hafi verið ábótavant. V segir að verkið sem M var að vinna væri algengt og einfalt og verkstjóri verið á staðnum og orsakatengsl milli slyssins og slakrar verkstjórnar ósönnuð. V mótmælir því að veltisögin sem M notaði hafi verið vanbúin og sömuleiðis að persónuhlífum hafi verið ábótavant.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á það af hálfu M að sögin sem hann notaði í umrætt sinn, persónuhlífum eða verkstjórn hafi verið ábótavant í umrætt sinn. Engin gögn hafa verið lögð fram af hálfu M sem sýna fram á réttmæti þeirra fullyrðinga og hefur sönnunarstaða vegna mögulegrar vanrækslu á tilkynningu til Vinnueftirlits ekki áhrif þar sem ekki verður séð að það sé teljandi ágreiningur um málsatvik. Þar sem ekki er sannað eða gert sennilegt að slys M verði rakið til umhverfis, aðstæðna eða starfsmanna sem H ber ábyrgð á hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu H og á M af þeim sökum ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu H hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu H hjá V.

Reykjavík 21.8. 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 214/2018

M og
vátryggingafélagið V v. starfsábyrgðartryggingar fasteignasalans K

Krafa um bætur úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasala vegna meintra mistaka fasteignasalans 1.7.2015.

Gögn.

1. Málskot móttekið 2.7.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-20.
2. Bréf V dags. 30.7.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-3.

Málsatvik.

Af hálfu M er gerð krafa um bætur úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasala þar sem M telur að fasteignasalinn K hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína um gerð og ástand fasteignar, sem hann hafði til sölumeðferðar, en ekki hafi komið fram að asbest hafi verið í þaki fasteignarinnar. M vísa til þess að matsmenn telji að auðvelt sé að sjá við sjónskoðun að asbest sé í þaki hússins sem um ræðir og nauðsynlegt sé að taka tillit til viðbótarkostnaðar við að skipta út asbestklæðingunni. M segir að skv. niðurstöðu héraðsdóms þá hafi kaupandi ekki fengið þær upplýsingar sem seljandi vissi eða mátti vita að hún hefði réttmæta ástæðu til að ætla að hún fengi og viðbótarkostnaður vegna þeirrar vanrækslu K á að fullnægja upplýsingaskyldu sinni kosti M alls rúmar 10 milljónir. M tekur sérstaklega fram að í söluyfirliti sem K hafi gert sé þess ekki getið að asbest sé í þaki hússins sem hann annaðist sölumeðferð á. V hafnar bótaskyldu og segir að kaupandi eignarinnar sem K annaðist um sölumeðferð á fyrir M hafi farið fram á afslátt kr. 1.000.000 vegna þess að asbest væri í þaki hússins, en því hafi M hafnað og M síðar dæmdir í héraðsdómi til að greiða kaupandanum kr. 1.300.000 auk kr. 1.600.000 í málskostnað. V bendir á að M sé dánarbú og þeir sem komi fram fyrir dánarbúið í máli þessu séu aðeins tveir af tíu erfingjum og ekki liggi fyrir að þeir hafi umboð hinna erfingjanna til þessarar meðferðar málsins og vísar V í því sambandi til 3. og 4.gr. samþykkta nefndarinnar. Þá vekur V athygli á því sem kemur fram í héraðsdómi að K hafi ekki verið kunnugt um að byggingarefni þakklæðningarinnar væri asbest og það ekki blasað við þeim sem fasteignina skoðuðu hvort heldur leikmönnum né sérfræðingum. V segir að ljóst sé að hluti erfingja sem voru seljendur eignarinnar voru þeir einu sem sannanlega höfðu vitneskju um byggingarefni þakklæðningarinnar og komu þeirri vitneskju hvorki á framfæri við K né kaupanda fasteignarinnar og voru þeir taldir í dómi héraðsdóms í málinu E-1309/2014 hafa sýnt af sér saknæma hegðun. Þá segir V að ekkert hafi komið fram í tengslum við sölumeðferðina sem hafi gefið K tilefni til að ætla að eignin væri haldin þeim galla sem síðar kom í ljós.

Álit.

Fyrir liggur að hluti seljanda vissi um það að asbest var í þakklæðningu hússins Hófgerði 4, Reykjavík sem K hafði til sölumeðferðar, en gerðu hvorki K grein fyrir þeirri vitneskju sinni við gerð söluyfirlits fyrir eignina né kaupanda áður en kaup voru ráðin. Í niðurstöðu héraðsdóms í málinu nr. E-1309/2014 segir m.a; „*Samkvæmt þessu og með vísan til 3. mgr. 29. gr. laga um fasteignakaup stendur upplýsingaskylda aðalstefnenda, sem eðli máls samkvæmt tekur til þeirra allra óhögguð, en af því leiðir að ekki er á það fallist með þeim að gagnstefnandi hafi vanrækt svo aðgæsluskyldu sína við skoðun á húsinu að það valdi því að hún geti ekki borið gallann fyrir sig. Breytir í þessum efnum engu þótt talið yrði að hinum sérfróðu aðilum hafi átt að vera það ljóst við skoðun sína að um asbestklæðningu væri að ræða, en engu verður slegið föstu um það.*“ Niðurstaða héraðsdóms er sú að engu verði slegið föstu um það að jafnvel byggingarfróðir aðilar hefðu átt að veita því eftirtekt að um asbestklæðningu væri að ræða á þaki hússins Hófgerði 4, Reykjavík. Þegar svo víkur við sem í þessu máli, að hluti seljenda veit um að þak hússins var með

asbestklæðningu og upplýsa hvorki fasteignasala né kaupanda um það, þá er sá upplýsingaskortur á ábyrgð seljenda en ekki annarra. Því til viðbótar liggur fyrir það mat héraðsdómara að engu verði slegið föstu um það að sérfróðum aðilum hafi átt að vera ljóst að um asbestklæðningu væri að ræða á þaki hússins. Þegar af þessum ástæðum á M ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu K hjá V þar sem sýnt er fram á vitneskju seljanda um það ástand sem leiðir til bótaskyldu þeirra, en ekki er sýnt fram á vanrækslu af hálfu K á skyldum sínum sem fasteignasala í þessu tilviki.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasalans K hjá V.

Reykjavík 21.8. 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 215/2018

M og
Vátryggingafélagið V vegna frjálsrar ábyrgðartryggingar

Ágreiningur um bótaskyldu er skemmdir urðu á ljósleiðaralögn.

Gögn.

1. Málskot móttekið 28. júní 2018, ásamt fylgigögnum 1 - 5.
2. Bréf V, dags. 31. ágúst 2018.

Málsatvik.

Í málskoti M kemur fram að X hafi verið að setja upp vegrið á stuttum kafla við Ásveg í Ásahreppi. Meðfram veginum liggur ljósleiðari í eigu M. Við vinnu sína við að reka niður staur fyrir vegriðið hafi X slitið ljósleiðarastreng sem er í eigu M

Samkvæmt upplýsingum frá M var tæknimaður verið fenginn til þess að merkja það svæði sem ljósleiðarastrengurinn liggur áður en vinna X við verkið hófst. Þá hafi X verið greint sérstaklega frá því að mæling á því hvar strengurinn lægi væri ekki nákvæm, sérstaklega vegna þess að á umræddu svæði sé halli, sem getur leitt til skekkju á mælingu á legu strengsins. Að sögn M hafi X af þessum sökum fengið tilmæli um að gera ráðstafanir vegna þessa og þá helst með því að grafa og finna strenginn. Það hafi hins vegar ekki verið gert.

M hefur gert kröfu í frjálsa ábyrgðartryggingu X á þeim grundvelli að X beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu, þar sem X hafi ekki sýnt fram á að fyllstu aðgæslu hafi verið gætt við verkið.

V hafnar bótaskyldu með vísan til þess að X hafi sýnt af sér fyllstu aðgæslu við lagningu vegriðsins. Þá kemur fram í gögnum málsins að X minnist þess ekki að hafa verið varaður við því að mæling strengsins kynni að vera ónákvæm. Þá hafi staurarnir sem reknir voru niður aldrei verið nær en 60-90 cm. frá ætlaðri legu ljósleiðarastrengsins m.v. mælingar tæknimanns.

Álit:

Ekki er um það deilt að ljósleiðarastrengur telst vera fjarskiptavirki í skilningi 14. tölul. 3. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti. Samkvæmt síðari málslið 3. mgr. 71. gr. sömu laga er þeim sem veldur tjóni á fjarskiptavirki skylt að bæta allt það tjón sem af skemmdunum leiðir nema að hann sýni fram á að ekki hafi verið komist hjá tjóni þó að fyllstu aðgæslu hafi verið gætt. Á grundvelli reglna skaðabótaréttarins ber V ábyrgð á tjóni M sem hlaust við það að ljósleiðarastrengurinn slitnaði, nema hann geti sýnt fram á að hjá tjóni hafi ekki verið komist þótt starfsmenn hans hafi sýnt fyllstu aðgæslu í störfum sínum við framkvæmdina.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að X hafi mátt vita að ljósleiðarastrengur lægi í jörðu nærri því svæði sem honum var ætlað að reka niður staura fyrir vegriðið. Þar sem ekki er hægt að treysta því að mæling jarðstrengja séu fullkomlega nákvæmar, hefði X því með réttu átt að ganga úr skugga um að ekki væri hætta á að strengurinn yrði fyrir skemmdum við þá vinnu sem fyrirhuguð var. Hefði X getað grafið niður að strengnum og staðsett hann nákvæmlega áður en vinna hófst, en það gerði hann ekki.

Að þessu virtu þykir ekki hafa verið sýnt fram á að hjá tjóninu hefði ekki verið komist þótt sýnd hefði verið fyllsta aðgæsla þegar staurinn var rekinn niður í umrætt sinn. Af því leiðir að V ber ábyrgð á tjóni M, sbr. 3. mgr. 71. gr. laga nr. 81/2003, og þar með skal það bætast úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

M á rétt á að fá tjón sitt bætt úr frjálsri ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 18. september 2018

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 216/2018

M og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar orkuveitu B.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns á húseign af völdum leka frá heitavatnsinntaki.

Gögn.
Málskot, móttekið 29.6.2018, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Bréf V, dags. 24.7.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Í febrúar 2017 varð M þess vör að parket á gólfi fyrir framan baðherbergi í húseign hennar, A, væri skemmt. Sýnt var að skemmdirnar mátti rekja til raka í A, en nokkurn tíma tók að finna orsök rakans. Eftir ýmsar athuganir og skoðanir tjónaskoðunarmanna og pípulagningamanna kom í ljós, að því er virðist þegar komið var fram á sumar 2017, að heitavatnsinntak frá orkuveitufyrirtækinu B lak og seytlaði heitt vatn inn undir húsið. Í ágúst 2017 var gert við lögnina af hálfu B. Endanlegri viðgerð á A mun svo hafa lokið í apríl 2018.

M telur að B hafi vanrækt eftirlit með lögninni sem bilaði og hefur krafist bóta vegna þess tjóns sem varð á A úr ábyrgðartryggingu B hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.
Inntakslögn sú sem bilaði mun hafa verið nærri 40 ára gömul þegar tjónið varð. Þrátt fyrir þennan aldur lagnarinnar verður ekki ráðið af gögnum málsins að B hafi borið að hafa endurnýjað lögnina vegna aldurs hennar áður en tjónið varð. Ekki liggja heldur fyrir nein gögn um það að B hafi átt þess kost að hafa virkt eftirlit með lögninni þannig að unnt hefði verið að bregðast við áður en hún brast eða áður en B var tilkynnt um bilunina. Þá verður ekki ráðið að lög eða stjórnvaldsfyrirmæli leggi ábyrgð án sakar á B í tilvikum sem þessum. Að öllu virtu verður ekki talið að sýnt hafi verið fram á skaðabótaábyrgð B á tjóni M. Hún á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingunni hjá V.

Niðurstaða.
M, á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík, 21. ágúst 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 217/2018

M og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar A

Ágreiningur um bótaskyldu er ísklumpur féll af þaki hótels og olli skemmdum á bifreið.

Gögn.
Málskot, móttekið 5.7.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 30.7.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Að kvöldi 18. febrúar 2018 hrundi ísklumpur af þaki húss, þar sem A hefur hótelrekstur með höndum við götuna B í Reykjavík, ofan á bifreið M er henni var ekið eftir B. Í lögregluskýrslu um atvikið segir að sjá hafi mátt að talsvert magn af ís stóð fram af brún þaksins og á meðan lögregla var að störfum hafi meri ís hrunið niður af þakinu. Af þeim sökum hafi götunni verið lokað og lögregluborði settur til að varna því að fólk myndi ganga undir ísinn sem var að falla af þakinu. Þá hafi hótelstjóri A fengið verktaka til að hreinsa ís af þakinu til að koma í veg fyrir slysahættu og frekara tjón.

Samkvæmt veðurfarsyfirliti frá Veðurstofu Íslands var meðalhiti í Reykjavík umræddan dag 0,8°C, hámarkshiti 1,7°C og lágmarkshiti -2,9°C. Úrkoma mældist engin þennan dag en snjódýpt taldist vera 15 cm og dagana áður hafði mælst allnokkur úrkoma í formi snjókomu.

Nokkurt tjón varð á bifreið M og hafa þau krafist bóta vegna tjónsins úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.
Af lýsingu í lögregluskýrslu má ráða að talsverður snjór hafi verið á þaki hússins um það leyti sem óhappið varð og veðurfarslegar aðstæður verið þannig að miklar líkur voru á að snjór myndi falla niður af húsþakinu, eins og raunin var. Hættuna sem af þessu stafaði mátti sjá með berum augum á jörðu niðri. Starfsmenn A, sem stundaði hótelrekstur í húsinu, áttu því að gera sér grein fyrir þessari hættu og bregðast við til að koma í veg fyrir að tjón myndi hljótast af. Á því varð misbrestur sem verður að virða þeim til sakar. Leiðir það til þess að A sem vinnuveitandi þeirra ber skaðabótaábyrgð á tjóni því sem varð á bifreið M umrætt sinn. M eiga því rétt á að fá tjónið bætt úr ábyrgðartryggingu A hjá M.

Niðurstaða.
M, eiga rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A, hjá V.

Reykjavík, 18. september 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 218/2018

M og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar sveitarfélags.

Kennari varð fyrir meiðslum er hann féll á gólfi í matsal grunnskóla.

Gögn.
Málskot, móttekið 6.7.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 12.7.2018.

Málsatvik.
Um hádegisbil 2. mars 2016 kom M, kennari í grunnskólanum A, niður stiga af efri hæð skólans inn á svæði mötuneytis skólans. Í sama mund og hann gekk fram hjá glasa- og diskarekkum steig barn í veg fyrir hann með þeim afleiðingum að honum fipaðist, missti fótanna, rann til í bleytu á gólfinu og skall illa á gólfið. Varð hann fyrir nokkrum meiðslum við fallið. Sveitarfélag það sem á og rekur A hefur í gildi ábyrgðartryggingu hjá V sem m.a. tekur til starfsemi A.

Kveður M að slysið megi rekja til vanrækslu starfsmanna A að þrífa upp bleytu í matsalnum og vanbúnaðar á vinnustaðnum. Er í þeim efnum vísað til 37 gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og 1. og 2. mgr. 3. gr. reglna nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða. Hefur M krafist bóta fyrir líkamstjón sitt úr fyrrgreindri ábyrgðartryggingu hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.
M rann í bleytu í mötuneyti A fyrir framan rekka þar sem nemendur skólans, allt frá sex ára aldri, skila af sér mataráhöldum, diskum, glösum o.þ.h., eftir að hafa matast. Viðbúið er að bleyta geti komið á gólfið fyrir framan rekkana án þess að því verði komið við að gólfið sé þurrkað jafnharðan og bleyta sest á það. Ekki liggur fyrir að starfsfólk skólans hafi vitað um bleytuna sem M rann í án þess að hafa gert viðhlítandi ráðstafanir til að þurrka hana upp. Þá verður heldur ekki ráðið af gögnum málsins að skipulag í matsalnum hafi getað verið með öðrum hætti þannig að komið yrði í veg fyrir að bleyta væri á gólfi matsalarins þar sem nemendur og starfsfólk skólans ganga um. Að öllu virtu þykir ekki hafa verið sýnt fram á að slysið megi rekja til saknæmrar háttsemi starfsmanna skólans eða annarra atvika sem eigandi og rekstraraðili A getur borið ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr fyrrgreindri ábyrgðartryggingu hjá V.

Niðurstaða.
M, á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu hjá V.

Reykjavík, 14. ágúst 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 219/2018

M og
V vegna slysatryggingar ökumanns A

Ágreiningur um bótaskyldu.

Gögn.
1. Málskot, dags. 05.07.2018 ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, vátryggingafélags, dags. 10.07.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
M ók ökutækinu A aftan á annað ökutæki sem var stopp á rauðu ljósi 17. ágúst 2017 og slasaðist. V taldi að M ætti að bera helming sakar þar sem hún hefði sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með því að hafa verið að fikta í símanum sínum og verið að horfa á skjá hans í aðdraganda árekstursins.
M telur sig ekki hafa sýnt af sér stórkostlegt gáleysi og að háttsemi hennar eigi ekki undir 1. mgr. 47. gr. a umferðarlaga nr. 50/1987 þar sem fram kemur að ökumanni vélknúins ökutækis sé við akstur óheimilt að nota farsíma án handfrjáls búnaðar. M telur að um almennt gáleysi hafi verið að ræða og því eigi 2. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004, um vátryggingarsamninga, við í þessu máli og það leiði ekki til takmörkunar á ábyrgð V.
Í bréfi V kemur fram að rannsóknir hafi sýnt að hætta á árekstri margfaldist ef ökumaður notar farsíma undir stýri og hættan sé mun meiri ef notkunin felur það í sér að horfa á skjá símans eins og í tilfelli M.

Álit.
Í lögregluskýrslu sem fylgir gögnum málsins kemur fram að M hafi verið að fikta í farsíma sínum og verið að horfa á skjá hans. Samkvæmt 1. mgr. 47. gr. gr. a umferðarlaga nr. 50/197, er ökumanni vélknúins ökutækis óheimilt að nota farsíma án handfrjáls búnaðar. Lýsing M í lögregluskýrslu ber með sér að hún hafi verið að nota farsímann og telst sú háttsemi til stórkostlegs gáleysis. Með vísan til þess ber M helming tjóns síns sjálf.

Niðurstaða.
M ber helming sakar vegna bóta úr slysatryggingu ökumanns ökutækisins A hjá V.

Reykjavík, 21. ágúst 2018.
Sóley Ragnarsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon, lögm.

Mál nr. 220/2018

M og
vátryggingafélagið V1 v. ökutækisins A
vátryggingafélagið V2 v. ökutækisins B

Árekstur bifreiða á Reykjanesbraut norður við Fjarðarhraun þ. 13.6.2018

Gögn.

Málskot móttekið þ. 9.7.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-5
Bréf V-1 dags. 3.8.2018.
Bréf V-2 dags.23.7.2018. ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðunum A og B. B var kyrrstæður á hægri akrein á Reykjanesbraut vegna vélarbilunar (vél ofhitnaði) og A var ekið á hægri akrein frá Hlíðartorgi á eftir annarri bifreið sem beygði yfir á vinstri akrein og rakst A í vinstra afturhorn B. Engin neyðarþríhyrningur var notaður af ökumanni B og sagðist ökumaður ekki hafa haft tíma til þess, en var þó búinn að opna húddið til að kæla bílinn niður og setjast aftur inn í bílinn þegar árekstur varð. Ökumaður A segist hafa verið að koma út úr hringtorginu og það hefði verið bíll á undan henni á hægri akrein og sá bíll hafi allt í einu sveigt til vinstri og þá hafi B blasað við kyrrstæður á götunni og hafi hún rétt náð að sveigja til vinstri en rekist utan í vinstra hornið. Ökumaður B segir að bíllinn hjá sér hafi ofhitnað og það hafi byrjað að koma reykur frá vélinni og hann því stoppað á hægri akrein og síðan hafi liðið 2-3 mínútur þangað til A ók á B. Ökumaður B segir að viðvörunarþríhyrningur sé í B en ekki hafi gefist tími til að setja hann upp, en viðvörunarljós (hasardljós) hefðu logað.

Álit.

Ökutæki A rakst á B kyrrstæða og gætti ökumaður ekki nægjanlega að umferð fyrir framan sig og ber því meginsök á árekstrinum. Samkvæmt 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 má ekki stöðva eða leggja ökutæki þar sem það getur valdið hættu eða óþarfa óþægindum fyrir umferðina. Stöðvist ökutæki vegna vélarbilunar þar sem bannað er að stöðva ökutæki eða leggja því skal flytja það á viðeigandi stað eins fljótt og unnt er, sbr. 1. mgr. 30. gr. umferðarlaga. Hafi ökutæki stöðvast á þannig stað eða svo, að hætta eða óþægindi stafi af fyrir umferð skal ökumaður jafnframt gera ráðstafanir til að vara aðra vegfarendur við þar til að það hefur verið flutt brott. Misbrestur varð á því hjá ökumanni B að hann gripi til allra þeirra tiltæku ráðstafana sem honum bar að gera þar sem hann setti ekki upp viðvörunarþríhyrning strax og bifreiðin hafði stöðvast vegna vélarbilunar á mjög fjölfarinni umferðargötu. Miðað við lýsingu á aðstæðum verður að ætla að ökumaður bifreiðar B hefði getað reynt að setja setja upp viðvörunarþríhyrningin áður en árekstur varð. Ber að meta honum það að einhverju leyti til sakar, en taka verður tillit til þess að ökumaður B setti strax á viðvörunarljós (hasardljós) á bifreiðinni eftir að hún hafði stöðvast. Við mat á sakarskiptingu þykir rétt að ökumaður A beri 2/3 sakar en ökumaður B beri 1/3 sakar.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber 2/3 sakar og ökumaður B ber 1/3 sakar.

Reykjavík 24.8.2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 221/2018

M og
vátryggingafélagið V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Árekstur á Austurvegi á Selfossi 8. júní 2018..

Gögn.

Málskot, móttekið 12.7.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V2, dags. 30.7.2018.
Tölvupóstur V1, dags. 10.8.2018.
Tölvupóstur lögmanns M, dags. 20.8.2018 ásamt myndum. Einnig sendur á V1 og V2.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að bifreið B var ekið frá bifreiðastæði við Skalla/KFC inn á til vestur í vinstri beygju inn á Austurveg þegar bifreið A var ekið framhjá ónefndri bifreið, sem dró hjólhýsi og var báðum þeim bifreiðum ekið austur Austurveg og ónefnda bifreiðin með fyrirhugaða aksturssstefnu til hægri inn á fyrrnefnt bifreiðastæði, en bifreið B með fyrirhugaða aksturssstefnu áfram austur Austurveg.

M telur að sök hafi ranglega verið lögð á bifreið A af hálfu Tjónanefndar vátryggingafélaganna, en hún vísaði til þess að ökumaður bifreiðar A hafi ekið fram úr bifreið á undan með ólögmætum hætti og ökumaður bifreiðar B hafi ekki mátt vænta þess. M vísar til þess að bifreið A hafi verið ekið á um 30-35 km hraða í greint sinn austur Austurveg og hafi aldrei ekið yfir heila línu á akbrautinni heldur fram með bifreið sem ekið var hægt á undan með greinilega aksturssstefnu til hægri inn á bifreiðastæði. M vísar einnig til þess að akbraut Austurvegar sé það breið að hægt sé að aka með þessum hætti án þess að fara yfir merktar línur á akbraut og bendir á myndir sem teknar voru sérstaklega til að sýna fram á það. Einnig vísar M til þess að ákomur á bifreiðunum bendi til þess að ekið hafi verið á bifreið A. M telur að forgangur hans við akstur um Austurveg hafi verið fyrir hendi og ökumaður bifreiðar B hafi brotið gegn fyrirmælum 3. mgr., eða eftir atvikum 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 þegar hann ók inn á Austurveg af bifreiðastæði. Ekki sé hins vegar sýnt að ökumaður bifreiðar A hafi brotið gegn fyrirmælum 20. og 22. gr. umferðarlaga varðandi framúrakstur. V1 tekur undir sjónarmið M í tölvupósti sínum.

V2 telur hins vegar að ökumaður bifreiðar A beri alla sök á árekstrinum þar sem sá ökumaður hafi ekið yfir heila miðlínu á Austurvegi við framúrakstur sem og yfir sérstaklega merkt bannsvæði og þannig farið gegn fyrirmælum 30. gr. reglugerðar um umferðarmerki og notkun þeirra nr. 289/1995. V2 telur að ekki hafi verið unnt að aka fram úr bifreið með hjólhýsi aftan í án þess að aka yfir bannsvæðið og ökumaður bifreiðar B hafi ekki mátt vænta slíks aksturslags á einbreiðri akbraut Austurvegar.

Álit.

Í málinu liggja fyrir ítarleg gögn af atvikum, ákomum og aðstæðum á vettvangi. Það hvílir almenn skylda á ökumönnum sem aka inn á veg út af bifreiðastæði að veita umferð um veginn forgang, sbr. fyrirmæli í 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga. Þess átti ökumaður bifreiðar B að gæta þegar hann ók út af bifreiðastæði og inn á Austurveg í vinstri beygju með fyrirhugaða aksturssstefnu í vesturátt. Sönnunarbyrði verður að leggja á þann sem viðhefur slíkt aksturslag að sá sem ekur um veg (ökumaður bifreiðar A) hafi sýnt af sér sök við akstur sinn.

Austurvegur á Selfossi er nokkuð breiður einbreiður akvegur og eins og kemur fram í gögnum málsins hafa verið gerðar ráðstafanir með umferðarmerkingum og leiðbeiningum til að minnka hættu á umferðaróhöppum vegna þessa. Þar á meðal má sjá þær merkingar sem ökumaður bifreiðar B nálgaðist við akstur sinn. Þegar litið er til þeirra mynda sem lagðar hafa verið fram og aðstæðna allra

verður ekki talið fyllilega sannað ökumaður bifreiðar B hafi ekið yfir yfirborðsmerkingar eða bannlínur við akstur sinn austur Austurveg eða með öðrum hætti ekið þannig að það verði virt honum til sakar. Hallann af þeim sönnunarskorti ber ökumaður bifreiðar B. Verður því öll sök lögð á ökumann bifreiðar B.

Niðurstaða.
Öll sök á árekstri milli bifreiða A og B verður lögð á bifreið B

Reykjavík, 18. september 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 222/2018

M og
vátryggingafélagið V v/ málskostnaðartryggingar fjölskyldutryggingar.

Ágreiningur um gildissvið vátryggingarskilmála vegna dómsmáls.

Gögn.
Málskot, móttekið 5.7.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 16.8.2018, ásamt úrskurði í máli nefndarinnar nr. 56/2018.

Málsatvik.
M var aðili að dómsmáli sem lauk með dómi Hæstaréttar í máli nr. 828/2015 hinn 13. október 2016. Í því máli voru M dæmdar svokallaðar efndabætur vegna ólögmætrar riftunar starfslokasamnings sem hún gerði við vinnuveitanda sinn á árinu 2013 og rift var í byrjun árs 2014. M telur að greiða eigi bætur vegna málskostnaðar úr vátryggingu hennar hjá V vegna umrædds málareksturs.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar í fyrsta lagi til þess að ágreiningur í dómsmálinu hafi varðað starfslokasamning M og þar af leiðandi eigi við undanþáguákvæði í vátryggingarskilmálum, nánar tiltekið í gr. 25.5 þar sem segi að málskostnaðartrygging greiði ekki bætur vegna ágreinings sem er í tengslum við atvinnu eða embættisrekstur vátryggðs. Einnig vísar V til þess að ágreiningur í málinu hafi komið upp á árinu 2014 en með vísan til ákvæðis í sameiginlegum skilmálum fjölskyldutryggingar þá hafi vátryggður eitt ár frá því að hann vissi um atvik sem krafa hans um bætur er reist á til þess að tilkynna V um tjóni. V vísar til þess að ákvæði skilmála um árs tímafrest til tilkynningar tjóns eigi stoð í 2. mgr. 51. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

M vísar til þess í málskoti sínu að dómsmál það sem hún hafi þurft að höfða hafi snúist um efndabætur og að hún hafi ekki verið launþegi eða haft með höndum atvinnurekstur sem og að hún hafi ekki vitað um vátryggingu sína vegna málskostnaðar fyrr en henni hafi verið bent á hana af lögmanni og þá hafi hún strax tilkynnt um tjónið til V.

Álit.
Samkvæmt vátryggingarskilmálum málskostnaðartryggingar þeirrar sem hér er til skoðunar bætir vátryggingin málskostnað vegna ágreinings sem snertir vátryggðan sem einstakling og getur komið til úrlausnar héraðsdóms eða Hæstaréttar hér á landi. Í skilmálunum eru ýmis tilvik undanþegin bótaskyldu, þ. á m. málskostnað vegna ágreinings sem er í tengslum við atvinnu eða embættisrekstur vátryggðs, sbr. gr. 25.5 í vátryggingarskilmálum fjölskyldutryggingar M hjá V. Ágreiningur í dómsmáli því sem M höfðaði og dæmt var í Hæstarétti 13. október 2016 snerist um það hvort starfslokasamningi M við vinnuveitanda hennar hefði verið rift með ólögmætum hætti og hún ætti rétt á efndabótum þess vegna. Starfslokasamningurinn var gerður vegna starfs M hjá vinnuveitandanum og er því eingöngu gerður vegna atvinnu hennar. Verður að telja að sá ágreiningur sem tengist efndum starfslokasamnings sé í tengslum við atvinnu vátryggðs í skilningi fyrrnefnds undanþáguákvæðis vátryggingarskilmála. Verður þegar af þeirri ástæðu ekki fallist á bótaskyldu úr málskostnaðartryggingu M hjá V og ekki nauðsynlegt að fjalla frekar um tjónstilkynningarfrest í skilningi 1. mgr. 51. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Niðurstaða.
M, á ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu hjá V.

Reykjavík, 18. september 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 223 /2018

M og
vátryggingafélagið V1 v. ökutækisins A og
vátryggingafélagið V2 v. ökutækisins B

Árekstur á gatnamótum við Birkigrund þ. 22.11.2017

Gögn.

Málskot móttekið þ. 16.7.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-4
Bréf V-1 dags. 8.8.2018 ásamt fylgiskjölum 1-2.

Málsatvik.

Árekstur varð á gatnamótum við Birkigrund. Í skýrslu Aksturs og Öryggis um tjónsatvikið segir: B var ekið austur Birkigrund og var á gatnamótunum og A var ekið norður Birkigrund með fyrirhugaða akstursstefnu vestur Birkigrund. B ók gegnt biðskyldu út á akbrautina þegar A ók yfir á rangan vegarhelming og ætlaði að taka mjög þrönga vinstri beygju inn Birkigrund og framan á B, sem var hálfnaður út á akbrautina. Eftir ökumanni B er haft að þegar hann hafi komið út á götuna og verði að beygja til hægri hafi hann séð bíl koma á móti sér og hafi bíllinn virst vera að renna og verið kominn inn á öfugan vegarhelming og hann ekki getað komið í veg fyrir árekstur. Ökumaður A segir að hann hafi ætlað að beygja inn í götuna þar sem B hafi komið út og séð bílinn þegar hann var í þann mund að beygja inn götuna og hann hafi ekið mjög hægt.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað séð, en að A hafi tekið of þrönga vinstri beygju í umrætt sinn og beri meginsök á árekstrinum. B ber einnig nokkra sök fyrir að hafa ekið út á götuna gegnt biðskyldu. Við mat á sakarskiptingu þykir rétt, að A beri 2/3 sakar og B beri 1/3 sakar.

Niðurstaða.

A ber 2/3 sakar og B ber 1/3 sakar.

Reykjavík 18.9. 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður. Jón Magnússon lögmaður.

Mál nr. 224/2018

M og
vátryggingafélagið V v/ slysatryggingar sjómanna.

Ágreiningur um hvort sjúkdómseinkenni megi rekja til tiltekins sjóslyss.

Gögn.
Málskot, móttekið 17.7.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 1.8.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Að morgni 2. nóvember 2015 vildi til að það atvik að skipið A sökk í höfn eftir að það hafði verið sjósett í kjölfar viðgerðar í slipp. Í fyrirliggjandi lögregluskýrslu kemur fram að þegar lögregla og slökkvilið komu á vettvang hafi framhluti A verið nánast kominn í kaf og nokkrum mínútum síðar hafi allt skipið verið horfið undir yfirborð sjávar. Áður en skipið sökk hafi slökkvilið byrjað að dæla úr skipinu en ekki haft undan og orðið frá að hverfa. Þrír menn hefðu verið um borð í skipinu, M sem hafði stöðu vélstjóra um umborð og tvö vitni, B og D, starfsmenn viðkomandi slipps. Þeir voru allir komnir í land þegar lögregluna bar að.

Í skýrslu lögreglunnar er haft eftir M að skipið hafi verið í almennu viðhaldi í slippnum og staðið hafi til að sigla því að bryggju í höfninni. Fyrr um morguninn kvaðst M hafa óskað eftir því að fá skipstjóra með sér í verkefnið en verið neitað um það þar sem ekki hafi staðið til að sigla skipinu út úr höfninni. Ástæðu þess að skipið sökk kvað M hafa verið „að einhverjar stórar lestarlokur í stefni skipsins hefðu verð opnar.“ Venjulega stjórni skipstjóri slíkum lokum og hann sjálfur hefði hreinlega aldrei komið að því loka eða opna lestarlokum og hafi hann steingleymt þeim. Aðspurður um hver bæri ábyrgð á atvikinu svaraði M „ætli ábyrgðin sé ekki mín.“

Eftir vitninu B er haft í skýrslu lögreglu að hann hafi ekki vitað nákvæmlega hvað gerðist, hugsanlega hafi botnloki ekki verið lokaður. Rafmagn hafi verið á A og þeir því haldið að þeir gætu dælt sjónum út. Rafmagn hafi svo farið af A við endann á bryggju sem A lagðist svo við. Þeir hafi siglt meðfram bryggjunni út á enda og A komið þar fyrir. Þar hafi skipið svo sokkið.

Eftir vitninu D er haft að eftir sjósetningu A hafi hann séð smá leka í þar til gerðu „boxi“ í lestarrými A. Lekinn hafi verið lítill og héldu þeir B og D að þetta væri eðlilegt, en hann ákvað samt að láta M, vélstjóra, vita af þessu. Að sögn D virtist M „panikka“ þegar hann sá lekann og hafi hann drifið sig í vélarrýmið. Eftir sjósetningu hafi byrjað að leka mikið af sjó inn í skipið og það byrjað að sökkva, en því hafi þó verið siglt að enda bryggjunnar þar sem því var svo lagt.

Í fyrirliggjandi vottorði sálfræðings kemur fram að M hafi komið fyrst í viðtal til hans tveimur dögum eftir atvikið. Honum hafi verið mjög niðri fyrir er hann fór yfir málsatvik og lýsti því hvernig hann hafi reynt að bjarga skipinu án árangurs. Hafi M upplifað mikla vanlíðan. Gamalt áfall hafi og rifjast upp er hann bjargaðist naumlega úr sjávarháska. Í öðrum viðtalstíma tveimur dögum síðar hafi M liðið betur. Hann hafi verið á leið til sólarlanda næsta morgun og hafi honum fundist hann vera slakari. Farið hafi verið aftur yfir atvikið og að mati M hafi hann brugðist rétt við aðstæðum. Hann hafði haft samband við skipstjóra og fleiri og sá ekki að hann hefði getað gert neitt öðruvísi en hann gerði. Hafi M metið það svo að líðan hans yrði í lagi. M hafi svo síðast komið í viðtal 11. ágúst 2017. Honum hafði þá verið sagt upp störfum hjá útgerð A í júní 2016 vegna minnkandi verkefna en upplifði að yfirmenn hefðu viljað losna við sig. Hafði honum fundist að hann væri að jafna sig þar til uppsögnin kom. Fannst honum hann vera mjög óöruggur og myndbrot frá atvikinu er A sökk komu í hugann og upplifði hann sig mjög hætt kominn í slysinu. Kvaðst hann finna fyrir þunglyndi og breyttum persónuleika. Í lok viðtalsins voru lögð mælitæki fyrir M til að meta líðan hans. Samkvæmt þessum mælitækjum taldist hann vera með nokkur depurðareinkenni, væg kvíðaeinkenni og einkenni áfallastreituröskunar hafi verið undir klínísku viðmiði en þó vel merkjanleg.

M leitaði til bæklunarlæknis í sjö skipti á tímabilinu 11. ágúst 2016 til 20. júní 2017. Í fyrirliggjandi vottorði læknisins er sjúkrasögu M lýst svo að hann hafi lent í sjóslysi 2. nóvember 2015. Skipið hafi sokkið og hann þurft að handlanga sig fram og hangið í slám þegar skipið hvolfdi og hafi hann meiðst á báðum öxlum, enda hafi hendur hans orðið honum til lífs. Án þeirra væri hann dauður. Með ógnarkrafti hafi honum tekist að handlanga sig fram að næsta opi þar sem hann hafi komist út úr skipinu og bjargað sér áður en það sökk. Hann hafi í tvö skipti komið í þrýstingsléttandi aðgerðir á báðum öxlum. Hann hafi skánað aðeins við það en finni enn fyrir verkjum. Ekki sé við frekari bata að búast úr þessu og ekki sé unnt að bæta ástandið með frekari læknisaðgerðum.

Í læknisvottorði heimilislæknis á heilsugæslustöð kemur fram að M hafi leitað læknis í janúar 2017 vegna verkja frá öxlum, en ekki komi fram tengsl við fyrrgreint sjóslys í nóvember 2015.

M telur sig hafa tognað á báðum öxlum við atvikið og að geðheilsa hans hafi borið hnekki. Hefur hann krafist bóta úr slysatryggingu sjómanna sem útgerð A hafði í gildi hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Skilmálar slysatryggingar þeirrar sem M krefst bóta úr liggja ekki fyrir í málinu. Engu að síður þykir mega slá því föstu að bætur úr vátryggingunni skulu ákvarðaðar í samræmi við ákvæði í kjarasamningi vélstjóra við útgerð A, þ.e. að þær skulu ákvarðaðar á grundvelli reglna skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum.

Engin matsgerð hæfra og óvilhallra manna liggur fyrir í málinu um hverjar afleiðingar sjóslysið hefur haft fyrir M. Sú atvikalýsing sem er að finna í framangreindu læknisvottorði bæklunarlæknisins á sér enga stoð í öðrum gögnum málsins. Telja verður ósannað að M hafi verið svo hætt kominn er A sökk eins og þar er lýst. M leitaði fyrst til fyrrgreinds bæklunarlæknis í ágúst 2016, eða rúmum níu mánuðum eftir sjóslysið, vegna verkjaeinkenna frá öxlum. Einnig leitaði hann læknis á heilsugæslustöð í janúar 207 vegna verkja frá öxlum án þess að tengja verkina við sjóslysið 2. nóvember 2015. Í ljósi þessa verður að telja ósannað að þau axlarmein sem lýst er í fyrrgreindu læknisvottorði verði rakin til sjóslyssins sem hér um ræðir. Þá gefur umfjöllun og niðurstaða í fyrirliggjandi vottorði sálfræðings ekki nægilegt tilefni til að ætla að M hafi orðið fyrir líkamstjóni sem leitt getur til bóta úr slysatryggingunni. Að öllu framangreindu virtu telst M ekki eiga rétt til bóta úr umræddri slysatryggingunni hjá V.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sjómanna hjá V.

Reykjavík, 24. ágúst 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 226/2018

M og
vátryggingafélagið V v. farangurstjóns kortatryggingar.

Handtösku stolið úr bíl á Tenerife 16.3.2018.

Gögn.

Málskot móttekið 25.7.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-6.
Bréf V, dags. 2.8.2018.

Málsatvik.

M segir að hann hafi lagt bifreið á útsýnisstað á Tenerife og hurð bílsins hafi verið opin í um það bil eina mínútu. Handtaska sem var í bifreiðinni var horfin og telur M að fólk í bíl við hliðina hafi teygt sig í hana og tekið hana. M krefst bóta úr kortatryggingu sinni hjá V vegna þessa farangurstjóns sem hann varð fyrir. V hafnar bótaskyldu og vísar til varúðarreglu greinar 5 í vátryggingaskilmálum fyrir umrædda tryggingu, þar sem tekið er fram að vátryggður skuli gæta fyllsta öryggis og sé þess ekki gætt sé heimilt að fella ábyrgð niður í heild eða að hluta skv. 26.gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Í því sambandi vísar V til þess, að það teljist brot á varúðarreglu ef vátryggður misleggur eða skilur farangur eftir á almannafæri eða í ólæstum bifreiðum. Þá sé ekki um sannanlegt innbrot að ræða úr læstum bíl og umrætt atvik falli því ekki undir bótasvið tryggingarinnar þar sem ekki hafi verið um sannanlegt innbrot í bifreiðina að ræða.

Álit.

M lýsir atvikum með þeim hætti, að handtösku hafi verið tekin úr bifreið sem hann hafði til umráða þegar bílhurðin var opin. Af atvikalýsingu er ljóst, að M gætti ekki þeirrar varúðarskyldu sem krafist er við gæslu á munum sínum í umrætt sinn samkvæmt tilgreindri varúðarreglu í vátryggingarskilmálum. Þá liggur einnig fyrir að ekki var um innbrot að ræða heldur var hlutur sem skilinn var eftir eftirlitslaus tekinn. Sé tekið mið af öllum aðstæðum telst varúðarregla 5. gr. skilmála hafa verið brotin með þeim hætti að V getur takmarkað ábyrgð sína að fullu vegna þjófnaðar, sbr. þá heimild sem V hefur skv. 26. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr farangurstryggingu kortatryggingar.

Reykjavík 11.9. 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður. Jón Magnússon lögmaður.

Mál nr. 227/2018

M og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar sveitarfélagsins X

Líkamstjón nemanda í skólastofu 16.10.2017.

Gögn.

Málskot, móttekið 26.7.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 30.7.2018.
Bréf lögmanns M, dags. 30.8.2018, ásamt lýsingu M af atviki og lögregluskýrslu.

Málsatvik.

Í gögnum málins kemur fram lýsing M af atviki sem leiddi til líkamstjóns hans 16. október 2017 í einum af grunnskólum X. M lýsir því þannig að samnemendur hans hafi verið að espa annan nemanda upp í frímínútum sem virðast hafa verið á tímabilinu kl. 12:20-13:00, nánar tiltekið nefnir M tímasetningu frá kl. 12:35 og fram yfir kl. 12:50 þar til hringt hafi verið inn í tíma. M segir nemandann hafa verið orðinn reiðan og hafi hann tekið kúst í skólastofu sem M sat í og sveiflað honum með þeim afleiðingum að kústskaftið lenti í andliti M. Nokkuð líkamstjón hlaust af þar sem tennur brotnuðu og vör sprakk.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð vegna líkamstjónsins þar sem eftirlit með nemendum hafi verið vanrækt af hálfu skólastjórnenda grunnskólans. M vísar til þess að aðdragandi þess að hann slasast hafi verið nokkur, samskipti samnemenda hans hafi byrjað frammi á gangi og borist alla leið inni í skólastofu, þau hafi tekið einhvern tíma og sá sem olli tjóninu hafi verið nemandi sem hafi þurft á sérúrræðum að halda vegna skapbresta auk þess sem M hefði ekkert getað gert til að verjast atvikinu. M telur að eftirlit hefði átt að vera meira með umræddum nemanda sem olli tjóninu. Máli sínu til stuðnings vísar M m.a. til 2. og 13. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 varðandi fyrirmæli um öryggi skólabarna og stefnu um að fyrirbyggja ofbeldi í skólastarfi, 7. gr. reglugerðar nr. 657/2009 um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og skólalóða, handbók um velferð og öryggi barna í grunnskólum, reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum nr. 1040/2011 og starfsáætlunar grunnskólans sem á í hlut fyrir skólaárið 2017-2018.

V telur líkamstjón M vera rakið til óhappatilviljunar og að skólayfirvöld hafi skipulagt skólastarfið í samræmi við þau fyrirmæli sem gilda um það í lögum og reglum. Ekki sé möguleiki að hafa auga með öllum nemendum alltaf og hafi ekki verið sýnt fram á að hafa hefði þurft sérstakt eftirlit með þeim nemanda sem sveiflaði kústinum.

Álit.

Af málavöxtum verður ekki ráðið að ágreiningur sé um að M hafi orðið fyrir líkamstjóni þegar samnemandi hans í grunnskóla sveiflaði kústskafti sem lenti í andliti M. Ágreiningur er hins vegar um hvort starfsmenn X hafi skipulagt skólastarf með réttum hætti m.t.t. þeirra skyldna sem lög, reglur og áætlanir gera ráð fyrir og haft þannig nægt eftirlit með nemendum. Við mat á því verður að líta til þess að umrædd fyrirmæli eru almennt orðuð og af þeim sem vitnað er til í málskoti verður ekki ráðið að hægt sé að leggja þær skyldur á starfsmenn grunnskóla að þeir geti haft augu á hverjum nemanda alltaf. Ekki hefur verið sýnt fram á að almennu eftirliti hafi verið ábótavant í greint sinn og verður því ekki lögð skaðabótaábyrgð á X vegna líkamstjóns M og greiðsluskylda því ekki fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 25. september 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 228/2018

M og
vátryggingafélagið V vegna ferðarofstryggingar fjölskyldutryggingar

Gildissvið vátryggingarsamnings vegna kostnaðar við heimferð 30.6.2018.

Gögn.

Málskot málskotsaðila, móttekið 26.7.2018, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 9.8.2018 ásamt gögnum í fórum V vegna málsins.
Tölvupóstur V, dags. 21.8.2018 með svari við fyrirspurn nefndarinnar sem send var sama dag.

Málsatvik.

M gerir grein fyrir tjóni sínu í tjónstilkynningu til V dags. 17.7.2018 þar sem eftirfarandi lýsing á ferðarofi kemur fram: „Ég er með SIPD sjúkdóm og þarf að fá Nanogam á 6 vikna fresti. ÉG fór til Vietnam þann 29/05/18 og fannst það verrast 30/06/18. Fór til spítala úti og þau voru ekki með Nanogam. Eg þurfti að koma heim fyrir áætlun til að fá lyfjagjöf.“ Af málskoti má ráða að M hafi leitað til V til að kaupa ferðatryggingu fyrir ferð sína til Víetnam og kemur einnig fram í málskoti að M hafi leitað til V í þeim tilgangi að fá vátryggingu sem næði til ofangreindra aðstæðna eða, „[...] vildum við fá ferðatryggingu sem myndi gefa okkur fulla tryggingu, sem myndi ná yfir sjúkdóms einstaklings.“

Af málskoti M má því ráða að hafi keypt vátryggingu af V með þær væntingar að um hana gilti ekki ákvæði til takmörkunar greiðslu kostnaðar við ferðarof vegna sjúkdóma sem vátryggingartaki kann að vera haldinn. Einnig má ráða af málskoti að M telji að slík ákvæði eigi því ekki að gilda um vátrygginguna og sá kostnaður sem hlaust af því að fara fyrr heim til að fá rétt lyf eigi að greiðast úr vátryggingu M hjá V.

V telur að ekki sé um ferðarof að ræða í skilningi vátryggingarskilmála sem gilda um fjölskyldutryggingu þá sem M er með hjá félaginu þar sem kostnaður vegna slíks sé ekki greiddur vegna veikinda vátryggðs sjálfs skv. 46. gr. skilmálanna, ekki sé heldur um að ræða aukakostnað sem samþykktur sé af SOS International, eins og áskilið sé skv. 47. gr. sömu skilmála. V bendir einnig á takmarkanir á gildissviði ferðatryggingar í 54. gr. þar sem kemur fram að ekki séu greiddar bætur vegna tjóns sem stafar af hvers kyns veikindum og sjúkdómum sem vátryggður var haldinn og var í meðferð vegna þegar staðfestingargjald ferðar var greitt. V vísar til þess að M hafi leitað til læknis á ferðalagi sínu vegna yfirstandandi sjúkdóms.

Nefndin óskaði eftir skýringum á aðdraganda kaupa M á vátryggingu í ljósi athugasemda M í málskoti. Í svari V frá 21. ágúst sl. kemur fram að félagið selji ekki ferðatryggingu sem bætir tjón sem tengist fyrri veikindum og sjúkdómum og sé því útilokað að M hafi fengið þau skilaboð frá félaginu að slíkt tjón yrði bætt.

Álit.

Það er ágreiningur um gildissvið ferðatryggingar M hjá V. Í málskoti kemur fram að M telur sig hafa haft víðtækari vernd en komið hafi í ljós við tjónsatvik sem felur í sér kostnað við heimferð úr ferð vegna lyfjagjafar. Í vátryggingarskilmálum fjölskyldutryggingar M hjá V er ekki kveðið á vátryggingarvernd sem felur í sér að kostnaður, sem tengist snemmbúinni heimferð vegna lyfjagjafar sem tengist sjúkdómi sem vátryggður er haldinn, sé greiddur. Í vátryggingarskilmálum sem aðgengilegir eru á heimasíðum íslenskra vátryggingafélaga er almennt ekki boðið upp á slíka vernd. M ber því sönnunarbyrði um að V hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína skv. lögum nr. 30/2004 eða sé með öðrum sambærilegum hætti skylt að greiða bætur vegna þessa. Slík sönnun liggur ekki fyrir í gögnum málsins og telst M því ekki eiga rétt á greiðslu bóta úr ferðatryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ferðatryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 24. ágúst 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 229/2018

M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A

Ágreiningur um greiðslu kostnaðar við sjúkraþjálfun vegna umferðarslyss 2.5.2015.

Gögn.

Málskot móttekið 27.7.2018, ásamt fylgiskjölum nr. 1-20.
Bréf V, dags. 10.8.2018.

Málsatvik.

M hlaut líkamstjón í umferðarslysi 2.5.2015 og var í meðferð hjá sjúkraþjálfara vegna slyssins. V greiddi bætur fyrir sjúkrakostnað í skilningi 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Ákvörðun um bætur miðaðist við kostnað vegna sjúkraþjálfunar skv. gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands (SÍ), en ekki skv. taxta sjúkraþjálfarans sem M leitaði til. M telur að V beri að greiða allan kostnað vegna sjúkraþjálfunar og vísar til 1. gr.skaðabótalaga 28. og 38. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 sem og almennra reglna skaðabótaréttarins.

V viðurkennir bótaskyldu í málinu, en segir eins og M að ágreiningurinn í málinu snúist um það hvort þær bætur sem V greiði vegna sjúkrakostnaðar séu ákveðnar með hliðsjón af gjaldskrá SÍ eða skv. taxta sjúkraþjálfara M. V vísar til þess að beiðni læknis M vegna sjúkraþjálfunar hafi verið stíluð á SÍ, en sjúkraþjálfari M hafi ekki gert samning við SÍ. Í bréfi V kemur fram að félagið veiti ekki samþykki fyrir að úrskurðarnefnd í vátryggingamálum fjalli um bótafjárhæðir í máli þessu og krefst þess að málinu verði vísað frá nefndinni þar sem ágreiningur í málinu sé um bótafjárhæðir.

Álit.

Ekki er ágreiningur um bótaskyldu vegna umferðarslyssins heldur um það hver fjárhæð bóta vegna sjúkrakostnaðar í skilningi 1. gr. skaðabótalaga eigi að vera. Ágreiningurinn í málinu snýst því um bótafjárhæð og skv. 3. gr. samþykkta fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sem birt er í B-deild Stjórnartíðinda með auglýsingu nr. 1090/2005, úrskurðar nefndin ekki um slíkan ágreining nema með sérstöku samþykki beggja málsaðila. Þar sem slíkt samþykki liggur ekki fyrir er málinu vísað frá með vísan til ofangreindrar 3. gr. samþykkta fyrir úrskurðarnefndina.

Niðurstaða.

Málinu er vísað frá.

Reykjavík 9.10. 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 230/2018

M og
vátryggingafélagið V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Árekstur á gatnamótum Miðvangs og Fagradalsbrautar á Egilsstöðum þann 2.7.2018.

Gögn.
Málskot, móttekið 30.7.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V1, dags. 14.8.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V2, dags 27.8.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Árekstur varð á gatnamótum Miðvangs og Fagradalsbrautar og vegs sem liggur frá verslun Nettó við Kaupvang á Egilsstöðum. A var ekið til norðurs eftir veginum frá Nettó að gatnamótum Fagradalsbrautar. B var ekið til suðurs eftir Miðvangi að gatnamótunum.

Í gögnum málsins segir að ökumaður A hafi verið búinn að bíða lengi vegna umferðar til að komast inn á Fagradalsbraut. Hann hafi lagt af stað um leið og hann taldi það óhætt, en ekki vitað fyrr en B hafi komið beint á móti sér. Ökumaður A hafi verið að beygja til vinstri en B hafi verið ekið beint yfir gatnamótin. Ökumaður A hafi stöðvað um leið og hann sá B og hafi A verið kyrrstæð þegar áreksturinn varð.

Ökumaður B kvaðst hafa lagt af stað og ætlað beint yfir gatnamótin að bifreiðastæðum við Nettó. A hafi verið ekið inn á gatnamótin og tekið vinstri beygju á B.

Álit.
Samkvæmt gögnum málsins virðast aðilar helst deila um það hvort vegur sá sem A var ekið eftir og inn á gatnamótin teljist hafa verið hluti af bifreiðastæðum við Kaupvang eða vegur til almmennrar umferðar í skilningi umferðarlaga, svo og hver skulu vera réttaráhrif þess að biðskylda var á Miðvangi gagnvart umferð á Fagradalsbraut en slík skylda hafi ekki hvílt á umferð á veginum sem A var ekið eftir að Fagradalsbraut. Hvað sem líður þessum ágreiningi liggur fyrir að A var ekið inn á gatnamótin og beygt áleiðis til vinstri í sömu andrá og B var ekið úr gagnstæðri átt áleiðis beint yfir téð gatnamót. Samkvæmt 6. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 ber ökumanni, þegar hann ætlar að beygja á gatnamótum, veita forgang þeirri umferð sem á móti kemur. Með vísan til þessa ákvæðis bar ökumanni A að veita B, sem kom úr gagnstæðri átt, forgang yfir gatnamótin. Á þessu varð misbrestur hjá ökumanni A og ber hann því sök á árekstrinum. Ekki hefur hefur verið sýnt fram á samkvæmt fyrirliggjandi gögnum að áreksturinn megi rekja til atvika sem ökumaður B ber ábyrgð á. Er því ekki efni til að leggja á hann sök. Þá hefur fyrrgreindur ágreiningur aðila enga þýðingu varðandi skiptingu sakar eins og hér stendur á. Öll sök vegna árekstursins verður því lögð á ökumann A.

Niðurstaða.
Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 18. september 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 231/2018

M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar X

Kona slasast er hún féll af göngupalli þann 22. ágúst 2015.

Gögn.

Málskot móttekið 31.7.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-16.
Bréf V dags. 13.8.2018 ásamt fylgiskjölum 17-19.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu sem gerð var vegna málsins kemur fram að M hafi misstigið sig þegar hún var að fara með rusl í endurvinnslutunnu við heimili sitt. Kveðst hún hafa stigið út af palli sem verktaki hafi sett upp vegna framkvæmda á húsinu. Af ljósmyndum má sjá að um er að ræða litla göngubraut úr vörubretti, en upp að vörubrettinu voru lagðir rampar úr timbri. Samkvæmt mælingum var fyrsti rampur upp á vörubrettið 62 cm á breidd og 69 cm á lengt og hæð upp á göngubrautina frá malbiki 18 cm. Vörubrettið sjálft var 120 cm á breidd og 80 cm á lengd. Pallur milli vörubrettisins og seinni ramps var 78 cm á breidd og 31 cm á lengd. Seinni rampur var 62 cm á breidd og 60 cm á lengd.

Í málskoti er atvikum lýst með þeim hætti að M hafi verið að koma heim eftir stuttan göngutúr með hundinn sinn um kvöldmatarleytið þann 22. ágúst 2015 þegar hún hafi þurft að fara með rusl í endurvinnslutunnu við heimilið sitt. Til þess að komast að tunnunni hafi hún þurft að fara yfir göngubraut sem X hafði útbúið úr vörubretti og tréplötum. Kveðst M hafa stigið á pallinn en þar sem spítan sem hún steig á hafi verið mismunandi breið, hafi það orðið til þess að það snérist illa upp á vinstri fót hennar þegar hún steig niður þannig að hún féll til jarðar. Við skoðun lækna kom í ljós að M hafði ökklabrotnað auk þess sem mikið misgengi var í vinstri ökkla.

M heldur því fram að orsök slyssins megi rekja til saknæms aðbúnaðar og ófullnægjandi frágangs á fyrrgreindri göngubrú. X beri því skaðabótaábyrgð á tjóni sínu skv. almennum reglum skaðabótaréttar. V hafnar bótaskyldu með vísan til þess að umræddur göngubraut uppfylli allar kröfur sem gerðar eru, sbr. 20.1. gr. reglna nr. 547/1996 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarstöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð, þar sem segir að sérhver gangur eða brú skuli vera að minnsta kosti 600 mm breið.

Álit.

Með hliðsjón af almennum sönnunarreglum er það sá, sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni hans, sem ber sönnunarbyrði um að skilyrði skaðabótaréttarins séu uppfyllt. Í máli M fellst það bæði í því að sýna fram á að X hafi sýnt af sér saknæma háttsemi við störf sín og að sú háttsemi hafi leitt til tjóns. Með hliðsjón af ofangreindum röksemdum og að teknu tilliti til gagna málsins verður ekki annað séð en að umrædd göngubrú uppfylli þær lágmarkskröfur sem gerðar eru samkvæmt reglum nr. 547/1996 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarstöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að göngubrúin hafi að öðru leyti verið vanbúin. Verður því ekki fallist á að greiðsluskylda hafi stofnast úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 25.9.2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 232/2018

M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins X

Orsakatengsl líkamstjóns og umferðaróhapps 11.9.2016.

Gögn.

Málskot málskotsaðila, móttekið 31.7.2018, ásamt fylgiskjölum og tölvupósti lögmanns M dags. 16.8.2018.

Bréf V, dags. 14.8.2018 ásamt bréfi V dags. 23.2.2018 og hraðaútreikningi (PCcrash).

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að með tjónstilkynningu dags. 2.11.2016 tilkynnti lögmaður M til V um að M hefði hlotið líkamstjón í umferðaróhappi 11.9.2016 á Reykjanesbraut. Í málskoti er vísað til læknisvottorðs, læknis sem skoðaði M 11. október 2016, þar sem koma fram lýsingar á einkennum sem M telur sig hafa eftir umferðaróhappið. Einnig vísar M til vottorðs sjúkraþjálfara dags. 27.12.2017 þar sem komi fram að M hafi haft nokkur einkenni bæði fyrir og eftir sjúkraþjálfunarmeðferð. Einnig vísar M til þess að hún hafi ekki haft sambærileg einkenni fyrir umrætt atvik og telur því að orsakatengsl séu fyrir hendi. M telur greiðsluskyldu V fyrir hendi og vísar til skýrslu um hraðaútreikning á bug þar sem m.a. sé um að ræða einhliða gagnaöflun af hálfu V og vísar til dóma og úrskurða því til stuðnings að ekki sé hægt að leggja slíkt gagn til grundvallar. Einnig telur M að læknisvottorð og vottorð sjúkraþjálfara sanni tjón hennar sem sérstaklega með vísan til þess að hún hafi verið bæði andlega og líkamslega hraust fyrir atvikið. Í tölvupósti lögmanns M dags. 16.8.2018 er síðan vísað til þess að M hafi þegar árekstur átti sér stað verið „að beygja sig fram og líta til hliðar á sama tíma, sem leiddi til að hún var viðkvæmari fyrir höggi en hún hefði venjulega orðið“.

V telur að ekki séu sönnuð orsakatengsl milli áreksturs og einkenna M og vísar þar fyrst til þess að hraðaútreikningar og ákomur á ökutækjum bendi eindregið til þess að högg af árekstrinum hafi verið afar vægt. Einnig vísar V til þess að vottorð þau sem liggi fyrir í málinu sýni fyrst og fremst að M hafi ekki leitað til læknis fyrr en mánuði eftir áreksturinn, lýsingar M séu af almennum einkennum, og ályktanir sjúkraþjálfara í vottorði um að högg í árekstrinum hafi verið þungt sé ekki hægt að finna stoð í öðrum gögnum málsins. V telur því að það skorti sönnun fyrir því að einkenni þau sem M lýsir séu vegna umrædds áreksturs.

Álit.

Í gögnum málsins eru myndir af ökutækjum þeim sem lentu saman 11.9.2018 og verður ekki af þeim myndum ráðið að áreksturinn hafi leitt af sér þungt högg. Ekki liggja heldur fyrir lýsingar ökumanna eða annarra sem styðja það að höggið hafi verið þungt eða að líkamsbeiting M hafi verið þannig að áreksturinn að það hafi þýðingu, enda kemur sú lýsing M heldur ekki fram nema í viðbótarupplýsingum frá lögmanni hennar eftir viðbrögð V við málskoti. Lýsingar á einkennum M í læknisvottorði og vottorði sjúkraþjálfara bera með sér að þau séu að einhverju leyti almenns eðlis og ekki er hægt að fullyrða, án þess að sérstakt mat fari fram á því, hvort meiri eða minni líkur séu á að þau einkenni tengist árekstrinum. Slíkt heildarmat liggur ekki fyrir. Meginreglur um sönnun í skaðabóta- og vátryggingarétti gera ráð fyrir því að að tjónþoli verði að sýna fram á tjón sitt og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. Verður M að bera hallann af þeim sönnunarskorti sem að ofan er lýst og á því ekki rétt á bótum m.v. fyrirliggjandi gögn.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu ökutækisins X hjá V.

Reykjavík, 11. september 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 233/2018

M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar H

Möguleg skaðabótaábyrgð vegna húðmeðferðar í mars 2015.

Gögn.

Málskot móttekið 1.8.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-8
Bréf V, dags. 14.8.2018 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

M fór í lasermeðferð hjá H í mars 2015 til að láta fjarlægja flekki á líkama sínum og telur sig hafa orðið fyrir líkamstjóni vegna þeirrar meðferðar. M byggir á því að lasergeislinn sem notaður var hafi verið of sterkur og of stuttur tími hafi liðið á milli komutíma. M telur að um saknæma háttsemi sérfræðinga H hafi verið að ræða og vísar í gögn og álit þess efnis. Málið var lagt fyrir Landlæknisembættið og var niðurstaða þess að mistök hafi verið gerð við húðmeðferð á meðferðarstofu H þegar leysimeðferð var beitt á húð M. V hafnar bótaskyldu og telur að ekki hafi verið sýnt fram á að mistök hafi verið gerð og að líkur séu á að meint tjón M sé vegna þeirra mistaka.

Álit.

M var til meðhöndlunar á heilbrigðisstofnun þegar hún varð fyrir því tjóni sem rakin eru til leysimeðferðar á húð hennar. Í 7. gr. laga um sjúklingatryggingar nr. 111/2000 kemur fram að „Skaðabótakrafa verður ekki gerð á hendur neinum sem er bótaskyldur samkvæmt reglum skaðabótaréttar nema tjón hafi ekki fengist að fullu bætt skv. 5. gr. og þá einungis um það sem á vantar."

Krafa M í máli þessu er í eðli sínu skaðabótakrafa þar sem gerð er krafa um greiðsluskyldu úr í ábyrgðartryggingu H. Þar sem ekki hefur reynt á að tjón M fáist að fullu bætt skv. ákvæðum laga um sjúklingatryggingu verður með vísan til fyrrnefndrar 7. gr. ekki talið unnt að taka afstöðu til slíkrar kröfu M. Þegar af þeirri ástæðu er málinu vísað frá.

Niðurstaða.

Málinu er vísað frá nefndinni.

Reykjavík 11.9.2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður. Jón Magnússon lögmaður.

Mál nr. 234/2018

M og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.

Ágreiningur um bótaskyldu er mótaplötur féllu undan manni við byggingarvinnu.

Gögn.
Málskot, móttekið 1.8.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 10.8.2018.

Málsatvik.
Skömmu eftir hádegi 19. júlí 2016 féll M, starfsmaður byggingaraðilans A, til jarðar af 2. hæð nýbyggingar. Við slysið hlaut M einkum áverka í andliti og rifbrot.

Í vettvangsskýrslu lögreglu kemur fram að búið hafi verið að ganga frá M á sjúkrabörum í sjúkrabíl sem var að yfirgefa vettvang þegar lögregla kom á staðinn. Um atvikið sjálft segir í lögregluskýrslunni að miklir tungumálaerfiðleikar hafi verið á vettvangi, en svo hafi virst sem M, sem vann við stjórn krana á byggingarsvæðinu, hafi verið að fara á milli herbergja á annarri hæð byggingarinnar. Enginn útveggur hafi verið á byggingunni og mun M hafa ætlað að fara á milli herbergja með því að fara út fyrir veggenda. Eitthvað hafi gerst þannig að M hafi misst jafnvægið og ætlað að bjarga sér með því að stíga á mótaplötur sem voru undir gólfplötu annarrar hæðar. Engar stoðir hafi verið þar undir, þar sem verið var að rífa undan plötunni þannig plöturnar féllu til jarðar og hafi M fallið niður með plötunum, alls 3,6 m.

Í umsögn Vinnueftirlitsins kemur fram að M hafi verið farinn af vettvangi á leið á sjúkrahús þegar eftirlitsmaður hafi komið á vettvang, en rætt hafi verið við B, verkstjóra M. Þá segir í umsögninni að M hafi verið staddur inni í byggingunni og þurft að fara á milli rýma. Hafi hann farið fyrir veggenda við úthlið hússins. Þar hafi enginn útveggur verið né fallvarnir og þegar hann hafi stigið á enda mótaplötu undir gólfplötunni hafi platan dottið og M með. Búið hafi verið að taka stoðir undan mestum hluta platnanna, en ekki hafi verið hægt að sjá hvort stoðirnar væru undir plötunum eða ekki þegar horft var á plöturnar ofan frá. Ekki sé vitað um ástæðu þess að hann fór þessa leið. Að sögn B hafi M vitað að búið var að losa undirstöður undan mótunum fyrir gólfið á hæðinni. Talið sé að hann hafi ætlað að fara fyrir veggendann með því að stíga á gólfendann og halda sér í vegginn, en misst takið. Við það hafi hann dottið aftur fyrir sig og lent á mótaplötunum sem létu undan. Að sögn B hafði M verið upplýstur um að búið hafi verið að taka uppistöður undan mótaplötum við húsendann og hann verið varaður við hættunni sem því fylgdi. Samkvæmt niðurstöðu rannsóknar VER var meginorsök slyssins talin vera sú að engar fallvarnir hafi verið. Meðvirkandi þáttur til aukinnar áhættu hafi verið sá að M hafi verið einn við umrædda vinnu og þurft á sama tíma að tryggja örugga hífingu og þar með öryggi annarra og um leið sitt eigið öryggi. Um skyldur aðila er í umsögninni m.a. vísað til ákvæða í 3.-6. gr. reglna nr. 547/1996 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra mannvirkjagerð, svo og 1., 21., 26., 27., 30. og 33. gr. reglugerðar nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum.

M hefur krafist bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Álit.
Í gögnum málsins er ekkert haft eftir M um tildrög slyssins. Ekki verður heldur séð að neinn hafi verið sjónarvottur að slysinu. Í fyrirliggjandi umsögn VER um slysið má ráða að sú atvikalýsing sem þar er gerð grein fyrir byggi á áliti aðila, þ.m.t. verkstjóra, sem voru á vettvangi þegar slysið varð. Hið sama verður að telja að gildi um þá atvikalýsingu sem skráð er í lögregluskýrslu og að framan greinir. Í ljósi þessa verður af fyrirliggjandi gögnum engu slegið föstu um það hvernig slysið bar nákvæmlega að höndum.

Aðstæður í byggingunni þar sem slysið varð voru með þeim hætti að búið var að steypa gólf fyrir 2. hæð byggingarinnar og hafist handa við að reisa steypumót fyrir veggi á þessari sömu hæð, þ. á m. mót á milli rýma fyrir vegg sem náði allt að brún gólfplötunnar. Undir gólfplötunni voru mótaplötur

sem náðu út fyrir brún gólfplötunnar. Búð var að mestu að fjarlægja stoðir sem voru undir mótaplötunum. Enginn útveggur eða mót fyrir útvegg voru meðfram brún gólfplötunnar út frá þeim vegg sem náði að brúninni. Þar voru heldur engar fallvarnir, en skortur á þeim er talin meginorsök slyssins samkvæmt umsögn VER. Ekki er ástæða til að draga það álit í efa. Af hálfu A var því ekki gætt fyllsta öryggis á vinnustaðnum sem braut m.a. í bága við 42. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. A telst því bera skaðabótaábyrgð á líkamstjóni því sem M hlaut í slysinu.

Réttur M til skaðabóta verður á hinn bóginn ekki skertur vegna meðábyrgðar nema hann hafi af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi átt þátt í því að slysið varð, sbr. 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. 1. gr. laga nr. 123/2009 um breytingu á þeim. Sá sem krefst skerðingar á bótarétti samkvæmt lagagrein þessari hefur sönnunarbyrði um að skilyrðum greinarinnar sé fullnægt svo beita megi skerðingu. Svo virðist sem M hafi starfs síns vegna þurft að fara yfir í það rými handan veggsins sem hann mun hafa verið að reyna að komast fyrir þegar slysið varð. B, verkstjóri, kveðst hafa varað M við hættunni við að stíga út á mótaplöturnar sem voru undir gólfplötunni, þar sem búið hafi verið að taka stoðir undan þeim. Með því að verkstjórinn sá ástæðu til að vara M við þessari hættu, má draga þá ályktun að áður en stoðirnar voru teknar undan mótaplötunum hafi verið litið svo á að óhætt væri að stíga út á þær og það viðgengist að einhverju leyti. Í málskoti er því andmælt að M hafi verið varaður við þeirri hættu sem stafaði af því að stíga út á mótaplöturnar. Gegn þessum andmælum verður að telja ósannað að M hafi verið kunnugt um að búið hafi verið að slá undan mótaplötunum þannig að ekki hafi verið óhætt að stíga út á þær. Þá gat hann ekki séð, þar sem hann stóð fyrir ofan plöturnar, að búið hafi verið að slá undan þeim. Það verður því ekki virt M til stórkostlegs gáleysis að hafa farið á milli rýma eins og hann hugðist gera jafnvel þótt hann hafi einnig komist á milli um hurðargat innar á gólfinu. Skilyrði til að skerða rétt M til bóta eru því ekki fyrir hendi og á hann því óskertan rétt til bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.
M, á óskertan rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 11. september 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 235/2018

M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins X

Sönnun tjóns vegna notkunar ökutækis 12.6.2018.

Gögn.

Málskot málskotsaðila, móttekið 1.8.2018, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 16.8.2018 ásamt afriti úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 349/2015.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M kveðst hafa ekið á eftir ökutækinu X 12.6.2018 norður Höfðabakka þegar grjót hafi skotist undan afturdekki ökutækisins á ökutæki M og valdið þannig tjóni á hinu síðarnefnda. Í málskoti lýsir M málsatvikum þannig að hann hafi séð stóran stein fastan milli afturdekkja ökutækisins X og hann hafi ætlað að láta ökumanninn vita af því. Ekki hafi þó gefist færi á því áður en steinninn skaust undan ökutækinu þegar því var ekið í smá sveig á veginum. M kveðst hafa tekið niður númer ökutækisins, látið eiganda fyrirtækisins sem skráð er fyrir því vita sem og haft samband við ökumanninn sem kannaðist við að hafa verið á sömu slóðum. Tjónstilkynning hafi síðan verið útbúin af Aðstoð&Öryggi þar sem aðstæðum er lýst. Í þeirri tjónstilkynningu kemur fram að ökumaður ökutækisins X kveðst ekki hafa orðið var við að steinn skaust undan ökutækinu en kveðst heldur ekki rengja frásögn M. M telur að bæta eigi tjónið úr ábyrgðartryggingu ökutækisins X hjá V þar sem sannað sé að tjón á hans ökutækis hafi verið vegna X.

V telur ósannað að tjón M hafi orðið vegna notkunar X og vísar til þess að frásögn M af atburðum sé einhliða og ökumaður X geti ekki staðfest hana. Það sé því ekki hægt að fallast á að orsakatengsl séu sönnuð og vísar V til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 349/2015 máli sínu til stuðnings.

Álit.

Í gögnum málsins eru liggur fyrir lýsing M á tjóni sem varð á ökutæki hans við akstur norður Höfðabakka. Almennar sönnunarreglur skaðabótaréttar gera ráð fyrir að sá sem hefur orðið fyrir tjóni verði að sýna fram á að slíkt tjón sé vegna notkunar ökutækis til að geta gert kröfu um bætur í ábyrgðartryggingu ökutækis. Í þessu máli liggur fyrir að M lét strax vita af tjóninu og lýsir aðstæðum nákvæmlega. Ökumaður ökutækis X rengir ekki frásögn hans þó hann hafi ekki séð grjótið. Þegar frásögn M er metin samhliða því að ökumaður X rengir ekki frásögn hans verður að líta svo á að næg sönnun sé komin fram um að tjón M sé vegna notkunar ökutækisins X.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu ökutækisins X hjá V.

Reykjavík, 11. september 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 236/2018

M og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar X

Skaðabótaábyrgð vegna tjóns á bifreið sem lokunarslá lenti á 17. júlí 2018.

Gögn.

Málskot, móttekið 31.7.2018, ásamt fylgigögnum.

Tölvupóstur V, dags. 3.9.2018 ásamt tölvupósti V vegna höfnunar bótaskyldu dags. 20.7.2018.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að bifreið M hafi verið ekið áleiðis inn í Hvalfjarðargöng þegar lokunarslá hafi lent á bifreiðinni, nánar tiltekið í öftustu hliðarrúðu bifreiðarinnar og á fellihýsi sem hafi verið dregið af bifreiðinni. M var farþegi í bifreiðinni þegar tjónið varð og kveðst ásamt ökumanni ekki hafa séð blikkandi ljós eða aðra viðvörun að göngunum hefði verið lokað. Í lögregluskýrslu kemur einnig fram að lögreglumaður ræddi við starfsmann X sem sagði að allar öryggismyndavélar í göngunum hafi legið niðri og það hafi verið starfsmaður X sem hefði sagt honum að það væri í lagi að setja slánna niður vegna neyðaraksturs sjúkrabifreiðar í gegnum göngin.

M telur að X beri ábyrgð á tjóni vegna þess að lokunarslá hafi verið sett niður í veg fyrir umferð og hafi það falið í sér stórkostlegt gáleysi af hálfu starfsmanna X.

V telur að með vísan til myndbandsupptöku úr göngunum verði ekki annað ráðið en að lokunarslá fyrir göngin hafi verið á leið niður þegar bifreið M var ekið á hana, nánar sjáist hún koma niður kl. 16:41:09 og ekið hafi verið á hana kl. 16:41:22. V telur að lokun hafi verið gerð með hefðbundnum hætti og ekki sé hægt að rekja tjón á bifreið M til gáleysis starfsmanna V.

Álit.

Af ummælum í lögregluskýrslu verður ekki annað ráðið en að sá starfsmaður sem stýrði lokunarslá í greint sinn hafi ræst hana skv. leiðbeiningum frá öðrum starfsmanni. Verður að gera þær kröfur við eins fjölfarin veggöng og Hvalfjarðargöng að gengið sé úr skugga um að slíkar ráðstafanir feli ekki í sér verulega hættu á tjóni. Sérstaklega þegar ekki er hægt að sjá bifreiðar í gegnum myndavélakerfi, eins og lesa má úr lögregluskýrslu að hafi verið raunin þegar ákvörðun um lokun var tekin. Tilvísun til upptöku úr myndavélakerfi ganganna þegar tjónið varð verður ekki talin nægileg sönnun þess að starfsmenn hafi gengið úr skugga um að óhætt væri að setja umrædda slá niður við umræddar aðstæður og verður það metið þeim til sakar. X ber ábyrgð á þeirri háttsemi og tjóni M. Bætur greiðast því úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum vegna tjóns á bifreið og fellihýsi úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 18. september 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 237/2018

M og
vátryggingafélagið V1 v. slysatrygginar launþga og
vátryggingafélagið V2 v slysatryggingar launþega

Maður hlaut lýti vegna slysa. Lýti undanþegin bótaskyldu þ. 30.9.2011 og 7.3.2016.

Gögn.

Málskot móttekið þ. 9.8.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-5
Bréf V-1 dags. 16.8.2018.
Bréf V-2 dags. 27.8.2018.

Málsatvik.

M slasaðist í tvígang í vinnuslysum annars vegar þ. 30.9. 2014 og hins vegar þ.7.3.2016. Aflað var matsgerðar vegna slysanna og var varanleg læknisfræðileg örorka M metin 1% vegna slyssins þ.30.9.2014 og 1% vegna slyssins þ.7.3.2016 vegna lýta sem hann hlaut. M krefst bóta á grundvelli matsgerðarinnar og segir slysatryggingarnar byggðar á kjarasamningsbundinni skyldu og beri að greiða bætur vegna varanlegrar örorku í hlutfalli við læknisfræðilegar afleiðingar slyss og hvergi sé þess getið að ákveðin tegund afleiðinga skv. miskaatöflu Örorkunefndar séu undanskildar. M krefst bóta úr slysatryggingu launþega hjá V-1 og V-2. V-1 hafna greiðsluskyldu og segir V-1 að greiðsluskylda fari eftir skilmálum tryggingarinnar og í ákvæði 8.7.7. í kjarasamningi SA og Flóabandalagsins segi: "Að öðru leyti en tiltekið er í þessum kafla samningsins skulu gilda um trygginguna skilmálar viðkomandi tryggingafélags og ákvæði laga um vátryggingasamninga" V-1 segir að í ákvæði vátryggingaskilmála gr.13.2.2. séu slys sem eingöngu valda lýti undanþegin. Af þeirri ástæðu hafnar V-1 greiðsluskyldu vegna slyssins þ.30.9.2014. V-2 vísar til f liðar gr.10.4 í vátryggingaskilmálum félagsins varðandi það að slys sem einungis valdi lýti séu ekki bótaskyld og rekur sömu sjónarmið og koma fram í bréfi V-1 og segir að afleiðingar slyssins þ.12.3.2016 séu því ekki bótaskyldar úr slysatryggingu launþega hjá félaginu.

Álit.

Í skilmálum beggja vátryggingafélaga eru sambærileg ákvæði sem undanskilja bótaskyldu félaganna úr slysatryggingu launþega þegar afleiðingar slysa eru eingöngu lýti. Í tilviki M voru lýti sem hann fékk við hvort slysið um sig metin til 1% varanlegrar örorku vegna hvors slyss fyrri sig. Skilmálar vátryggingasamninga aðila eru ótvíræðir varðandi það að undanskilja líkamslýti bótaskyldu og á M því ekki rétt á bótum úr slysatryggingum launþega hjá hvoru félagi fyrir sig.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sinni hjá V-1 og heldur ekki úr slysatryggingu hjá V-2.

Reykjavík 18.9. 2018.
Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður. Jón Magnússon lögmaður.

Mál nr. 239/2018

M og
vátryggingafélagið V v/ frítímaslysatryggingar.

Ágreiningur um hvort málskotsaðili hafi orðið fyrir meiðslum með þátttöku í handalögmálum.

Málskot, móttekið 12.8.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 16.8.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Aðfaranótt 20. júlí 2017 varð M fyrir líkamsárás á Ingólfstorgi í Reykjavík. Lögregla var kvödd á vettvang. Í skýrslu henar um atvikið segir að M hafi kvartað undan höfuðverk og fundið til í vör. Hún kvaðst ekki muna nákvæmlega hvað hafi gerst en kvað tiltekinn mann, A, hafa verið að áreita sig og B, vinkonu sína. Hún hafi sagt A að hætta og þá hafi hann slegið til hennar og sparkað í að minnsta kosti tvisvar sinnum. Kvaðst M hafa fallið í jörðina í átökunum, en muni ekki nákvæmlega hve höggin eða spörkin voru mörg. Hún kvaðst ekki þekkja A, en vissi að hann hafi búið í Danmörku.

B kvaðst hafa ásamt M verið í biðröð við söluturn á Ingólfstorgi þegar A hafi fyrst komið að þeim. Hafi hann verið utan í þeim í biðröðinni og hafa verið „full ágengan“. Hafi hann verið að káfa á B án hennar samþykkis og hafi hún ekki verið ánægð með það. Hafi M þá tekið upp hanskan fyrir B og sagt A að láta þær í friði. Einhver orðaskipti hafi orðið á milli þeirra þar sem A kallaði M feita en B kvaðst ekki vera klár á því hvað annað var sagt. Að lokum hafi M ýtt A frá og þá hafi A kýlt M til baka með lokuðum hnefa. „Þá hófust átök þar sem [M] reyndi að verja sig og slá til baka en [A] hafði greinilega yfirhöndina.“ Hafi hann kýlt M og sparkað með hné í andlit hennar þar sem hann stóð yfir henni. Einhvern veginn hafi það svo endað með því að A lá á bakinu og sparkaði í búk M og andlit hennar þar sem hún hafi staðið yfir honum. Aðspurð kvaðst B ekki vera viss hvort M hafi dottið og lent með höfuðið í jörðinni, en taldi A einhvern veginn hafa snúið hana niður. Hún hafi þó ekki séð það nógu vel.

Lögregla ræddi í sameiningu við vitnin D og E, félaga M. Þeir kváðu A hafa verið að áreita þær M og B og hafi hann eitthvað verið að snerta þær án þess að þær vildu það. Kvað D að A hafi byrjað að öskra á þær og þá hafi M ýtt honum í burt. Hafi A þá slegið M og sparkað í hana, „tæklað“ hana svo niður og sparkað afur í höfuð hennar. Hafi þeir D og E þá reynt „að draga hann af henni“ og þá hafi hann sparkað að minnsta kosti tvisvar aftur í hana liggjandi.

F, starfsmaður veitingastaðar við hlið vettvangsins, kvaðst hafa fengið fregnir af atvikinu og hafi hún hlaupið út „til að stöðva slagsmálin“. Aðspurð kvað F hafa séð A slá M en var ekki viss um hvort það hafi verið með opnum lófa eða ekki. Síðan hafi hún séð A draga M niður í í jörðina þannig að höfuð hennar skall í steypuna og átökin halda áfram í jörðinni eftir það, þar sem M hafi sparkað frá sér og A lamið og sparkað í M. Aðspurð hafi F ekki vitað hve mörg höggin voru en taldi að M hafi lent með höfuðið í steypunni.

M nýtur vátryggingarverndar samkvæmt frítímaslysatryggingu fjölskyldutryggingar hjá V. M hefur hefur krafist bóta úr slysatryggingunni vegna þeirra meiðsla sem hún hlaut í átökum þeim sem að framan greinir. V hefur hafnað bótaskyldu þar sem tjónsatburðinn megi rekja til handalögmála en samkvæmt skilmálum vátryggingarinnar bæti vátryggingin ekki slys sem vátryggður verður fyrir við slíkar aðstæður.

Álit.

Samkvæmt vátryggingarskilmálum frítímaslysatryggingar þeirrar sem hér er til skoðunar greiðir félagið bætur vegna slyss er sá sem vátryggður er, verður fyrir eins og segir í skilmálunum. Í einni grein skilmálanna eru ákvæði er varða takmarkanir á bótaskyldu. Þar segir m.a. að ekki séu bætt slys sem vátryggður verður fyrir í handalögmáli eða við þátttöku í refsiverðum verknaði. Hér er um að ræða undanþáguákvæði frá meginskyldu félagsins að greiða bætur vegna slyss sem vátryggður verður

fyrir. V hefur sönnunarbyrði um það að M hafi orðið fyrir meiðslunum í handalögmáli þannig að það geti hafnað bótaskyldu.

Eina lýsingin á tildrögum þess að M varð fyrir meiðslum umrætt sinn er að finna í fyrirliggjandi lögregluskýrslu eins og að ofan greinir. Af þeirri lýsingu má ráða að A hafi verið að áreita M og vinkonu hennar og m.a. verið að káfa á þeim, þar sem þær stóðu í biðröð fyrir utan söluturn. Hafi M þá beðið A að láta þær í friði. A virðist ekki hafa sinnt því og virðist sem komið hafi til einhvers orðaskaks milli M og A og hafi A hreytt ókvæðisorðum að M, svo sem að hún væri feit. Mun M þá hafa ýtt eða stuggað við A. Við það brást A við með því að kýla og sparka í M svo hún féll í jörðina. Svo er að sjá að í þeirri stöðu hafi M sparkað frá sér. Af því sem ráða má af lýsingu vitna lét A handarhögg og fótspörk dynja á M uns þau voru skilin að. Þrátt fyrir að til orðaskipta hafi komið á milli M og A og M hafi ýtt við A í því skyni að bægja frá frekari áreitni af hans hálfu verður ekki talið, eins og lýsing atvika liggur fyrir, að til handalögmála hafi komið er M varð svo fyrir hinni beinu líkamsárás af hálfu A. Að því marki sem M kann að hafa sparkað frá sér í þeim átökum sem á eftir fylgdu verður ekki annað ráðið en það hafi verið í því skyni að verja sjálfa sig fyrir þeim höggum sem hún varð fyrir frá hendi A. Að öllu virtu verður ekki talið nægilega í ljós leitt samkvæmt gögnum málsins að M hafi orðið fyrir meiðslunum með þátttöku í handalögmáli. Af því leiðir að V getur ekki borið fyrir sig fyrrgreint undanþáguákvæði vátryggingarskilmálanna. M á því rétt á óskertum bótum úr frítímaslysatryggingunni hjá V.

Niðurstaða.
M, á rétt á bótum úr frítímaslysatryggingu hjá V.

Reykjavík, 18. september 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 240/2018

M og
vátryggingafélagið V v/ greiðslukortatryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna tafa á afhendingu farangurs.

Gögn.
Málskot, móttekið 7.8.2018, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Bréf V, dags. 3.9.2018.

Málsatvik.
Ásamt eiginmanni og syni átti M bókað flug 28. júlí 2018 frá Orlando til Toronto og frá Toronto til Keflavíkur. Vegna tafa á brottför frá Orlando vegna veðurs frá kl. 18:40 til 21:00 missti hún af flugi því sem hún átti bókað frá Toronto til Keflavíkur. Daginn eftir, 29. júlí, fékk hún flug frá Toronto til Montreal og þaðan til Keflavíkur þar sem hún mun hafa lent um 24 klst. eftir áætlaðan komutíma.

M hafði í gildi greiðslukortatryggingu hjá V sem m.a. fól í sér vátryggingu fyrir töfum á afhendingu farangurs og hefur hún krafist bóta úr vátryggingunni vegna þeirra tafa sem urðu á afhendingu farangursins. Samkvæmt skilmálum vátryggingarinnar greiðast bætur til kaupa á nauðsynjum ef vátryggður fær ekki farangur sinn afhentan þegar á ákvörðunarstað er komið vegna tafar eða rangrar afgreiðslu. Nánar eru svo tilgreindar þær fjárhæðir sem koma til greiðslu fyrir hverja klukkustund ef töf á afhendingu fer umfram átta klukkustundir. Þá er tekið fram að bætur greiðast ekki vegna tafa á farangri þegar vátryggður er á heimleið. V telur að M hafi verið á heimleið þegar hún varð fyrir töfum á afhendingu farangursins og með vísan til síðastgreinds ákvæðis hefur V hafnað bótaskyldu.

Álit.
Telja verður að tilgangur þeirrar vátryggingar sem hér er til skoðunar sé að tryggja vátryggðum nánar tilgreindar bætur ef hann verður fyrir því að fá ekki farangur sinn afhentan þegar komið er á flugvöll erlendis, þar sem nokkrar líkur eru á að töf á afhendingu farangurs við slíkar aðstæður geti valdið vátryggðum ófyrirsjáanlegum fjárútlátum. Ákvæði skilmálanna verður að skýra út frá þessum tilgangi vátryggingarinnar. Þá er ekki nákvæmlega útskýrt í skilmálunum hvað átt er við með hugtakinu „ákvörðunarstað“. Á heimleið M frá Orlando var Toronto tiltekinn áfangastaður á leið hennar til Íslands. Alveg án tillits til þess hvernig upphafleg bókun M var og hvernig hún hugðist haga flugi sínu heim til Íslands verður ekki fram hjá því litið að vegna tafa varð hún að gista um nótt í Toronto í stað þess að geta haldið ferð sinni áfram til Íslands. Í þessu tilviki, jafnvel þótt það hafi ekki verið ráðgert upphaflega, verður að líta svo á að Toronto hafi verið ákvörðunarstaður í skilningi vátryggingarskilmálanna á leiðinni til Íslands. Töf á afhendingu farangurs sem varð meðan M dvaldist í Toronto fellur því ekki undir undanþáguákvæði skilmálanna um að bætur greiðist ekki vegna tafa á farangri þegar vátryggður er á heimleið. Hún á því rétt á bótum úr vátryggingunni vegna tafa sem urðu á farangri á meðan dvöl hennar stóð í Toronto að fullnægðum öðrum ákvæðum skilmálanna.

Niðurstaða.
M, á rétt á bótum úr greiðslukortatryggingu hjá V, vegna tafa á afhendingu farangurs meðan á dvöl hennar stóð í Toronto.

Reykjavík, 25. september 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 241/2018

M og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar X

Tjón á húsnæði vegna leka frá heitavatnslögn í apríl 2018.

Gögn.
Málskot, móttekið 3.8.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 5.9.2018, ásamt umsögn X dags. 5.9.2018.
Tölvupóstur M, dags. 6.9.2018.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að tjón hafi orðið á húseign M að Óðinsgötu vegna sprungu í heitavatnslögn.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á tjóni hennar og telur að viðbrögð starfsmanna X við kvörtunum hafi ekki verið fullnægjandi.

V vísar til reglugerðar nr. 297/2006 um Orkuveitu Reykjavíkur og þess að skaðabótaábyrgð X komi ekki til nema rekja megi tjón til mistaka starfsmanna X. V telur að tjónið hafi komið til vegna skyndilegrar bilunar heimæðar og starfsmenn X hafi ekki vitað af slíkri hættu, auk þess sem ekki hafi verið sýnt fram á annað en að þeir hafi brugðist rétt við tilkynningu um tjónið. Ekki sé því um saknæma háttsemi að ræða af hálfu starfsmanna X.

Álit.
Í tjónstilkynningu M til V dags. 30. maí 2018 kemur fram að M telur X bera ábyrgð á tjóni sem varð á húseign hennar vegna rofs á heitavatnslögn í eigu X. Af gögnum frá X verður ekki annað ráðið en að tilkynning um atvikið hafi fyrst komið fram 24. maí 2018. Ekki liggur fyrir að starfsmenn X hafi vitað af bágu ástandi lagnarinnar eða að viðhaldi hafi verið almennt ábótavant við húseign M. Sá sem telur að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni hans hefur sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar skaðabótaábyrgðar séu fyrir hendi. Miðað við þær upplýsingar sem liggja fyrir í máli M hefur slík sönnun ekki tekist. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 25. september 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 242/2018

M og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar byggingaraðila.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna rakaskemmda í baðherbergi.

Gögn.
Málskot, móttekið 7.8.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 6.9.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Á árunum 2005 eða 2006 mun vatnstjón hafa orðið í íbúð M og kveður M að tjón á parketi hafi fengist bætt hjá V úr ábyrgðartryggingu A, byggingaraðila hússins, en flísar í baðherbergi hafi ekki verið bættar.

Svo virðist sem á árinu 2018 hafi M tilkynnt um tjón til V vegna rakaskemmda í baðherberginu, sem hún kveður vera af völdum fyrrgreinds vatnstjóns, en ekki verið lagfært á sínum tíma. V kveður bótakröfu M vera fyrnda og hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.
Af gögnum málsins er ekki ljóst hvað kann að hafa valdið þeim skemmdum á flísum í baðherbergi M. Hún kveður að þær megi rekja til atviks á árinu 2005 eða 2006 er pakkning í miðstöðvarofni gaf sig og olli vatnstjóni. Tjón á parketi hafi þá verið bætt af V úr ábyrgðartryggingu A, en tjón sem þá hafi orðið á flísum í baðherberginu hafi ekki verið bætt. Eins og mál þetta liggur fyrir verður við það að miða að gerð sé krafa um að skemmdir á flísum í baðherberginu skuli bætt úr ábyrgðartryggingu A hjá V. Engin gögn liggja fyrir í málinum varðandi það tjónsatvik sem M kveður að hafi orðið á árinu 2005 eða 2006. Hvað sem því líður verður að telja að í ljósi þess að meira en 10 ár eru liðin frá því umrætt atvik varð séu allar allar kröfur vegna þess nú fyrndar, sbr. 2. tölul. 4. gr. þágildandi laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda. Þegar af þeirri ástæðu er krafa M fallin niður vegna fyrningar. M á því ekki rétt úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.
M, á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 9. október 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 244/2018

M og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðanna A, B og C

Sakarskipting vegna áreksturs á Kringlumýrarbraut 24.6.2018.

Gögn.

Málskot, móttekið 15.8.2018, ásamt fylgigögnum.

Tölvupóstur V, dags. 30.8.2018, ásamt gögnum málsins hjá V og úrskurðum nefndarinnar í málum 70/2014 og 225/2014.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu vegna áreksturs kemur fram að þriggja bifreiða árekstur hafi orðið á Kringlumýrarbraut við Háaleitisbraut. Af framburðarskýrslum ökumanna má ráða að hann hafði orðið með þeim hætti að bifreið B hafi verið ekið á bifreið A og bifreið C síðan ekið á bifreið B. M sem var ökumaður bifreiðar A kveðst hafa verið kyrrstæð á akbraut vegna bensínleysis, hún hafi sett bifreið sína eins langt til hægri og hún gat og setti viðvörunarljós á áður en bifreið B var ekið aftan á bifreið A. Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa verið á löglegum hraða og litið í baksýnisspegil í stutta stund og þegar hann hafi litið aftur fram á veginn þá hafi hann sé bifreið A kyrrstæða með viðvörunarljós en ekki náð að beygja áður en árekstur varð. Ökumaður bifreiðar C kveðst síðan hafa ekið á eftir bifreið B sem hafi skyndilega hemlað og kveðst ekki hafa getað stöðvað sína bifreið áður en hún lenti á bifreið B.

M telur að sök hafi ranglega verið lögð á ökumann bifreiðar með niðurstöðu Tjónanefndar vátryggingafélaganna þar sem ákveðið var að hún bæri helmingsábyrgð á framtjóni bifreiðar B og þar af leiðandi helming af eigin afturtjóni. M krefst fullra bóta vegna tjóns síns og telur að ökumaður bifreiðar B beri alla ábyrgð á árekstrinum fyrir að hafa ekki gætt þess að hafa nægilegt bil á milli bifreiða, sbr. fyrirmæli 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Einnig bendir M á að hún hafi gert allt sem í hennar valdi stóð til að afstýra hættu af því að bifreið hennar var kyrrstæð á akbrautinni.

Álit.

Af fyrirmælum umferðarlagalaga, t.d. 59. gr. þeirra, má ráða að ökumenn skuli sjá til þess að ökutæki sem þeir aka séu í því ástandi að ekki leiði af hætta eða óþægindi fyrir aðra. Hluti af þeim skyldum snýr að því að gæta þess að nægt eldsneyti sé á ökutæki. Þess gætti M ekki sem ökumaður bifreiðar A og verður að meta það henni til sakar. Þegar hins vegar er litið til þess að ökumaður bifreiðar B segir í framburði sínum í lögregluskýrslu að hann hafi litið af akbrautinni og þegar hann leit aftur á hana hafi bifreið A blasið við honum kyrrstæð með viðvörunarljós. Ökumanni bifreiðar B bar að haga ökuhraða eftir aðstæðum og gæta þess að hafa nægilegt bil milli bifreiða, sbr. fyrirmæli í 36. og 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga. Þegar litið er til málavaxta í þessu máli sérstaklega og þeirra varúðarráðstafana sem ökumaður bifreiðar A gerði með því að kveikja viðvörunarljós og viðurkenningu ökumanns bifreiðar B að hafa séð þau verður meginsök áreksturs milli A og B talin vera hjá ökumanni bifreiðar B. Ökumaður bifreiðar B ber því 2/3 hluta ábyrgðar á árekstrinum við bifreið A en ökumaður bifreiðar A 1/3 hluta ábyrgðar. Ágreiningur í málskoti lýtur ekki að sakarskiptingu vegna bifreiðar C.

Niðurstaða.

Sök á árekstri bifreiðanna A og B skiptist þannig að ökumaður bifreiðar B ber 2/3 hluta sakar en ökumaður bifreiðar A (M) 1/3 hluta sakar.

Reykjavík, 18. september 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 219/2018

M og
V vegna slysatryggingar ökumanns A

Ágreiningur um bótaskyldu.

Gögn.
Málskot, dags. 05.07.2018 ásamt fylgigögnum.
Bréf V, vátryggingafélags, dags. 10.07.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
M ók ökutækinu A aftan á annað ökutæki sem var stopp á rauðu ljósi 17. ágúst 2017 og slasaðist. V taldi að M ætti að bera helming sakar þar sem hún hefði sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með því að hafa verið að fikta í símanum sínum og verið að horfa á skjá hans í aðdraganda árekstursins.
M telur sig ekki hafa sýnt af sér stórkostlegt gáleysi og að háttsemi hennar eigi ekki undir 1. mgr. 47. gr. a umferðarlaga nr. 50/1987 þar sem fram kemur að ökumanni vélknúins ökutækis sé við akstur óheimilt að nota farsíma án handfrjáls búnaðar. M telur að um almennt gáleysi hafi verið að ræða og því eigi 2. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004, um vátryggingarsamninga, við í þessu máli og það leiði ekki til takmörkunar á ábyrgð V.
Í bréfi V kemur fram að rannsóknir hafi sýnt að hætta á árekstri margfaldist ef ökumaður notar farsíma undir stýri og hættan sé mun meiri ef notkunin felur það í sér að horfa á skjá símans eins og í tilfelli M.

Álit.
Í lögregluskýrslu sem fylgir gögnum málsins kemur fram að M hafi verið að fikta í farsíma sínum og verið að horfa á skjá hans. Samkvæmt 1. mgr. 47. gr. gr. a umferðarlaga nr. 50/197, er ökumanni vélknúins ökutækis óheimilt að nota farsíma án handfrjáls búnaðar. Lýsing M í lögregluskýrslu ber með sér að hún hafi verið að nota farsímann og telst sú háttsemi til stórkostlegs gáleysis. Með vísan til þess ber M helming tjóns síns sjálf.

Niðurstaða.
M ber helming sakar vegna bóta úr slysatryggingu ökumanns ökutækisins A hjá V.

Reykjavík, 21. ágúst 2018.
Sóley Ragnarsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon, lögm.

Mál nr. 246/2018

M og
vátryggingafélagið V vegna slysatryggingar

Tilkynningarfrestur vegna bílslyss 9.4.2016.

Gögn.

Málskot móttekið þ. 16.8.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-10
Bréf V dags. 24.8.2018 ásamt fylgiskjölum 1-4

Málsatvik.

M lenti í bílslysi 9. apríl 2016. Framkvæmd var matsgerð vegna afleiðinga líkamstjóns M og lá hún fyrir 8. janúar 2018. M taldi afleiðingar slyssins vanmetnar þá og óskaði M eftir mati frá Örorkunefnd sem skilaði álitsgerð 27. júlí 2018. Af hálfu M var sent kröfubréf til V, dags. 3. júlí 2018. M segist ekki hafa getað gert sér grein fyrir varanlegum afleiðingum slyssins fyrr en hann fékk álit Örorkunefndar, en fram að þeim tíma hafi hann álitið að áverkar hans væru annaðhvort meinlitlir eða tengdust ekki slysinu og vísar M til vottorðs Ragnars Jónssonar bæklunarlæknis í því sambandi.

V hafnar bótaskyldu og telur að tilkynningarfrestur skv. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga og 1. tl. 26. gr. vátryggingaskilmála hafi verið liðinn þegar slysið var tilkynnt félaginu 3. júlí 2018. V telur að M hafi gert sér grein fyrir atvikum að baki kröfu sinni 17. ágúst 2016 þegar hann veitti lögmanni umboð til að gæta hagsmuna sinna. Þá hafi hann getað gert sér grein fyrir afleiðingunum þegar vottorð Ragnars Jónssonar bæklunarlæknis lá fyrir 28. apríl 2017. V segir að M hafi því haft nægar upplýsingar í síðasta lagi í lok apríl 2017 til að gera sér grein fyrir að afleiðingar slyssins væru varanlegar og í allra síðasta lagi 26. júní 2017 þegar M beindi matsbeiðni sinni til vátryggingafélags. Tilkynningarfrestur hafi því verið liðinn þegar slysið var tilkynnt til félagsins 3. júlí 2018.

Álit.

M leitaði til lögmanns 17.8.2016 vegna afleiðinga slyssins og fól honum að gæta hagsmuna sinna í tengslum við sókn og uppgjör skaða- og/eða tryggingabóta vegna umferðarslyss. Þó varanlegar afleiðingar líkamstjónsins hafi mögulega ekki verið með öllu verið ljósar á þeim tímapunkti verður að telja að M og lögmanni hans hafi þá mátt vera ljóst að atvik að baki slíkri kröfu væru ekki ólíkleg. Miðað við upplýsingar sem koma fram í læknisvottorðum sem liggja fyrir í málinu verður að telja að í allra síðasta lagi hefði M átt að vera ljós atvik sem krafa hans á hendur V er reist á þegar matsbeiðni dags. 26. júní 2017 var undirrituð. Tjón M var ekki tilkynnt til V fyrr en 3. júlí 2018, en þá var árs tilkynningafrestur liðinn skv. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga. M á því ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 25.9.2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 248/2018

M og
vátryggingafélagið V v/ slysatryggingar ökumanns bifreiðar.

Ágreiningur um bótaskyldu er ökumaður missti stjórn á bifreið er hann beygði sig eftir síma.

Gögn.
Málskot, móttekið 17.8.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 30.8.2018.

Málsatvik.
Að kvöldi 3. febrúar 2018 ók M eftir Langholtsvegi í Reykjavík er hún missti stjórn á bifreiðinni og lenti á ljósastaur. M varð fyrir meiðslum. Daginn eftir leitaði hún á slysa- bráðadeild Landspítalans. Í bráðamóttökuskrá spítalans segir að M hafi verið beygja sig fram til að ná í síma sem hafði dottið á gólfið. Við það hafi hafi hún misst stjórn á bifreiðinni í hálku og klessti á staur. Sagðist M hafa ekið á 60 km hraða á klst.

M hefur krafist bóta úr lögboðinni slysatryggingu ökumanns bifreiðarinnar hjá V. V hefur viðurkennt bótaskyldu að 2/3 hlutum, en telur, með vísan til þess sem fram kom í framangreindri bráðamóttökuskrá, að M verði að bera sjálf 1/3 tjónsins með því að hún hafi valdið slysinu af stórkostlegu gáleysi.

M hefur ekki fallist á afstöðu V til bótaskyldu. Samkvæmt því sem fram kemur í málskoti kveður hún ekki rétt eftir sér haft í bráðamóttökuskránni. Það beri með sér að hún hafi verið að nota farsíma sinn við akstur, en það sé ekki sannleikanum samkvæmt. Hún hafi ekið á löglegum hraða og haft augun á veginum allan þann tíma sem hún var undir stýri. Þá hafi hún ekki verið að tala í síma, skrifa smáskilaboð eða nota hann að öðru leyti.

Álit.
Samkvæmt 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga má lækka eða fella niður ábyrgð vátryggingafélagsins hafi vátryggður í slysatryggingu eins og hér um ræðir valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefðu orðið. Við úrlausn á þessum atriðum skal litið til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að, hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti.

Andmæli M í málskoti verða ekki skilin svo að hún mótmæli þeirri lýsingu sem getur í bráðamóttökuskránni, þ.e. að hún hafi verið að beygja sig fram til að ná í síma sem hafi dottið á gólfið og við það hafi hún misst stjórn á bifreiðinni í hálku á 60 km hraða á klst. og klesst á staur.

Jafnvel þótt M hafi ekki beinlínis verið að nota símann þegar slysið varð var hún engu að síður að beygja sig eftir honum niður á gólf. Þegar til þess er litið að M ók á talsverðum hraða í hálku þegar hún beygði sig niður í gólfið verður að virða þessa háttsemi til stórkostlegs gáleysis í skilningi 1. mgr. 90. gr. vsl. Eftir atvikum öllum og með vísan til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 112/2017 þykir rétt að bætur skerðist um 1/3. M telst því eiga rétt á bótum 2/3 hlutum úr slysatryggingunni.

Niðurstaða.
M, á rétt á bótum að 2/3 hlutum úr slysatryggingu ökumanns hjá V, en ber sjálf 1/3 hluta tjóns síns.

Reykjavík, 18. september 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 249/2018

M og
vátryggingafélagið V v/ slysatryggingar fjölskyldutryggingar.

Slys við viðgerð á innkeyrsluhurð í Reykjavík 29.12.2016.

Gögn.

Málskot, móttekið 22.8.2018, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 4.9.2018, ásamt skilmálum vátryggingarinnar sem og úrskurði úrskurðarnefndar velferðamála nr. 437/2017 og úrskurðum úrskurðarnefndar í vátryggingamálum nr. 33/2017, 441/2015 og 107/2014.

Bréf lögmanns M, dags. 10.9.2018.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M slasaðist að kvöldi 29. desember 2016 þegar hann var við viðgerð á innkeyrsluhurð í húsnæði X Nánar tiltekið þá rann undan M stigi sem hann stóð í og hlaut hann við það áverka á hægri olnboga. M skýrir aðkomu sína að umræddri viðgerð með þeim hætti að starfsmaður X hafi haft samband við hann og beðið um aðstoð vegna bilunar í innkeyrsluhurð húsnæðis sem notað var til að selja flugelda. M er félagsmaður í X og menntaður húsasmiður.

Í 4. kafla skilmála vátryggingar M segir m.a. í 19. gr.*: [....] Vátryggingin tekur ekki til slysa sem vátryggður verður fyrir í starfi hvort sem um er að ræða launað starf eða arðbært í eigin þágu eða annarra sem atvinnuslysahætta fylgir. [....]*

M telur að skýra eigi umrætt ákvæði með þeim hætti að það falli utan þess sem þar er fjallað um. M hafi ekki verið í starfi fyrir X í umrætt sinn sem hafi verð arðbært í eigin þágu eða annarra, ekki sé hægt að tengja arðbærni við tilfallandi fjáröflun X á þeim tíma sem slysið varð og sé starfsemi X eða slysavarnarfélagsins Landsbjargar, sem X tilheyri, ekki rekin í hagnaðarskyni. Einnig bendir M á að viðgerð á hurð sé ekki í eðli sínu arðbær þar sem hún gefur hvorki af sér ágóða né hagnað. Einnig bendir M á að það verði að koma skýrar fram í skilmálum V hvað felist í orðinu arðbært og vafa verði að túlka M í hag í samræmi við andskýringarreglu samningaréttar. Einnig telur M að ekki hafi verið atvinnuslysahætta af því sem M var að gera í greint sinn.

V telur með vísan til kröfugerðar M í máli úrskurðarnefndar velferðamála nr. 437/2017 að M hafi verið í starfi þegar hann slasaðist. Einnig telur V að starfið hafi verið arðbært í þágu X og atvinnuslysahætta hafi fylgt því að nota stiga.

Í viðbótarathugasemdum M dags. 10. september 2018 kemur fram að úrskurðarnefnd velferðamála hafi ekki fallist á að M hafi verið við störf (eða björgunarstörf) í skilningi laga um slysatryggingar almannatrygginga nr. 45/2015 þegar hann slasaðist og því sé eðlilegt að álykta að hann hafi verið í frítíma sínum og falli þar með undir bótasvið slíkrar slysatryggingar í fjölskyldutryggingu V. Einnig telur M það málinu óviðkomandi hvort M eigi rétt á bótum úr lögbundinni slysatryggingu björgunarsveitarmanna.

Álit.

Ekki er ágreiningur um aðdraganda þess atviks sem leiddi til líkamstjóns M eða að það sé slys í skilningi hefðbundinnar skýringar vátryggingaréttarins á því orði. Það er hins vegar ágreiningur um túlkun á orðalagi 19. gr. vátryggingarskilmála V þar sem félagið undanskilur tiltekin slys. Hvort bótaréttur er fyrir hendi eða ekki úr slysatryggingum almannatrygginga skv. lögum nr. 45/2015 eða slysatryggingar björgunarsveitarmanna skv. lögum nr. 43/2003 er sjálfstætt álitaefni sem hefur ekki sjálfkrafa áhrif á túlkun vátryggingarsamnings M og V. Verður því ekki frekar fjallað um þær tryggingar hér eða niðurstöðu annarra úrskurðarnefnda.

Í 19. gr. umræddra vátryggingarskilmála kemur fram að ef vátryggður slasast „*í starfi hvort sem um er að ræða launað starf eða arðbært í eigin þágu eða annarra sem atvinnuslysahætta fylgir*“ greiðir félagið ekki bætur úr slysatryggingu í frítíma. Um er að ræða staðlaða samningsskilmála

vátryggingarsamnings M og V og verður að túlka ákvæði þeirra í samræmi við orðanna hljóðan og með tilliti til þess að sjónarmið að baki svokallaðrar andskýringarreglu í samningarétti eigi við um samninginn, þ.e. að óljós og umdeilanleg ákvæði í samningi eigi að skýra þeim í óhag sem samdi þau einhliða.

Ljóst er af gögnum málsins að M var fenginn til að gera við innkeyrsluhurð í húsnæði X og virðist hafa verið haft samband við M vegna þess að hann er félagi í X og vegna hans menntunar og kunnáttu sem húsasmiður. Það að gera við umrædda hurð er ekki eitthvað sem almennt má búast við að einstaklingar geti gert án einhverrar þekkingar eða kunnáttu sem tengist almennt störfum. Verður því ekki litið öðruvísi á aðstæður M en að hann hafi verið við störf og þeim hafi fylgt atvinnuslysahætta við notkun stiga.

Eftir stendur þá að taka afstöðu til þess hvort um hafi verið að ræða arðbær störf í annarra þágu, en ljóst er að M var að vinna verk í þágu X en ekki í eigin þágu. Þegar almenn orðskýring á orðinu *arðbært* er lögð til grundvallar verður orðalag vátryggingaskilmála ekki skilið öðruvísi en að það starf sem M sinnti fyrir X hafi verið þess eðlis að almennt sé því sinnt gegn greiðslu. Það að X hafi ekki þurft að greiða M laun fyrir viðvikið þýðir að vinnuframlag M er arðbært fyrir X, hvort sem starfsemi X er stunduð í hagnaðarskyni eður ei. Verður því að leggja til grundvallar að slys M hafi orðið við arðbær störf hans í þágu X og atvinnuslysahætta hafi fylgt þeim störfum í skilningi 19. gr. vátryggingarskilmála. M á því ekki rétt á bótum úr slysatryggingu í frítíma fjölskyldutryggingar hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 9. október 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 250/2018

M og
vátryggingafélagið V v. bótagreiðslu úr líf- og sjúkdómatryggingu

Krafa um bætur vegna brjóstakrabbameins. Tilkynningarfrestur þ. mars 2016

Gögn.

Málskot móttekið þ. 22.8.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-5
Bréf V dags. 4.9.2018 ásamt fylgiskjali

Málsatvik.

M greindist með illvígt brjóstakrabbamein í mars 2016 og gekkst undir stórar aðgerðir og lyfjameðferð í kjölfarið en síðasta lyfjagjöfin var í lok maí 2017. M gerði kröfu um bætur þ.27.6.2017 til V, en félagið hafnaði bótaskyldu þar sem tilkynningarfrestur skv. 1.mgr. 124.gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004 væri liðinn. M mótmælir því og telur ótækt að miða við þá tímasetningu þegar hún fékk greiningu um illvígt brjóstakrabbamein og bendir á að upphaf ársfrestsins geti verið matskennt og hún hafi lokið yfirgripsmikilli læknismeðferð mánuði áður en hún gerði kröfu á hendur V. Eins og áður er fram komið þá hafnar V bótaskyldu og segir að M hafi greinst með illkynja krabbamein í brjósti og sú greining hefði verið staðfest með vefjarannsóknarsvari þ.11.3.2016. V vísar til 7.gr. vátryggingaskilmála og segir upphafstíma tilkynningarfrests í sjúkdómatryggingu miðist við dagsetningu greiningar, enda geti vátryggður þá gert kröfu í tryggingu og fengið bætur greiddar. Tilkynningarfrestur byrji því að líða í tilviki M þ.11.3.2016 og hafi því verið liðinn skv. 1.mgr.124.gr. laga um vátryggingasamninga þegar tilkynning barst félaginu þ.27.6.2017.

Álit.

Krafa M byggir á því að hún eigi rétt til vátryggingabóta úr líf- og sjúkdómatryggingu sinni hjá V þar sem hún er haldin ákveðnum sjúkdómi. Greining sjúkdómsins var staðfest með vefjarannsóknarsvari þ.11.3.2016. Atvik þau sem krafa M er reist á úr sjúkdómatryggingunni byggja á greiningu sjúkdómsins og gat hún gert kröfu um bætur úr sjúkdómatryggingu sinni þegar sjúkdómurinn var greindur og henni mátti ljóst vera að hún væri haldinn umræddum sjúkdómi. Gildissvið sjúkdómatryggingarinnar miðast ekki við mat á afleiðingum sjúkdómsins og er því þegar af þeirri ástæðu ekki hægt að miða við annað tímamark en þegar greining sjúkdómsins var staðfest. Greining sjúkdómsins var staðfest þ.11.3.2016 eins og áður greinir en tilkynning barst ekki til V fyrr en þ. 27.6.2017, en þá var tilkynningarfrestur liðinn skv. 1.mgr. 124.gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004. Bótaskylda er því ekki til staðar úr Líf- og sjúkdómatryggingu M hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr Líf og sjúkdómatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 25.9. 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður. Jón Magnússon lögmaður.

Mál nr. 251/2018

M og
vátryggingafélagið V v/ slysatryggingar launþega.

Ágreiningur um hvort réttur til bóta hafi fallið niður vegna tómlætis.

Gögn.
Málskot, móttekið 23.8.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 5.9.2018.

Málsatvik.
M slasaðist í umferðarslysi 21. febrúar 2016. Hún veitti lögmanni sínum umboð 18. apríl 2016 og 19. sama mánaðar var slysið tilkynnt V vegna væntanlegrar bótakröfu úr slysatryggingu ökumanns. Í tilkynningunni var þess óskað að málið yrði skráð í „viðeigandi tryggingu hjá félaginu“. Matsbeiðni var útbúin 16. mars 2017 og þá voru skattframtöl afhent félaginu. Samkvæmt fyrirliggjandi örorkumati læknis og lögfræðings var stöðugleikapunktur talinn vera 21. maí 2016 eða þremur mánuðum eftir slysdag.

Þann 21. september 2017 var V tilkynnt að slysið kunni einnig að vera bótaskylt úr slysatryggingu launþega sem vinnuveitandi M hafði keypt hjá V. V taldi að M hafi vitað um kröfu sína þegar hún veitti lögmanni sínum umboð og í allra síðasta lagi þegar kom að stöðugleikapunkti 21. maí 2016. Krafa M hafi því verið fallin niður þegar tilkynnt var um hana 21. september 2017, sbr. 1. mgr. 124 gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

M andmælir því ekki að hún hafi haft „raunverulega vitneskju um afleiðingar slyssins“ þegar henni voru tilkynntar niðurstöður úr segulómskoðun 23. mars 2016 eða í síðasta lagi 21. maí 2016 þegar stöðugleikapunkti var náð. Hins vegar hafi V mátt sjá, þegar skattframtölin bárust því í hendur 16. mars 2017, hver væri vinnuveitandi M og í ljósi þess að óskað hafði verið eftir því að málið yrði skráð í „viðeigandi tryggingu“ hafi V borið að kanna hvort slysatrygging launþega hjá vinnuveitandanum ætti við um M.

Álit.
Samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 glatar sá sem á rétt til bóta samkvæmt slysatryggingu þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á eða því hefur ekki borist tilkynning um vátryggingaratburð með öðrum hætti.

Eftir atvikum mátti gera kröfu til að V kannaði hvort nafn M kæmi fram í tölvukerfum félagsins sem vátryggð í einhverjum vátryggingum sem gætu falið í sér bótaþætti vegna slyss eins og hún varð fyrir umrætt sinn. Að jafnaði eru nöfn þeirra sem njóta verndar samkvæmt slysatryggingu launþega hjá vátryggingafélagi ekki skráð hjá félaginu. Ekkert liggur fyrir um að svo hafi verið varðandi launþegatryggingu þá sem vinnuveitandi M hafði keypt hjá V. Við svo búið verður ekki með sanngirni gerð sú krafa á hendur V að það skyldi athuga sérstaklega hvort þar mætti finna slysatryggingu launþega sem tæki til slyssins, jafnvel þótt upplýsingar um vinnuveitandann hefðu legið fyrir á því tímamarki þegar örorkumatsbeiðni var útbúin. Óumdeilt er að M vissi um þau atvik sem krafa hennar er byggð á meira en einu ári áður en tilkynnt var um kröfu um bætur úr slysatryggingu launþega hjá V. Af þeim sökum hefur hún glatað rétti sínum til bóta úr slysatryggingunni.

Niðurstaða.
M, á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá V.

Reykjavík, 25. september 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 252/2018

M og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar X

Vinnuslys 23. mars 2018. Skaðabótaábyrgð.

Gögn.

Málskot, dags. 24.8.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 30.8.2018, ásamt yfirlýsingu og umsögn öryggisstjóra X, dags. 20.7.2018.
Bréf lögmanns M, dags. 3.10.2018.

Málsatvik.

M sem var starfsmaður fyrirtækisins Rennslis ehf. tilkynnti um vinnuslys sitt með þeim hætti til Vinnueftirlitsins að hann hafi verið að færa sig milli verkstaða á vinnusvæði X þegar hann kveðst hafa þurft að stíga á sliskju eða göngubrú sem lá frá verönd við kaffistofu niður á jörð. M kveðst hafa verið með verkfæratösku á öxlinni og þegar hann hafi stigið á sliskjuna hafi hann misst fótanna og fengið við það mikinn slink á hægri hlið líkamans. Fjórum dögum síðar leitaði M til heimilislæknis og í læknisvottorði hans er haft eftir M að hann hafi dottið þegar hann var að ganga niður skárampa eða trébekk og það hafi verið ísing. Hinn 5. apríl 2018 leitaði M á bráðadeild Landspítala-Háskólasjúkrahúss og er þar haft eftir M að hann hafi runnið á trébretti og dottið. M hefur verið til meðferðar hjá læknum síðan m.a. vegna verkja í baki.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð vegna þess líkamstjóns sem hann kveðst hafa hlotið í vinnu sinni 23. mars 2018. M byggir á að ísing hafi verið á sliskjunni sem hann þurfti að ganga á til að komast leiðar sinnar og hafi hún verið óstöðug, án handriðs og engar ráðstafanir gerðar af hálfu starfsmanna X til að salta eða hálkuverja vettvang. M byggir einnig á að vinnuaðstæður hafi verið ófullnægjandi m.t.t. fyrirmæla í vinnuverndarlöggjöf og reglum þeim tengdum. Einnig vísar M til þess að verkstjórn hafi verið ófullnægjandi og mikil hætta hafi verið á tjóni við þær aðstæður sem uppi voru, Vinnueftirlitið hafi ekki verið kallað til, sbr. ákvæði um tilkynningu vinnuslysa í 79. gr. laga nr. 46/1980 og hafi því ekki farið fram rannsókn á vettvangi og að það standi X nær að tryggja sönnun um að vinnuaðstæður hafi verið fullnægjandi en M. Svo hafi ekki verið og beri því X því skaðabótaábyrgð sem leiði til greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

V telur í fyrsta lagi að það sé ósamræmi í framburði M um ætlað atvik og aðstæður á vettvangi og engin vitni séu að því sem geti varpað ljósi á hvað gerðist og hvers vegna. Af þeirri ástæðu telur V að ósannað sé að M hafi orðið fyrir líkamstjóni við þær aðstæður sem hann lýsir. Einnig bendir á að frásögn M sýni ekki með skýrum hætti að vinnuaðstæður hafi verið ófullnægjandi. Það atvik sem M hafi tilkynnt hafi átt að eiga sér stað í upphafi vinnudags eftir næturfrost og hafi M átt að taka tillit til þeirra aðstæðna, hann hafi þekkt aðstæður vel og ósannað sé að sliskjan hafi hreyfst til þegar M hafi gengið á henni. V vísar til öryggisprófana sem hafi verið framkvæmdar eftir tilkynningu M um atvikið og hafi hún ekki leitt annað í ljós en að sliskjan væri örugg og svignaði ekki undan álagi.

Álit.

Í málinu liggja fyrir myndir af þeim aðstæðum sem voru á vinnustað M hinn 23. mars sl., bæði frá M og X. Ekki verður séð af gögnum málsins að aðstæður hafi verið þannig þann dag að skilyrði hafi verið til tilkynningar til Vinnueftirlitsins af hálfu X, M leitaði ekki til læknis fyrr en fjórum dögum síðar og ekki er sannað að hann hafi upplýst X um líkamstjón eða óvinnufærni. Sönnunarstaða í málinu er því þannig að M þarf að sýna fram á að hann hafi hlotið líkamstjón í tjónsatviki þennan dag og að aðstæður hafi verið með þeim hætti að X beri skaðabótaábyrgð á því. Þegar litið er til þeirra gagna sem liggja fyrir um aðstæður á vettvangi verður ekki með skýrum hætti séð að umbúnaður sliskjunnar eða göngubrúarinnar sem M kveðst hafa gengið um og slasað sig á hafi verið í andstöðu við fyrirmæli vinnuverndarlöggjafar eða reglur henni tengdum. Ekki telst heldur sannað að starfsmenn X hafi vanrækt það að hálkuverja svæðið. Verður því ekki fallist á að skilyrði

skaðabótaábyrgðar séu fyrir hendi gagnvart X og hefur því ekki stofnast greiðsluskylda úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 16. október 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 253/2018

M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar S

Krafa um bætur vegna tjóns á bifreið sem varð þegar ekið var á kú 2.10.2017.

Gögn.

Málskot, móttekið 15.8.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-3.
Bréf V, dags. 7.9.2018 ásamt fylgiskjölum 1-5.

Málsatvik.

M ók eftir Kjósarskarðsvegi þegar kýr hljóp í veg fyrir bifreiðina, lenti bifreiðin á kúnni og varð við það m.a. tjón á bifreiðinni. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu S hjá V og segir að eigandi kýrinnar hafi sýnt af sér vanrækslu. Lausaganga búfjár sé bönnuð á þeim stað sem slysið varð sbr. 50. gr. vegalaga nr. 80/2007, en girt sé beggja megin vegarins. M telur að eigandi kýrinnar hafi ekki sýnt af sér vanrækslu með því að koma ekki í veg fyrir að búfé hans slyppi inn á veginn. M vísar einnig til sérstakrar yfirlýsingar sveitarstjórnar Kjósarhrepps, þar sem fram kemur að lausaganga stórgripa sé bönnuð í Kjósarhreppi og eigendur hvattir til að huga vel að vörslum búpenings síns. V hafnar bótaskyldu og segir gögn takmörkuð þá sérstaklega með tilliti til þess hvort vegurinn hafi verið afgirtur að öllu leyti og hvort aðgengi búfjár hafi verið lokað með ristarhliðum og því verði ekki fullyrt að lausaganga búfjár hafi verið bönnuð á umræddu svæði. Þá hafi tjónþoli ekki sýnt fram á sök tjónvalds og ekkert í gögnum málsins bendi til þess að hann hafi vanrækt skyldur sínar eða sýnt af sér saknæma háttsemi.

Álit.

Þar sem umferðaróhappið varð er, skv. athugun nefndarinnar, girt beggja megin vegar og lausaganga búfjár því bönnuð skv. ákvæði 50. gr. vegalaga nr. 80/2007. Ekki liggja fyrir neinar skýringar af hálfu vátryggingartaka sem réttlætt gætu það að kýrin var á ferð án nokkurrar gæslu við akveginn í umrætt sinn og er því ekkert komið fram í málinu sem bendir til annars en að vörslum vátryggingataka á kúnni hafi verið ábótavant í umrætt sinn þannig að leiði til bótaskyldu hans. Ekki verður heldur talið sannað að ökumaður bifreiðarinnar hafi verið óhæfur til akstur. M á því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu S hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu S hjá V.

Reykjavík 16.10. 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 254/2018

M og
vátryggingafélagið V vegna innbústryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu.

Gögn.
Málskot, dags. 22.08.2018 ásamt fylgigögnum.
Bréf V, vátryggingafélags, dags. 05.09.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
M leigði út íbúðina G 30. nóvember – 5. desember 2017 og varð tjón á húsbúnaði og húsnæðinu á leigutímanum. V neitaði bótaskyldu. M telur að um tjónið gildi gr. 2.7. í skilmálum vátryggingarinnar nr. E-5 þar sem fram komi að tjón af völdum skemmdarverks sé bætt ef einstaklingur sem ekki hefur heimild til að vera á heimilinu eyðileggi eða skemmi innbú. Í íbúðinni hafi verið fólk sem ekki hafi haft heimild til að vera þar en erfitt sé að sýna fram á að tjóninu hafi verið valdið af þeim aðilum. Í bréfi V kemur fram að ekki komi annað fram í lögregluskýrslu en að leigjendur íbúðarinnar hafi valdið tjóninu og þótt að leigjendur hafi boðið gestum í íbúðina hafi þeir verið með heimild leigjendanna í íbúðinni. Leigjandi hafi umráðarétt yfir íbúð meðan hann hafi hana á leigu og ekki sé unnt að líta svo á að gestir sem hann bjóði í heimsókn séu þar í heimildarleysi.

Álit.
Samkvæmt skilmálum innbústryggingar E-5 bætir vátryggingin tjón á innbúi sem verður af völdum skemmdarverks. Skv. gr. 2.7. telst það skemmdarverk í skilningi þessarar vátryggingar ef einhver einstaklingur sem ekki hefur heimild hinna vátryggðu til veru eða dvalar á heimilinu, eyðileggur eða skemmir innbú, eða hluta þess, sem vátryggt er í þessari vátryggingu. Það er skilyrði fyrir greiðsluskyldu félagsins að lögregluskýrslu sé skilað sem sönnun fyrir tjóni. Í þessu máli liggur fyrir lögregluskýrsla um tjónið. Í skýrslunni kemur ekki fram hver var ábyrgur fyrir tjóninu. Leigutaki hafði heimild til veru í íbúðinni og á vegum hans gátu aðrir aðilar komið í íbúðina og valdið tjóni. Ekki liggur fyrir í málinu hvaða aðili hafi valdið tjóninu né að sá aðili hafi ekki haft heimild til að vera íbúðinni. Af þeim sökum á M ekki rétt á bótum úr innbústryggingu hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr innbústryggingu hjá V.

Reykjavík, 25. september 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon, lögm.

Mál nr. 256/2018

M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar sveitafélagsins X

Líkamstjón við fall úr stólalyftu á skíðasvæði 19.3.2018.

Gögn.

Málskot móttekið 28.8.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-7.
Bréf V, dags. 10.8.2018 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

M var í stólalyftu á skíðasvæði og þegar lyftan kom á endastöð náði M ekki að standa upp og fór með lyftunni framhjá endastöðinni. M segir að lyftan hafi farið framhjá stjórnklefa lyftueftirlitstarfsmanns, sem hafi ekki brugðist við og stöðvað lyftuna. M segist síðan hafa fallið úr stól lyftunnar en þá hafi lyftan verið í 2 metra hæð og hafi hún lent illa. M segist ekki hafa stokkið úr lyftunni á þeim stað sem um ræðir og hafi M talið að lyftan yrði stöðvuð og henni bakkað, en það hafi ekki verið gert og því hafi M fallið úr lyftunni. Þá er vísað til þess af hálfu M að vitni beri að M hafi verið komin í afkáralega stöðu í kjölfar tafa við að komast úr lyftunni og hefði M dottið úr lyftunni. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V og segir að starfsmaður X hafi ekki fylgst nægjanlega vel með í umrætt sinn og þess vegna hefði slysið orðið. M telur að X beri ábyrgð á þessari handvömm starfsmanns síns.

Í skýrslu X vegna slyssins segir að til að bakka lyftunni þurfi lyftuvörður við endastöð að gera lyftuverði við drifstöð viðvart, sem síðan bakkar lyftunni. Við endahjól lyftunnar sé einnig öryggishlið sem stöðvar hana ef fólk fer í lyftunni fyrir endahjólið, en gerist það sé lyftan keyrð aðeins áfram og fólk tekið inn á lyftupallinn við endastöð. V hafnar bótaskyldu og segir að skv. framburði lyftuvarðar hafi M stokkið úr lyftunni, en vitni, sem sé unnusti M, segi að hún hafi runnið úr lyftunni. V telur að byggja verði niðurstöðu málsins á atvikalýsingunni sem kemur fram í slysaskýrslu skíðagæslu X. Þá segir V að ekkert í gögnum málsins bendi til þess að atvikið verði rakið til saknæmrar ólögmætrar háttsemi X eða annarra atvika eða aðstæðna sem X ber ábyrgð á. V segir að slysið verði rakið til þess, að skíðastafur dóttur M hafi flækst fyrir henni þegar hún ætlaði úr stólalyftunni á endastöð og þess að M hafi ákveðið að stökkva úr lyftunni. V segir að jafnvel þó að málsatvikalýsing M verði lögð til grundvallar þá hafi samt sem áður ekki verið sýnt fram á saknæma háttsemi starfsmanna X og að orsakatengsl séu á milli tjónsins og þess að lyftan hafi ekki verið stöðvuð.

Álit.

Ekki er ágreiningur um það, að skíðastafur dóttur M hafi þvælst fyrir henni þannig að hún komst ekki úr lyftunni á endastöð. Ágreiningur er um það hvort að M hafi stokkið úr lyftunni eða fallið vegna þess að hún hafi verið komin í slæma stöðu. Af hálfu M er á því byggt að starfsmaður X hafi ekki fylgst nægjanlega vel með og því ekki brugðist eðlilega við aðstæðum. Ekki hefur verið sýnt fram á það, að starfsfólk X hafi brugðist seint og/eða illa við eða að það hafi getað brugðist við áður en M féll og/eða stökk úr lyftunni. Þá hefur ekki verið sýnt fram á það að öryggisbúnaði lyftunnar hafi verið áfátt eða öðrum atriðum áfátt, sem leitt gætu til skaðabótaábyrgðar X á tjóni M. Þegar af þeim ástæðum á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 9.10. 2018.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 257/2018

M og
vátryggingafélagið V vegna frjálsrar ábyrgðartryggingar X

Ágreiningur um ábyrgð á tjóni er borað var í vatnslögn.

Gögn.

Málskot móttekið 28. ágúst 2018, ásamt fylgigögnum 1 - 3.
Bréf V, dags. 17. september 2018, ásamt fylgiskjali.
Bréf M, dags. 18. september 2018.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að þann 17.10.2016 hafi starfsmenn X verið að vinna í húsnæði, þar sem M er með starfsstöð sína. Við vinnuna hafi m.a. þurft að bora í vegg. Boraði starfsmaður X í vatnslögn með þeim afleiðingum að vatn flæddi um fasteignina og tjón varð á fasteigninni og lausafé í eigu M. Talsverðan tíma tók að stöðva lekann þar sem starfsmenn X fundu ekki vatnsinntak hússins. Þurfti því að kalla til mann frá vatnsveitu sveitarfélagsins til að skrúfa fyrir vatnið.

Nokkur ágreiningur er um málsatvik en M heldur því fram að X hafi vanrækt að kynna sér lagnateikningar, staðsetningu lagna og staðsetningu vatnsinntaksins áður en vinna við verkið hófst. Einnig kveður M að starfsmenn X hafi sýnt af sér gáleysi við framkvæmdina, þar sem þeir hafi borað í gegn um lögnina þrátt fyrir að þeir hafi lent á augljósri fyrirstöðu. Samkvæmt M hafi mátt greina að starfsmenn X hafi verið að bora í lagnir því mikill hávaði hafi verið um allt húsið þegar steinbor lenti á járnröri í einangruðum múrhúðuðum vegg. Telur M að vanur iðnaðarmaður hefði átt að átta sig á þessu strax og hætta að bora. Lagnalekann og aukið tjón sem rekja má til þess að illa gekk að staðsetja vatnsinntak hússins megi því rekja til atvika sem X ber skaðabótaábyrgð á.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X á þeim grundvelli að tjónið verði rakið til óhappatilviljunar en ekki til saknæmrar háttsemi starfsmanna X eða annarra atvika sem X ber skaðabótaábyrgð á. Virðist V byggja á að starfsmenn X hafi gert allt sem í þeirra valdi stóð til að fyrirbyggja að til vatnstjóns kæmi. Þeir hafi m.a. leitað eftir lagnateikningum hjá byggingarfulltrúa til að fá upplýsingar um legu lagna í veggjum hússins, en engar slíkar tryggingar hafi fundist. Þá heldur V því fram að á starfsmenn X hafi fengið upplýsingar hjá eiganda hússins um það hvar neysluvatnsinntakið væri staðsett, svo hægt væri að loka fyrir vatn með hraði ef nauðsyn krefði. Það hafi ekki verið fyrr en starfsmenn X reyndu að loka fyrir vatnsinntakið að þeir uppgötvuðu að upplýsingarnar sem þeir höfðu fengið um staðsetningu inntaksins voru rangar.

Álit:

Almennt verður að leggja þá kröfu á iðnaðarmenn að þeir kynni sér hvar húsalagnir eru staðsettar áður en hafist er handa við að bora í veggi. Af gögnum málsins verður að teljast ljóst að starfsmenn X vanræktu þennan þátt starfsins, þar sem þeir höfðu ekki kynnt sér með fullnægjandi hætti hvar vatnslagnir hússins voru staðsettar. Þá er ljóst að starfsmenn X sannreyndu ekki hvar vatnsinntak hússins var staðsett áður en verkið hófst.

Að framangreindu virtu og með hliðsjón af atvikum öllum telst sannað að tjón M verður rakið til ófullnægjandi vinnubragða og gáleysis starfsmanna X. Ber X þar af leiðandi ábyrgð á því tjóni sem M varð fyrir vegna umræddsvatnsleka. M á því rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 23. október 2018

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.
Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 259/2018

M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X

Maður féll úr tröppum og slasaðist þann 9.12.2016.

Gögn.

Málskot, móttekið 28.8.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-14.
Bréf V, dags. 27.9.2018.

Málsatvik.

M varð fyrir slysi á þvottastöð X þegar hann var að þvo olíubíl sem hann starfar við að aka hjá fyrirtækinu S. Kveðst M hafa verið að athafna sig í stiga í u.þ.b. tveggja metra hæð til að ná í slöngu háþrýstibúnaðarins, sem notaður var við þvottinn, niður af hjóli á vegg þar sem hjól í búnaðnum stóð á sér. Þegar M stóð í stiganum rann stiginn frá veggnum með þeim afleiðingum að M féll til jarðar og hlaut við það áverka á hægri öxl. Segist M hafa notað umræddan stiga þar sem hann lá fyrir neðan búnaðinn og að hann hafi ætlað að reyna að laga hjól á búnaðnum sem olli því að slangan stóð á sér.

M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V. M byggir á því að X beri skaðabótaábyrgð á slysinu þar sem X hafi vanrækt skyldur sínar skv. lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Vísar M m.a. til þess að X hafi ekki gripið til fullnægjandi ráðstafanna til að gera við búnaðinn þó svo að starfsmenn X hafi fengið vitneskju um bilun í búnaði þvottastöðvarinnar nokkru fyrri slysið, eða hinn 6.10.2016. Þá vísar M til þess að stiginn sem hann notaði við verkið hafi ekki verið nægilega stöðugur til að nota við verkið. Þá mótmælir M því sem fram kemur í gögnum málsins um að umræddur stigi hafi verið í eigu og á ábyrgð S og vísar til þess að stiginn hafi verið í vörslum og á ábyrgð X í umrætt sinn.

V hafnar kröfum M og vísar til þess að ósannað sé að atvikið megi rekja til atvika sem X beri skaðabótaábyrgð á. Telur V að slysið megi rekja til óhappatilviljunar og/eða eigin gáleysis M. Hann hafi sjálfur valið umræddan stiga til verksins og hann hafi ekki farið eftir öryggisleiðbeiningum X um að nota skuli vinnupalla fremur en stiga þegar unnið er í mikilli hæð.

Álit.

Af gögnum málsins má sjá að umræddur stigi er merktur S, vinnuveitanda M og ekkert í gögnum málsins staðfestir að stiginn hafi verið í vörslum eða á ábyrgð X líkt og M heldur fram. Verður það því að teljast ósannað. Þá liggur fyrir að M hugðist gera við búnað, hjólið sem slanga háþrýstibúnaðar var á, af eigin frumkvæði og án vitneskju X. Hafði X þar af leiðandi enga möguleika á því að skipuleggja verkið eða gera aðrar nauðsynlegar ráðstafanir við undirbúning þess. Þá er ekkert í gögnum málsins sem bendir til þess að umræddur stigi hafi verið vanbúinn. Verður tjónið því einungis rakið til þess að stigi, sem M valdi þrátt fyrir að hafa aðra möguleika, hentaði illa til verksins. Með hliðsjón af framangreindu verður X ekki talið bera ábyrgð á framkvæmd verksins. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að rekja megi tjónsatburð máls þessa að öðru leyti til vanrækslu X, starfsmanna hans eða aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á. Bótaréttur hefur því ekki stofnast úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 30. október 2018

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 260/2018

M og
vátryggingafélagið V1 vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins A
og
vátryggingafélagið V2 vegna ábyrgðartryggingar B

Árekstur bifreiða á þjóðvegi 53, 11.8.2018.

Gögn.

Málskot, móttekið 28.8.2018.
Bréf V-1, dags. 17.9.2018 ásamt fylgiskjölum 1-3.
Bréf V-2, dags. 13.9.2018 ásamt fylgiskjölum 1-3.

Málsatvik.

Árekstur varð á þjóðvegi 53 skammt frá Bíldudal og þegar bifreiðarnar mættust rákust speglar bílanna saman og brotnuðu. Báðir ökumenn segjast hafa vikið eins langt út í kant og hægt hafi verið þegar bílarnir mættust. Ökumaður A sagðist hafa séð til ferða B og hægt á sér og vikið eins langt út í kant, en B hafi verið ekið hratt og ökumaður B hafi ekki vikið mikið. Ökumaður B segist hafa hægt ferðina og farið eins langt til hægri og hann gat. Fyrir liggja tölvupóstar frá manni, sem segist hafa verið vitni að árekstrinum, en þar segir maðurinn að ökumaður B hafi ekki vikið neitt í aðdraganda árekstursins en ökumaður A hafi vikið eins mikið og mögulegt var.

Álit.

Ekki er hægt að leggja frásögn í tölvupósti frá vegfaranda til grundvallar um staðsetningu bifreiða á veginum þegar árekstur varð en hún er ekki afdráttarlaus um að ökumaður bifreiðar B hafi ekki vikið til hægri þegar hann mætti bifreið A. Báðir ökumenn segjast hafa vikið til hægri í aðdraganda árekstursins og eru sammála um að gagnaðili hafi líka vikið til hægri í aðdraganda hans. Ekkert frekar er upplýst um staðsetningu bifreiðanna á veginum þegar áreksturinn varð og er því sök skipt til helminga.

Niðurstaða.

Hvor aðili um sig ber helming sakar.

Reykjavík 16.10.2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 261/2018

M og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.

Ágreiningur um bótaskyldu er farþegi í bifreið slasaðist í árekstri við aðra bifreið.

Gögn.

Málskot, dags 29.8.2018, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Bréf V, dags. 14.9.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Laust fyrir kl. 13 hinn 7. ágúst 2017 varð árekstur með bifreiðunum A og B á Djúpvegi á Steingrímsfjarðarvegi. M var farþegi í A sem var húsbíll af Mitsubishi gerð. Hún valt við áreksturinn og gjöreyðilagðist. M hlaut áverka á hálshrygg í slysinu, þ. á m. brot á „lamina C6“ hryggjarbols, auk einkenna frá hægri hendi.

Í framburðarskýrslu hjá lögreglu kvað M að hann og D, ökumaður A, hafi sofið í A nóttina fyrir slysið og hafi þeir vaknað milli kl. 7 og 8 um morguninn. D hafi fengið sér að borða og lagt sig síðan aftur. Hann hafi vaknað um kl. 12 og þeir síðan lagt af stað og fannst M ekkert athugavert við aksturslag D. Aðspurður um ástand D kvaðst M ekki hafa séð neitt óeðlilegt í fari hans.

Í vettvangsskýrslu lögreglu kom fram kom að D neytti amfetamíns samkvæmt læknisráði og þyrfti að taka það reglulega vegna veikinda sinna. Framvísaði hann lyfjakorti með upplýsingum um að hann gæti leyst út amfetamín í töfluformi, en þyrfti að taka lyfið reglulega út vegna veikinda sinna. Í framburðarskýrslu af D kemur fram að hann hafi ekki neytt amfetamíns í meira mæli en læknisráð sagði til um. Hann hafi heldur ekki verið „skakkur vegna jónu“ sem hann hafi reykt kvöldið áður og ekki fundið fyrir fíkniefnaáhrifum við aksturinn.

Samkvæmt matsgerð rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði mældust í blóði D 320 ng/ml af amfetamíni og 4,8 ng/ml af tetrahýdrókannabínóli. Í matsgerðinni segir að þessi efni séu í flokki ávana- og fíkniefna sem eru óheimil á íslensku yfirráðasvæði. Því teljist ökumaðurinn hafa verið óhæfur til að stjórna ökutæki örugglega þegar sýnið var tekið, sbr. 2. mgr. 45. gr. a umferðarlaga nr. 50/1987 með síðari breytingum. Í viðbótarupplýsingum rannsóknastofunnar kemur fram að lækningalegum styrk amfetamíns í blóði hafi verið lýst á bilinu 30-150 ng/ml. Eftir inntöku 30 mg amfetamíns hafi blóðstyrkur átta fullorðinna einstaklinga mælst hæstur 111 ng/ml í blóði, meðalstyrkur í 20 einstaklingum sem á sama hátt hafi fengið 30 mg á dag í eina viku hafi mælst með 67 ng/ml að meðaltali (sbr. Baselt: Disposition of toxic drugs and chemical in man, 8. útg. 2008). Í blóðsýni því sem til rannsóknar var hafi greinst 320 ng/ml sem teljist langt yfir lækningalegum styrk og bendi til misnotkunar.

Í lögregluskýrslu á vettvangi er haft eftir ökumanni B, að hann verið að aka fram úr A er henni hafi verið ekið í veg fyrir sig með þeim afleiðingum að A hafi farið út af veginum. Einnig er haft eftir ökumanni B og eiginkonu hans, sem var farþegi í B og sat hægra megin við ökumann, að B hafi verið ekið á eftir A í um 15 mínútur fyrir óhappið og hafi A verið mjög rásandi á veginum, ekið nokkuð undir hámarkshraða og nokkrum sinnum virst vera á leið út af veginum.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna þess líkamstjóns sem hann hlaut í slysinu. V hefur fallist á bótaskyldu að 1/3 hluta en M verði sjálfur að bera 2/3 hluta tjóns síns þar sem honum hafi ekki átt að geta dulist að hann hafi tekið sér far með ökumanni sem var undir verulegum áhrifum ávana- og fíkniefna og því verið óhæfur til aksturs A. Þannig hafi hann verið meðvaldur að tjóni sínu af stórkostlegu gáleysi. Er af hálfu V einkum vísað í þessum efnum til þeirra atriða sem að framan greinir.

M vill ekki una þessari afstöðu V til bótaskyldu þar sem hann mótmælir því að hann hafi vitað um amfetamínneyslu D og af þeim sökum eigi hann að fá tjón sitt bætt að fullu.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal sá sem ábyrgð ber á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki bæta það tjón sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni ökumanns Í 2. mgr. sömu greinar má lækka eða fella niður bætur fyrir líkamstjón ef sá sem varð fyrir tjóni var meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

Í gögnum frá rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði mældust 320 ng/ml af amfetamíni og 4,8 ng/ml af tetrahýdrókannabínóli í blóði D sem telst langt yfir styrk í lækningalegum tilgangi og bendi til misnotkunar. Í úrskurði nefndarinnar 10. apríl 2018 í máli nr. 70/2018, er varðaði skiptingu sakar vegna áreksturs bifreiðanna sem hér áttu hlut að máli, segir að engum vafa sé undirorpið að D hafi verið undir áhrifum ávana- og fíkniefna og því verið óhæfur til að stjórna ökutæki örugglega, sbr. 1. mgr. 45. gr. a umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 5. gr. laga nr. 66/2006 um breytingu á þeim. Undir þessum áhrifum hafi D verið óheimilt að stjórna bifreiðinni, sbr. 1. mgr. sömu greinar laganna. Öll sök á árekstrinum var lögð á D.

Fyrir liggur að M og D voru samvistum að minnsta kosti kvöldið fyrir slysið og sváfu báðir í A um nóttina. Í ljósi þess magns amfetamíns sem mældist í líkama D átti M ekki að geta dulist að D hafði neytt þessa lyfs áður en þeir hófu ferðina. Engu að síður tók hann sér far með D þar til slysið varð. Þessa háttsemi M verður að virða honum til stórkostlegs gáleysis. Með vísan til fyrrgreindra ákvæða umferðarlaga þykir mega lækka bætur til M og eftir atvikum öllum að þær verði lækkaðar um helming. Að sama skapi á hann þá rétt á að fá tjón sitt bætt að helmingi úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

Líkamstjón M, bætist að helmingi úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 16. október 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 262/2018

M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins X

Orsakatengsl líkamstjóns og umferðaróhapps 3.4.2017.

Gögn.

Málskot málskotsaðila, móttekið 29.8.2018, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 12.9.2018 ásamt upplýsingaskjali um tjón X, tilkynningardagur 24.4.2017.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að með tjónstilkynningu dags. 31.8.2017 tilkynnti lögmaður M til V um að M hefði hlotið líkamstjón í umferðaróhappi 3.4.2017 við Grand hótel í Sigtúni í Reykjavík. Í málinu liggur einnig fyrir lögregluskýrsla vegna atviksins og myndir af skemmdum á X og þeirri bifreið sem M ók. Í gögnum málsins liggja fyrir læknisfræðileg gögn sem sem sýna að M leitaði á Læknavaktina 3.4.2017 og lýsir þar árekstri og höfuðhöggi en ekki hafi verið hægt að meta þar hvort einkenni væru vegna afleiðinga áverka eða annars og M vísað á bráðamóttöku. Í læknabréfi þaðan kemur fram að M hafi þar lýst miklu höfuðhöggi og að hafa skallað stýri bifreiðar við árekstur og í læknisfræðilegum gögnum eru einnig rakin samskipti M við lækna eftir það auk upplýsinga um fyrra heilsufar.

M telur líkamstjón sitt sannað og hafi það orðið í fyrrnefndum árekstri. Ekki sé tækt að byggja á svokallaðri PC-crash skýrslu sem V hafi aflað einhliða eða dregið ályktanir af henni um líkamstjón M, heldur verði að líta til læknisfræðilegra gagna sem M hafi lagt fram og sanni afleiðingar árekstursins. M bendir einnig á að skýrsla sú sem V byggir afstöðu sína um sé unnin af fyrrverandi starfsmanni V, ekki nema að mjög litlu leyti byggð á samtímagögnum og forritið sem skýrslan byggir á geti ekki reiknað áhrif áreksturs á líkama fólks heldur eingöngu á hröðun ökutækisins sjálfs. Einnig vísar M til þess að það eigi sér stoð í dómaframkvæmd að leggja eigi til grundvallar læknisfræðileg gögn við mat á orsakatengslum.

V telur að ekki séu sönnuð orsakatengsl milli áreksturs og einkenna M og vísar til þeirrar aðferðafræði við heildarmat sitt að það verði að meta almennt hvort atburður sé til þess fallinn að valda tjóni, hvort M hafi leitað til læknis skömmu eftir atburðinn, hvort læknismeðferð sé samfelld og í samræmi við einkennalýsingar, hvort einkenni séu almenns eðlis eða sértæk fyrir atburð og hvort líklegt sé að einkenni sé hægt að rekja til annarra atvika. V telur útilokað að mikið högg hafi verið af árekstrinum og vísar þar til þess að hraðaútreikningar og myndir af ákomum á ökutækjum bendi eindregið til þess að högg af árekstrinum hafi verið afar vægt. Einnig vísar V til þess að frásagnir ökumanna fari engan veginn saman um hvort það hafi komið högg af árekstrinum og gögn sýni framburð ökumanns X um að hann hafi ekki fundið fyrir neinu höggi og að frásögn M af þungu höggi sem hafi leitt til höfuðhöggs standist því ekki. Þó M hafi leitað til læknis strax hafi einkenni verið margvísleg og ekki gæti samræmis í einkennalýsingum auk þess sem upplýsingar um fyrra heilsufar bendi til þess að einkenni sem M kvartar undan fyrir áreksturinn séu sambærileg einkennum sem skráð eru í læknisheimsóknum fyrir áreksturinn. V telur því að það skorti sönnun fyrir því að einkenni þau sem M lýsir séu vegna umrædds áreksturs.

Álit.

Í gögnum málsins eru myndir af ökutækjum þeim sem lentu saman 3.4.2017 og verður ekki af þeim myndum ráðið að áreksturinn hafi leitt af sér þungt högg. Lýsingar ökumanna fara ekki saman og þegar litið er til þess sem haft er eftir M og öðrum í lögregluskýrslu á vettvangi verður ekki talið sannað að höggið hafi verið þungt. Lýsingar á einkennum M í læknisfræðilegum gögnum eru að einhverju leyti almenns eðlis og ekki er hægt að fullyrða, án þess að sérstakt mat fari fram á því, hvort meiri eða minni líkur séu á að þau einkenni tengist árekstrinum. Slíkt heildarmat liggur ekki fyrir. Meginreglur um sönnun í skaðabóta- og vátryggingarétti gera ráð fyrir því að að tjónþoli verði að sýna fram á tjón sitt og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. Verður M að bera hallann af þeim sönnunarskorti sem að ofan er lýst og á því ekki rétt á bótum m.v. fyrirliggjandi gögn.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu ökutækisins X hjá V.

Reykjavík, 16. október 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 263/2018

M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X

Mannlaus bifreið, sem lagt hafði verið, rann á aðra bifreið 4.2.2018.

Gögn.

Málskot, móttekið 28.8.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-3.
Bréf V, dags. 17.9.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-2.

Málsatvik.

M lagði bifreið sinni við í bifreiðastæði við gangstétt. Nokkrum mínútum síðar var annarri bifreið lagt nálægt bifreið M og nokkru síðar rann sú bifreið á bifreið M, en báðar bifreiðarnar voru mannlausar og hvorug þeirra í gangi þegar óhappið varð. Báðar bifreiðarnar eru tryggðar hjá V. M segir að þegar aðstæður á vettvangi séu skoðaðar komi í ljós að halli í götunni þar sem bifreiðunum var lagt sé ekki mjög mikill en hálkan hafi verið mjög mikil. M segir að ekki liggi fyrir önnur skýring á því að bifreið sú sem rann á bifreið M hafi byrjað að renna, en sú að gríðarleg hálka hafi verið og bleyta hafi myndast ofan á hálkunni og hafi valdið því að umrædd bifreið rann af stað. V segir að ekkert liggi fyrir um að gengið hafi verið frá bifreiðinni sem rann á bifreið M með óforsvaranlegum hætti. V segir að tjón sem varð á bifreiðunum verði því ekki rakið til sakar ökumanns bifreiðarinnar X

Álit.

Ekki liggur annað fyrir en að ökumaður bifreiðarinnar X sem rann á bifreið M hafi skilið við bifreiðina með forsvaranlegum hætti. Halli í götunni þar sem óhappið varð er óverulegur miðað við myndir af vettvangi og ekkert sem bendir til þess að ökumaður hafi ekki gætt með eðlilegum hætti að aðstæðum áður en hann skildi við bifreiðina sem rakst á bifreið M. Af gögnum málsins verður því ekki ráðið að tjónið sem varð á bifreiðunum verði rakið til sakar ökumanns bifreiðarinnar X. Ekki verður annað séð, en að um óhappatilvik hafi verið að ræða og tjón M bætist því ekki úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X

Reykjavík 16.10.2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 264/2018

M og
vátryggingafélagið V vegna sjúkra- og slysatryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu úr sjúkra- og slysatryggingu.

Gögn.

Málskot dags, 31. ágúst 2018, ásamt fylgigögnum 1 - 9.
Bréf V, dags. 21. september 2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf M, dags. 24. september 2018.

Málsatvik.

M sótti um sjúkra- og slysatryggingu hjá V í desember 2012 og tók tryggingin gildi þann 1.1.2013. Tilkynnti M um veikindi til V þann 20.6.2017. Segir í tilkynningu að endanleg niðurstaða liggi ekki fyrir, en um sé að ræða taugakennda starfræna bilun.

Í vottorði læknis kemur fram að þann 10.1.2011 hafi M leitað til heilsugæslu vegna verkja- og dofatilfinningu í vinstri hlið höfuðs, svima- og jafnvægistruflana ásamt verk í vinstri auga. Taugaskoðun og tölvusneiðmynd af heila var eðlileg. M leitað aftur til læknis þann 19.1.2011 og fékk þá greininguna „svimi“. Hann leitaði aftur til læknis þann 3.2.2011 og leið þá mun betur og taldi læknir að M hefði fengið veirusýkingu.

Þann 11.4.2013 leitaði M til taugalæknis vegna svima- og jafnvægiseinkenna og þreytu. Rannsókn leiddi í ljós að M var með vægan kæfisvefn. Fékk M meðhöndlun vegna þess og fékk hann að eigin sögn aukinn kraft við það.

Árið 2014 leitaði M aftur til læknis vegna þreytu og greindist hann með hækkun á járni (hemochromatosis), lækkun á testosteroni og væga prolactinhækkun. Beindist grunur læknis að því að æxli hefði myndast við heiladingul. Var M því viðsað til innkirtlafræðings til frekari meðferðar. Segulómun leiddi í ljós að ekki var um heiladingulsæxli að ræða. Í september 2014 var M settur á hormónameðferð sem gaf góða raun. Í endurkomu til innkirlafræðins í apríl 2015 lýsti M því að hann hafi þrívegis fengið magnleysisköst um veturinn en að þreytan hefði að mestu horfið þegar aftöppun á blóði vegna hemachromatosu var hert.

Vorið 2017 fann M aftur fyrir slappleika og magnleysi auk þess hann fann fyrir nýjum einkennum eins og straum um allan líkamann við þvaglát, verkjum í liðum auk krampakenndra einkenna þar sem kviður dregst saman og fætur dragast upp að búk og brjóstkassi að búk. Fór M til taugalæknis um vorið 2017 sem taldi að ekki væri flogaveiki að ræða heldur væri um að ræða einkenni sem litu mjög „starfrænt“ út.

Í læknisvottorði gigtarlæknis frá 30. maí 2018 er heilsufari og meðferð M lýst og hann greindur með hugrofskrampa (dissociative convulsion).

V hefur hafnað bótaskyldu með vísan til þess að einkenni veikindanna hafi fyrst gert vart við sig áður en sótt var um trygginguna og að tryggingin taki ekki sjúkdóma sem sýnt höfðu einkenni sín fyrir töku vátryggingarinnar. Vísar V til þess að einkenni og veikindi málsaðila verði ekki sundurgreind og að þau hafi verið samfelld frá því í janúar 2011 eða tveimur árum fyrir töku tryggingarinnar.

M telur bótaskyldu fyrir hendi og vísar til þess að hann hafi gert mistök við gerð tilkynningarinnar og skráð rangan upphafspunkt einkenna sinna. Þá vísar M til þess að einkenni þau sem um ræðir (starfræn taugaeinkenni) komu hvorki fram né voru greind fyrr en löngu eftir árið 2011. Veikindi þau sem lögðust á M á fyrri hluta ársins 2017 og leiddu til greiningar á sjúkdómi hans séu því önnur en þau tímabundnu veikindi sem leiddu til læknisheimsóknar hans árið 2011.

Álit:
Skilyrði bótaskyldu úr sjúkratryggingu M hjá V eru fyrst og fremst þau að vátryggður hafi orðið fyrir starfsorkumissi af völdum sjúkdóms er vátryggður verður fyrir á annan hátt en við slys. Enginn ágreiningur er um að þetta skilyrði skilmálans sé uppfyllt. Hins vegar er uppi ágreiningur um hvort að bótaréttur M sé fallinn niður á grundvelli undantekningarákvæðis í 24. gr. skilmála V fyrir sjúkra og slysatryggingu. Samkvæmt framangreindu ákvæði 24. gr. tekur vátryggingin ekki til sjúkdóms sem fyrst hafði sýnt einkenni sín áður en vátryggingin gekk í gildi nema að félagið hafi vitað um sjúkdóminn við gildistökuna og veitt vátrygginguna þrátt fyrir það. Undanþágur frá bótaskyldu sem greinir í 24. gr., ber skv. meginreglum vátryggingaréttarins að skýra þröngt. Ljóst er af veikindasögu M að hann hefur þjáðst af margvíslegum einkennum sem erfitt er að rekja til tiltekinna sjúkdóma. Þar sem ekki liggur fyrir matsgerð eða önnur gögn sem staðfesta með óyggjandi hætti að einkenni M árið 2011 séu vegna sama sjúkdóms og hann tilkynnti til félagsins þann 20.6.2017 verður að teljast ósannað að um sé að ræða einkenni vegna sama sjúkdóms. Í ljósi þess að V ber sönnunarbyrðina um að umrætt undanþáguákvæði eigi við verður að leggja hallann af þeim sönnunarskorti á V. M á því rétt á bótum úr sjúkra- og slysatryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr sjúkra- og slysatryggingu hjá V.

Reykjavík 16. október 2018

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 265/2018

M og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.

Ágreiningur um bótaskyldu (orsakatengsl) vegna líkamstjóns af völdum aftanákeyrslu.

Gögn.
Málskot, móttekið 31.8.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 11.9.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Að morgni 29. október 2015 var bifreiðinni A ekið aftan á bifreið sem M ók á Vesturlandsvegi í Reykjavik. Síðar sama dag leitaði hún á heilsugæslustöð B vegna eymsla í hálsi og herðasvæði hægra megin. Var hún greind með tognun eða ofreynslu á hálshrygg.

Hinn 5. júlí 2017 leitaði M á heilsugæslustöð D og kvaðst þá þreytast fljótt í mjóbaki við setur og það hái henni í námi. Þá gat hún þess að hún hafi verið til meðferðar hjá kírópraktor og samkvæmt myndgreiningu á hans vegum sé hryggskekkja í baki hennar sem er talin vera vegna áverka. Niðurstaða var sú að M væri með verki í mjóbaki án taugaleiðni.

Samkvæmt vottorði kírópraktors, dags. 24. ágúst 2017, mun M hafa leitað til hans 17. janúar 2017 vegna verkja í stoðkerfi eftir fyrrgreint bílslys. Hafi hún talað um að verkirnir væru mestir í mjóbaki, en væri einnig verkjuð í brjóstbaki, hálsi og hægra herðablaði. Við ástandsskoðun hjá kírópraktornum hafi fundist skert og þvinguð hreyfigeta í öllum hryggnum og M hafi verið stíf í mjóbaki, hálsi og við hægra herðablað. Einnig haf fundist bólga og spenna í hálsliðum.

M hefur krafist bóta fyrir það líkamstjón sem hún kveðst hafa orðið fyrir í umferðarslysinu 29. október 205 úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.
Læknisfræðileg gögn um það líkamstjón sem M kann að hafa orðið fyrir í umferðarslysinu eru af skornum skammti. Engin matsgerð liggur fyrir í málinu um það hvert tjónið sé. Í fyrstu voru einkenni frá hálsi og herðasvæði hægra megin. M leitaði svo á heilsugæslustöð í júlí 2017, þegar hátt á annað ár var liðið frá slysinu. Þá voru einkenni sem hún var þá sögð búa við, frá mjóbaki. Hvorki af vottorðum frá fyrrgreindum heilsugæslustöðvum, né heldur vottorði kírópraktors, verður ráðið með neinni vissu hvaða einkenni M búi við sem rekja megi til slyssins. Eins og málið liggur fyrir telst því ekki nægilega sannað að M eigi nú við sjúkdómseinkenni að stríða sem rekja megi til slyssins 29. október 2015. Hún á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.
M, á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 9. október 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 266/2018

M og
vátryggingafélagið V1 vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins A og
vátryggingafélagið V2 vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins B

Árekstur á Reykjanesbraut 13.8.2018.

Gögn.

Málskot málskotsaðila, móttekið 29.8.2018, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V1, dags. 17.9.2018.
Bréf V2, dags. 18.9.2018 ásamt athugasemdum ökumanns ökutækis B dags. 16.9.2018.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreið A og B með þeim hætti að bifreið B var ekið aftan á bifreið A á Reykjanesbraut nálægt Hlíðartorgi. Í tjónstilkynningu sem gerð var á vettvangi kemur fram að ökumaður A kveðst hafa verið að hægja ferð vegna hringtorgs framundan þegar bifreið B hafi verið ekið aftan á bifreið A. Ökumaður bifreiðar B kvað ökumann bifreiðar A hafa stöðvað án sýnilegrar ástæðu fyrir framan hann. Báðir ökumenn voru sammála á vettvangi um að engin bifreið hafi verið fyrir framan bifreið A. Í málinu liggur einnig fyrir yfirlýsing vegfaranda dags. 20. ágúst sl. um að hann hafi séð áreksturinn og að bílstjóri bifreiðar A „negldi á bremsuna“ og að það hafi ekki verið umferð á undan þeirri bifreið. M (ökumaður bifreiðar A) telur ökumann bifreiðar B bera alla ábyrgð á árekstrinum þar sem hann gætti þess ekki að hafa nægilegt bil milli bifreiða. M kveðst ekki hafa stöðvað á akbrautinni heldur hafi hægt ferð vegna hringtorgs framundan. Einnig vísar M til þess að vitni sé tengdasonur ökumanns B og því ekki óvilhallt vitni. V1 telur að ökumaður B eigi að bera alla sök og vísar til þess að vitni hafi ekki gefið sig fram á vettvangi áreksturs og það sé því ekki hægt að byggja á framburði þess. V2 telur sannað að ökumaður bifreiðar A hafi snögghemlað fyrir framan ökumann bifreiðar B án ástæðu og verði því að skipta sök til helminga.

Álit.

Ágreiningur er um málsatvik milli ökumanna bifreiða A og B. Vitni gaf sig fram við annan ökumann og gaf yfirlýsingu um málsatvikin varðandi áreksturinn. Ekki hefur komið fram ástæða til þess að draga þann framburð í efa eða nokkuð komið fram sem sýnir fram á að tengsl séu milli ökumanns bifreiðar B og vitnisins. Verður því að leggja framburð þess til grundvallar um málsatvikin. Því verður að telja að ökumaður bifreiðar A (M) hafi stöðvað bifreið sína án sýnilegrar ástæðu við akstur um Reykjanesbraut. Í 3. mgr. 36. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 kemur fram að ökumaður megi ekki að óþörfu aka svo hægt eða hemla svo snögglega að það tefji eðlilegan akstur annarra eða skapi hættu. Einnig er vísað til 2. mgr. 17. gr. laganna varðandi að draga snögglega úr hraða. Ökumaður bifreiðar B hefði hins vegar átt að fylgjast betur með umferð fyrir framan og hafa lengra bil á milli ökutækjanna til þess að geta brugðist við óvæntum aðstæðum. Í 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga er kveðið á um að ávallt skuli hafa nægilegt bil á milli ökutækja til þess að eigi sé hætta á árekstri þótt ökutækið á undan stöðvist eða dregið sé úr hraða þess. Ljóst er því af framangreindu að báðir aðilar sýndu af sér gáleysi í aðdraganda árekstursins. Málsatvik og málsgögn bera ekki með sér að leggja eigi meiri sök á annan ökumanninn fremur en hinn. Verður því sök skipt til helminga.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga milli ökumanna bifreiða A og B.

Reykjavík, 16. október 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 267/2018

M og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar sveitafélagsins X

Afstaða vátryggingafélags til bótaskyldu. Samþykktir nefndarinnar. Frávísun.

Gögn.
Málskot, móttekið 3.9.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 3.9.2018.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M hafi slasast 11. janúar 2018, þegar hún féll í hálku á gangstétt sem liggur frá inngangi vinnustaðar hennar að bílaplani. M var í fullu starfi hjá X þegar slysið varð, hafði gleymt gögnum í bíl sínum og var að ganga að honum til að ná í gögnin þegar hún féll og hlaut líkamstjón. Í málskoti er gerð grein fyrir röksemdum M um að X beri skaðabótaábyrgð vegna slyss hennar og málskoti fylgja einnig læknisfræðileg gögn sem staðfesta áverka M og meðferð vegna þeirra. Lögmaður M sendi V bréf sem dagsett er 14. ágúst 2018 þar sem krafist er bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Ekki hefur verið tekin afstaða til bótaskyldu og var málskot til úrskurðarnefndar í vátryggingamálum móttekið 3. september 2018.

Í bréfi V kemur fram að félagið hafi ekki tekið afstöðu til bótaskyldu vegna ábyrgðartryggingar X þar sem verið sé að bíða eftir gögnum til að hægt sé að upplýsa um málsatvik. Einnig upplýsir V að því hafi borist kröfubréf frá lögmanni M hinn 15. ágúst 2018. V telur að vísa eigi málinu frá nefndinni með vísan til 1. mgr. 3. gr. samþykkta fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum nr. 1090/2005.

Álit.
Í samþykktum fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sem birtar eru í B-deild Stjórnartíðinda með auglýsingu nr. 1090/2005, er fjallað um málskot málskotsgjald í 5. gr. og í 2. og 3. mgr. þeirrar greinar er eftirfarandi texti:

„Áður en málskotsaðili getur leitað til nefndarinnar skal hann hafa lagt kröfur sínar fyrir hlutaðeigandi vátryggingafélag. Málskot verður að hafa borist nefndinni innan árs frá því að málskotsaðili fékk skriflega tilkynningu vátryggingafélags um að kröfu hans væri hafnað.

Bregðist vátryggingafélag ekki við skriflegri kröfu málskotsaðila innan þriggja vikna frá móttöku hennar er málskotsaðila heimilt að leita með málið beint til úrskurðarnefndar. Þegar sérstaklega stendur á er nefndinni heimilt að taka mál til umfjöllunar þrátt fyrir að framangreindu skilyrði sé ekki fullnægt“

Í máli þessu kemur skýrt fram að bréf lögmanns M til V vegna kröfu um viðurkenningu á greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu X hjá V er dags. 14. ágúst 2018 og V kveðst hafa móttekið það daginn eftir. Einnig liggur fyrir að málskot það sem lögmaður M undirritar til nefndarinnar f.h. M er dagsett og móttekið hjá nefndinni hinn 3. september 2018. Þá voru ekki liðnar þær þrjár vikur sem tilteknar eru í 3. mgr. 5. gr. áðurnefndra samþykkta nefndarinnar. Ekki verður heldur séð að það standi þannig sérstaklega á í málinu að nefndin heimili frávik frá þessu skilyrði. Er málið því ekki tækt til afgreiðslu nefndarinnar og verður að vísa því frá.

Niðurstaða.
Máli M er vísað frá úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.

Reykjavík, 9. október 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 268/2018

M og
vátryggingafélagið V v. slysatryggingar ökumanns A

Ökumaður bifreiðar féll í þrepum bifreiðar og slasaðist 20.11.2017.

Gögn.

Málskot móttekið 3.9.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-7.
Bréf V, dags. 5.9.2018.

Málsatvik.

M var bílstjóri á snjóruðningsbíl og ætlaði að hreinsa snjó og klaka af framrúðu bifreiðarinnar. Þegar M steig út úr bifreiðinni á þrep sem var fullt af snjó og klaka rann hann til og féll, en náði að halda sér í handfang hurðarinnar og fékk við þetta mikinn slink á höndina og slasaðist. M krefst bóta úr slysatryggingu ökumanns bifreiðarinnar A og byggir á því að hann hafi verið ökumaður bifreiðarinnar og því tryggður skv. lögboðinni slysatryggingu ökumanns við akstur skv. 92. gr., sbr. 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. M byggir jafnframt á því að hann hafi þurft að fara út úr bifreiðinni í umrætt sinn til að huga að öryggi hennar og falli slíkt undir notkunarhugtak 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga. M telur að beint orsakasamband hafi verið á milli notkunar bifreiðarinnar og slyssins. Þá vísar M til nokkurra dóma Hæstaréttar og telur ótvírætt að M hafi verið við stjórn bifreiðarinnar þegar slysið varð og slysið tengist notkun hennar.

V hafnar bótaskyldu og telur að tjónið verði ekki rakið til notkunar bifreiðarinnar sbr. 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga. V segir að bifreiðin hafi verið kyrrstæð og sérstakur vélbúnaður hennar hafi ekki verið í notkun þegar slysið varð. Bílstjórinn hafi verið að ganga út úr kyrrstæðri bifreið. Þá bendir V á að bótaregla umferðarlaga sé hlutlæg ábyrgðarregla og því beri að túlka ákvæðið þröngt og atvikið sem um ræðir sé með þeim hætti að ekki sé hægt að fella það undir notkun bifreiðar. Þá segir V að líkamstjón M þar sem hann rann til í snjó og hálku verði ekki rakið til stjórnunar ökutækis.

Álit.

M rann til í snjó og klaka þegar hann ætlaði út bifreið sem hann ók, en hafði stöðvað sérstaklega áður en hann fór út úr henni. Þegar M slasaðist var hann því ekki undir stýri bifreiðarinnar og bifreiðin var kyrrstæð. Til þess að bótaréttur stofnist skv. 92. gr. umferðarlaga úr slysatryggingu ökumanns þarf það að vera vegna notkunar bifreiðarinnar í skilningi 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga auk þess sem ökumaður þarf að hafa orðið fyrir líkamstjóni við stjórn hennar. Þegar atvik málsins eru skoðuð verður slys M ekki rakið til notkunar bifreiðarinnar vegna sérstakra hættueiginleika hennar sem slíkrar, heldur falls í tröppum bifreiðarinnar kyrrstæðrar þegar M var að fara út úr bifreiðinni. Breytir þar engu um þó að M hafi talið nauðsynlegt að hreinsa snjó og krapa af framrúðu bifreiðarinnar. Á M því ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns bifreiðarinnar A.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns A.

Reykjavík 9.10.2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 269/2018

M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X

Vinnuslys vegna falls í gryfju 19.10.2016.

Gögn.

Málskot málskotsaðila, móttekið 6.9.2018, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 21.9.2018.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að að M hafi ætlað að ganga yfir gryfju á vinnustað sínum hjá X, á þar tilgerðri göngubrú yfir gryfjuna, þegar hann hrasaði eða missteig sig og skall á kanti gryfjunnar og féll ofan í hana og óumdeilt er að M hafi við það hlotið líkamstjón. Vinnueftirlitið kom á vettvang og rannsakaði aðstæður auk þess sem myndir eru tiltækar af göngubrúnni. Í skýrslu Vinnueftirlitsins kemur fram að mat þess á orsök slyssins sé sú að bleyta hafi verið á skóm M og hann hafi þess vegna runnið til á göngubrúnni eða kanti hennar.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á afleiðingum líkamstjóns hans og vísar m.a. til þess að ekki hafi komið nægilega skýrt fram í skýrslu Vinnueftirlitsins að það hafi verið olíublettur á vettvangi við göngubrúna og fyrirmæli Vinnueftirlitsins hafi verið að gönguleiðir við gryfjuna yrðu endurskoðaðar. M telur að aðstæður á vinnustaðnum hafi því verið ófullnægjandi og einnig hafi komið fram að göngubrúin væri oft hál vegna hálku og hafi því átt að gera frekari ráðstafanir til að gæta öryggis starfsmanna, auk þess sem það hafi verið gáleysi af hálfu starfsmanna X að þurrka ekki upp olíu, sem lekið hafði á göngubrúna.

V telur að aðstæður á vinnustað X hafi verið fullnægjandi, göngubrú sú sem M féll við eða á hafi verið grófriffluð og því verið með fullnægjandi hálkuvörn og uppfyllt þau fyrirmæli reglna nr. 581/1995 sem hún átti að uppfylla. Einnig vísar V til þess að gryfjan á vinnustað X hafi verið skýrlega auðkennd með skærum litaborðum og engin sönnun komin fram um að hún hafi verið vanbúin. Auk þessa telur V að það sé ekki hægt að meta það starfsmönnum X til gáleysis að hafa ekki þurrkað upp olíu, en ekki sé sýnt að starfsmönnum X hafi verið það kunnugt að olía hafði lekið auk þess sem það liggur ekki fyrir að það sé orsök slyss M.

Álit.

Í málinu liggja fyrir myndir af vettvangi og frásagnir þeirra sem þar voru. Við heildarmat á gögnum málsins verður ekki séð að starfsmenn X hafi brotið í bága við fyrirmæli laga og reglna um aðbúnað á vinnustað. Göngubrú var með grófriffluðu yfirborði og ætla verður að ef bleyta er á skófatnaði þeirra sem ganga yfir slíka göngubrú þá verði þeir hinir sömu að gæta sérstakrar varúðar. Verður ekki fullyrt af þeim gögnum sem liggja fyrir að M hafi dottið vegna olíubletts og enn síður, ef olíublettur var á gólfi, hvort það sé hægt að meta starfsmönnum X það til gáleysis að hafa ekki þurrkað hann upp. Verður því ekki fallist á að greiðsluskylda sé fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 23. október 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. /2018

M og
vátryggingafélagið V1 vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins A og
vátryggingafélagið V2 vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins B

Árekstur á Skólamörk í Hveragerði þann 4.8.2018.

Gögn.

Málskot móttekið 5.9.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V1, dags. 25.10.2018.
Bréf V2, dags. 24.9.2018.
Bréf M, 9.10.2018.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að M hafi ekið bifreiðinni A eftir Skólamörk í átt að Breiðumörk á lítilli sem engri ferð þar sem hún var að leita að bílastæði. Hún kvaðst ekki hafa séð neinn bíl á móti sér þegar hún beygði inn í bifreiðastæði sem var vinstra megin m.v. akstursstefnu hennar. Þegar hún tók beygjuna hafi ökutæki B komið á allt of miklum hraða sem varð til þess að B hafnaði á hægra afturhorni A. Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa ekið eftir Skólamörk frá Breiðumörk á 20 km hraða á klst. Segist ökumaður B hafa séð bifreið A allan tímann en bifreiðin hafi skyndilega beygt í veg fyrir sig með þeim afleiðingum að árekstur varð. Þá kveðst ökumaður A hafa gefið hljóðmerki og reynt að beygja frá til að forða árekstri.

M telur að ökumaður bifreiðar B eigi að bera alla sök á árekstrinu þar sem þeirri bifreið hafi verið ekið of hratt. V1 tekur undir með M og telur að áreksturinn verði rakinn til þess að B hafi verið ekið of hratt. V2 telur að ökumaður A eigi að bera alla sök á árekstrinum fyrir að beygja í veg fyrir umferð sem á móti kom. Þá telur V2 ósannað að bifreið B hafi verið ekið of hratt í umrætt sinn.

Álit.

Af gögnum málsins má sjá að nokkur ágreiningur er um málavexti í aðdraganda árekstursins á milli ökumanna bifreiðanna A og B. Ágreiningslaust er þó að ökumaður bifreiðar A tók vinstri beygju í veg fyrir bifreið B sem ekið var úr gagnstæðri átt. Braut ökumaður A því gegn ákvæði 6. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, þar sem fram kemur að ökumaður sem hyggst beygja yfir akbraut beri að veita umferð þeirri sem á móti kemur forgang. Sönnunarbyrði um ökuhraða eða annað gáleysislegt aksturslag ökumanns bifreiðar B hvílir á M. Af gögnum málsins verður ekki séð að B hafi ekið hratt eða ógætilega í umrætt sinn. Gegn neitun ökumanns B telst því ósannað að B hafi verið ekið of hratt í aðdraganda árekstursins. Öll sök verður því lögð á ökumann bifreiðar A.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðar A (M) ber alla sök á árekstri við bifreið B.

Reykjavík 30. október 2018

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 271/2018

M og
vátryggingafélagið V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Árekstur á Reykjanesbraut við Urriðaholt 9.3.2018.

Gögn.

Málskot málskotsaðila, móttekið 6.9.2018, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V2, dags. 28.9.2018.
Tölvupóstur V1, dags. 8.10.2018.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að lögregla hafi komið á vettvang þar sem bifreiðar A og B voru staðsettar á frárein Reykjanesbrautar upp að Urriðaholtsvegi. Þar var bifreið A út í vegkanti fráreinarinnar og bifreið B var þar þvert framan á bifreið A og vísaði framendi þeirrar bifreiðar í norður. Ökumaður bifreiðar A, sem er há vörubifreið, kvaðst hafa ekið á vinstri akrein Reykjanesbrautar þegar hann hafi heyrt smell og hafi hann þá skipt um akrein yfir á þá hægri og stöðvað úti í kanti þeirrar akreinar og það hafi ekki verið fyrr en hann steig út úr bifreiðinni sem hann sá að bifreið B var framan á bifreið A. Ökumaður bifreiðar B kvaðst hafa ekið á hægri akrein Reykjanesbrautar og þá hafi bifreiðin allt í einu snúist og vörubifreiðin fests við bílstjórahlið bifreiðar B og þannig ekið áfram. Farþegi í bifreið B bar einnig um að þeirri bifreið hafi verið ekið á hægri akrein þegar allt í einu hafi komið dynkur á bifreiðina, hún snúist og dregist með bifreið A langa leið. Samkvæmt rannsókn lögreglu á vettvangi var ákoma á vinstra afturbretti bifreiðar B og eftir hlið hennar og skriðför eftir bifreiðna voru mæld um 200 metrar.

M telur að árekstur hafi ekki getaið orðið með öðrum hætti en að bifreið B hafi verið ekið af hægri akrein yfir á vinstri og þannig í veg fyrir bfreið A sem ók eftir þeirri vinstri og hafi ökumaður ætlað að halda för sinni áfram á þeirri akrein. Það hafi ekki verið fyrr en eftir að hann heyrði smell við akstur sinn á þeirri akrein sem hann hafi hægt á ferð og ekið út í hægri kant og séu því líkur á að þá hafi árekstur orðið. V1 tekur undir þessi sjónarmið og telur að leggja eigi alla sök á ökumann bifreiðar B.

V2 telur hins vegar að sannað sé að ökumaður bifreiðar A hafi skipt um akrein án nægilegrar aðgæslu og líklegast sé að árekstur hafi orðið við þá háttsemi hans og þannig hafi hann ekki fylgt fyrirmælum 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og beri því alla sök á árekstrinum.

Álit.

Í málinu bera ökumenn um að þeir hafi verið við akstur samhliða á Reykjanesbraut, annars vegar á vinstri akrein (ökumaður bifreiðar A) og hins vegar á þeirri hægri (ökumaður bifreiðar B). Óljóst er hvort smellur sá sem ökumaður bifreiðar A heyrði var vegna áreksturs við bifreið B, en af ákomum á afturbretti bifreiðar B má álykta að sú bifreið hafi á einhvern hátt verið á ská til þess að hún gæti lent framan á bifreið B með þeim hætti sem hún gerði og dregist með henni þá leið sem hún fór. Að einhverju leyti má segja að aðdragandi áreksturs og hvernig bifreið B er staðsett þegar ökumaður bifreiðar A nemur staðar sé með nokkrum ólíkindum. Þegar litið er til framburða ökumanna bifreiðanna um staðsetningu þeirra er ljóst að þeir stangast að öllu leyti á. Þó farþegi í bifreið B beri um að bifreiðin hafi verið á hægri akrein eins og ökumaður þeirrar bifreiðar verður framburður hvorugrar skýr um að áreksturinn hafi orðið á þeirri akrein og verður þú einnig að líta til framburðar ökumanns bifreiðar A um að hann hafi heyrt smell þegar hann var við akstur á vinstri akrein með fyrirhugaða akstursátt áfram eftir Reykjanesbraut og akreinaskipti hafi orðið eftir það. Að öllu virtu verður ekki talið nægilega sannað hvar á akbrautinni árekstur varð með bifreiðunum og ber hvorugur hallann af þeim sönnunarskorti. Í ljósi þessara ósönnuðu málsatvika verður hvor ökumaður að bera jafna sök á árekstrinum.

Niðurstaða.
Sök skiptist til helminga milli bifreiða A og B.

Reykjavík, 6. nóvember 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 272/2018

M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar Þ

Maður slasaðist þegar stigi valt til hliðar 22.2.2016.

Gögn.

Málskot, móttekið 7.9.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-10.
Bréf V, dags. 21.9.2018.
Athugasemdir lögmanns M, dags. 24.9.2018.

Málsatvik.

M vann við að festa leiðara í vegg fyrir lagnastiga og fór upp í stiga til að vinna verkið. Þegar M var á leið niður stigann þegar valt hann til hliðar og M slasaðist. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu Þ hjá V og telur að rekja megi slysið til ófullnægjandi starfsaðstæðna, sem Þ beri ábyrgð á sbr. 13. gr. 37. gr. og 42. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. M tekur fram, að hann hafi óskað eftir því að vinnupallur yrði settur upp meðan hann væri að vinna verkið en það hafi ekki verið gert. Í umsögn Vinnueftirlits ríkisins (VER) kemur fram að stiginn, sem M var að vinna í sé í slæmu ásigkomulagi, þrep séu tekin að losna og undirstöður í slæmu ástandi. Í umsögninni kemur líka fram að verkstjóri á verkstað hafi tekið fram, að stiginn sem notaður hafi verið til verksins væri ekki sá sami og hann hafi fyrirskipað og kannast hann ekki við að stiginn sé í eigu Þ. VER kemst að þeirri niðurstöðu að slysið megi rekja til slæms ástands stigans sem notaður var. V hafnar bótaskyldu og segir að ekki hafi verið sýnt fram á að slysið verði rakið til ófullnægjandi aðbúnaðar eða annarra atvika sem Þ beri skaðabótaábyrgð á. V segir að M hafi mátt gera sér grein fyrir ástandi stigans áður en hann hóf að nota hann og hafi vitað að eitt þrepið væri laust. V segir að vinnupallur hefði ekki hentað til verksins og verkstjóri M hefði beðið hann um að nota annan stiga. Þá segir V að verkstjórinn hefði aldrei séð hvaða tröppur M notaði og verið í góðri trú um að M mundi nota tröppur frá Þ. Í athugasemdum lögmanns M kemur fram að engin annar stigi hafi verið á staðnum til að sinna því verki sem M var að vinna við í umrætt sinn.

Álit.

Ekki er ágreiningur um það að stiginn sem M notaði var í slæmu ásigkomulagi og undirstöður ótraustar. Í skýrslu VER kemur fram að slysið megi rekja til slæms ástands stigans. Þeirri fullyrðingu M, að hann hafi viljað að vinnupallur yrði gerður er ekki mótmælt af hálfu Þ, en Þ taldi að það væri ekki hægt þar sem að aðstæður byðu ekki upp á það. Verkstjóri M segir að M hafi átt þess kost að nota annan stiga og hann fyrirskipað það. M hafnar þeirri fullyrðingu. Við skoðun VER á vettvangi var ekki bent á þann eða þá stiga sem M hefði getað notað við framkvæmd verksins og verður því frásögn M lögð til grundvallar um að stiginn sem hann notaði í umrætt sinn hafi verið sá eini sem var tiltækur til að framkvæma verkið. Ágreiningslaust er að stiginn var ófullnægjandi og ber Þ því ábyrgð á því að M vann í umrætt sinn við ófullnægjandi aðstæður og á M því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu Þ hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu Þ hjá V.

Reykjavík 23.10. 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 273/2018

M og
vátryggingafélagið V1 v/ ábyrgðartryggingar vörubifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið V2 v/ ábyrgðartryggingar hópbifreiðarinnar B

Árekstur á Reykjanesbraut í Reykjavík á afrein í átt að Smiðjuvegi og Stekkjarbakka.

Gögn.

Málskot, móttekið 10.9.2018, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Bréf V1, dags. 16.10.2018.
Bréf V2, dags 26.9.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Um hádegisbil 19. nóvember 2017 var A ekið suður Reykjanesbraut með þeim afleiðingum að hún stöðvaðist á afrein sem liggur frá Reykjanesbraut í átt að hringtorgi á gatnamótum Smiðjuvegar í Kópavogi og Stekkjarbakka í Reykjavík. Stuttu síðar var B ekið aftan á A. Lítið sjáanlegt tjón er sagt hafa orðið á A en mikið sjáanlegt tjón á B. Bjart var af degi og þurrt færi. Sól skein úr suðri beint á móti þeim sem óku Reykjanesbraut til suðurs.

Haft er eftir ökumanni A í vettvangsskýrslu lögreglu að um tveimur mínútum fyrir áreksturinn hafi A bilað og því hafi hún verið staðsett þar sem hún var. Hann hafi verið að undirbúa viðgerð á A er B hafi komið á „góðum hraða“ og ekið aftan á A. Í framburðarskýrslu af ökumanni A hjá lögreglu kvaðst hann hafa verið að eftir Reykjanesbrautinni þegar A „tekur að bila, missa allan kraft“. Hann hafi náð að aka A inn á innri akrein fráreinarinnar, sem áður er getið, til að valda sem minnstri truflun á umferð. Þegar A hafði stöðvast hafi hann strax farið út að athuga hvað væri bilað. Það hafi tekið hann um eina mínútu að finn út úr því og í kjölfarið hafi hann farið aftur upp í A og kveikt á viðvörunarljósum (hazardljósum) til að vara aðra vegfarendur við kyrrstæðri bifreiðinni. Að svo búnu hafi hann tekið upp símann til að hringja í félaga sinn til að fá aðstoð hans við að koma A í burtu. Einnig hafi hann verið að undirbúa að setja upp viðvörunarþríhyrning fyrir aftan A. Skyndilega hafi hann fundið þungt högg koma aftan á A sem við það hafi kastast áfram heila bíllengd, að hann taldi, og þá hafi hann séð að B hafði verið ekið aftan á A.

Fram kemur í vettvangsskýrslu lögreglunnar að ökumaður B hafi verið vankaður eftir áreksturinn og ekki verið með alveg á hreinu hvað hefði komið fyrir. Haft er eftir honum að hann hafi verið á leið í Mjódd og ekið á venjulegum hraða. Sólin hafi verið svo mikil að hún hafi blindað hann og áður en hann vissi hafi hann fundið gríðarlegt högg. Í framburðarskýrslu af ökumanni B kvaðst hann hafa blindast af sólinni þegar hann ók inn á afreinina og því ekki séð hvað var framundan og áður en hann vissi hafi hann ekið aftan á pall A. Hann hafi blindast svo gjörsamlega af sólinni að hann hafi aldrei séð A og verið að gera ráðstafanir að fá aftur útsýni þegar áreksturinn varð. Hann kvaðst ekki hafa verið að fylgjast með hraðamæli B, en taldi sig hafa ekið á umferðarhraða um Reykjanesbraut en hægt á sér eftir að hann ók inn á fráreinina og ekki verið á miklum hraða þegar áreksturinn varð. Taldi hann sig hafa ekið á 55 km hraða á klst. þegar áreksturinn varð og verið með alla athyglina á akstrinum.

Á vettvangi ræddi lögregla við þrjú vitni, D, E og F, sem höfðu verið farþegar í B. D kvaðst hafa setið hægra megin við glugga í fjórðu sætaröð talið aftan frá. Hann hafi séð B nálgast A og hefði hann því gripið í sætisbakið fyrir framan sig. Því næst hafi komið mikið högg og sætisbakið sem hann hélt í hefði brotnað. Vitnin E og F kváðust hafa setið vinstra megin í fimmtu öftustu sætaröð. Þau hafi verið að spjalla saman og ekki verið að fylgjast mikið með umhverfinu. Allt í einu hafi þau séð A og fundið mikið högg. Rætt var við tvo aðra farþega í B sem ekkert gátu borið um málsatvik.

Eitt vitni, G, hafði samband við lögreglu símleiðis og sagði A hafa verið staðsetta á afleitum stað en það hafi næstum því ekið á A skömmu fyrir áreksturinn.

Í skýrslu rannsóknarlögreglumanns um áreksturinn er haft eftir vitninu H að það hafi setið í farþegasæti fyrir aftan ökumann B. Ekkert athugavert hafi verið athugavert við akstur B sem hafi

verið ekið inn á afreinina frá Reykjanesbraut í átt að Smiðjuvegi. Það hafi verið að horfa út um framrúðu B og séð A kyrrstæða á afreininni og undrast að ökumaður B hafi ekki dregið úr hraða heldur ekið viðstöðulaust á A eins og hann hafi ekki séð A.

Álit.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á um 55 km hraða á klst. í þann mund sem áreksturinn varð. Þar sem hann blindaðist algjörlega af sól sá hann ekki A áður en hann skall á henni. Tvö vitni, D og H, sem voru farþegar í B, bera að þau hafi séð A kyrrstæða framundan. Jafnvel þótt ætla megi að sól hafi ekki takmarkað útsýni þeirra í sama mæli og hún blindaði ökumanninn, verður að telja að hann hafi ekki sýnt þá varúð sem af honum mátti krefjast, sbr. 1. mgr. 4. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Samkvæmt 1. mgr. 36. gr. laganna skal jafnan miða ökuhraða við aðstæður með sérstöku tilliti til öryggis annarra. Þannig skal ökumaður miða hraðann m.a. við birtu og umferðaraðstæður að öðru leyti og aldrei má hraðinn verða meiri en svo að ökumaður hafi fullt vald á ökutækinu og geti stöðvað það á þeim hluta vegar fram undan, sem hann sér yfir og áður en kemur að hindrun, sem gera má ráð fyrir. Þá er kveðið á um það samkvæmt b-lið 2. mgr. 36. gr. að sérstök skylda hvíli á ökumanni að aka nægilega hægt miðað við aðstæður þegar útsýn er takmörkuð vegna birtu. Misbrestur hefur orðið hjá ökumanni B að gæta þessara ákvæða umferðarlaga er hann ók blindaður af sól aftan á A án þess að hafa nokkur tök á að gera ráðstafanir til að afstýra árekstrinum. Hann telst því eiga sök á árekstrinum.

Samkvæmt 1. mgr. 59. gr. umferðarlaga skal ökutæki svo gert og því haldið í þannig ástandi að nota megi án þess að af því leiði hættu eða óþægindi fyrir aðra eða skemmd á vegi. Af gögnum málsins verður ekki ráðið í hverju bilunin í A fólst eða hvort ökumaður hennar hafi vitað eða mátt vita um bilunina þannig að hann hafi mátt gera sér grein fyrir að bifreiðin gæti stöðvast fyrirvaralaust vegna bilunarinnar. Það verður því ekki virt honum til sakar að A stöðvaðist á akbrautinni eins og raunin varð. Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. umferðarlaga skal flytja ökutæki á viðeigandi stað eins fljótt og unnt er, nema það sé óheimilt samkvæmt 10. gr., ef það stöðvast m.a. vegna vélarbilunar eða annarra orsaka á stað, þar sem bannað er að stöðva ökutæki eða leggja því. Hafi ökutækið stöðvast á þannig stað eða svo að hætta eða óþægindi stafi af fyrir umferðina, skal ökumaður að auki gera ráðstafanir til að vara aðra vegfarendur við þar til það hefur verið flutt brott. Eftir að hafa athugað með bilunina kvaðst ökumaður A hafa kveikt á viðvörunarljósum (hazardljósum) og síðan hringt eftir aðstoð við að fá A fjarlægða af vettvangi. Hins vegar hafi hann ekki náð að setja upp viðvörunarþríhyrning eða gera aðrar ráðstafanir til að vara aðra vegfarendur við þeirri hættu sem stafaði af kyrrstæðri bifreiðinni. Í ljósi þessa og að virtum gögnum málsins verður einnig að telja ósannað að háttsemi ökumanns A hafi með einhverju móti verið ólögmæt er hann brást við í kjölfar þess að A hafði stöðvast á akbrautinni.

Að öllu virtu er ekki efni til að leggja sök á ökumann A vegna árekstursins. Verður ökumanni B því gefin öll sök á því hvernig fór.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann B, hópbifreiðarinnar.

Reykjavík, 6. nóvember 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 274/2018

M og
vátryggingafélagið V v/ kaskótryggingar bifreiðarinnar.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda á vél eftir árekstur.

Gögn.
Málskot, móttekið 6.9.2018, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum, dags. 4.10.2018.
Bréf V, dags. 28.9.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Þann 11. maí 2018 varð bifreiðin A í eigu M fyrir skemmdum er henni var ekið aftan á aðra bifreið með þeim afleiðingum að dráttarkrökur gekk inn í framenda hennar. A var færð á bifreiðaverkstæði 15. maí 2018 þar sem tjónsmat var framkvæmt. Samkvæmt yfirlýsingu (tölvupósti) verkstæðisins var vélarhlíf A ekki opnuð þegar tjónsmatið fór fram því „þá hefði það ekki lokast aftur, ákveðið var að reyna ekki við það þar engin ummerki um leka á vél voru til staðar." Við gerð tjónsmatsins voru engin ummerki um vatnsleka eftir tjón, þó sást að „Ac kassi" var ónýtur. Var leyft að aka A að því gefnu að fylgst væri vel með gangi vélar sem og aðvörunarljósum í mælaborði hennar.

Þegar A kom svo til viðgerðar á verkstæðinu 8.7.2018 var "engin melding í mælaborði vegna kælivatns eða hita á vél." Á reikning bifreiðaverkstæðisins, dags. 17.7.2018, er skráð svofelld athugasemd: „ath þegar bíll kom til viðgerðar þá var mjög lítið vatn á vatnskerfi bíls og þegar verið var að setja vatn á vatnskassa eftir viðgerð og bíll látinn ganga þá sauð á vél, spurning hvað er að vél."

Grunur mun hafa vaknað um að heddpakkning hafi eyðilagst. V hefur fallist á að bæta úr kaskótryggingu A það tjón á A sem beinlínis varð við áreksturinn en mun hafa hafnað bótaskyldu vegna tjóns á vél A sem varð, að því er ætla verður, eftir að tjónsmatið fór fram 15. maí 2018. M krefst þess á hinn bóginn að það tjón verði einnig bætt úr kaskótryggingunni.

Álit.
í 4. gr. skilmála kaskótryggingar V eru tilgreindar þær tjónsorsakir sem vátryggingin tekur til, þ. á m. tjón sem hlýst af árekstri. Jafnvel þótt skemmdir kunna að hafa orðið vél A við fyrrgreindan árekstur með þeim afleiðingum að vatn fór að leka af vélinni þá nær bótasvið kaskótryggingarinnar ekki til þess afleidda tjóns varð á vélinni við notkun A eftir að vatn fór að leka af henni. Eins og mál þetta liggur fyrir telst tjón á vél A, sem varð eftir að tjónsmat fór fram 15. maí 2018, ekki bótaskylt úr kaskótryggingu A hjá V.

Niðurstaða.
M, á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu A, bifreiðarinnar hjá V, vegna skemmda á vél bifreiðarinnar sem urðu eftir að tjónsmat á bifreiðinni fór fram 15. maí 2018.

Reykjavík, 23. október 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 275/2018

M og
vátryggingafélagið V vegna greiðslukortatryggingar.

Ágreiningur um sönnun tjónsatviks 22.8.2018.

Gögn.

Málskot málskotsaðila, móttekið 10.9.2018, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 20.9.2018.
Athugasemdir M með tölvupósti dags. 24.9.2018.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi tilkynnt um tjón vegna þjófnaðar til V og lýsti atvikum þannig í tjónstilkynningu: „Eg var að labba á strikinu í Danmörku, for inn i eina búð og þegar ég ætlaði að fara að borga þa, voru engin peningaveski í veskini mínu ekki mitt né dottur minnar. Einng var horfin glænýr apper Ifone sminn minn sem ég keypti í fríhöfninni á leiðinni hingað.“ M kveðst ekki hafa lagt veski/tösku frá sér allan tímann. Einnig kemur fram í gögnum málsins að M tilkynnti um atvikið til lögreglu í Kaupmannahöfn samdægurs.

M telur að bæta eigi tjón hennar vegna þjófnaðar úr greiðslukortatryggingu þar sem hún hafi ekki lagt frá sér veski/tösku allan tímann sem hún var á gangi. Peningaveski og síma hafi því verið stolið úr töskunni og tilkynnt hafi verið um það til lögreglu.

V vísar til þess að í greiðslukortatryggingu sé vátryggt gegn þjófnaði á einkamunum en með þeim skilyrðum að vátryggður gæti fyllsta öryggis hins vátryggða og skilji ekki við hina vátryggðu muni eftirlitslausa á almannafæri. V vísar til þess að taska V hafi verið opin þegar hún ætlaði að nota peningaveski sitt og ekki ljóst hvers vegna það hafi verið. Einnig vísar V til gr. 5.2.14 í skilmálum vátryggingarinnar um að skilyrði fyrir bótum sé að vátryggður geri þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að sanna að tjónsatburður hafi átt sér stað. V telur að ekki sé komnar fram upplýsingar um hvað olli því að hinir vátryggðu munir voru ekki lengur í tösku V og telur því ósannað að um þjófnað hafi verið að ræða.

Álit.

Í málinu liggur fyrir tjónstilkynning frá M og afrit bréfs frá lögreglunni í Kaupmannahöfn um að hún hafi tilkynnt um þjófnað m.a. á peningaveski og síma hinn 22. ágúst 2018 á ferð sinni um verslunarvæði Striksins í Kaupmannahöfn. Verður að telja umrædda tilkynningu og sönnunargagnið sem felst í lögregluskýrslunni sýna fram á með nægilega skýrum hætti að M hafi tilkynnt um þjófnað á vátryggðum munum í farangurstryggingu greiðslukortatryggingar sinnar. Tjón hennar fellur því undir tjónsatvikið þjófnaður í umræddri vátryggingu. Því er ekki haldið fram með skýrum hætti af hálfu V að M hafi brotið gegn varúðarreglum vátryggingarskilmála né heldur kemur fram í gögnum málsins að svo hafi verið eða háttsemi M á einhvern hátt orsök tjónsins. M á því rétt á bótum úr farangurslið greiðslukortatryggingar sinnar hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr greiðslukortatryggingu hjá V.

Reykjavík, 23. október 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 276/2018

M og
vátryggingafélagið V v/ sjúklingatryggingar A.

Ágreiningur um hvort sjúkdómseinkenni sem komu í kjölfar bæklunarskurðaðgerðar teljist til bótaskyldra fylgikvilla.

Gögn.

Málskot, móttekið 11.9.2018, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Bréf V, dags. 28.9.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 6. maí 2016 leitaði M til A, sérfræðings í bæklunarskurðlækningum samkvæmt tilvísun frá heimilislækni sínum. Samkvæmt tilvísun heimilislæknisins hafði M einkenni vegna „fasciurifs á crus“ með útbungun á vöðvum. Einkennin hafi hann fengið eftir „átök í ræktinni“ einum til tveimur mánuðum áður. Í nótu A vegna komu M til hans 6. maí 2016 segir að M sé með „tibia periostit bilat“ og „vöðvaherniationir“ á leggjum. Hann hafi veruleg óþægindi, sé að reyna að æfa til að halda sér í formi vegna baksins. Hann hafi lengi verið verið veikur í baki en komið sér í gang með miklum æfingum o.fl. Hann fái stundum mjög sára verki við og eftir æfingar og sé hættur að geta æft nokkuð með neðri hluta líkamans vegna sársauka framan á báðum leggjum „lateralt“. Þetta sé í „anterior hólfi“ og þar séu „vöðvaherniationir“ vegna mikilla þrengsla í hólfunum. Hann sé hvellaumur á „tibia kantinum ant.-lat. bilat“, þó meira vinstra megin. Þar sé mjög aumur blettur þar sem vöðvinn „hernierar“ stundum út í gegn og fær hann þá mikla stingi. Þetta sé trúlega aðallega þar sem „superficial grein peroneus“ komi út að yfirborðinu og vöðvinn þrengi sér þar út vegna þrýstingsins. Ekkert annað sé að gera en að gera „fasciotomiur“ á kálfunum til að fá betra pláss fyrir vöðvana og var M skráður til aðgerðar síðar í mánuðinum.

Aðgerðin var gerð á læknastofu A 24. maí 2016 og mun hafa falið í sér að gerðir voru felliskurðir á báðum framvöðvahólfum („tibialis anterior og extensior halluxis og digitorum) á kálfum. Mun aðgerðin hafa gengið án vandamála og við heimferð fékk M verkja- og bólgulyf auk skriflegra leiðbeininga. Var M ráðlagt að nota hækjur og stjórna ástigi á fæturna eftir sársauka. Endurkoma var ákveðin hjá A 13. júní 2016.

Hinn 30. maí 2016 leitaði M til læknisins B, starfsfélaga A á sömu læknastofu. Í nótu B vegna komunnar segir að M hafi komið „akút“. Hann hafi verið í aðgerð hjá A sex dögum áður þar sem gerð hafi verið „percutant fasciotomia á lat. compartment“ á báðum leggjum. M sé með verki í þessu en við skoðun sé „þetta allt friðsamlegt“. Svolítill bjúgur og bólga hafi verið í aðgerðarsvæðinu og eitthvað virtist hafa blætt inn á leggi. Engin sýkingarmerki hafi verið og var M ráðlagt að hafa hægt um sig og hafa vel undir leggjum næstu daga.

M leitaði til A 16. júní 2016 og samkvæmt komunótu kvartaði M mjög eftir aðgerðina. Hann hafi verið kominn til vinnu, sé í sjúkrasokkum og það gangi vel. Hann sé ekki með bjúg á fætinum, svolítil eymsli yfir aðgerðarsvæðinu á leggnum framanverðum utanvert. Það sé ekkert sem klemmist fast. „Distal status“ sagður góður og voru M ráðlagðar æfingar, „expectans“ og teygjur.

M kom að nýju til A 15. ágúst 2016 þar sem hann kvaðst vera slæmur í báðum leggjum. Við „klíníska“ skoðun fann A ekkert að vinstri kálfa að frátöldum svolitlum eymslum aftantil. Hægra megin hafi M verð með útbungun á miðjum kálfanum og greinilega ekki verið búinn að ná sér. Var honum ráðlagt að nota teygjusokk. Haft var eftir M að hann hefði gengið „gríðarlega mikið“ í Frakklandi um sumarið og það gengið sæmilega. Hann hafi þó eitthvað fundið til daglega. Staða á taugum, æðum og taugakerfi og blóðrásarkerfi hafi verið í lagi, sem og hné og ökklar. Vegna kvartana M gekkst hann undir segulómun á hægri fótlegg 24. ágúst 2016. Í niðurstöðu segulómunarinnar segir: „Svæði framan á sköflungi er merkt með tveimur lýsisperlum. Þær eru staðsettar lateralt við frambrún tibiu. Ekki sjást neinar sjúklegar breytingar. Hvorki í vöðvum, öðrum mjúkpörtum né beinum.“ A upplýsti M um niðurstöðu þessarar segulómunar og var

„ákveðið að bíða um sinn og sjá til.“ Að loknum þessum samskiptum mun A ekki hafa heyrt frekar frá M eða haft frekari bein afskipti af hans læknismeðferð.

M leitaði 7. nóvember 2017 til D, sérfræðings í taugasjúkdómum vegna viðvarandi taugaverkja í hægri fæti. Í vottorði D, dags. 14. desember 2017, kemur fram að M hafi í allmörg ár haft sögu um verkjaeinkenni frá baki og verið til rannsókna og læknismeðferðar af þeim sökum. Við skoðunina 7. nóvember 2017 hafi M lýst stöðugum verk framan og hægra megin á sköflungi sem lýsir sér sem sting eða bruna sem er 3-4/10 á „VAS“ verkjaskala, en svo komi verkjaköst kannski upp á 12/10 á fyrrgreindum skala og standi yfirleitt stutt yfir. Á meðan á skoðun læknisins stóð hafi hann fengið eitt slíkt verkjakast með eins verkjum en magnaðri. Einnig sé M með verkjavandamál í sköflungi sem komi við áreynslu. Að áliti D sé um tvenns lags vandamál að ræða, annars vegar „Complex regional pain syndrome týpa I“ („CRPS“) með skertu skyni en taugaverkjum af og til og hins vegar stoðkerfisvandamál í sköflungnum. Nánar um CRPS segir í vottorðinu að það einkennist af slæmum verk sem ekki sé í neinu samhengi við upphafleg meiðsl en því fylgi oft aukið næmi, bólgur og húðbreytingar. Orsök CRPS sé óþekkt en hafi verið tengt við vanstjórn miðtaugakerfis og ósjálfráða kerfisins sem valdi óeðlilegri hitastýringu og verkjum viðkomandi útlims. Þá segir að CRPS skiptist í tvo flokka, gerð I og II og þessar tvær gerðir greinist einvörðungu í sundur af eðli upphafsatburðar. Gerð I komi í kjölfar sem geti verið áverki eða ekki en gerð II komi í kjölfar taugaskaða. Um túlkun myndrannsókna segir í vottorðinu að M hafi farið í beinaskann um 3 ½ mánuði frá aðgerð og hafi rannsóknin sýnt festumein sem geti skýrt hluta verkjaheilkennis en ekki heildarmynd CRPS. Ómun fótleggja hafi verið gerð um fjórum mánuðum eftir aðgerð og eftirstöðvar felliskurðar hafi sést hægra megin og virtist vöðvinn ganga aðeins út um skurðinn þeim megin. Mánuði síðar eða fimm mánuðum eftir aðgerð sáust engar sjúklegar breytingar á vöðvum eða beini. Var álit D að breytingar sem sáust við ómskoðun hafi ekki samrýmst taugaskaða, „enda passi það illa inn í klíníska mynd.“ Við skoðun hafi M verið með húðskynsbreytingar þannig að húðtaug gæti hafa laskast en ekki afltaug yfir aðgerðarsvæði. Einkenni M passi þó betur við CRPS I. Kveður D að CRPS I sé vel þekkt afleiðing aðgerðar, en hún sjáist ekki oft og breytingar í kálfvöðva samrýmist ekki taugaskemmd.

M hafði leitað til E, sérfræðings í endurhæfingarlækningum. Í vottorði E, dags. 4. júlí 2018, kemur fram að fyrir aðgerðina 24. maí 2016 hafi M verið með verki í báðum sköflungum sem voru taldir vera á grunni „compartment syndrome“ en meðferð við slíku ástandi sé að skera rás í svokallaða „faciu“ sem er bandvefsslíður utan um nokkra vöðva og æðar. Þeir verkir sem M hafði hafi horfið við téða aðgerð. Hins vegar hafi bæst við annars konar verkir hægra megin. Í álitskafla vottorðsins segir að hægra megin hafi komið upp tveir ólíkir verkir báðir frábrugðnir upphaflegu verkjunum. Annars vegar sé um að ræða brunaverk sem hann finni mest fyrir þegar hann liggur og hefur verið stöðugur frá upphafi og tengist ekki beint hreyfingu. Hins vegar sé um að ræða þrýstingsverk sem hann finnur fyrir við að standa uppréttur, setja þunga á legginn eða hreyfa sig og þessi verkur yfirgnæfi brunaverkinn. Í niðurlagi vottorðsins kemur fram það álit E að ekki sé um algeran taugaskaða að ræða enda væri þá brottfall, þ.e.a.s. máttminnkun og/eða dofi, en í staðinn er vægt uphafin skynjun þó ekki „hyperalgesia“ eða „allodynia“ og viðvarandi brunaverkur. Þetta geti verið merki um áverka á úttaugar, t.d. litlar skyntaugagreinar sem óhjákvæmilega geta orðið fyrir skaða þegar hníf er beitt á hold. Telur E að fyrrgreindur þrýstingsverkur sé ekki merki um taugaskaða enda fylgi sá verkur líkamsstöðu og hreyfingum með kálfavöðvum.

Vegna þeirra einkenna sem M býr við eftir skurðaðgerðina 24. maí 2016 hefur hann krafist bóta úr sjúklingatryggingu sem A hefur í gildi hjá V. V telur að ekki liggi fyrir nægjanlegar læknisfræðilegar skýringar á einkennum M og ósannað sé að þau geti talist afleiðing aðgerðarinnar heldur tilheyri frekar þeim grunnsjúkdómi sem hann leitaði aðstoðar vegna. Taugaeinkenni séu hluti grunnsjúkdómsins og að læknisfræðileg skilyrði CRPS séu ekki uppfyllt. Bótaskilyrði séu ekki uppfyllt og hefur V hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu eiga rétt til bóta samkvæmt lögunum sjúklingar, sbr. 2. gr. laga um réttindi sjúklinga, sem verða fyrir líkamlegu eða geðrænu tjóni hér á landi í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð m.a. hjá heilbrigðisstarfsmanni sem starfar sjálfstætt og hlotið hefur löggildingu landlæknis til starfans. Þá skal samkvæmt 2. gr. laganna greiða bætur án tillits til þess hvort einhver ber skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins, enda megi að öllum líkindum rekja tjónið til atvika sem nánar eru tilgreind í fjórum töluliðum í lagagreininni. Eins og mál þetta horfir við er ekki um það deilt að M byggir ekki bótakröfu sína á þremur fyrstu tölulíðunum. Á hinn bóginn byggir hann kröfu sína á 4. tölulið greinarinnar, þ.e. ef tjón hlýst af meðferð eða rannsókn, þ.m.t. aðgerð, sem ætlað er að greina sjúkdóm og tjónið er af sýkingu eða öðrum fylgikvilla sem er meiri en svo að sanngjarnt sé að sjúklingur þoli það bótalaust. Við mat á því hvort þessum skilyrðum bótaskyldu sé fullnægt skal annars vegar líta til þess hve tjón er mikið og hins vegar til sjúkdóms og heilsufars sjúklings að öðru leyti. Þá skal taka mið af því hvort algengt er að tjón verði af meðferð eins og þeirri sem sjúklingur gekkst undir og hvort eða að hve miklu leyti gera mátti ráð fyrir að hætta væri á slíku tjóni.

Engin matsgerð liggur fyrir í málinu þar sem m.a. er lagt mat á það hvort þau verkjaeinkenni sem M býr við í hægri fótlegg teljist að öllum líkindum vera fylgikvilli af völdum skurðaðgerðarinnar sem A framkvæmdi 24. maí 2016. Þá verður ekki horft fram hjá því að M bjó við veruleg verkjaeinkenni í báðum fótleggjum áður en hann gekkst undir aðgerðina. Ekki verður ráðið af gögnum málsins hver hættan er á að M myndi eiga við verkjavandamál að glíma þrátt fyrir aðgerðina. Fyrrgreind læknisvottorð veita ekki einhlít svör í þessum efnum þannig sýnt þyki að skilyrði bótaskyldu séu fyrir hendi samkvæmt fyrrgreindum 4. tölul. 2. gr. laganna. Í ljósi þessa, gagna málsins að öðru leyti og gegn andmælum V verður ekki talið að sýnt hafi verið fram á að M eigi rétt til bóta úr sjúklingatryggingu þeirri sem A hafði í gildi hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr sjúklingatryggingu A hjá V.

Reykjavík, 13. nóvember 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 277/2018

M og
vátryggingafélagið V v. sjúklingatryggingar E

Gildissvið sjúklingatryggingar vegna mögulegra afleiðinga hálskirtlatöku.

Gögn.

Málskot, móttekið 13.9.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-3.
Bréf V, dags. 2.10.2018 ásamt fylgiskjölum 1-4.

Málsatvik.

M var greind með endurteknar loftvegasýkingar, sem lýstu sér m.a. í hæsi, beinverkjum og vanlíðan. M fór í hálskirtlatöku til læknisins E og segist hafa misst röddina eftir aðgerðina og ekki fengið bót á því þrátt fyrir að hafa leitað áfram til E og annarra lækna. M segir raddmissi óvenjulegan fylgikvilla hálskirtlatöku og eigi hún rétt á bótum sbr. 4. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000. Af hálfu M er vísað til þess að með lagasetningu um sérstaka sjúklingatryggingu hafi löggjafinn tryggt tjónþola víðtækari rétt á bótum en hann eigi skv. almennum skaðabótareglum og því haldið fram að minni kröfur séu gerðar til sönnunar á orsakatengslum. Tekið er fram að M hafi aldrei misst röddina fyrr en eftir aðgerðina, þó hún hafi átt við hæsi að stríða og erfiðleika með raddbeitingu.

V hafnar bótaskyldu og telur ekki sýnt fram á að skilyrði 2. gr. laga um sjúklingatryggingu geti talist uppfyllt í tilfelli M. V segir að tjón M tengist ekki beinlínis rannsókn eða sjúkdómsmeðferð í skilningi 2. gr. laganna. Þá telur V að gögn málsins gefi til kynna að þau einkenni sem M lýsir megi rekja til sjúkdóms sem hún þjáðist af fyrir. Þá segir V að raddleysi sé ekki meðal þekktra einkenna hálskirtlaaðgerða og þeir kirtlar hafi verið fjarlægðir vegna þess að þeir voru skemmdir en ekki vegna þess sjúkdóms sem M var haldinn þ.e. loftvegasýkingar og hæsi. Þá vísar V til þess að E telji að líklegasta orsök raddleysis M megi rekja til undirliggjandi sjúkdóms hennar. V vísar í vottorð heimilislæknis M dags. 23.6.2017 þar sem segir að fyllt hafi verið út skýrsla vegna gruns um atvinnutengdan sjúkdóm til Vinnueftirlitsins vegna gruns um að mögulega væru vinnutengdar aðstæður undirliggjandi skýring fyrir ástandi M. Heimilislæknirinn segir, að erfitt sé að áætla á þessu stigi málsins hver undirliggjandi orsök raddtruflana M sé og treystir sér ekki til að fullyrða hvort þær geti verið afleiðing aðgerðar eða vegna annarra orsaka. V vísar til þess að í athugasemdum við frumvarp til laga um sjúklingatryggingu segi að ákvæði þess taki ekki til skaðlegra afleiðinga eða annars tjóns sem hlýst af sjúkdómi sem sjúklingur þjáðist af fyrir.

Álit.

M hefur langa sögu um hæsi og loftvegasýkingar. Læknirinn E ákvað að taka hálskirtla M vegna ástands hálskirtlanna og var það óviðkomandi hæsinni og loftvegasýkingunni. Í framhaldi af aðgerðinni segist M hafa misst röddina og krefst bóta vegna þess. Heimilislæknir M segist ekki geta fullyrt hvort raddtruflanir M séu vegna afleiðinga aðgerða eða af öðrum orsökum. Í málinu liggja ekki fyrir nein gögn sem sýna fram á eða gera líklegt að um orsakatengsl sé að ræða milli læknisaðgerðar E á M og þess að hún missti röddina. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu E hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu E hjá V.

Reykjavík 30.10.2018.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 278/2018

M og
vátryggingafélagið V vegna ökutækisins A

Ágreiningur um bótaskyldu.

Gögn.
Málskot, dags. 06.09.2018 ásamt fylgigögnum.
Bréf V, vátryggingafélags, dags. 28.09.2018.

Málsatvik.
Málsatvik voru á þá leið að K var gangandi vegfarandi í Austurstræti þann 31 ágúst 2017 þegar hann gekk framhjá ökutækinu A og átti í orðaskaki við ökumanninn sökum þess að K taldi A lagt ólöglega. Þegar ökumaður A bakkar svo lendir hann á K sem dettur við fallið og slasast. K hafnar því að hafa fært sig í veg fyrir A þegar það byrjaði að bakka. Hann hafi þvert á móti haldið áfram göngu sinni og hafi sú leið legið fyrir aftan A. Það geti ekki talist til stórkostlegs gáleysis. Þá telur K vitni að atburðinum óáreiðanlegt og telur það hafa verið undir áhrifum áfengis þegar atvikið átti sér stað.
V telur K hafa sýnt af sér stórfellt gáleysi sbr. 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og telur hann eiga að bera 1/3 hluta sakar þar sem hann hafi gengið fyrir aftan A.
K telur einnig að dráttur á tilkynningu V valdi því að félagið geti ekki borið fyrir sig bótaskerðingu. Í bréfi K kemur fram að hann hafi sent V lögregluskýrslu í desember 2017 en afstaða V hafi ekki verið tekin fyrr en með bréfi dags. 20. júlí 2018. Afstaða V byggist hins vegar alfarið á lögregluskýrslunni og hafi félaginu því verið kunnugt um atvik þegar það fékk hana.
K vísar til úrskurðar í máli nr. 196/2013 þar sem vátryggingafélag var talið hafa glatað rétti sínum til að bera fyrir sig ábyrgðartakmörkun þar sem það hafði ekki sent tilkynningu án ástæðulauss dráttar um að það ætlaði að skerða bætur.
Í bréfi V kemur fram að samkvæmt framburði ökumanns hafi K gengið aftur fyrir A og þá hafi hann ekki lengur séð hann í baksýnisspeglinum. Vitni hafi verið að atvikinu og samkvæmt framburði hans í lögregluskýrslu hafi það séð K standa fyrir aftan A og þegar það byrjaði að bakka hafi K fært sig í veg fyrir það. V telur því sannað að K hafi gengið í veg fyrir A og þannig sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Þá bendi ekkert til þess að vitnið hafi verið undir áhrifum áfengis né sé það stutt neinum gögnum.
V hafnar því að ástæðulaus dráttur hafi orðið á tilkynningu þess um ábyrgðartakmörkun skv. 31. gr. laga nr. 30/2004, um vátryggingarsamninga. Í máli þessu byggist takmörkun ábyrgðar á 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga en ekki takmörkun skv. lögum um vátryggingarsamninga. V hafi ekki getað tekið afstöðu til bótaskyldu fyrr en öll gögn lágu fyrir í málinu og læknisfræðileg gögn hafi borist 18. júní 2018.

Álit.
Í 31. og 52. gr. laga nr. 30/2004, um vátryggingarsamninga, eru ákvæði um tilkynningarskyldu félags ef það hyggst bera fyrir sig rétt til takmörkunar á ábyrgð. Sú takmörkun tekur til vátryggingartaka eða vátryggðs vegna skaða- eða persónutryggingar og eiga þau ákvæði því ekki við í þessu máli. Ágreiningur þessa máls fellur undir lögmælta ökutækjatryggingu vegna ökutækisins A, sbr. XIII. kafla, umferðarlaga nr. 50/1987 um fébætur og vátryggingu.
Framburði aðila málsins um atvik málsins ber ekki saman. Af lögregluskýrslu má ráða að K hafi ekki gætt eðlilegrar varúðar þegar hann gekk aftur fyrir A þar sem fyrir liggur framburður vitnis um að K hafi fært sig í veg fyrir A þegar ökumaður byrjaði að bakka. Engin gögn eru í málinu um að vitnið hafi verið í undir áhrifum áfengis. Með vísan til framangreinds telst sú háttsemi K að ganga í veg fyrir A stórkostlegt gáleysi skv. 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga og skal hann bera 1/3 hluta sakar.

Niðurstaða.
K skal bera 1/3 hluta sakar vegna skaðabóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 13. nóvember 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögfr. Jón Magnússon, lögm.

Mál nr. 279/2018

M og
vátryggingafélagið V v. slysatryggingar ökumanns
og ábyrgðartryggingar ökutækis A

Umferðaróhapp 30.12.2017 í Kömbum í Árnessýslu, orsakatengsl vegna líkamstjóns.

Gögn.

Málskot, móttekið 14.9.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-11.
Bréf V, dags. 26.9.2018 ásamt fylgiskjölum 1-4.

Málsatvik.

M voru í bifreiðinni A þegar hún fór út af veginum í hálku. M leituðu til læknis samdægurs og gera kröfu um bætur vegna líkamstjóns úr slysatryggingu ökumanns og ábyrgðartryggingu A. M segist hafa ekið á um 80 km. hraða þegar A byrjaði að rása í hálkunni. M segir það verkefni matsmanna að meta hvort orsakatengsl vegna varanlegs líkamstjóns séu til staðar. V hafnar bótaskyldu og segir takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um tjón á A og áverkavottorð sé ekki í samræmi við framburð vitnis af atvikinu. Þá mótmælir V lýstum einkennum M í áverkavottorði og bendir á að lögregla hafi ekki verið kölluð á vettvang. V telur miðað við gögn málsins ósannað, að M hafi orðið fyrir líkamstjóni í umrætt sinn. Vitni sem ók á eftir A segir að A hafi runnið í fyrstu beygju í Kömbum og lent utan vegar. Þegar að var komið hafi ökumaður sagt að allt væri í lagi og stúlka sem sat í framsætinu hefði verið með fætur upp á mælaborði og pikkað á síma. M segist hafa hjálpað til að koma A upp á veginn aftur og ætlaði ökumaður A að aka varlega niður Kambana að sögn vitnisins.

Álit.

Lögregla var ekki kölluð til og ekki hefur verið sýnt fram á að tjón hafi orðið á A við útafaksturinn. Vitni sem sá þegar A lenti utan vegar og kom að, ber að ökumaður hafi sagt að allt væri í lagi. M leituðu bæði til læknis sama dag og umferðaróhappið varð og voru ekki staðreynd nein líkamsmeiðsl við þá læknisskoðun og raunar ekkert annað en framburður þeirra beggja af líðan sinni. Miðað við þau takmörkuðu gögn sem fyrir liggja þá er ósannað að orsakatengsl séu á milli útafakstursins og meints líkamstjóns M og eiga þau því þegar af þeirri ástæðu ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns eða ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns eða ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 23.10.2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 280/2018

M og
vátryggingafélagið V v/ málskostnaðartryggingarliðs
húseigendatryggingar íbúðarhúsnæðis.

Ágreiningur um hvort réttur til bóta hafi glatast með því að krafa hafi verið tilkynnt of seint í skilningi 1. mgr. 51. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Gögn.
Málskot, móttekið 12.9.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 10.10.2018.

Málsatvik.
Á árinu 1995 keypti M íbúð í fjöleignarhúsi í Reykjavík (A). Samkvæmt málskoti mun lítill rakablettur þá hafa verið á parketi íbúðarinnar við svaladyr. Hann mun hafa farið stækkandi og einnig munu hafa komið fram rakaskemmdir í lofti í íbúð fyrir neðan íbúð M. Á árunum 2001 og 2002 var af hálfu húsfélags A lagður vatnsheldur dúkur á svalagólf. Sú aðgerð mun ekki hafa komið í veg fyrir leka og á árinu 2007 hafi rakaskemmdir, eins og áður greinir, komið í ljós að nýju í kjölfar mikils vatnsveðurs. Á árinu 2008 hafi þéttingar með gluggum og svalahurð í íbúð M verið endurnýjaðar á kostnað húsfélagsins. Húsfélagið mun jafnframt hafa kostað viðgerð á skemmdum í lofti í íbúðinni fyrir neðan íbúð M, en hafnaði á hinn bóginn að taka þátt í viðgerð á parketinu í íbúð M þar eð ekki lægi ljóst fyrir hvað hafi valdið þeim skemmdum.

Á næstu árum mun M hafa árangurslaust átt í samskiptum við húsfélagið vegna skemmda á parketinu. Á fundi húsfélagsins í nóvember 2016 mun svo hafa verið samþykkt að fá hlutlausan fagmann til að leggja mat á hverjar væru orsakir vatnsskemmdanna hjá M. Ekki var látið verða að því að kalla til umræddan fagmann og því fór svo að á árinu 2017 aflaði M skoðunargerðar hjá tiltekinni verkfræðistofu varðandi uppruna vatnslekans sem valdið hafði skemmdum á parketi í íbúð hennar. Samkvæmt skoðunargerð verkfræðistofunnar, dags. 22. mars 207, var talið að lekaskemmdir í parketinu hafi orsakast af langvarandi leka utan frá með glugga- og svalahurðakörmum. Að fengnu þessu áliti mun M hafa farið þess á leit að húsfélagið að A bætti tjón hennar vegna þessa og var formleg bótakrafa send af hálfu lögmanns M hinn 23. júní 2017.

Af gögnum málsins má ráða að aðilar hafi um nokkurn tíma reynt að ná sáttum. Hinn 17. apríl 2018 sendi lögmaður M tölvubréf til lögmanns húsfélagsins þar sem m.a. sagði svo, orðrétt:

„Fyrir liggur að umbjóðandi minn, [M], taldi að í máli hennar gegn húsfélagi væri sáttaflötur vegna tjóns á parketi í íbúð hennar. Þessi sáttaflötur væri greiðsla viðgerðarkostnaðar parkets upp að kr. 1.600.000. Með þeirri sátt myndi áralöngum deilum ljúka.

Mér skildist á þér að umrædd sátt hefði ekki verið samþykkt af húsfélagi. Geturðu staðfest þennan skilning !? Sé svo hef ég fengið fyrirmæli frá umbjóðanda mínum að dómkveðja matsmann til mats á umræddu tjóni í peningafjárhæð og í framhaldi af því höfða dómsmál á hendur húsfélaginu til greiðslu skaðabóta og áfallins kostnaðar.“

Þessu tölvubréfi svaraði lögmaður húsfélagsins samdægurs með orðunum „Ég hef áfram sent póstinn á mína umbj. – og óskað viðbragða hið fyrsta.“ Í gögnum málsins er ekki greint frekar frá samskiptum á milli M og húsfélagsins.

Með bréfi lögmanns M til V, dags. 30. apríl 2018, var tilkynnt um kröfu í málskostnaðartryggingu húsfélagsins að A vegna fyrirhugaðrar málsóknar M á hendur húsfélaginu í því skyni að fá „viðurkennda bótaábyrgð húsfélagsins á skemmdu parketi íbúðar hennar sem og að innheimta bætur fyrir tjónið.“ V hefur vísað til ákvæðis í vátryggingarskilmálum sínum þar sem segir að vátryggður eða hver sá sem á rétt til bóta vegna skaðatryggingar glatar honum ef hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan eins árs frá því hann vissi um þau atvik sem hún er reist á. Í ljósi þessa ákvæðis og með því að ágreiningur M við húsfélagið um að fá tjónið bætt hafi staðið yfir í meira en áratug hafi

hún glatað rétti sínum til bóta úr málskostnaðartryggingunni þar sem hún hafi ekki tilkynnt um kröfu sína innan árs frá því að hún vissi um þau atvik sem hún er reist á. V hafnaði því bótaskyldu úr málskostnaðartryggingunni.

Álit.

Fyrrgreint ákvæði í skilmálum V er efnislega samhljóða 1. mgr. 51. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Í athugasemdum við 51. gr. í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 30/2004 segir um 1. mgr. 51. gr. að upphaf eins árs frestsins miðist við þann tíma er vátryggður fékk upplýsingar um þau atvik sem eru tilefni kröfu hans um vátryggingarbætur.

Í skilmálum V fyrir málskostnaðartryggingu þá sem hér er til skoðunar segir í ákvæði um bótasvið að vátryggingin bæti málskostnað vegna ágreinings sem snertir vátryggðan sem eiganda hinnar vátryggðu húseignar eða húseignarhluta og getur komið til úrlausnar héraðsdóms eða Hæstaréttar hér á landi. Þá segir í ákvæði um ákvörðun bóta að félagið greiðir vegna hvers tjóns nauðsynlegan og eðlilegan lögmanns- og málskostnað sem vátryggður getur ekki fengið greiddan frá mótaðila eða hinu opinbera þegar málið hefur verið til lykta leitt með dómi eða réttarsátt. Af ákvæðum þessum leiðir að bótaskylda úr vátryggingunni stofnast því aðeins að réttarágreiningur rísi sem leiddur verði til lykta með dómi eða réttarsátt. Það var fyrst í kjölfar tölvubréfasamskipta lögmanna ágreiningsaðila 17. apríl 2018 að M gat gert sér grein fyrir að ágreiningur hennar við húsfélagið væri kominn á það stig að úr honum yrði ekki leyst nema fyrir dómstólum. Þá um leið urðu fyrst atvik með þeim hætti að hún gat átt kröfu um bætur úr málskostnaðartryggingunni. Eins árs frestur M til að tilkynna V um kröfu sína var því ekki liðinn þegar M tilkynnti V um fyrirhugaða málsókn 30. apríl 2018. M hefur því ekki glatað rétti sínum til bóta úr vátryggingunni og á því rétt til bóta úr henni.

Niðurstaða.

M, á rétt til bóta úr málskostnaðartryggingu húseigendatryggingar íbúðarhúsnæðis hjá V.

Reykjavík, 30. október 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 281/2018

M og
vátryggingafélagið V v/ frjálsrar ábyrgðartryggingar vélaverkstæðis.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna viðgerðar á skipsvél.

Gögn.
Málskot, móttekið 12.9.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 25.9.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
M fékk vél úr tilteknum bát til viðgerðar eftir að hún hafði brætt úr sér. Vélin var tekin í sundur og í ljós kom að skipta þurfti um sveifarás, höfuðlegur í sveifarás, stangarlegur og knastás. Engin véladagbók fylgdi vélinni og saga vélarinnar var óþekkt. Sveifarás var mældur og reyndist vera af upphaflegri gerð (original). Ákveðið var að kaupa hjá framleiðanda vélarinnar bæði nýjan sveifarás og sveifaráslegur af upphaflegri gerð. Nýr sveifarás og sveifaráslegur voru svo settar í bátinn og erlendur sérfræðingur framleiðanda vélarinnar sá um að setja legurnar í vélina í samræmi við aðferð og kröfur framleiðandans. Við gangsetningu vélarinnar kom í ljós að vélin myndaði ekki eðlilegan þrýsting eða einungis þrjú bör í stað fimm bara eins og hún átti að gera. Annað vélaverkstæði, A, var fengið til að taka vélina í sundur og finna ástæður þess að hún náði ekki tilskildum olíuþrýstingi. Kom þá í ljós að búið var að „línubora blokkina sjálfa þ.e. legustæði á höfuðlegum í yfirstærð." Þá segir svo í málskoti, orðrétt: „Var þá greinilegt að eitthvað hafði áður komið fyrir vélina sem kallaði á þessa óvenjulegu aðgerð. Vélarframleiðandi sjálfur framleiðir ekki höfuðlegur sem passa í slíka útborun. Sérfræðingur vélarframleiðanda sá þetta ekki þótt hann hefði unnið beint að viðgerðinni."

A sendi M reikning vegna síðari viðgerðarinnar og samkvæmt því sem fram kemur í málskoti mun A hafa notað reikninginn í viðskiptum milli A og M, en A hafði þá keypt rekstur M. Hafi reikningurinn grundvallast á skaðabótaábyrgð M á „hinni misheppnuðu viðgerð". M hefur krafist þess að umræddur reikningur verði greiddur úr frjálsri ábyrgðartryggingu sem M hefur keypt hjá V vegna starfsemi sinnar. V hefur hafnað bótaskyldu, þar sem vátryggingin taki ekki til tjóns eins og hér um ræðir.

Álit.
Samkvæmt 2. gr. almennra vátryggingarskilmála V fyrir frjálsa ábyrgðartryggingu fyrir atvinnurekstur tekur vátryggingin til skaðabótaábyrgðar sem fellur á vátryggðan vegna skemmda á munum vegna starfsemi þeirrar, sem getið er í skírteini eða iðgjaldskvittun, enda verði skemmdirnar raktar til skyndilegs og óvænts atburðar. Í 6. gr. skilmálanna er að finna ákvæði þar sem tilteknar áhættur vegna skemmda á munum eru undanskildar bótasviði vátryggingarinnar, en samkvæmt c-lið greinarinnar tekur vátryggingin ekki til ábyrgðar vegna skemmda á munum eða glötunar muna sem vátryggður tekur að sér að gera við, hreinsa, setja upp eða vinna við með einum eða öðrum hætti, ef tjónið verður af verkinu eða við verkið. Vegna þeirrar ábyrgðartryggingar sem M hafði keypt hjá V var hins vegar samið um sérstakan skildaga þar sem sagði:

„Þrátt fyrir ákvæði almennra vátryggingarskilmála félagsins þar um vátryggir félagið gegn þeirri skaðabótaábyrgð, er stofnast vegna skemmda á skipum eða bátum, sem vátryggingartaki vinnur við viðgerðir eða breytingar á, svo og til skemmda af völdum þeirra. Skildagi þessi á einnig við um bótakröfur vegna skemmda á einstökum vélum, sem vátryggingartaki hefur til viðgerðar á verkstæði sínu eða í tengslum við rekstur þess. [...] Ef nauðsynlegt reynist að vinna verk að nýju að hluta eða öllu leyti vegna ófaglegrar eða ófullnægjandi vinnu, tekur vátryggingin ekki til kostnaðar við það."

Eins og mál þetta horfir við reynir á hvort reikningur A sem M tók að sér að greiða vegna síðari viðgerðar á vélinni skuli fást greiddur úr ábyrgðartryggingunni hjá V með vísan til framangreinds skildagaákvæðis. Af orðalagi skildagans rýmkar hann bótasvið hinna almennu skilmála ábyrgðartryggingarinnar m.a. á þann veg að hún tekur til skaðabótaábyrgðar vátryggðs vegna skemmda á einstökum vélum sem vátryggingartaki hefur til viðgerðar á verkstæði sínu eða í tengslum

við rekstur þess. Aftur á móti tekur vátryggingin ekki til kostnaðar ef nauðsynlegt reynist að vinna verk að nýju eða hluta eða öllu leyti vegna ófaglegrar eða ófullnægjandi vinnu.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið að skemmdir hafi orðið á vélinni við það að réttar höfuðlegur voru ekki settar í vélina í fyrri viðgerðinni sökum þess að vélarblokkinni hafði verið breytt („línuboruð“) þannig að höfuðlegur áttu að vera í yfirstærð. Viðgerðin reyndist ófullnægjandi að þessu leyti og þurfti því að endurtaka hana með tilheyrandi kostnaði. Samkvæmt þessu má ljóst vera að ekki hefur verið um skemmdir að ræða í umræddu tilviki eins og áskilið er svo bótaskylda geti stofnast úr ábyrgðartryggingunni á grundvelli skildagans auk þess sem viðgerðin reyndist hafa verið ófullnægjandi en tjón eða kostnaður vegna slíks atviks bætist ekki. Af þessum ástæðum á M ekki rétt á að fá reikninginn greiddan úr ábyrgðartryggingunni hjá V.

Niðurstaða.
M, á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 23. október 2018.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 282/2018

M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartrygginga bifreiðanna A og B
Árekstur á Sæbraut 17.7.2018.

Gögn.

Málskot málskotsaðila, móttekið 14.9.2018, ásamt fylgiskjölum og tölvupósti dags. 15.10.2018. Bréf V, dags. 1.10.2018, ásamt athugasemdum ökumanns bifreiðar B við málskot og ljósmyndir af bifreið B.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að árekstur varð með bifreiðum A og B þar sem þeim var ekið norður Sæbraut. Ökumaður bifreiðar A kvaðst hafa ekið aðrein að Sæbraut inn á hægri akrein hennar og síðan yfir gatnamót við Súðarvog og þá fært sig yfir á vinstri akrein. Um 10 sekúndum eftir það hafi bifreið B lent aftan á bifreið A. Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa ekið norður Sæbraut á vinstri akrein þegar bifreið A var skipt um akrein frá hægri og ekið í veg fyrir bifreið B þannig að bifreið B lenti aftan á A.

M telur að bifreið A hafi verið ekið inn á akbraut og yfir gatnamót gegn grænu ljósi og hafi verið búin að aka nokkra stund á vinstri akrein þegar bifreið B var ekið aftan á bifreið A. M telur að alla sök eigi að leggja á ökumann bifreiðar B fyrir að hafa ekki gætt þess að hafa nægilegt bil milli bifreiða. Einnig bendir M á fjarlægð árekstursins frá gatnamótum og að ökumaður bifreiðar B hafi sagst hafa verið vakandi lengi.

V telur að ökumaður bifreiðar A eigi að bera alla sök á árekstrinum þar sem hann hafi skipt um akrein í veg fyrir bifreið B án nægilegrar aðgæslu og þannig farið gegn fyrirmælum 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Álit.

Í málinu er ljóst af framburði ökumanns bifreiðar A að hann hafi skipt um akrein frá hægri yfir á vinstri rétt fyrir árekstur við bifreið B en nefndin telur ósannað að ökumaður bifreiðar A hafi ekið gegn rauðu ljósi, eða að það hafi sérstök áhrif við mat á sök. Í 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga kemur fram að ökumenn sem skipta um akrein skuli ganga úr skugga um að það sé hægt án óþæginda fyrir aðra umferð. Þess bar ökumaður bifreiðar A að gæta. Sá hinn sami ber því sönnunarbyrði um að ökumaður bifreiðar B hafi ekið með þeim hætti að hann hafi t.d. ekki gætt þess að hafa nægilegt bil milli bifreiða 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga, eða að ökumaður þeirrar bifreiðar hafi sýnt aðgæsluleysi með öðrum hætti í aðdraganda árekstursins. Af gögnum málsins er ekki hægt að sjá með afgerandi hætti að þannig hafi háttað til og verður ökumaður bifreiðar A, eins og áður segir, að bera hallann af því. Ökumaður bifreiðar A ber því alla sök á árekstrinum fyrir að hafa ekki gætt nægilegrar varúðar við akreinaskipti.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðar A ber alla sök á árekstrinum.

Reykjavík, 6. nóvember 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 283/2018

M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X

Vinnuslys 27.7.2016 við frystigám.

Gögn.

Málskot málskotsaðila, móttekið 14.9.2018, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 9.10.2018.
Tölvupóstur lögmanns M, dags. 12.10.2018.

Málsatvik.

Í málinu liggja fyrir upplýsingar um líkamstjón M sem hann rekur til atviks við vinnu sína 27.7.2016. Einnig liggja fyrir myndir af gámi sem teknar eru af starfsmanni X að vetri til. Í framburði M kemur fram að hann hafi farið að frystigámi til að ná í frosinn ost. Þegar hann ætlaði að loka hurð gámsins hafi það reynst erfitt því gámurinn hafi í raun verið „ónýtur“. M kveðst hafa nefnt ástand gámsins við verkstjóra og samstarfsmann, en verkstjóri hafi sagt honum að það að loka hurðinni væri „eins manns starf“. M kveðst hafa átt í erfiðleikum með að loka téðri hurð þegar hann slasaðist og hafi hann því reynt að berja klaka frá hurðinni til að ná að loka henni og síðan „notað afl“ til að reyna að loka, en þá hafi hönd hans runnið fram af handfangi og skollið á hurðinni þannig að hann hlaut líkamstjón af. M kveðst hafa tilkynnt um tjón sitt til verkstjóra og farið til læknis samdægurs. Verkstjóri kveðst í sinni framburðarskýrslu ekki muna eftir að hafa sagt við M að það að loka gámi væri „eins manns verk“ og taldi það ólíklegt og gat ekki sagt til um hvaða gámur hafi verið á svæðinu þegar M slasaðist því það hefðu verið margir gámar sem komu og fóru. Samstarfsmaður M gaf einnig skýrslu hjá lögreglu og kvaðst kannast við að stundum hafi verið erfitt að loka gámum og að um væri að ræða sama gám og á myndum sem honum voru sýndar hjá lögreglu. Hann hafi sjálfur ekki meitt sig á sama gámi heldur öðrum.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á afleiðingum slyss M þar sem aðstæður hafi verið ófullnægjandi við gáminn. Gámurinn hafi verið þannig að álplata hafi verið sprungin og þannig að hafi ís innan úr gámnum komið í veg fyrir að hægt hafi verið að loka hurðinni. Einnig vísar M til þess að slys hans hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlits fyrr en of seint og þá hafi gámurinn verið farinn af staðnum. Einnig vísar M til þess að yfirmenn hans hjá X hafi vitað af ástandi gámsins án þess að bæta úr vinnuaðstæðum.

V telur að um óhappatilvik hafi verið að ræða og ekki hafi komið fram sönnunargögn sem sýna fram á að ástand frystigámsins hafi verið ófullnægjandi eða að hann hafi verið ónothæfur. Ekki sé heldur sýnt fram á að M hafi upplýst verkstjóra um að hann hafi átt erfitt með að loka gáminum á sama tíma og slysið var. Einnig vísar V til þess að því sé ranglega haldið fram í málinu að samstarfsmaður M hafi slasast vegna sama gáms.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um hvort ástand frystigáms sem M þurfti að ganga um hafi verið slæmt og hvort líkamstjón M sé hægt að rekja til þeirra aðstæðna. Þegar litið er til framburðar samstarfsmanns M sem staðfestir frásögn M af ástandi gámsins þannig að hann telur að álplata innan á hurð gámsins hafi verið laus frá hurðarkarmi og erfitt gæti verið að opna og loka vegna íss sem myndaðist í rifum. Einnig kemur fram í hans framburði að samstarfsmenn M og hans hjá X hafi vitað af ástandi gámsins þó hann hafi ekki sjálfur látið yfirmenn vita. Með hliðsjón af því að framburður samstarfsmanns M er í samræmi við framburð M hvað varðar ástand hans verður að líta svo á að aðbúnaður hafi verið ófullnægjandi á vinnustaðnum. Ástand gámsins virðist hafa verið þannig í einhvern tíma og starfsmenn X vissu af því, fleiri en einn, án þess að úr væri bætt. Verður X að bera skaðabótaábyrgð á því að ekki var bætt úr vinnuaðstæðum starfsmanna sem þurftu að ganga um frystigáma, eins og M og ber X því skaðabótaábyrgð á afleiðingum tjóns hans. Greiðsluskylda hefur því stofnast úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Ekki verður séð af gögnum málsins að háttsemi M hafi verið með þeim

hætti að hún verði metin honum til stórkostlegs gáleysis eða ásetnings í skilningi 23. gr. a. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Niðurstaða.
M á fullan rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 30. október 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 284/2018

M og
vátryggingafélagið V1 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið V2 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Árekstur bifreiða á Borgarbraut í Borgarnesi 15.5.2018.

Gögn.

Málskot, móttekið 17.9.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-9.
Bréf V-1, dags. 3.10.2018.
Bréf V-2, dags. 26.10.2018.

Málsatvik.

Árekstur varð á bifreiðastæði við Borgarnesbraut í Borgarnesi. Á framhlið tjónstilkynningar sem báðir ökumenn undirrita kemur fram að B hafi verið ekið út frá bifreiðastæði í aðdraganda árekstursins og á A sem hafi verið kyrrstæð. Ökumaður A hafði B sér á hægri hönd í aðdraganda árekstursins. Ökumaður A segist hafa ekið A eftir aðkomuvegi að dvalarheimili aldraða í Borgarnesi og hafi B verið ekið af bifreiðastæði við dvalarheimilið og hafi ökumaður A þá stöðvað A en ökumaður B hafi verið seinn til og ekið á A kyrrstæða. Ökumaður B hefur ekki gert grein fyrir málavöxtum umfram það sem fram kemur á framhlið tjónstilkynningar.

Álit.

Ökumaður A ók eftir Borgarbraut í Borgarnesi að bifreiðastæði að Borgarbraut 65, þegar B ók út frá bifreiðastæði og árekstur varð með bifreiðunum. Ökumaður A hafði bifreiðina B sér á hægri hönd í aðdraganda árekstursins og virti ökumaður A því ekki almennan umferðarrétt á bifreiðastæði og ber því sök á árekstrinum. Í sameiginlegri tjónstilkynningu, sem báðir ökumann undirrita kemur fram að B hafi verið ekið á A kyrrstæða og fullyrðir ökumaður A að A hafi verið kyrrstæð nokkru fyrir áreksturinn og verður að taka tillit til þess vegna áritunar ökumanns B á framhlið sameiginlegrar tjónstilkynningar sem staðfestir það. Telst ökumaður bifreiðar B því ekki heldur hafa gætt nægilegrar aðgæslu við akstur út frá bifreiðastæðinu. Verður því einnig lögð sök á ökumann B. Við mat á sakarskiptingu við þessar sérstöku aðstæður þykir rétt að hvor ökumaður beri helming sakar.

Niðurstaða.

Hvor ökumaður ber helming sakar.

Reykjavík 13.11.2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 285/2018

M og
vátryggingafélagið V vegna slysatryggingar fjölskyldutryggingar.

Líkamstjón vegna falls 18.10.2016. Slysahugtak vátryggingaréttar.

Gögn.
Málskot málskotsaðila, móttekið 13.9.2018, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 26.9.2018, ásamt áverkavottorði dags. 2.8.2017, tjónstilkynningu dags. 29.3.2017 og læknabréfi dags. 26.10.2016.

Málsatvik.
Í tjónstilkynningu M til V kemur fram eftirfarandi lýsing á atvikum sem leiddu til líkamstjóns M: „Leið útaf og datt trúlega á baðkarið með þeim afleiðingum að ég braut 3 rifbein og gerði gat á lunga.“

M telur ekki sýnt að fall hennar sé hægt að rekja til þess að hún fékk aðsvif og telur að greiða eigi bætur úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar.

V telur að lýsing M á atvikum fyrir fallið verði ekki hægt að skilja öðruvísi en að þau séu ekki hægt að rekja til utanaðkomandi atviks heldur til svima og jafnvægisleysis sem rekja megi til innra ástands líkama M.

Álit.
Í 19. gr. vátryggingarskilmála sem gilda um þá slysatryggingu fjölskyldutryggingar sem hér er til skoðunar segir að félagið greiðir bætur vegna slyss er vátryggður verður fyrir í frístundum, við heimilisstörf, skólanám eða almennar íþróttaiðkanir, ef það m.a. leiðir m.a. til varanlegrar læknisfræðilegrar örorku eða tímabundins missis starfsorku. Í sömu grein kemur fram að með hugtakinu slys sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist án vilja hans. Í máli þessu snýst ágreiningur aðila um það hvort M hafi fallið í gólfið og orðið fyrir meiðslum af völdum utanaðkomandi atburðar þannig að um slys hafi verið að ræða í skilningi vátryggingarskilmálanna.

M segist sjálf ekki skýringu á því hvers vegna hún féll í gólfið, en í tjónstilkynningu kemur fram að hún hafi liðið út af. Í læknisfræðilegum gögnum málsins er bæði vísað til aðsvif og yfirliðs sem orsök þess að M féll. Þegar til þessa er litið verður að telja líkur þess að fallið megi rekja til ástands í líkama hennar svo yfirgnæfandi að nægilega telst sannað að fallið verði rakið til þess. Þess vegna verður ekki talið að M hafi fallið í gólfið af völdum utanaðkomandi atburðar. Hún hefur því ekki hlotið meiðslin vegna slyss í skilningi vátryggingarskilmálanna. Hún á því ekki rétt á bótum úr slysatryggingunni

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 23. október 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 287/2018

M og
vátryggingafélagið V1 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið V2 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Árekstur í bílastæðahúsi í Glæsibæ í Reykjavík 8.8.2018.

Gögn.
Málskot, móttekið 18.9.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-2.
Bréf V-1, dags. 1.10.2018 ásamt fylgiskjölum 1-3.
Bréf V-2, dags. 5.10.2018 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.
Árekstur varð milli A og B í bílastæðahúsi við Glæsibæ, Álfheimum í Reykjavík. Ökumaður A segist hafa ekið til austurs með fyrirhugaða akstursstefnu beint áfram út úr bílastæðahúsinu þegar B hafi skyndilega verið ekið frá hægri á A. Ökumaður B segist ekið til vesturs í bílastæðahúsinu með fyrirhugaða beygju til vinstri og segist ökumaður B hafa ætlað að stöðva B vegna bifreiðar sem var að koma inn í bílastæðahúsið sér á hægri hönd en stigið á bensíngjöfina í staðinn fyrir bremsuna og lent framan á A.

Álit.
Ökumanni A bar að veita umferð frá hægri forgang og m.v. staðsetningu bifreiðanna verður árekturinn rakinn til þess að hann gætti þess ekki nægilega gagnvart bifreið B. Ökumaður B viðurkennir hins vegar að hafa gert þau mistök í aðdraganda árekstursins að hafa stigið á bensíngjöfina í stað bremsunnar, sem hann ætlaði að gera og telst árekturinn hafa orðið einnig vegna þeirrar háttsemi hans. Við mat á sakarskiptingu þykir ekki ástæða til að leggja meiri sök á annan ökumanninn umfram hinn. Sök er því skipt til helminga.

Niðurstaða.
Hvor aðili ber helming sakar.

Reykjavík 30.10. 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 288/2018

M og
vátryggingafélagið V v/ fasteignatryggingar og ábyrgðartryggingar söluaðila.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda á veggklæðningu utanhúss.

Gögn.
Málskot, móttekið 18.9.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 28.9.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Samkvæmt tjónstilkynningu M til V, dags. 26. apríl 2018, urðu eftir áramótin 2017-2018 skemmdir á veggklæðningu á húseign, hans A, er mikið af blautum og þungum snjó hafði hlaðist upp á þakinu og runnið af því, en við það hafi klæðningin skemmst á nokkrum stöðum. Veggklæðningin hafi verið keypt hjá B og sett á húsið sumarið 2016. Kveður M að hugsanlega megi gera ráð fyrir að galli hafi verið í framleiðslu klæðningarinnar, en framleiðslan sé innlend og hafi því átt að vera gerð með það að sjónarmiði að þola íslenskar aðstæður.

M hefur krafist bóta vegna skemmdanna úr fasteignatryggingu sinni hjá M og úr ábyrgðartryggingu B hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu úr báðum vátryggingunum.

Álit.
Umrædd veggklæðing er bárujárnsklæðning þar sem bárurnar liggja lárétt á lóðréttum útveggjum hússins. Á fyrirliggjandi ljósmyndum má sjá einhvers konar höggdældir í klæðningunni.

Samkvæmt 8. gr. í skilmálum V fyrir fasteignatryggingu er að finna ákvæði um svonefnda snjóþungatryggingu. Í ákvæðinu segir að vátryggingin bæti tjón á vátryggðri húseign sem er afleiðing af skyndilegum snjóþunga sem sligað hefur þak eða veggi hennar. Ekki liggja fyrir skýrar upplýsingar um það snjómagn sem átti að hafa hlaðist upp á þaki A og hvernig það hrundi af þakinu þannig að það hafi í raun verið verið snjóþunginn sem hafi valdið þeim dældum sem má sjá á veggklæðningunni. Almennt verður heldur ekki talið að þær dældir í klæðningunni sem um er að ræða geti fallið undir það að veggir hússins hafi sligast undan þeim snjóþunga sem kann að hafa safnast upp á þakinu. Af því leiðir að tjónið fæst ekki bætt úr fasteignatryggingunni.

Í 3. gr. skilmála ábyrgðartryggingar sem B hafði í gildi hjá V kemur fram, sé ekki á annan veg samið, að vátryggingin taki til skaðabótaábyrgðar, sem fellur á vátryggðan vegna líkamstjóns eða skemmda á munum af völdum hættulegra eiginleika vöru, sem vátryggður selur eða lætur á annan hátt af hendi, enda verði líkamstjónið eða skemmdirnar raktar til skyndilegs og óvænts atburðar. Af ákvæði þessu er ljóst ábyrgðartryggingin bætir, að bótaskilyrðum fullnægðum, tjón sem hlýst af hættulegum eiginleikum söluvöru en ekki tjón á söluvörunni sjálfri. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en tjón M sé bundið þær skemmdir sem urðu á sjálfri veggklæðningunni, þ.e. þeirri vöru sem hann hafði keypt af B á sínum tíma. Tjón á veggklæðningunni, þ.e. sjálfri söluvörunni, fellur því utan bótasviðs ábyrgðartryggingarinnar. Þegar af þeirri ástæðu á M heldur ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Niðurstaða.
M, á ekki rétt á bótum úr fasteignatryggingu sinni né ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík, 30. október 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 289/2018

M og
vátryggingafélagið V vegna slysatryggingar ökumanns bifreiðarinnar A

Líkamsmeiðsli við vinnu 2.9.2016.

Gögn.
Málskot málskotsaðila, móttekið 18.9.2018, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 4.10.2018, ásamt vátryggingarskilmálum.

Málsatvik.
Í tjónstilkynningu M til V dags. 2.9.2016 kemur fram að M hafi verið að slá út öryggi í töflu fyrir ofan bílstjórasæti bifreiðarinnar A og þegar hann steig niður af palli sem bílstjórasætið er á hafi hann snúið upp á hnéð á sér. Sambærileg lýsing er í tilkynningu til Sjúkratrygginga sem undirrituð er bæði af M og vinnuveitanda hans.

M telur að meiðsli hans verði rakin til notkunar bifreiðarinnar A sérstaks búnaðar hennar eða eiginleika sem bifreiðar. Það hafi verið nauðsynlegt að skipta um öryggi í töflu fyrir ofan bílstjórasætið til að unnt væri að aka bifreiðinni, meiðslin hafi komið til inni í bifreiðinni og sérstaks búnaðar hennar þar af leiðandi.

V telur að þau meiðsli sem M lýsir verði ekki rakið til þess að hann hafi verið við stjórn ökutækisins í skilningi 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 eða að það verði rakið til notkunar þess í skilningi 88. gr. sömu laga og vísar til fræðiskrifa og dómaframkvæmdar máli sínu til stuðnings.

Álit.
Í málinu er ágreiningur um hvort M hafi orðið fyrir líkamstjóni sem fellur undir gildissvið slysatryggingar ökumanns bifreiðarinnar A. Í 92. gr. umferðarlaga kemur fram að líkamstjón ökumanns sem er við stjórn ökutækis og verður rakið til notkunar þess skv. 1. mgr. 88. gr. sömu laga. Af lýsingu M sjálfs verður ekki ráðið að hann hafi verið við stjórn bifreiðarinnar, heldur hafi hann verið að hreyfa sig innan hennar, nánar tiltekið verið að stíga af palli þegar hann sneri upp á hné. Bifreiðin var ekki í gangi og verður atvikið því ekki rakið til hreyfingar hennar. Ekki verður heldur fallist á að bifreiðin hafi á annan hátt verið í notkun í skilningi 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga þannig að M hafi orðið fyrir líkamstjóni vegna sérstaks búnaðar bifreiðarinnar eða hættueiginleika hennar.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns bifreiðarinnar A.

Reykjavík, 30. október 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 290/2018

M og
vátryggingafélagið V vegna slysatryggingar launþega.

Líkamsmeiðsli við vinnu 2.9.2016.

Gögn.

Málskot málskotsaðila, móttekið 18.9.2018, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 4.10.2018, ásamt tölvupóstsamskiptum starfsmanns V við lækni á vegum V á tímabilinu 31.ágúst – 21. september 2018.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu M til V dags. 2.9.2016 kemur fram að M hafi verið að slá út öryggi í töflu fyrir ofan bílstjórasæti bifreiðarinnar ZK L99 og þegar hann steig niður af palli sem bílstjórasætið er á hafi hann snúið upp á hnéð á sér. Sambærileg lýsing er í tilkynningu til Sjúkratrygginga sem undirrituð er bæði af M og vinnuveitanda hans.

M telur að meiðsli hans falli undir gildissvið slysatryggingar launþega og falli undir slysahugtak vátryggingaréttar og vísar til þess að hann hafi misst jafnvægið á brún palls sem hafi valdið því að hann hafi lent illa með þeim afleiðingum að hann hafi slasast. M vísar til dómaframkvæmdar Hæstaréttar, nánar tiltekið í málum nr. 47/2006, 412/2011 og 560/2017 máli sínu til stuðnings.

V telur að meiðsli M verði ekki rakin til utanaðkomandi atburðar í skilningi 2. gr. skilmála slysatryggingar launþega þar sem komi fram að með orðiðnu slys sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem valdi meiðslum á líkama vátryggðs. V vísar til þess að hvorki lýsing M sjálfs né læknisfræðileg gögn bendi til þess að um utanaðkomandi atburð hafi verið að ræða, auk þess sé ekki ljóst m.v. læknisfræðilegt mat V að sú færniskerðing sem M býr við sé hægt að rekja til atviksins í bifreiðinni. Einnig telur V að tilvitnaðir dómar eigi ekki við um atvik máls M.

Álit.

Í lýsingu M sjálfs af atvikum sem hann telur hafa leitt til líkamstjóns kemur fram hann hafi verið að stíga af palli og við það snúið upp á hné eða fót. Ekki verður séð af gögnum málsins að umræddur pallur hafi verið hár eða að M hafi lent á einhverri misfellu þegar hann steig niður. Verður því ekki fallist á að þau meiðsli á líkama sem hann lýsir í málskoti hafi komið til vegna utanaðkomandi atburðar í skilningi 2. gr. vátryggingarskilmála slysatryggingar launþega. Umrætt atvik á því ekki undir gildissvið hennar og á M ekki rétt á bótum.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega.

Reykjavík, 30. október 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 291/2018

M og
vátryggingafélagið V1 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
X v. bifreiðarinnar B

Árekstur á mótum Breiðholtsbrautar, Stekkjarbakka og Seljabrautar 22.8.2018.

Gögn.

Málskot, móttekið 20.9.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-3.
Bréf V-1, dags. 4.10.2018 ásamt fylgiskjölum 1-2.
Tölvupóstur X, dags. 8.10.2018.

Málsatvik.

Árekstur varð á milli bifreiðanna A og B á gatnamótum Breiðholtsbrautar, Stekkjarbakka og Seljabrautar. Ökumaður A segist hafa verið kyrrstæður á gatnamótum á Stekkjarbakka í aðdraganda árekstursins og ekið af stað þegar grænt umferðarljós hefði komið fyrir aksturssstefnu sína og verið komin inn á gatnamótin þegar hann fékk þungt högg á A. Ökumaður B segist hafa ekið austur Breiðholtsbraut og segist halda að umferðarljósin hafi verið að breytast þegar hún ók inn á gatnamótin en var mjög óviss um hvað hefði gerst að því er segir í lögregluskýrslu. Engin vitni gáfu sig fram á vettvangi eða síðar.

Álit.

Í lögregluskýrslu kemur fram, að ökumaður B segist halda að umferðarljósin hafi verið að breytast þegar hún ók inn á gatnamótin, en ökumaður B gerir ekki grein fyrir því með hvaða hætti þau hafi verið að breytast þ.e. úr grænu yfir í gult eða af gulu yfir á rautt. Skv. 34. gr. reglugerðar um umferðarmerki og notkun þeirra nr. 289/1995 ber ökumönnum að nema staðar við gatnamót þegar gult ljós logar. Ekki er óvarlegt að telja miðað við framburð ökumanna og þá sérstaklega ökumanns B, að B hafi verið ekið gegn rauðu ljósi í umrætt sinn og ökumaður B mótmælir því ekki í raun miðað við óljósan framburð hennar á aðdraganda árekstursins í lögregluskýrslu. Ökumaður B ber því alla sök.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök og á eigandi bifreiðar A því rétt á bótum hjá X.

Reykjavík 6.11.2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 292/2018

M og
V1 vegna ökutækisins B
og
V2 vegna ökutækisins A

Ágreiningur um bótaskyldu.

Gögn.
Málskot, dags. 11.09.2018 ásamt fylgigögnum.
Bréf V1, vátryggingafélags, dags. 28.09.2018.
Bréf V2, vátryggingafélags, dags. 08.10.2018.

Málsatvik.
M ók ökutækinu B austur Miklabraut við Kjarvalsstaði 26. júní 2018 þegar ökutækinu A er ekið aftan á B. Ágreiningur er um hvernig atvikum er háttað. Í kæru M kemur fram að hann hafði stöðvað á rauðu ljósi við gangbraut og A hafi þá keyrt aftan á B. Einnig kemur fram að B hafi áður ekið samhliða A og síðan skipt um akrein fyrir framan A. B telur A hafa ekið of nálægt ökutæki B og því ekki haft nægilega hemlunarvegalengd.
Í lögregluskýrslu kemur fram hjá ökumanni A að hann hafi verið byrjaður að hægja á ökutækinu vegna þess að rautt ljós var framundan. Þá hafi B keyrt í veg fyrir hann og því hafi hann haft mun minna svigrúm til að bremsa.
V2 telur að leggja skuli alla sök á ökumann B sem hafi skipt um akrein og upptekið með því hemlunarvegalengd A.
V1 hefur engar athugasemdir.

Álit.
Ágreiningur er í málinu um hvernig atvikum var háttað og telur hvor ökumaður hinn bera sök. Það liggur fyrir framburður vitnis í málinu sem kveður ökutækinu B hafa verið troðið á milli A og annars ökutækis sem hafi ollið því að ökutæki A hafi orðið að nauðhemla. Ökutæki B hafi einnig nauðhemlað. Með vísan til framburðar vitnisins og öðrum atvikum í málinu ber ökumaður B alla sök á árekstrinum með því að hafa upptekið hemlunarvegalengd A.

Niðurstaða.A
Ökumaður B ber alla sök á árekstrinum.

Reykjavík, 20. nóvember 2018.
Sóley Ragnarsdóttir lögfr.
Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Jón Magnússon, lögm.

Mál nr. 293/2018

M og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda A

Ágreiningur um bótaskyldu er starfsmaður slasaðist við að taka niður byggingarkrana.

Gögn.
Málskot, móttekið 24.9.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 8.10.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Seinni hluta dags 2. júlí 2016 var M, starfsmaður A, ásamt tveimur samstarfsmönnum sínum að vinna við að taka niður byggingarkrana. Er hann stóð uppi á bómu kranans mun stag, sem er til þess að halda bómunni þegar kraninn er í notkun, runnið til og lent á fæti hans með þeim afleiðingum að hann féll niður af bómunni. Við slysið hlaut M brot á rist vinstri fótar.

Í lögregluskýrslu um atvikið segir að hann hafi verið með áverka á fæti eftir að stór járnbiti hafi dottið á fótinn. Tveir vinnufélagar M, þeir B og D, sögðust hafa verð að setja saman krana. Höfðu þeir verið að hífa járnbita ofan á hluta af krananum þegar járnbitinn „dettur í hækju sem var ofan á krananum“ með þeim afleiðingum að bitinn lendir á fæti M. M hafi þá stokkið af krananum.

Í framburðarskýrslu hjá lögreglu 29. september 2016 er haft eftir M að hann ásamt B og D hafi verið að taka biður byggingarkrana. Stag hafi runnið til og lent ofan á rist vinstri fótar og hafi hann fallið í jörðina. Hann og félagar hans hefðu oft sett upp og tekið niður byggingarkrana og hefði þetta ekki verið unnið neitt öðruvísi þarna heldur en venjulega.

Í tölvupósti frá B til lögmanns M, dags. 28 janúar 2018, segir að hann, M og D hafi verið að setja stagið ofan á kranabómuna. M hafi svo farið og ætlað að losa keðjurnar úr staginu en vegna þess hversu langt stagið stóð út fyrir bómuna, ca. 1,5 m, náði hann því ekki. M hafi snúið við og labbað frá. Á sama tíma „ákveður [D] að fikta eitthvað í keðjunum með þeim afleiðingum að stagið rann af bómunni“, þannig að það lenti aftan á M svo hann klemmdist og féll í jörðina.

Í ódagsettri skýrslu A til Vinnueftirlits ríkisins (VER), sem m.a. er undirrituð af B sem öryggistrúnaðarmanni, segir að unnið hafi verið við samsetningu á krana. Bómustag sem eigi að vera ofan á bómu hafi runnið af og lent á M. Hann hafi dottið og stagið lent á ristinni.

Í skýrslu til Sjúkratrygginga Íslands (SÍ), dags.19. júlí 2016, er tildrögum slyssins, að því er ráða má, lýst eitthvað á þá leið að unnið hafi verið við samsetningu á kranabómu. Stag liggi ofan á bómunni og verið var að losa keðju úr því. Það hafi svo runnið „úr“ utan í M. Hann hafi dottið og stagið fallið ofan á fót M.

Í málskoti er tildrögum slyssins lýst svo að M hafi ásamt samstarfsmönnum sínum verið að setja stag ofan á bómu á byggingarkrana. M hafi staðið ofan á bómunni sem hvíldi á „fjórum ballest steinum“ og reyndi að losa keðjur sem voru kræktar í en náði ekki til þeirra. Hann hætti því við og fikraði sig til baka eftir bómunni. Á sama tíma hafi E, sem stóð fyrir neðan, reynt að losa keðjurnar með þeim afleiðingum að stagið rann af bómunni og á M. Vinstri rist hafi klemmst illa og hann fallið til jarðar.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna líkamstjóns sem hann hlaut í slysinu. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.
Af ljósmyndum af bómu þeirri sem M var uppi á þegar slysið varð, má sjá að í þverskurði hennar myndar hún eins konar konar jafnarma þríhyrning þar sem horn á móti skammhliðinni vísar upp, Ofan á þessu horni langsum eftir bómunni er málmbiti og skammt frá þeim enda bómunnar sem ljósmyndir í málinu sýna eru eins konar eyru sem mynda sæti fyrir eitthvað til að leggjast þar ofan í og hvílir þar ofan á bitanum sem myndar efsta hluta sjálfrar bómunnar. Hvergi kemur fram með skýrum hætti í gögnum málsins hvað það er sem á að setjast ofan í sætið og hvíla þannig ofan á bómunni. Þó má ráða að það sé fyrrgreint stag sem M og vinnufélagar hans voru að vinna við þegar slysið varð, en það lá til hliðar og niður með bómunni. Annar endi stagsins var í festingu ofan á efsta

hluta bómunnar en hinn endinn lá á jörðinni framundan enda bómunnar. Í þann enda stagsins voru festar tvær keðjur, en ekki er ljóst úr hverju þær héngu.

Atvikalýsing samkvæmt gögnum málsins er mjög óljós. Ekki verður með skýrum hætti ráðið hvert það verk var nákvæmlega sem M og félagar hans unnu við þegar slysið varð eða hvað fór úrskeiðis í verkferlinu sem olli slysinu. Ekki er heldur ljóst hvað B átti við þegar hann í tölvupósti til lögmanns M kvað D hafa verið „að fikta eitthvað í keðjunum." Engin skýrsla er af D þar sem hann greinir frá gjörðum sínum á því augnabliki er M slasaðist.

Af hálfu VER fór engin vettvangsrannsókn fram þar sem út frá því var gengið að rannsókn lögreglu myndi upplýsa um málsatvik með fullnægjandi hætti. Á hinn bóginn verður ekki ráðið af því sem fram kemur í skýrslum lögreglunnar né heldur öðrum gögnum málsins að slysið hafi orðið vegna atvika sem A ber skaðabótaábyrgð á. Í ljósi þessa og þegar litið er til þess hve lýsing málsatvika er óljós og um margt brotakennd af hálfu M eru ekki talin næg efni við þessar aðstæður að varpa sönnunarbyrði um það sem óljóst er yfir á A. A telst því ekki bera skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M og af því leiðir að M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 6. nóvember 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 295/2018

M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar fjölskyldutryggingar.

Kona á reiðhjóli datt á bifreið 15.8.2018.

Gögn.

Málskot, móttekið 25.9.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-2.
Bréf V, dags. 18.10.2018.

Málsatvik.

M segir í tjónstilkynningu að hún hafi verið að hjóla og dottið á kyrrstæða bifreið og fer fram á að tjónið verði bætt úr ábyrgðartryggingu fjölskyldutryggingar M hjá V. Vátryggingafélagið V hafnar bótaskyldu og segir að nauðsynlegt sé að tjónið verði rakið til sakar tjónvalds þar sem ekki sé um hlutlæga ábyrgð að ræða. Þá segir V að M þurfi að hafa sýnt af sér saknæma og ólögmæta háttsemi, en ekkert í gögnum málsins bendi til þess að M hafi í umrætt sinn sýnt af sér saknæma eða ólögmæta háttsemi.

Álit.

Ekki liggur fyrir að M hafi sýnt af sér saknæma eða ólögmæta háttsemi í aðdraganda eða þegar hún var að hjóla og datt á kyrrstæða bifreið. Ekki liggur annað fyrir miðað við upplýsingar í tjónstilkynningu eða öðrum gögnum málsins, en að um hafi verið að ræða óhappatilvik. M á því ekki rétt á því að umrætt tjón verði bætt úr fjölskyldutryggingu hennar hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á því að tjón sé bætt úr fjölskyldutryggingu hjá V.

Reykjavík 6.11.2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 296/2018

M og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar sveitarfélags.

Ágreiningur um bótaskyldu er maður féll í tröppum í verslunar- og þjónustumiðstöð.

Gögn.

Málskot, móttekið 26.9.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 17.10.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Laust fyrir hádegi 23. nóvember 2016 féll M í tröppum í verslunar- og þjónustumiðstöð A í sveitafélaginu B. Tröppurnar liggja frá jarðhæð byggingarinnar niður í kjallara . Þær eru nokkuð breiðar og tvískiptar þannig að á milli þeirra er pallur. Af fyrirliggjandi ljósmyndum má ráða að einungis eitt handrið eða handlisti sé meðfram stiganum, á hægri hönd þegar gengið er niður efri hluta trappanna en á vinstri hönd þegar gengið er niður neðri hlutann.

M slasaðist við fallið. Hann telur tröppurnar vera vanbúnar og hefur krafist bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu B hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu m.a. á þeirri forsendu að B sé ekki fasteignareigandi umræddrar byggingar, enda eigi hann ekki skráða fasteign í A.

Álit.

Engin gögn liggja fyrir um að B sé eigandi þeirrar eignar þar sem M slasaðist í A umrætt sinn eða hann hafi með öðru móti borið ábyrgð á því hvernig frágangi trappanna var háttað. Þegar af þeirri ástæðu hefur samkvæmt gögnum málsins ekki verið sýnt fram á að B geti borið fébótaábyrgð á líkamstjóni því sem M hlaut við slysið. Hann á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík, 6. nóvember 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 298/2018

M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar A

Ágreiningur um bótaskyldu.

Gögn.
Málskot, dags. 27.09.2018 ásamt fylgigögnum.
Bréf V1, vátryggingafélags, dags. 09.10.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Þann 8. maí 2016 var M á leið út af skemmtistaðnum A þegar hann féll niður stiga í anddyri og slasaðist alvarlega. Hann lenti með hnakkann á steypt gólfið og hlaut af heilablæðingu. Í kjölfarið fór hann í aðgerð og var á gjörgæslu, heila- og taugaskurðdeild og Grensás fram í október 2016. Hann glímir enn við töluverðar afleiðingar slyssins og hefur varanleg læknisfræðileg örorka verið metin 33%. M hafði drukkið áfengi um kvöldið en var ekki verulega ölvaður samkvæmt vitnum.
M telur að stiginn hafi verið illa lýstur og sleipur þegar hann datt. Þá sé stiginn nokkuð brattur. M telur að vitnisburðir styðji það að stiginn hafi verið hættulegur og vanbúinn og að A hafi ekki tryggt öryggi þeirra sem áttu erindi um staðinn og því beri hann skaðabótaskyldu á tjóni M. Þá telur M að dómafordæmi sýni að rétt sé að taka mið af byggingareglugerð, nr. 112/2012 við mat á því hvort frágangur á stiganum sé fullnægjandi og til þess fallinn að tryggja öryggi þeirra sem eiga leið um, sbr. dóm Hæstaréttar nr. 777/2013. M vísar til 6.4.6. og 6.4.7. gr. og 6.4.9. og 64.10. gr. reglugerðarinnar í þessu sambandi þar sem fjallað er um hönnun stiga og tröppur bygginga, hvíldarpalla, handrið, halla og innskot. M vísar einnig til héraðsdóms Reykjavíkur nr. E-606/2017 þar sem komist hafi verið að þeirri niðurstöðu að ekki yrði eingöngu horft til þeirra reglna sem giltu á þeim tíma er fasteign var byggð við mat á aðbúnaði fasteignar og telur M aðstæður í þessu máli að mörgu leyti sambærilegar, þ.e. að það hafi verið auðveld ráðstöfun að setja handrið báðum megin. Þá séu aðstæður þannig að enn ríkari skylda hafi hvílt á A að gera ráðstafanir til að tryggja öryggi í stiganum vegna eðlis starfseminnar. Yfirborð þrepanna í stiganum séu slitin og uppurin og járnlistar í tröppum sem verða sérstaklega sleipir þegar tröppurnar blotna.
Í bréfi V kemur fram að fasteignin sem hýsir skemmtistaðinn A sé byggð árið 1914. Húsið hafi verið endurnýjað 1947-1949 og samkvæmt teikningum sjáist stiginn sem er í húsinu í dag. Ekki liggi fyrir annað en að stiginn uppfylli reglur sem voru í gildi þegar húsið var byggt og þegar því var breytt. Ljóst sé að A hafi ekki borið að breyta húsnæðinu í takt við breyttar reglur, sbr. dóm Hæstaréttar nr. 184/2007, þar sem tekið var sérstaklega fram að sveitarfélagi væri ekki skylt að laga húsnæðið að kröfum sem gerðar væru í nýjum byggingareglugerðum. Í dóminum hafi verið gerð undantekning frá reglunni og séu taldar upp ástæður fyrir því í dóminum. V telur að stiginn á skemmtistaðnum A sé ekki hættulegur þótt dyraverðir hafi aðstoðað ölvað fólk í stiganum og ekki sé hægt að fallast á að lýsingu hafi vantað í stigann. Slys M sé því ekki að rekja til atriða sem A beri skaðabótaábyrgð á og því sé bótaskylda ekki fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Álit.
Það liggur fyrir í málinu að umræddur stigi er í gömlu húsi. Hann er þröngur og frekar brattur og handrið er öðrum megin. Ekki liggur fyrir orsök þess að M féll í stiganum. Ágreiningur er um hvort lýsingin í stiganum var ásættanleg og hvort hann hafi verið sleipur. Samkvæmt framburði vitnis voru 3-4 ljós fyrir ofan stigann auk tveggja logandi kerta en vitnisburður liggur ekki fyrir um hvort stiginn var sleipur. Stiginn fullnægir ekki reglum gildandi byggingareglugerðar nr. 112/2012 og samkvæmt dómaframkvæmd er almenna reglan sú að fasteign þurfi ekki að fullnægja gildandi kröfum heldur þeim kröfum sem voru í gildi þegar fasteign var byggð. Undantekning hefur verið gerð frá þeirri reglu í dómum þar sem þjónusta var veitt í fasteign sem ekki var unnt að sækja annars staðar. Slík undantekning á ekki við í þessu máli þar sem á staðnum er veitt almenn þjónusta. Ekki liggur annað fyrir en að skemmtistaðurinn A hafi öll tilskilinn leyfi til að reka skemmtistað án athugasemda vegna

stigans. Eins og tilvikum er háttað í þessu máli þar sem stiginn er hluti af fasteign sem byggð var á fyrri hluta 20. aldar, handrið var öðrum megin í stiganum og lýsing eins og búast má við inn á skemmtistað er ekki unnt að líta svo á að slysið sé rakið til saknæmrar háttsemi A eða aðstæðna sem hann ber ábyrgð á heldur hafi verið um óhappatilvik að ræða þegar M féll í stiganum. Með vísan til þess ber A ekki skaðabótaábyrgð á slysinu.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á skaðabótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 6. nóvember 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.
Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Jón Magnússon, lögm.

Mál nr. 300/2018

M og
vátryggingafélagið V v/ sjúklingatryggingar tannlæknis.

Ágreiningur um hvort vátrygging hafi verið í gildi þegar bótakrafa var gerð.

Gögn.
Málskot, dags. 1.10.2018, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Bréf V, dags. 17.10.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Með tjónstilkynningu til V, dags. 7. nóvember 2017, tilkynnti M um tjón sem hann kvaðst hafa orðið fyrir við það að tannlæknirinn A hafi formað postulínskrónur á þremur nánar tilgreindum tönnum með ófullnægjandi hætti. Gerði M kröfu um bætur úr sjúklingatryggingu sem A hafði haft í gildi hjá V.

V hafnaði bótaskyldu með vísan til þess að A hafi sagt sjúklingatryggingunni upp 4. október 2016 en þá um haustið hafi hann hætt störfum sem tannlæknir og samkvæmt skilmálum vátryggingarinnar taki hún einungis til skaðabótakröfu sem komi fram á vátryggingartímanum. M vill ekki una þessari afstöðu V.

Álit.
Samkvæmt skilmálum sjúklingatryggingar hjá V tekur vátryggingin til skaðabótakröfu gegn vátryggðum er til stofnast á vátryggingartímanum án tillits til þess hvenær það atvik varð sem krafan reis af. En skaðabótakrafa telst hafa stofnast við það tímamark að hið fyrra af eftirfarandi tilvikum hefur borið að höndum:
a) að þriðji maður gerir skriflega skaðabótakröfu á hendur vátryggðum;
b) að vátryggðum verður fyrst kunnugt um að þriðji maður hefur orðið fyrir fjárhagslegu tjóni sem kann að verða rakið til gáleysis vátryggðs eða starfsmanns hans eða að bein hætta er á að slíkt tjón verði.

Þá segir í skilmálunum að vátryggingin taki ekki til tjóns vegna skaðabótakröfu, sem stofnast hefur gegn vátryggðum á vátryggingartímanum, hafi krafan ekki verið tilkynnt félaginu í síðasta lagi þremur mánuðum eftir lok vátryggingarinnar. Þótt tjón teljist hafa orðið á vátryggingartímanum og það hafi verið tilkynnt félaginu innan þriggja mánaða eftir lok vátryggingarinnar, tekur vátryggingin ekki til slíks tjóns nema vátryggður hafi móttekið skriflega skaðabótakröfu samkvæmt framangreindum a. lið og tilkynni það félaginu í síðasta lagi innan tveggja ára eftir lok vátryggingarinnar.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu eiga rétt til bóta samkvæmt lögunum sjúklingar, sbr. 2. gr. laga um réttindi sjúklinga, sem verða fyrir líkamlegu eða geðrænu tjóni hér á landi í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð m.a. hjá heilbrigðisstarfsmanni sem starfar sjálfstætt og hlotið hefur löggildingu landlæknis til starfans. Ber slíkur heilbrigðisstarfsmaður bótaábyrgð samkvæmt lögunum, sbr. d. lið 9. gr. laganna, og skal hann vera tryggður með vátryggingu (sjúklingatryggingu) hjá vátryggingafélagi sem hefur starfsleyfi hér á landi, sbr. 1. mgr. 10. gr. laganna. Í lögunum er ekki að finna ákvæði um það hvenær vátryggingaratburður telst hafa orðið þannig að til bóta úr vátryggingunni geti komið, sbr. f. lið 2. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Eru því ekki efni til annars en líta til framangreindra skilmálaákvæða þegar metið er hvort vátryggingaratburður hafi orðið innan gildistíma vátryggingarinnar. Ekki verður séð að M hafi haft uppi skaðabótakröfu á hendur A né heldur að V hafi verið tilkynnt um tjónið innan þriggja mánaða eftir lok vátryggingarinnar. Þegar af þeirri ástæðu tekur sjúklingartrygging sú sem A hafði í gildi hjá V ekki til þess tjóns sem M hefur krafist. Hann á því ekki rétt á bótum úr vátryggingunni.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu hjá V.

Reykjavík, 13. nóvember 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 301/2018

M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A

Krafa um bætur skv. a.lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 vegna líkamstjóns þar sem ekið var á konu 19.7.2017.

Gögn.

Málskot, móttekið 3.10.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-10.
Bréf V, dags. 9.10.2018.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var ekið á M þar sem beygt er af Borgarbraut yfir á Sæunnargötu í Borgarnesi og fékk M mikinn áverka á vinstri fót. Eiginmaður M sagði í skýrslutöku að þau M hafi verið á gangi meðfram hægri kanti Sæunnargötu á leið að gangbraut, en vegaframkvæmdir stóðu yfir við vettvang og A hafi verið ekið vestur Borgarbraut og farið yfir á rangan vegarhelming og yfir kantstein og runna og síðan hafi A ekið utan í A og farið yfir fót hennar. Annað vitni að atvikinu segir að A hafi verið ekið yfir á öfugan vegarhelming upp á kant við beygjuna og síðan þvert yfir gatnamótin yfir gras og gangstétt og endað með því að aka á kyrrstæða bifreið. Enn annað vitni skýrir frá atvikum með svipuðum hætti. Ökumaður A segist hafa ekið vestur Borgarbraut að gatnamótunum þar sem Borgarbraut mætir Sæunnargötu og þá séð M og brugðið við það og ruglast á hemlum og olíugjöf og því óvart stigið á olíugjöfina í stað þess að hemla og ekið á M.

M krefst miskabóta skv. a.lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga og segir að ökumaður A hafi ekki gætt nægilegrar varúðar og ekki verið með fulla athygli við aksturinn og með því sýnt stórkostlegt gáleysi við aksturinn.

V hafnar bótaskyldu í málinu og segir að ökumaður A hafi ekið rólega á öfugum vegarhelmingi og lent utan í götukanti og að hluta upp á blómabeð og við það hafi ökumaður áttað sig og þegar hann hafi litið upp hafi hann séð M og óvart stigið á olíugjöf í stað þess að bremsa og hafi afturhjól A farið yfir fótlegg M. V telur að háttsemi ökumanns A verði ekki jafnað til stórkostlegs gáleysis og því ekki um bótaskyldu að ræða. Þá vísar V til þess að ráða megi af lýsingum á atvikinu sjálfu og aðdraganda þess, að ökumaður hafi annað hvort sofnað undir stýri eða fengið aðsvif án þess að missa meðvitund að fullu rétt áður en hann ók á tjónþola.

Álit.

Þar sem bifreiðinni var ekið á M voru aðstæður þannig, að nauðsyn bar til að aka hægt, varlega og með fulla aðgát. Skv. lýsingum ökumanns sjálfs sem og vitna af því sem gerðist, er ljóst að ökumaður A gætti þess ekki að huga nægjanlega vel að aðstæðum við aksturinn og sýndi af sér stórkostlegt gáleysi þegar hann hagaði akstri sínum með þeim hætti að hann ók yfir á öfugan vegarhelming, upp á kantstein og yfir runna áður en A síðan lendir á M og er ekið með afturhjólið utan í fótlegg hennar þannig að hún slasast. Ökumaður bifreiðar A er atvinnubílstjóri og ekkert liggur fyrir í málinu sem afsakað getur aksturslag hans í umrætt sinn. Ökumaður bifreiðar A þykir hafa sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við aksturinn eins og áður greinir og á M því rétt á bótum skv. a.lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga.

Niðurstaða.

Viðurkenndur er réttur M til bóta skv. a.lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Reykjavík 6.11.2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 302/2018

M og
vátryggingafélagið V v. fasteignatryggingar

Eignatjón vegna vatns 18.6.2018.

Gögn.

Málskot, móttekið 4.10.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-2.
Bréf V, dags. 31.10.2018 ásamt fylgiskjölum 1-3.
Bréf lögmanns M, dags. 5.11.2018, ásamt myndum.

Málsatvik.

M segir að börn hennar hafi verið á leik með vatnsslöngu á palli og inni í stofu og hafi orðið eignatjón vegna þess. M krefst bóta úr fasteignatryggingu sinni hjá V og segir að tjónið hafi orsakast vegna vatns sem átti upptök sín innan veggja hússins. M vísar í grein 9.1.1 í vátryggingaskilmálum þar sem segir m.a. að vátryggingin bæti tjón vegna vatns sem streymir úr leiðslum hússins og á upptök innan veggja hússins. M segir að vatnsslangan sem um ræðir sé tengd vatnslögn sem streymi úr leiðslum hússins. V hafnar bótaskyldu og segir að garðslangan sem að um ræðir sé tengd krana sem sé utanhúss eins og slangan. V segir að ekkert í gögnum málsins styðji þá málsatvikalýsingu að börn hafi verið innanhúss með slönguna þegar þau ollu tjóninu og vatnsstreymið hafi átt upptök sín utanhúss og tjón M því ekki bótaskylt sbr. ákvæði 9.1.7. í vátryggingaskilmálum þar sem bótaskylda vegna utanaðkomandi vatns er undanskilið.

Álit.

Af gögnum málsins verður ráðið, að börn M hafi verið að leika sér með garðslöngu, sem er tengd við krana sem staðsettur er utanhúss. Í umrætt sinn segir M að svalahurð hafi verið opin og vatn lekið inn á parketlagt gólf og valdið skemmdum. Þar sem vatnið sem olli tjóninu kom úr krana sem staðsettur er utanhúss verður ekki séð að skilyrði bótaskyldu skv. grein 9.1.1. fasteignatryggingarinnar séu fyrir hendi þar sem upptök vatnsstreymisins var utanhúss en ekki innanhúss. M á því ekki rétt á bótum úr fasteignatryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr fasteignatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 20.11. 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 303/2018

M fyrir sína hönd, dánarbús A og fjögurra ófjárráða barna A
og
vátryggingafélagið V v/ sjúklingatryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna andláts eftir læknismeðferð hjá kvensjúkdómalækni.

Gögn.

Málskot, móttekið 5.10.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 31.10.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

A, eiginkona M og móðir fjögurra ófjárráða barna, leitaði 12 mars 2017 samkvæmt tilvísun frá heimilislækni sínum til B kvensjúkdómalæknis. Í tilvísun heimilislæknisins kom fram að fyrirferð hafi verið á leghálsi („mögulega tumor"), kviðverkir, brúnleit útferð og blæðingar við samfarir. Eftir skoðunina hjá B mun B hafa tjáð A „að ekkert alvarlegt væri að og hún þyrfti ekki að hafa frekari áhyggjur." Að fengnum þessum upplýsingum mun A ekki hafa leitað að nýju til læknis fyrr en níu mánuðum síðar er hún leitaði til heimilislæknis 1. desember 2015. Í kjölfarið fór hún til kvensjúkdómalæknisins D 3. desember 2015 og svo aftur 17. sama mánaðar er vefjasýni var tekið. Kom þá í ljós 6,9 cm stórt æxli sem var talið vera á stigi IIB. Æxlið var óskurðtækt og var A meðhöndluð með geisla- og lyfjameðferð. A lést af völdum meinsins 11. mars 2017.

Hinn 4. apríl 2014 kvartaði A til landlæknis „vegna meintrar vanrækslu og mistaka sem hún telur að hafi átt sér stað við veitingu heilbrigðisþjónustu á læknastofu [B] í marsmánuði 2015." Í lokakafla í áliti landlæknis vegna kvörtunarinnar, dags. 12. janúar 2017, kveðst landlæknir telja að gögn málsins bendi til að skoðun B á A þann 12. mars 2015 hafi verið ófullnægjandi. Engin leið sé þó að staðfesta slíkt og ekki verði fullyrt að um mistök af hálfu læknisins hafi verð að ræða hvað þetta varðar. Hins vegar væri ljóst að A var vísað til B ekki bara vegna fyrirferðar á leghálsi heldur einnig vegna langvinnra verkja og blæðinga. Lítið eða ekkert hafi verið tekið á þessu í skráningu B og ekki hafi verið gert ráð fyrir neinni eftirfylgd sem verði að telja að hefði verið eðlilegt hjá konu með þessi einkenni. Einkenni A sem og það að lítil eða engin skýring hafi fundist á þeim við umrædda skoðun hjá B hafi tvímælalaust kallað á eftirlit og frekari viðbrögð læknisins innan fárra vikna frá upphafsskoðun. Taldist þessi skortur á eftirfylgd falla utan ramma góðrar læknisfræði og vanræksla af hálfu B. Var niðurstaða landlæknis að B hafi vanrækt læknisskyldur sínar þegar A leitaði til hennar á stofu 12. mars 2015.

B hafði í gildi sjúklingatryggingu hjá V. Af hálfu M og V var með beiðnum 11. apríl og 27. júní 2018 beint tilteknum spurningum til kvensjúkdómalæknisins E sem einkum lutu að sjúkdómsstigi A þegar hún leitaði til B í mars 2015 og framgangi sjúkdómsins frá því tímamarki uns sjúkdómurinn greindist. Í svörum E, dags. 22. maí og 22. ágúst 2018 kom m.a. fram að þó svo krabbameinið hefði greinst í kjölfar skoðunar B 12. mars 2015 sé ekki hægt að fullyrða að koma hefði mátt í veg fyrir andlát A. Einkenni A á þeim tímapunkti bendi til þess að hugsanlega hafi verið um lengra genginn sjúkdóm að ræða en að hægt hefði verið að koma í veg fyrir andlát af hans völdum. Einungis sé hægt að fullyrða að líkurnar á að koma hefði mátt í veg fyrir andlát hafi verið meiri, en ekki að koma hefði mátt í veg fyrir andlát með vissu. Þá segir einnig að miðað við fyrirliggjandi gögn verði að gera ráð fyrir að þau einkenni sem A hafði við skoðunina hjá B í mars 2015 hafi stafað af leghálskrabbameini og líklegast sé að hún hafi þá verið komin með framskriðinn sjúkdóm, þ.e. á stigi IIA eða IIB. Hafa verði í huga að leghálskrabbamein séu oftast hægt vaxandi. Ef miðað er út frá því að æxlið hafi verið orðið sjö cm stórt við greiningu í árslok 2015 þá séu mjög litlar líkur á að það hafi verið undir stigi IB, jafnvel þótt það yxi tiltölulega hratt, og að teknu tilliti til einkenna A hafi það, eins og áður sagði, líklegast verið að minnsta kosti á stigi IIA. Þegar metnar séu lífslíkur sjúklinga með krabbamein séu oftast reiknaðar fimm ára líkslíkur, þ.e. hlutfall þeirra sem eru á lífi fimm árum eftir að sjúkdómurinn greinist. Fimm ára lífslíkur kvenna sem greinast með leghálskrabbamein séu 95-99% á stigi IA, 76-89% á stigi IB, 73% á stigi IIA og 60-66% á stigi IIB.

Þá kemur fram í svari E að ekki sé hægt að fullyrða með vissu hvort dráttur á greiningu hafi haft afgerandi áhrif á gang sjúkdómsins. Ekki verði sýnt fram á með óyggjandi hætti að krabbameinið hafi verið á lægra stigi þó það sé mögulegt. Mestar líkur eru á að það hafi verið komið á stig II miðað við þau einkenni sem A hafði. Horfur sjúklinga með stig IIB séu verri en þeirra sem greinast með stig IIA en ómögulegt sé að fullyrða neitt um hvort krabbameinið hafi aðeins verið á stigi IIA en ekki á IIB.

Af málatilbúnaði M má ráða að hann telji að andlát A megi rekja til vanrækslu B við læknisskoðunina 12. mars 2015 og hefur krafist bóta vegna sín, dánarbús A og fjögurra ófjárráða barna A úr sjúklingatryggingu B hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu eiga rétt til bóta samkvæmt lögunum sjúklingar, sbr. 2. gr. laga um réttindi sjúklinga, sem verða fyrir líkamlegu eða geðrænu tjóni hér á landi í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð m.a. hjá heilbrigðisstarfsmanni sem starfar sjálfstætt og hlotið hefur löggildingu landlæknis til starfans. Sama á við um þá sem missa framfæranda við andlát slíkra sjúklinga. Samkvæmt 2. gr. laganna skal greiða bætur án tillits til þess hvort einhver ber skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins, enda megi að öllum líkindum rekja tjónið til einhvers fjögurra nánar tilgreindra atvika sem talin eru upp í lagagreininni. Þannig skal greiða bætur samkvæmt 1. tölul. ef ætla má að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði.

Með vísan til álits landlæknis þykir nægilega í ljós leitt að rannsókn og meðferð B við læknisskoðunina í mars 2015 var ekki hagað eins vel og unnt hefði verið né í samræmi við þekkingu og reynslu á sviði læknisfræðinnar sem ætla mátti að B byggi yfir. Með vísan til 1. tölul. 2. gr. laga nr. 111/200 verður því að telja að bótaskylda hafi stofnast úr vátryggingunni að öðrum skilyrðum fullnægðum.

Í fyrrgreindum álitsgerðum E kom fram að þó svo krabbameinið hefði greinst í kjölfar skoðunar B 12. mars 2015 sé ekki hægt að fullyrða að koma hefði mátt í veg fyrir andlát A. Einkenni A á þeim tímapunkti bendi til þess að hugsanlega hafi verið um lengra genginn sjúkdóm að ræða en að hægt hefði verið að koma í veg fyrir andlát af hans völdum. Einungis sé hægt að fullyrða að líkurnar á að koma hefði mátt í veg fyrir andlát hafi verið meiri, en ekki að koma hefði mátt í veg fyrir andlát með vissu. Þá kom einnig fram að fimm ára lífslíkur kvenna sem greinast með leghálskrabbamein á stigi IIA séu 73% og 60-66% þegar meinið hefur náð stigi IIB. Einkum með vísan til þessa verður að telja að allar líkur séu á að andlát A hafi borið að fyrr en ella vegna vanrækslu B við umrædda læknisskoðun. Skilyrði bótaskyldu úr sjúklingatryggingunni teljast því vera fyrir hendi.

Ákvörðun bóta úr sjúklingatryggingu fer eftir skaðabótalögum nr. 50/1993, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 111/2000. Í 1. gr. skaðabótalaga er mælt fyrir um bætur fyrir líkamstjón þegar það veldur ekki dauða eins og nánar er mælt fyrir um í 2.-9. gr. Í 12.-14. gr. er kveðið á um bætur fyrir missi framfæranda. Ákvæði þessi eru í samræmi við ákvæði 1. mgr. 1. gr. laga nr. 111/2000 sem fyrr getur. Á grundvelli þessara ákvæða kunna M og fjögur ófjárráða börn A að eiga rétt á bótum úr vátryggingunni vegna missis framfæranda. Samkvæmt téðum lagaákvæðum verður á hinn bóginn ekki ráðið að dánarbú A eigi rétt á bótum úr sjúklingatryggingunni. Krafa dánarbúsins er ekki reifuð né rökstudd að neinu leyti í gögnum málsins, að séð verður. Við svo búið telst hún ekki tæk til úrskurðar og er henni vísað frá nefndinni með vísan til e liðar 4. gr. samþykkta fyrir nefndina, sbr. auglýsingu nr. 1090/2005.

Niðurstaða.

M og fjögur ófjárráða börn A eiga rétt á bótum úr sjúklingatryggingu læknisins B hjá V. Kröfu dánarbús A er vísað frá nefndinni.

Reykjavík, 20. nóvember 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 305/2018

M og
vátryggingafélagið V vegna slysatryggingar ökumanns fyrir ökutækið A

Ágreiningur um sakarskiptingu.

Gögn.
Málskot, dags. 09.10.2018 ásamt fylgigögnum.
Bréf V1, vátryggingafélags, dags. 28.09.2018.

Málsatvik.
Málavextir voru þeir að M var ökumaður flutningabifreiðarinnar A sem fór út af veginum á Klettshálsi á Vestfjarðarvegi 19. apríl 2017 með þeim afleiðingum að hún valt. M hefur í kjölfarið glímt við alvarlegar afleiðingar slyssins. M var ökumaður í afleysingum fyrir fyrirtækið X sem á ökutækið A. Athugasemdir voru gerðar við hemla A við aðalskoðun þess í mars 2017. Auk þess hafa komið fram athugasemdir við dekk A. Í kæru M kemur fram að hann hafi ekki verið upplýstur um ástand A en hafi treyst því að það væri öruggt að aka því. Hann hafi talið dekk A almennt í lagi með hliðsjón af þeim veðuraðstæðum sem voru þegar hann tók við akstrinum. Áður en A fór út af veginum hafi aðstæður verið orðnar erfiðar, hálka á veginum og skyggni lélegt og hafi bremsurnar læstst þegar M reyndi að stöðva A. M telur að V beri að greiða honum fullar skaðabætur vegna slyssins þar sem M hafi mátt treysta því að A væri í því ástandi að öruggt væri að aka því.
V telur að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í aðdraganda slyssins og vill skerða bætur um helming. M hafi ekki gætt að því að A væri í ökuhæfu ástandi við aksturinn, sbr. 3. mgr. 59. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Fyrir liggi myndir af dekkjum A sem séu skýrar og sýni að mynstur þeirra er horfið á ákveðnum stöðum. Þeir hafi því ekki staðist kröfur reglugerðar nr. 822/2004, um gerð og búnað ökutækja. Þá hafi hraði A mælst 50 km á klst. um 15 sekúndum áður en það fór út af veginum. Skoða þurfi þætti málsins heildstætt og saman leiði þeir til þess að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi.

Álit.
Þrátt fyrir að M hafi ekki haft vitneskju um að hemlum A hafi verið ábótavant liggur fyrir að hann bar ábyrgð á því að kanna ástand ökutækisins áður en hann lagði af stað, sbr. 3. mgr. 59. gr. umferðarlaga nr. 5071987. Myndir af hjólbörðum A liggja fyrir í málinu og sýna þær að ástand þeirra var verulega ábótavant. Með vísan til þess og atvika málsins í heild sýndi M af sér stórkostlegt gáleysi. Þykir rétt að M beri ¼ hluta tjóns síns sjálfur en fái tjónið bætt að ¾ hlutum úr slysatryggingunni hjá V.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum að ¾ hlutum úr slysatryggingu ökumanns fyrir ökutækið A hjá V.

Reykjavík, 20. nóvember 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon, lögm.

Mál nr. 306/2018

M og
vátryggingafélagið V vegna málskostnaðartryggingar fjölskyldutryggingar.

Ágreiningur um túlkun undanþáguákvæðis vátryggingarskilmála vegna ágreinings í dómsmáli sem varðar starfslok starfsmanns fyrirtækis sem tengist M.

Gögn.

Málskot málskotsaðila, móttekið 10.10.2018, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 19.10.2018, ásamt fskj. nr. 5 og 9 í dómsmáli því sem er undirliggjandi í máli M.

Málsatvik.

M er einn af nokkrum stefndu í dómsmáli sem fyrrverandi samstarfsmaður hans (stefnandi) hefur höfðað gegn fyrirtæki sem hann átti í og vann hjá sem og eigendum þess fyrirtækis. Ágreiningur í því dómsmáli varðar starfslok stefnanda og er M stefnt í málinu vegna stöðu sinnar sem eigandi fyrirtækisins sem stefnandi vann hjá og var jafnframt sameigandi M í. Eins og kemur fram í málskoti er gerð fjárkrafa á hendur M ásamt öðrum stefndu í dómsmálinu og varðar það ágreining um brottvikningu stefnanda úr starfi sem leiddi einnig m.a. til þess að hann gat ekki lengur átt hlut í fyrirtækinu.

M telur að ágreiningur í dómsmáli þessu sé þess eðlis að hann falli undir gildisvið málskostnaðartryggingar fjölskyldutryggingar sinnar hjá V. M telur að ágreiningurinn varði ekki atvinnu hans heldur sé tilkominn þannig „að gerð sé krafa á hendur honum um greiðslu skaðabóta“ og sú krafa beinist að M sem eiganda fyrirtækis en ekki sem starfsmanni þess og sé því ekki í tengslum við atvinnu hans.

V telur að undanþáguákvæði í gr. 54.3 í vátryggingarskilmálum fjölskyldutryggingar eigi við um aðstæður M en þar komi fram að málkostnaðartryggingartrygging bæti ekki málskostnað vegna ágreiningsmála sem eru í tengslum við atvinnu eða embætti vátryggðs. V vísar til þess að þó ágreiningur varði ekki störf M sem sem starfsmanns fyrirtækisins heldur varði hann ákvarðanir sem M kemur að sem einn af eigendum þess fyrirtækis sem stefnt er varði ágreiningurinn samt sem áður atvinnu hans í skilningi undanþáguákvæðisins.

Álit.

Ágreiningur M og V snýst um túlkun á undanþáguákvæði í vátryggingarskilmálum sem segir að vátryggingin bæti ekki málskostnað vegna ágreinings sem er í tengslum við atvinnu vátryggðs. Þegar málsatvik á bak við ágreining þann sem leiddi til þess að M er einn af stefndu í máli sem fyrrverandi samstarfsmaður og sameigandi hans höfðaði eru virt verður að líta til þeirra gagna sem liggja fyrir um skilyrði þau sem eigendur fyrirtækisins verða að uppfylla. Bæði í stofnsamningi fyrirtækisins (4.gr.) og samkomulagi sem honum fylgir er gert ráð fyrir því að eigendur geti einungis verið þeir sem eru starfsmenn fyrirtækisins. Er aðild M að dómsmáli því sem höfðað hefur verið gegn honum því í ótvíræðum tengslum við atvinnu hans í skilningi undanþáguákvæðis 54.3 í vátryggingarskilmálum V. M á því ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum vegna málskostnaðar úr fjölskyldutryggingu hjá V.

Reykjavík, 13. nóvember 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 307/2018

M og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðanna A og B

Árekstur á Höfðabakka 23.7.2018.

Gögn.
Málskot málskotsaðila, móttekið 00.10.2018, ásamt fylgiskjölum.
Tölvupóstur V, dags. 6.11.2018.

Málsatvik.
Í tjónstilkynningu sem gerð var á vettvangi áreksturs kemur fram að bifreiðum A og B var ekið norður Höfðabakka þegar bifreið A er ekið í fyrirhugaða U-beygju til vinstri og við það lendir bifreið B aftan á bifreið A. Haft er eftir ökumanni bifreiðar A að hann gefi stefnuljós og „fer vel til hægri og ek svo af stað í u-beygjuna“ og kveðst hafa verið kominn „nokkuð langt í beygjuna“ þegar kom högg á vinstra afturhorn bifreiðar hans. Haft er eftir ökumanni bifreiðar B að hann lenti á afturhorni bifreiðar A eftir að þeirri bifreið hafi verið ekið til hægri og síðan til vinstri í veg fyrir hann á akbrautinni.

M telur að sök hafi ranglega verið lögð á sig (ökumann bifreiðar A) og vísar til þess að orð hans í upphaflegri skýrslu hafi verið rangtúlkuð um hversu langt hann hafi ekið til hægri áður en hann tók vinstri beygju. M kveðst hafa gefið stefnumerki til vinstri og að það hafi verið langt í bifreið B, sem á eftir honum var þegar hann tók beygju til vinstri. M telur að ökumaður bifreiðar B hafi ekki gætt þess að hafa nægilegt bil á milli bifreiða í skilningi fyrirmæla 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

V gerir ekki efnislegar athugasemdir í málinu.

Álit.
Í umferðarlögum nr. 50/1987 eru fyrirmæli til ökumanna um að sá sem beygir til vinstri á akbraut verður að gæta sérstaklega að umferð fyrir aftan sig þegar hann tekur vinstri beygju, sbr. fyrirmæli í 2. mgr. 15. gr., sbr. 16. gr. umferðarlaga. Í 3. mgr. 15. gr. kemur fram að við vinstri beygju skal aka sem næst miðju akbrautar. Af þessu má ráða að þegar ökumaður tekur U-beygju hvíli sérstök aðgæsluskylda á honum gagnvart umferð sem á eftir kemur. Þegar litið er til aðstæðna á vettvangi og þess að ökumaður bifreiðar A viðurkennir að hafa ekið til hægri áður en hann tók vinstri beygju, verður að líta svo á að sú aðgæsluskylda hafi hvílt á ökumanni bifreiðar A og beri hann því sök á árekstrinum.

Til þess að komi til sakar ökumanns bifreiðar B þarf að sýna fram á að hann hafi ekið þannig að hann hafi ekki gætt þess að hafa nægilegt bil á milli bifreiða, sbr. fyrirmæli 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga eða ekið of hratt m.v. aðstæður, sbr. 36. gr. sömu laga. Af gögnum málsins verður ekki ráðið með skýrum hætti að þannig hafi aðstæður verið og verður ökumaður bifreiðar A að bera hallann af slíkum sönnunarskorti. Öll sök á árekstrinum verður því lögð á ökumann bifreiðar A.

Niðurstaða.
Ökumaður bifreiðar A ber alla sök.

Reykjavík, 29. nóvember 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 308/2018

M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar ökutækisins A

Réttindalaus ökumaður ók bifreið og farþegi slasaðist 1.10.2017. Skerðing bóta.

Gögn.

Málskot, móttekið 10.10.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-5.
Bréf V, dags. 25.10.2018 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var ekið út af vegi í Langadal á Möðrudalsöræfum. Ökumaður A, sem hafði ekki ökuréttindi segir að hún hafi séð ref hlaupa upp á veginn og hún þá farið út í kant og tekið í stýrið og beygt til vinstri og misst þá stjórn á A og við það hafi A oltið á toppinn og runnið eftir veginum og síðan út af honum og oltið nokkrar veltur. M bar með sama hætti um tildrög umferðaróhappsins og segist M hafa leyft ökumanni A að aka bifreiðinni þrátt fyrir að hún væri ekki með ökuréttindi. M var ekki með öryggisbelti þegar óhappið átti sér stað. Aðstæður til aksturs voru góðar. M slasaðist og krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A og segir að ekki séu skilyrði til að skerða bætur til hans og til þess sé að taka að ökumaður A hafi lokið æfingaakstri til að öðlast réttindi til að fá útgefið ökuskírteini og verið tæplega 17 ára á slysdegi. Slysinu hafi ekki verið valdið af stórkostlegu gáleysi M sjálfs eða ökumanns A. V viðurkennir bótaskyldu, en telur að skerða eigi bætur til M vegna stórkostlegs gáleysis hans og brots á varúðarreglu með því að fela réttindalausum ökumanni stjórn A. V telur að það sé M að sýna fram á að ökumaðurinn hafi búið yfir hæfni til aksturs bifreiðar og telur V ósannað að ökumaðurinn hafi búið yfir slíkri hæfni. V telur að orsakatengsl séu á milli umferðaróhappsins og vanhæfni ökumanns til að stjórna A og lýsing hennar á atvikinu beri merki þess. V vísar til 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 varðandi lækkun eða niðurfellingu bóta fyrir líkamstjón. V vísar einnig til þess, að M hafi brotið gegn varúðarreglu sbr. gr. 4.1 í vátryggingaskilmálum.

Álit.

M fól réttindalausum ökumanni stjórn A, meðvitaður um að hún hafði ekki öðlast rétt til að aka bifreið. M var því fulljóst að ökumaðurinn bjó ekki yfir nægjanlegri hæfni til að aka bifreiðinni og sýndi því af sér stórkostlegt gáleysi með því að fela henni stjórn bifreiðarinnar. Miðað við lýsingu ökumanns og M á umferðaróhappinu verður ekki annað séð en að rekja megi það til vanhæfni ökumannsins til að stjórna bifreiðinni þar sem hún hafði ekki stjórn á þeim aðstæðum sem upp komu þegar refur hljóp upp á veginn og missti í framhaldinu stjórn á bifreiðinni. Sú háttsemi M að fela réttindalausum ökumanni stjórn bifreiðarinnar var stórkostlegt gáleysi af hans hálfu, sem hefur í för með sér skerðingu bóta til hans. Eftir atvikum þykir rétt að bætur séu skertar um helming.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V en ber tjón sitt sjálfur að helmingi.

Reykjavík 13.11.2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 309/2018

M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar ökutækisins A

Ágreiningur um sönnun tjónsatviks vegna notkunar ökutækis hinn 12.8.2016.

Gögn.

Málskot, móttekið 12.10.2018, ásamt fylgiskjölum nr. 1-9.
Bréf V dags. 1.11.2018 ásamt tölvupóstsamskiptum milli lögmanns M og V.
Bréf lögmanns M, dags. 6.11.2018.

Málsatvik.

M segist hafa verið farþegi aftan á A og þegar ekið var neðan við Kristnes sunnan við Akureyri hafi komið sláttur á bifhjólið og M kastast af hjólinu. M fór í læknisskoðun stuttu eftir miðnætti daginn sem óhappið átti sér stað, vegna áverka sem hann hlaut. M segir að ökumaður bifhjólsins hefði haldið því ranglega fram í lögregluskýrslu, sem kom til seinna, að hann hafi ekki ekið bifhjólinu á þeim tíma sem um ræðir, en það hafi verið vegna persónulegrar óvildar í sinn garð. M segist hafa greint réttilega frá slysinu.

V hafnar bótaskyldu og bendir á að lögreglan hafi ekki verið kölluð á slysavettvang og ekki hafi verið óskað eftir sjúkrabíl, en V hafi fallist á bótaskyldu/greiðsluskyldu úr lögboðinni ábyrgðartryggingu A og greiðslu tímabundins tekjutjóns auk nokkurra annarra greiðslna á grundvelli framburðar M. V segir að eigandi A hafi síðar gefið skýrslu hjá lögreglu þar sem fram hefði komið að A hefði ekki verið í notkun í umrætt sinn og hann kannist ekki við slys M. Vegna þessa framburðar vátryggingartaka hjá lögreglu hafnar V frekari bótagreiðslum og áskilur sér rétt til að endurkrefja M um kr. 3.378.454, sem M hefur þegar fengið greitt vegna málsins. V vísar til 2. mgr. 47. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 um viðurlög við því að vátryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar og áskilur sér rétt til að kæra málið til lögreglu til rannsóknar. Í yfirheyrslu hjá lögreglu, sbr. skýrsla dags. 5.10.2017, segir sagður ökumaður bifhjólsins, að hann hafi ekki ekið bifhjólinu í umrætt sinn enda hafi hann ekki getað það vegna meiðsla og auk þess hafi hann aldrei reitt neinn á þessu hjóli. Í málinu liggur líka fyrir yfirlýsing frá meintum ökumanni bifhjólsins í umrætt sinn dags. 23.2.2018, þar sem hann segir að ofangreindur framburður sinn hjá lögreglu sé rangur og sé hann tilbúinn að leiðrétta hann og staðfesta að hann hafi verið ökumaður A í umrætt sinn.

Álit.

Í málinu byggir M kröfu sína á því að hann hafi kastast af bifhjóli nálægt Kristnesi við Akureyri. Engin vitni voru að slysinu, slysið var ekki tilkynnt lögreglu og sjúkrabíll var ekki kallaður til. M leitaði til læknis vegna meiðsla innan við sólarhring frá því að slysið varð. V viðurkenndi bótaskyldu, en breytti afstöðu sinni þegar meintur ökumaður bifhjólsins sagðist við skýrslugjöf hjá lögreglu hvorki hafa ekið umræddu bifhjóli né hefði það verið í notkun á þeim tíma sem um ræðir. Engin frekari rannsókn virðist hafa farið fram á því hvort þær staðhæfingar sem meintur ökumaður kom fram með í ofangreindri lögregluskýrslu voru réttar eða ekki svo sem, að hann hafi verið ófær til að aka bifhjóli á þeim tíma sem slysið varð, hvort hann hafi getað verið á staðnum eða ekki, auk nokkurra fleiri atriða. Þau atriði eru því óupplýst. Þennan framburð lýsir umræddur ökumaður síðan rangan með sérstakri skriflegri yfirlýsingu dags. 23.2.2018. Þó mál þetta sé með nokkrum ólíkindum þá liggja þó þau gögn fyrir við meðferð málsins, að M varð fyrir meiðslum í umrætt sinn og hefur borið með sama hætti um þau meiðsli frá upphafi. Með skriflegri yfirlýsingu dags. 23.2.2018 staðfestir meintur ökumaður að hafa ekið M í umrætt sinn á A og M hafi kastast af hjólinu. Að teknu tilliti til framburðar ökumanns sbr. ofangreinda yfirlýsingu sem og annarra atvika málsins miðað við fyrirliggjandi gögn verður fallist á bótaskyldu úr lögboðinni ábyrgðartryggingu ökutækisins A.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr lögboðinni ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 29.11. 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 310/2018

M og
V1 vegna ökutækisins A
og
V2 vegna ökutækisins B

Ágreiningur um bótaskyldu.

Gögn.
Málskot, dags. 01.10.2018 ásamt fylgigögnum.
Bréf V1, vátryggingafélags, dags. 30.10.2018.
Bréf V2, vátryggingafélags, dags. 31.10.2018 ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Árekstur varð með ökutækjunum A og B við afleggjarann að Grundarhverfi á Kjalarnesi 2. ágúst 2018. Samkvæmt lögregluskýrslu varð áreksturinn með þeim hætti að ökutækinu B var verið fram úr tveimur ökutækjum rétt áður en það kom að gatnamótunum inn í Grundarhverfið við Olís og ók þá aftan á ökutækið A sem ekið var út frá Grundarhverfi og út á Vesturlandsveg til suðurs. Samkvæmt lögregluskýrslunni mældust hemlaför eftir ökutækið B 52 metrar og mátti sjá að hjólbarðar þess væru í slæmu ástandi.
Tjónanefnd vátryggingafélaganna skipti sök þannig að ökumaður A bar 1/3 hluta sakar fyrir að virða ekki forgang á aðalbraut og ökumaður B 2/3 hluta sakar fyrir of hraðan akstur og löng hemlaför. M, eigandi A, kærir þessa niðurstöðu. Í málskotinu kemur fram að samkvæmt framburði vitna hafi ökutækinu B verið ekið langt yfir hámarkshraða og hafi ekið fram úr þremur ökutækjum skömmu fyrir áreksturinn og yfir óbrotna línu. Vitni hafi talið að B hafi verið ekið á 114 km/klst. en hámarkshraði sé 70 km/klst. Ökumaður A hafi tekið mið af hraða fyrsta ökutækis þegar hann tók þá ákvörðun að aka út á Vesturlandsveg og taldi sig hafa nægan tíma til að fara inn á veginn. Hann hafi ekki gert sér grein fyrir að ökutækinu B yrði ekið fram úr fremsta ökutækinu og yfir óbrotna línu og hafi því ekki séð B fyrr en hún skall á A. Áreksturinn megi rekja til þess að B hafi verið ekið með glæfralegum hætti. Ökumaður A hafi ekki ekið með ógætilegum hætti og hafnar því að hann hafi ekki virt forgang á aðalbraut og því telur hann sig ekki eiga að bera 1/3 hluta sakar.
Afstaða V2 er sú að ökumaður B hafi ekið langt umfram leyfðan hámarkshraða í aðdraganda árekstursins. Ökumaðurinn hafi lokið við framúraksturinn að minnsta kosti 150-200 metrum áður en hann kom að gatnamótunum sem byggist á framburði vitna um hvenær þeir lásu hraða ökutækisins af hraðagreini og því hafi ökutæki B átt að vera komið á rétta akrein áður en það kom að gatnamótunum. V2 telur því ekki orsakatengsl á milli framúrakstursins og árekstursins. Ökumaður B hafi hins vegar brotið gegn hátternisreglum 36. og 37. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 um hámarkshraða. V2 telur háttsemi ökumanns A megin ástæðu árekstursins þar sem hann hafi ekið í veg fyrir B sem naut forgangs. V2 telur að ef ökumaður A hefði sýnt eðlilega aðgæslu hefð hann átt að sjá B í aðdraganda árekstursins.
V1 telur að ökumaður B eigi að bera alla sök. Vísað er til þess að vitni að árekstrinum lýsi aðdragandanum öll með sama hætti og verið öll á sama máli um að ökumaður B hafi ekið glæfralega og ekki farið eftir umferðarreglum. Hann hafi ekið fram úr fjórum ökutækjum og yfir óbrotna miðlínu. Ökumaður A hafi stöðvað við stöðvunarskyldu og lagt af stað þegar hann taldi það óhætt. Þá hafi vitni tilgreint að hann hafi ekki ekið ógætilega á nokkurn hátt í aðdraganda slyssins.

Álit.
Skv. lögregluskýrslu hafði B tekið fram úr tveimur bílum rétt áður en hann kom að gatnamótunum og síðan yfir óbrotna línu. Hemlaför B voru 52 metrar. Samkvæmt vitnum var B á 114 km/klst en hámarkshraði er 70 km/klst á þessum vegarhelmingi. Þau voru öll sammála um að ökumaður B hafi ekið glæfralega og ekki farið eftir umferðarreglum um akstur yfir óbrotna línu og hraðamörk. Vitnin bera að ökumaður A hafi ekið út á Vesturlandsveg á sama tíma og ökumaður B var í

framúrakstrinum. Vitnin lýsa aðdraganda árekstursins með sama hætti og sýndi ökumaður A af sér stórfellt gáleysi þegar hann ók fram úr bifreiðunum langt yfir hámarkshraða og gætti ekki að óbrotinni línu. Með vísan þess skal ökumaður B bera ¾ hluta sakar en ökumaður A ¼ hluta sakar fyrir að virða ekki forgang á aðalbraut.

Niðurstaða.A
Ökumaður A ber ¼ hluta sakar og ökumaður B ber ¾ hluta sakar.

Reykjavík, 29. nóvember 2018.
Sóley Ragnarsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 311/2018

M og
vátryggingafélagið V1 vegna ábyrgðartryggingar A
og
vátryggingafélagið V2 vegna kaskótryggingar ökutækisins B

Ágreiningur um bótaskyldu.

Gögn.
Málskot, dags. 13.10.2018 ásamt fylgigögnum.
Bréf V1 vátryggingafélags, dags. 01.11.2018.
Bréf V2 vátryggingafélags, dags. 16.11.2018.

Málsatvik.
Málsatvik voru þau skv. kæru M að ökutækinu B var lagt í undirgöngum við Laugaveg. Stuttu seinna varð ökumaður þess vart að reyk lagði inn í undirgöngin og við nánari athugun kom í ljós að framkvæmdir á vegum A voru við götuna. Þegar komið var að B var það þakið steinryki. Starfsmenn A töldu að unnt væri að háþrýstiþvo B en síðar kom í ljós að skemmdir hafi orðið á lakki B og verði að sprauta allt ökutækið. Í kærunni kemur fram að engin viðvörunarmerki hafi verið þegar B var lagt og ekkert sem hafi gefið til kynna að framkvæmdir stæðu til. Með kærunni fylgja myndir af ökutækinu þakið steinryki. M telur ljóst að steinar hafi skotist frá steinbrjót sem notaður var við framkvæmdirnar, þeir farið í veggina og kastast þaðan í ökutækið. V1 hafnaði bótaskyldu. M telur að ef úrskurðarnefndin hafni bótaskyldu V1 þá sé tjónið bótaskylt úr kaskótryggingu B hjá V2 á þeim grundvelli að um skemmdarverk sé að ræða skv. grein 5.1. í vátryggingarskilmálunum.
V1 telur að grjót vegna steinborsins berist ekki nema um tiltölulegan þröngan blett og þannig sé ljóst að steinar eða grjótmulningur kastist ekki langar vegalengdir frá tækinu. V1 telur afar hæpið að tjónið á B megi rekja til framkvæmdanna og að samkvæmt A eigi sér ekki stað mikið steinkast af framkvæmdum af þessum toga. Þá telur V1 eðlisfræðilega útilokað að steinar hafi skotist af vinnutækinu alla leið í vegginn og þaðan í framenda ökutækisins. V1 telur að M beri að sýna fram á að A beri skaðabótaábyrgð á tjóninu en sú sönnun hafi ekki tekist.
V2 telur það hafið yfir vafa að tjónið á B sé af völdum háttsemi starfsmanna A. Ökutækinu hafi verið lagt nokkrum metrum frá framkvæmdum á vegum A og engar aðrar útskýringar komi til greina en að rykið hafi komið frá steinbornum enda beri myndir það með sér að steinryk hafi farið víða. A hafi borið að merkja vettvang þannig að vegfarendur hefðu tækifæri til að leggja ökutækjum annars staðar og hafnar V2 þeim rökstuðningi að eðlisfræðilega sé útilokað að steinrykið hafi getað farið á B frá þeim stað þar sem framkvæmdirnar voru. V2 telur atvikið ekki eiga undir gr. 5.1. í skilmálum kaskótryggingar B þar sem skemmdarverk þurfi að vera unnið af ásetningi þess sem framkvæmir verkið en það eigi ekki við í þessu tilviki.

Álit.
Því hefur ekki verið mótmælt að ökutækið B hafi verið útatað steinryki. Í kærunni kemur fram að ökumaður B hafi farið á vettvang þegar hann sá reyk leggja inn í undirgöngin þar sem ökutækið var og hann hafi talað við starfsmenn A sem hafi ráðlagt háþrýstiþvott á ökutækinu til að fjarlægja steinrykið. Þessari fullyrðingu hefur ekki verið mótmælt. Þá liggur fyrir að engin varúðarmerki hafi verið á framkvæmdastað og að ökutækið hafi verið örfáum metrum frá framkvæmdunum. Engar aðrar skýringar hafa verið gefnar á því að steinrykið lagðist yfir ökutækið.
Miðað við fyrirliggjandi gögn málsins og myndir sem sýna ökutækið, staðsetningu þess við framkvæmdirnar og sem sýna einnig að grjótkast hefur komið frá tækinu langt upp á gangstétt eru yfirgnæfandi líkur á því að steinkastið og steinrykið hafi komið frá steinbornum í eigu A. Starfsmenn A sýndu af sér gáleysi með því að gæta ekki að því að hlutir nálægt framkvæmdunum yrðu ekki fyrir tjóni eða merkja svæðið með viðvörunum. Af framangreindu leiðir að M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V1.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V1.

Reykjavík, 20. desember 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 312/2018

M og
vátryggingafélagið V2 v/ökutækisins A
vátryggingafélagið V1 v/ökutækisins B

Árekstur bifreiða á Smiðjuvegi í Kópavogi þ. 10.8.2018.

Gögn.

Málskot móttekið þ. 16.10.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-2
Bréf V-1 dags. 30.10.2018
Bréf V-2 dags. 1.11.2018 ásamt fylgiskjölum 1-2

Málsatvik.

A var ekið vestur í grænni götu við Smiðjuveg með fyrirhugaða aksturs stefnu til hægri norður Smiðjuveg og B var ekið Smiðjuveg til suðurs með fyrirhugaða aksturs stefnu til vinstri inn í grænu götuna til austurs. Árekstur varð með bifreiðunum vegna þess að kyrrstæð bifreið var við aksturs stefnu B inn grænu götuna til austurs og beygði ökumaður B því fyrr en ella og varð þá árekstur milli A og B, en A var í hægri beygju út úr götunni. Ökumaður A segist hafa verið í hægri beygju vegna fyrirhugaðs aksturs norður Smiðjuveg og sveigt til hægri þegar B hafi verið ekið inn á sinn vegarhelming í beygjunni vegna kyrrstæðrar bifreiðar og ekki hafi tekist að koma í veg fyrir árekstur. Ökumaður B segir að hann hafi beygt til vinstri og Land Cruiser bíll hafi verið stopp á miðri götunni og þess vegna hafi hann þurft að fara fram hjá honum og árekstur orðið.

Álit.

Báðir ökumenn bera um það, að kyrrstæð bifreið haf verið staðsett í aksturs stefnu B þegar ökumaður B ætlaði að aka B inn grænu götuna til austurs út frá Smiðjuvegi og ökumaður B segir að hann hafi þurft að fara fram hjá honum, en það gat ekki gerst nema hann beygði að hluta inn á vegarhelming A í stað þess að nema staðar. Leiðir bifreiðanna áttu ekki að þurfa að skerast og árekstur inn verður vegna þess að ökumaður B ók inn á öfugan vegarhelming og virti ekki ákvæði 3.mgr. 15.gr. umferðarlaga nr. 50/1987 þegar hann tók beygju frá Smiðjuvegi og inn grænu götuna. Ökumaður B ber því alla sök.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök

Reykjavík 20.11. 2018.

Sóley Ragnardóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður. Jón Magnússon lögmaður.

Mál nr. 313/2018

M og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar bílapartasölu A

Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss er bílhræ féll ofan á mann á bílapartasölu.

Gögn.
Málskot, móttekið 16.10.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 5.11.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Að morgni 31. júlí 2017 kom M á starfssvæði A sem m.a hefur með höndum sölu bílavarahluta úr bílhræjum. Hugðist M ásamt B, félaga sínum, ná í gírkassa úr tiltekinni bifreið. Hafði D, starfsmaður A, lyft bifreiðinni upp með skotbómulyftara á þann hátt að hann hafði stungið göfflum lyftarans í gegnum framrúðu og hliðarrúðu bifreiðarinnar og síðan lyft henni upp. Þak bifreiðarinnar hvíldi á göfflum lyftarans og þannig hékk bifreiðin í 1-1,5 m hæð. Þegar M og B voru undir bifreiðinni að losa gírkassann gaf þak bifreiðarinnar sig með þeim afleiðingum að hún féll niður. B gat forðað sér undan en M lenti undir bifreiðinni og slasaðist.

Í lögregluskýrslu er haft eftir E, yfirmanni A á svæðinu, að hver sem er megi koma og rífa varahluti úr bifreiðum úr portinu, en ekki væri í lagi að fara undir bifreið sem er á lyftara. Kvaðst E ætla að fara yfir verkferla og reglur með starfsfólki sínu.

Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins um atvikið segir um lýsingu og mat á aðstæðum að utanaðkomandi menn fái leyfi til að ná sér í varahluti í varahlutaportinu. Bifreiðir séu staðsettar ofan á hverri annarri og því geti verið erfitt að nálgast varahlutinn. Starfsmaður sé fenginn í verkið að ná í bifreiðina og jafnvel lyfta henni upp á staðnum. Það geti orðið slys við þessar aðstæður. Engar reglur eða verklag séu fyrir utanaðkomandi aðila á svæðinu um aðstoð frá starfsmönnum. Við þessar aðstæður geti orðið slys, misskilningur og erfið samskipti. Gefin voru fyrirmæli um að gera skuli verklag sem tryggi öryggi starfsmanna og utanaðkomandi aðila til að koma í veg fyrir slys og erfið samskipti vegna vöntunar á verklagi og reglum.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna þess líkamstjóns sem hann hlaut í slysinu. V hefur viðurkennt bótaskyldu að helmingi en telur að M verði sjálfur að bera tjón sitt að helmingi vegna eigin sakar.

Álit.
Ekki er deilt um ábyrgð A á líkamstjóni M, heldur einungis að hve miklu leyti ber að skerða bætur til A vegna eigin sakar. Ekkert liggur fyrir um menntun M og reynslu hans af töku varahluta úr bílhræjum að öðru leyti en því að hann hafði unnið hjá A í rúmlega eitt ár á árunum 2015 til 2016. M mátti vera ljóst að stórhættulegt var að fara undir bifreiðina við þær aðstæður sem þarna voru. Með því að fara undir bifreiðina til að losa gírkassa undan henni sýndi hann gáleysi og ber hann sjálfur nokkra ábyrgð á því hvernig fór. Eftir atvikum þykir rétt að hann beri tjón sitt sjálfur að 1/3 hluta en fái tjónið bætt að 2/3 hlutum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum að 2/3 hlutum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 29. nóvember 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 315/2018

M og
vátryggingafélagið V v. farangurstryggingar greiðslukortatryggingar.

Tösku stolið úr farangursrými í járnbrautarlest í Svíþjóð hinn 25.7.2018.

Gögn.

Málskot, móttekið 16.10.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-3.
Bréf V, dags. 14.11.2018.
Tölvupóstur V, dags. 23.11. 2018 með lögregluskýrslu og tjónstilkynningu málsins.

Málsatvik.

M var á ferðalagi í Svíþjóð og tók sér far með járnbrautarlest og setti ferðatösku sína í farangursgeymslu við enda járnbrautarvagnsins þar sem hann komst ekki fyrir í farangursgeymslu yfir lestarsætum. Tösku M var stolið úr farangursgeymslunni og krefst M bóta úr farangurstrygging sinni hjá V. M segir að það geti ekki flokkast undir gáleysi eða eftirlitsleysi á almannafæri að setja stórar töskur í farangursgeymslu í járnbrautarlest.

V hafnar bótaskyldu og vísar til þess að M hafi brotið gegn varúðarreglum í gr. 5.1. í vátryggingaskilmálum þar sem segir að hinn vátryggði skuli gæta fyllsta öryggis við vörslu hins vátryggða og gr. 5.5.2. að vátryggður skuli ekki skilja við hina vátryggðu muni eftirlitslausa á almannafæri. V telur að M hafi brotið varúðarregluna og ekki gætt fyllsta öryggis við vörslu töskunnar þrátt fyrir að í henni væru töluverð verðmæti. V telur að farangursrými í lest verði að teljast almannafæri.

Álit.

M skyldi tösku sína eftir í farangursrými járnbrautalestar og átti ekki annars úrkosta en að koma henni fyrir þar að eigin sögn og því hefur ekki verið mótmælt af V. Ekki liggur fyrir og því er ekki haldið fram að M hafi fylgst með töskunni þegar lestin stoppaði til að hleypa farþegum úr og inn í lestina. M gætti því ekki fyllstu varúðar við vörslu farangurs síns. Á hitt ber að líta að M átti ekki annan kost en að koma töskunni fyrir í farangursrýminu og var ekki langt frá töskunni. Að þessu virtu þykir M eiga rétt á bótum úr farangurstryggingu sinni hjá V, en ber helming tjóns síns sjálfur fyrir að virða ekki varúðarreglu til fulls.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum en ber helming tjóns síns sjálfur.

Reykjavík 29.11.2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 316/2018

M og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar X

Vinnuslys á veitingastað 9.3.2015.

Gögn.
Málskot málskotsaðila, móttekið 19.10.2018, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 5.11.2018.

Málsatvik.
Í gögnum málsins kemur fram að M hafi verið við vinnu hjá X sem verslunarstjóri verslun en í þetta skipti verið að að hjálpa til við að taka af borðum veitingastaðar X, sem er í sama rými og verslunin, þegar hún slasaðist. Þannig hafi hún verið að ganga um hurð inn í eldhús og á meðan hún lagði frá sér borðbúnað hafi hún á sama tíma haldið hurðinni opinni með vinstri hendi og þegar hurðin lokaðist hafi hún klemmst milli stafs og hurðar þannig að hún missti framan af fingri. Í ódagsettri yfirlýsingu frá bílstjóra X kemur fram að hann hafi stillt pumpu á sömu hurð þannig að hún lokaðist hægt eftir slysið. Ekki liggur fyrir að Vinnueftirlitið hafi komið á staðinn.

M telur að rekja megi slys hennar til ófullnægjandi búnaðar á hurðinni sem M klemmdi sig á og bendir á að hurðarpumpa hafi verið lagfærð eftir slysið þannig að hún lokaðist hægar en áður sem og hafi viðamiklar breytingar verið gerðar á veitingastað X sl. vetur og hafi þá verið ákveðið að fjarlægja umrædda hurð. M telur að það bendi til þess að hætta af hurðinni hafi verið fyrirsvarsmönnum X ljós og vitnar til laga nr. 46/1980 og byggingarreglugerðar nr. 112/2012 máli sínu til stuðnings.

V telur að ekki hafi verið sýnt fram á sök X og það að hurð veitingastaðnum hafi verið endurstillt eftir slysið sanni ekki að hún hafi verið vanstillt fyrir slysið og ákvarðanir um breytingar á útliti veitingastaðarins hafi ekki byggst á því að umrædd hurð væri til vandræða. Um hana hefði verið gengið ótal sinnum á dag og hafi M þekkt aðstæður vel á vettvangi.

Álit.
Í gögnum málsins kemur ekki með skýrum hætti fram að hurð sú sem M gekk um þegar hún slasaðist hafi verið vanbúin hinn 9. mars 2015. Þó yfirlýsing samstarfsmanns bendi til þess að pumpa á hurðinni hafi verið stillt eftir til slysið verður ekki séð af öðrum gögnum að sérstök hætta, umfram það að hurðin lokaðist, hafi staðið af henni. Verður slys M því rakið til óhappatilviks en ekki til vanbúnaðar hurðarinnar í skilningi þágildandi laga eða reglna, sakar X eða samstarfsmanna M hjá X. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V vegna vinnuslyss síns.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 29. nóvember 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 317/2018

M og
vátryggingafélagið V vegna sjúklingatryggingar X

Möguleg skaðabótaábyrgð skv. lögum um sjúklingatryggingu nr. 111/2000 vegna húðmeðferðar í mars 2015.

Gögn.

Málskot, móttekið 19.10.2018 ásamt gögnum.
Bréf V, dags. 20.11.2018.
Tölvupóstur lögmanns M, dags. 22.11.2018.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M leitaði til X vegna litabreytinga í húð og í þeim tilgangi að fá fjarlægða brúna bletti. Hjá X fékk M svokallaða lasermeðferð vegna litabreytinga á húð á bringu, milli brjósta og á upphandleggjum. M kveðst hafa brunnið illa eftir meðferðina og hafi hún haft í för með sér líkamstjón. Í lýsingum X af meðferð M kemur fram að sérstakt lasertæki hafi verið notað við meðferðina og á því hafi verið meðalstyrkur sem ekki geti skemmt litafrumur í húð. Einnig kemur fram í lýsingu X að M hafi verið upplýst um að eftir hverja meðferð geti myndast kubbafar eða rendur, roði eða bólga á því svæði sem meðhöndlað er, en það jafni sig jafnan eftir nokkra daga.

M telur að mistök hafi verið gerð við meðferð hjá X og vísar til 1. mgr. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000 til stuðnings skaðabótakröfu sinni. Þó röksemdafærsla M sé ekki ítarleg í málskoti er það vísað til álits Landlæknis og verður að ætla að þar sé átt við bréf þess efnis dags. 7. nóvember 2017.

V telur að ekki sé sýnt fram á bótaskilyrði skv. lögum um sjúklingatryggingu. Ekki sé skýrt á hvaða tölulið 2. gr. laganna M byggi og vísar V einnig til fjölda skipta sem M sótti ýmis konar meðferð hjá X á tímabilinu 3. mars 2015 til 12. febrúar 2016. V vísar einnig til þess að álit Landlæknis byggi m.a. á því að of hár styrkur hafi verið notaður við húðmeðferð M án þess að fyrir því liggi sönnun. Einnig dregur V álit Landlæknis í efa þar sem álitsgjafi í því máli starfi hjá fyrirtæki sem sé samkeppnisaðili X í húðmeðferðum.

Álit.

M var til meðhöndlunar sem sjúklingur í skilningi 1. gr. laga um sjúklingatryggingu þegar hún fékk meðferð hjá X vegna litabreytinga í húð. Bótareglur 2. gr. laga um sjúklingatryggingu eiga því við og er ekki annað hægt að ályktа af málatilbúnaði M en að hún telji að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni og það megi að öllum líkindum rekja til þess sem kemur fram í 1. tölulið 2. gr. laganna, sem segir: *„Ætla má að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði.”.*

Til þess að meta hvort umrætt bótaskilyrði sé uppfyllt m.v. þær sönnunarkröfur sem gerðar eru í umræddum lögum verður litið til þeirra sérfræðigagna sem liggja fyrir um meðferð þá sem M fékk í greint sinn. Þar verður ekki litið framhjá niðurstöðu Landlæknis vegna kvörtunar M til þess embættis og er birt í áliti hans með bréfi dags. 7. nóvember 2017. Ekki hafa verið lögð fram gögn eða nægilega skýrar ástæður til að líta framhjá þeirri efnislegu niðurstöðu sem í álitinu fólst og verður hún því lögð til grundvallar við mat á því að meðferð M hafi ekki verið hagað eins vel og unnt hefði verið og hún hafi að öllum líkindum hlotið líkamstjón vegna þess. Verður réttur hennar til bóta úr sjúklingatryggingu X hjá V því viðurkenndur.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr sjúklingatryggingu X hjá V.

Reykjavík 20. desember 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 318/2018

M og
vátryggingafélagið V1 v. ábyrgðartryggingar ökutækisins A og
vátryggingafélagið V2 v. ábyrgðartryggingar ökutækisins B

Árekstur bifreiða á Sæmundarhlíð á Sauðárkróki 24.3.2018.

Gögn.

Málskot, móttekið 16.10.2018, ásamt fylgiskjölum nr. 1-5.
Bréf V-1 dags. 8.11.2018 ásamt fylgiskjali.
Bréf V-2 dags. 5.11.2018 ásamt fylgiskjölum 1-3.

Málsatvik.

Árekstur varð á milli A og B á Sæmundarhlíð á Sauðárkróki við innkeyrslu að fjölbrautarskóla (FNV). A var ekið vestur Sæmundarhlíð og segist ökumaður hafa stöðvað við innkeyrslu að verknámshúsi fjölbrautarskólans þar sem ökumaður ætlaði að beygja til vinstri inn á bifreiðastæðið. Ökumaður A segir að óþekktri bifreið hafi verið ekið í gagnstæða átt og þegar sú bifreið var komin framhjá, þá segist ökumaður A hafa ekið áleiðis til vinstri að bifreiðastæðinu, en þá hafi orðið árekstur milli A og B, sem er sjúkrabifreið, sem var með forgangsljós kveikt en ekki sírenu. Ökumaður B segir að þegar hann hafi ekið fram úr A hafi A verið beygt til vinstri að innkeyrslunni að verknámshúsinu og í veg fyrir B.

Álit.

Ökumaður A gætti ekki að aðstæðum og umferð, sérstaklega umferð fyrir aftan sig, svo sem ökumanni ber að gera áður en hann tekur vinstri beygju, sbr. fyrirmæli 2. mgr. 15. gr., sbr. 16. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Verður því ökumaður A að bera meginhluta sakar vegna árekstursins. Ökumaður B gætti ekki nægjanlegrar varúðar við framúrakstur og ber hann því einnig sök á árekstrinum, þrátt fyrir ljósmerki á bifreiðinni. Við mat á sakarskiptingu þykir rétt, að ökumaður A beri 2/3 sakar og ökumaður B beri 1/3 sakar.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber 2/3 sakar og ökumaður B ber 1/3 sakar.

Reykjavík 29.11.2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 319/2018

M og
vátryggingafélagið V v/ vatnstjónsliðs fasteignatryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns af völdum vatnsleka í fjölbýlishúsi.

Gögn.
Málskot, móttekið 21.10.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 29.10.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Síðla sumars 2016, er unnið var við að lagfæra gluggakistu í baðherbergi á 1. hæð í íbúð sem tilheyrir M kom í ljós að einangrun við gluggakistuna var blaut og að um einhvern leka var að ræða.

Lekinn var rakinn til stokks sem lá í útvegg frá efstu hæð og niður með glugga í baðherberginu. Í stokknum var frárennslislögn fyrir vatn af þaki hússins og var álitið að vatnsskemmdir í íbúðinni mætti rekja til leka við þessa lögn. Samkvæmt yfirlýsingu píplagningameistara, dags. 29 ágúst 2018, sem vann m.a. við að skipta út tveimur skolpfallsstömmum í útvegg, segir að hann hafi orðið var við að mótatimbur í lagnaraufum hafi verið mjög blaut. Á 4. hæð hafi verið 50 mm plaströr við gólf fyrir þvottavél tengt inn á pottstofnlögn í útvegg. Lögnin hafi legið undi baðkari og hafi gúmmíhringur á henni verið úr skorðum og hafi lekið og gólfið verið blautt.

M hefur krafist þess að tjón af völdum lekans verði bætt úr vatnstjónstryggingarlið fasteignatryggingar sem M hefur í gildi hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.
Samkvæmt a-lið 1. gr. í skilmálum vatnstjónstryggingarliðs fasteignatryggingarinnar hjá V bætir vátryggingin skemmdir á vátryggðri húseign sem eiga upptök sín innan veggja hússins og stafa eingöngu af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennslislögnum hennar. Þá er tekið fram í c-lið í sömu grein varðandi undanskildar áhættur að vátryggingin bætir ekki tjón sem hlýst af langvarandi raka eða vatnsleka.

Ekki liggur fyrir með ótvíræðum hætti samkvæmt gögnum málsins hvað olli þeim vatns- eða rakaskemmdum sem fannst í fyrrgreindri íbúð. Ekki hefur heldur verið sýnt fram á að lekinn sé af völdum ófyrirsjáanlegs, skyndilegs og óvænts leka úr vatnsleiðslum eða frárennslislögnum fasteignarinnar eins og áskilið er samkvæmt skilmálum vátryggingarinnar. Tjónið telst því ekki vera bótaskylt úr vatnstjónstryggingarlið fasteignatryggingarinnar hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr vatnstjónstryggingarlið fasteignatryggingar hjá V.

Reykjavík, 20. nóvember 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 320/2018

M og
vátryggingafélagið V1 vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins A og
vátryggingafélagið V2 vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins B

Árekstur bifreiða í hringtorgi 30.7.2018.

Gögn.

Málskot málskotsaðila, móttekið dags. 22. október 2018, ásamt fylgiskjölum.
Tölvupóstur V2, dags. 16. nóvember 2018, ásamt fylgiskjali.
Bréf V1, dags. 6. nóvember 2018, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Samkvæmt tjónstilkynningu, sem báðir aðilar undirrituðu, varð árekstur í hringtorgi á mótum Suðurlandsbrautar, Skeiðarvogar og Fákafens þann 30. júlí 2018. Samkvæmt teikningu á tilkynningunni varð áreksturinn þegar bifreið B var ekið út úr hringtorginu og um leið skipt um akrein í veg fyrir bifreið A, sem var á hægri akrein. Þetta er einnig staðfest í tilkynningunni með því að fyrir bifreið B er hakað í lið 10-Skipti um akrein og lið 12-Beygði til hægri.

Í bréfi V1 til nefndarinnar kemur fram að í ljósi þess hversu mikill ágreiningu virðist vera milli aðila um atvik málsins verði að leggja hina sameiginlegu tjónstilkynningu til grundvallar, enda hafi hún verið undirrituð af báðum aðilum. Á framhlið tilkynningarinnar kemur fram að báðir aðilar merkja við að hafa verið að aka á hringtorgi en til viðbótar er hjá ökumanni B merkt við að hann hafi skipt um akrein og beygt til hægri. Á grundvelli þessa verði að líta svo á að ökumaður B hafi ekki gætt að 2. mgr. 17. gr.umferðarlaga og beri þar af leiðandi ábyrgð á árekstrinum fyrir að hafa skipt um akrein og lent utan í vinstra framhorni bifreiðar A.

Í tölvupósti V2 kemur fram að félagið taki undir sjónarmið ökumanns B og leggja skuli alla sök á ökumann A fyrir að gæta ekki nægjanlega að sér í aðdraganda áreksturs og aka á A. Verði ekki fallist á það telur félagið að skipta skuli sök til helminga.

Álit

Aðila greinir mjög á um atvik málsins, m.a. hvar áreksturinn varð og með hvaða hætti. Engin vitni eða önnur gögn staðfesta frásögn hvors aðila um sig og verður því ekki hjá því komist að byggja á framangreindri tjónstilkynningu, sem báðir aðilar undirrita. Til viðbótar við áður nefnda liði sem hakað er við vegna bifreiðar B, er hakað í lið 7-Ók á hringtorgi, fyrir bæði ökutæki en ekki er hakað í fleiri liði fyrir ökutæki A. Fram kemur á tilkynningunni að ökumaður A sé höfundur teikningar og er sú yfirlýsing undirrituð af ökumanni bifreiðar B. Umrædd yfirlýsing, um hver teiknaði afstöðumyndina, felur ekki annað í sér en að annar aðili málsins hafi teiknað myndina. Ekki er hægt að líta svo á að með þeirri yfirlýsingu sé ökumaður B að hafna myndinni. Verður því byggt á henni og þeim liðum sem hakað er við á tilkynningunni. Samkvæmt því skipti ökumaður B um akrein um leið og hann ók út úr hringtorginu og ók þar með á A. Ökumaður B gætti því ekki að 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga og ber þar af leiðandi ábyrgð árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðar B ber alla sök.

Reykjavík, 29. nóvember 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 321/2018

M og
V vegna starfsábyrgðartryggingar byggingastjórans A

Ágreiningur um bótaskyldu.

Gögn.
Málskot, dags. 11.10.2018 ásamt fylgigögnum.
Bréf V vátryggingafélags, dags. 08.11.2018

Málsatvik.
M lét byggja þjónustuíbúðir og var A byggingaverktaki og byggingastjóri. Bygging hússins hófst 2012 og lauk á árinu 2013. Í málskoti M kemur fram að frágangi verksins hafi verið verulega áfátt. Uppsetning á dyrasímum og öryggiskerfi hafi verið röng og hafi M greitt hátt í 2 millj. króna í endurbætur. A hafi verið úrskurðað gjaldþrota á árinu 2016. Fyrr á þessu ári hafi leka orðið vart í húsinu og hafi vátryggingafélaginu B send tilkynning um galla á eigninni. Síðar hafi komið í ljós að V var með starfsábyrgðartryggingu fyrir A og var V þá send tilkynning um tjón. V hafnaði bótaskyldu á þeim grundvelli að liðin væru meira en 5 ár frá því að lokaúttekt fór fram á húsinu en hún fór fram 5. júlí 2013. V vísaði að auki til þess að krafan gæti verið fyrnd, sbr. 9. gr. laga nr. 150/2007, um fyrningu kröfuréttinda. Krafan sé lögákveðin á grundvelli laga um mannvirki og sé samningur þannig ekki gildisskilyrði gagnvart ábyrgð byggingarstjóra gagnvart eiganda.
M telur að afleiðingar tjónsins hafi komið fram innan þess tíma sem skilmálar V gera ráð fyrir að það hafi sannarlega verið tilkynnt í góðri trú til þess félag sem talið var að byggingastjóri hafi verið tryggður hjá. M telur að 9. gr. laga nr. 150/2007 eigi ekki við í þessu samhengi.
Samkvæmt V liggur eingöngu fyrir einhliða frásögn M um að húsið sé gallað. Engin matsgerð liggi fyrir. Samkvæmt 8. gr. skilmála vátryggingarinnar nr. SA-4 greiðast bætur ekki ef afleiðingar atvika, sem tjón hefur hlotist af og gerast hafa á vátryggingartímanum, koma í ljós 5 árum eftir lokaúttekt á mannvirki því, sem vátryggður annaðist byggingastjórn á og ábyrgð hans tekur til, sbr. 8. mgr. 29. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010. Samkvæmt 8. mgr 29. gr. laganna skal byggingarstjóri hafa fullnægjandi ábyrgðartryggingu sem gildir í a.m.k. fimm ár frá lokum þeirra framkvæmda sem hann stýrði. V telur ósannað með öllu að afleiðingar atvika hafi komið í ljós innan 5 ára frá lokaúttekt. Einhliða og almenn fyrirspurn húseiganda um tryggingu byggingarstjóra geti ekki talist sönnun á að tjón hafi orðið á vátryggingartímanum og að tjónið megi rekja til vanrækslu byggingarstjórans. Í fyrsta lagi liggi ekki fyrir að M hafi orðið fyrir tjóni, í öðru lagi að meint tjón megi rekja til atvika sem varði A og í þriðja lagi að afleiðingar atvika sem meint tjón hafi hlotist af hafi komið fram innan 5 ára frá lokaúttektinni.

Álit.
Í málinu liggur ekki fyrir mats eða skoðunargerð um meinta galla á húseigninni. Það eru því ekki fullnægjandi upplýsingar um að tjón hafi orðið né að það sé að rekja til atvika sem A ber ábyrgð á. Með vísan til þess er V ekki bótaskylt.

Niðurstaða.
V er ekki bótaskylt vegna starfsábyrgðartryggingar A.

Reykjavík, 29. nóvember 2018.
Sóley Ragnarsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 322/2018

M og
vátryggingafélagið V v. slysatryggingar ökumanns bifhjóls.

Ágreiningur um greiðslu iðgjalds. Frávísun.

Gögn.

Málskot, móttekið þ. 19.10.2018 ásamt fylgiskjali.
Bréf V, dags. 21.11.2017.
Bréf V, dags. 8.11.2016.

Málsatvik.

M eiga fjögur mótorhjól og vilja einungis greiða iðgjald slysatryggingar ökumanns og eiganda sem farþega ökutækis vegna tveggja hjóla, þar sem þau geti hvort eð er ekki ekið nema tveim hjólum hverju sinni. Einnig vísa þau til yfirlýsingar sem þau hafa sent til V um að enginn nema þau sjálf muni aka bifhjólunum. V hafnar þessu og vísar til þess m.a. að lögboðið sé að tryggja hvert ökutæki fyrir sig og vísar um það til viðeigandi réttarheimila. Í bréfi sínu dags. 21.11.2017 bendir V hins vegar á að þeirri ákvörðun megi skjóta til úrskurðarnefndar í vátryggingarmálum.

Álit.

Í bréfi V frá 21.11.2017 er M bent á að þau geti borið ágreining þann sem um er fjallað í máli þessu undir úrskurðarnefnd í vátryggingarmálum. Ætla má að M hafi skotið máli sínu til úrskurðarnefndarinnar að fengnum þessum upplýsingum. Í c.lið 4.gr. samþykkta fyrir úrskurðarnefndina nr. 1090/2005 segir að nefndin fjalli ekki um ágreining sem varðar fjárhæð iðgjalda vátryggingarfélags. Einnig kemur fram í 3. gr. samþykktanna að nefndin úrskurði um bótaskyldu, þ.m.t. ágreining um sök og sakarskiptingu, og ágreining sem varðar ákvæði laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Ekki kemur fram í bréfi V til M með hvaða hætti efnisatriði málsins geti komi til úrskurðar nefndarinnar. Þar sem ágreiningur í máli þessu varðar iðgjöld og fjárhæð þeirra, þá skortir á að úrskurðarnefnd í vátryggingamálum geti tekið málið til úrskurðar og er því vísað frá nefndinni.

Niðurstaða.

Málinu er vísað frá nefndinni.

Reykjavík 29.11.2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 323/2018

M og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar A

Ágreiningur um bótaskyldu er járnflís hrökk í auga starfsmanns.

Gögn.
Málskot, dags. 23.10.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 30.10.2018.

Málsatvik.
Hinn 1. desember 2016 var M, starfsmaður A, að gera við bremsur á vörubifreið. Hrökk þá járnflís í hægra augað sem skaddaðist svo að hann missti sjón á því. M mun ekki hafa gert mikið úr meiðslunum til að byrja með og vann óslitið eftir slysið til 13. desember 2016 og leitaði hann þá til læknis.

Slysið var tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins með tilkynningu 14. mars 2017, þar sem sagði að M hafi verið að berja í bremsuöxul í vörubíl þegar slysið varð. Slysið var ekki rannsakað af hálfu Vinnueftirlitsins. Þá mun lögregla ekki hafa verið kvödd á vettvang þegar slysið varð.

M kveður að öryggisgleraugu hafi ekki verið til staðar á vinnustaðnum, en slík gleraugu hefðu komið í veg fyrir slysið. Er í þeim efnum vísað til 3.-7. gr. reglna nr. 497/1994 um notkun persónuhlífa, sbr. og I. og II. viðauka með reglunum. Þá hafi hvílt skylda á A að útvega M hlífðargleraugu, sbr. 6. mgr. 4. gr. reglna nr. 497/1994. Af þessum sökum kveður M að A beri ábyrgð á líkamstjóni hans og hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

V hefur andmælt því að öryggisgleraugu hafi ekki verið á staðnum og kveður að til þess hafi verið ætlast að starfsmenn noti þau við verk eins og M vann við umrætt sinn. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.
M hélt störfum áfram eftir slysið í tæpan hálfan mánuð. Þá fyrst leitaði hann til læknis. M mun ekki hafa gert mikið úr meiðslunum til að byrja með og vann óslitið eftir slysið uns hann leitaði læknis 13. desember 2016. Þegar til þessa er litið verður það ekki virt A til vanrækslu þótt slysið hafi ekki verið tilkynnt Vinnueftirlitinu fyrr en um miðjan mars 2017. Við svo búið er ekki efni til að snúa sönnunarbyrðinni við um þau atvik sem kunna að reynast óljós eða aðila greinir á um.

Eins og málið liggur fyrir verður að telja ósannað að slysið verði rakið til ófullnægjandi öryggisráðstafana á vinnustaðnum, ófullnægjandi verkstjórnar eða annarra atvika sem A ber ábyrgð á. Af því leiðir að M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 29. nóvember 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 324/2018

M og
vátryggingafélagið V vegna slysatryggingar eiganda og ökumanns

Ágreiningur um bótaskyldu úr slysatryggingu vegna ölvunar ökumanns A

Gögn.

Málskot dags. 23.10.2018 ásamt fylgiskjölum 1-40
Bréf V dags. 27.11.2018

Málsatvik.

Um klukkan 16:40 hinn 25. september 2017, þegar M var rétt vestan við Vopnafjarðarafleggjarann á leið sinni frá Blönduósi til Egilsstaða valt A með þeim afleiðingum að M slasaðist töluvert. Engin vitni urðu að slysinu sjálfu en mögulegt er að M hafi sofnað undir stýri með þeim afleiðingum að bifreiðin hafi hafnað utan vegar og oltið. Að sögn M man hann ekki eftir slysinu sjálfu og man ekki eftir sér fyrr en á sjúkrahúsi tveimur eða þremur dögum síðar. Í skýrslu lögreglu um slysið segir að komið hafi verið að M meðvitundarlausum á jörðinni en að lífsmörk hafi þó verið eðlileg. Mikill áfengisþefur hafi verið af M og áfengisílát í kringum bifreiðina. Í blóðprufu sem tekin var um tveimur tímum eftir slysið mældist áfengi í blóði M 0,58 prómill. Við skoðun lögreglu á bifreiðinni, sem var mikið skemmd og óökufær í kjölfar slyssins kom í ljós að M var ekki í bílbelti þegar slysið varð. Í framburðarskýrslu M hjá lögreglu kemur fram að hann hafi neytt áfengis kvöldið fyrir slysið en drykkju hafi lokið áður en hann fór að sofa það kvöld og hann hafi ekki fundið fyrir áfengisáhrifum við aksturinn. Hann hafi farið í vínbúð nokkrum dögum áður og því hafi áfengisílát verið í bílnum við slysið.

M hefur krafist bóta fyrir líkamstjón úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A hjá V og vísar til þess að V beri sönnunarbyrði um að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við aksturinn. Einnig vísar M til þess að áfengisáhrif sem mælst hafi í blóði hafi verið minniháttar og ekki til þess fallin að hafa áhrif á akstursháfni hans.

V hefur hafnað bótaskyldu með vísan til þess að M hafi sýnt af sér stórkostlegt og vítavert gáleysi með því að vera undir áhrifum áfengis, illa sofinn við aksturinn og ekki í bílbelti.

Álit:

Samkvæmt 1. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 má enginn stjórna eða reyna að stjórna vélknúnu ökutæki, ef hann er undir áhrifum áfengis. Þá segir í 2. mgr. sömu lagagreinar að ökumaður telji ekki geta stjórnað ökutæki örugglega, ef vínandamagn í blóði hans nemur 0,50 prómill en er minna en 1,20 prómill. Áfengismagn í blóði M mældist 0,58 prómill þegar um tvær klukkustundir voru liðnar frá slysinu. Af því má ljóst vera að hann var undir áhrifum áfengis þegar hann missti stjórn á A með þeim afleiðingum að hún valt. Með vísan til framangreindra lagaákvæða gat M ekki stjórnað bifreiðinni örugglega og mátti ekki stjórna henni eða reyna að stjórna henni. Því fær ekki breytt jafnvel þótt M telji sig ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Sýndi hann því af sér stórkostlegt gáleysi.

Ef vátryggður hefur valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefðu orðið má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins og við úrlausn þess skal litið til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að, hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti, sbr. 1. mgr. 90 gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Með vísan til háttsemi M þykir rétt að ábyrgð V skerðist um helming.

Eins og hér stendur á, og með hliðsjón af ástandi bifreiðarinnar eftir slysið, verður ekki séð að vanræksla M á því að vera með bílbelti hafi orðið til þess að afleiðingar slyssins urðu meiri en ella og verður því bótaréttur hans ekki skertur frekar vegna þess.

Þá kemur fram í sjúkraskýrslu að M hafi verið þreyttur og lítið sofinn þegar slysið varð. Þó tildrög slyssins séu ekki ljós og ekki víst hvort M hafi sofnað undir stýri er rétt að benda á að samkvæmt 2. mgr. 44. gr. umferðarlaga má enginn stjórna eða reyna að stjórna ökutæki sé hann vegna svefnleysis svo á sig kominn að hann sé ekki fær um að stjórna ökutækinu örugglega. Með hliðsjón af takmörkuðum gögnum um þetta atriði verður bótaréttur M þó ekki skertur frekar vegna þess.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum að helmingi fyrir líkamstjón sitt úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A hjá V.

Reykjavik, 20. desember 2018

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 325/2018

M og
vátryggingafélagið V v/ starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra.

Ágreiningur um fyrningu bótakröfu á hendur byggingarstjóra.

Gögn.

Málskot, móttekið 23.10.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 9.11.2018, ásamt byggingarsögu og afriti tilgreindra úrskurða.
Bréf M, dags. 20.11.2018.

Málsatvik.

Samkvæmt gögnum málsins keyptu M lóð A árið 2005 og hófust framkvæmdir við byggingu húss árið 2007. Á árinu 2008 var gert hlé á framkvæmdum en þær hófust aftur árið 2009 og fluttu M inn í húsið í desember 2010. Í málskoti kemur fram að bæði í janúar og mars 2011 hafi mikið vatn flætt inn í kjallara hússins og sumarið 2011 var ráðist í framkvæmdir á lóð til að koma í veg fyrir að þær aðstæður sköpuðust aftur. Á árunum 2014 og 2015 lýsa M því síðan að þau hafi tekið eftir því að raki myndaðist neðst á veggjum í kjallararými hússins. Í kjölfar þessa var leitað að orsökum og fengu M skýrslu sérfræðinga um ástæður þessa vorið 2018 þar sem komi m.a. fram að ekki hafi verið staðið nægilega vel að hönnun hússins og framkvæmdum við byggingu þess. Tjón hafi verið tilkynnt til V í lok mars 2018 og gerð krafa um viðurkenningu bótaskyldu vegna tjóns M úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra.

Af hálfu V kemur fram að sá byggingarstjóri sem skráður hafi verið á verkið hafi haft starfsábyrgðartryggingu hjá félaginu fram til loka árs 2009.

Aðalröksemd M fyrir því að V eigi að fallast á bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra er sú að krafa M hafi ekki geta stofnast fyrr en skýrsla um tjón hafi legið fyrir vorið 2018. Ef ekki sé fallist á það þá hafi krafan ekki geta stofnast fyrr en í fyrsta lagi eftir að M fluttu inn í húseignina í desember 2010 og benda einnig á að fokheldisvottorð hafi ekki verið gefið út fyrr en í september 2010. Þannig hafi fyrningafrestur ekki byrjað að líða fyrr en leka varð fyrst vart í janúar 2011. M bendir á að þegar bygging húss þeirra hófst hafi skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 verið í gildi og hafi hlutverk og ábyrgð byggingarstjóra markast af 51. gr. þeirra laga. Bótakrafa M lúti því einnig reglum eldri fyrningarlaga, eða laga nr. 14/1905. Í þeim efnum vísa M til þess að fyrningarfrestur byrji ekki að líða skv. túlkun þeirra laga fyrr en tjónþoli verður tjóns vart eða mátti hafa verið tjón sitt ljóst og vitnar um það til Hrd. 1959, bls. 105. Ekki séu liðin tíu ár frá því að leki kom fyrst upp í húseign M og því sé skaðabótakrafa þeirra ekki fyrnd. Í viðbótarröksemdum M kemur einnig fram tilvísun til fleiri dóma Hæstaréttar til stuðnings túlkun á fyrrnefndum dómi Hæstaréttar. Einnig mótmælir M ályktunum sem V dregur af Hrd. 1/2015 um að fyrningafrestur byrji að líða þegar framkvæmdum er lokið auk ályktana sem V dregur af Hrd. 571/2016. M leggur áherslu á að hvergi komi fram í dómaframkvæmd að það sé eingöngu lok tiltekinna framkvæmda sem marki upphaf fyrningarfrests, heldur sé orðalag í dómum og eftir atvikum í úrskurðum nefndarinnar þess eðlis að það þurfi meira til og sé í fleiri tilvikum litið til vitneskju þess sem getur gert slíka kröfu um tjón sitt.

V bendir á að vinnu við lagnir í botnplötu og frárennslislagnir hafi lokið í ágúst árið 2007 og telur að fyrningarfrestur hafi byrjað að líða við það tímamark og hafi krafa verið fyrnd í síðasta lagi 20. ágúst 2017. V vísar til 2. mgr. 4. gr. þágildandi laga um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda, en af skilmálum V megi ráða að það sé sú lagagrein sem eigi við kröfu M. Þar komi fram að skaðabótakröfur fyrnist á 10 árum og vísar einnig til gildissviðs vátryggingarskilmálanna varðandi það að vátryggingin nái til skaðabótaskyldu byggingarstjóra og hafi háttsemi hans sem leitt hafi getað til slíkrar skaðabótaskyldu öll átt sér stað á árinu 2007. V vísar, eins og áður segir, til dóma Hæstaréttar í málum nr. 1/2015 og 571/2016 og dregur af þeim þá ályktun að upphaf fyrningarfrests markist af lokum framkvæmda en ekki vitneskju tjónþola um tjón sitt.

Einnig mótmælir V því að tjón M sé sannað. Í bréfi M til nefndarinnar er því vísað á bug og gerðar athugasemdir við að þau sjónarmið komi fyrst fram hjá V við meðferð hjá nefndinni.

Álit.

Svo sem áður greinir mun húseign M hafa verið byggð þannig að hún var fokheld á árinu 2010 og í desember það ár var hún tekin í notkun. Samkvæmt 3. mgr. 51. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, sem í gildi voru þegar byggingarframkvæmdirnar stóðu yfir, bar byggingarstjóri ábyrgð á því að byggt væri í samræmi við samþykkta uppdrætti, lög og reglugerðir. Af dómaframkvæmd, sbr. m.a. 118. gr. þág. byggingarreglugerðar nr. 441/1998, mátti ráða að jafnframt hvíldi á byggingarstjóra skylda til að hafa yfirumsjón og eftirlit með byggingarframkvæmdunum, sem hann stýrði, þar á meðal með því að iðnmeistarar, sem komu að verkinu fyrir atbeina hans, sinntu skyldum sínum og að framkvæmdin væri tæknilega og faglega fullnægjandi. Með saknæmri vanrækslu á þessum skyldum félli skaðabótaábyrgð á byggingarstjóra. Ekki er í raun ágreiningur milli aðila um að en þær framkvæmdir sem ábyrgð byggingarstjóra kann að taka til hafi farið fram í síðasta lagi á árinu 2007.

Við mat á upphafi fyrningarfrests í málinu verður að líta til þeirrar meginreglu skaðabótaréttar að skaðabótakrafa stofnist almennt þegar hin bótaskylda háttsemi á sér stað og miðist gjalddagi kröfu almennt við sama tímamark. Sá tímapunktur í máli M er á árinu 2007. Til þess að gerð sé undantekning frá þeirri meginreglu verða að vera uppi aðstæður sem réttlæta slíka undantekningu og um slíkar aðstæður ber sá sem því heldur fram sönnunarbyrði. Þegar gögn þessa máls eru virt verður nýleg dómaframkvæmd ekki túlkuð þannig að vitneskja tjónþola um mögulega skaðabótaskylda háttsemi sé áskilin við upphaf fyrningafrests. Verður því, m.v. þau gögn sem liggja fyrir í málinu, að upphaf fyrningarfrests mögulegrar skaðabótakröfu M hafi verið á árinu 2007.

Skaðabótakrafa á hendur S fyrnist á 10 árum, sbr. 2. tölul. 4. gr. þág. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda. Skaðabótakrafa M á hendur V er því fallin niður og hefur tilkynning til V um mögulega kröfu ekki þau áhrif að fyrningarfrestur rofni.

Niðurstaða.

Krafa M um skaðabætur úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra hjá V er fyrnd.

Reykjavík, 20. desember 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 327/2018

M og
vátryggingafélagið V vegna slysatryggingar fjölskyldutryggingar.

Tjónstilkynningarfrestur vegna afleiðinga slyss 4.12.2015.

Gögn.
Málskot málskotsaðila, móttekið 24.10.2018, ásamt fylgiskjölum.
Tölvupóstur V, dags. 9.11.2018.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M hafi verið að ganga niður tröppur þegar hann rann fram af einu þrepinu vegna klaka og ökklabrotnaði. Í læknisfræðilegum gögnum málsins kemur fram að M fór í aðgerð vegna brotsins samdægurs og legið nokkra daga á sjúkrahúsi. Frekari meðferð fólst í því að M fékk gifs og síðan spelku auk þess sem hann fór í sjúkraþjálfun fram eftir árinu 2016. Gerð er grein fyrir samskiptum M við lækna á árinu 2016 en í göngudeildarnótu dags. 24. mars 2017 kemur síðan fram að M kvarti undan versnandi verkjum í ökklanum og framkvæmd var önnur aðgerð í nóvember sama ár. M kveðst hafa fengið þær upplýsingar eftir fyrri aðgerðina að það gæti tekið hann um eitt og hálft ár að ná bata vegna slyssins. Tjónið tilkynnti M til V með tjónstilkynningu dags. 4. október 2017.

M telur að hann hafi ekki haft endanlega vissu um að hann hafi orðið fyrir tjóni fyrr en að lokinni seinni aðgerðinni í nóvember 2017, en í fyrsta lagi hafi honum átt að vera eitthvað ljóst rétt fyrir skoðun hjá lækni í mars 2017. Ársfrestur 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 hafi því ekki verið liðinn 4. október 2017 þegar hann tilkynnti V um tjón sitt.

V vísar til gagna málsins varðandi afstöðu sína í tölvupósti vegna málskotsins og er þá helst að að líta til bréfs félagsins til M dags. 25. október 2017. Í því bréfi er vísað til 124. gr. laga um vátryggingarsamninga og 77. gr. vátryggingarskilmála þar sem kemur fram að sá sem rétt á til bóta glati þeim rétti ef krafa er ekki gerð innan árs frá því hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á. Í bréfi V er vísað til þess að „slysið varð þann 04.12.2015 en tjónið var ekki tilkynnt til félagsins fyrr en 11.10.2017.“ Einnig er í bréfinu vísað til gagna málsins og að félagið meti það svo að tilkynning um tjón hafi ekki borist innan þess tilkynningarfrests sem vísað er til.

Álit.
Það liggur fyrir að M ökklabrotnaði 4. desember 2015 og tilkynnti V um tjón sitt með tjónstilkynningu dags. 4. október 2017. Þegar metið er hvenær M fékk vitneskju um þau atvik sem bótakrafa hans er reist á í skilningi 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga verður að líta til þess að V hefur ekki með skýrum hætti gert M grein fyrir mati sínu á því hvenær sú vitneskja mátti vera honum ljós. Málskot M verður ekki skilið öðruvísi en að hann byggi kröfu sína á hendur V á því að hann eigi rétt á bótum fyrir varanlega örorku í skilningi vátryggingarskilmála. Af því leiðir að það þarf að liggja fyrir hvenær má ætla að vitneskja um slíka kröfu sé fyrir hendi hjá M. Í bréfi sínu til M vísar V eingöngu til slysdags og með óræðum hætti til „gagna málsins“, en ekki verður fallist á að á slysdegi hafi M strax haft eða mátt hafa vitneskju um að hann myndi geta átt kröfu vegna varanlegra afleiðinga ökklabrotsins þar sem ekki var þá strax ljóst að þær yrðu varanlegar. Vegna þessara sérstöku aðstæðna verður því ekki fallist á að tjónstilkynningarfrestur 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga hafi verið liðinn þegar M sendi tjónstilkynningu dags. 4. október 2017 til V og er bótaskylda því fyrir hendi úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar sinnar.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík, 22. nóvember 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 328/2018

M og
vátryggingafélagið V v. slysa- og sjúkratryggingar.

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags vegna sjúkdóms.

Gögn.

Málskot, móttekið 25.10.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-5.
Bréf V, dags. 7.11.2018.

Málsatvik.

M gerir kröfu til að V greiði sér dagpeninga úr slysa- og sjúkratryggingu sem fyrirtæki hans er með hjá V. M segist hafa fært tryggingu sína til V um áramótin 2013-2014. M segist hafa verið slæmur í baki nokkur undanfarandi ár og hafi verkir leitt út í mjaðmir og niður í fætur, en hann hafi aldrei verið óvinnufær og verkirnir hefðu ekki verið til vandræða. M segist hafa spurt tryggingarsala V að því hvort hann ætti að tiltaka þetta í umsókn sinni til V, en sá hefði sagt að það gæti kostað óþarfa vesen eftir því sem M segir.

V hafnar bótaskyldu og segir að ekki hafi legið fyrir fullnægjandi upplýsingar frá M fyrra heilsufar vegna hægri mjaðmar hans þegar hann tók umrædda tryggingu hjá félaginu, en hefðu þær legið fyrir þegar tryggingin var tekin hefðu veikindi vegna mjaðmarinnar verið undanskilin í tryggingunni vegna fyrra heilsufars. Í því sambandi vísar V til gr. 24.1 í vátryggingaskilmálum tryggingarinnar þar sem segir að vátryggingin nái ekki til sjúkdóms sem fyrst hafi sýnt af sér einkenni áður en vátryggingin gekk í gildi nema félagið hafi vitað um sjúkdóminn við gildistökuna og veitt vátrygginguna þrátt fyrir það. Þá vísar V til þess að vátryggingataki beri ábyrgð á þeim upplýsingum sem hann gefi og svörum við töku tryggingar.

Álit.

Ágreiningslaust er að M gerði ekki grein fyrir því, við töku slysa- og sjúkratryggingar hjá V, að hann hefði haft verki í baki nokkur undanfarandi ár og haft verki sem hafi leitt út í mjaðmir. M gaf því ekki fullnægjandi upplýsingar þegar hann tók slysa og sjúkratrygginguna hjá V og eiga því ákvæði greinar 24.1. vátryggingaskilmála við í máli þessu og á M því ekki rétt á bótum úr sjúkdómatryggingunni þar sem hann gaf ekki upplýsingar um þann sjúkdóm sem varðar mál þetta þegar hann tók umrædda tryggingu. Ekki hefur verið sannað að M hafi fengið rangar upplýsingar frá V varðandi upplýsingaskyldu félagsins við töku tryggingarinnar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysa- og sjúkratryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 29.11. 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 329/2018

M og
vátryggingafélagið V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Árekstur á gatnamótum Hörgárbrautar og Hlíðarbrautar 2.8.2018.

Gögn.

Málskot málskotsaðila, móttekið 26.10.2018, ásamt fylgiskjölum.
Tölvupóstur V1, dags. 8.11.2018.
Bréf V2, dags. 9.11.2018, ásamt niðurstöðu Tjónanefndar í máli nr. 382/18.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að bifreiðum A og B var báðum ekið suður Hliðarbraut með fyrirhugaða akstursstefnu til vinstri austur Hörgárbraut. Bifreið B var ekið á eftir bifreið A og varð árekstur með bifreiðunum þannig að bifreið B ók aftan á A á gatnamótunum. Ökumaður bifreiðar B kveðst ekki hafa náð að stöðva bifreið sína í tæka tíð þegar ökumaður bifreiðar A hemlaði snögglega hjá götuvita við Hörgárbraut. Ökumaður bifreiðar A kveðst hafa ekið gegn grænu ljósi á Hlíðarbraut til vinstri í fyrirhugaða beygju austur Hörgárbraut en taldi sig þurfa að stöðva vegna þess að rautt ljós logaði á götuvita við Hörgárbraut. Haft er eftir ökumanni bifreiðar A í lögregluskýrslu að hún hafi ekki þekkt íslenskar umferðarreglur nægilega vel.

M telur að leggja eigi alla sök á ökumann bifreiðar B vegna aftanákeyrslu og bendir á að sá ökumaður hafi verið að líta til hliðar fyrir áreksturinn og því ekki sýnt næga aðgæslu. V1 tekur undir þau sjónarmið M. V2 telur hins vegar að árekstur sé hægt að rekja til vanþekkingar ökumanns bifreiðar B á íslenskum umferðarreglum og hafi tilefnislaus snögghemlun hennar verið meginorsök árekstrarins.

Álit.

Í umferðarlögum nr. 50/1987 eru fyrirmæli til ökumanna um annars vegar að gæta þess að hafa nægilegt bil á milli bifreiða, sbr. 3. mgr. 14. gr. auk þess sem það kemur fram í 2. mgr. 17. gr. sömu laga að sá ökumaður sem ætlar að stöðva ökutæki sitt eða draga snögglega úr hraða þess þurfi að gæta þess að það sé gert án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Við akstur til vinstri á gatnamótum sem stýrt er með umferðarljósum er ljóst að þegar ökumaður ekur inn á þau gegn grænu ljósi hlýtur alltaf að loga rautt ljós á þeim götuvita sem stýrir umferð þvert á hans akstursleið. Bar ökumanni bifreiðar A að aka áfram austur Hörgárbraut í stað þess að stöðva bifreið M skyndilega, að tilefnislausu, á gatnamótunum og fór hún þannig gegn fyrirmælum 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga. Ökumaður bifreiðar B gætti þess hins vegar ekki að hafa nægilegt bil á milli bifreiðanna, sbr. fyrirmæli í 3. mgr. 14. gr. laganna. Með hliðsjón af því og málavöxtum öllum verður sök skipt til helminga.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga milli ökumanna bifreiða A og B.

Reykjavík, 29. nóvember 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 330/2018

M og
vátryggingafélagið V1 v. ábyrgðartryggingar ökutækisins A og
vátryggingafélagið V2 v. ábyrgðartryggingar ökutækisins B

Árekstur bifreiða á Vesturlandsvegi við Víkurveg í Grafarholti 14.10.2018.

Gögn.

Málskot, móttekið 26.10.2018 ásamt fylgiskjali 1.
Bréf V-1, dags. 9.11.2018.
Bréf V-2, dags. 12.11.2018.

Málsatvik.

Árekstur varð á Vesturlandsvegi við Víkurveg í Grafarholti. Báðum bifreiðunum var ekið norður Vesturlandsveg og rákust vinstra afturhorn A og hægra framhorn B saman með þeim afleiðingum að A snérist á veginum og B valt. Ökumaður A segist hafa verið að beygja inn á frárein í átt að Grafarholti þegar allt í einu hefði komið mikið högg á hægri hlið A og hafi hún þá misst stjórn á bifreiðinni. Ökumaður A segist ekki hafa orðið vör við B fyrr en henni hafi verið ekið á A. Ökumaður B segist ekki muna fullkomlega á hvaða akrein hann var þegar óhappið átti sér stað en telur sig áreiðanlega hafa ekið á hægri akrein og hafi A sem hafi verið hægra megin við sig verið ekið inn á hans akrein með þeim afleiðingum að árekstur varð milli bifreiðanna. Vitni sem sagðist hafa ekið á eftir A og B segist ekki viss um á hvaða akreinum bifreiðarnar voru en sagðist halda að A hafi keyrt í hlið B.

Álit.

Miðað við framburði ökumanns og vitnis er ekki ljóst hvar nákvæmlega A og B óku í aðdraganda árekstursins. Þar sem ekki er upplýst um það og vitnið gefur ekki afgerandi framburð þá eru ekki forsendur til að leggja sök á annan ökumanninn umfram hinn miðað við gögn málsins. Sök er því skipt til helminga.

Niðurstaða.

Hvor aðili ber helming sakar.

Reykjavík 29.11.2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 331/2018

M og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A

Ágreiningur um hvort farþegi í bifreið hafi orðið fyrir líkamstjóni við bifreiðaárekstur.

Gögn.
Málskot, móttekið 26.10.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 8.11.2018.

Málsatvik.
Hinn 4. júní 2016 var M farþegi með spennt öryggisbelti í aftursæti A þegar henni var ekið aftan á aðra bifreið á Biskupstungnabraut. M var fluttur á bráðamóttöku sjúkrahússins á Selfossi. Í læknisvottorði segir að á vettvangi hafi M strax fundið til hægra megin ofarlega í kvið og sé enn með verki þar við konuna á bráðamóttökuna, en ekki annars staðar. Tölvusneiðmynd var tekin af kviðnum en ekkert markvert mun hafa komið út úr þeirri rannsókn. M var hafður til eftirlits í 2-3 klst. og var þá með smá verki en ekki mikla. Að svo búnu var hann útskrifaður heim til sín, en ráðlagt að koma aftur ef kviðverkirnir myndu versna.

Við skoðun hjá barnalækni 15. júní 2017 mun hafa komið fram að M hafi haft bakverki í „thoracal" hrygg sem spurningarmerki væri um hvort komið hafi eftir ákeyrsluna 4. júní 2016. Af þessu tilefni var M vísað í sjúkraþjálfun.

Í ódagsettri skýrslu sjúkraþjálfara kemur fram að M hafi komið til skoðunar 22. ágúst 2017 og þá hafi komið fram að aðalvandamál M hafi verið verkir í baki, aðallega í brjóstbaki („thorax") eftir bílslys, en hann hafi lent í bílslysi 4. júní 2016 og fengið töluverðan hnykk á líkamann, en þegar leið frá slysinu hafi hann farið að finna fyrir töluverðum óþægindum í brjóstbaki til að byrja með, en verkurinn hafi síðan verið farinn að dreifa sér í mjóbak og háls. Þremur vikum fyrir skoðunina hafi verkirnir verið búnir að vera mjög slæmir en þá hafi hann farið til sólarlanda og hafi honum liðið betur í hitanum þar.

M hefur krafist bóta vegna meiðsla þeirra sem hann hlaut í slysinu úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.
Með vísan til 89. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 verður vart um það deilt að M á rétt á að fá líkamstjón sitt bætt úr ábyrgðartryggingu A hjá V að því marki sem hann hefur orðið fyrir slíku tjóni við áreksturinn.

Eins og málið liggur fyrir snýst ágreiningur aðila um það hvort einkenni frá baki sem M kvartaði undan hjá lækni 15. júní 2017 megi rekja til slyssins. Samkvæmt gögnum málsins var þá fyrst, eða rúmu ári eftir slysið, skráð um þessi einkenni hjá lækni. Engin matsgerð liggur fyrir og eins og málið er í pottinn búið verður ekki talið að sýnt hafi verið fram á að þau sjúkdómseinkenni sem M býr við nú megi rekja til slyssins í júní 2016. Við svo búið telst hann ekki eiga rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 29. nóvember 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 333/2018

M og
vátryggingafélagið V v/ábyrgðartryggingar vinnuveitandans A

Ágreiningur um bótaskyldu er starfsmaður slasaðist er hann rann á hálku á bifreiðastæði.

Gögn.
Málskot, dags. 29.10.2018, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Bréf V, dags. 15.11.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Um kl. 8 að morgni 9. mars 2017 hafði M, starfsmaður A, lagt bifreið sinni á bifreiðastæði á lóð við hliðina á athafnasvæði A, er hún var á leið til vinnu. Er hún steig út úr bifreiðinni rann hún til og reyndi að ná jafnvægi, en þar sem bifreiðastæðið hafi verið ísilagt tókst það ekki. Féll hún á jörðina og meiddist á vinstri handlegg frá öxl að úlnlið.

Fjöldi bifreiðastæða fyrir starfsmenn A til að leggja í mun hafa verið takmarkaður á lóð A og með tölvubréfi rekstrarstjóra A 12. janúar 2017 mun hafa verði mælt til þess að starfsmenn sem ekki séu á ferðinni á daginn legðu bifreiðum sínum annars staðar, m.a. á lóð þeirri þar sem M hafði lagt bifreið sinni þegar slysið varð.

M telur A bera skaðabótaábyrgð á líkamstjóni því sem hún hlaut í slysinu, einkum með tilliti til þess að af hálfu A hafði verið farið þess á leit að starfsmenn legðu bifreiðum sínum á umræddri lóð. Hafi A því borið að sjá um að snjór væri hreinsaður af lóðinni og aðrar ráðstafanir gerðar þar gegn hálkumyndun. Það hafi brugðist og hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur á hinn bóginn hafnað bótaskyldu.

Álit.
Jafnvel þótt ekki hafi verið nóg af bifreiðastæðum fyrir starfsmenn á lóð A og til þess hafi verið mælst að starfsmennirnir legðu bifreiðum sínum m.a. á lóð þeirri sem M lagði bifreið sinni umrætt sinn verður ekki séð að A hafi borið skylda til að ryðja snjó af umræddri lóð eða eyða hálku af bifreiðastæðinu þannig að koma hefði mátt í veg fyrir að hálka væri við bifreið M þar sem hún steig út úr henni. Þegar af þeirri ástæðu verður slysið ekki rakið til atvika sem A ber ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 29. nóvember 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 335/2018

M og
V vegna brunatryggingar húseignarinnar A

Ágreiningur um bótaskyldu.

Gögn.
Málskot, dags. 26.10.2018 ásamt fylgigögnum.
Bréf V vátryggingafélags, dags. 13.11.2018 ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
A varð eldi að bráð 20. desember 2012 og eignaðist Í húseignina í kjölfarið. M keypti A 16. nóvember 2017 og óskaði þá eftir að fá brunabætur vegna húseignarinnar greiddar.
Í bréfi V kemur fram að það hafi greitt fyrir hreinsun og lokun húsnæðisins auk kostnaðar við skoðun og mat á tjóninu. Síðar hafi verið greitt aftur fyrir hreinsun en frekari kröfur hafi ekki verið gerðar í trygginguna enda ljóst að ekki hafi farið fram frekari viðgerðir á húseigninni sem séu forsenda þess að bætur séu greiddar, sbr. 13.1. gr. vátryggingarskilmálanna og 16. gr. reglugerðar nr. 89/2000, um lögboðna brunatryggingu húseigna. Þá kemur fram að V telji að krafan sé fyrnd skv. 52. gr. laga nr. 30/2004, um vátryggingarsamninga en skv. 1. mgr. fyrnist krafa um bætur á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs er vátryggður fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem eru grundvöllur kröfunnar. Aðilaskipti hafi ekki áhrif á upphaf fyrningarfrests og hafi krafan fyrnst í árslok 2016.

Álit.
Samkvæmt 1. mgr. 52. gr. laga nr. 30/2004, um vátryggingarsamninga fyrnist krafa um bætur á fjórum árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs er vátryggður fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem eru grundvöllur kröfu hans. Krafan fyrnist þó í síðasta lagi á tíu árum frá lokum þess almanaksárs er vátryggingaratburður varð. Hafi félagið sent vátryggðum tilkynningu sem greinir í 2. mgr. 51. gr. fyrnist krafan fyrst þegar sá frestur líður sem þar er tilgreindur. Með vísan til þess fyrndist krafa um brunabætur vegna A í árslok 2016 og á M því ekki rétt á bótum hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr brunatryggingu A hjá V.

Reykjavík, 29. nóvember 2018.
Sóley Ragnarsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 336/2018

M og
vátryggingafélagið V v. sjúklingatryggingar L

Krafa um bætur úr sjúklingatryggingu vegna aðgerðar á hægri þumalrót hinn 11.9.2015.

Gögn.

Málskot, móttekið 30.10.2018, ásamt fylgiskjölum nr. 1-20.
Bréf V, dags. 15.11.2018, ásamt fylgiskjölum 1-2.

Málsatvik.

M leitaði til L vegna vaxandi verkja í hægri þumalrót vegna slitgigtar á hægri þumli. Í framhaldi af því framkvæmdi L skurðaðgerð á hægri þumalrót. Í framhaldi af aðgerðinni fékk M mikla verki á aðgerðarsvæðinu vegna sýkingar í skurðsárinu. M krefst bóta þar sem hún hafi orðið fyrir tjóni í tengslum við sjúkdómsmeðferð, sbr. bótaskilyrði 1. og 4. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000. M segir að umrædd sýking hafi haft mikil og alvarleg áhrif á hana og daglegt líf hennar. M segist alltaf vera með verk í hægri þumalfingri eftir aðgerðina og geti hún ekki beitt hendinni að neinu leyti.

V hafnar bótaskyldu og segir að ekkert hafi komið fram sem bendi til þess að ráðgjöf L um nauðsyn aðgerðar hafi verið röng. Þá liggi ekki fyrir að neitt hafi farið úrskeiðis við aðgerðina. V hafnar því að meðferð M hjá L hafi verið ábótavant. V segir að M hafi fengið sjaldgæfa sýkingu í kjölfar aðgerðarinnar en skv. gögnum LSH hafi sýkingin ekki verið alvarleg heldur hafi verið um grunna sárasýkingu að ræða og meðferð hafi gengið vel. V vísar til álits ráðgefandi læknis M þar sem fram kemur að einkenni M verði fyrst og fremst rakin til grunnsjúkdómsins sem hún glímir við. Þá vísar V til afrits í sjúkraskrá M, dags. 15.3.2018, þar sem fram komi að M sé nokkuð verkjalaus og því virðist sem aðgerð L hafi skilað sér í minni verkjum M. V telur ósannað að einkenni M verði rakin til sýkingar sem hún fékk eftir aðgerð hjá L. Þá segir V að ekkert í gögnum málsins styðji þá niðurstöðu að einkennin teljist sjaldgæfur fylgikvilli.

Álit.

M var með slitgigt í höndum og fór í skurðaðgerð á hægri þumalrót hjá L. Sýking, sem var ekki djúp, kom í skurðsár eftir aðgerðina og telur M að sú sýking hafi skert getu hennar til að beita hægri hendinni. Í málinu liggja ekki fyrir gögn sem sýna fram á, að versnandi einkenni í þumlinum megi rekja til fylgikvilla aðgerðarinnar hjá L. Engin gögn liggja heldur fyrir í málinu sem sýna fram á að ákvörðun L um rannsókn eða meðferð L hafi verið röng eða L hafi getað hagað því með öðrum hætti en hann gerði. Engin matsgerð liggur fyrir eða önnur sönnun á því að einkenni M í dag sé hægt að rekja til fylgikvilla aðgerðar. Ekki er því sýnt fram á að bótaskilyrði skv. 1. eða 4. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingar séu fyrir hendi. M á því ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu L hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu L hjá V.

Reykjavík 29.11. 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 337/2018

M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar einstaklings I

Maður rann á plötu og slasaðist 25.5.2018.

Gögn.

Málskot, móttekið 30.10.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-13.
Bréf V, dags. 9.11.2018 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

M segist hafa ætlað að hjálpa tengdamóður sinni með að henda dóti og fara með það á Sorpu og segir að þegar hann hafi komið á vettvang hafi I verið byrjuð að bera út dót m.a. stóra glæra plastplötu, sem I hefði lagt á gangstéttina fyrir framan útidyrahurðina og sá M ekki plötuna, sem M segir að hafi nánast fallið algjörlega inn í umhverfið og hafi hann runnið á plötunni með þeim afleiðingum að hann þríökklabrotnaði og fór úr lið á ökkla. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu I og segir að I hafi ekki varað sig við því að platan væri þarna og auðvelt hefði verið að geyma hana með öðrum hætti t.d. upp við vegg eða annarsstaðar en í gangveginum. I hafi því ekki sýnt nauðsynlega varúð og sýnt af sér saknæma háttsemi. V hafnar bótaskyldu og telur I hafi ekki gerst sek um saknæman verknað þegar hún setti plast-gólfhlíf út á gangstétt og það sé ekki saknæmt af hálfu I að upplýsa M ekki um það að plasthlífin hefði legið þar sem hún var í umrætt sinn. V telur að ekki sé hægt að gera svo ríkar kröfur til húseiganda sem M byggir á að séu fyrir hendi.

Álit.

Af gögnum málsins og atvikalýsingu skv. gögnum málsins verður ekki séð að slys M stafi af því að I hafi ekki viðhaft nauðsynlega aðgát og beri saknæma ábyrgð á slysi M. Verður að líta svo á að um óhappatilvik sé að ræða. Þegar af þeim ástæðum á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu I hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu I hjá V.

Reykjavík 29.11. 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 339/2018

M og
vátryggingafélagið V v/ lausafjártryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna þjófnaðar úr atvinnuhúsnæði.

Gögn.

Málskot, móttekið 30.10.2018, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Bréf V, dags. 16.11..2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Um hádegisbil 20. september 2018 var lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu tilkynnt um innbrot og þjófnað í starfsstöð M að A í Hafnarfirði og stolið þaðan miklu magni verkfæra. Í skýrslu lögreglunnar um atvikið segir að engin sjáanleg ummerki hafi verið um innbrotið, en fyrirsvarsmaður M hélt að dyrnar hafi verið þvingaðar upp með handafli þar sem járnpinnar sem eiga að stingast í loft og jörð hafi ekki verið í læstri stöðu. Dyrnar eru tvískiptar þar sem læsing er vinstra megin og járnpinnalæsingin sé hægra megin. Við athugun lögreglu var reynt að þvinga hurðina upp með handafli og gekk það er járnpinnarnir voru í ólæstri stöðu.

M hefur krafist bóta vegna tjóns sem hlaust við þjófnaðinn úr lausafjártryggingu sinni hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Í vátryggingarskilmálum lausafjártryggingar þeirrar sem M hefur í gildi hjá V er svofelld varúðarregla: „Vátryggður skal sjá til þess að húseign þar sem vátryggt lausafé er staðsett sé alltaf læst og öllum gluggum lokað og þeir kræktir aftur þegar enginn er í húseigninni.“ Einnig er í skilmálunum svofellt ákvæði um afleiðingar þess að varúðarregla er brotin: „Skylt er að fara eftir varúðarreglum í skilmálum þessum. Sé varúðarreglum ekki fylgt getur ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta, sbr. 26. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.“

Samkvæmt 26. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 getur félagið gert fyrirvara um að það skuli laust úr ábyrgð í heild eða að hluta ef varúðarreglum er ekki fylgt. Slíkan fyrirvara getur félagið þó ekki borið fyrir sig ef ekki er við vátryggðan að sakast eða sök hans er óveruleg eða það að vátryggingaratburður hefur orðið verður ekki rakið til brota hans. Þótt félagið geti samkvæmt þessari grein borið fyrir sig að varúðarreglum hafi ekki verið fylgt má samt leggja á það ábyrgð að hluta með hliðsjón af því hvers konar varúðarreglu var ekki sinnt, sök vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að og atvikum að öðru leyti.

Samkvæmt lögregluskýrslu verður að telja ljóst að hurðin inn í starfsstöð M hafi ekki verið læst eins og krafist er samkvæmt fyrrgreindri varúðarreglu í vátryggingarskilmálunum og óboðnir gátu af þeim sökum átt greiða leið inn um dyrnar. Í þessu fólst brot á umræddri varúðarreglu og í ljósi þeirra verðmæta sem voru innandyra verður að telja að brotið hafi ekki verið óverulegt. Samkvæmt þessu og með vísan til ákvæða skilmálanna, sbr. 26. gr. laga nr. 30/2004, verður að telja rétt að réttur M til bóta úr vátryggingunni falli niður að öllu leyti.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr lausafjártryggingu hjá V.

Reykjavík, 29. nóvember 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 340/2018

M og
vátryggingafélagið V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Árekstur á Baugshlíð í Mosfellsbæ 24.9.2018.

Gögn.
Málskot málskotsaðila, móttekið 30.10.2018, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V1, dags. 12.11.2018.
Bréf V2, dags. 15.11.2018.
Tölvupóstur M, dags. 18.11.2018.

Málsatvik.
Í tjónstilkynningu sem gerð var á vettvangi áreksturs kemur fram að bifreiðum A og B var ekið Baugshlíð í norður og við gatnamót að Skálahlíð var bifreið B ekið á bifreið A. Ákomur á bifreiðunum eru þannig á vinstra framhorni bifreiðar B og á vinstra afturhorni/hlið bifreiðar A. Haft er eftir ökumanni bifreiðar A í skýrslunni að hún ekið niður brekku á Baugshlíð og hafi verið að snúa við á gatnamótunum, hafi hægt ferð og gefið stefnuljós og í beygju til vinstri þá hafi bifreið B verið ekið á bifreið A. Í sömu skýrslu er haft eftir ökumanni bifreiðar B að hann hafi ekið niður brekku og hafi verið að bremsa þegar bifreið A, sem var fyrir framan, hafi tekið U-beygju í veg fyrir hann og með því ekið fyrst til hægri áður en bifreiðinni var ekið til vinstri. Í skýrslunni kemur einnig skýrt fram að ökumaður bifreiðar A hafi mótmælt því á vettvangi að hafa ekið til hægri áður en hún ók til vinstri. Í gögnum málsins eru einnig frekari lýsingar ökumanna bifreiða A og B og farþega í bifreið A. Þær lýsingar staðfesta það sem kemur fram í upphaflegri tjónstilkynningu.

M telur að leggja eigi alla sök á ökumann bifreiðar B þar sem sá hafi ekki gætt að umferð fyrir framan sig og telur að framburður hans sé ekki trúverðugur um akstur bifreiðar A og að bæði V1 og V2 hafi metið það svo í upphafi að alla sök bæri að leggja á ökumann bifreiðar B.

V1 gerir ekki sérstakar athugasemdir til nefndarinnar en í bréfi V2 kemur fram að það telur að ökumaður bifreiðar A beri alla sök á árekstrinum þar sem hún hafi ekki tekið vinstri beygju með réttum hætti skv. 3. mgr. 15. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og 1. mgr. 17. gr. sömu laga og vitnar til úrskurða nefndarinnar í málum nr. 98/2016, 217/2017 og 122/2018.

Álit.
Í umferðarlögum nr. 50/1987 eru fyrirmæli til ökumanna í 2. mgr. 17. gr. sömu laga að sá ökumaður sem ætlar að aka til hliðar eða draga snögglega úr hraða þess þurfi að gæta þess að það sé gert án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Samkvæmt 2. mgr. 15. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal ökumaður, sem ætlar að beygja á vegamótum, ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra, sem fara í sömu átt. Hann skal sérstaklega gefa gaum umferð, sem á eftir kemur. Í 3. mgr. sömu greinar kemur fram að við vinstri beygju skal aka sem næst miðju akbrautar. Af þessu má ráða að þegar ökumaður tekur U-beygju á vegi hvíli sérstök aðgæsluskylda á honum gagnvart umferð sem á eftir kemur. Þegar litið er til aðstæðna á vettvangi og gagna málsins í heild verður að líta svo á að sú aðgæsluskylda hafi hvílt á ökumanni bifreiðar A og beri hún því sök á árekstrinum.

Til þess að komi til sakar ökumanns bifreiðar B þarf að sýna fram á að hann hafi ekið þannig að hann hafi ekki gætt þess að hafa nægilegt bil á milli bifreiða, sbr. fyrirmæli 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga eða ekið of hratt m.v. aðstæður, sbr. 36. gr. sömu laga. Af gögnum málsins verður ekki ráðið með skýrum hætti að þannig hafi aðstæður verið og verður ökumaður bifreiðar A að bera hallann af slíkum sönnunarskorti. Öll sök á árekstrinum verður því lögð á ökumann bifreiðar A.

Niðurstaða.
Ökumaður bifreiðar A ber alla sök.

Reykjavík, 29. nóvember 2018.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 342/2018

M og
vátryggingafélagið V v/ sjúklingatryggingar tannlæknis.

Ágreiningur um hvort sjúkdómseinkenni í kjálka og tungu megi rekja til endajaxltöku.

Gögn.

Málskot, móttekið 26.10.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 19.11.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 21. maí 2015 tók A, tannlæknir, með skurðaðgerð endajaxl úr neðri gómi M hægra megin. Viku síðar, 28. maí 2015, kom M til skoðunar hjá tannlækni sínum vegna „bráðatilviks, saumataka og skolun á soccetti“. Í sjúkraskrá vegna þessarar komu til tannlæknisins segir að M hafi komið vegna „verkja og bólgu í tönn #48. Skolað upp út socketi #48 með corsodyl. tveir saumar teknir. Leit vel út en enn mikil bólga. Sagt að hafa samband ef að fær sýkingareinkenni, hita eða eitlastækkanir. Er enn með doða í helmingi tungu, en farin að fá náladofa sagði henni að þá væru ágætis líkur á að hún fengi tilfinninguna aftur“.

A hefur í gildi sjúklingatryggingu vegna stafsemi sinnar hjá V. Í bréfi A til V, dags. 23 ágúst 2017, kemur fram að taka endajaxlsins hafi verið „períkórónítis“ (bólga í kringum krónu tannar) sem áður hafði krafist sýklalyfjatöku og slæm lega tannar. M hafi átt símtal við A 28. ágúst 2015 þar sem hún hafi gert A grein fyrir að hún væri með vandamál sem hún tengdi við endajaxltökuna sem fólust í breyttri skynjun í tungu, smellum í liði og verkjum í kjálka. Í símtalinu hafi M verið ráðlagt að leita til nafngreinds tannlæknis sem sérhæfði sig í kjálkaliðsvandamálum og verkjum í munnholi og andliti. Hinn 3. september 2015 hafi M komið til skoðunar á tannlæknastofu A þar sem einkenni hennar hafi verið skráð frekar niður. Kvaðst M vera aum þegar hún tyggi karamellu og tyggjó, en væri betri en þegar þau áttu símtal 28. ágúst. Þá segir að skynbreytingar í tungu séu skráðar, en þær afmarkist við takmarkað svæði á tungubaki og tilfinning sé það mikil að ólíklegt verði að telja að tungutaug hægri hliðar hafi orðið fyrir beinum skaða við sjálfa endajaxltökuna. Hafi M fundist tilfinningin hafi aukist upp á síðkastið.

Hinn 31. október 2017 leitaði M til tannlæknisins B. Í vottorði B, dags. 2. janúar 2018, segir að M hafi látið fjarlægja endajaxla sína árið 2015. Í aðgerðinni sem hafi verið erfið og tekið eina klukkustund, hafi M farið úr kjálkalið hægra megin. Hún hafi ekki getað lokað munni eftir aðgerðina og neðri kjálki verið skakkur til vinstri og hægri hlið tungu verið dofin. Í kjölfar aðgerðarinnar hafi M bólgnað mikið, fengið sýkingu og ávísað sýklalyfjum. Við skoðun sé snertiskyn tungu ekki eðlilegt og mikill munur á skynjun hægra og vinstra megin og M kveðst hafa lítið bragðskyn í hægri hlið tungu. Yfir hægri kjálkalið sé M mjög aum og í vöðvum sem stjórna hreyfingu liðarins. Opnun sé takmörkuð um 40 mm og kjálki skjótist til hægri þegar hún opni munninn. Hafi M verð greind með „anterior temporomandibular joint dislocation“ í hægri kjálkalið.

Í gögnum málsins kemur fram að 1. nóvember 2010 hafi M leitað til tannlæknis síns þar sem hún hafi verið búin að vera „slæm í v. kjálkalið. Smellur, líklega stress er að fara út sem au per í dag. Bitslípun“.

M hefur gert kröfu um bætur úr sjúklingatryggingu þeirri sem A hefur í gildi hjá V. Í skýrslu sinni til V, dags. 11. júlí 2017, kveður M að A hafi tekið „mjög harkalega á í langan tíma til að ná jaxlinum sem olli miklum verkjum í kjálka sem eru enn viðvarandi. Einnig urðu taugaskemmdir sem ollu tilfinningaleysi í tungu hægra megin“ Lýsir M einkennum í kjálka nánar þannig að það séu smellir og verkir í kjálka, erfiðleikar með að tyggja og opna munninn af og til. Þá eigi kjálkinn það til að læsast. V hefur hafnað bótaskyldu úr sjúklingatryggingunni.

Álit.

M kveður kröfu sína um bætur úr sjúklingatryggingu A vera reista á grundvelli 1. eða 4. tölul. 2. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu. Samkvæmt 1. tölul. 2. gr. laganna skal greiða bætur án tillits til þess hvort einhver ber skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins, enda megi að öllum líkindum rekja tjónið til þess að ætla megi að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði. Engin gögn í máli þessu staðreyna eða leiða líkum að því að A hafi tekið harkalega á við tanntökuna eða að öðru leyti ekki hagað tanntökunni eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði. Hefur ekki verið sýnt fram á að bótaskilyrðum 1. tölul. 2. gr. laga nr. 111/2000 fullnægt.

Samkvæmt 4. tölul. 2. gr. laga nr. 111/2000 skal greiða bætur m.a. ef tjón hlýst af meðferð og tjónið er af sýkingu eða öðrum fylgikvilla sem er meiri en svo að sanngjarnt sé að sjúklingur þoli það bótalaust. Við mat á því hvort bótaskilyrðum sé fullnægt skal annars vegar líta til þess hve tjón er mikið og hins vegar til sjúkdóms og heilsufars sjúklings að öðru leyti. Þá skal taka mið af því hvort algengt er að tjón verði af meðferð eins og þeirri sem sjúklingur gekkst undir og hvort eða að hve miklu leyti gera mátti ráð fyrir að hætta væri á slíku tjóni. Fyrir liggur samkvæmt gögnum málsins að M hefur haft einkenni áður, eða á árinu 2010, frá vinstri kjálkalið áþekk þeim sem hún lýsir nú frá hægri kjálka. Engin gögn liggja fyrir í málinu, svo sem matsgerð dómkvaddra matsmanna, sem gefa til kynna að tilfinningaleysi í tungu megi að öllum líkindum rekja til tanntökunnar 21. maí 2015. Samkvæmt þessu og andmælum A verður að telja að ekki hafi verið nægilega sýnt fram á að fullnægt sé bótaskilyrðum skv. 4. tölul. 2. gr. laganna. Vottorð B, sem M aflaði einhliða, getur ekki nýst sem fullnægjandi sönnunargagn í þessum efnum.

Samkvæmt framangreindu á M ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu þeirri sem A hefur í gildi hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu A hjá V.

Reykjavík, 20. desember 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 343/2018

M og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda A

Ágreiningur um bótaskyldu er skófla af vinnuvél féll á rist starfsmanns.

Gögn.
Málskot, móttekið 1.11.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 15.11.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Hinn 20. mars 2018 var M að vinna við að þrífa Bobcat vinnuvél í eigu A með háþrýstisprautu. Hann mun hafa stillt skóflu framan á vélinni í 1,5 m hæð svo unnt væri að þrífa undir bómu og örmum hennar, en slökkt hafi verið á henni og hún mannlaus. Um það leyti sem M var að ljúka verkinu mun skóflan hafa fallið af vélinni og lent á rist vinstri fótar M, sem við það hafi brotnað illa. M kallaði á fyrirsvarsmann A sem ók honum á sjúkrahús þar sem hann hafi þurft að gangast undir aðgerðir 20. mars og 9. apríl 2018 vegna brotsins.

Lögregla var ekki kvödd á vettvang og slysið mun ekki hafa verið tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins.

M kveður starfsmann þann sem notaði tækið áður en hann var látinn þrífa það, hafa láðst að tryggja að skóflan væri nægilega fest á tækið þegar hann hafði lokið notkun þess. Telur M líklegra en ekki að vélin sjálf, sem hafi verið nýleg, hafi verið í lagi en frágangur af hálfu starfsmanns hafi ekki verið forsvaranlegur. Af þessum sökum hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Af hálfu V er mótmælt framburði M um tildrög slyssins. Daginn áður hafi rekstrarstjóri A verið að vinna á tækinu við fylla í holur á vegi og við þá vinnu hefði ekki verið mögulegt að skóflan hafi verið ólæst eða búnaðurinn í ólagi. Rekstrarstjórinn fullyrði að skóflan hafi verið í lás og í lægstu stöðu eftir notkunina daginn fyrir slysið. Verkstjóri M hafi komið að honum um 15 mínútum áður en slysið varð og þá hafi vélin enn verið ógangsett á sama stað og skóflan niðri á sama stað og rekstrarstjórinn skildi við hana daginn áður. Þegar rekstrarstjórinn hafi komið að eftir slysið hafði vélin verið færð, bóman uppi og skóflusætinu hafði verið hallað fram. Vélin hafi verið rúmlega ársgömul og læsingarbúnaðurinn hafi verð í fullkomnu lagi og ekkert hafi verið átt við hann eftir slysið. Með vísan til þessa hefur V hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A.

Álit.
Eins og fyrr getur var slysið ekki tilkynnt Vinnueftirlitinu. Samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum skal atvinnurekandi án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Með því að þessarar lagaskyldu var ekki gætt af hálfu A, og með vísan til fjölmargra dómafordæma, verður að leggja frásögn M til grundvallar varðandi tildrög slyssins og annað sem óljóst kann að vera og þýðingu getur haft varðandi ábyrgð A á slysinu nema A sýni fram á hið gagnstæða. M telur að skófla vinnuvélarinnar hafi ekki verið fest með nægilegum hætti þegar hann vann við þrif vélarinnar og það hafi verið ástæða þess að hún féll af vélinni. Frágangur vélarinnar að þessu leyti var óforsvaranlegur af hálfu starfsmanns A. Ekki hefur verið sýnt fram á með viðhlítandi hætti samkvæmt gögnum málsins að tildrög slyssins hafi verið á annan veg. Af því leiðir að A ber skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M. Ekki er efni til að skerða rétt M til bóta vegna stórkostlegs gáleysis af hans hálfu,sbr. 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum. M á því rétt á óskertum bótum úr ábyrgðartryggingunni.

Niðurstaða.
M á rétt á óskertum bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 29. nóvember 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 344/2018

M og
vátryggingafélagið V1 vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins A
og
vátryggingafélagið V2 vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins B

Ágreiningur um bótaskyldu.

Gögn.
Málskot, dags. 29.10.2018 ásamt fylgigögnum.
Bréf V1 vátryggingafélags, dags. 16.11.2018.
Bréf V2 vátryggingafélags, dags. 21.11.2018.

Málsatvik.
Málsatvik voru þau að ökutækið A ók inn í hlið ökutækis B á Þingvallastræti á Akureyri þann 11. október 2018. Álit Tjónanefndar vátryggingafélaganna var á þá leið að M ökumaður B hafi allt í einu beygt til vinstri norður Grundargerði og var öll sök lögð ökumann B fyrir að gæta ekki nægjanlega að umferð fyrir aftan sig áður en hann skipti um akrein og beygði til vinstri. Í kæru M er þessari fullyrðingu hafnað á þeim grundvelli að hvergi komi fram að hann hafi beygt allt í einu. Í framburði ökumanns A komi hins vegar fram að hann hafi tekið eftir stefnuljósi til vinstri og haldið að B væri að skipta um akrein. Í kærunni kemur fram að M hafi beygt til hægri inn á Þingallastræti frá Skógarlundi og síðan gefið stefnuljós og ekið yfir á vinstri akrein. Þegar komið hafi verið að gatnamótum Þingvallastrætis og Grundargerðis hafi M beygt til norðurs í stefnu að Grundargerði og þá hafi A ekið inn í hlið B.
Í bréfi V1 kemur fram að það sé sammála niðurstöðu Tjónanefndar vátryggingafélaganna. V1 vísar til 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 um að ökumaður skuli, áður en hann skiptir um akrein, ganga úr skugga um, að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Sama eigi við ef ökumaður ætli stöðva ökutækið eða draga snögglega úr hraða þess. Einnig bendir V1 á 3. mgr. 36. gr. umferðarlaga þar sem segi að ökumaður megi ekki að óþörfu aka svo hægt eða hemla svo snögglega að tefji eðlilegan akstur eða skapi hættu. Þá kemur fram að ákoma á B sé ekki aftan á ökutækinu eins og eðlilegt væri ef bæði ökutækin hefðu verið að aka á sömu akrein í aðdraganda árekstursins. Ákoma á miðja hlið B bendi til þess að vinstri beygja hafi verið tekin með röngum ætti og ekki í samræmi við 15. gr. umferðarlaganna þar sem fram komi að ökumaður skuli í tæka tíða færa ökutæki sitt yfir á þá akrein sem er lengst til vinstri ef hann ætlar að beygja til vinstri. Ökumaður B beri sönnunarbyrði fyrir því að hafa skipt um akrein það löngu áður en hann hægði á sér til að taka vinstri beygju þannig að það skipti ekki máli við sakarskiptingu og slík sönnun hafi ekki verið lögð fram.
Í bréfi V2 kemur fram að ökumaður A hafi átt að gæta betur að umferð fyrir framan sig í aðdraganda árekstursins. Ökumaðurinn hafi gefið sér þær forsendur að ökumaður B væri að skipta um akrein. V2 bendir á 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 þar sem segi að ökutæki, sem er ekið á eftir öðru ökutæki, skuli vera svo langt frá því, að eigi skapist hætta á árekstri þótt ökutækið sem er á undan, stöðvist eða dregið sé úr hraða þess. Með vísan til þess telur V2 að ökumaður A eigi að bera alla sök. Til vara telur V2 að skipta skuli sök til helminga þar sem hvorugur ökumaður gætti nægjanlega að sér í aðdraganda árekstursins.

Álit.
Ökumönnum í málinu greinir á um hvernig áreksturinn bar að. Samkvæmt lögregluskýrslu segist ökumaður A hafa ekið á vinstri akrein en B ekið á hægri akrein. Hann hafi tekið eftir stefnuljósi til vinstri á B og haldið að ætlun ökumanns hafi verið að skipta um akrein. Hann hafi hins vegar ekki náð að hemla nógu snemma þegar hann áttaði sig á að ökutækið A ætlaði að taka beygju til vinstri. Ökumaður B segist hafa verið á hægri akrein en síðan gefið stefnuljós til vinstri til þess að skipta um akrein þar sem hún ætlaði að beygja norður Grundargerði. Hún kvaðst hafa verið búin að skipta yfir á

vinstri akrein þegar hún tók beygjuna og í sömu mund hafi ökutækinu A verið ekið á vinstri hlið hennar.
Í 1. mgr. 15. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 kemur fram að ökumaður, sem nálgast vegamót á akbraut með tvær eða fleiri akreinar í akstursstefnu sína, skuli í tæka tíð færa ökutæki sitt á þá akrein, sem lengst er til hægri, ef hann ætlar að beygja til hægri, en á þá akrein, sem lengst er til vinstri, ef hann ætlar að beygja til vinstri. Sá, sem ætlar beint áfram, getur notað þá akrein, sem er hentugust með tilliti til annarrar umferðar og fyrirhugaðrar akstursleiðar. Í 2.mgr. sömu greinar kemur fram að ökumaður, sem ætlar að beygja á vegamótum, skuli ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra, sem fara í sömu átt. Hann skuli sérstaklega gefa gaum umferð, sem á eftir kemur. Með vísan til þess að ákoman á ökutæki B var á vinstri hlið má leiða líkur að því að ökumaður B hafi ekki gætt þess að færa ökutæki sitt á vinstri akrein í tæka tíð áður en hann tók vinstri beygjuna og hafi þar með upptekið hemlunarvegalengd ökumanns A. Ökumaður A gat því ekki komið í veg fyrir áreksturinn. Með vísan til framangreinds telur nefndin að B skuli bera alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.
Ökumaður B ber alla sök á árekstrinum.

Reykjavík, 20. desember 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.
Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 346/2018

M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins A
og
V2 vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins B

Ágreiningur um bótaskyldu.

Gögn.
Málskot, dags. 02.11.2018 ásamt fylgigögnum.
Bréf V1 vátryggingafélags, dags. 08.11.2018.
Bréf V2 vátryggingafélags, dags. 16.11.2018.

Málsatvik.
Í málskotinu kemur fram að M hafi ekið ökutækinu A inn í bílakjallara að L 24. maí 2018 og ákveðið að bakka í stæði. Ökutækinu B hafi verið lagt í stæðið við hliðina og bakkað út úr stæðinu þannig að ákoma varð á miðri afturhurð hægri hliðar A. Ökumaður B hafi beðist afsökunar og sagst vera að flýta sér. Tvö vitni hafi verið að atburðinum sem hafi staðfest þessa atburðarás. Niðurstaða tjónanefndar vátryggingafélaganna hafi verið á þá leið að skipta sök til helminga. M telur niðurstöðuna ranga og telur að ökumaður B eigi að bera alla sök. M telur að þótt hann hafi kosið að bakka til að fara í stæði geti það ekki orðið til þess að rýra rétt hans gagnvart gálausum akstri ökumanns B. Á afstöðumynd sjáist að M hafi ekki verið byrjaður að bakka í stæðið heldur hafi ökumaður B bakkað úr stæði inn í hlið ökutækisins A. M vísar til 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 þar sem fram kemur að ökumaður skuli áður en hann snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak, ganga úr skugga um, að það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra. Ljóst sé að ökumaður B hafi ekki gætt að þessum skyldum.
V1 telur ljóst af öllum gögnum málsins að báðir ökumenn hafi verið að bakka í aðdraganda árekstursins. Þegar svona hagi til séu fordæmi fyrir því að skipta sök til helminga milli ökumanna og tekur V1 því undir niðurstöðu tjónanefndar.
V2 gerir ekki frekari athugasemdir.

Álit.
Báðir ökumenn í málinu voru að bakka þegar óhappið varð. Með vísan til 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal ökumaður áður en hann snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak, ganga úr skugga um, að það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra. Ökumanni B bar að athuga aðstæður áður en hann bakkaði úr stæðinu. Það gerði hann ekki og ber hann því sök á árekstrinum. Ökumaður A bakkaði gegn akstursstefnu og bar að ganga úr skugga um að það væri unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra. Hann gætti ekki nægjanlega vel að því og ber því einnig sök. Með vísan til framangreinds þykir ekki efni til að leggja meiri sök á annan ökumann umfram hinn og ber því hvor ökumaður um sig helming sakar.

Niðurstaða.
Sök skiptist til helminga milli A og B.

Reykjavík, 3. desember 2018.
Sóley Ragnarsdóttir lögfr.
Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 347/2018

M og
vátryggingafélagið V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Ágreiningur um sakarskiptingu vegna áreksturs á bifreiðastæði hinn 20. júní 2018.

Gögn.

Málskot móttekið 2.11.2018 ásamt fylgigögnum.
Bréf V2 dags. 13.11.2018.
Bréf V1 dags. 15.11.2018

Málsatvik.

Í sameiginlegri tjónstilkynningu ökumanna bifreiða A og B greinir frá árekstri bifreiðanna hinn 20. júní 2018. Á eyðublaðinu er jafnframt að finna afstöðuteikningu og af henni má ráða að áreksturinn hafi orðið þegar bifreiðunum var bakkað. Ökumaður bifreiðar A fyllti jafnframt út eyðublað með viðbótarupplýsingum frá ökumanni þar sem fram kom að hann hefði ekið áfram, en ekki aftur á bak, og í gagnstæða stefnu en lýst er í tjónstilkynningu, þegar áreksturinn varð.

M (ökumaður bifreiðar A) telur að ökumaður bifreiðar B beri alla sök á árekstrinum þar sem hann hafi ekið aftur á bak á bifreið A.

Í athugasemdum V2 kemur fram að talið sé sannað að báðum bifreiðunum hafi verið ekið aftur á bak er árekstur varð.

Í athugasemdum V1 er hins vegar tekið undir með ökumanni bifreiðar A og talið að ökumaður bifreiðar B beri alla sök á árekstrinum.

Álit:

Af framhlið sameiginlegrar tjónstilkynningar, sem báðir ökumenn skrifuðu undir, má ráða að báðar bifreiðarnar hafi verið að bakka þó ekki hafi með skýrum krossi verið merkt í þar til gerðan reit vegna bifreiðar A hvað varðaði tjónsatvik. Miðað við akstursstefnu bifreiðar A á afstöðumynd á tjónstilkynningu er enda útilokað að bifreiðinni hafi verið ekið áfram í þá átt, enda hefði ákomustaður þá verið á vinstri hlið bifreiðarinnar, en ekki þeirri hægri. Einhliða staðhæfing ökumanns A um að hann hafi ekið áfram en ekki aftur á bak og í gagnstæða stefnu við þá sem greinir á tjónstilkynningu er ekki studd neinum frekari gögnum, eða vitnisburði, og verður því ekki lögð til grundvallar.

Verður því litið svo á að báðum bifreiðunum hafi verið ekið aftur á bak fyrir áreksturinn. Ökumaður bifreiðar B hafi þannig verið að aka út úr stöðureit en ökumaður A hafi verið að aka aftur á bak á akleið við stöðureiti á bifreiðastæðinu. Við þær aðstæður bar báðum ökumönnum að sýna aðgæslu og gæta að því að hægt væri að aka aftur á bak án áhættu og óþæginda fyrir aðra, sbr. 1. mgr. 17. gr. umferðalaga nr. 50/1987.

Með hliðsjón af ofangreindu verður áreksturinn rakinn til óaðgæslu beggja ökumanna og er sök skipt til helminga, enda þykir við mat á sakarskiptingu ekki tilefni til að leggja sök á annan ökumanninn umfram hinn.

Niðurstaða.

Hvor ökumaður ber helming sakar.

Reykjavík 20. desember 2018

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

. Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 349/2018

M og
vátryggingafélagið V vegna slysatryggingar fjölskyldutryggingar.

Slysahugtak vátryggingaréttar og takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags vegna líkamstjóns 14. júlí 2018.

Gögn.

Málskot málskotsaðila, móttekið 26. október 2018, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 5. desember 2018, ásamt hluta vátryggingarskilmála, aðgerðarlýsingar dags. 15. júlí 2018 og hjúkrunarbréfs dags. 23. júlí 2018.
Athugasemdir M með bréfi dags. 12. janúar 2019, ásamt niðurstöðu örorkumats dags. 26. september 2018 og læknisvottorði dags. 11. janúar 2019.
Hljóðskrá – viðtal við lækni.
Læknisvottorð heila- og taugaskurðlæknis, dags. 5. febrúar 2019.
Greinargerð lögmanns M, dags. 18. febrúar 2019.
Bréf V, dags. 28. febrúar 2019, ásamt bráðamóttökuskrá dags. 15. júlí 2018 og áðursendum gögnum, sjá lið 2 hér að ofan.

Málsatvik.

Í bréfi V til M dags. 12. september 2018 var bótaskyldu hafnað úr fjölskyldutryggingu M vegna líkamstjóns sem hann hlaut 14. júlí 2018. Í höfnunarbréfi V er vísað til tjónstilkynningar M dags. 27. ágúst 2018, þar sem kemur fram að lýsing M á atvikum sé sú að hann hafi dottið á vegg og hlotið höfuðhögg. V færir þau rök fyrir höfnun bótaskyldu í fyrrnefndu bréfi sínu að af þeim gögnum sem liggi þá fyrir í málinu verði ráðið að meiðsli M hafi orsakast af heilablæðingu en ekki af völdum utanaðkomandi áhrifa, höggs eða sambærilegra atvika. Í málinu er fjöldi læknisvottorða sem lýsir ástandi M við innlögn á Landspítala-Háskólasjúkrahús 15. júlí 2018, aðgerð sem framkvæmd var, meðferð hans og heilsufarsaðstæður. Ekki er talin ástæða til að rekja efnisatriði þeirra gagna sérstaklega, en rétt þykir að nefna sérstaklega að í hjúkrunarbréfi dags. 23. júlí 2018 kemur fram að ástæða komu M á gjörgæsludeild hafi verið að M hafi fundist meðvitundarlaus heima hjá sér. Í því kemur einnig fram eftirfarandi lýsing: „Ekki að sjá áverkamerki á höfði en CT sýndi stóra epidural blæðingu hæ megin með miðlinu hliðrun og yfirvofandi herniation, einnig condutionir vi. megin.“ í sjúkraskrárgagni sem einnig er í gögnum málsins er lýsing ástæðu innkomu með þessum hætti: *„...stórt epidural hematoma parielt hægra megin og höfuðkúpubrot sömu megin en heilamar vinstra megin.“* Sérstakar upplýsingar um aðdraganda líkamstjónsins eru af skornum skammti.

M telur að líkamstjón hans hafi orsakast af slysi í skilningi vátryggingarskilmála V, hann hafi líklegast dottið og fall hans hafi haft í för með sér heilablæðingu. Í greinargerð lögmanns M er vísað til upplýsinga í læknisfræðilegum gögnum um höfuðáverka og vísað til vottorðs heila- og taugaskurðlæknis dags. 5. febrúar 2019 því til stuðnings að áverkarnir hafi ekki getað komið öðruvísi til en við fall og útilokað sé að þeir hafi komið til vegna innri sjúkdóms. Einnig kemur fram í þeirri greinargerð að ekkert í sjúkrasögu M gefi til kynna að fall hans hafi komið til vegna svima, jafnvægisleysis eða yfirliðs.

V vísar í fyrsta bréfi sínu til nefndarinnar dags. 5. desember 2018 til þess að M hafi ekki orðið fyrir slysi í skilningi gr. 29 í vátryggingarskilmálum fjölskyldutryggingar hans. Þar komið fram að *„Með orðinu „slys“ er hér átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist sannanlega án vilja hans.“* V vísar til þess að M beri sönnunarbyrði fyrir því að líkamstjón hans sé rakið til utanaðkomandi atburðar og þar sem ekki sé að finna greinilega skýringu á því hvernig líkamstjónið kom til, hvorki hjá honum né í læknisfræðilegum gögnum, sem þá lágu fyrir, sé ekki sýnt að utanaðkomandi atburður hafi leitt til tjóns hans. Einnig vísar V til þess að í aðgerðarlýsingu dags. 15. júlí 2018 komi fram að M hafi ekki verið með „ytri áverkamerki“, auk þess sem það sé endurtekið í hjúkrunarbréfi dags. 23. júlí 2018. Af þessu ályktar V að líkamstjónið verði að öllum líkindum rakið til innri veikleika í líkama M. Í seinna bréfi V til nefndarinnar dags. 28.

febrúar 2019 eru fyrri sjónarmið félagsins ítrekuð en einnig vísað til upplýsinga úr sjúkragögnum um að M hafi lengi átt við áfengissýki að stríða auk misnotkunar á róandi lyfjum og sykursýki og hann hafi fundist meðvitundarlaus í rúmi sínu hinn 15. júlí 2018, þar sem hafi verið áfengisumbúðir og öskubakki. V telur allar líkur á því að líkamstjón M sé því að rekja til meðvitundarmissis vegna ofneyslu áfengis og/eða óstjórnaðrar sykursýki og þar af leiðandi til innri veikleika í líkama hans en ekki til utanaðkomandi atburðar, eins og áskilið sé í 29. gr. vátryggingarskilmála.

Álit.

Ágreiningur í málinu einskorðast við hvort líkamstjón M megi rekja til skyndilegs utanaðkomandi atburðar í skilningi gr. 29. í vátryggingarskilmálum V, en þar er að finna hefðbundna skilgreiningu á hugtakinu „slys“ í vátryggingarétti. Í dómaframkvæmd hefur verið miðað við ekki sé um utanaðkomandi atburð að ræða ef sýnt er að rekja megi líkamstjón og aðdraganda þess til innri sjúkdóms eða veikleika í líkama M.

Í lýsingu M af tjónsatburði kemur fram að vegna minnisleysis sé honum ekki ljóst hvað hafi leitt til þess að missti meðvitund áður en hann fannst í því ástandi á heimili sínu 15. júlí 2018. Í læknisfræðilegum gögnum málsins er staðfest við komu á slysadeild að M hafi fengið heilablæðingu og þar er einnig vísað til höfuðkúpubrots. Í læknisvottorði Halldórs Skúlasonar dags. 5. febrúar 2019 kemur fram það álit læknisins að höfuðáverkar M „... voru án vafa orsakaðir af þungu höggi á höfuðið svo sem við fall. Algjörlega útilokað er að blæðingarnar/áverkarnir hafi orsakast af innri sjúkdómi.“

Þegar litið er umræddra ummæla og hversu afgerandi þau eru um mögulegar ástæður líkamsmeiðsla M og þeirra upplýsinga sem koma fram í öðrum læknisfræðilegum gögnum um staðfesta heilablæðingu M og höfuðkúpubrot, verður að leggja til grundvallar að yfirgnæfandi líkur séu á að meiðsli á líkama M séu tilkomin vegna höggs á höfuð, sem komið hafi til vegna falls. Sönnunarbyrði um að meiðslin séu tilkomin vegna innra ástands í líkama M verður lögð á V og hafa ekki verið lögð fram gögn sem styðja afstöðu félagsins hvað það varðar eða hnekkja þeim læknisfræðilegu ályktunum sem dregnar voru í áðurnefndu vottorði Halldórs Skúlasonar heila- og taugaskurðlæknis dags. 5. febrúar sl. Ekki liggja heldur fyrir nokkur gögn sem styðja þá afstöðu V að áfengisneysla eða sykursýki M hafi orsakað tjónsatvik eða að félagið geti takmarkað ábyrgð sína þess vegna. Hallann af þeim sönnunarskorti ber V og á M því rétt á bótum vegna slyss í frítíma úr fjölskyldutryggingu sinni.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík, 12. mars 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfr.

Mál nr. 350/2018

M og
vátryggingafélagið V vegna slysatryggingar ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A

Ágreiningur um bótarétt úr slysatryggingu ökumanns og eiganda.

Gögn.

Málskot móttekið 31. október 2018, ásamt fylgigögnum 1 - 12.
Bréf V, dags. 19. nóvember 2018.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að hinn 16. júní 2017 hafi M orðið fyrir líkamstjóni er hún ók bifreið sinni frá bifreiðastæði út á Skyggnisbraut í veg fyrir lögreglubifreið sem var í forgangsakstri á leið austur Skyggnisbraut. Í lögregluskýrslu sem gerð var vegna málsins kemur fram að ekki var tekin skýrsla af M vegna ástands, en fram kemur að hún hafi verið í mikilli geðshræringu eftir slysið og hafi verið flutt með sjúkrabifreið til frekari aðhlynningar. Ökumaður lögreglubifreiðarinnar lýsir atvikum með þeim hætti að hann hafi ekið austur Skyggnisbraut með forgangsljós kveikt en án hljóðmerkja. Kveðst hann hafa verið á u.þ.b. 80-90 km/klst hraða þegar hann fyrst sá A en síðan náð að hemla. Hann gat þó ekki sagt til um það á hvaða hraða lögreglubifreiðin var þegar árekstur varð. Hámarkshraði á Skyggnisbraut er 50 km/klst. Skemmdir voru á vinstri hlið A og sprungu út tveir öryggispúðar á vinstri hlið bifreiðarinnar. Lögreglubifreiðin skemmdist á framenda. Þá kemur fram í lögregluskýrslu að M hafi verið svipt ökuréttindum frá 13. mars. 2017 og að hún hafi ekki verið með gild ökuréttindi þegar áreksturinn varð. Samkvæmt blóðsýni sem tekið var eftir áreksturinn mældust 25 ng/ml af metýlfenídat í blóði M.

V hefur lækkað bætur til M um helming með vísan til þess að M hafi valdið árekstrinum af stórfelldu gáleysi og sé því heimilt að skerða bætur skv. varúðarreglu 8. gr. skilmála félagsins um ökutækjatryggingu, sbr. 1. mgr. 90 gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Byggði V ákvörðunina m.a. á því að ökumaður A hafi verið óhæf til aksturs í umrætt sinn skv. 2. mgr. 45. gr. umferðarlaga þar sem hún var undir áhrifum ávana- og fíknefna sem óhemil eru á íslensku yfirráðasvæði. Einnig virðist ákvörðunin byggja á að M hafi ekki verið með gild ökuréttindi þegar áreksturinn varð.

M mótmælir ákvörðun V lækkun bóta og vísar til þess að hún hafi greinst með ADHD af geðlækni í október árið 2013. Hún hafi í framhaldinu verið sett á viðurkennda lyfjameðferð við þeim sjúkdómi, sem m.a. er meðferð með lyfinu Ritalin uno, sem inniheldur metýlfendídat. M hafi verið í slíkri meðferð á slysdegi. M lýsir því að á fylgiseðli lyfsins sé bent á að á pakkningunni sé rauður varúðarþríhyrningur sem þýði að lyfið geti valdið aukaverkunum sem hafi áhrif hæfni til aksturs og notkunar véla. Þar segi einnig að hver og einn verði að leggja mat á eigin getu til aksturs. Þá vísar M til ritrýndar rannsóknargreinar doktors í sálfræði þar sem fram kemur að lyfið dragi úr áhættu á einbeitingarleysi ADHD sjúklinga við akstur. Telur M þar af leiðandi að það geti ekki talist til stórkostlegs gáleysis að aka bifreið eftir að hafa notast við viðurkennt lyf sem hún tekur af læknisráði á degi hverjum til að viðhalda einbeitingu, heldur þvert á móti auki taka hennar á lyfinu einbeitingu hennar og eftirtekt í umferðinni. Þá telur M að ekki hafi verið brotið gegn varúðarreglu vátryggingarskilmála V um ökuréttindi þar sem ekki sé sjálfkrafa hægt að fullyrða að akstur án ökuréttinda feli í sér háttsemi sem hægt er að meta til stórfellds gáleysis. M hafi áður haft bílpróf og hafi því kunnáttu til að aka bifreið.

Álit:

Í 8.1 gr. skilmála ökutækjatryggingarinnar sem M var með í gildi hjá V kemur fram að réttur til vátryggingarbóta geti fallið niður samkvæmt lögum um vátryggingarsamninga ef vátryggingartaki eða vátryggður vanrækir skyldur sínar gagnvart félaginu, til dæmis ef hann veldur tjóni með því að

aka án þess að hafa ökuréttindi eða veldur tjóni af ásetningi eða stórfeldu gáleysi, svo sem ef hann ekur undir áhrifum áfengis, ávana- eða fíkniefna. Framangreint ákvæði skilmálans byggir á heimild í 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga, þar sem fram kemur að heimilt sé að lækka eða fella niður ábyrgð félagsins í þeim tilvikum sem vátryggður veldur vátryggingaratburði með stórfelldu gáleysi.

Gögn málsins sýna að M hafi ekið bifreiðinni í greint sinn þrátt fyrir að vera svipt ökuréttindum. Í vátryggingarskilmálum V koma fram fyrirmæli, í formi varúðarreglu, til vátryggðra að þeir skuli hafa gild ökuréttindi og kunnáttu til aksturs. Verður ekki annað séð en að M hafi haft gild ökuréttindin áður en hún var svipt þeim og hafi haft kunnáttu til aksturs. Verður því ekki séð að orsakatengsl séu með beinum hætti milli brots á varúðarreglu um akstur án ökuréttinda og líkamstjóns þess sem M hlaut við áreksturinn. En ætla verður að kunnátta til aksturs sé fyrir hendi þegar ökumenn hafa einhvern tíman öðlast ökuréttindi. Þó refsivert sé að aka bifreið eftir að hafa verið sviptur ökuréttindum verður sú refsiverða háttsemi ekki lögð til grundvallar sem orsök árekstursins sem slíks.

Í gögnum frá Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði kemur fram að 25 ng/ml af metýlfenídat mældist í blóði M. Kveðið er á um það í 45. gr. a. umferðarlaga að mælist ávana - og fíkniefni í blóði ökumanns sem bönnuð eru á íslensku yfirráðasvæði samkvæmt lögum um ávana- og fíkniefni og reglugerð settum samkvæmt þeim teljist ökumaður óhæfur til að stjórna ökutæki örugglega. Ákvæði umferðarlaga um bann við akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefni verða ekki skilin öðruvísi en svo að þau eigi einungis við um lyf óheimilt er að nota á íslensku yfirráðasvæði. Verður því ekki fallist á að í tilvikum sem lyf eru notuð í viðurkenndri lyfjameðferð og skv. læknisráði teljist ökumenn sjálfkrafa óhæfir til aksturs skv. framangreindu ákvæði.

Við mat á því hvort heimilt sé að skerða bætur til M úr ökutækjatryggingu V verður að líta til þess hvort skilyrði 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga sé uppfyllt, þ.e. hvort tjónið verði rakið til stórfellds gáleysis M. Engin gögn hafa verið lög fram sem sýna fram á skerta akstursháefni M vegna lyfjanotkunar eða að orsakir tjónsins verði að einhverju leyti raktar til inntöku lyfsins. Þá er ekkert sem bendir til þess að tjónið verði að öðru leyti rakið til háttsemi M sem metin verður henni til stórfellds gáleysis. Með hliðsjón af framangreindu verður ekki fallist á að V hafi náð að sýna fram á ástæður til takmörkunar ábyrgðar vegna slyss M og á hún því rétt á fullum bótum úr slysatryggingu ökumanns hjá V.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík 20. desember 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 351/2018

M og
vátryggingafélagið V v. málskostnaðartryggingar fjölskyldutryggingar.

Réttarlegur ágreiningur varðandi ógildingu kosninga sem fram fóru 26. maí 2018 til sveitarstjórnar

Gögn.

Málskot, móttekið 5.11.2018, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 19.11.2018, ásamt bréfi lögmanns M til V, dags. 10.10.2018.

Málsatvik.

Kosið var til sveitarstjórnar hinn 26.5.2018. M telur að kosningarnar hafi verið ólögmætar og þær beri að ógilda. M, ásamt öðrum íbúa í sveitarfélaginu, kærði framkvæmd kosninganna skv. 2. mgr. 93. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Nefnd sem starfar skv. því lagaákvæði úrskurðaði M í óhag og kærði M þá úrskurðinn til dómsmálaráðuneytisins, sem staðfesti úrskurð nefndarinnar. M ætlar að höfða mál fyrir héraðsdómi til að fá kosningarnar ógiltar og hefur leitað aðstoðar lögmanns til að fara með málið fyrir sína hönd. M krefst bóta úr málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V og telur öll skilyrði vera fyrir hendi til þess. M segir málið varða ágreining í einkamáli og falli ekki undir undanþáguákvæði vátryggingaskilmála.

V hafnar bótaskyldu og vísar til þess sem kemur fram hjá M sjálfum vegna hagsmuna hans af málsókn til að fá kosningaúrslitum hnekkt. V bendir á að M telji nauðsynlegt að höfða málið þar sem úrslit kosninga í maí sl. hafi verið þannig að svokallaðir virkjunarsinnar hafi fengið meirihluta og því verulegar líkur á að virkjað verði í sveitarfélaginu. Það muni hafa áhrif á rekstur og starfsemi M og það telur V að séu aðstæður sem hægt er að jafna til atvinnu eða embættisreksturs M í skilningi undanþáguákvæðis vátryggingarskilmála í b.lið 39. gr. þar sem kemur fram að vátryggingin taki ekki til ágreinings, máls eða málsbeiðni sem er „*... í tengslum við atvinnu eða embættisrekstur vátryggðs...*“

Álit.

M hyggst höfða dómsmál til ógildingar á niðurstöðu sveitarstjórnarkosninga sem fóru fram hinn 26. maí 2018. M stundar rekstur í nágrenni við fyrirhugaðan virkjunarstað í Hvalá í Ófeigsfirði. V hafnar greiðslu málskostnaðartryggingar til M að því er virðist á þeim forsendum að hann stundi einhvers konar rekstur á svæðinu fyrirhuguð málsókn varði þess vegna hans atvinnu eða embættisrekstur. Jafnvel þó að afstaða M varðandi kosningarnar mótist af hagsmunum hans sem rekstraraðila atvinnureksturs, þá lýtur dómkrafa M í fyrirhuguðu dómsmáli að því með hvaða hætti kjörskrá vegna sveitarstjórnarkosninga í Árneshreppi var útbúin. Sú krafa varðar gildi eða ógildi kosninga hvort heldur M er í atvinnurekstri eða ekki. Sérhver kjósandi í Árneshreppi getur haft uppi slíka kröfu óháð því hvort hann hafi atvinnu eða með höndum einhvers konar embættisrekstur. Málskostnaðarkrafa M fellur því undir gildissvið vátryggingarskilmála V og á M því rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík 20.12.2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 352/2018

M og
vátryggingafélagið V v. málskostnaðartryggingar fjölskyldutryggingar.

Réttarlegur ágreiningur varðandi ógildingu kosninga sem fram fóru 26. maí 2018. til sveitarstjórnar

Gögn.

Málskot, móttekið 5.11.2018, ásamt fylgiskjölum nr. 1-4.
Bréf V, dags. 13.11.2018.

Málsatvik.

Kosið var til sveitarstjórnar í Árneshreppi hinn 26.5.2018. M telur að kosningarnar hafi verið ólögmætar og þær beri að ógilda. M kærði framkvæmd kosninganna skv. 2. mgr. 93. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Nefnd sem starfar skv. því lagaákvæði úrskurðaði M í óhag og kærði M þá úrskurðinn til dómsmálaráðuneytisins, sem staðfesti úrskurð nefndarinnar. M ætlar að höfða mál fyrir héraðsdómi til að fá kosningarnar ógiltar og hefur leitað aðstoðar lögmanns til að fara með málið fyrir sína hönd. M krefst bóta úr málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V og telur öll skilyrði vera fyrir hendi til þess. M segir málið varða ágreining í einkamáli og falli ekki undir undanþáguákvæði vátryggingaskilmála.

V hafnar bótaskyldu og segir að M eigi tilgreinda jörð sem á landamerki að Ófeigsfirði. M telji að virkjanir í Hvalá í Ófeigsfirði muni raska verulega hagsmunum sínum sem eiganda að fasteign og það sé þess vegna sem hann leiti þess að fá kosningar ógiltar. V vísar til ákvæðis 25.9 í vátryggingaskilmálum þar sem segir að málskostnaðartrygging greiði ekki málskostnað vegna ágreinings sem varðar vátryggðan sem eiganda fasteignar. V telur að ágreiningurinn sem hér er uppi eigi undir framangreint undanþáguákvæði. V segir að M telji sig hafa fjárhagslega/lögmæta hagsmuni af því að fá niðurstöðu kosninganna hnekkt. V segir að meirihluti kjósenda í umræddum kosningum hafi verið kjósendur sem vildu virkja í Hvalá, en M sé alfarið á móti því vegna hagsmuna sinna sem eigandi fasteignar sem liggur að Ófeigsfirði.

Álit.

M hyggst höfða dómsmál til ógildingar á niðurstöðu sveitarstjórnarkosninga sem fóru fram hinn 26. maí 2018. M er eigandi bújarðar í nágrenni við fyrirhugaðan virkjunarstað í Hvalá í Ófeigsfirði. V hafnar greiðslu málskostnaðartryggingar til M á þeim forsendum að hann sé eigandi fasteignar og málið varði hann sem sem eiganda fasteignar. Jafnvel þó að afstaða M varðandi kosningarnar mótist af hagsmunum hans sem eiganda hinnar tilteknu bújarðar, þá lýtur dómkrafa M í fyrirhuguðu dómsmáli að því með hvaða hætti kjörskrá vegna sveitarstjórnarkosninga var útbúin. Sú krafa varðar gildi eða ógildi kosninga hvort heldur M er eigandi fasteignar eða ekki. Sérhver kjósandi getur haft uppi slíka kröfu óháð því hvort hann er eigandi fasteignar eða ekki. Málskostnaðarkrafa M fellur því undir grein 25.1 í vátryggingarskilmálum þeim sem hér ræðir um og á M því rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingu sinnar hjá V. .

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík 29.11.2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 353/2018

M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðanna A og B

Árekstur á bifreiðastæði við Fiskitanga.

Gögn.

Málskot, móttekið 1.11.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-3.
Bréf V, dags. 7.1.2019.

Málsatvik.

Árekstur varð á bifreiðastæði við Fiskitanga. Samkvæmt því sem fram kemur í lögregluskýrslu voru ökumenn bifreiðanna A og B að aka afturábak úr stöðureitum sínum í aðdraganda árekstursins. Ákoma er á vinstra afturhorni bifreiðar A og aftan á hlífðarloki fyrir varadekk sem staðsett er aftan á afturhlera bifreiðarinnar B. Í lögregluskýrslu er haft eftir ökumanni B, að hún hafi verið að aka bifreið sinni aftur á bak úr bifreiðastæði og að ökumaður A hafi einnig verið að baka úr stæði fyrir aftan hana þannig að bifreiðarnar lentu saman. Ökumenn bifreiðanna hafi rætt saman og ákveðið að fylla út tjónstilkynningu en þegar þær voru að því hafi þeim ekki borið saman um stöðu bifreiðanna og því leitað til lögreglu. Í lögregluskýrslu kemur fram að M, ökumaður A hafi haft sömu sögu að segja og ökumaður B um að þeim hafi ekki borðið saman um stöður ökutækjanna og því leitað til lögreglu.

M, ökumaður B lýsir málsatvikum þannig í málskoti að bifreið hennar hafi verið orðin kyrrstæð áður en árekstur varð. Hún hafi því ekki verið að bakka þegar áreksturinn varð og verði áreksturinn þar af leiðandi einungis rakinn til þess að ökumaður A hafi ekki gætt nægilega að sér við akstur aftur á bak. Þá vísar M til framburðar vitnis sem staðfestir að B hafi verið orðin kyrrstæð þegar árekstur varð.

Álit.

Í málinu liggur fyrir lögregluskýrsla þar sem haft er eftir ökumönnum beggja bifreiða að þeir hafi ekið aftur á bak í aðdraganda árekstursins. Í 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga kemur fram að ökumaður skuli „*áður en hann snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak, ganga úr skugga um, að það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra.*“ Bæði ökumanni bifreiðar A og B bar því að gæta sérstaklega að annarri umferð í aðdraganda árekstursins. Þó litið væri til þess sem fram kemur í málskoti M um að ökumaður bifreiðar B hafi stöðvað bifreiðina áður en árekstur varð, er ekki hægt að leggja það til grundvallar að ökumaður B hafi stöðvað bifreið sína það löngu áður að það skipti máli við sakarskiptingu. Hvorugur ökumaður telst hafa gætt nægilega að annarri umferð í umrætt sinn. Með hliðsjón af gögnum málsins þykir ekki tilefni til að leggja meiri sök á annan ökumann umfram hinn.

Niðurstaða.

Hvor ökumaður ber helming sakar.

Reykjavík 15. janúar 2019

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 354/2018

M og
vátryggingafélagið V v/ slysatryggingar launþega.

Ágreiningur um hvort meiðsl á hné megi rekja til slyss í skilningi vátryggingarskilmála.

Gögn.
Málskot, móttekið 6.11.2018, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Bréf V, dags. 16.11.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Hinn 15. febrúar 2018 var M í körfubolta og varð þá fyrir meiðslum á hægra hné. Vinnuveitandi M hafði í gildi slysatryggingu launþega hjá V sem gilti allan sólarhringinn. Í tilkynningu um tjónið til V, dags. 6. mars 2018, segir að M hafi verið í körfubolta með vinnufélögum sínum og hafi hann stokkið upp af hægri fæti en fóturinn gefið sig um leið og hann orðið fyrir miklum meiðslum á hnénu. Í tilkynningunni er meiðslunum nánar lýst svo að fremra krossband, liðbönd og liðþófi hafi rifnað eða slitnað og hnéskel farið úr lið.
Í bráðamóttökuskrá Landspítalans kemur fram að M hafi komið með sjúkrabifreið. Hann hafi stokkið upp á hlaupum og fundið fyrir tilfærslu á hné til hægri og fundist það svo skreppa aftur til baka. Verkir hafi verið innanvert á hné yfir „medial collateral“ liðbandi.

M hefur krafist bóta úr fyrrgreindri slysatryggingu hjá V. Með bréfi 2. október 2018 hafnaði V bótaskyldu úr vátryggingunni. Í málskoti hefur lýst tildrögum slyssins á þann veg að lið hans hafi verið í sókn og hafi hann verið með boltann vinstra megin við körfuna. Hafi hann „dripplað“ að miðju vítateigs, en þar hafi verið nokkrir leikmenn inni í hringnum og smá barningur. Hann hafi tekið boltann og stokkið upp í loftið. Þegar hann var í loftinu hafi hann lent í samstuði við annan mann sem ýtti á vinstri hlið hans. Það hafi orðið til þess að hann „lenti í engu jafnvægi og með allan þungan á hægri fæti“. Við það hafi liðþófi rifnað, krossbandið og liðband slitnað og hnéskelin farið úr lið. Sex einstaklingar, væntanlega leikfélagar M, hafa undirritað yfirlýsingu þar sem þeir kveðast staðfesta að slys M hafi borið að með þeim hætti sem í málskotinu greinir.

Álit.
Í skilmálum V fyrir slysatryggingu launþega segir að félagið greiði bætur vegna slyss er vátryggður verður fyrir, ef það leiðir m.a. til varanlegrar læknisfræðilegrar örorku eða tímabundins missis starfsorku. Enn fremur segir í skilmálunum að með hugtakinu slys sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist án vilja hans.

Nokkuð ber í milli í frásögn M af tildrögum slyssins annars vegar í tjónstilkynningu hans til V og hins vegar í málskoti. Svo er að sjá að við komu á bráðadeild Landspítalans hafi M lýst atvikum með sama hætti og greinir í tjónstilkynningunni. Að öllu virtu verður ekki hjá því komist að leggja þessa frásögn til grundvallar þegar lagt er mat á hvort M hafi orðið fyrir umræddum meiðslum af völdum slyss eins og það hugtak er skilgreint í skilmálum slysatryggingarinnar, enda kom síðari lýsing á atvikinu til eftir að V hafði hafnað bótaskyldu. Þessu breytir ekki staðfesting einstaklinganna sex um það hvernig slysið bar að höndum.

Í tilkynningunni til V kvaðst M hafa orðið fyrir meiðslunum er hann stökk upp af hægri fæti. Samkvæmt því hefur hann ekki orðið fyrir meiðslunum af völdum utanaðkomandi atburðar eins og áskilið er í skilmálunum. Er í tilviki þessu því ekki um að ræða slys í skilningi vátryggingarskilmálanna og af því leiðir að M á ekki rétt á bótum úr vátryggingunni.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá V.

Reykjavík, 29. nóvember 2018.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Jón Magnússon lögm.

Mál nr. 355/2018

M og
V vegna ferðatryggingar samkvæmt kreditkortaskilmálum

Ágreiningur um bótaskyldu úr ferðatryggingu vegna þjófnaðar á síma

Gögn.

Málskot dags. 6.11.2018 ásamt fylgiskjölum 1-5.
Bréf V dags. 20.11.2018.
Tölvupóstur frá fyrirsvarsmanni M dags. 22.11.2018

Málsatvik.

Samkvæmt gögnum málsins var M stödd í Barcelona á Spáni hinn 21. september 2018, en það kvöld segir hún samkvæmt lögregluskýrslu farsíma sínum hafa verið stolið „..á bar eða á götunni á leiðinni á barinn eða á leiðinni í leigubílinn“. Krafist hefur verið bóta úr farangurstryggingarlið ferðatryggingar hjá V samkvæmt kreditkorti móður M.

M telur sig eiga skaðabótarétt á hendur V á grundvelli þess að vátryggingin nái einnig til barna á framfæri korthafa til 22 ára aldurs. Þá er því haldið fram af hálfu M að hún hafi tilkynnt um þjófnaðinn svo fljótt sem auðið var, en hún hafi ekki haft tök á að leita til lögreglu í Barcelona þar sem hún hafi átt flug þaðan til Berlínar daginn eftir. Næstu daga hafi hún reynt að gefa lögreglunni í Barcelona skýrslu símleiðis, en án árangurs. Það hafi því ekki verið fyrr en eftir komuna til Íslands, eða 28. september sem M gaf skýrslu hjá embætti lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins.

V hefur hafnað bótaskyldu úr vátryggingunni á grundvelli þess að skilyrði fyrir bótagreiðslu sé m.a. að vátryggður tilkynni viðkomandi yfirvöldum um þjófnað, rán eða innbrot og fái skýrslu þar um. Einnig skuli ávallt tilkynna fararstjóra, hóteli og bílaleigu um tjón. Þá telur V ljóst að með „viðkomandi yfirvöldum“ sé átt við lögreglu í því landi sem atburður á sér stað og því geti íslensk lögregluyfirvöld ekki fallið þar undir í þessu tilviki. Þá er því mótmælt að tilkynnt hafi verið um tjónið við fyrsta tækifæri, þar sem M hefði átt þess möguleika að leita til lögreglu á flugvellinum í Barcelona. Þá tekur V fram að M hafi ekki aflað sér sönnunar á tjóninu með öðrum hætti, s.s. með tilkynningu til hótels eða fararstjóra.

Álit:

Í 5.1. gr. skilmála V sem gilda um tjón á farangri og tafir kemur fram að vátryggt sé gegn tjóni sem verður á einkamunum af völdum þjófnaðar, að því gefnu að hinn vátryggði hafi gætt fyllsta öryggis við vörslu hins vátryggða. Ekki virðist um það deilt að svo hafi verið, og jafnframt er ljóst að vátryggingin tekur til farsíma. Í gr. 5.2.14 kemur svo fram að það sé skilyrði fyrir greiðslu bóta að vátryggður geri nauðsynlegar ráðstafanir til að sanna að tjónsatburðurinn hafi átt sér stað, m.a. með tilkynningu til viðkomandi yfirvalda sé um þjófnað að ræða. Þá skuli jafnframt tilkynna tjónið til fararstjóra hótels og bílaleigu.

Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er hins vegar eina gagnið um umrætt tjón lögregluskýrsla sem gerð var á Íslandi, en fallast verður á það með V að íslensk lögregla sé ekki „viðkomandi yfirvald“ í þessu tilviki, viku eftir tjónsatburðinn.

Samkvæmt framansögðu verður ekki séð að M hafi sýnt nægilega fram á að hún hafi orðið fyrir umræddu tjóni á ferðlagi sínu í Barcelona og ber því að hafna kröfu hennar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ferðatryggingu hjá V.

Reykjavík 20. desember 2018
Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 356/2018
M og
vátryggingafélagið V v/ málskostnaðartryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna dómsmáls sem laut að ágreiningi um lögheimili, meðlagsgreiðslur og umgengnisrétt við barn.

Gögn.
Málskot, móttekið 6.11.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 26.11.2018.

Málsatvik.
M eignaðist barn með sambýliskonu sinni. Eftir að sambúð M og barnsmóður hans lauk bjuggu þau í sama hverfi í Reykjavík og var barn þeirra í leikskóla í hverfinu. Eftir að barnsmóðirin fluttist í annað sveitarfélag höfðaði M dómsmál á hendur barnsmóður sinni og hafði uppi þær dómkröfur 1) að lögheimili barns þeirra yrði flutt til hans, 2) að stefnda greiði nánar tilgreint meðlag með barninu til 18 ára aldurs og 3) „að dómurinn ákveði inntak umgengnisréttar [barnsins] við það foreldri sem [barnið] mun ekki eiga lögheimili hjá."

M hefur krafist greiðslu úr málskostnaðartryggingarlið fjölskyldutryggingar sem hann hefur í gildi hjá V vegna kostnaðar við rekstur dómsmálsins. V hefur hafnað bótaskyldu þar sem það telur að kostnaður vegna dómsmáls eins og hér um ræðir falli ekki undir bótasvið vátryggingarinnar. M vill ekki una þeirri niðurstöðu.

Álit.
Samkvæmt gr. 25.1 í skilmálum málskostnaðartryggingar þeirrar sem hér er til skoðunar bætir vátryggingin málskostnað vegna ágreinings sem snertir vátryggðan sem einstakling og getur komið til úrlausnar héraðsdóms eða Hæstaréttar hér á landi. Í gr. 25.4 er á hinn bóginn mælt fyrir um það að vátryggingin bæti ekki málskostnað sem varðar hjónaskilnað eða mál sem upp kunna að koma í sambandi við hjónaskilnað. Sama gildir um mál vegna sambúðarslita og önnur mál sem varða ágreining um forræði barna, umgengnisrétt og faðernismál.

Rót þess ágreinings, sem fyrrgreint dómsmál lýtur að, má rekja til þess að barnsmóðir M fluttist í annað sveitarfélag og í kjölfar þess krafðist M þess að lögheimili barnsins yrði flutt til hans og hann myndi ganga í skóla þar sem hann býr og umgengnisréttur við barnið yrði tekið til endurskoðunar með tilliti til þessa. Telja verður að málið snúi í reynd fyrst og fremst að endurskoðun á umgengnisrétti M við barnið. Af þeim sökum fellur dómsmálið undir undanþáguákvæði gr. 25.4 og af því leiðir að kostnaður vegna málsins fæst ekki bættur úr málskostnaðartryggingunni.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu hjá V.

Reykjavík, 20. desember 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 358/2018

M og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar X

Vinnuslys í sláturhúsi 23.10.2017.

Gögn.

Málskot málskotsaðila, móttekið 2.11.2018, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 15.11.2018, ásamt fylgigögnum þ.á.m. vinnulýsingu við sauðfjárslátrun nr. A022, myndir af starfstöð M, tölulegar upplýsingar um fjölda slátraðra lamba og tilkynning um vinnuslys dags. 12.7.2018.

Bréf lögmanns M, dags. 27.11.2018.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M slasaðist á hendi við vinnu sína hjá X hinn 23. október 2017. Í málskoti er atvikum lýst þannig að M hafi unnið við að hengja upp kindaskrokka á þar til gerða króka færibands sem hreyfast að honum hverju sinni. M telur að hraði færibandsins hafi verið nokkur þann dag sem hann slasaðist og hafi venjulegt verklag verið þannig að kindaskrokkar þeir sem hann hafi átt að hengja upp á króka hafi almennt verið rafstuðaðir og kindur skornar á háls áður en hann hengdi þær upp. Á tjónsdegi hafi hins vegar einn kindaskrokkurinn kippst við þegar hann hafi verið að hengja hann upp og telur M að það hafi verið vegna þess að rafstuðið hafi ekki verið nægilegt. Við þann kipp hafi löpp af kindaskrokknum slengst í hönd hans með þeim afleiðingum að hann slasaðist. Staðfest er í gögnum málsins að M leitaði samstundis til læknis og skv. tjónstilkynningu X til V, dags. 12.7.2018, var hann óvinnufær frá tjónsdegi til 30. október 2017. Í þeirri tjónstilkynningu lýsir starfsmaður X atvikum þannig að M hafi verið „*.. að vinna í sláturhúsinu við að hengja kindaskrokka á mótórknúið stál færiband þegar hangandi skrokkur skall í hann með þeim afleiðingum að fingur brotnaði og hönd bólgnaði upp.*“ Í tjónstilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands dags. sama dag er atvikum lýst með sama hætti af hálfu X.

M telur að líkamstjón hans megi rekja til þess að X hafi ekki gætt þess að vinnuaðstæður væru almennt öruggar og sérstaklega þegar byrðar eru handleiknar sem og að hraði færibands í greint sinn hefði gert vinnuaðstæður hans mun hættulegri. Einnig bendir M á að aðstæður á slysstað og aðdragandi hafi ekki verið rannsakaður af hálfu Vinnueftirlitsins þar sem X hafi ekki tilkynnt slysið í samræmi við skyldu fyrirtækisins skv. 79. gr. laga nr. 46/1980. Þannig eigi að leggja til grundvallar lýsingu M af atvikum í samræmi við dómaframkvæmd þar um.

V telur skaðabótaábyrgð X ekki fyrir hendi og telur að lýsingar M af atvikinu séu misvísandi í gögnum málsins. Einnig bendir V á að ekki sé sýnt að færiband hafi verið keyrt of hratt í greint sinn og vísar til eigin tölulegra upplýsinga um að færri lömbum hafi verið slátrað þennan dag en aðra daga. V telur að slys M sé óhappatilvik sem enginn beri skaðabótaábyrgð á.

Álit.

Í gögnum málsins kemur skýrt fram að M var óvinnufær strax á slysdegi. Á atvinnurekendum hvílir sú skylda að tilkynna án tafar um slík slys skv. 1. mgr. 79. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980. Í dómaframkvæmd hefur vanræksla á slíkri skyldu verið túlkuð þannig að leggja verði skýrslu tjónþola til grundvallar varðandi lýsingu á málsatvikum. Í þessu máli verður ekki önnur ályktun dregin af lýsingum M en að kindaskrokkur hafi slengst í hönd hans af nokkru afli og telur hann að það hafi verið vegna þess að ekki hafi verið beitt nægilegum rafstraumi á skrokkinn áður en átti að hengja hann upp á þar til gerða króka og að hraði færibands hafi verið nokkur. Nægilega miklar líkur verða leiddar af því til að leggja til grundvallar að vinnuaðstæður hafi þannig ekki verið í samræmi við fyrirmæli laga nr. 46/1980 og reglur þeim tengdar að sönnunarbyrði verður lögð á X um að slys M verði rakið til annars. Þegar litið er til gagna málsins í heild verður slys M rakið til aðstæðna á vinnustað hans sem X ber ábyrgð á en ekki til óhappatilviks. Háttsemi M

verður ekki heimfærð undir 23. gr.a skaðabótalaga nr. 50/1993 þannig að hann beri hluta tjóns síns sjálfur. Á M því rétt til fullra bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.
M á rétt á fullum bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 20. desember 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 359/2018

M og
vátryggingafélagið V vegna bóta vegna afnotamissis úr ökutækjatryggingu

Ágreiningur um bætur vegna afnotamissis ökutækis í kjölfar umferðaróhapps.

Gögn.

Málskot móttekið 5.11.2018 ásamt fylgiskjölum 1-5.
Bréf M dags. 8.11.2018.
Bréf V dags. 10.12.2018.

Málsatvik.

Samkvæmt gögnum málsins lenti bifreið M í árekstri hinn 4. september 2016 og skemmdist hún töluvert. Lögreglurannsókn fór fram á tildrögum slyssins og virðist henni ekki hafa lokið fyrr en í apríl 2017. Viðgerð á bifreiðinni var, samkvæmt gögnum málsins, samþykkt hinn 21. apríl 2017 og lauk henni hinn 18. maí sama ár.

Hinn 8. maí 2017 fékk M tilboð frá V um bætur vegna afnotamissis af bifreiðinni, en tilboðið hljóðaði upp á 360.000 kr., eða 4.000 kr. á dag í 90 daga, gegn því að M sendi skýringar á því að hann hefði lagt til aðra bifreið á tímabilinu. Virðist tilboð V að einhverju leyti byggt á því að áformað hafi verið að senda bifreiðina, sem er á pólskum númerum, úr landi í nóvember 2016. Jafnframt kemur fram í bréfi V að M hefði getað sett bifreiðina í viðgerð á eigin kostnað mun fyrr en í apríl 2017.

M sætti sig ekki við þetta tilboð og fór fram á bætur vegna afnotamissis frá 5. september 2016 til og með 18. maí 2017, eða í 265 daga, enda væri óumdeilt að bifreiðin hefði verið óökufær allan þann tíma. Vegna þessa hefði M þurft að útvega aðra bifreið til afnota, bæði hér á landi og í Póllandi, en þar hefði verið áformað að nota bifreiðina sem vinnutæki. Þá segist M ítrekað hafa reynt að fá heimild til að gera við bifreiðina, án árangurs. M telur að þáttur hans í umræddu slysi hafi legið ljós fyrir frá því skýrsla var tekin af honum þremur dögum eftir slysið, og að V hefði getað fengið upplýsingar um þann þátt mun fyrr. Hefði því engin ástæða verið til þess að viðurkenna ekki bótaábyrgð gagnvart honum fyrr en raun varð. Jafnframt var M ósáttur við upphæð daggjaldsins vegna afnotamissisins.

Í bréfi sínu til nefndarinnar tekur V í fyrsta lagi fram að nefndinni sé ekki heimilt að úrskurða um bótafjárhæðir án samþykkis félagsins, sbr. 2. mgr. 3. gr. samþykkta nefndarinnar, og slíkt samþykki liggi ekki fyrir. Því er þess óskað að þeim hluta kröfunnar sé vísað frá. Að öðru leyti hafnar V kröfu M. Rannsókn lögreglu hafi ekki lokið fyrr en í apríl 2017 og þá fyrst hafi félaginu verið fært að taka afstöðu til sakarskiptingar. Á því tímabili hafi M ekki gripið til neinna ráðstafana til að takmarka tjón sitt, t.a.m. með bráðabirgðaviðgerð á bifreiðinni. Þá hafi M ekki sýnt fram á hvert raunverulegt fjárhagstjón hans vegna afnotamissisins var. Enn fremur verði tjónvaldi ekki kennt um þá töf sem orðið hefði á rannsókn málsins, og geti hún ekki talist sennileg afleiðing umferðaróhapps. Er kröfum M um bætur vegna afnotamissis, umfram þá 90 daga sem V hafði þegar boðið, því hafnað.

Álit:

Rétt er að taka fram að nefndinni er ekki heimilt að úrskurða um bótafjárhæðir sem slíkar nema að fengnu samþykki allra málsaðila, sbr. 2. mgr. 3. gr. samþykkta nefndarinnar skv. auglýsingu nr. 1090/2005. Slíkt samþykki liggur ekki fyrir hvað V varðar og er þeim þætti málsins því vísað frá.

Ekki liggja fyrir nefndinni nein gögn er sýna fram á hvert fjárhagslegt tjón M var vegna afnotamissis bifreiðarinnar, og til hvaða ráðstafana hann þyrfti að grípa hér á landi til að tryggja sér aðra bifreið til afnota. Fyrir liggur bréf frá fyrirtæki sem M starfaði fyrir í Póllandi, um að þurft hafi að leigja bifreið þar ytra, en ekkert kemur fram um kostnað eða tjón M vegna þess. Verður því að fallast á að M hafi ekki sýnt fram hvert raunverulegt fjárhagstjón hans hafi verið.

Þá byggir M á því að þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir hafi ekki fengist heimild til að gera við bifreiðina á þeim tíma sem lögreglurannsókn stóð yfir. Engin gögn liggja hins vegar fyrir nefndinni um slík samskipti M og V og verður því að teljast ósannað að M hafi ekki verið fært að takmarka tjón sitt með einhverjum hætti.

Á grundvelli ofangreinds er frekari kröfum M vegna afnotamissis hafnað.

Niðurstaða.
M, á ekki rétt á frekari bótum en honum hafa þegar verið boðnar vegna afnotamissis bifreiðarinnar tryggðri frá V.

Reykjavík 3. janúar 2019

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 360/2018

M og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar A

Ágreiningur um bótaskyldu er bifreið var ekið á kyrrstæða vinnuvél á Þorlákshafnarvegi.

Gögn.
Málskot, móttekið 6.11.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 12.12.2018.

Málsatvik.
M ók bifreið sinni, A, aftan á vinnuvél á Þorlákshafnarvegi. Myrkur var, engin lýsing en þurrt færi. Í lögregluskýrslu er haft eftir M að hún hafi ekið á 85-90 km hraða á klst. Hún hafi einungis séð eitt hvítt ljós framundan og dregið þá ályktun að um framljós bifreiðar hafi verið að ræða sem ekið hafi verið á móti henni í nokkurri fjarlægð. Hafi hún ekið áfram með lágu ljósin og búist við að mæta bifreiðinni innan tíðar. Skyndilega hafi hún tekið eftir að ljósið hafi verið frá vinnuvél (lyftara) (B) sem hafi verið kyrrstæð við vegarbrún hægra megin. Engin ljós, svo sem rauð afturljós eða gul vinnuljós, hafi verið á B sem hafi gefið til kynna að hún hafi verið kyrrstæð. Henni hafi ekki gefist ráðrúm til að bregðast við eða afstýra árekstri.

B mun hafa verið óvátryggð en V, ábyrgðartryggjandi A, telur að M beri fulla ábyrgð á tjóni því sem hlaust við áaksturinn. Eins og málið liggur fyrir verður að líta svo á að M fallist ekki á afstöðu M til bótaskyldu.

Álit.
Fyrir liggur myndbandsupptaka úr A í aðdraganda þess að hún rakst á B. Þar má sjá með nokkrum fyrirvara að umrætt ljós frá vinnuvélinni hafi ekki verið vinstra megin á veginum heldur miklu fremur á hægri helmingi vegarins. Samkvæmt 1. mgr. 36. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal jafnan miða ökuhraða við aðstæður með sérstöku tilliti til öryggis annarra. Ökumaður skal þannig miða hraðann við gerð og ástand vegar, veður, birtu, ástand ökutækis og hleðslu, svo og umferðaraðstæður að öðru leyti. Þá má hraðinn aldrei verða meiri en svo að ökumaður hafi fullt vald á ökutækinu og geti stöðvað það á þeim hluta vegar fram undan, sem hann sér yfir og áður en kemur að hindrun, sem gera má ráð fyrir. Þegar skipt er frá háum ljósgeisla í lágan skal aðlaga ökuhraða hinu breytta sjónsviði. Samkvæmt 2. mgr. sömu lagagreinar hvílir sérstök skylda á ökumanni að aka nægilega hægt miðað við aðstæður t.d. þegar útsýn er takmörkuð vegna birtu eða veðurs og þegar hætta er á að ljós valdi glýju, sbr. b. og f. liði málsgreinarinnar. M ók á allt að hámarkshraða er áreksturinn varð. Þegar litið er til þess að M sá ljós á veginum framundan ók hún of hratt og ekki í samræmi við þau fyrirmæli umferðarlaga sem að framan greinir. Til þess verður árekstrinn rakinn og telst M því eiga sök á því hvernig fór. B var réttu megin á veginum miðað við aksturssstefnu. Ekkert er um það samkvæmt fyrirliggjandi gögnum að ljós á B hafi verið ólögleg. Ekki er efni til að fella sök á stjórnanda B. Verður M því gefin öll sök á óhappinu.

Niðurstaða.
Leggja ber alla sök á M, ökumann A.

Reykjavík, 8. janúar 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 361/2018

M og
vátryggingafélagið V vegna fasteignatryggingar.

Ágreiningur um umfang bótaskyldu vegna vatnstjóns.

Gögn.

Málskot, móttekið 7.11.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-3.
Bréf V, dags. 20.11.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 2-3.

Málsatvik.

Þann 28.1.2018 var V tilkynnt símleiðis að ofn í eldhúsi í fasteign M læki. Kallaði V til verktaka sem fór á staðinn samdægurs, aftengdi ofninn og þurrkaði upp bleytu undir ofninum. Óumdeilt er að tjón vegna atburðarins, sem varð á parketi í eldhúsi er bótaskylt skv. skilmála fasteignatryggingarinnar og hefur V þegar látið lagfæra skemmdirnar með því að láta slípa gólfefni í eldhúsi. Aðila málsins greinir hins vegar á um það hvort parket á stofu tilheyri tjóninu, en stofan liggur neðar en eldhúsið og er skilin frá eldhúsinu með tveimur gönguþrepum.

M heldur því fram að vatn hafi lekið frá eldhúsi niður í stofu og vísar til bréfs sem er undirritað af starfsmanni pípulagningarverktakans sem M réði til þess að gera við lagnirnar. Í skjalinu sem er dags. þann 5.11.2018 kemur m.a. fram að starfsmaður pípulagningaverktakans hafi mætt á svæðið vegna leka, skipt um 2 ofna og ofnloka í eldhúsi eftir að heitt vatn hafði lekið frá ofnum niður tröppur og á neðra gólf í stofu. Í rökstuðningi M er einnig vísað til þess að líta beri á gólfflöt í eldhúsi og stofu sem eina heild, þar sem fljótandi parket sé frá eldhúsi niður í stofu. Telur M að eftir aðgerðir á vegum V sé litamunur á parketi í eldhúsi og á stofu sem hann eigi ekki að þola bótalaust.

V hafnar því að vatn hafi lekið niður í stofu frá ofnum í eldhúsi með vísan til yfirlýsingar verktakans sem mætti á staðinn til að aftengja ofninn.

Álit.

Ljóst er að aðila greinir verulega á um umfang vatnslekans sem varð þann 28.1.2018. Samkvæmt sönnunarreglum vátryggingaréttar er það tjónþola að sanna tjón sitt og að bótagrundvöllur sér fyrir hendi, þ.á.m. varðandi orsakatengsl. Af myndum sem fylgja málskoti M má greina að parket í stofu er nokkuð illa farið á afmörkuðu svæði fyrir neðan þrep sem skilur að eldhús og stofu. Engin matsgerð eða gögn hafa verið lögð fram sem staðfesta með sannanlegum hætti að vatn hafi lekið niður í stofuna í umrætt sinn eða að slælegt ástand parkets í stofu verði rakið til vatnsskemmda. Telst því ósannað að vatn hafi lekið niður í stofu í umrætt sinn eða að skemmdir á parketi í stofu verði raktar til vatnsskemmda.

Í gr. 21.1 skilmála fasteignatryggingarinnar kemur fram að vátryggingarbætur miðist við sannanlegar vatnsskemmdir á hinni vátryggðu húseign. Bætur greiðist einnig fyrir kostnað við uppbrot og rask, sem óhjákvæmilegt er til þess að komast fyrir leka, svo og frágang að nýju vegna slíkra aðgerða þannig að húseignin sé ekki í lakara ástandi en fyrir tjón. Ákvæði þetta verður skilið á þann hátt að V beri að þessu leyti að bæta tjónið þannig að eignin verði í sama ástandi hvað snertir verðgildi og gæði og hún var fyrir tjónið.

Sannanlegar skemmdir á parketi voru á mjög afmörkuðu svæði í eldhúsi. Miðað við gögn málsins var skemmdin lagfærð með þeim hætti að parket á gólffleti eldhússins var slípað og lakkað. Eins og áður hefur komið fram telur M sig eiga óbætt tjón hjá V vegna litamismunar á parketi í eldhúsi og á stofu. Af þeim gögnum, sérstaklega myndum sem M hefur lagt fram, verður hins vegar ekki séð að litamismunur sé fyrir hendi. Gólfefni í stofu og eldhúsi eru sömu gerðar og þótt einhver og jafnvel tímabundinn litamismunur verði á þessum flötum leiðir það ekki sjálfkrafa til þess að M

eigi kröfu á að gólfefnin verði slípuð og lökkuð í heild sinni og kostnaður vegna þess greiddur af V. Vátryggingin greiðir bætur vegna fjártjóns og hefur ekki verið sýnt fram á fjártjón af hálfu M. Verður því talið miðað við stöðu málsins að M eigi ekki rétt á frekari bótum frá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á frekari bótum úr fasteignatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 8. janúar 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 362/2018
M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar A

Ágreiningur um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu vinnuveitanda vegna vinnuslyss

Gögn.

Málskot, móttekið 5.11.2018 ásamt fylgigögnum 1-10.
Bréf V, dags. 23. nóvember 2018.

Málsatvik.

Samkvæmt gögnum málsins var M að vinna við að setja upp sviðspall hinn 28. febrúar 2018, þegar pallurinn, eða hluti hans, féll á rist hans. Slysið átti sér stað meðan M var við störf hjá fyrirtækinu A. Samkvæmt læknisvottorði sem fylgdi málskoti fékk M opið sár á rist og greiningu um „fracture“ í ristarbeini og fann enn fyrir afleiðingum þess ríflega hálfu ári eftir slysið. Þá má ráða af gögnum málsins að slysið hafi ekki verið tilkynnt Vinnueftirlitinu fyrr en með skriflegri tilkynningu sem barst hinn 3. apríl 2018.

Af hálfu M er því haldið fram að læsing sviðspallsins hafi gefið sig þegar hann var að færa pallinn til og það bendi til þess að lásinn hafi verið vanbúinn og hætta hafi skapast af því. Þá hafi M ekki fengið neina kennslu um verkið, og hafi aldrei séð þær leiðbeiningar sem V hefur lagt fram ljósmyndir af. Þá hafi M haft litla reynslu af uppsetningu sviðspalla en hafi borið sig að við starfið á þann hátt sem hann hafi lært af öðrum starfsmönnum. Þannig telur M að slysið megi rekja til þess að ekki hafi verið gætt nægilega að verkstjórn, leiðbeiningum, öryggi og aðbúnaði á vinnustaðnum. Á grundvelli þessa krefst M bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

V hafnar greiðsluskyldu m.a. á grundvelli þess að sjónarvottur hafi staðfest að M hafi borið sig rangt að við uppsetninguna. Þá hafi M fengið verklega kennslu í uppsetningu og meðhöndlun sviðspallanna og margoft sett þá upp sjálfur Þá sé á pallaeiningunum sjálfum að finna skýrar og myndrænar leiðbeiningar.

Álit:

Gegn mótmælum V, og án frekari gagna sem styðja staðhæfingu M, verður ekki talið að læsing á sviðspalli hafi gefið sig. Þá hefur V lagt fram myndir af varúðarmerkingum sem sýna á afar skýran hátt að ekki megi ýta á eða draga sviðspall þegar einingin er hálfuppsett og að sögn V er þessar merkingar að finna á pallaeiningunum sjálfum. Þá er tilkynning til Sjúkratrygginga Íslands um slysið meðal gagna í málinu en þar hefur M sjálfur skrifað „Var að setja upp sviðspalla og annar helmingurinn var uppi þegar ég ætla að draga hann aðeins frá veggnum.“ Verður því miðað við að M hafi beitt röngum aðferðum við verkið og ekki séð að það hefði breytt einhverju þar um hefði atvikið verið tilkynnt tafarlaust til Vinnueftirlitsins, enda verður að telja að aðilum beri í raun saman um tildrög slyssins. Þá var samstarfsmaður M sjónarvottur að slysinu og í samtölum við V mun hann hafa staðfest að slysið hafi orðið með ofangreindum hætti. Jafnframt er miðað við að umræddar varúðarmerkingar sé að finna á pöllunum sjálfum og að M hafi því mátt vera ljóst að umrædd aðferð var áhættusöm.

Slysið verður ekki rakið til ófullnægjandi verkstjórnar, búnaðar, eða annars þess sem telja má A bera ábyrgð á og hefur greiðsluskylda úr ábyrgðartryggingu A því ekki stofnast.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 20. desember 2018

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 363/2018

M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins X

Orsakatengsl líkamstjóns og umferðaróhapps 12.júlí 2017.

Gögn.
Málskot málskotsaðila, móttekið 6.11.2018, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 17.12.2018.

Málsatvik.
Í gögnum málsins kemur fram að bifreiðinni X var ekið aftan á bifreið M 12. júlí 2017 og var gerð sameiginleg tjónstilkynning ökumanna bifreiðanna um atvikið. Þar er ekki getið sérstaklega um slys á fólki. Í tjónstilkynningu M til V dags. 26. apríl 2018 tilkynnir M um líkamstjón sitt, sem hún tengir við umræddan árekstur til V. Í gögnum málsins kemur ennfremur fram að M hafi leitað til heimilislæknis vegna verkja 14. september 2017 og er það staðfest í vottorði læknisins auk þess sem í læknisfræðilegum gögnum sem fylgja málskoti er gerð grein fyrir þeirri komu og meðferð M hjá sjúkraþjálfara sem og fyrri einkennum.

M telur að hún hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum 12. júlí 2017 og vísar til þess að árekstur hafi verið harður og bifreið hennar hafi eyðilagst við áreksturinn og vísar einnig til þess sem kemur fram um einkenni hennar eftir áreksturinn í læknisfræðilegum gögnum málsins.

V telur að orsakatengsl séu ósönnuð og vísar til þess að M hafi ekki leitað læknis strax eftir áreksturinn og í læknisfræðilegum gögnum komi ekki fram upplýsingar um að hún hafi haft einkenni strax eftir áreksturinn auk þess sem saga M um verki og stoðkerfiseinkenni fyrir áreksturinn sé þess eðlis að ekki sé ljóst hvort núverandi einkenni hennar, sem séu einnig frekar almenn, tengist því eða tilteknum atburði. V vísar einnig til Hrd. 21/2010 máli sínu til stuðnings.

Álit.
Í gögnum málsins kemur skýrlega fram að M leitaði ekki til læknis vegna einkenna sem hún rekur til áreksturs 12. júlí 2017 fyrr en um tveimur mánuðum eftir atvikið. Lýsingar á einkennum M í læknisvottorði og vottorði sjúkraþjálfara bera með sér að þau séu að einhverju leyti almenns eðlis og ekki er hægt að fullyrða, án þess að sérstakt mat fari fram á því, hvort meiri eða minni líkur séu á að þau einkenni tengist árekstrinum. Slíkt heildarmat liggur ekki fyrir. Meginreglur um sönnun í skaðabóta- og vátryggingarétti gera ráð fyrir því að að tjónþoli verði að sýna fram á tjón sitt og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. Verður M að bera hallann af þeim sönnunarskorti sem að ofan er lýst og á því ekki rétt á bótum m.v. fyrirliggjandi gögn.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu ökutækisins X hjá V.

Reykjavík, 8. janúar 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 364/2018

M og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar A

Ágreiningur um hvort ökumaður hafi orðið fyrir varanlegri örorku af völdum aftanákeyrslu.

Gögn.
Málskot, móttekið 6.11.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 12.11.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Hinn 12. desember 2017 var bifreiðinni A ekið aftan á kyrrstæða bifreið sem M ók á gatnamótum Miklubrautar og Háaleitisbrautar í Reykjavík. Í sameiginlegri tjónstilkynningu ökumana er ekki getið um skemmdir á bifreiðunum né heldur er þess getið að einhver hafi slasast við áreksturinn.

M leitaði samdægurs á slysa- og bráðadeild Landspítalans. Í bráðamóttökuskrá frá spítalanum kemur fram að hún hafi verið slæm í vöðvum og með vöðvabólgur í herðum og geti þess vegna verið með vefjagigt. M kvaðst einungis hafa verið með einhverja liðagigt, en læknir taldi að hún gæti einnig verið með vöðvagigt, „því hún er orðin það slæm hreinlega víða um bak og háls og herðar. Þannig að það hlýtur eiginlega að vera eitthvað undirliggjandi þarna, sem er að blossa upp við þennan hnykk, sem hún fékk.“ Þá segir í móttökuskránni að M hafi verið aum aftan á mjöðmum „og leiðir frá mjöðmum og niður í átt niður lærleggi.

A var vátryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá V. Samkvæmt fyrirliggjandi tjónskvittunum mun M hafa fengið bætt úr ábyrgðartryggingunni tímabundið atvinnutjón tímabilið frá 12. desember 2017 til 14. febrúar 2018 auk útlagðs kostnaðar.

Í málinu liggur fyrir vottorð frá heimilislækni M, dags. 29. apríl 2018, þar sem gerð er grein fyrir sjúkrasögu M árin fyrir slysið. Í samantektarkafla vottorðsins kemur fram að M hafi eftir slysið greinst með tognun og ofáreynslu á hálshrygg, dreifða tognun og vöðvabólgu. Síðan þá hafi hún glímt við verki vinstra megin í líkama, helst kvartað um verki í hálsi, höfuðverk og verki í vinstri öxl sem hún finni alltaf fyrir og versni við allt álag. Samkvæmt yfirferð yfir sjúkrasögu M hafi hún glímt við mjóbaksverki af og til a.m.k. frá árinu 2000. Jafnfram sé fyrri saga um verki í vinstri öxl og skerta hreyfigetu, „impingement (2016)“. Í áliti í lok vottorðsins segir að M hafi glímt við stoðkerfisverki í baki og vinstri öxl. Hún sé einnig með slitgigt og við slysið 12. desember 2017 hafi henni versnað til muna af einkennum sínum. Einnig séu til komin ný einkenni eftir slysið, höfuðverkir og leiðniverkir niður vinstri handlegg.

Í málskoti er gerð sú krafa að viðurkenndur verði rétt til bóta fyrir varanlegar afleiðingar sem hún kveðst hafa orðið fyrir við áreksturinn. Af hálfu V hefur verið aflað útreiknings á þeim þyngdarkröftum sem verkuðu á bifreiðirnar við áreksturinn. Samkvæmt útreikningnum nam þyngdarkraftur á A 1,00 g og 0,94 g á bifreið þá sem M ók. Með tilliti til þessa útreiknings, hversu litlar skemmdir urðu á bifreiðunum og að teknu tilliti til sjúkrasögu M kveður V að útilokað sé að þau sjúkdómseinkenni sem M búi við megi rekja til aftanákeyrslunnar 12. desember 2017 og hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.
Af fyrirliggjandi læknisfræðilegum gögnum þykir mega slá því föstu að M hafi orðið fyrir meiðslum við áreksturinn, sem m.a. höfðu í för með sér að V greiddi henni bætur fyrir tímabundið atvinnutjón eins og að framan er rakið. Á hinn bóginn má ráða af gögnum málsins að litlar skemmdir hafi orðið á bifreiðunum við áreksturinn og fær það nokkra stoð í framangreindum útreikningi á þyngdarhröðun sem varð á bifreiðunum við áreksturinn. Í útreikningnum, sem aflað var af A, felst þó ekki nein sönnun þess að M hafi ekki orðið fyrir varanlegum einkennum við áreksturinn. Engin matsgerð liggur hins vegar fyrir um það hvort M hafi orðið fyrir varanlegum einkennum að teknu tilliti til fyrri sjúkrasögu. Að öllu virtu verður af gögnum málsins ekki ráðið með fullri vissu að M búi við varanleg einkenni af völdum umrædds áreksturs, en þó verður ekki talið útilokað að svo geti verið. M á því

rétt á bótum fyrir varanlegt líkamstjón úr ábyrgðartryggingunni að því marki sem hún hefur orðið fyrir slíku tjóni.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum fyrir varanlegt líkamstjón að því marki sem hún hefur orðið fyrir slíku tjóni úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 20. desember 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 365/2018

M og
V vegna ábyrgðartryggingar A

Ágreiningur um bætur úr ábyrgðartryggingu vegna umferðaróhapps

Gögn.

Málskot móttekið 8.11.2018 ásamt fylgiskjölum, þ.á.m. myndbandi.
Bréf V dags. 28.11.2018.
Svar M við athugasemdum V, dags. 18.1.2019.

Málsatvik.

M lýsir því að hinn 18. október 2018 hafi hann verið á akstri á Grindavíkurvegi og ekið þar í holu eða skemmd sem hafi valdið tjóni á felgum, dekkjum og loftpúðum bifreiðar hans, en meðfylgjandi málskoti er staðfesting á skemmdunum frá Bílageiranum ehf. Fyrir hönd M er atvikum lýst á þann hátt að þrengingar hafi verið myndaðar með keilum á veginum sem hafi leitt til þess að óhjákvæmilegt hafi verið að aka annað hvort í rifflum við vegarkant eða út á vegöxli. Vegöxlin hafi verið orðin skemmd vegna þessa og óhjákvæmilegt að malbiksbrúnin brotnaði og myndaði skarpar brúnir. M telur að starfsmönnum A hafi verið skylt að gera viðeigandi ráðstafanir í þeim tilgangi að varna óhöppum, en margir ökumenn hafi lent í vandræðum þennan sama dag. Gerir M á grundvelli þessa kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Í bréfi sínu til nefndarinnar tekur V fram að félagið telji bótaskyldu ekki fyrir hendi, þar sem ekki megi rekja atvikið til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi A, eða annarra aðstæðna sem A beri ábyrgð á. Þannig hafi A, sem sé ekki veghaldari í skilningi 6. tl. 3. gr. vegalaga nr. 80/2007, ekki haft vitneskju um umrædda holu, og starfsmenn A hafi ekki verið á svæðinu þegar óhappið varð. Hins vegar hafi umrætt svæði verið vel merkt sem vinnusvæði og hámarkshraði verið lækkaður í 50 km/klst. Þá hafi skemmdin í veginum verið á malaröxli og því utan slitlags, en merkingar hafi sérstaklega varað við akstri utan slitlags, en slíkt aksturslag hafi beinlínis valdið umræddum skemmdum. V hafnar því kröfum M.

Í andsvörum M er þessari afstöðu mótmælt, og ítrekað að þrengingin hafi valdið því að ökumenn hafi neyðst til að aka utan slitlags. Fjöldi ökumanna hafi lent í vandræðum á veginum þennan dag og það eitt út af fyrir sig sýni að merkingum hafi verið ábótavant. Þar sem aðstæður hafi verið erfiðar vegna þrengingarinnar hafi A borið skylda til að gæta sérstaklega að merkingum, einnig þeim megin akreinarinnar sem malaröxlin er, en það hafi verið vanrækt.

Álit:

Ágreiningur málsins snýst um það hvort aðstæður á Grindavíkurvegi, þar sem A sá um vegaframkvæmdir, hafi verið þannig að A hafi bakað sér skaðabótaábyrgð þegar M ók ofan í holu eða á skemmd sem leiddi til tjóns á bifreið hans. Í þessu tilviki liggur fyrir staðhæfing V um að A hafi ekki vitað af umræddri holu auk þess sem V heldur því fram að M hafi sjálfur verið valdur að óhappinu með aksturslagi sínu. Í myndbandi sem fylgdi málskoti, og er um 40 sekúndur að lengd, sést hvað umræddur vegarkafli er ekinn. Svo virðist sem ökumanni á því myndbandi takist að halda sig innan slitlags án vandræða, þrátt fyrir að ökuhraði hans hafi náð allt að 67 km/klst. innan þess svæðis sem þrengingar eru til staðar. Þá má jafnframt ráða af myndbandinu að svæðið hafi verið vel merkt sem vinnusvæði og því ríkt tilefni til fullrar aðgæslu ökumanna. Verður því að líta svo á að M hafi ekki sýnt nægilega aðgæslu við akstur umrætt sinn, sem leitt hafi til tjóns hans, enda hefði honum verið mögulegt að halda sig innan slitlags.
M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 14. febrúar 2019
Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 366/2018

M og
vátryggingafélagið V vegna slysatryggingar sjómanna sem A

Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss.

Gögn.

Málskot dags. 09.11.2018 ásamt fylgiskjölum 1-9.
Bréf V dags. 07.12.2018.

Málsatvik.

M varð fyrir líkamstjóni aðfararnótt hins 29. apríl 2017. Í málskoti lýsir M atvikum þannig að hann hafi verið á þilfari skips síns þegar hann rann til í hálku og steyptist fram fyrir sig, en fallið hafi verið um þrír metrar. Hann hafi rotast við fallið en haldið til káetu sinnar þegar hann rankaði við sér. Þar hafi hann vaknað alblóðugur morguninn eftir, gert skipsfélögum sínum viðvart og í kjölfarið leitað læknisaðstoðar.

M telur að umrætt atvik sé bótaskylt úr slysatryggingu sjómanna sem vinnuveitandi M, A, var með í gildi hjá V á slysdegi. V hafi hins vegar hafnað kröfu þar að lútandi þar sem misræmi væri í gögnum málsins varðandi það hvar slysið hefði átt sér stað. Þannig legði V til grundvallar að M hefði verið ölvaður á leið að skipinu þegar hann hefði runnið og lent illa. M mótmælir þeirri afstöðu enda komi sú atvikalýsing aðeins fyrir á einum stað í gögnum málsins, en annars staðar í læknisvottorði komi rétt atvikalýsing fram. Þá geti hin ranga atvikalýsing ekki staðist, enda segi einnig þar að M hafi farið heim til sín að skipta um föt áður en hann leitaði læknis, en M sé búsettur í öðru bæjarfélagi. Þá þurfi að líta til þess að þegar M hafi upphaflega gefið lýsingu á atvikum hafi hann verið kaldur og vankaður eftir höfuðhögg. Þar sem upphafleg atvikalýsing, um að M hafi verið á leið til skipsins sé röng sé því ljóst að atvikið falli undir bótasvið slysatryggingar sjómanna A hjá V og sé bótaskylt. Raunar sé þess utan alls ekki ljóst af umræddri atvikalýsingu hvar slysið hafi átt sér stað og geti hún, jafnvel þó ekki sé tiltekið í henni að það hafi átt sér stað um borð, því ekki réttlætt höfnun á bótaskyldu.

Í bréfi sínu til nefndarinnar áréttar V áður fram komna afstöðu sína. Vísað er til þess að í upphaflegu vottorði segi að M hafi verið að ganga heim í skip þegar hann hafi runnið til og dottið. Komi þar fram að hann hafi legið meðvitundarlaus í tvær klukkustundir áður en hann hafi farið heim að skipta um föt. Enn fremur komi fram í vottorðinu að M hafi munað vel eftir atvikum. Engin gögn styðji síðar fram komna atvikalýsingu um að slysið hafi átt sér stað um borð í skipinu og því verði ekki byggt á henni. Þá séu ákvæði skilmála umræddrar vátryggingar afdráttarlaus varðandi það að slys þurfi að hafa átt sér stað um borð í skipi og í vinnu í beinum tengslum við rekstur skipsins svo bótaskylda sé til staðar. Hafnar V því kröfum M.

Álit:

Ágreiningur málsins lýtur að því hvort slys M hafi átt sér stað um borð í umræddu skipi. Í læknisvottorði því sem liggur fyrir nefndinni koma fram nokkuð misvísandi atvikalýsingar. Þannig kemur fram að við fyrstu komu til læknis hafi M lýst atvikum á þann hátt að hann hafi verið að ganga heim í skip eftir áfengisdrykkju þegar hann hafi runnið og fengið höfuðhögg. Hann hafi í kjölfarið legið meðvitundarlaus í tvær klukkustundir en þá farið heim þar sem hafi liðið yfir hann. Við síðari komur til læknis er atvikum lýst svo að M hafi dottið um borð í skipi sínu og rotast en vaknað á dekkinu nokkrum tímum síðar. Er því nokkur vafi um atvik. M hefur ekki lagt fram nein gögn, svo sem ljósmyndir af slysstað eða yfirlýsingar skipsfélaga, er styðji það að slysið hafi atvikast með þeim hætti sem hann heldur fram og byggir bótakröfu sína á. Verður því ekki talið að M hafi sýnt nægilega fram á að slysið hafi átt sér stað um borð og verður bótaskylda því ekki talin fyrir hendi.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sjómanna sem A var með í gildi hjá V.

Reykjavík 8. ágúst 2019

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 367/2018

M og
vátryggingafélagið V vegna slysatryggingar ökumanns og kaskótryggingar bifreiðarinnar X

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags vegna slyss 21.7.2018.

Gögn.
Málskot málskotsaðila, móttekið 8. nóvember 2018, ásamt fylgiskjölum.
Tölvupóstur V, dags. 22. janúar 2019.

Málsatvik.
M var ökumaður bifreiðarinnar X þegar henni var ekið vestur Þingvallaveg í Mosfellsbæ. Árekstur varð með þeirri bifreið og annarri sem beygði til vinstri af Þingvallavegi inn á Æsustaðaveg í veg fyrir bifreið þá sem M ók á sama tíma fram úr bifreið sem ekið var á undan þeirri bifreið með fyrirhugaðan akstur fram úr þeirri bifreið sem ekið var til vinstri. Harður árekstur varð með bifreiðunum og varð ökumaður bifreiðarinnar sem ekið var til vinstri fyrir líkamstjóni og farþegi í þeirri bifreið lést af áverkum vegna árekstursins. Í læknisvottorði sem fylgir gögnum málsins kemur fram að M hafi farið á slysadeild og upplýsingar eru um líkamstjón hennar í vottorðinu.

Í lögregluskýrslu kemur fram báðum ökutækjum hafi verið ekið vestur Þingvallaveg og hafi M ætlað að taka fram úr tveimur bifreiðum þegar fremri bifreiðinni af þeim tveimur hafi verið ekið til vinstri í veg fyrir hana. M kveðst hafa ekið á um 70 km/klst þegar árekstur varð og hafi hún verið að fara fram úr bifreiðum sem ekið hafi á um 40-50 km/klst. M segist í lögregluskýrslu hafa verið á leið úr Grímsnesi norður í Húnavatnssýslu og ekki í samfloti með neinum. Í ítarlegum lögregluskýrslum kemur fram að ökumaður bifreiðarinnar sem ekið var til vinstri segist hafa verið að hægja á ferð þegar árekstur varð, hún hafi gefið stefnumerki til vinstri og ekki hafa orðið vör við bifreið fyrir aftan sig áður en hún tók beygjuna. Við rannsókn lögreglu koma einnig fram nokkur vitni sem bera um framúrakstur bifreiðarinnar X fyrir slysið sem og annarrar bifreiðar af Range Rover gerð. Þau vitni bera um að umferðarhraði hafi verið frá 70-90 km/klst og bifreiðinni X hafi verið ekið fram úr þeim á nokkrum hraða áður en slysið varð.

M telur að akstur hafi verið í samræmi við aðstæður og ekki sé sýnt að M hafi sem ökumaður bifreiðarinnar X ekið yfir hámarkshraða (70 km/klst) þegar árekstur varð. Framúrakstur hafi verið leyfilegur, framburður vitna um aksturslag hennar reikull og ekki sé sýnt fram á að háttsemi hennar hafi falið í sér stórkostlegt gáleysi, eins og V haldi fram.

V telur hins vegar að framburður vitna í lögregluskýrslum sýni að aksturslag M hafi verið með þeim hætti fyrir árekstur að það feli í sér stórkostlegt gáleysi. Bifreiðinni X hafi verið ekið fram úr fjölda bifreiða og langt yfir hámarkshraða, auk þess sem bifreiðinni var ekið fram úr tveimur öðrum bifreiðum við gatnamót og því ekki unnt að sjá stefnuljós bifreiðarinnar sem var á undan og ekið til vinstri. Með vísan til ákvæða í vátryggingaskilmálum og 2. mgr. 27. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 (sambærilegt ákvæði er í 1. mgr. 90. gr. vegna slysatryggingar ökumanns) hafi ábyrgð V því verið takmörkuð í heild úr kaskótryggingu bifreiðarinnar X sem og slysatryggingu ökumanns bifreiðarinnar.

Álit.
Ágreiningur málsins snýr því fyrst og fremst að því hvort ökumaður bifreiðarinnar X hafi sýnt stórkostlegt gáleysi (gr. 24.1 í vátryggingarskilmálum kaskótryggingar) við aksturinn og hvaða áhrif það hafi á ábyrgð V skv. 2. mgr. 27. gr. laga um (1.mgr. 90. gr.) laga um vátryggingarsamninga.

Í málinu liggja fyrir gögn þar sem ökumenn annarra bifreiða sem óku um Þingvallaveg í greint sinn lýsa aksturslagi M, þar sem hún hafði farið fram úr nokkrum bifreiðum áður en til áreksturs kom. Lýsingar þessar eiga það sammerkt að borið er um nokkurn ökuhraða bifreiðar X áður en til árekstrar kom og að mati alla vega eins vitnis nokkuð hættulegt aksturslag. Einnig er ljóst að þegar árekstur

varð ætlaði M að taka fram úr tveimur bifreiðum þar sem gatnamót voru nálæg. Þegar litið er til þessa verður aksturslag M talið hafa falið í sér verulegt frávik frá því sem hún átti að viðhafa við þær aðstæður sem uppi voru á vegi þar sem er nokkur umferð, hámarkshraði er 70 km/klst og hægt að beygja út af veginum reglulega. Því er fallist á að M hafi sýnt stórkostlegt gáleysi við aksturinn.

Þegar litið er til þess hvaða réttaráhrif það hefur kemur bæði fram í 2. mgr. 27. gr. og 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga að meta verði hvort V losni úr ábyrgð vegna slíkrar háttsemi í heild eða að hluta og einnig kemur þar fram að *„Við mat á ábyrgð félagsins skal líta til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að, hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti.“*

Í þessu máli telst því sök ökumannsins þó nokkur, eins og áður er lýst. Vátryggingaatburðinn bar þó þannig að að sá ökumaður sem beygði til vinstri af veginum fyrir framan M hafði einnig þá sérstöku aðgæsluskyldu að gæta að umferð fyrir aftan sig. M var ekki undir áhrifum áfengis eða fíkniefna og með hliðsjón af atvikum öllum telst eðlilegt að takmarka ábyrgð V um 1/3 hluta bóta. Ekki er ástæða til að gera greinarmun á slysatryggingu ökumanns eða kaskótryggingu. M á því rétt á bótum sem nemur 2/3 hlutum tjóns síns úr bæði kaskótryggingu og slysatryggingu ökumanns bifreiðarinnar X.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr kaskótryggingu og slysatryggingu ökumanns bifreiðarinnar X en V er heimilt að takmarka ábyrgð sína sem nemur 1/3 hluta tjóns úr hvorri tryggingu um sig.

Reykjavík, 26. febrúar 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfr.

Mál nr. 369/2018

M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins X

Ágreiningur um bætur vegna afnotamissis og munatjóns í kjölfar umferðaróhapps.

Gögn.

Málskot móttekið 12.11.2018 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V dags. 20.12.2018.

Málsatvik.

Samkvæmt gögnum málsins lenti bifreið M í árekstri hinn 19. ágúst 2018 og varð fyrir svokölluð altjóni. Lögreglurannsókn fór fram á tildrögum árekstursins og virðist lögregluskýrsla sem dagsett er 22. ágúst 2018 ekki hafa verið send af hálfu lögreglunnar til vátryggingafélags M fyrr en 12. september s.á. Í málinu liggur einnig fyrir að M hafi fengið greiddar bætur úr eigin kaskótryggingu vegna tjónsins hinn 28. ágúst 2018 þar sem bifreið hennar var keypt af því vátryggingafélagi á 3.050.000 krónur og liggur fyrir afsal þess efnis. Ágreiningslaust er að ökumaður ökutækisins X bar fulla ábyrgð á árekstrinum og var sú bifreið vátryggð hjá V á tjónsdegi. M hefur krafist viðurkenningar á greiðslu skaðabóta frá V, annars vegar fyrir afnotamissi bifreiðar og hins vegar vegna frekar fjártjóns sem hún telur sig hafa orðið fyrir vegna kaupa á nýrri bifreið.

M telur að hún hafi orðið fyrir tjóni sem felur í sér afnotamissi bifreiðar í 31 dag frá tjónsdegi, en það sé tímabilið sem liðið þar til hún hafi keypt aðra bifreið. M bendir á að bifreið hennar hafi verið nýleg og einungis ekin rúmlega 3000 km þegar tjónið varð og rekur ástæður sínar fyrir því að kaupa þá bifreið sem hún ákvað að kaupa eftir tjónið. Einnig telur M að skaðabætur til hennar eigi að vera sömu fjárhæðar og verð nýs bíls en ekki matsverð þeirrar bifreiðar sem lenti í tjóninu, með sömu rökum.

Í bréfi sínu til nefndarinnar tekur V í fyrsta lagi fram að nefndinni sé ekki heimilt að úrskurða um bótafjárhæðir án samþykkis félagsins, sbr. 2. mgr. 3. gr. samþykkta nefndarinnar, og slíkt samþykki liggi ekki fyrir. Því er þess óskað að þeim hluta kröfunnar sé vísað frá. Að öðru leyti hafnar V kröfu M. V kveðst hafa boðið M greiðslu bóta fyrir afnotamissi í samtals átta daga og það feli í sér þann tíma sem leið frá því að tjón varð þar til bætur úr kaskótryggingu M hafi verið greiddar og tvo daga umfram það til að gefa M svigrúm til kaupa á nýrri bifreið og sé ósannað að M hafi orðið fyrir frekara tjóni vegna afnotamissis en það. Einnig vísar V til tjónstakmörkunarskyldu tjónþola og sennilegrar afleiðingar.

Álit:

Rétt er að taka fram að nefndinni er ekki heimilt að úrskurða um bótafjárhæðir sem slíkar nema að fengnu samþykki allra málsaðila, sbr. 2. mgr. 3. gr. samþykkta nefndarinnar skv. auglýsingu nr. 1090/2005. Slíkt samþykki liggur ekki fyrir hvað V varðar og er þeim þætti málsins sem lítur að því hvort M eigi rétt á frekari bótum vegna munatjóns bifreiðarinnar sjálfrar því vísað frá.

Ekki liggja fyrir nefndinni nein gögn er sýna fram á hvert fjárhagslegt tjón M var vegna afnotamissis bifreiðarinnar, eða hvort og þá hvaða kostnað hún lagði út vegna þess 31 daga tímabils sem hún gerir kröfu um afnotamissi. Verður því ekki séð af gögnum málsins að M hafi sýnt fram á að hún hafi orðið fyrir frekara tjóni vegna afnotamissis en þá átta daga sem V byggir afstöðu sína til þeirrar kröfu á. Það er, þann tíma sem leið þar til bætur voru greiddar úr kaskótryggingu hennar og tveir dagar umfram það til frekari ráðstafana. Á grundvelli ofangreinds er frekari kröfum M vegna afnotamissis hafnað.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum vegna afnotamissis hjá V og málinu er að öðru leyti vísað frá.

Reykjavík 15. janúar 2019.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 370/2018

M og
vátryggingafélagið V v/ innbústryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna þjófnaðar á innbúsmunum.

Gögn.
Málskot, móttekið 13.11.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 29.1.2019.

Málsatvik.
Að kvöldi 14. júní 2018 var lögreglu tilkynnt um þjófnað úr íbúð M að A í Mosfellsbæ. M var þá stödd erlendis en B, dóttir M, hafði tilkynnt um þjófnaðinn til lögreglu. B kvaðst hafa komið nokkru áður að húsnæði M, þar sem verið var að mála og pakka þar sem M væri að flytja úr húsnæðinu og því væri allt dót í kössum um allt gólf. B kvað málara, sem væri fjölskylduvinur þeirra, hafa verið að störfum í húsinu einnig deginum áður. M kvaðst ekki hafa „pælt" mikið í því þegar hún hafi komið, en útidyrahurðin hafi staðið opin og hafi hún talið að málarinn væri enn þá á svæðinu. Hún kvaðst svo hafa komið aftur og séð að búið væri að taka allavega, sjónvarp, gítar og líklega tölvu.

Samkvæmt athugun lögreglu á vettvangi var að sjá að útidyrahurð hafi verið opin en B hafi hins vegar verið inni, en einnig hafi mátt sjá að búið hafi verið að róta mikið í kössum og rusla til. Vettvangur hafi verið kannaður með tilliti til innbrots en ekki hafi verið að finna nein ummerki þess að brotist hafi verið inn í húsið, ekki hafi verið að sjá ákomur á gluggum né útidyrahurð. Ekki var vitað með hvaða hætti hafi veri farið inn né heldur hverjir hafi verið að verki.

M hefur í gildi innbústryggingu hjá V og hefur krafist bóta úr vátryggingunni fyrir tjón sitt vegna þeirra innbúsmuna sem stolið var. Í skilmálum vátryggingar segir að vátryggingin bæti tjón vegna þjófnaðar úr íbúðarhúsnæði eða geymslu tilheyrandi lögheimili vátryggingartaka. Samkvæmt skilmálunum gildir einnig um vátrygginguna sú varúðarregla að læsa skuli m.a. íbúðarhúsum og geymslum og loka öllum gluggum og kræka aftur, auk þess sem vátryggður skuli sjá til þess að ekki sé skilið við ólæst íbúðarhúsnæði mannlaust. Enn fremur er þess getið í skilmálunum að skylt sé að fara eftir varúðarreglum í skilmálunum og sé þeim ekki fylgt getur ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta, sbr. 26. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Með vísan til framangreindra varúðarreglna hefur V hafnað bótaskyldu.

Álit.
Samkvæmt 26. gr. laga nr. 30/2004 getur vátryggingafélag gert fyrirvara um að það skuli laust úr ábyrgð í heild eða að hluta ef varúðarreglum er ekki fylgt. Slíkan fyrirvara getur félagið þó ekki borið fyrir sig ef ekki er við vátryggðan að sakast eða sök hans er óveruleg eða það að vátryggingaratburður hefur orðið verður ekki rakið til brota hans.

Samkvæmt gögnum málsins er ekki um það deilt að munum úr innbúi M var stolið á heimili hennar þótt ekki verði ráðið með vissu hver atvik nákvæmlega voru þegar þjófnaðurinn átti sér stað. Hvað sem því líður verður ekki annað ráðið af gögnum málsins en M hafi verið stödd erlendis þegar vátryggingaratburður varð og ekkert í gögnum málsins gefur til kynna að við M hafi verið sakast, ef þjófnaðinn má rekja til þess að varúðarreglum hafi ekki verið fylgt, en það er skilyrði þess að félagið geti borið slíkan fyrirvara fyrir sig. Með því að M telst ekki eiga sök á því að varúðarreglur kunni að hafa verið brotnar á hún óskertan rétt til bóta úr innbústryggingunni.

Niðurstaða.
M á óskoraðan rétt á bótum úr innbústryggingu hjá V.

Reykjavík, 26. mars 2019.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 371/2018

M og
V vegna ábyrgðartryggingar sveitarfélagsins A hjá V

Ágreiningur um bótaskyldu vegna líkamstjóns er M varð fyrir í starfi sínu

Gögn.

Málskot móttekið 14.11.2018 ásamt fylgiskjölum 1-4.
Bréf V dags. 21.12.2018 ásamt fylgiskjali 1.
Athugasemdir M við bréf V, dags.10.01.2019.

Málsatvik.

Hinn 5. maí 2016 var M að störfum sem þroskaþjálfi í sérdeild grunnskóla sem rekinn er af A. Var hún ásamt öðrum starfsmanni að róa ellefu ára nemanda, sem átti við hegðunarvanda að etja. Eftir að M og hinn starfsmaðurinn töldu nemandann hafa róast nóg til að óhætt væri að sleppa honum kýldi hann M í andlitið. Höggið hafði m.a. þær afleiðingar að M missti þrjár framtennur, auk þess sem hún varð fyrir andlegu áfalli vegna atviksins, samkvæmt læknabréfi er lagt var fyrir nefndina.

Að mati M má rekja tjón hennar til saknæms og ólögmæts athafnaleysis af hálfu A. Þannig hafi verið kveðið á það í verklagsreglum um viðbrögð við vandamálum er varða nemendur í grunnskólum A, að starfsfólki beri skylda til að bregðast tafarlaust við með líkamlegu inngripi leiði háttsemi nemanda af sér hættu fyrir samnemendur eða starfsfólk. Við slíkar aðstæður sé mikilvægt að starfsfólk vinni ekki eitt heldur kalli til aðstoð annarra starfsmanna eða viðeigandi aðstoð annarra aðila, t.a.m. lögreglu. M hafi beitt líkamlegu inngripi og haft annan starfsmann sér til aðstoðar. Því hafi hún fylgt þessum reglum þrátt fyrir að þær hafi aldrei verið kynntar henni, eða þeim samstarfsmanni sem aðstoðaði hana umrætt sinn.

Umræddur nemandi eigi þá við alvarlegt hegðunarvandamál að stríða, og hafi mál hans lengi verið til skoðunar hjá skóla- og barnaverndaryfirvöldum. Aldrei hafi þó lögregla verið kölluð til vegna hegðunar hans. M hafi heldur ekki kallað lögreglu til umrætt sinn, enda hafi henni verið það ómögulegt, þar eð eina samskiptatækið hafi verið veggtengdur sími sem var staðsettur utan kennslustofunnar. Hvorki M, né starfsmaðurinn sem var henni til aðstoðar, hefðu þannig getað kallað til lögreglu umrætt sinn. Því hafi verklagsreglur skólans, sér í lagi með tilliti til mikils hegðunarvanda þessa nemanda, verið ófullnægjandi, og í raun ómögulegt að fylgja þeim. Þá hafi M verið ein að vinna með umræddum nemanda, og hinn starfsmaðurinn hafi komið til aðstoðar úr öðru herbergi. Áður hafi verklagið verið þannig að tveir starfsmenn hafi séð um umræddan nemanda.

Enn fremur hafi vinnuaðstæður verið ófullnægjandi, og hafi M rætt það við yfirmann sinn. Þannig hafi rýmið sem nemendum var ætlað verið alltof lítið miðað við fjölda barna, og ekkert sérstakt rými til staðar svo þeir nemendur sem misstu stjórn á sér kæmust afsíðis.

V hefur hafnað kröfum M með þeim rökum að tjón hennar verði ekki rakið til sakar A. Þannig hafi verið settar sérstakar verklagsreglur til að tryggja rétt viðbrögð og M hafi þekkt, eða mátt þekkja, til þeirra reglna. Reglurnar séu til samræmis við meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar en hins vegar hafi starfsmönnum verið frjálst að kalla til lögreglu, hafi þeir talið þörf á. Jafnframt væru gerðar ákveðnar lágmarkskröfur til starfsmanna að þeir hagi vinnu sinni þannig að þeir gæti varúðar í samræmi við það sem megi af sanngirni ætlast til af þeim. Enn fremur hafi ekki verið lögð fram nein gögn er sýni fram á að ágreiningur hafi verið uppi um fyrirkomulag skólavistar þessa tiltekna nemanda. Engin gögn hafi heldur verið lögð fram er sýni fram á að gerðar hafi verið athugasemdir við húsnæði eða almennar vinnuaðstæður. Því verði ekki séð af gögnum málsins í hverju sök A sé fólgin. Jafnframt hafi ekki verið sýnt fram á orsakatengsl milli vinnuaðstæðna, verklagsreglna, og meintrar vankynningar á þeim, og öðru því sem M byggi sök A á, og þess tjóns sem M varð fyrir.

Álit:
Eins og fram kemur að ofan er deilt um hvort M eigi rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V. Líta verður til þess, hvað sem líður meintum ágöllum á umræddum verklagsreglum og vinnuaðstæðum, en fallist er á það með V að gögn eru nokkuð ófullnægjandi hvað það varðar, að sýna þarf fram á orsakatengsl milli sakar og tjóns.

Af lýsingu M má ráða að umrætt sinn hafi hún farið að verklagsreglunum, en hins vegar má jafnframt ráða að nemandinn hafi ekki reitt henni hnefahögg fyrr en hún og samstarfsmaður hennar höfðu sleppt á honum takinu og metið það svo að hann hefði róast. Það var jafnframt gert í samræmi við framangreindar reglur, en þar segir að tafarlaust skuli látið af líkamlegu inngripi þegar hættuástand er liðið hjá. Svo virðist sem M, sem hafði reynslu af vinnu með umræddum nemanda, og samstarfsmaður hennar, hafi ranglega metið það sem svo að hættuástand væri liðið hjá. Verður því ekki séð að það hefði breytt neinu um atvik þetta þó verklagsreglur eða vinnuaðstaða hefði verið með öðrum hætti.

Því verður samkvæmt framansögðu ekki fallist á orsök fyrir tjóni M megi rekja til sakar A, sem er forsenda fyrir því bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 29. janúar 2019
Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 374/2018

M og
vátryggingafélagið V vegna bóta úr málskostnaðarlið húseigendatryggingar

Ágreiningur um bætur úr málskostnaðartryggingu hjá V vegna ágreinings í tengslum við kaup á íbúð.

Gögn.

Málskot móttekið 14.11.2018 ásamt fylgiskjölum 1-13.
Bréf V dags. 26.11.2018.

Málsatvik.

M samþykkti gagntilboð í tiltekna fasteign hinn 25. nóvember 2015. Svo fór þó að seljandi eignarinnar neitaði að ganga til kaupsamnings og höfðaði M því mál til útgáfu afsals gegn greiðslu kaupverðs. Dómur héraðsdóms í því máli var kveðinn upp hinn 20. janúar 2017, og dómur Hæstaréttar, þar sem staðfest var niðurstaða héraðsdóms um að seljandi skyldi gefa út afsal, var kveðinn upp hinn 26. apríl 2018. Þrátt fyrir það var afsal ekki gefið út fyrr en með aðfarargerð hjá sýslumanni hinn 30. ágúst 2018. Samhliða greiddi M kaupverð íbúðarinnar, með fyrirvara um að hann hyggðist höfða mál til skaðabóta vegna afhendingardráttar. M fékk svo umráð íbúðarinnar hinn 31. ágúst 2018. Jafnframt fór M fram á kyrrsetningu kaupverðsins sem lagt hafði verið á reikning seljanda. Dómsmál, þar sem M krefst skaðabóta vegna afhendingardráttar var svo þingfest í héraðsdómi hinn 11. október 2018. Það er vegna þessa dómsmáls sem M fer fram á bætur úr málskostnaðarlið húseigendatryggingar húsfélags fjölbýlishússins sem umrædd íbúð er í.

Í bréfi sínu til nefndarinnar lýsir V þeirri afstöðu sinni að krafa M gagnvart félaginu sé of seint fram komin. Þannig hafi þau atvik sem krafa M sé reist á átt sér stað þegar seljandi íbúðarinnar neitaði að gefa út afsal. Þar sem vátryggur hafi ekki tilkynnt félaginu um kröfu sína innan árs frá því honum voru þessi atvik ljós í samræmi við skilmála vátryggingarinnar hafi hann glatað bótarétti sínum. Hafnar félagið því kröfu M.

M telur hins vegar að fram að uppkvaðningu dóms Hæstaréttar hinn 28. apríl 2018 hafi hann ekki getað vitað hvort hann fengi eignina afhenta og þar með ekki hvort hann ætti kröfu um skaðabætur vegna afhendingardráttar og afnota seljenda af eigninni. Þá væri óraunhæft að ætla M að tilkynna vátryggingarfélagi húsfélagsins um hugsanlegan framtíðarágreining sinn við seljanda áður en hann hefði verið kominn með umráð eignarinnar.

Álit:

Í fyrra dómsmáli sem rekið var milli aðila krafðist M meðal annars greiðslu leigu að álitum, vegna þess afhendingardráttar sem orðið hafði af hálfu seljanda. Í því máli sem þingfest var hinn 11. október 2018 rökstyður M kröfu sína með nokkuð öðrum hætti, þ.e. að um bætur vegna afnota seljanda á eigninni, og leigu hennar til þriðja aðila, sé að ræða, en þó verður að líta svo á að ágreiningurinn sé byggður á sömu atvikum og komu til skoðunar í fyrra dómsmáli milli aðila. Verður því að taka undir með V varðandi það að M hafi verið kunnugt um þau atvik sem krafa hans er reist á meira en ári áður en hann tilkynnti V um kröfu sína, en stefna í umræddu dómsmáli var þingfest hinn 28. júní 2016. Er mögulegur bótaréttur því fallinn niður.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum úr málskostnaðarlið húseigendatryggingar frá V.

Reykjavík 3. janúar 2019

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 376/2018

M og
vátryggingafélagið V vegna fagörorkutryggingar A

Ágreiningur um fjárhæð bóta úr hópfagörorkutryggingu. Frávísun.

Gögn.

Málskot móttekið 19.11.2018 ásamt þremur fylgiskjölum.
Bréf V dags. 5.12.2018.

Málsatvik.

Hinn 11. febrúar 2008 gerðu A og V með sér samning um hópfagörorkutryggingu fyrir félagsmenn hins fyrrnefnda. Iðgjald af vátryggingunni var fyrst greitt í janúar 2009. Hinn 12. október 2018 fékk A tillögu að bótauppgjöri samkvæmt vátryggingunni frá V. A telur að bótafjárhæðin sé of lág, enda miði V vísitöluútreikninga við að vátryggingin hafi tekið gildi í janúar 2009 en ekki í febrúar 2008. A telur að bótafjárhæðin eigi að vera hærri, sem nemur um 1.600.000 kr. Samningur aðila hafi verið gerður í febrúar 2008 og því eigi vísitöluútreikningar að miða við þá dagsetningu enda hefði V verið í lófa lagið að innheimta iðgjaldagreiðslur strax eftir undirritun samningsins.

Í bréfi sínu til nefndarinnar lýsir V þeirri afstöðu sinni að ágreiningurinn verði ekki borinn undir nefndina þar sem hann lúti að útreikningi bótafjárhæðar. Kjósi nefndin hins vegar að taka málið til efnislegrar afgreiðslu sé það afstaða félagsins að ekki séu forsendur fyrir því að miða við vísitölu fyrir 1. janúar 2009, enda hafi tryggingin ekki tekið gildi fyrr en þá en nokkuð sé um að samningar um vátryggingar séu gerðir áður en vátryggingin sem slík tekur gildi.

Álit:

Ágreiningur málsins snýst samkvæmt framansögðu um fjárhæð þeirra bóta sem M á rétt á úr hópfagörorkutryggingu A hjá V. Í 2. mgr. 3. gr. samþykkta fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sem birtar eru með auglýsingu nr. 1090/2005, segir: „Nefndin úrskurðar um bótafjárhæðir að fengnu sérstöku samþykki allra málsaðila.“ Þá segir m.a. í 3. mgr. greinarinnar að nefndin úrskurði hvort ágreiningur aðila heyri undir nefndina og telji nefndin svo ekki vera vísi hún málinu frá. Í bréfi V dags. 5. desember 2018 kemur fram að V fellst ekki á að nefndin úrskurði um bótafjárhæð í máli þessu og liggur því ekki fyrir samþykki allra málsaðila í skilningi samþykktanna. Að svo vöxnu heyrir málið ekki undir nefndina og ber að vísa því frá.

Niðurstaða.

Máli M er vísað frá nefndinni.

Reykjavík 8. janúar 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson, lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 380/2018

M og
vátryggingafélagið V v/ starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna meints ágalla á sökkli húss.

Gögn.

Málskot, móttekið 22. nóvember 2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 5. desember 2018.
Tölvupóstur M dags. 7. desember 2018.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að verksamningur hafi verið undirritaður milli M og nafngreinds verktaka hinn 26. ágúst 2017 vegna byggingar einbýlishúss og byggingarstjóri var vátryggður með starfsábyrgðartryggingu hjá V. Í kjölfar þess að sökkull var steyptur og fyllt í hann náðist samkomulag milli M og verktakans að verktakinn segði sig af verkinu hinn 6. febrúar 2018 og byggingarstjóraskipti urðu hinn 23. mars 2018. Ástæða þess var sú að M telja að ágallar hafi verið á verkinu þannig að sökkull hafi ekki verið steyptur í réttri hæð og að veruleg hornskekkja hafi verið á tveimur stöðum í húsgrunninum. Gera M grein fyrir þeim óþægindum og kostnaði sem þetta hafi haft í för með sér í málskoti og fylgigögnum og hefur gert kröfu um viðurkenningu greiðsluskyldu úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra hjá V og greiðslu kr. 1.511.106 sem þau rekja til nauðsynlegrar vinnu við að bæta úr ágöllum. Tjón þessa efnis var tilkynnt til V í lok maí 2018 og hafnaði V bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra í ágúst sl.

M telja að byggingarstjóri beri skaðabótaábyrgð á þeim ágöllum sem M þurfti að bæta úr áður en húsbygging þeirra gat haldið áfram. M telja að tjón þeirra megi rekja til gáleysis af hálfu byggingarstjóra m.a. með því að hann hafi ekki gengið úr skugga um að hæð sökkla og fyllingar hafi verið í samræmi við rétta hæðarkóta og að hafa ekki upplýst um þá hornskekkju sem var fyrir hendi. Þannig hafi komið fram tjón sem eigi að bæta skv. 29. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010. Umræddir ágallar hafi ekki uppgötvast fyrr en eigendur sjálfir hefðu orðið þeirra varir. Einnig telja M að byggingarstjóri sá sem vátryggður var hjá V hafi sjálfur staðfest, með undirritun samkomulags í mars 2018, að sökkull hafi ekki verið í lagi og þannig viðurkennt gáleysi sitt.

V telur að staðhæfingar M í málskoti um að byggingarstjóra hafi mátt vera ljósir mögulegir ágallar á verki verktaka ósannaðar auk þess sem það sé ósannað að verulegir ágallar hafi verið á húsgrunninum, ef þeir væru sannaðir að þá mætti rekja til stórfelldrar vanrækslu iðnmeistara eða að þeir hefðu átt að uppgötvast við eftirlit byggingarstjóra. Úttekt hafi farið fram á sökklum hjá byggingarfulltrúanum í Kópavogi án athugasemda. V vísar til skilyrða skaðabótaskyldu í 7. og 5. mgr. 29. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 þar sem áskilið sé að meðábyrgð byggingarstjóra vegna ágalla á verki þurfi að vera rakin til stórkostlegrar vanrækslu byggingaraðila, ágallar séu verulegir á verki og að þeir hefðu ekki átt að dyljast byggingarstjóra við eftirlit.

Álit.

Í 29. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki er kveðið á um ábyrgð og verksvið byggingarstjóra. Segir í 5. mgr. 29. gr. laganna að byggingarstjóri skuli hafa virkt eftirlit með því að þeir sem koma að byggingu mannvirkis fylgi samþykktum hönnunargögnum, verklýsingum og ákvæðum laga þessara, laga um byggingarvörur og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. Verði byggingarstjóri við eftirlit var við ágalla á verki iðnmeistara eða hönnuðar skal hann gera viðkomandi aðvart og krefjast þess að úr sé bætt innan hæfilegs tíma. Athugasemdir byggingarstjóra skulu skráðar á viðeigandi hátt í gæðastjórnunarkerfi hans og annarra hlutaðeigandi. Sé athugasemdum byggingarstjóra ekki sinnt eða um ítrekaða vanrækslu að ræða skal hann tilkynna það eiganda. Komi *verulegir ágallar* á mannvirki í ljós við úttekt, við lok verkhluta eða framkvæmda, eða eftir að mannvirki er tekið í notkun, sem ekki hefur verið bætt úr *og rekja má til stórfelldrar vanrækslu á verksviði einstakra*

iðnmeistara eða hönnuða, ber byggingarstjóri meðábyrgð á ágöllunum gagnvart eiganda, *enda hefðu ágallarnir ekki átt að dyljast byggingarstjóra við eftirlit* skv. 1. málslið.

Í 7. mgr. 29. gr. segir að byggingarstjóri beri skaðabótaábyrgð samkvæmt almennum reglum, ef eigandi eða annar þriðji maður verður fyrir tjóni af völdum gáleysis byggingarstjóra í starfi. Þar segir enn fremur að *byggingarstjóri beri ekki ábyrgð á faglegri framkvæmd verkþátta á ábyrgð einstakra iðnmeistara eða hönnuða né því að iðnmeistarar og aðrir sem að verkinu koma uppfylli skyldur sínar samkvæmt verk- eða kaupsamningi*.

Í gr. 4.7.7 í byggingarreglugerð nr. 112/2012 er enn fremur að finna fyrirmæli um ábyrgð og verksvið byggingarstjóra.

Samkvæmt framangreindum laga- og stjórnvaldsfyrirmælum hvílir sú meginskylda á byggingarstjóra gagnvart eiganda húseignar að tilkynna honum um ágalla á verki iðnmeistara eða hönnuðar sem ekki hefur verið sinnt þrátt fyrir athugasemdir byggingarstjórans eða um ítrekaða vanrækslu sé að ræða af hálfu hlutaðeigandi iðnmeistara eða hönnuðar. Vanræki byggingarstjóri þessa tilkynningarskyldu sína með saknæmum hætti kann hann að baka sér skaðabótaábyrgð gagnvart húseigandanum. Á hinn bóginn ber byggingarstjóri ekki ábyrgð á faglegri framkvæmd verkþátta á ábyrgð einstakra iðnmeistara eða hönnuða né því að iðnmeistarar og aðrir sem að verkinu koma uppfylli skyldur sínar samkvæmt verk- eða kaupsamning. En komi verulegir ágallar á mannvirki í ljós við úttekt, við lok verkhluta eða framkvæmda, eða eftir að mannvirki er tekið í notkun, sem ekki hefur verið bætt úr og rekja má til stórfelldrar vanrækslu á verksviði einstakra iðnmeistara eða hönnuða, ber byggingarstjóri meðábyrgð á ágöllunum gagnvart eiganda, enda hefðu ágallarnir ekki átt að dyljast byggingarstjóra við eftirlit skv. 1. málslið 5. gr. 29. gr. laga nr. 160/2010. Þá ber byggingarstjóri skaðabótaábyrgð samkvæmt almennum reglum, ef eigandi eða annar þriðji maður verður fyrir tjóni af völdum gáleysis byggingarstjóra í starfi.

Í þessu máli er ágreiningur um öll ofangreind bótaskilyrði skv. 5. mgr. 29. gr. laga um mannvirki. Í fyrsta lagi hvort sé um verulega ágalla að ræða, í öðru lagi hvort þá megi rekja til stórfelldrar vanrækslu byggingaraðila og í þriðja lagi hvort byggingarstjóri hefði þá átt að verða þeirra var við eftirlit sitt. Í málinu liggur ekki fyrir sérstakt mat á ofangreindum þáttum. Sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð verður samkvæmt almennum sönnunarreglum að sýna fram á að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu uppfyllt. Sjónarmið M og V stangast á og á meðan ekki liggur fyrir sérstakt mat sem styður afstöðu M til umræddra þátta verða þau að bera hallann af sönnunarskorti um að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu uppfyllt, en það er forsenda þess að bótaskylda geti stofnast úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra. Ekki verður heldur talið sannað að ætlað tjón M sé hægt að rekja til almenns gáleysis byggingarstjóra eins og það er tilgreint í 7. mgr. 29. gr. laganna. Samkvæmt þessu eiga M ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjórans hjá V.

Niðurstaða.
M eiga ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra hjá V.

Reykjavík, 8. janúar 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 381/2018

M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar A

Ágreiningur um bætur úr ábyrgðartryggingu vegna umferðaróhapps

Gögn.

Málskot móttekið 23.11.2018 ásamt tveimur fylgiskjölum.
Bréf V dags. 3.12.2018.

Málsatvik.

M lýsir því að kl. 19:30 hinn 18. október 2018 hafi hann verið á akstri á Grindavíkurvegi og ekið þar í holu eða skemmd sem hafi valdið skemmdum á felgum og dekkjum bifreiðar hans, en meðfylgjandi málskoti er staðfesting á skemmdunum frá bílaumboðinu Öskju. M gerir athugasemdir við að engar merkingar eða varúðarskilti hafi verið á veginum og telur að starfsmenn A hefðu mátt sjá þessa skemmd í veginum og verið skylt að gera viðeigandi ráðstafanir í þeim tilgangi að varna óhöppum. Gerir M á grundvelli þessa kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Í bréfi sínu til nefndarinnar tekur V fram að félagið telji bótaskyldu ekki fyrir hendi, þar sem ekki megi rekja atvikið til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi A, eða annarra aðstæðna sem A beri ábyrgð á. Þannig hafi A ekki haft vitneskju um umrædda holu, og starfsmenn A hafi ekki verið á svæðinu þegar óhappið varð. Hins vegar hafi umrætt svæði verið vel merkt sem vinnusvæði og hámarkshraði verið lækkaður í 50 km/klst. Þá hafi skemmdin í veginum verið á malaröxli og því utan slitlags, en merkingar hafi sérstaklega varað við akstri utan slitlags. V hafnar því kröfum M.

Álit:

Ágreiningur málsins snýst um það hvort aðstæður á Grindavíkurvegi, þar sem A sá um vegaframkvæmdir, hafi verið þannig að A hafi bakað sér skaðabótaábyrgð þegar M ók ofan í holu á sem leiddi til tjóns á bifreið hans. Afar takmörkuð gögn um aðstæður á vettvangi liggja fyrir nefndinni en sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni hans verður að sýna fram á að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu uppfyllt. Í þessu tilviki liggur fyrir staðhæfing V um að A hafi ekki vitað af umræddri holu auk þess sem V heldur því fram að M hafi sjálfur verið valdur að óhappinu með aksturslagi sínu. M hefur ekki sýnt fram á hið gagnstæða og að starfsmenn A hafi valdið óhappinu með saknæmum hætti. Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M hallann af sönnunarskorti um atvik málsins. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu hjá V.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 3. janúar 2019

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 382/2018

M og
vátryggingafélagið V1 vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins A
og
vátryggingafélagið V2 vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins B

Ágreiningur um bótaskyldu.

Gögn.
Málskot, dags. 23.11.2018 ásamt fylgigögnum.
Bréf V1 vátryggingafélags, dags. 12.12.2018.
Bréf V2 vátryggingafélags, dags. 14.12.2018 ásamt fylgigagni.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að ökutæki B í eigu M hafi verið bakkað úr stæði á bílaplani og en síðan hafi það verið stöðvað til að kanna hvort það væri nægt pláss til að fara áfram. Þegar ökumaður hafi sett í 1. gír hafi ökutækinu A verið bakkað á B. Tjónanefnd vátryggingafélaganna hafi skipt bótaskyldu til helminga. Einnig kemur fram að ökumenn A og B hafi verið sammála um málsatvik og fylgdi málskotinu tjónaskýrsla sem eigendur A og B undirrituðu einhverjum dögum eftir að óhappið átti sér stað.
V1 vísar til frumskýrslu sem tekin var á vettvangi og hafnar því að misskilningur hafi verið um tildrög atvika eða að skýrslan hafi verið röng. V1 telur því að sök eigi að skiptast til helminga.
V2 telur að ganga verði út frá því sem fram kemur í frumskýrslu málsins og telur að síðari tjónskýrsla sé einhliða framburður málskotsaðila. Með vísan til þess og 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 telur V2 að skipta eigi sök til helminga.

Álit.
Í skýrslu Aðstoðar og öryggis sem gerð var á vettvangi þegar áreksturinn varð kemur fram hjá ökumanni A að hann hafi verið að bakka á bílaplaninu þegar ökutæki lenti skyndilega saman við ökutækið B sem var að bakka úr stæði. Framburður ökumanns B var á þá leið að hann hafi verið að bakka úr stæði þegar hann fann skyndilega höggið. Eigendur ökutækjanna fylltu út tjónstilkynningu einhverjum dögum síðar þar sem þeir eru sammála um málsatvik. Í tilkynningunni er krossað við að ökutæki B hafi verið kyrrstætt og að ökutæki A hafi verið ekið aftur á bak. Einnig er ritað að ökutækið B hafi verið kyrrstætt þegar áreksturinn átti sér stað. Bæði eigendur ökutækjanna og ökumenn rita undir tjónstilkynninguna. Tjónstilkynningin er ekki einhliða yfirlýsing málskotsaðila heldur kemur í henni fram að ökumenn og eigendur beggja ökutækjanna, A og B, eru sammála um hvernig áreksturinn bar að. Með vísan til þess að aðilar málsins eru sammála um að ökutækinu A hafi verið ekið á ökutækið B verður öll sök lögð á ökumann ökutækis A.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V1

Reykjavík, 15. janúar 2019.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 384/2018

M
og
vátryggingafélagið V v/ innbúskaskótryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda á reiðhnakki.

Gögn.
Málskot, móttekið 25.11.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 12.12.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Samkvæmt málskoti kveður M að honum hafi verið boðið í reiðtúr og tók hann með sér reiðhnakk sem hann geymir að jafnaði í geymslu heima hjá sér. Hesturinn hafi hrasað og lent á bakinu, en við það hafi skemmdir orðið á hnakknum.

M hefur í gildi innbúskaskótryggingu sem hluta af innbústryggingu sinni hjá V. V hefur krafist þess að fá tjón vegna skemmda á hnakknum bætt úr innbúskaskótryggingunni. V kveður, með vísan til gr. 2.1 í 1. kafla, sbr. 1. gr. í 11. kafla í skilmálum vátryggingarinnar, að reiðhnakkar teljist ekki til innbúsmuna sem vátryggingin tekur til. Hefur V hafnað bótaskyldu.

Álit.
Í 11. kafla skilmála þeirra sem hér eru til skoðunar er að finna sérstök ákvæði um innbúskaskótryggingu. Í inngangsorðum kaflans segir að vátryggingin bæti tjón, samkvæmt nánari ákvæðum skilmálans, sem eru ekki bótaskyld samkvæmt innbústryggingarkafla eða farangurstryggingarkafla vátryggingarinnar. Þá segir þar í 1. gr. að vátryggingin taki m.a. til almenns innbús og persónulegra muna sem fylgja almennu heimilishaldi, sbr. gr. 2.1 í 1. kafla skilmálanna um innbústryggingu.

Í 1. kafla skilmálanna er á hinn bóginn ákvæði um sjálfa innbústrygginguna og ber 2. gr. í þessum kafla yfirskriftina „Nánari afmörkun vátryggðra eigna“. Í því felst að í greininni er gerð grein fyrir þeim munum annars vegar sem innbústryggingin tekur til og teljast því vera vátryggðir og hins vegar sem standa utan vátryggingarverndarinnar. Samkvæmt fyrri málslið gr. 2.1 telst almennt innbú vera lausafé og persónulegir munir sem fylgja almennu heimilishaldi og telst ekki vera hluti af fasteign eða almennu fylgifé hennar og fellur ekki undir skilgreiningu á sérgreindu innbúi. Enn fremur segir í síðari málslið ákvæðisins að dýr, tjaldvagnar, hjólhýsi, bátar, mótorknúin tómstundaáhöld, bílar og önnur vélknúin ökutæki og hlutir sem tengjast þeim teljist ekki vera innbú í skilningi þessa skilmála, sbr. þó grein 2.3.

Samkvæmt grein 2.3 eru nánar tilgreindir munir taldir falla undir innbústrygginguna til viðbótar við innbú það sem m.a. er tilgreint í gr. 2.1 með þeim takmörkunum sem getið er í hverjum lið fyrir sig, en liðir þeir sem hér um ræðir eru þrír, 2.3.1 til 2.3.3. Í lið 2.3.3 segir að vátryggingin taki til auka- og varahluta sem tilheyra vélknúnu ökutæki, hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagni eða skemmtibát í eigu vátryggðu og eru til einkanota, sem geymt er í bílskúr eða annarri geymslu á heimili vátryggingartaka sem tilgreint er í vátryggingarskírteini.

Í máli þessu kemur til skoðunar afmörkun sú á vátryggðum munum sem er að finna í síðari málslið 2.1, en samkvæmt þeim málslið teljast ekki til innbús „[d]ýr, tjaldvagnar, hjólhýsi, bátar, mótorknúin tómstundaáhöld, bílar og önnur vélknúin ökutæki og hlutir sem tengjast þeim sbr. þó grein 2.3“. Þegar litið er heildstætt til uppbyggingar 2. gr. skilmálanna, téðrar upptalningar á undanskildum munum í síðari málslið gr. 2.1 og frávika frá þeirri upptalningu sem greinir í liðum 2.3.1-2.3.3, einkum þó í lið 2.3.3, verður að líta svo á að framhald upptalningarinnar í síðari málslið gr. 2.1, þ.e.a.s. orðin „og hlutir sem tengjast þeim“, eigi við alla þá muni sem taldir eru upp í málsliðnum. Í því felst að dýr og hlutir sem tengjast þeim teljast ekki til innbúsmuna sem vátryggingin tekur til. Af því leiðir að hnakkur M, sem telst til muna sem tengist dýrum, fellur ekki undir muni sem

innbústryggingin tekur til. Skemmdir á hnakknum fást því ekki bættar úr innbúskaskótryggingunni hjá V.

Niðurstaða.
M, á ekki rétt á bótum úr innbúskaskótryggingu hjá V.

Reykjavík, 8. janúar 2019.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 385/2018

M og
vátryggingafélagið V vegna bóta úr sjúkdómatryggingu

Ágreiningur um bætur úr sjúkdómatryggingu hjá V vegna Huntington's sjúkdóms

Gögn.

Málskot dags. 26.11.2018 ásamt fylgiskjölum 1-9.
Bréf V dags. 17.12.2018.

Málsatvik.

Í ágúst 2017 greindist M með Huntington´s sjúkdóm en um er að ræða alvarlegan heilahrörnunarsjúkdóm sem orsakast af galla í litningi 4. Í kjölfar greiningar sótti M um bætur úr sjúkdómatryggingu hjá V en fékk höfnun hinn 23. apríl 2018 á þeim forsendum að sjúkdómurinn væri ekki meðal þeirra sem taldir eru upp sem bótaskyldir í skilmálum sjúkdómatryggingar félagsins. M mótmælir þessari afstöðu og telur ýmislegt líkt með Huntington´s og öðrum hrörnunarsjúkdómum sem taldir eru upp sem bótaskyldir, þ.e. MS, MND og Parkinson, en hann hafi, eins og þeir, áhrif á hreyfingu, tal og geðslag. Í ljósi þess um hve sjaldgæfan sjúkdóm er að ræða telur M því ósanngjarnt að hafna bótaskyldu með vísan til þess eins hvaða heiti sjúkdómurinn ber. Skilmála, sem samdir eru einhliða af vátryggingafélagi, beri enda að túlka neytenda í hag, rísi vafi um túlkun þeirra. Þá vísar M til þess að markmið laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004 hafi verið aukin neytendavernd og að markmið sjúkdómatryggingar sé að tryggja vátryggða gegn alvarlegum sjúkdómum. Með hliðsjón af þessum markmiðum hnígi rök til þess a fallast á bótaskyldu V.

Í bréfi sínu til nefndarinnar lýsir V þeirri afstöðu sinni að skilmálar félagsins innihaldi tæmandi upptalningu á þeim sjúkdómum sem bótaskylda nái til. Huntington´s sjúkdómurinn sé ekki þar á meðal og þar af leiðandi ekki bótaskyldur. Þá er ekki fallist á að rétt sé að fella sjúkdóminn undir umrætt skilmálaákvæði á þeim forsendum að sjúkdómar sem að einhverju leyti teljist sambærilegir falli þar undir. Hafnar félagið því kröfu M.

Álit:

Fallast má á það með M að Huntington´s sjúkdómurinn eigi ýmislegt skylt með þeim sjúkdómum sem eru bótaskyldir skv. 7. gr. skilmála sjúkdómatryggingar hjá V, þ.e. MS, MND og Parkinson. Hins vegar verður ekki litið fram hjá því að í umræddri grein eru tæmandi taldir upp þeir sjúkdómar eða atvik sem leitt geta til bótaskyldu. Þá er 1. mgr. 9. gr. sömu skilmála mjög afdráttarlaus varðandi það að aðrir atburðir en þeir sem taldir eru upp sem bótaskyldir í 7. gr. séu ekki bótaskyldir skv. vátryggingunni. Þar sem umræddar greinar eru svo afdráttarlausar sem raun ber vitni er ekki tilefni til að túlka þær á annan hátt en orðalag þeirra gefur til kynna og verður því litið svo á að bótaréttur sé ekki til staðar.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum úr sjúkdómatryggingu hjá V.

Reykjavík 8. janúar 2019

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 386/2018

M og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar sveitarfélagsins A

Ágreiningur um bótaskyldu er maður datt á leið sinni að grenndargámi.

Gögn.
Málskot, móttekið 13.11.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 13.12.2018.

Málsatvik.
Samkvæmt fyrirliggjandi tjónstilkynningu var M hinn 28. nóvember 2017 að fara með pappír og plast í grenndargám nálægt heimili sínu í sveitarfélaginu A. Kvaðst hann hafa gengið yfir götu í átt að gáminum, en þar sé brött brekka og illa sýnileg vegna engrar lýsingar. Það hafi verið „hulin ísing í brekkunni illa sjáanleg“. Hafi hann runnið til og skollið harkalega niður. Hlaut M brotáverka á hægri fótlegg.

M kveður aðstæður við umrætt gámasvæði, sem A beri ábyrgð á, hafa verið óforsvaranlegar þar sem ekki hafi verið gætt að nauðsynlegum hálkuvörnum við svæðið. Vegna saknæms aðbúnaðar, athafnaleysis og vanrækslu beri A ábyrgð á líkamstjóni hans og hefur hann krafist bóta fyrir tjón sitt úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.
í málinu liggja fyrir þrjár ljósmyndir af malbornu svæði þar sem M mun hafa fallið. Ekki er greint í gögnum málsins með nákvæmum hætti hvar á svæðinu M féll. Á ljósmyndunum er ekki að sjá þann gám sem M var á leið að þegar hann féll. Í ljósi þessa og gagna málsins að öðru leyti hefur ekki verið sýnt fram á að M hafi fallið á svæði við umræddan gám eða á annarri afmarkaðri gönguleið þar sem A hafi borið að gæta hálkuvarna. Þegar af þeirri ástæðu verður ekki séð að A geti borið ábyrgð á því líkamstjóni sem M varð fyrir umrætt sinn. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu sveitafélagsins A hjá V.

Reykjavík, 8. janúar 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 387/2018

M
og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar bænda.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda á olíupönnu bifreiðar er henni var ekið yfir ristarhlið á heimreið.

Gögn.
Málskot, móttekið 28.11.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 11.12.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Að morgni 29. september 2018 komu gestir í heimsókn til M að bænum A á B, „litlum Kia bíl“. Er B var ekið yfir ristarhlið á heimreiðinni að A kveður M að olíupanna B hafi rekist niður í ristarhliðið með þeim afleiðingum að gat kom á olíupönnuna. Kveður M að umrætt ristarhlið sé orðið gamalt og lúið, pípa í því sé brotin og beyglað sem M telur að hafi valdið því að gat kom á olíupönnu B. M telur sig sem ábúanda að A bera ábyrgð á tjóni því sem varð á B og hefur krafist þess að tjónið fáist bætt úr frjálsri ábyrgðartryggingu sinni hjá V. V hefur ekki fallist á að M beri ábyrgð á tjóninu og því hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingunni.

Álit.
Meðal gagna málsins eru nokkrar ljósmyndir af ristarhliðinu sem M kveður að hafi valdið skemmdunum á B. Einnig liggur fyrir myndband þar sem sjá má litla sendibifreið vera ekið yfir hliðið. Af ljósmyndunum og myndbandinu má sjá að hliðið er vissulega orðið lúið og þarfnast nokkurs viðhalds. Þannig má m.a. sjá að pípa sem er fremst á öðrum enda hliðsins er beygluð fyrir miðju og vísar þar upp að nokkru leyti. Á hinn bóginn liggja litlar sem engar upplýsingar fyrir um B, þ. á m. mælingar á lægsta punkti olíupönnunnar frá jörðu og önnur gögn sem sýna fram á að allar líkur séu á því að skemmdir á olíupönnunni hafi orðið við það að bifreiðinni var ekið yfir hliðið. Í ljósi þessa verður ekki talið að sýnt hafi verið fram á að skemmdir á olíupönnu B megi rekja til vanbúnaðar ristarhliðsins eða annarra atvika sem M getur borið ábyrgð á. Tjón á B fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingu hennar hjá V.

Niðurstaða.
Tjón á B fæst ekki bætt úr ábyrgðartryggingu M, hjá V.

Reykjavík, 3. janúar 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 389/2018

M og
V vegna starfsábyrgðartryggingar fasteignasalans A

Ágreiningur um hvort A hafi komið fram sem fasteignasali umrætt sinn og hvort bótaábyrgð sé til staðar úr starfsábyrgðartryggingu hans.

Gögn.

Málskot móttekið 27.11.2018 ásamt fylgiskjölum 1-40.
Bréf V dags. 10.01.2019 ásamt fylgiskjölum 1-10.

Málsatvik.

Hinn 10. september 2015 gerði M kaupsamning við B um fasteignina X. Hluti kaupverðsins skyldi greiddur með afhendingu annarrar eignar og hluti með yfirtöku áhvílandi veðskulda. Samkvæmt kaupsamningi skyldu áhvílandi skuldir vera 78.791.803 kr. Samkvæmt kaupsamningi fór afhending fram hinn 1. október 2015. Í kaupsamningi kom jafnframt fram að vanskil væru á lögveðskröfum auk hússjóðsgreiðsla, samtals að upphæð 5.541.553 kr., og auk þess væru vanskil á veðláni að upphæð 2.700.956 kr. Samkvæmt kaupsamningi skuldbatt B sig til að koma þessum greiðslum í skil fyrir 10. desember 2015. Þá skyldi B einnig láta aflétta skuldabréfi að upphæð 5.000.000 kr. af eigninni fyrir sama tíma.

Samkvæmt kaupsamningi átti að ganga frá afsali hinn 15. september 2015, en að sögn M dróst það af ástæðum sem vörðuðu seljanda, en M hafi verið búinn að efna allar skyldur sínar. Að sögn M var það ekki fyrr en eftir að A hafði þrýst á um afsalsgerð sem afsal var gefið út hinn 1. ágúst 2016. Bú B var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði héraðsdóms hinn 30. nóvember 2016. Í kjölfarið hafi komið í ljós að B hafi vanrækt að aflýsa veðskuldabréfi að fjárhæð kr. 5.000.000 af eigninni í samræmi við samning aðila. Þá hafi öll áðurnefnd vanskil, samtals að upphæð 8.242.509 kr., verið óuppgerð. Tjón M, sem hafi jafnframt greitt upp umrætt veðskuldabréf sem þá stóð í kr. 8.123.875, hafi í heild numið 16.366.384 kr.

Á grundvelli þess að uppgjör skulda hafi ekki farið fram í samræmi við samning M og B gerir M kröfu í starfsábyrgðartryggingu A sem fasteignasala, enda beri fasteignasalar ábyrgð á því fjárhagstjóni sem þeir eða starfsmenn þeirra valdi í störfum sínum af ásetningi eða gáleysi. Eins og staðið hafi á hafi verið óforsvaranlegt að ganga til afsals og því hafi A sýnt af sér saknæma vanrækslu þegar kom að því að gæta hagsmuna M sem kaupanda.

Í svörum V til nefndarinnar er því mótmælt að A hafi komið fram sem fasteignasali í hinum umþrættu viðskiptum. Þannig hafi A einungis komið fram sem ráðgjafi, en M og B, og aðilar á þeirra vegum, hafi útbúið skjöl sameiginlega. A hafi einvörðungu tekið að sér ákveðið ráðgjafarhlutverk gagnvart B og því hafi hann ekki tekist á hendur neinar skyldur gagnvart M. Skjöl sem liggi frammi í málinu beri þess þá ekki merki að hafa verið samin af A sem fasteignasala, enda beri þau hvorki auðkenni hans né fasteignasölunnar N sem hann starfaði á. Þá hafi M haft lögmanninn L sér til aðstoðar og hafi hann séð um samningu skjala í tengslum við viðskiptin. Enn fremur mæli það gegn því að A hafi annast sölu eignarinnar að hann hafi vottað skjöl um söluna. Það bendi til þess að A hafi ekki komið að málinu sem löggiltur fasteignasali. Sú staðreynd ætti ein og sér að leiða til þess að bótaskylda verði ekki talin fyrir hendi.

V lýsir einnig þeirri afstöðu sinni að jafnvel þó A hefði komið fram sem fasteignasali umrætt sinn væri bótaábyrgð ekki fyrir hendi, enda hefði M sjálfur verið sérfróður um viðskipti af þessu tagi og notið sérfræðiaðstoðar í tengslum við þau. Þá hefði M sjálfur gengið til afsals meðvitaður um stöðu mála, og það að hvorki væri búið að gera upp vanskil né aflétta umþrættu skuldabréfi.

M er ósammála þessari afstöðu V og krefst þess þar af leiðandi að viðurkennd verði bótaskylda úr starfsábyrgðartryggingu A hjá V.

Álit:

Grundvallarágreiningur þessa máls er hvort A hafi komið fram sem löggiltur fasteignasali, og borið rétt og skyldur sem slíkur, við sölu á eigninni X til M. Í lögum um sölu fasteigna og skipa nr. 70/2015 er að finna ítarlega umfjöllun um störf fasteignasala, sem skv. 2. gr. laganna er að meginstefnu til einum heimilt að hafa milligöngu fyrir aðra um kaup eða sölu fasteigna. Í 15. og 16. gr. laganna er einnig að finna ákvæði um að fasteignasali skuli gæta réttmætra hagsmuna beggja aðila, og gæta þess að öll skjala- og samningsgerð sé þannig úr garði gerð að hagsmunir beggja aðila séu tryggir. Þá er í lögunum að finna ítarleg ákvæði um starfsábyrgðartryggingu fasteignasala og mögulega bótaábyrgð.

Með hliðsjón af þessum ákvæðum laganna, svo og áðurnefndum einkarétti fasteignasala, verður að telja, ætli fasteignasalar að stunda einhvers konar ráðgjafarstörf utan ramma laganna, sem eru þá í sjálfu sér ótengd starfi þeirra sem fasteignasala sem slíkra, í eigin nafni og án tengingar við þá fasteignasölu sem þeir starfa hjá, að verði að gera afar ríkar kröfur til þess að sá aðskilnaður sé öllum ljós. Í slíkum tilvikum, þ.e. þegar fasteignasali ætlar á einhvern hátt að semja sig undan ákvæðum laga þeirra sem um starf hans gilda, væri jafnframt einfalt að gera sérstakan samning um eðli ráðgjafarstarfs í þágu annars aðilans, og gæta þess að öllum aðilum væri með sannanlegum hætti gert kunnugt um efni slíks samnings.

Meðal gagna málsins er söluyfirlit um fasteignina X. Söluyfirlit þetta er merkt fasteignasölunni N, vísað er til þess á skjalinu að það sé gert í samræmi við áskilnað þágildandi laga um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, og A er titlaður sem skoðunarmaður eignarinnar. Þá eru hinir mörgu tölvupóstar sem fyrir liggja í málinu og eru frá A til annarra aðila að viðskiptunum allir sendir frá vinnunetfangi hans hjá N, og með staðlaðri undirskrift hans þar sem tekið er fram að hann sé löggiltur fasteignasali hjá N. Enn fremur liggur fyrir að A sendi aðilum drög að afsali vegna kaupanna hinn 23. nóvember 2015. Þá liggur fyrir að A samdi drög að kauptilboði og sendi aðilum hinn 9. janúar , og drög að kaupsamningi hinn 9. febrúar 2015. Jafnframt er tölvupóstur frá A, dagsettur hinn 20. apríl 2015, þar sem hann segist vonandi komast til að vinna í skjalafrágangi daginn eftir, meðal gagna málsins.

Með hliðsjón af ofangreindu telur nefndin sér því ekki fært að byggja niðurstöðu sína á þeirri staðhæfingu A að hann hafi ekki komið fram sem löggiltur fasteignasali umrætt sinn, enda þurfi nokkuð mikið að koma til svo starfi A í tengslum við kaupin falli ekki undir gildissvið laganna. Það haggar ekki þessari niðurstöðu að A hafi vottað undirskrift aðila á t.a.m. afsali um eignina, enda mun það alsiða að löggiltir fasteignasalar votti undirritun kaupanda og seljanda á skjöl um eignir, enda sjaldnast fleirum til að dreifa við undirritun. Það breytir heldur ekki þessari niðurstöðu að nafn fasteignasala komi ekki fram á öðrum gögnum en söluyfirliti, sbr. 1. mgr. 16. gr. laga nr. 70/2015.

Hvað varðar það að aðilar hafi verið sérfróðir um viðskipti af þessu tagi, og að M hafi haft L sér til ráðgjafar við kaupin, verður í fyrsta lagi að líta til þess að L virðist hafa verið stjórnarmaður í M á þeim tíma sem kaupin fóru fram og því haft hagsmuna að gæta vegna viðskiptanna. Þá verður ekki litið framhjá því að ýmsir hópar, s.s. lögfræðingar, fólk með viðskiptamenntun, eða byggingaverktakar, hafa óhjákvæmilega meiri þekkingu á fasteignaviðskiptum en aðrir. Það skerðir þó ekki rétt þessara hópa, sem kaupenda eða seljenda fasteigna, þegar kemur að ábyrgð fasteignasala á grundvelli laga nr. 70/2015. Því verður ekki talið að það skipti máli hvort aðilar hafi verið sérfróðir um viðskipti af þessu tagi, eins og V heldur fram.

Þá liggja fyrir meðal gagna sem V lagði fyrir nefndina tölvupóstsamskipti L og A, frá 15. maí 2014, þar sem L fer fram á samþykki fasteignasölunnar N, varðandi þóknun sér til handa vegna vinnu sinnar við kaupsamningsgerðina, og „málið“ fram að samningi og afhendingu. A samþykkir skriflega fyrir hönd N. Þessi samskipti benda enn frekar til þess að N hafi haft aðkomu að sölunni og má ráða í samskipti þessi á þann hátt að N hafi greitt L fyrir tiltekin verkefni tengd sölunni. Verður ekki séð að slíkir samningar skerði ábyrgð A eða fasteignasölunnar sem slíkrar.

Samkvæmt öllu framansögðu er það niðurstaða nefndarinnar að A hafi komið fram sem fasteignasali í skilningi laga nr. 70/2015 í tengslum við sölu X til M. Jafnframt er það mat nefndarinnar að það verði metið A til gáleysis að aðilar hafi gengið til afsals an þess að B hefði efnt skyldur sínar samkvæmt kaupsamningi.

Hins vegar verður að líta til þess að M hefði verið fært að takmarka tjón sitt með einhverjum hætti, en umþrætt veðskuldabréf, sem M greiddi upp á grundvelli samnings sem gerður var hinn 12. apríl 2018, var komið á lokastig innheimtu og áfallinn kostnaður í samræmi við það. Á grundvelli 2. mgr. 3. gr. samþykkta fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum frá 21. nóvember 2005, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 1090/2005, úrskurðar nefndin ekki um bótafjárhæðir nema að fengnu samþykki allra málsaðila. Því verður ekki tekin afstaða til þess að hvaða marki rétt sé að lækka bótakröfu M vegna þessa.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 14. febrúar 2019

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 391/2018

M og
V vegna ábyrgðartryggingar ökutækjanna A og B

Ágreiningur um bótaskyldu vegan áreksturs.

Gögn.
Málskot, dags. 29.11.2018 ásamt fylgigögnum.
Bréf V, vátryggingafélags, dags. 15.1.2019.

Málsatvik.
Málsatvik eru þau að ökutækin A og B lentu í árekstri á Reykjanesbraut við afrein neðan við Ártúnsbrekku. Ökumaður A, sem er eign M, telur að ökumaður B hafi ætlað að taka vinstri beygju og hafi sýnt aðgæsluleysi þar sem hann hafi ekki gætt að umferð. Ökumaður A segist hafa ætlað að komast inn á afreinina, hann hafi ekki hafa ekið yfir línuna milli akreinanna heldur hafi ökutækinu B verið ekið á ökutæki A.
V telur að skipta beri sök til helminga og vísar í því sambandi til myndbands sem fylgdi málskotinu.

Álit.
Af myndbandi sem fylgdi málskotinu má ráða að ökutækið B hafi ætlað að fara inn á Reykjanesbraut. Í málskotinu kemur fram að ökumaður A hafi ætlað að fara inn á afreinina við Ártúnsbrekku. Ökutækjunum lendir saman þar sem afreinin og akbrautin skiljast að. Ekki er hægt að greina af myndibandinu hvor ber meiri sök og svo virðist sem hvorugur ökumanna hafi gætt nægjanlega vel að sér. Með vísan til framangreinds og atvikum málsins verður sök skipt til helminga.

Niðurstaða.
Hvor ökumanna, A og B, bera helming sakar.

Reykjavík, 29. janúar 2019.
Sóley Ragnarsdóttir lögfr.
Guðmundur S. Martinsson, lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 393/2018

M og
V vegna slysatryggingar launþega A hjá V

Ágreiningur um bótaskyldu vegna bakmeiðsla

Gögn.

Málskot móttekið 4.12.2018 ásamt fylgiskjölum 1-23.
Bréf V dags. 20.12.2018.

Málsatvik.

Hinn 10. febrúar 2016, þegar M var við vinnu sína hjá A, fékk hann tak eða verk í bakið við að lyfta 40 kg. kassa af kjöti. Síðan þá hefur M m.a. fundið fyrir verkjum í mjóbaki, dofa í læri og verkjum niður í kálfa. Hefur M verið óvinnufær síðan atvikið átti sér stað og ræður einungis við létt heimilisstörf vegna verkja, stirðleika og örðugleika við hreyfingar. Hefur M nú farið í gegnum örorkumat og verið úrskurðaður óvinnufær með öllu.

V hafnaði bótaskyldu úr slysatryggingu launþega sem A var með hjá félaginu á grundvelli þess að ekki hefði verið um skyndilegan, utanaðkomandi atburð að ræða. Því félli atvikið utan slysahugtaks launþegatryggingarinnar. M mótmælir þeirri afstöðu V að ekki hafi verið um slys að ræða og krefst bóta úr slysatryggingu launþega A hjá V.

Álit:

Ekki liggur annað fyrir en að M hafi verið við venjubundin störf hjá A þegar hann meiddist í bak. Þannig er ekkert í málskoti M eða öðrum gögnum málsins sem bendir til þess að aðstæður hafi með einhverjum hætti verið óvenjulegar, og að um óvæntan, utanaðkomandi atburð hafi verið að ræða. Ekki hefur því verið sýnt fram á að M hafi orðið fyrir slysi samkvæmt þeirri skilgreiningu sem er að finna í skilmálum slysatryggingar launþega, en þar er áskilið að um „skyndilegan og utanaðkomandi atburð“ sé að ræða. M á því ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega sem A var með í gildi hjá V.

Reykjavík 15. janúar 2019
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 395/2018

M og
V vegna fjölskyldutryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu.

Gögn.
Málskot, dags. 5.12.2018 ásamt fylgigögnum.
Bréf V vátryggingafélags, dags. 2.1.2019.

Málsatvik.
Ólögráða sonur M tók ökutækið A, sem er í eigu einkahlutafélagsins B, keyrði það af stað og síðan á malbikshaug þar sem hann stöðvaði. Bifreiðin skemmdist við þetta og er krafist bóta úr fjölskyldutryggingu M, Fplús4.
V telur tjónið ekki bótaskylt úr fjölskyldutryggingunni og vísa til ákvæðis 14.8.1. í skilmála fjölskyldutryggingarinnar Fplús4 þar sem fram komi að vátryggingin bæti ekki tjón á munum sem vátryggður ber ábyrgð á vegna skaðabótaábyrgðar hans sem eiganda eða notanda fasteigna, loftfara, báta, vélknúinna farartækja eða vinnuvéla. Sonur M hafi þegar hann keyrði bifreiðina verið notandi hennar og hafi hann valdið tjóninu við notkun á ökutækinu.

Álit.
Í máli þessu er gerð krafa úr ábyrgðartryggingu fjölskyldutryggingarinnar Fplús4 fyrir ólögráða son vátryggingartaka. Samkvæmt skilmálum vátryggingarinnar bætir vátryggingin hvorki tjón sem tjón sem vátryggður ber ábyrgð á vegna skaðabótaábyrgðar hans sem eiganda eða notanda fasteigna, loftfara, báta, vélknúinna farartækja eða vinnuvéla, sbr. gr. 14.8.1. né tjón á munum tjón á munum sem vátryggður hefur til afnota, til geymslu eða eru af öðrum orsökum í hans vörslu, sbr. 14.7. Ekki er hægt að líta svo á að sonur M hafi notað bifreiðina í hefðbundnum skilningi þess orðs skv. gr. 14.8.1. en bifreiðin var sannarlega í hans vörslu og til afnota hjá honum þegar bifreiðin skemmdist. Með vísan til greinar 14.7 í skilmálum fjölskyldutryggingar Fplús4 er tjónið því ekki bætt úr ábyrgðartryggingu vátryggingarinnar.

Niðurstaða.
B á ekki rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu M hjá V.

Reykjavík, 22. janúar 2019.
Sóley Ragnarsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 396/2018

M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar sveitafélagsins A

Ágreiningur um bótaskyldu er kennari féll í hálku á gangstétt við grunnskóla.

Gögn.

Málskot dags. 11.12.2018 ásamt fylgiskjölum 1-19.
Bréf V dags. 17.12.2018 ásamt fylgiskjali 1.

Málsatvik.

Um klukkan 7:30 að morgni hins 11. janúar 2018 féll M, kennari við grunnskóla sem rekinn er af A, í hálku á gangstétt sem liggur frá inngangi vinnustaðar hennar að bílaplani með þeim afleiðingum að hún hlaut úlnliðsbrot og aðra áverka.

Að mati M má rekja tjón hennar til saknæms og ólögmæts athafnaleysis af hálfu A sem hafi borið að tryggja öryggi umferðarleiða við skólann. Þannig hafi hálkuvörnum ekki verið sinnt með fullnægjandi hætti, og hafi töluverð hálka verið á gangstéttum og bílaplani við skólann og svellbunkar hér og þar. Hafi einhverjar hálkuvarnir verið framkvæmdar af hálfu A hafi þeim því verið ábótavant. M tekur fram að í nokkra daga fyrir slysið hafi veður einkennst af frosti og snjó og því hafi aðstæður fyrir utan skólann í raun verið óforsvaranlegar í nokkra daga fyrir slysið. Húsvörður sem sjái alla jafna um hálkuvarnir við skólann hafi verið fjarverandi í nokkra daga fyrir slysið og á slysdegi en vanrækt hafi verið að kalla aðra starfsmenn til verksins. Einnig vísar M til þess að A hafi ekki tilkynnt strax um slysið til Vinnueftirlits ríkisins, í samræmi við 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, öryggi og hollustuhætti á vinnustöðum og verði því að bera hallann af sönnunarskorti um atvik málsins. Telur M sig því eiga rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna slyssins.

Í bréfi sínu til nefndarinnar tekur V fram að svæðið þar sem M datt hafi verið hálkuvarið af starfsmönnum hverfastöðvar A. Þannig hafi bíll frá hverfastöðinni hálkuvarið bílastæði og lóð skólans klukkan 9 hinn 10. janúar 2018, og klukkan 6:15 að morgni slysdags, eða áður en slysið átti sér stað. Af þessum ástæðum er því hafnað að A hafi ekki brugðist við aðstæðum með fullnægjandi hætti. Þá er því mótmælt að fjarvera húsvarðar hafi haft einhver áhrif þar sem slysið hafi ekki átt sér stað á því svæði sem hann hafi jafnan séð um að hálkuverja. Þá tekur V fram að veðurfar dagana í kringum slysið hafi verið með þeim hætti að sérstök ástæða hafi verið til aðgæslu M sjálfrar, enda hafi hálka verið á gangstéttum, bílastæðum og lóðum um alla borg, og ógerlegt að gera ráð fyrir að hálkan væri horfin svo snemma morguns, jafnvel þó gætt hefði verið að hálkuvörnum.

Álit:

M hefur áður skotið ágreiningsefni þessu til úrskurðarnefndar í vátryggingamálum, en með úrskurði nefndarinnar í máli nr. 267/2018 var kröfu M um að viðurkenndur yrði réttur hennar til bóta úr ábyrgðartryggingunni vísað frá, þar sem skilyrði fyrir efnislegri afgreiðslu málsins þóttu ekki uppfyllt. Þannig kemur fram í 2. og 3. mgr. 5. gr. samþykkta úrskurðarnefndar í vátryggingamálum, sem birtar eru í B-deild Stjórnartíðinda með auglýsingu nr. 1090/2005, að ef afstaða vátryggingafélags til kröfu liggi ekki fyrir áður en ágreiningur er lagður fyrir nefndina verði þrjár vikur að hafa liðið frá því að vátryggingafélagi barst krafan. Í tilviki M lá afstaða V ekki fyrir en umræddur þriggja vikna frestur var heldur ekki liðinn. Þar sem V hefur sent M höfnunarbréf, dags. 29. október 2018, er ágreiningurinn nú tækur til meðferðar.

Eins og fram kemur að ofan er deilt um hvort M eigi rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna slyssins. Slys M átti sér stað um hávetur, þegar veðurskilyrði höfðu verið með versta móti,

og sérstaklega varað við mikilli hálku í fjölmiðlum og því að örðugt væri að ráða við hana með hefðbundnum leiðum. Ekki liggur annað fyrir en að bíll frá hverfastöðinni hafi verið búinn að hálkuverja umrætt svæði þegar slysið átti sér stað, þó vera kunni að þær hálkuvarnir hafi e.t.v. ekki duga til í þeim aðstæðum sem voru til staðar. Þannig verður ekki sýnt fram á að starfsmenn skólans eða aðrir starfsmenn A hefðu átt þess kost að grípa til frekari aðgerða til að koma að fullu í veg fyrir hálku eða hálkumyndun á og við skólalóðina við þær veðuraðstæður sem til staðar voru. Slysið verður því ekki rakið til atvika sem A verður kennt um. Engu breytir í þessu sambandi þótt slysið hafi ekki verið tilkynnt Vinnueftirlitinu. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu sveitafélagsins A hjá V.

Reykjavík 8. janúar 2019

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 397/2018

M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar A

Ágreiningur um bætur úr ábyrgðartryggingu vegna umferðaróhapps

Gögn.

Málskot móttekið 1.12.2018 ásamt þremur fylgiskjölum.
Bréf V dags. 4.1.2019 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.
Aðfararnótt sunnudagsins 19. ágúst 2018 varð dóttir M, X, fyrir umferðaróhappi þegar hún ók bifreið M eftir Borgarsandi. Óhappið varð með þeim hætti að X ók á steypta stöpla sem voru strengdir saman með keðjum á veginum, í þeim tilgangi að varna umferð frá Borgarsandi að Geitasandi. Skemmdist bifreiðin töluvert við óhappið.
M lýsir atvikum svo að myrkur hafi verið skollið á, og þar sem enginn endurskinslitur hafi verið á stöplunum hafi verið ómögulegt að sjá þá, jafnvel þó ökumaður, sem hafi verið ókunnugur staðháttum, hafi gætt fyllstu varúðar. M heldur því jafnframt fram að stöplarnir hafi verið málaðir rauðir, og að málað hafi verið yfir endurskinslit, í tilefni bæjarhátíðar sem hafi farið fram þessa sömu helgi. Þá hafi traktor verið lagt við stöplana og það byrgt sýn enn frekar. X hafi ekki áttað sig á að um botnlangagötu, sem væri lokað með þessum hætti, væri að ræða. Telur M því að um saknæma háttsemi starfsmanna A hafi verið að ræða og gerir kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu sveitarfélagsins.

Í svörum V til nefndarinnar er því mótmælt að stöplarnir hafi verið málaðir sérstaklega skömmu fyrir atvikið. Þá er tekið fram að götunni hafi verið lokað á þennan hátt, og Borgarsandur þannig skilinn frá Geitasandi, allt frá árinu 1983 og að engin óhöpp hafi hlotist vegna þess. Þar sem keyrt sé inn á götuna sé jafnframt skilti sem auðkenni götuna sem botnlangagötu. Það er því mat félagsins að um hafi verið að ræða áberandi steypta stöpla sem ökumaður hefði mátt sjá. Er bótaskyldu því hafnað.

Álit:
Ágreiningur málsins snýst um það hvort aðstæður á vettvangi hafi verið með þeim hætti að A, eða starfsmenn þess, beri ábyrgð á umræddu óhappi. Af gögnum málsins má ráða að stöplarnir sem um ræðir séu fremur lágir og fyrirferðarlitlir og auk þess verður ekki séð að þeir varpi endurskini. Jafnvel þó stöplarnir hafi verið til staðar frá árinu 1983, án þess að óhöpp hafi orðið, verður að telja að um sé að ræða afar óvenjulega leið til að loka botnlangagötu. Þannig er fallist á það með M að hæpið sé, jafnvel þó umrædd gata sé merkt sem botnlangagata, að ökumaður sem er ókunnugur staðháttum átti sig á því að götunni kunni að vera lokað á þennan hátt. Af þeim ástæðum verður að telja að starfsmönnum A beri sérstök skylda til að gæta þess að umræddir stöplar séu vel sýnilegir í myrkri. Ekki þykir þó sýnt fram á að stöplarnir hafi verið sérstaklega málaðir vegna bæjarhátíðar umrætt sinn.

Þar sem jafnframt verður að telja að X hafi ekki sýnt af sér nægilega aðgæslu umrætt sinn, þar sem hún ók í myrkri eftir íbúðargötu sem hún var ekki kunnug, þykir þó rétt að skipta sök og að M beri hluta tjónsins, eða 1/3. Á M því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A sem nemur 2/3 hlutum tjónsins.

Niðurstaða.

M, á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V, sem nema 2/3 hlutum tjóns hans.

Reykjavík 22. janúar 2019

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 398/2018

M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar atvinnurekstrar A.

Ágreiningur um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A hjá V

Gögn.

Málskot dags. 12.12.2018 ásamt fylgiskjölum 1-11.
Bréf V dags. 21.01.2019 ásamt fylgiskjölum 1-4.
Athugasemdir M við bréf V, dags. 25.01.2019.

Málsatvik.

Hinn 20. júlí 2017, þegar M var við vinnu sína hjá B, undirverktaka hjá A, varð hann fyrir óhappi með þeim afleiðingum að hann hlaut áverka á hnéskel. Ekki liggur fyrir hverjar varanlegar afleiðingar þessa fyrir M kunna að verða, en nýjasta læknisvottorðið sem liggur fyrir nefndinni er dagsett hinn 23. október 2018. Þar kemur fram að áverkinn sem M varð fyrir hái honum töluvert í starfi hans sem smiður, og að líklegt sé að hann muni eiga við afleiðingar hans um ókomna tíð.

M lýsir atvikum á þann veg að hann hafi verið að vinna í stiga, þegar gólflögn undir stiganum hafi brotnað með þeim afleiðingum að stiginn hafi oltið á hliðina, og M þá fallið á gólfið og hlotið áverka á hné. Slysið telur M að megi rekja til þess að mistök hafi orðið við flotun á gólfinu, þannig að hætt hefði verið við að flothúðin gæfi sig á ákveðnum stöðum, án þess að mögulegt væri fyrir starfsmenn að gera sér grein fyrir hættunni. A, sem yfirverktaki, bæri ábyrgð á mistökum við verkstjórn hvað þetta varðaði og á því að öryggi starfsmanna hafi ekki verið tryggt með fullnægjandi hætti. Þar eð slysið hefði aldrei verið tilkynnt Vinnueftirlitinu bæri A jafnframt hallann af mögulegum sönnunarskorti um atvik málsins.

Meðal þeirra gagna sem M leggur fyrir nefndina eru læknisfræðileg gögn, tölvupóstur frá C, vinnufélaga M, og mynd af svipaðri holu og þeirri sem hafi myndast við óhappið. Á grundvelli þeirra og ofangreinds gerir M kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

V hafnaði kröfu M með bréfi dags. 1. ágúst 2018, með þeim rökum að atvikið yrði ekki rakið til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi A auk þess sem M hafi verið starfsmaður B en ekki A. Í bréfi sínu til nefndarinnar tekur V jafnframt fram að ágreiningur sé um málsatvik og að ósannað sé að óhappið hafi atvikast með þeim hætti sem M lýsir. Þannig hafi engin vitni verið að atvikinu og ekkert sé sannað um hvað varð þess valdandi að M hafi fallið úr stiganum. Enn fremur hafi A ekki fengið tilkynningu um atvikið fyrr en V hafði samband við félagið vegna fram kominnar kröfu frá M. Þessu til stuðnings leggur V fram dagsskýrslu A vegna 20. júlí 2017 en þar komi ekkert fram um að slys hafi orðið á vinnustaðnum þann dag. Þá liggi ekkert fyrir um hvar ljósmynd af svipaðri holu hafi verið tekin eða af hvaða tilefni og því þ.a.l. hafnað að hún geti haft sönnunargildi í málinu.

M mótmælir þessari afstöðu V, og vísar til þess að fyrir liggi tölvupóstur C um atvikið, auk þess sem B hafi staðfest atvikalýsingu M. Þá er ítrekað að A hafi ekki fullnægt tilkynningaskyldu sinni til Vinnueftirlitsins. Enn fremur eru gerðar alvarlegar athugasemdir við að andmæli V við atvikalýsingunni sem slíkri hafi ekki komið fyrr fram.

Álit:

Óhjákvæmilegt er að líta til þess að engin vitni virðast hafa verið að atvikinu. Þannig kemur fram í tilkynningu M til Sjúkratrygginga Íslands að C hafi ekki séð atvikið en komið með M á slysstað og skoðað aðstæður eftir á. Sams konar staðhæfing kemur og fram í tilkynningu til vátryggingafélags þess sem B er í viðskipum við, en hún er meðal ganga málsins. Ekki verður því byggt á lýsingu C á átvikum.

Einnig verður litið til þess að engar myndir af þeim stað er M datt liggja fyrir, og taka verður undir það með V, að umrædd mynd af sambærilegri holu hefur ekki sönnunargildi hvað varðar holu þá er M segir hafa myndast undir stiganum er þungi var settur á hann. Í tölvupósti C, sem mun hafa skoðað aðstæður á staðnum eftir að atvikið átti sér stað, er ekki heldur að finna lýsingar á aðstæðum þar, heldur einungis lýsingu á atvikum eins og hann telur þau hafa verið.

Þá verður jafnframt að líta til þess að fyrir nefndinni liggja engin gögn sem sýna fram á hvenær, eða með hvaða hætti, M tilkynnti A um atvikið. Þá verður heldur ekki ráðið af málatilbúnaði M hvernig það hafi verið gert. Gegn mótmælum V verður því ekki talið sýnt fram á að A hafi haft vitneskju um atvikið fyrr en eftir að M krafðist bóta. Verður því ekki talið að A skuli bera hallann af sönnunarskorti um atvik málsins.

Þegar af ofangreindum ástæðum verður að telja að bótaréttur M úr ábyrgðartryggingu A hjá V sé ekki fyrir hendi, enda er það afstaða úrskurðarnefndarinnar að ekki sé nægilega sýnt fram á með hvaða hætti meiðsl M hafi atvikast.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 5. mars 2019

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 399/2018

M og
V frítímaslysatryggingar fjölskyldutryggingar

Ágreiningur um bótaskyldu vegna atviks sem varð um borð í flugvél

Gögn.

Málskot dags. 13.12.2018 ásamt fylgiskjölum 1-13.
Bréf V dags. 7.1.2019 ásamt fjórum fylgiskjölum.
Svar M við bréfi V til nefndarinnar, dags. 18.1.2019.

Málsatvik.

Samkvæmt gögnum málsins var M farþegi í flugvél á leið frá Íslandi til Póllands hinn 13. september 2017. Stuttu eftir flugtak, þegar vélin var að ná endanlegri flughæð yfir Mýrdalsjökli varð vart við reyk úr farangurshólfi. Í ljós kom að kviknað hafði í rafsígarettu sem var geymd í bakpoka í farangurshólfinu. Eftir einhvern tíma tókst að stöðva eldinn og var flugvélinni snúið til baka til Keflavíkur.

M lýsir atvikum á þann veg að skyndilega og óvænt hafi mikill eldur blossað upp sem áhöfnin hafi illa ráðið við og hafi hún óttast um líf sitt. Andlegri heilsu M, sem áður hefur átt við andleg veikindi að stríða, hefur hrakað mjög eftir þetta atvik, og fyrir nefndinni liggja vottorð lækna um að fyrir það hafi M náð tökum á andlegri vanlíðan sinni, en þjáist eftir það af þunglyndi og áfallastreituröskun og hafi m.a. þurft að leita á bráðaþjónustu geðsviðs hjá LSH. Þá verður ráðið af gögnum málsins að M hafi ekki verið vinnufær eftir atvikið.

Vegna atviksins gerir M kröfu til bóta úr frítímaslysatryggingu hjá V, enda telur hún sig hafa orðið fyrir slysi í skilningi skilmála vátryggingarinnar, þrátt fyrir að hún hafi ekki hlotið líkamlega áverka. Hins vegar sé erfitt að skilja að andleg einkenni og líkamlega áverka sem rekja megi til slyss enda hafi þessir þættir víxlverkandi áhrif hvor á annan. Þá sé orsök andlegra einkenna M sú að hún hafi talið sig í bráðri lífshættu. Kröfu sinni til stuðnings vísar M m.a. til danskra úrskurða, og umfjöllunar um slysatryggingu sjómanna.

Í bréfi sínu til nefndarinnar hafnar V því að M hafi orðið fyrir slysi í skilningi skilmálanna. Þannig sé skilyrði um meiðsl á líkama ekki uppfyllt, og áföll andlegs eðlis hafi almennt ekki verið talin falla undir það hugtak nema viðkomandi hafi jafnframt orðið fyrir líkamstjóni. Þegar andlegt tjón hafi verið fellt undir slysatryggingar hafi það verið í undantekningartilvikum og aðeins þegar tjónþoli hafi raunverulega verið í lífshættu. Svo hafi ekki verið í þessu tilviki, engin raunveruleg hætta hafi verið á ferðum og því ekki hægt að segja að M hafi lent í slysi. Þá hafnar V því að úrskurðir dönsku úrskurðarnefndarinnar í vinnuslysumálum hafi fordæmisgildi í málinu þar eð vinnuslys í dönskum rétti taki til bæði andlegs og líkamlegs tjóns. Enn fremur telur V ósannað að andleg einkenni M verði rakin til atviksins sem slíks, og að frekar megi rekja þau til grunnsjúkdóms hennar.

Álit:

Ágreiningur málsins snýst samkvæmt framansögðu um það hvort atvik er M varð fyrir í borð um flugvél hinn 13. september 2017 sé bótaskylt á grundvelli skilmála Fjölskylduverndar 2 hjá V. Hvað varðar úrskurði dönsku úrskurðarnefndarinnar í vinnuslysamálum verður að fallast á það með V að þeir hafi ekki fullt fordæmisgildi hér á landi, enda virðist skýrt af þarlendum skilgreiningum að vinnuslys geti bæði tekið til andlegs og líkamlegs tjóns. Hvað varðar slysatryggingu sjómanna er einnig rétt að hafa í huga að sérstaklega er fjallað um bótaábyrgð útgerðarmanns í 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985 og byggjast bótakröfur þar því á nokkuð öðrum grunni en hér um ræðir.

Því er óhjákvæmilegt að umfjöllun nefndarinnar byggi á slysahugtakinu eins og það kemur fyrir í umræddum skilmálum. Í 19. gr. skilmála Fjölskylduverndar 2 segir m.a. að með orðinu „slys“ sé átt við „skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans“. Ljóst er að atvikið í flugvélinni var bæði skyndilegt og utanaðkomandi og átti sér stað án vilja eða aðkomu M. Hins vegar er skilyrðið um meiðsl á líkama, samkvæmt orðanna hljóðan, ekki uppfyllt. Taka má undir það að erfitt geti verið að aðskilja að fullu andlegar afleiðingar frá líkamlegum, en þegar ekki er um neina líkamlega áverka að ræða verður að líta sérstaklega til alvarleika tjónsatviks og þeirra afleiðinga sem vænta má á heilsu vátryggðs. Þannig verður að líta svo á raunveruleg hætta af umræddu atviki varði meiru en skynjun M á þeirri hættu sem hún taldi sig í. Þó vissulega hafi verið um alvarlegt atvik að ræða, sem hafi verið til þess fallið að vekja ótta hjá viðstöddum, verður þannig að líta til þess að tiltölulega fljótt tókst að stöðva eldinn sem virðist hafa verið á mjög afmörkuðu svæði og ekkert liggur fyrir um frekara tjón á flugvélinni eða öðrum farangri en bakpokanum sem rafsígarettan var í. Þá verður ekki ráðið að aðrir farþegar, eða áhafnarmeðlimir hafi slasast við atvikið. Því verður ekki talið að M hafi réttilega mátt telja sig í slíkri lífshættu að hægt sé að fella andleg áhrif atviksins á hana undir umræddan skilmála vátryggingarinnar.

Á grundvelli ofangreinds er kröfu M á hendur V því hafnað.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr frítímaslysatryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík 29. janúar 2019
Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 403/2018

M og
V vegna fasteignatryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna ljósakónu sem féll úr lofti.

Gögn.
Málskot, dags. 05.12.2018 ásamt fylgigögnum.
Bréf V, vátryggingafélags, dags. 27.12.2018.

Málsatvik.
Málsatvik voru þau að ljósakróna féll úr lofti á eldhúseyju með þeim afleiðingum að borðplatan eyðilagðist og djúpt skarð kom í parketið. M krafðist bóta úr fasteignatryggingu, sbr. 15. gr. 9. kafla skilmálanna þar sem fram kemur að vátryggingin bæti tjón á vátryggðri húseign vegna þess að festingar á innanhúsloftklæðningu eða naglfastri innréttingu gefa sig skyndilega. M telur orðalag skilmálanna eiga við þegar festingar gefi sig skyndilega en ekki ef innanhúsloftklæðningin gefi sig skyndilega. Að minnsta kosti séu skilmálarnir óljósir og V verði að bera hallan af því.
V telur tjónið ekki bótaskylt úr fasteignatryggingunni og vísar til 15. gr. 9. kafla skilmálanna. V telur að tjónið verði ekki rakið til þess að festingar á innanhúsloftklæðningu eða naglfastri innréttingu hafi gefið sig skyndilega og því hafi ekki stofnast bótaréttur.

Álit.
Í 15. gr. 9. kafla skilmála fasteignatryggingarinnar kemur fram að vátryggingin bæti tjón sem verði á vátryggðri húseign vegna þess að festingar á innanhúsloftklæðningu eða naglfastri innréttingu gefi sig skyndilega. Orðalag ákvæðisins er skýrt og bætir vátryggingin tjón sem verður af völdum þess að innanhúsloftklæðning losnar ef festing hennar gefur sig skyndilega. Með vísan til framangreinds á M ekki rétt á bótum úr fasteignatryggingunni vegna tjóns sem varð þegar ljósakróna féll úr lofti og olli tjóni.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr fasteignatryggingu hjá V.

Reykjavík, 29. janúar 2019.
Sóley Ragnarsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson, lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 404/2018

M og
V ábyrgðartryggingar ökutækis og fjölskyldutryggingar

Ágreiningur um bótaskyldu vegna óhapps við akstur

Gögn.

Málskot móttekið 6.12.2018 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V dags. 10.01.2019.

Málsatvik.

M lýsir atvikum á þann veg að 18 ára dóttir hans, A, hafi verið að leggja bifreið í hans eigu, þegar hún steig á vitlaust fótstig með þeim afleiðingum að hún ók á bílskúrshurð á heimili þeirra. Afleiðingar þessa óhapps voru þær að bílskúrshurðin eyðilagðist og rispur komu á vélarhlíf og stuðara bifreiðarinnar við ákomuna.

Í kjölfar óhappsins krafðist M bóta frá V, bæði úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar og úr fjölskyldutryggingu sem hann var með hjá félaginu.

Í bréfi sínu til nefndarinnar hafnar V kröfum M. Hvað varðar F plús 3 fjölskyldutryggingu tekur V fram að A sé meðvátryggð samkvæmt umræddri vátryggingu. Hins vegar bæti vátryggingin samkvæmt skilmálum sínum ekki tjón sem hinir vátryggðu valda hver öðrum, né tjón sem hlýst af notkun vátryggðs á vélknúnu farartæki. Þá sé bæði heimili vátryggðra og umrædd bifreið alfarið í eigu M og vátryggður geti ekki átt skaðabótakröfu á hendur sjálfum sér. Hvað varðar bótakröfu M úr lögboðinni ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar er svo tekið fram að vátryggingin bæti ekki skemmdir á ökutækinu sjálfu eða öðrum eignum vátryggingartaka.

Álit:

Í málskoti sínu leggur M fram þrjár tölusettar spurningar til nefndarinnar. Rétt er að árétta að samkvæmt samþykktum nefndarinnar, sbr. auglýsingu um samþykktirnar nr. 1090/2005, fjallar nefndin um ágreining varðandi bótaskyldu, þ.m.t. sök og sakarskiptingu, milli málskotsaðila og vátryggingafélags, sem starfsleyfi hefur hér á landi. Jafnframt úrskurðar nefndin um ágreining, sem varðar ákvæði laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga, sbr. 1. mgr. 3. gr. samþykktanna. Atriði er varða sérstaklega starfshætti vátryggingafélaga að öðru leyti falla því utan valdsviðs nefndarinnar og verður því látið sitja við það að úrskurða um mögulega bótaskyldu í þessum tiltekna ágreiningi.

Ágreiningur aðila snýr að því hvort tjón það sem A olli, þegar hún af ógætni ók á bílskúrshurð að heimili þeirra, sé bótaskylt samkvæmt skilmálum fjölskyldutryggingar eða ábyrgðartryggingar ökutækis sem M var með í gildi hjá V á tjónsdegi.

Hvað varðar skilmála ábyrgðartryggingarhluta F plús 3 fjölskyldutryggingar, þá er þar m.a. fjallað um hvers konar tjón vátryggingin bæti ekki. Kemur þar fram í gr. 14.5 að vátryggingin bæti ekki „tjón sem hinir vátryggðu valda hverjir öðrum“. Þá segir í 14.8, sbr. 14.8.1 að vátryggingin bæti ekki tjón sem vátryggður ber ábyrgð á vegna skaðabótaábyrgðar hans sem notanda vélknúins farartækis.

Bæði þessi atriði, þ.e. að A, sem meðvátryggð samvæmt skilmálum vátryggingarinnar olli M, sem er vátryggður samkvæmt sömu skilmálum, tjóni og það að A var í umrætt sinn notandi vélknúins ökutækis, leiða til þess að bótaskylda er ekki til staðar úr F plús 3 fjölskyldutryggingu M hjá V.

Hvað varðar skilmála lögboðinnar ábyrgðartryggingar ökutækja, er rétt að árétta að hlutverk slíkra trygginga er að bæta skemmdir á eigum annarra sem orsakast af atvikum sem umráðamaður eða eigandi bifreiðar veldur við notkun hennar. Þannig kemur fram í gr. 15.2 skilmála ökutækjatryggingar BA10 hjá V að vátryggingin bæti ekki skemmdir á ökutækinu sjálfu eða

öðrum eignum vátryggingartaka eða vátryggðs. Þar sem M, vátryggingartaki, er eigandi umræddrar fasteignar, og þar með bílskúrshurðarinnar, svo og bifreiðarinnar sem tjóninu olli, er því ljóst að bótaskylda er ekki til staðar ur lögboðinni ökutækjatryggingu M hjá V.

Verður því ekki hjá því komist að hafna kröfum M á hendur V.

Niðurstaða.
M á hvorki rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu né lögboðinni ábyrgðartryggingu bifreiðar, hjá V.

Reykjavík 29. janúar 2019
Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 405/2018

M og
V vegna ábyrgðartryggingar L

Ágreiningur um bótaskyldu.

Gögn.
Málskot, dags. 13.12.2018 ásamt fylgigögnum.
Bréf V, vátryggingafélags, dags. 3.1.2019.

Málsatvik.
Málsatvik eru þau að mistök voru gerð hjá L þegar það vann að úrbótum við lagnakerfi í íbúðarhúsnæðinu H. Úrbæturnar voru gerðar í mars 2017 en mistökin uppgötvuðust ekki fyrr en í október 2018. Mistökin fólust í því að lokað hafði verið fyrir frárennsli úr vaski sem leiddi til þess að vatnið fór aðra leið en í gegnum frárennslið og það leiddi til raka í húsnæðinu. Þar sem orsök rakans var M ekki kunn fyrr en um síðir reyndu þau að koma í veg fyrir hann með ýmsum leiðum og meðal annars var húsið drenað. M greiddu sérfræðingum og iðnaðarmönnum háar upphæðir vegna aðgerðanna og telja þau að ógerlegt hafi verið að átta sig á mistökum L og þau hafi því stofnað til ónauðsynlegs kostnaðar. Þau gera þá kröfu að fá greiddar bætur vegna þeirra aðgerða sem þau réðust í.
V viðurkennir bótaskyldu vegna mistaka L en hafnar því að kostnaður tengdur drenframkvæmdum verði bættur sem og kostnaður við hellulögn eftir framkvæmdirnar. Félagið telur engin orsakatengsl milli drenframkvæmdanna og sakar L. Félagið telur að M hafi fengið ranga ráðgjöf um að fara í drenframkvæmdir og að það geti ekki borið ábyrgð á því.
Aðilar málsins eru sammála um að nefndin taki afstöðu til bótatillagna.

M krefst þess að fá eftirfarandi bætur:

1.	Dren	að fjárhæð kr.	2.942.000
2.	Blómabeð	að fjárhæð kr.	300.000
3.	Efla ráðgjafi	að fjárhæð kr.	45.900
4.	Málning á stigapalli	að fjárhæð kr.	? (tillaga V kr. 80.000)
5.	Múrvinna á tröppum og bílaplani	að fjárhæð kr.	157.912
6.	Þórir múrari, rakamælingar	að fjárhæð kr.	50.000
7.	Hellulögn eftir drenframkvæmdir	að fjárhæð kr.	?
8.	BM Vallá, hellur ofl.	að fjárhæð kr.	55.101
9.	Lykt í geymslu í kjallara	að fjárhæð kr.	? (tillaga V kr. 50.000)
10.	Myndataka niðurfall	að fjárhæð kr.	22.735
11.	Brotvinna til að komast að lögnum	að fjárhæð kr.	? (tillaga V kr. 150.000)
12.	Niðurfall lagfært	að fjárhæð kr.	150.000
13.	Flísar á gólf	að fjárhæð kr.	60.000
14.	Þrif vegna framkvæmda	að fjárhæð kr.	? (tillaga V kr. 120.000)

V hefur samþykkt bótaliði 3., 6., 10., 12. og 13 og hefur komið fram með bótatillögur vegna liða 4., 9., 11. og 14 sem hefur ekki verið mótmælt. Eftir stendur ágreiningur um bótaliði 1., 2., 5., 7. og 8.

Álit.
Óumdeilt er að rakinn í íbúðarhúsnæðinu stafaði af mistökum L við vinnu við lagnakerfið. Augljóst er að M gátu ekki tilkynnt V um tjón sitt fyrr en vitað var að L hefði gert mistök við lagnavinnunna. Því var eðlilegt að M réðust í þær framkvæmdir sem þau töldu nauðsynlegar til að koma í veg fyrir raka í húsnæðinu. Framkvæmdirnar voru viðamiklar og kostnaðarsamar fyrir M. Í málinu liggur hins vegar ekki fyrir mat sérfræðinga á því að nauðsynlegt hafi verið að fara í drenframkvæmdir og þegar af þeirri ástæðu getur ekki komið til álita að úrskurða bætur vegna þeirra né afleiddra verkefna vegna þess, sbr. bótaliði 1., 2., 5., 7. og 8.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum fyrir skv. bótaliðum 3., 4., 6. og 9.-14 úr ábyrgðartryggingu L hjá V.

Reykjavík, 22. janúar 2019.
Sóley Ragnarsdóttir lögfr.
Guðmundur S. Martinsson, lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 406/2018

M og
V vegna ábyrgðartryggingar ökutækis.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna sjúkraþjálfunar.

Gögn.
Málskot, dags. 20.12.2018 ásamt fylgigögnum.
Bréf V, vátryggingafélags, dags. 16.01.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
M lenti i umferðarslysi 24. ágúst 2012 með þeim afleiðingum að hún þurfti á sjúkraþjálfun að halda til að halda einkennum niðri. Sjúkraþjálfunin stóð yfir í tvö tímabil, annars vegar níu mánuði og hins vegar 5 mánuði. Samkvæmt matsgerð var talin þörf á sjúkraþjálfun tvisvar í mánuði í fjögur ár eftir slysið, eða 24. ágúst 2016. V viðurkenndi bótaskyldu og að M eigi rétt á sjúkrakostnaði fram til 24. ágúst 2016. V telur sig hafa greitt alla reikninga frá sjúkraþjálfara sem hafa borist félaginu og að ekki verði séð að nokkur útgjöld hafi átt sér stað eftir 23. febrúar 2016.

Álit.
Ekki er ágreiningur um það með málsaðilum að V beri að greiða sjúkrakostnað fram að 24. ágúst 2016 og er það byggt á áliti í matsgerð. Í gögnum málsins kemur fram að V hafi greitt M kr. 124.631. Með málskotinu fylgdu sundurliðunarskýrslur sjúkraþjálfarans A annars vegar með dags. 17. september 2012 – 15. maí 2014 þar sem fram kemur að hluti M til greiðslu sé kr. 107.842 og hins vegar með dags. 18. nóvember 2014 – 23. febrúar 2016 að fjárhæð kr. 127.096. Með vísan til bréfs V virðist sem félaginu hafi ekki borist allir reikningar M vegna sjúkraþjálfunar hennar á tímabilinu 24. ágúst 2012 – 24. ágúst 2016. Í samræmi við niðurstöðu fyrirliggjandi matsgerðar á M rétt á bótum vegna sjúkrakostnaðar fram að 24. ágúst 2016.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum vegna sjúkraþjálfunar fyrir tímabilið 24. ágúst 2012 – 24. ágúst 2016 úr ábyrgðartryggingu hjá V.

Reykjavík, 14. febrúar 2019.
Sóley Ragnarsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson, lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 407/2018

M og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar A, stjórnanda vinnuvélar.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda á ljósleiðara.

Gögn.
Málskot, móttekið 18.12.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 25.1.2019.

Málsatvik.
Hinn 30. maí 2018 vann A á skurðgröfu við að færa girðingu við tiltekið býli. Vildi þá til að ljósleiðari í eigu M fór í sundur. Í fyrirliggjandi lögregluskýrslu um atvikið kemur fram að þarna hafi menn verið við girðingarvinnu. Sést hafi hvar ljósleiðaraendi stóð upp úr jörðu við girðingarstaur sem nýbúið var að setja niður. Hafi A ásamt öðrum verið setja niður girðingu og hlið og hafi þeir ákveðið að „færa hliðið innar“ til að vera fjarri ljósleiðaranum þar sem þeir töldu að ljósleiðarinn lægi í línunni milli sérstakra gulra staura sem eiga að sýna legu ljósleiðarans. Aðspurður kvaðst A hafa talið að þeir væru nægjanlega langt frá ljósleiðaranum. Rétt við vettvang hafi verið gulur staur sem gaf til kynna legu ljósleiðarans. Er skoðað var hvar staurinn var og einnig næsti staur til austurs hafi virst eins og það væri a.m.k. 4-5 m skekkja ef miðað væri við að ljósleiðarinn lægi í línu milli staura.

M kveður A ekki hafa aflað teikninga af legu ljósleiðarans áður en hann hóf jarðvinnuna. Hann hafi heldur ekki gert nægilegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að tjónið eins og honum hafi borið samkvæmt 71. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og er í þeim efnum einkum vísað til 1. og 3. mgr. lagagreinarinnar. Hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna þeirra skemmda sem urðu á ljósleiðaranum. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.
Samkvæmt 1. mgr. 71. gr. fjarskiptalaga má ekki, þar sem fjarskiptavirki eru, reisa mannvirki, setja upp tæki, leggja pípur, raflagnir, leiðslur og því um líkt, gera jarðrask eða aðrar ráðstafanir er af geta hlotist skemmdir á fjarskiptavirkjum eða truflanir á rekstri þeirra nema áður hafi verið aflað upplýsinga um legu þeirra og samráð verið haft við eiganda fjarskiptavirkisins um tilhögun framkvæmdanna. Þá segir í 3. mgr. að ef jarðrask eða aðrar framkvæmdir hafa leitt til skemmda á fjarskiptavirkjum eða truflana á rekstri þeirra skal sá sem þeim hefur valdið þegar í stað tilkynna það til eiganda fjarskiptavirkisins. Er tjónvaldi jafnframt skylt að bæta allt tjón sem af skemmdunum leiðir, bæði beint og óbeint, þar á meðal viðskiptatap, nema hann sýni fram á að ekki hafi verið komist hjá tjóni þó að fyllstu aðgæslu hafi verið gætt.

Af gögnum málsins er í ljós leitt að þar sem ljósleiðarinn fór í sundur var gulur staur, sem átti að sýna legu hans, ranglega staðsettur þannig að munaði 4-5 m á raunverulegri legu og þeirri sem staðsetning staursins gaf til kynna. A kom ekki að niðursetningu staursins og af gögnum málsins verður ekki ráðið að hann hafi vitað eða mátt vita um þessa skekkju. Þegar litið er til þess hversu mikið frávikið var á hinni raunverulegu legu og þeirri sem staurarnir gáfu til kynna verður ekki séð að það verði virt A til sakar að hafa ekki aflað nánari upplýsinga um legu ljósleiðarans eða hafa samráð við M áður en jarðvinna hófst eða að bótaábyrgð hans geti verið reist á 3. mgr. 71. gr. laga nr. 81/2003. M getur því ekki krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 19. febrúar 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 408/2018

M og
vátryggingafélagið V1 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V2 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Ágreiningur um bótaskyldu vegna áreksturs.

Gögn.

Málskot M, móttekið 19. desember 2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V1, dags. 1. febrúar 2019.
Bréf V2, dags, 2. janúar 2019.

Málsatvik.

Árekstur varð við á Lyngdalsheiðarvegi við afleggjarann að Mjóanesi, þann 7.12.2018. Ökumaður bifreiðar A kveðst hafa ekið Lyngdalsheiðarveg í vestur en hægt á sér og gefið stefnumerki til vinstri áður en hann kom að afleggjaranum í átt að Mjóanesi. Kvaðst hann ekki hafa orðið var við bifreið B fyrr en hann beygði til vinstri inn að Mjóanesi þegar bifreiðin B hafnaði í vinstri hlið bifreiðar sinnar. Ökumaður B kveðst hafa ekið á 90 km hraða á eftir bifreiðinni A sem hægði skyndilega á sér. Hún hafi þá ætlað að taka fram úr A, þar sem hún hélt að ökumaðurinn ætlaði að stöðva bifreiðina en sá hafi þá skyndilega beygt til vinstri inn á afleggjara að Mjóanesi án þess að gefa stefnumerki. Af gögnum málsins má greina að hálfbrotin miðlína er á Lyngdalsheiðarvegi þar sem áreksturinn varð.

Álit:

Samkvæmt d-lið 22. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 er heimilt að aka fram úr ökutæki við gatnamót ef umferð hefur forgang gangvart hliðarvegi, sbr. 2. mgr. 25. gr. sömu laga. Þar sem umferð um Lyngdalsheiðarveg nýtur forgangs gagnvart annarri umferð er ljóst að ekki ríkir algjört bann við framúrakstri á umræddum stað. Sérstök varúðarskylda hvílir þó á ökumönnum sem ætlar að aka fram úr ökutæki skv. 20. gr. umferðarlaga. Fjallað er um akstur yfir miðlínu vegar í reglugerð nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra. Í 23. gr. reglugerðarinnar segir m.a. að þar sem hálfbrotin lína er eftir akbraut, sé varhugavert að aka yfir hana og óheimilt nema með sérstakri varúð. Þá segir í 2. mgr. 15. gr. umferðarlaga að ökumaður, sem ætlar að beygja á vegamótum skuli ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra sem fara í sömu átt og að hann skuli gefa sérstaklega gaum umferð, sem á eftir kemur.

Það er varhugavert er að fara framúr bifreið þar sem heimilt er að beygja til vinstri yfir hálfbrotna miðlínu án þess að gætt sé nægilegrar varúðar. Á sama hátt er mikilvægt að ökumaður sem hyggst beygja til vinstri við slíkar aðstæður gefi sérstakan gaum að umferð sem á eftir kemur. Í ljósi þess sem fram kemur í gögnum málsins telur nefndin ljóst að hvorugur ökumanna hafi sýnt nægilega aðgæslu í aðdraganda árekstursins. Með hliðsjón af atvikum öllum sé því rétt að skipta sök vegna árekstrarins þannig að ökumaður bifreiðar B ber 2/3 hluta sakar fyrir ógætilegan framúrakstur yfir hálfbrotna miðlínu og ökumaður bifreiðar A ber 1/3 hluta sakar fyrir að hafa ekki gætt nægilega að umferð fyrir aftan sig.

Niðurstaða.

Sök skiptist þannig að ökumaður bifreiðar B ber 2/3 hluta sakar en ökumaður bifreiðar A ber 1/3 hluta sakar.

Reykjavík 26. febrúar 2019

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 409/2018

M og
vátryggingafélagið V v/ábyrgðartryggingar A

Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda á bifreið sem var ekið ofan í holu við enda brúar

Gögn.

Málskot M, móttekið 13. desember 2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 8. janúar 2019.

Málsatvik.

Um kl. 16,30 laugardaginn 6. október 2018 ók M bifreið sinni ofan í holu við enda Fnjóskárbrúar í Fnjóskadal rétt við Vaðalheiðagöng með þeim afleiðingum að skemmdir höfðu orðið í vél bifreiðarinnar. Þarna mun hafa verið unnið að vegabótum á vegum verktakans A og var vegurinn malborinn en átti að malbika hann síðar. Í málskoti kemur fram að viðvörunarskilti hafi verið uppi við veginn og hámarkshraði á framkvæmdasviðinu við brúna hafi verið 30 km. á klst. Mikil rigning hafi verið dagana 4. og 5. október, en þessa tvo daga hafi mæst samtals 37mm úrkoma á Akureyri.

M kveður A bera ábyrgð á að umrædd hola hafi myndast og að ekki hafi verið búið að gera ráðstafanir til að fylla upp í holuna áður en tjónið varð. Hefur M krafist bóta vegna tjónsins sem varð á bifreið hans úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

V hefur hafnað bótaskyldu. Kveður félagið að það mikla vatnsveður sem hafði verið dagana á undan hafi valdið því að holan myndaðist. Þá hafi holan ekki verið á veinum þegar starfsmenn A skildu við veginn í lok vinnuviku. Ekki hafi verið búið að gera A viðvart um holuna þegar óhappið varð og því hafi ekki gefist tækifæri til að lagfæra veginn áður.

Álit:

Stafsmenn A munu hafa lokið störfum á föstudegi en óhappið varð svo síðdegis á laugardegi. Talið er að holan hafi myndast vegna mikils votviðris dagana á undan. Óumdeilt er að viðvörunarmerki voru við vegsvæðið þar sem framkvæmdirnar stóðu yfir og hámarkshraði var takmarkaður við 30 km á klst. Gögn málsins um málsatvik og aðstæður á vettvangi eru mjög takmörkuð að öðru leyti en því sem fram kemur í frásögn M í tjónstilkynningu og málskoti. Eins og mál þetta liggur fyrir verður gegn andmælum M að telja ósannað að starfsmenn A hafi vitað af holunni og átt þess kost að gera við hana í tæka tíð áður en M ók ofan í hana. Verður því ekki fallist á að óhappið verði rakið til atvika sem A ber ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 29. janúar 2019

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.